Hæstaréttardómar 1968

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Á milli bls. 768 og 769 er uppdráttur á þremur bls. sem er ekki í blaðsíðuröðinni.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1968

Efnisskrá til bráðabirgða

Bls.

Ábúðarlög 140
Ábyrgð arkitekta o. fl. 165
Áfengislög 821, 848, 1182
Aflýsing fjárnáms 728
Afsögn víxla 1223
Arkitektar 165
Banaslys 227, 1065
Bifreiðar:
a) Refsimál 63, 227, 240, 458, 460, 795, 821, 1065, 1182
b) Skaðabótamál 18, 71, 194, 1123, 1226
Björgun 662
Blóðrannsókn 1182
Byggingameistarar 165
Dánarbætur 1146
Dómarar 784, 1028
Dómhæfi kröfu 92, 312
Dómssátt 180, 1267, 1269, 1332
Eignarréttur 336
Eignarupptaka 848
Endurheimta 132
Erfðaskrá 422
Fasteign 145, 165, 319
Fégjald 124, 281
Félagsdómur 1155
Firma 1045
Fiskveiðabrot 202, 825
Fiskverð 999
Fjárnám 156, 162, 454, 505, 728
Fjársvik 200, 628, 751
Fjölbýlishús 145

Bls.
Frávísun 15, 16, 49, 92, 104, 162, 277, 312, 329, 411, 416, 462, 465, 492, 495, 549, 676, 791, 925, 972, 1079, 1186, 1197, 1267, 1269
Frestur ... 782
Fyrning ... 1034
Gagnaöflun ... 439, 627
Geðheilbrigðisrannsókn ... 1, 6
Gerðardómur ... 329
Gæzluvarðhald ... 1, 6
Hafning máls ... 1207, 1244
Hefð ... 382
Heilbrigðissamþykkt, brot gegn ... 268
Heimvísun ... 555, 597, 1105, 1178
Hjónavígsla ... 428
Iðnaður ... 1155
Innsetningargerð ... 315, 591, 941
Kaupgjaldsmál ... 67, 182, 376
Kaup og sala ... 990, 1123
Kjörbörn ... 1007
Kröfuframsal ... 52
Kærumál:
a) Birting stefnu ... 15, 16
b) Dómhæfi kröfu ... 92, 312
c) Dómssátt felld úr gildi ... 180, 1332
d) Frávísun 15, 16, 92, 312, 411, 416, 462, 676, 791, 925, 972, 1079, 1186, 1197
e) Frestur ... 782
f) Geðheilbrigðisrannsókn ... 1, 6
g) Gæzluvarðhald ... 1, 6
h) Ómerking ... 787
i) Sératkvæði ... 411
j) Skipun verjanda ... 309
k) Vanhæfi dómara ... 784, 1028
l) Vitnaskylda ... 312
m) Þóknun matsmanna ... 81
Landamerkjamál ... 762
Landsafnot ... 382
Landskipti ... 734
Líkamsáverkar ... 440
Læknaráð ... 14
Lögbann ... 145, 1007, 1155
Löghald ... 738

Bls.
Lögheimili 544
Lögtak 110, 407, 718
Lögveð 517
Málflutningsleyfi, svipting 876
Málskostnaður 1262
Manndráp 876
Matsmenn, þóknun 81
Nafnréttur 1045
Ómaksbætur 355, 652, 653, 793, 1031, 1032, 1033, 1244
Ómerking 49, 104, 277, 465, 549, 555, 597, 787, 1105, 1178
Ómerking ummæla 124
Ritfrelsi 1007
Sambýli 804
Samningar 244
Samvinnufélög 999
Sératkvæði 252, 356, 411, 428, 951, 1080, 1271
Sjókrafa 1034
Sjó- og verzlunardómur 49
Sjóveðréttur 517, 1171, 1208
Skaðabótamál 18, 71, 132, 194, 235, 259, 319, 356, 440, 470, 498, 738, 951, 990, 1014, 1034, 1045, 1051, 1080, 1123, 1208, 1226, 1251, 1271
Skattar, skattamál 110, 292, 718
Skipti 428
Skírlífisbrot 628
Skuldamál 52, 94, 156, 454, 509, 523, 533, 804, 999, 1014
Slökkvibifreið 194
Smygl 11, 814, 817
Stefna 15, 16
Stefnubirting 15, 16
Stóreignaskattur 110
Tékkamisferli 751
Tollagabrot 11, 814, 817
Umferðarlög 18, 63, 71, 194, 227, 240, 458, 460, 795, 821, 1065, 1182
Uppboð 252, 1262
Uppsögn úr starfi 1324
Upptaka smyglvarnings 11, 814, 817
Útburðarmál 140, 1164
Útivistardómar 132, 243, 355, 651, 652, 653, 793, 794, 795, 1031, 1032, 1033, 1207, 1208, 1244
Valdstjórnin, brot gegn 202, 654

Bls.
Vanhæfi dómara 784, 1028
Vanreifun 49
Vátrygging 964, 1146
Veikindadagar 67
Verðlagsbrot 1075
Verjandi 309
Verktakar 165
Verzlunarleyfi, svipting 876
Vinnulaun 329, 523, 533, 928, 1091, 1171, 1244, 1324
Vinnuslys 259, 951, 1034, 1051, 1080, 1208, 1251, 1271
Vitnaskylda 312
Víxilmál 45, 277, 505, 1223
Yfirlandskiptagerð 681
Þinglýsingargjald 1136
Ærumeiðingar 124, 281
Ættarnafn 1045
Ölvun 235
Örorka 14, 18

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XLIX. árgangur. 1968

Mánudaginn 8. janúar 1968.

Nr. 205/1967. **Valdstjórnin**
gegn
Arne Börge Jedig Andersen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 23. desember 1967, er barst dóminum 30. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 1. og 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður.

Hinn kærða úrskurð ber að staðfesta með skírskotun til forsendna hans, sbr. og 75. gr., 2, d, laga nr. 82/1961.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. desember 1967.

Ár 1967, laugardaginn 23. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 25. f. m. kærði X, nemandi í ..., ..., Kópavogi, fædd 24. maí 1951, til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík út af því,

að tveimur dögum áður hefði hún verið slegin í höfuðið og síðan hefði henni verið nauðgað. Fyrir sakadómi hefur hún skýrt frá því, að 23. f. m. hafi hún verið gestur í herbergi Werners Magnússonar á Grenimel 16 hér í borg og þar hafi einnig verið maður að nafni Arne Andersen. Hún hafi verið komin í kápu sína og ætlað að fara á brott, þegar Werner hafi án nokkurs tilefnis frá henni þrifið í hana og hrundið henni í vegg í herberginu. Síðan hafi hann slegið höfði hennar við vegginn og slegið hana tvö eða fleiri högg í andlitið, að því er henni fannst með krepptum hnefa. Hún hafi fengið miklar blóðnasir og orðið ofsalega hrædd og rugluð. Því næst hafi henni verið, að því er hún heldur, hrundið með nokkrum hrindingum á dívan og svo hafi fyrrgreindir tveir menn klætt hana úr öllum fötum. Síðan hafi Arne haft samfarir við hana gegn vilja hennar. Hún hafi reynt að klemma fæturna saman, en hann hafi slitið þá í sundur með höndunum. Hún hafi ekki hrópað á hjálp eða beitt öllu afli gegn Arne af ótta við, að hann eða þeir félagar mundu lemja hana enn meira en orðið var, og hafi hún hreinlega gefizt upp. Síðan hafi Werner lagzt á dívaninn hjá henni og kysst hana. Minnir hana, að hann hafi kysst kynfæri hennar, en hún kveðst þó ekki vera alveg 100% örugg um það. Hún kveður, að áður en hún fór í föt sín, hafi hún spurt Arne að því, hvort hún mætti fara, og hafi hann þá sagt, að Werner vildi ekki leyfa það. Eftir dálitla stund hafi henni dottið í hug að segja við þá félaga, að hún mundi hitta þá næsta dag í Hressingarskálanum og hafi þeir þá samþykkt, að hún færi burt.

Kærði Arne Börge Jedig Andersen sjómaður, Lækjarkinn 26, Hafnarfirði, fæddur 23. janúar 1948 í Kaupmannahöfn, hefur borið fyrir dómi, að eftir að X hafi verið komin í kápu sína, hafi kærði Werner og hún rifizt í um eina mínútu og hún kallað hann „Bauna". Hafi hann þá slegið hana 3—4 högg í andlitið með lófa og handarbaki. Kveður kærði Arne, að hún hafi ekki fallið á gólfið og hafi hann ekki séð höfuð hennar slást við vegg í herberginu. Kærði Werner hafi svo tekið um axlir hennar og hún gengið að dívaninum og lagzt út af á hann, eftir að kærði Arne sagði henni að gera það. Hún hafi síðan klætt sig úr peysunni, en kærði Werner hafi klætt hana úr öðrum fötum nema brjóstahöldunum, sem hafi verið svo fast krækt, að kærði Arne hafi skorið þau í sundur með hníf. Síðan hafi kærði Werner afklætt sig og haft orð á því, að hann ætlaði að hafa samfarir við stúlkuna á undan kærða Arne, en áður en til þess hafi komið,

hafi kærði Werner þurft að fara fram á salerni. Á meðan hann var í burtu, kveðst kærði Arne hafa afklætt sig og haft samfarir við stúlkuna. Hún hafi verið jafn áfjáð í þær og hann. Hafi hún kysst hann, svarað vinalegum orðum hans með sams konar orðum og lagt fæturna upp á bak hans. Þessu hefur X eindregið mótmælt. Síðan hafi kærði Werner lagzt á dívaninn hjá stúlkunni, en hann viti ekki, hvað þá gerðist. Hún hafi spurt hann (kærða Arne) að því, eftir að hún hafði klætt sig, hvort hún mætti fara á brott, og hafi kærði Werner þá neitað því af einhverjum ástæðum. Hún hafi þá lofað því að hitta hann daginn eftir í Hressingarskálanum og hafi hann þá samþykkt, að hún færi burt.

Kærði Werner Magnússon trésmiður, Grenimel 16 hér í borg, fæddur 6. ágúst 1924 í Kaupmannahöfn, hefur borið fyrir dómi, að hann og X hafi farið eitthvað að rífast og hún kallað hann „Bauna". Hann hafi þá slegið hana 3—4 högg með lófa og baki hægri handar í andlitið. Hún hafi ekki fallið í gólfið og hann hafi ekki slegið höfði hennar við vegg og haldi hann, að höfuðið hafi ekki fallið á vegg. Hún hafi svo legið á dívaninum, og kveðst hann ekki hafa borið hana þangað og heldur einna helzt, að þau þrjú hafi öll fylgzt þangað. Hún hafi svo klætt sig sjálf úr fötunum nema nærbuxunum, sem kærði Werner hafi fært hana úr, og brjóstahöldunum, sem kærði Arne hafi skorið í sundur með hníf. Síðan hafi hann og kærði Arne farið úr fötum sínum. Hann kveður, að tilgangur hans hafi ekki verið að hafa samfarir við stúlkuna og hafi hann verið orðinn of ölvaður til þess, en ætlan hans hafi verið að kyssa hana hér og þar um líkamann. Hann hafi svo farið fram á salerni og komið aftur inn í herbergið eftir um 10—15 mínútur. Hafi kærði Arne og stúlkan þá verið í samförum á dívaninum, og virtist honum, að þær væru ekki að óvilja hennar, því að hún hafi ekki sýnt mótstöðu og haft annan fót sinn eða þá báða upp um bak kærða Arne. Að samförunum loknum hafi kærði Arne farið af dívaninum og kærði Werner þá lagzt á hann hjá stúlkunni. Hann hafi ekki haft samfarir við hana, en kysst hana um allan líkamann, og þar á meðal kynfæri hennar. Kærði Werner minnist þess ekki að hafa reynt að hindra stúlkuna í að fara á brott eftir þetta, en minnir, að hann hafi sagt, að hún ætti ekki að fara, fyrr en þau öll þrjú hefðu fengið sér „áfengissjúss".

X hafði ásamt þremur vinstúlkum sínum, þeim A, fæddri 17. febrúar 1951, B, fæddri 27. september 1951, og C, fæddri 29. febrúar 1952, svo og kærða Arne farið heim til kærða Werners

milli kl. 17 og 18 þennan dag. Vinstúlkur X fóru svo burt, en hún varð eftir, og kvaðst B mundu koma aftur seinna til að sækja hana.

Vitnið B kveðst hafa komið aftur til kærða Werners litlu eftir kl. 23. Hún hafi bankað á dyrnar hjá honum og spurt hann að því, hvort X væri inni hjá honum. Hann hafi engu svarað því, heldur þrifið í hana, þar sem hún stóð í dyragættinni, og togað hana inn í herbergið, en kærði Arne hafi lokað dyrunum, læst þeim og falið lykilinn. Hún hafi heimtað að fá að fara út, en þeir ekki anzað því. Kærði Arne hafi aðeins verið klæddur í stuttar nærbuxur og þegar hér var komið, hafi hann togað þær niður fyrir hné, svo að kynfæri hans voru ber. Hún hafi nú sagzt mundu hrópa á lögreglu, ef þeir hleyptu henni ekki tafarlaust út. Hafi kærði Arne þá dregið lykilinn fram undan gólfteppinu, opnað dyrnar og hleypt henni út. Hún heldur, að hún hafi verið læst í herberginu í tæplega 10 mínútur.

Kærði Arne kveður, að einhvern tíma seinna um kvöldið hafi ein af stúlkunum komið aftur og spurt um vinstúlku sína. Þegar hún hafi verið komin inn í herbergið, hafi hann læst því og falið lykilinn undir teppinu. Hann kveðst ekki geta greint frá ástæðunni fyrir því, að hann gerði þetta. Þeir félagar hafi sagt stúlkunni, að vinstúlka hennar væri farin, og var það rétt. Stúlkan hafi þá heimtað að fá að fara í burtu og hafi kærði Arne þá sagt kærða Werner að opna fyrir henni. Hafi hann gert það. Kærði Arne kveðst hafa verið á nærbuxunum í þetta skipti og hafi þær skýlt kynfærum hans.

Kærði Werner kveðst ekki muna til þess, að ein af stúlkunum þremur, sem farið höfðu burt fyrr um kvöldið, kæmi aftur inn í herbergi hans, en tekur fram, að seinast um kvöldið hafi hann verið orðinn mjög ölvaður.

Andrés Ásmundsson, sérfræðingur í kvensjúkdómum, Sunnubraut 33, Kópavogi, skoðaði X kl. 1630 laugardaginn 25. f. m., og segir í vottorði hans, sem dagsett er sama dag og hann hefur staðfest fyrir dómi, svo m. a.:

„Við skoðun fann ég litla kúlu hægra megin í hársverði. Hún hafði allstórt glóðarauga vinstra megin og eymsl yfir kinnbeini vinstra megin. Hún hafði eymsl yfir enni hægra megin, en engan marblett þar. Hún hafði litla marbletti á eftirtöldum stöðum: Aftan og framan á hægri öxl, á h. upphandlegg, á h. framhandlegg, utan á v. olnboga, innan á vinstra læri (5 litlir marblettir), innan á v. kálfa og á báðum þjóhnöppum. Hún kvaðst auðveld-

lega fá marbletti. Við skoðun á kyrfærum fann ég óverulegan roða í forgarði (vestibulum) sitt hvorum megin. Meydómshimna var án sýnilegrar rifu, en mjög eftirgefanleg og því auðvelt að stinga fingri inn í fæðingarveginn og því ekkert, sem mælir gegn því, að haft hafi verið við hana samræði umrætt kvöld, og það geti hafa verið í fyrsta sinn. Hún hafði litla hvíta útferð, og sáust ekki sáðlar í smásjá".

Kærðu eru danskir ríkisborgarar, og hefur útlendingaeftirlitið tilkynnt sakadómi, að það leggi til, ef kærðu verði sekir fundnir, að beitt verði í refsidómi ákvæðum 13. gr. laga nr. 45/1965 um brottvísun úr landi.

Kærðu voru úrskurðaðir í gæzluvarðhald 26. f. m. í allt að 30 daga, og var kærði Arne færður í gæzlu kl. 1722, en kærði Werner kl. 1726. Hafa þeir verið í gæzlu síðan, og rennur því gæzluvistartíminn út samkvæmt nefndum úrskurði þriðjudaginn 26. þ. m.

Rannsókn málsins er þó enn alls eigi lokið, og er eftir að yfirheyra báða hina kærðu og nokkur vitni frekar um málsatvik og samprófa þau, ef svo ber undir.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, og að öðru leyti með tilvísun til 1., 3. og 4. liðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála þykir rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist kærða Arne Börge Jedig Andersen um allt að 5 vikur frá lokum gæzluvarðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurðinum frá 26. f. m., þ. e. til þriðjudagsins 30. janúar 1968 kl. 1722.

Einnig þykir rétt, að kærði Arne Börge Jedig Andersen sæti því, að sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsaki geðheilbrigði og sakhæfi hans.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist kærða Arne Börge Jedig Andersen framlengist um allt að 5 vikur frá lokum gæzluvarðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurði dómsins 26. nóvember s. l., þ. e. til þriðjudagsins 30. janúar 1968 kl. 1722.

Kærði Arne Börge Jedig Andersen sæti því að sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsaki geðheilbrigði og sakhæfi hans.

Mánudaginn 8. janúar 1968.

Nr. 206/1967. **Valdstjórnin**
gegn
Werner Magnússyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 23. desember 1967, er barst dóminum 30. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 1. og 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður.

Hinn kærða úrskurð ber að staðfesta með skírskotun til forsendna hans, sbr. og 75. gr., 2, d, laga nr. 82/1961.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. desember 1967.

Ár 1967, laugardaginn 23. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 25. f. m. kærði X, nemandi í ..., ..., Kópavogi, fædd 24. maí 1951, til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík út af því, að tveimur dögum áður hefði hún verið slegin í höfuðið og síðan hefði henni verið nauðgað. Fyrir sakadómi hefur hún skýrt frá því, að 23. f. m. hafi hún verið gestur í herbergi Werners Magnússonar á Grenimel 16 hér í borg og þar hafi einnig verið maður að nafni Arne Andersen. Hún hafi verið komin í kápu sína og ætlað að fara á brott, þegar Werner hafi án nokkurs tilefnis frá henni þrifið í hana og hrundið henni í vegg í herberginu. Síðan hafi hann slegið höfði hennar við vegginn og slegið hana tvö eða fleiri högg í andlitið, að því er henni fannst með krepptum

hnefa. Hún hafi fengið miklar blóðnasir og orðið ofsalega hrædd og rugluð. Því næst hafi henni verið, að því er hún heldur, hrundið með nokkrum hrindingum á dívan og svo hafi fyrrgreindir tveir menn klætt hana úr öllum fötum. Síðan hafi Arne haft samfarir við hana gegn vilja hennar. Hún hafi reynt að klemma fæturna saman, en hann hafi skilið þá í sundur með höndunum. Hún hafi ekki hrópað á hjálp eða beitt öllu afli gegn Arne af ótta við, að hann eða þeir félagar mundu lemja hana enn meira en orðið var, og hafi hún hreinlega gefizt upp. Síðan hafi Werner lagzt á dívaninn hjá henni og kysst hana. Minnir hana, að hann hafi kysst kynfæri hennar, en hún kveðst þó ekki vera alveg 100% örugg um það. Hún kveður, að áður en hún fór í föt sín, hafi hún spurt Arne að því, hvort hún mætti fara, og hafi hann þá sagt, að Werner vildi ekki leyfa það. Eftir dálitla stund hafi henni dottið í hug að segja við þá félaga, að hún mundi hitta þá næsta dag í Hressingarskálanum og hafi þeir þá samþykkt, að hún færi burt.

Kærði Arne Börge Jedig Andersen sjómaður, Lækjarkinn 26, Hafnarfirði, fæddur 23. janúar 1948 í Kaupmannahöfn, hefur borið fyrir dómi, að eftir að X hafi verið komin í kápu sína, hafi kærði Werner og hún rifizt í um eina mínútu og hún kallað hann „Bauna". Hafi hann þá slegið hana 3—4 högg í andlitið með lófa og handarbaki. Kveður kærði Arne, að hún hafi ekki fallið á gólfið og hafi hann ekki séð höfuð hennar slást við vegg í herberginu. Kærði Werner hafi svo tekið um axlir hennar og hún gengið að dívaninum og lagzt út af á hann, eftir að kærði Arne sagði henni að gera það. Hún hafi síðan klætt sig úr peysunni, en kærði Werner hafi klætt hana úr öðrum fötum nema brjóstahöldunum, sem hafi verið svo fast krækt, að kærði Arne hafi skorið þau í sundur með hníf. Síðan hafi kærði Werner afklætt sig og haft orð á því, að hann ætlaði að hafa samfarir við stúlkuna á undan kærða Arne, en áður en til þess hafi komið, hafi kærði Werner þurft að fara fram á salerni. Á meðan hann var í burtu, kveðst kærði Arne hafa afklætt sig og haft samfarir við stúlkuna. Hún hafi verið jafn áfjáð í þær og hann. Hafi hún kysst hann, svarað vinalegum orðum hans með sams konar orðum og lagt fæturna upp á bak hans. Þessu hefur X eindregið mótmælt. Síðan hafi kærði Werner lagzt á dívaninn hjá stúlkunni, en hann viti ekki, hvað þá gerðist. Hún hafi spurt hann (kærða Arne) að því, eftir að hún hafði klætt sig, hvort hún mætti fara á brott, og hafi kærði Werner þá neitað því af ein-

hverjum ástæðum. Hún hafi þá lofað því að hitta hann daginn eftir í Hressingarskálanum og hafi hann þá samþykkt, að hún færi burt.

Kærði Werner Magnússon trésmiður, Grenimel 16 hér í borg, fæddur 6. ágúst 1924 í Kaupmannahöfn, hefur borið fyrir dómi, að hann og X hafi farið eitthvað að rífast og hún kallað hann „Bauna". Hann hafi þá slegið hana 3—4 högg með lófa og handarbaki hægri handar í andlitið. Hún hafi ekki fallið í gólfið og hann hafi ekki slegið höfði hennar við vegg og haldi hann, að höfuðið hafi ekki fallið á vegg. Hún hafi svo legið á dívaninum, og kveðst hann ekki hafa borið hana þangað og heldur einna helzt, að þau þrjú hafi öll fylgzt þangað. Hún hafi svo klætt sig sjálf úr fötunum nema nærbuxunum, sem kærði Werner hafi fært hana úr, og brjóstahöndunum, sem kærði Arne hafi skorið í sundur með hníf. Síðan hafi hann og kærði Arne farið úr fötum sínum. Hann kveður, að tilgangur hans hafi ekki verið að hafa samfarir við stúlkuna og hafi hann verið orðinn of ölvaður til þess, en ætlan hans hafi verið að kyssa hana hér og þar um líkamann. Hann hafi svo farið fram á salerni og komið aftur inn í herbergið eftir um 10—15 mínútur. Hafi kærði Arne og stúlkan þá verið í samförum á dívaninum, og virtist honum, að þær væru ekki að óvilja hennar, því að hún hafi ekki sýnt mótstöðu og haft annan fót sinn eða þá báða upp um bak kærða Arne. Að samförunum loknum hafi kærði Arne farið af dívaninum og kærði Werner þá lagzt á hann hjá stúlkunni. Hann hafi ekki haft samfarir við hana, en kysst hana um allan líkamann, og þar á meðal kynfæri hennar. Kærði Werner minnist þess ekki að hafa reynt að hindra stúlkuna í að fara brott eftir þetta, en minnir, að hann hafi sagt, að hún ætti ekki að fara, fyrr en þau öll þrjú hefðu fengið sér „áfengissjúss".

X hafði ásamt þremur vinstúlkum sínum, þeim A, fæddri 17. febrúar 1951, B, fæddri 27. september 1951, og C, fæddri 29. febrúar 1952, svo og kærða Arne farið heim til kærða Werners milli kl. 17 og 18 þennan dag. Vinstúlkur X fóru svo burt, en hún varð eftir, og kvaðst B mundu koma aftur seinna til að sækja hana.

Vitnið B kveðst hafa komið aftur til kærða Werners litlu eftir kl. 2300. Hún hafi bankað á dyrnar hjá honum og spurt hann að því, hvort X væri inni hjá honum. Hann hafi engu svarað því, heldur þrifið í hana, þar sem hún stóð í dyragættinni, og togað hana inn í herbergið, en kærði Arne hafi lokað dyrunum, læst

þeim og falið lykilinn. Hún hafi heimtað að fá að fara út, en þeir ekki anzað því. Kærði Arne hafi aðeins verið klæddur í stuttar nærbuxur og þegar hér var komið, hafi hann togað þær niður fyrir hné, svo að kynfæri hans voru ber. Hún hafi nú sagzt mundu hrópa á lögreglu, ef þeir hleyptu henni ekki tafarlaust út. Hafi kærði Arne þá dregið lykilinn fram undan gólfteppinu, opnað dyrnar og hleypt henni út. Hún heldur, að hún hafi verið læst í herberginu í tæplega 10 mínútur.

Kærði Arne kveður, að einhvern tíma seinna um kvöldið hafi ein af stúlkunum komið aftur og spurt um vinstúlku sína. Þegar hún hafi verið komin inn í herbergið, hafi hann læst því og falið lykilinn undir teppinu. Hann kveðst ekki geta greint frá ástæðunni fyrir því, að hann gerði þetta. Þeir félagar hafi sagt stúlkunni, að vinstúlka hennar væri farin, og var það rétt. Stúlkan hafi þá heimtað að fá að fara í burtu og hafi kærði Arne þá sagt kærða Werner að opna fyrir henni. Hafi hann gert það. Kærði Arne kveðst hafa verið á nærbuxunum í þetta skipti og hafi þær skýlt kynfærum hans.

Kærði Werner kveðst ekki muna til þess, að ein af stúlkunum þremur, sem farið höfðu burt fyrr um kvöldið, kæmi aftur inn í herbergi hans, en tekur fram, að seinast um kvöldið hafi hann verið orðinn mjög ölvaður.

Andrés Ásmundsson, sérfræðingur í kvensjúkdómum, Sunnubraut 33, Kópavogi, skoðaði X kl. 1630 laugardaginn 25. f. m., og segir í vottorði hans, sem dagsett er sama dag og hann hefur staðfest fyrir dómi, svo m. a.:

„Við skoðun fann ég litla kúlu hægra megin í hársverði. Hún hafði allstórt glóðarauga vinstra megin og eymsl yfir kinnbeini vinstra megin. Hún hafði eymsl yfir enni hægra megin, en engan marblett þar. Hún hafði litla marbletti á eftirtöldum stöðum: Aftan og framan á hægri öxl, á h. upphandlegg, á h. framhandlegg, utan á v. olnboga, innan á vinstra læri (5 litlir marblettir), innan á v. kálfa og á báðum þjóhnöppum. Hún kvaðst auðveldlega fá marbletti. Við skoðun á kyrfærum fann ég óverulegan roða í forgarði (vestibulum) sitt hvorum megin. Meydómshimna var án sýnilegrar rifu, en mjög eftirgefanleg og því auðvelt að stinga fingri inn í fæðingarveginn og því ekkert, sem mælir gegn því, að haft hafi verið við hana samræði umrætt kvöld, og það geti hafa verið í fyrsta sinn. Hún hafði litla hvíta útferð, og sáust ekki sáðlar í smásjá".

Kærðu eru danskir ríkisborgarar, og hefur útlendingaeftirlitið

tilkynnt sakadómi, að það leggi til, ef kærðu verði sekir fundnir, að beitt verði í refsidómi ákvæðum 13. gr. laga nr. 45/1965 um brottvísun úr landi.

Kærðu voru úrskurðaðir í gæzluvarðhald 26. f. m. í allt að 30 daga, og var kærði Arne færður í gæzlu kl. 1722, en kærði Werner kl. 1726. Hafa þeir verið í gæzlu síðan, og rennur því gæzluvistartíminn út samkvæmt nefndum úrskurði þriðjudaginn 26. þ. m.

Rannsókn málsins er þó enn alls eigi lokið, og er eftir að yfirheyra báða hina kærðu og nokkur vitni frekar um málsatvik og samprófa þau, ef svo ber undir.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, og að öðru leyti með tilvísun til 1., 3. og 4. liðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála þykir rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist kærða Werners Magnússonar um allt að 5 vikur frá lokum gæzluvarðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurðinum frá 26. f. m., þ. e. til þriðjudagsins 30. janúar 1968 kl. 1726.

Einnig þykir rétt, að kærði Werner Magnússon sæti því, að sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsaki geðheilbrigði og sakhæfi hans.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist kærða Werners Magnússonar framlengist um allt að 5 vikur frá lokum gæzluvarðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurði dómsins 26. nóvember s. l., þ. e. til þriðjudagsins 30. janúar 1968 kl. 1726.

Kærði Werner Magnússon sæti því, að sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsaki geðheilbrigði og sakhæfi hans.

Miðvikudaginn 10. janúar 1968.

Nr. 179/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Eggert Jochum Víkingi Þórarinssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Tolllagabrot. Upptaka smyglvarnings.

Dómur Hæstaréttar.

Í ákæru er heildarmagn smyglvarnings þess, sem mál þetta er af risið, ranglega talið ca. 40 kg. spikpylsa í stað 26 kg. spikpylsa og 28.4 kg. höm í stað 28.44 kg. höm. Í héraðsdómi er lagt til grundvallar rétt magn varnings þessa, sbr. 118. gr. laga nr. 82/1961.

Háttsemi ákærða er í ákæru og héraðsdómi færð til réttra refsiákvæða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin kr. 8.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Eggert Jochum Víkingur Þórarinsson, greiði kr. 8.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun

verjanda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. apríl 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 11. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 188/1967: Ákæruvaldið gegn Eggert Jochum Víkingi Þórarinssyni, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 6. desember 1966, höfðað á hendur Eggert Jochum Víkingi Þórarinssyni sjómanni, Njálsgötu 87 í Reykjavík, fæddum 9. september 1924 í Bandaríkjum Norður-Ameríku, fyrir smygl með því að hafa við komu m/s Heklu til Reykjavíkur frá Kaupmannahöfn 14. júlí 1965 flutt til landsins án allra tollskjala ca. 40 kg. af spikpylsu og 28.4 kg. af höm, en varning þennan, sem ákærði átti með skipsfélaga sínum að helmingi, fundu tollverðir í leigubifreið við skipshlið daginn eftir komu skipsins.

Telst þetta varða við 1. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956 og 34.—36. gr. reglugerðar um sama efni nr. 41/1957.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar auk þess sem upptækur verði með dómi hluti ákærða af nefndum varningi samkvæmt 4. mgr. 38. gr. nefndra tolllaga.

Málavextir eru þessir:

Hinn 14. júlí 1965 kom m/s Hekla til Reykjavíkur frá Kaupmannahöfn. Kl. 1610 næsta dag stöðvuðu tollverðir leigubifreiðina R 6608, er í þann mund var ekið frá skipinu. Við leit í bifreiðinni fundu tollverðir eftirtalinn varning:

Sex dósir pork shoulders, net weight 4.740 kg. pr. dós.

Fjórtán stk. Malakoff-pylsur, þungi samtals 26 kg. með umbúðum, sem vega nálega 1 kg.

Eigendur varnings þessa reyndust vera matsveinar á m/s Heklu í umræddri ferð skipsins, þeir Magnús Árnason, Grensásvegi 60 hér í borg, og ákærði í máli þessu, Eggert Jochum Víkingur Þórarinsson.

Upplýst er í málinu, að þeir Magnús og ákærði áttu varninginn til helminga og fluttu varninginn sameiginlega til landsins með

m/s Heklu í umræddri ferð skipsins. Eigi var varningurinn færður á skrá né tollvörðum til hans sagt. Þeir Magnús og ákærði hafa báðir haldið því fram, að þeir hafi ætlað varninginn til eigin nota.

Þætti Magnúsar Árnasonar hefur þegar verið lokið með sátt í sakadómi Reykjavíkur, og hlaut hann 7.500.00 kr. í sekt.

Ákærði Eggert Jochum Víkingur vildi eigi ljúka málinu með dómssátt fyrir sitt leyti.

Samkvæmt því, sem þegar hefur verið rakið, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um þá háttsemi, sem í ákæru greinir og þar telst rétt færð til refsiákvæða.

Ákærði hefur sætt refsingum sem hér segir:

15 sinnum hlotið litlar sektir fyrir brot á lögreglusamþykkt, áfengislögum og umferðarlögum.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 10.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms að telja.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali og samkvæmt 4. mgr. 38. gr. tolllaga, skal ákærði þola upptöku til handa ríkissjóði á helmingi varnings þess, er um getur hér að framan, en þegar hefur verið gerður upptækur hlutur Magnúsar með dómssáttinni.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Eggert Jochum Víkingur Þórarinsson, greiði 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms að telja.

Ákærði þoli upptöku til handa ríkissjóði á 14.220 kg. af svínakjöti og 13 kg. af Malakoff-pylsum.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga R. Helgasonar, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. janúar 1968.

Nr. 73/1967. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**
gegn
Sigurbjörgu E. Levý f. h. Eddu Stefaníu Levý
og
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
og
Sigurbjörg E. Levý f. h. Eddu Stefaníu Levý
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs
og
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Læknaráð. Örorka.

Úrskurður Hæstaréttar.

Hinn 16. nóvember 1963 mat Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir varanlega örorku gagnáfrýjanda, Eddu Stefaníu Levý, 5%.

Tryggingayfirlæknirinn mat varanlega örorku gagnáfrýjanda af nýju hinn 24. marz 1965, og er niðurstaða þeirrar örorkumatsgerðar yfirlæknisins svohljóðandi:

„Stúlkan ber meiri menjar slyssins, sem hún hlaut 13/12 1961, en gert var ráð fyrir í örorkumati undirritaðs 16/11 1963. Einkum er örið mun meira áberandi og óþægindin meiri en undirritaður hafði gert ráð fyrir.

Af þessum sökum verður að telja, að örorkumat, er þá var gert, sé of lágt, og varanleg örorka stúlkunnar vegna slyssins er hæfilega metin 10%".

Í greinargerð aðaláfrýjanda í héraði er örorkumati þessu „mótmælt sem of hátt áætluðu og órökstuddu", og hér fyrir dómi hefur aðaláfrýjandi krafizt þess, að um það verði fengin umsögn Læknaráðs Íslands. Þykir verða að taka þá kröfu til greina, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942, þannig að ráðið lýsi áliti sínu á því:

1. Hvort Edda Stefanía Levý hafi hlotið varanlega örorku af völdum slyss þess, er hún varð fyrir hinn 13. desember 1961 og í málinu greinir.

2. Hverju nemi varanleg örorka Eddu Stefaníu, ef því er að skipta.

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té álitsgerð samkvæmt framangreindu.

Föstudaginn 12. janúar 1968.

Nr. 1/1968. **Dráttarvélar h/f**
gegn
Malbikun h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Birting stefnu.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. desember 1967, er barst dóminum 3. janúar 1968. Hann krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur, að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á sakarefni og að varnaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. desember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. nóvember s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 16. nóv. 1967, af Dráttarvélum h/f,

Reykjavík, gegn Malbikun h/f, Suðurlandsbraut 6, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð krónur 13.921.00, útgefins 10. ágúst 1967 af stefnanda og samþykkts af stefnda til greiðslu í Samvinnubanka Íslands h/f hér í bæ 10. september 1967, en á víxli þessum er útgefandi ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 13.921.00, með 1% mánaðarvöxtum frá gjalddaga hans 10. september 1967 til greiðsludags, kr. 60.00 í kostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Í 95. gr. laga nr. 85/1936 er tæmandi upptalning á þeim stöðum, þar sem stefnu má birta. Stefnubirting í máli þessu hefur ekki farið fram á neinum þeim stað, er fyrrgreind 95. gr. heimilar, og verður því af þeim sökum að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Föstudaginn 12. janúar 1968.

Nr. 2/1968. **Raf s/f**
gegn
Malbikun h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Birting stefnu.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. desember 1967, er barst dóminum 4. janúar 1968. Hann krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr

gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á sakarefni.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. desember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. nóvember s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. nóv. s.l., af Raf s/f, Skúlatúni 4, Reykjavík, gegn Malbikun h/f, Suðurlandsbraut 6, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 16.628.64 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. 11. 1967 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati hins virðulega réttar.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera eftirstöðvar vegna vinnu á rafkerfum o. fl. í bifreiðum og jarðvinnslutækjum stefnda, sem stefnandi hafi unnið fyrir stefnda, ásamt varahlutakaupum í því sambandi. Skuld þessi hafi eigi fengizt greidd þrátt fyrir greiðsluáskoranir.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing.

Samkvæmt stefnubirtingarvottorði er stefnan birt fyrir Ólafi Bergssyni á skrifstofu hans, Suðurlandsbraut 6, Reykjavík, og að hann hafi lofað að afhenda stefnda afrit af stefnunni, en stefndi hafi skrifstofu í sama húsi. Samkvæmt 95. gr. laga nr. 85 frá 1936 má birting fara fram, ef birta þarf félagi eða stofnun, á skrifstofu félags eða stofnunar. Þessa hefur ekki verið gætt, og ber því samkvæmt nefndri 95. grein að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Ólafur B. Árnason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Föstudaginn 12. janúar 1968.

Nr. 9/1967. **Verzlanasambandið h/f**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Jóni Dan Jónssyni og
Halldóru Elíasdóttur og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar úr hendi þeirra óskipt í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 30. janúar 1967. Gera þeir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 805.473.60 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1960 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi var eigandi bifreiðarinnar R 3718. Samkvæmt gögnum málsins hafði hann fengið starfsmanni sínum, Gunnari Bergmann Axelssyni, sem ók bifreiðinni, er slysið varð, vörzlu bifreiðarinnar. Ákvæði 2. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 er rétt að skýra þannig, að það leysi eigi aðaláfrýjanda undan ábyrgð. Verður því þessi sýknuástæða aðaláfrýjanda ekki tekin til greina.

Vátryggingafélag það, sem hafði bifreiðina í ábyrgðartryggingu, innti af hendi greiðslur til gagnáfrýjanda eftir slysið. Samtals námu greiðslur þessar kr. 500.000.00 og fóru fram á tímabilinu 1960 til 23. apríl 1963, en þá voru greiddar kr. 402.692.00.

Við ákvörðun örorkubóta Jóns Dan Jónssonar verður að hafa í huga, að hann hefur haldið föstum launum sínum. Þá verður og við ákvörðun örorkubóta, þjáningabóta og lýta

að taka nokkurt tillit til þess, að gagnáfrýjendur fengu greiðslur tryggingafélagsins, þegar raungildi krónunnar var mun hærra en við uppkvaðningu þessa dóms. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessum úrslitum er rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum kr. 25.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Verzlanasambandið h/f, greiði gagnáfrýjendum, Jóni Dan Jónssyni og Halldóru Elíasdóttur, kr. 25.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júlí 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 29. þ. m., hafa þau höfðað hjónin Jón Dan Jónsson og Halldóra Elíasdóttir, til heimilis að Melhaga 7 hér í borg, með stefnu, útgefinni hinn 22. september 1964, á hendur Verzlanasambandinu h/f hér í borg til greiðslu eftirstöðva skaðabóta að fjárhæð kr. 474.401.00 auk 7% ársvaxta frá 1. október 1960 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Undir rekstri málsins hefur sú breyting verið gerð á kröfum stefnenda, að krafizt er nú, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 805.473.60 auk 7% ársvaxta frá 1. október 1960 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Af hálfu stefnda hefur verið samþykkt, að þessari breytingu á kröfum stefnenda verði komið að í málinu án framhaldsstefnu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnenda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda að mati dómarans, en til vara, að stefnufjárhæðin verði lækkuð stórlega eftir mati dómarans og málskostnaður verði látinn niður falla.

Samvinnutryggingar g. t. hafa látið sækja þing í málinu sem réttargæzlustefndi. Af hálfu félagsins eru engar kröfur gerðar, enda engar kröfur hafðar uppi á hendur því.

Málavextir eru þeir, að hinn 1. október 1960 var stefnandi

Jón Dan á leið frá Reykjavík í bifreið sinni, R 4189, og var eiginkona hans, stefnandinn Halldóra Elíasdóttir, með honum í bifreiðinni. Er Jón Dan hafði ekið nokkrar bíllengdir eftir Suðurlandsvegi frá vegamótum þess vegar og Vesturlandsvegar, varð árekstur milli bifreiðar hans og bifreiðarinnar R 3718, eign stefnda, er var á leið til Reykjavíkur. Löggæzlumenn voru kvaddir á vettvang. Tóku þeir skýrslur af ökumanni R 3718 og vitnum og gerðu uppdrátt af vettvangi. Við áreksturinn hlutu stefnendur málsins mikil meiðsl, og voru þau þegar eftir slysið flutt í slysavarðstofuna, en síðan í Landspítalann. Af því, sem fram er komið í málinu, er ljóst, að áreksturinn hefur orðið með þeim hætti, að er ökumaður R 3718 sveigði yfir á hægri vegarhelming til þess að geta ekið fram úr annarri bifreið, þá hefur hann ekið framan á bifreiðina R 4189, sem kom á móti á vinstri vegarhelmingi sínum. Á árekstrarstað fundu löggæzlumenn greinilegan áfengisþef úr vitum ökumanns R 3718, og við frekari yfirheyrslu viðurkenndi hann að hafa neytt áfengis um kl. 1130 þennan sama morgun. Við rannsókn fundust í blóði ökumannsins „reducerandi" efni, er samsvara 1.88‰ af alkóhóli. Af hálfu ákæruvaldsins var höfðað mál á hendur ökumanni R 3718 út af atburði þessum. Samkvæmt dómi í því máli, sem uppkveðinn var hinn 25. febrúar 1961, var ökumaðurinn talinn hafa gerzt brotlegur við ákvæði 219. gr. almennra hegningarlaga, 1. og 2. mgr. 24. gr., 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. 1. mgr. 45. gr., 2. og 3. mgr. 46. gr., 1. mgr. 47. gr., 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga. Var ökumaðurinn dæmdur í varðhald í þrjá mánuði og sviptur ökuréttindum ævilangt.

Þykir nú rétt að rekja sjúkrasögu stefnenda, örorkumöt og tjónsútreikninga, sem á þeim eru byggðir.

Eins og áður er fram komið, var stefnandinn Halldóra fljótlega eftir slysið flutt í Landspítalann. Um dvölina þar og aðgerðir, sem framkvæmdar voru, segir svo í vottorði Hjalta Þórarinsson yfirlæknis, dags. hinn 21. febrúar 1961:

„Svo var frá skýrt, að sjúklingurinn hefði lent í bílslysi um einni klst. fyrir komuna á sjúkrahúsið. Sjúklingurinn hafði kastazt út við áreksturinn. Sjúklingurinn var fyrst flutt á Slysavarðstofuna, en hafði þar skamma viðdvöl og kom þaðan hingað á handlæknisdeildina. Sjúklingur missti meðvitund við slysið og man fyrst eftir sér, þegar verið var að setja hana í sjúkrakörfuna á slysstaðnum. Hún man vel það, sem skeði eftir það.

Við komuna á handlæknisdeildina hafði sjúklingur fulla meðvitund og var ekki í losti (shocki). Blóðþrýstingur 125/75 og púls 80, reglulegur og sæmilega kröftugur. Sjúklingur kvartaði um mikla verki í h. nára og h. fæti og gat ekki hreyft h. ganglim. Tæplega einseyrings stórt sár framan á h. fótlegg og talsvert storkið blóð á húðinni þar í kring. Það voru sjáanleg missmíði á h. fótlegg, þannig að um brot væri að ræða, og hefur væntanlega beinendi stungizt út þar, sem sárið var. Smá skurður framan við h. eyra og húðin talsvert blóðug þar í kring. Einnig hafði sjúklingur marizt á hnakka, og var talsverð blæðing þar undir húðina. Nokkurt mar og húðhrufl á hægri olnboga og hægra handarbaki. Allmikið mar ofarlega á hægra læri og mikil eymsli í hægri nára. Talsverð fyrirferðaraukning á hægri fótlegg og hægri ökkla.

Rtg.myndir, teknar strax eftir komu sjúklings á deildina, sýndu brot á mjaðmargrind h. megin (fractura ossis pubis), brot á mótum mið og efri þriðjungs h. fótleggjar og beinendar gengnir allmikið á misvíxl og nokkrar beinflísar brotnar frá (fractura cruris dx. comninuta et complicata). Einnig sýndu rtg.myndir brot um h. ökkla innanverðan (fractura malleoli medialis dx.).

Mjög fljótt eftir komuna á sjúkrahúsið voru brotin lagfærð og spengd í svæfingu.

Aðgerðin var gerð strax vegna þess, að um opið brot var að ræða og þar sem maður taldi fyllilega réttlætanlegt að svæfa sjúkling strax, þar sem um hafði verið að ræða aðeins vægan heilahristing (commotio cerebri 1. gr.).

Gipsumbúðir voru lagðar á hægri ganglim, og lá sjúkl. í þeim í 3 mánuði, eða fram til 29. 12. '60. Rtg.myndir, sem þá voru teknar, sýndu, að lega brotanna (situs) var ágæt, og virtist greinilega um eðlil. nýmyndun beins (callus) að ræða, og var því álitið, að brotin væru vel gróin, enda mæltu aðrar rannsóknir með því, að svo væri. Sjúkl. var látin fara að æfa fótinn, og fór hún fljótt að ganga um með hjálp af tveim hækjum. Sjúkl. var útskrifuð af deildinni þ. 9. 1. '61 og hefur síðan verið heima og smá aukið fótaferðina, og virðist hafa verið um eðlilega framför að ræða".

Hinn 31. janúar 1963 mat Þórarinn Sveinsson læknir örorku frú Halldóru af völdum slyssins. Auk þess sem rakið er efni vottorðs Hjalta Þórarinssonar yfirlæknis um ástand og meiðsli frú Halldóru, segir svo í örorkumati læknisins:

„... Slasaða var svo í gibsumbúðum til 22. des. 1960, fékk þá

að rölta um við hækjur. Var látin fara úr sjúkrahúsinu þann 9. jan. 1961. Eftir að heim kom, segist hún hafa verið mest við rúmið fyrst í stað. Fór svo fljótlega að rölta um við staf, er hún segist hafa notað um 2—3 mánaða skeið. Bati hafi svo komið hægt og hægt. Við skoðun í dag kvartar konan helzt um bjúg í fætinum og þreytu í öllum ganglimnum við meiri háttar göngur og stöður, en þó einna mest um ökklann og þá við vissar hreyfingar. Segir: „Naglinn meiðir mig". Hún segist ekkert finna til í baki eða mjöðmum og svefn, melting og þvaglát eðlileg.

Skoðun: Frekar feitlagin kona, er nokkuð treg í frásögn og allri framsetningu. Hún telur sjón og heyrn svipaða og fyrir slysið. Ekki sjást missmíði á andliti eða höfði, segist hún þó hafa skrámast á enni, en þess eru engin merki. Við almenna skoðun var ekkert að finna athugavert við upplimi, brjóst eða bol. Blóðþrýstingurinn mældist 160/90. Hjartahljóð voru hrein. Hreyfingar í mjaðmaliðum voru eðlilegar.

Hægri ganglimur: Allur hægri ganglimur, upp fyrir hnéliðinn, er 1—2 cm gildari en vinstri ganglimur. Framan á h. fótlegg er bogadregið, vel gróið ör, er mælist 13 cm langt. Við þreyfingu á svæðinu þar undan finnast smá ójöfnur á beinkantinum á sköflungnum, en annars verða engin missmíði greind við þuklun á brotstaðnum. Við þuklun á brotstaðnum á ökklanum verða ekki heldur greind missmíði. Engin stytting er mælanleg á ganglimnum og hreyfingarhindranir eru engar í ökkla- eða hnélið.

Við athugun á röntgenmyndunum sést, að málmspöng með sex skrúfum hefur verið notuð til að festa brotinu á sköflungnum saman, og fer það svo vel, að bein stefna er á leggnum. Sperrileggurinn er hins vegar lítillega sveigður frá, en það brot er vel gróið. Ein skrúfa hefur verið sett í brotið um ökklann, og fellur það svo vel, að vart er greinanleg brotalöm, þegar að er gætt.

Ályktun: Um er að ræða meiðsli, er urðu við bílslys.

Þau voru:

1. Brot á mjaðmargrind (lífbeini h. megin).
2. Fótleggjabrot, báðar pípur h. megin.
3. Ökklabrot, innri gaffalhnjótur (malleolus Medicalis) h. megin.
4. Mar á höfði og skrámur hér og þar.

Eftir vel heppnaðar skurðaðgerðir á beinbrotum fótarins hefur bati orðið með eðlilegum hætti. Útlit er fyrir, að framhald geti orðið á því, frá því sem nú er.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir	4	mán.	fyrst eftir slysið	100%	örorka
—	1	—	þar á eftir	75%	—
—	1	—	— - —	60%	—
—	1	—	— - —	50%	—
—	2	—	— - —	35%	—
—	2	—	— - —	30%	—
—	3	—	— - —	25%	—
—	4	—	— - —	15%	—

Úr því 10% örorka um 1 árs skeið og 5% örorka í eitt ár til viðbótar. Er þá ekki útlit fyrir, að um örorku ætti að vera að ræða vegna brotsins. Aftur á móti verður slasaða að fá bætur fyrir þá örorku, sem kynni að leiða af því, að taka þyrfti skrúfuna úr ökklanum eða spöngina á leggnum, sem þó má telja litlar líkur til, svo vel sem hún fer".

Snemma á árinu 1963 var aflað nýs vottorðs Hjalta Þórarinssonar um ástand frú Halldóru. Er það dagsett hinn 12. febrúar 1963. Auk þess, sem efni hins fyrra vottorðs er rakið í þessu nýja vottorði, segir þar svo:

„... Það, sem rannsóknir leiddu í ljós, var því eftirfarandi:

I Heilahristingur á lágu stigi (commotio cerebri 1. gr.).

II Opið brot á hægri fótlegg (fractura cruris dx. comminuta et complicata).

III Brot um hægri ökkla (fractura malleoli medialis dx.).

IV Brot á mjaðmargrind (fractura ossis pubis dx.).

V Húðhrufl og mar á fjölmörgum stöðum (abrasiones et contuciones variae).

... Þann tíma, sem sjúklingur lá hér á deildinni, kvartaði hún öðru hverju um allslæman verk í augum og framantil í höfði. Hún hafði nokkurn hita í 3 vikur fyrst í legunni, en eftir það var hún hitalaus, og engir sérstakir fylgikvillar komu eftir aðgerðina.

Sjúklingur var algerlega óvinnufær til júníloka 1961, en þá fór hún að vinna létt hússtörf. Hún telur sig þá hafa átt erfitt með verkin fram í lok desember 1961, og getur maður ekki talið það óeðlilegt eftir svona mikla áverka.

Við rannsókn þann 23. júlí 1962 kom í ljós eftirfarandi:

Vel gróið 13 cm langt bogadregið ör framan á hægri fótlegg og annað vel gróið þriggja cm langt ör undir neðri enda hægri sköflungs innanverðum. Svolítill bjúgur (oedem) framan á hægri

fótlegg, og reyndist ummál hans einum cm meiri en vinstra megin. Húðlitur eðlilegur svo og húðskyn. Svolítil eymsli eru á stærra örinu, þar sem málmspöngin situr undir. Hreyfingar í ökklalið og hnélið sársaukalausar og óhindraðar. Gangur eðlilegur. Grófir kraftar og vöðvaviðbrögð eðlileg. Röntgenmyndir, teknar alllöngu eftir að sjúklingur var tekinn úr gipsinu, sýndu ágæta legu á brotstöðunum og góða nýmyndun beins, og virtust brotin því vel gróin.

Fyrirhugað er, að sjúklingur leggist inn á sjúkrahús í náinni framtíð til að láta fjarlægja málmspöngina og skrúfuna, og verður hún óvinnfær að minnsta kosti 3—4 vikur eftir þá aðgerð.

Ekki er útlit fyrir, að sjúklingur hljóti nein varanleg lýti (að undanskildum örunum) né örkuml eftir þessa áverka. Varðandi það, hvort einhverjar eftirstöðvar eru eða verða eftir heilahristinginn, væri æskilegast og raunar sjálfsagt að fá umsögn sérfræðings í taugasjúkdómum".

Af því tilefni fór lögmaður stefnenda þess á leit við lækninn, að hann tæki til athugunar, hvort ástæða væri til að breyta örorkumatinu eða auka við það með hliðsjón af því, sem fram kom í hinu síðara vottorði. Ekki taldi læknirinn forsendur fyrir því að svo komnu máli að breyta matsgerðinni þrátt fyrir hið nýja vottorð, en kvaðst fús til að taka mat sitt til endurskoðunar, ef vottorð bærist frá sérfræðingi í taugasjúkdómum varðandi Halldóru. Slíkt vottorð hefur ekki komið fram í málinu. Hinn 6. marz 1963 samdi Guðjón Hansen tryggingafræðingur örorkutjónsútreikning fyrir stefnandann Halldóru. Um grundvöll útreikningsins og niðurstöðu segir svo í bréfi tryggingafræðingsins:

„... Halldóra Elíasdóttir er sögð fædd 16. júlí 1925 og hefur samkvæmt því verið 35 ára að aldri, er hún varð fyrir slysinu. Hún mun ekki hafa starfað utan heimilis undanfarin ár, en er húsmóðir á allstóru heimili (samkvæmt íbúaskrá 1960 er þá um að ræða eiginmann og þrjú börn, fædd 1944, 1947 og 1951, og samkvæmt upplýsingum yðar eru börnin nú fjögur).

Þegar meta skal húsmóðurstörf til fjár, er venja að miða við tekjur ráðskvenna á heimilum. Þar eð ekki er um neina umsamda kauptaxta að ræða á þessu sviði, er stuðzt við upplýsingar frá Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar og jafnframt höfð hliðsjón af skattmati við áætlun verðgildis fæðis og húsnæðis. Ráðn-

ingarstofan annast ekki samningsgerð og hefur því ófullkomna vitneskju um kaupgreiðslur.

Á árinu 1961, um mitt ár, fékk ég þær upplýsingar hjá ráðningarstofunni, að kaup ráðskvenna mundi þá um alllangt skeið hafa numið kr. 2.000.00—3.000.00 á mánuði auk fæðis og húsnæðis, og nú er mér tjáð, að um lægra kaup en kr. 3.000.00 á mánuði sé ekki að ræða, þótt á fámennu heimili sé. Fæði var metið til skatts á kr. 21.00 á dag árið 1960, en á kr. 24.00 á dag 1961 og 1962. Húsnæði er metið á kr. 1.500.00 á ári, og hefur sú fjárhæð haldizt óbreytt í mörg ár. Er ljóst, að skattmatið verður að teljast mjög lágt.

Með hliðsjón af framanrituðu tel ég, að ekki megi reikna ráðskonu á fámennu heimili lægri vinnutekjur en kr. 35.000.00 á ári fyrsta árið eftir slysið og nemi tilsvarandi árstekjur nú kr. 45.000.00. Með tilliti til heimilisstærðar virðist þá ekki óeðlilegt að reikna frú Halldóru kr. 40—45 þús. á ári um það leyti, er slysið varð, og hef ég því miðað við eftirfarandi árstekjur:

	a)	b)
Fyrsta árið eftir slysið	kr. 40.000.00	kr. 45.000.00
Október 1961—desember 1962	— 46.000.00	— 52.000.00
Frá ársbyrjun 1963	— 55.000.00	— 62.000.00

Miðað við ofangreindar tekjur og orkutap það um 3½ árs skeið, sem tilgreint er í örorkumatsgerðinni, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Miðað við tekjur samkvæmt a-lið .. .. .. kr. 33.970.00
Miðað við tekjur samkvæmt b-lið .. .. .. — 38.262.00

Reiknað er með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra kvenna 1941—1950".

Með bréfi, dags. hinn 21. marz 1963, krafði lögmaður stefnenda vátryggjanda bifreiðarinnar, Samvinnutryggingar g. t., um bætur til handa stefnandanum Halldóru fyrir tjón hennar af völdum slyssins. Var krafan sundurliðuð þannig: örorkutjón, kr. 38.262.00, kostnaður við læknisvottorð og skoðun, kr. 2.400.00, bætur fyrir óþægindi og lýti, kr. 50.000.00. Nam krafan því samtals kr. 90.662.00 auk 8% ársvaxta frá 1. október 1960 til greiðsludags og innheimtulauna. Í kröfubréfinu var gerður fyrirvari, að því er varðar afleiðingar höfuðhöggsins og vinnutaps, sem af því kynni að leiða, að málmspöng og skrúfa í fótlegg Halldóru verði fjarlægð, enda sé ekki tekið tillit til þessara atriða í kröfugerðinni.

Stefnandinn Jón Dan Jónsson var einnig fluttur í Landspítalann fljótlega eftir slysið. Um dvölina þar og aðgerðir þær, sem gerðar voru, segir svo í umsögn prófessors Snorra Hallgrímssonar, dags. hinn 21. febrúar 1961:

„... Við komuna upplýstist, að sjúkl. hafði misst meðvitund við slysið og mundi ekkert eftir sér, fyrr en komið var niður á Slysavarðstofu. Við komuna hingað var hann með fulla meðvitund, en virtist þó vera lítið eitt ruglaður og átti erfitt með að gera grein fyrir sínu fyrra heilsufari. Hann var fölur í andliti, en ekki í áberandi losti. Hann kastaði upp skömmu eftir komuna. Skurður var yfir hægri augnbrún, brot á nefbeinum með nokkra skekkju á nefi, og hann bar þess merki, að blætt hafði úr nösum. Þá reyndist hann vera með brotið hægra læri svo og brot á hægri fótlegg og sperrilegg. Greinilegt var, að sjúkl. hafði hlotið meiri háttar höfuðáverka, og þótt hann hefði ekki einkenni um meiri háttar áverka á heila, þótti þó ráðlegt að fresta aðgerðum vegna beinbrotanna, þar til hann væri búinn að jafna sig. Þar eð engin frekari einkenni um meiri háttar heilaáverka komu í ljós, var þrem dögum síðar, eða 4. 10. '60, gert að beinbrotunum. Hægri lærleggur var brotinn á mótum efsta og mið-þriðjungs, og var um langt skábrot að ræða, og höfðu beinendar farið mjög úr skorðum og tætt sundur vöðvana í kringum brotið. Þá hafði stór flaski losnað úr öðrum beinendanum. Brotið var lagfært með skurðaðgerð og beinendar festir saman með mergnagla, sem rekinn var niður í gegnum efri enda lærbeinsins og niður undir hné. Þá var og brotið á sköflungnum lagfært með skurðaðgerð. Sköflungurinn er mölbrotinn rétt fyrir neðan miðju og beinendar allmikið úr lagi færðir. Sperrileggur er brotinn nokkru ofar. Eftir að brotið á sköflungnum hefur verið lagfært, eru brotendarnir festir með mergnagla, sem rekinn er niður í gegnum efri enda sköflungsins og niður undir ökklalið. Sjúkl. hafði misst mikið blóð í sambandi við brotin, og var honum því gefið blóð, á meðan á skurðaðgerð stóð og síðar.

Sárin eftir skurðaðgerðirnar greru eðlilega, en nokkru eftir aðgerðina fékk sjúkl. æðabólgu í hægri fót og fékk því langvarandi meðalameðferð þess vegna. Hann vistaðist á sjúkrahúsinu til 9. 1. '61, en var þá látinn fara heim, en þannig, að hann notaði hækjur og sté ekki í fótinn. Brotið á sköflungnum virtist gróið, en ekki var talið öruggt, að brotið á lærleggnum væri gróið. Nokkru eftir heimkomuna fór hann að fá aukna verki í hægri lærlegg, og bendir það eindregið til þess, að brotið á lærleggnum

sé ekki fyllilega gróið. Hann hefur því verið látinn liggja í rúminu undanfarnar vikur og ákveðið að láta hann liggja þannig í hálfsmánaðartíma enn. Ef brotið þá reynist enn vera ógróið, er fyrirhugað að spengja það með beini".

Hinn 30. maí 1962 lét prófessorinn í té frekari umsögn um ástand stefnandans Jóns Dan. Segir þar svo:

„... Hvað snertir ástand Jóns fyrst eftir slysið og aðgerðir þar að lútandi, vísast til umsagnar minnar, dags. 21. 2. 1961, en henni til viðbótar má geta þess, að auk áverka þeirra, sem þar voru greindir og sem í ljós komu strax við komuna, var mar á hægri olnboga og mar á ölnartauginni. Enn fremur virtist höfuðkúpubotn brotinn í gegnum cellulae ethmoidalis. Þá var og skráma á vinstra hné og mar á utanverðu vinstra læri.

Eins og getið er um í fyrrgreindri umsögn, virtist brotið á h. lærlegg gróa óeðlilega seint. Hann var því að nýju tekinn á IV. deild Landspítalans 6. 5. 1961 í þeim tilgangi að spengja lærbeinsbrotið með beini. Við nánari athugun kom þá í ljós, að brotið var farið að festast og því horfið frá aðgerð. Jón var þá látinn fara af sjúkrahúsinu 10. s. m.

Hann hætti að nota hækjur, er hann fór af sjúkrahúsinu, en notaði eftir það tvo stafi í 3 mánuði og síðan einn staf þar til í febrúar s.l.

Eftir heimkomuna í janúar 1961 hafði Jón mikil óþægindi í h. læri, aðallega sársauka við áreynslu, en einnig verk, þótt hann lægi fyrir. Þessi óþægindi, sem eflaust hafa stafað af því, að brotið var ekki fyllilega gróið, fóru ört minnkandi vorið 1961 og hurfu síðan alveg, en þá fóru óþægindi frá Küntscher-naglaendanum í h. mjöðm að gera vart við sig. Naglinn var því fjarlægður með skurðaðgerð á IV. deild Landspítalans 13. 4. 1962.

Fyrsta hálfa árið eftir slysið hafði Jón óþægilegan dofa í IV. og V. fingri hægri handar svo og verk upp eftir handleggnum. Þessi dofi hvarf síðan svo og verkurinn, en tók sig svo upp að nýju í sambandi við skurðaðgerð í apríl s.l., þegar Küntschernaglinn var fjarlægður.

Eftir að Jón fór að hreyfa sig meira s.l. vor, fór hann að fá óþægindi í vinstra hné, aðallega sársauka í innanverðu hné við hreyfingu og verk í hnéð eftir áreynslu. Þessi óþægindi minnkuðu verulega við codelcortone inndælingar í liðinn, en hann finnur þó fyrir þeim enn.

Jón telur sig hafa tapað sjón í sambandi við slysið. Hann notaði ekki gleraugu við lestur fyrir slysið, en þegar hann ætlaði að

byrja að lesa að nýju um 6 vikum eftir slysið, gat hann ekki greint venjulegt letur án gleraugna. Þá telur Jón, að hann hafi ekki náð sér að fullu eftir slysið, hvað almenna heilsu snertir. Honum finnst hann vera gleymnari, seinni að hugsa og áhugaminni en áður.

Auk þessa síðastnefnda telur Jón sig í dag hafa eftirfarandi óþægindi útfrá slysinu:

Áberandi helti á h. fæti, þegar hann gengur berfættur, en heltin er mjög lítið áberandi, þegar hann gengur í skóm með 2ja cm hækkun undir h. hæl. Við verulega áreynslu þreytist hann í hægri kálfa og hefur þá verki í kálfanum á eftir. Þá hefur hann allveruleg óþægindi í v. hné, sem gerir honum erfitt fyrir um gang nema tiltölulega takmarkaða vegalengd í einu. Þá hefur hann, eins og að framan greinir, dofa í IV. og V. fingri h. handar, og hann telur, að kraftur í h. hendi sé verulega minnkaður og þá sérstaklega í IV. og V. fingri, en einnig í II. og III. Af þeim sökum getur hann ekki skrifað á ritvél eða unnið með bókhaldsvélar á venjulegan hátt, notar aðallega vinstri hönd og aðeins löngutöng og þumalfingur á h. hendi.

Við skoðun í dag kemur eftirfarandi í ljós:

Lítið eitt haltur á h. fæti, er hann gengur í skóm með 2ja cm hækkun undir h. hæl, en áberandi haltur berfættur.

Á utanverðri h. mjöðm er vel gróið 11 cm langt ör eftir skurðaðgerð. Annað á utanverðu læri, 13 cm langt. Þá er stutt ör neðan til við hné að framan og 8 cm langt ör framan á fótlegg neðan til.

Stytting á h. ganglim mælist 3 cm. Læri mælast jafngild, en hægri kálfi tæpum cm gildari en vinstri, og stafar það frá æðabólgunni, sem kom í h. ganglim eftir slysið. Allur hægri ganglimur er lítið eitt þrútinn fyrir neðan hné.

Liðhreyfing er takmörkuð í h. hné, þannig að beyging er rúmlega 90°, og vantar þá um 60° upp á fulla beygingu miðað við það vinstra. Hreyfing í h. mjaðmarlið er einnig áberandi takmörkuð.

Beyging í hægri mjaðmarlið	að	60°	í vinstri	að 60°
Sveigja út á við (abd.)	—	30°	——	45°
Sveigja inn á við (add.)	—	45°	——	45°
Snúningur út á við hægri		60°	vinstri	45°
Rétting aftur á við	—	30°	—	30°
Snúningur inn á við		0°	—	40°

Vinstra hné lítur eðlilega út, og engin bólga eða stirðleiki er í því nú. Hins vegar er mikið marr í liðnum við hreyfingar og þá sérstaklega í hnéskeljarliðnum.

Hægri handlimur: Áberandi rýrnun á miðhandarvöðvum í greip og milli IV. og V. miðhandarbeins. Þá er áberandi lömun á vöðvunum, sem stjórnað er af nervus ulnaris, og hafa þeir vöðvar vart meir en einn þriðja eðlilegs krafts miðað við vinstri hönd. Ummál upphandleggja mælist hið sama báðum megin svo og ummál framhandleggja. Þar eð Jón er rétthentur, gefur það til kynna nokkra rýrnun á h. handlim. Þá er truflun á snerti og sársaukaskyni á hálfum IV. og öllum V. fingri svo og upp eftir hypothenor upp á úlnlið.

Nokkur skekkja er á nefi með sveigju yfir til vinstri, en sú skekkja mun hafa verið til staðar fyrir slysið. Þá er nokkur truflun á snertiskyni á nefbroddi og framan á miðsnesi.

Röntgenskoðun á hægri lærlegg 12. 4. 1962 sýnir, að brotið er vel gróið, en nokkur sveigja er á brotstaðnum, og orsakar hún varusstellingu á lærleggshálsinum. Hornið milli lærleggsháls og lærleggs er um 105°. Küntscher nagli liggur eftir mergholi lærleggsins, og hefur beinhröngl myndazt umhverfis naglann á mjaðmarhnútunni. Naglinn hefur nú verið fjarlægður.

Brotið á h. fótlegg er einnig gróið í góðri stellingu, en Küntscher naglinn, sem rekinn var niður eftir mergholi í gegnum tuberositas tibiae, er enn á sínum stað. Þar eð hann veldur engum óþægindum, en hins vegar allmikil aðgerð að fjarlægja hann, er ákveðið að láta hann vera.

Röntgenmyndir af vinstra hné, teknar 20. 12. 1961, sýna smáskarð í afturbrún innra liðflatar á sköflungi. Hugsanlegt er, að hér hafi verið sprunga í beinið, en myndir voru ekki teknar af hnénu strax eftir slysið og því ekki hægt að fullyrða neitt um það.

Þeir áverkar, sem Jón hlaut við slysið, voru sem hér segir:

1. Brot á aftanverðum h. lærlegg. Um langt skábrot var að ræða og brotendar mjög úr lagi færðir.
2. Brot á h. sköflung og sperrilegg. Sköflungurinn var mölbrotinn (fractura comminuta), en sperrileggur tvíbrotinn.
3. Mar á ölnartaug h. megin og sár á olnboga.
4. Brot á hauskúpubotni.
5. Heilahristingur.
6. Skrámur á v. hné.
7. Brot á nefbeinum

Nokkru eftir slysið fékk Jón æðabólgu í hægri ganglim og blóðtappa í hægra lunga, og er hvort tveggja afleiðing áverkanna.

Varanlegar afleiðingar ofangreindra áverka eru eftirfarandi:

1. Stytting á h. ganglim, og nemur sú stytting 3 cm.
2. Skekkja á efri enda h. lærleggs, sem orsakar varusskekkju á lærleggshálsi og nokkrum snúningi út á við á neðri hluta lærleggsins.
3. Hreyfingarhindrun í h. mjaðmarlið. Sá stirðleiki orsakast af skekkjunni á lærleggshálsinum, en hún veldur jafnframt breyttri afstöðu lærleggshöfuðs til liðskálar og því hætta á óeðlilegu sliti í h. mjaðmarlið, þegar tímar líða. Þá er einnig áberandi stirðleiki í h. hné, sem sennilega orsakast bæði af sköddun á liðnum í sambandi við slysið svo og af hinni löngu kyrrsetningu (immobilisatio) á ganglimnum, meðan brotin voru að gróa. Hætt er við óeðlilegu sliti einnig í þessum lið með tímanum.
4. Sköddun á v. hnélið. Ekki er hægt að svo stöddu að gera sér grein fyrir því, hve mikil sú sköddun er. Röntgenskoðun sýnir ekkert athugavert, og við skoðun nú finnst ekki annað en mjög mikið marr undir hnéskel við hreyfingar. Sennilegast er, að liðbrjósk hafi skaddazt, og má því búast við óeðlilegum slitbreytingum í liðnum fyrr en ella.
5. Blóðrásartruflun í hægri ganglim eftir æðabólgu. Þótt ganglimurinn beri svo til engin merki um æðabólguna nú, þá eru engar líkur til þess, að hún hafi ekki skilið eftir sig varanlega sköddun á djúpum bláæðum í kálfa og læri. Hætt er því við blóðrásartruflunum síðar meir og þá sérstaklega, verði hann fyrir áverkum eða gangi undir skurðaðgerðir.
6. Mar á ölnartaug með lömun á hlutaðeigandi vöðvum og truflun á húðskyni. Líklegt er, að taugin nái sér aftur að einhverju leyti.
7. Afleiðingar höfuðáverkans og hins mikla áverka í heild: sjóndepra, minnisleysi og minnkaður andlegur þróttur".

Á grundvelli þeim, sem fram kemur í umsögnum þessum, mat prófessor Snorri Hallgrímsson hinn 29. júní 1962 örorku stefnandans Jóns Dan af völdum slyssins. Er niðurstaða örorkumatsins svohljóðandi:

„Orkutap Jóns af völdum slyssins telst hæfilega metið sem hér segir: Frá 1. 10. 1960— 1. 3. 1961 100%. Frá 1. 3. 1961—1. 6. 1961 80%. Frá 1. 6. 1961—1. 6. 1962 50% og frá 1. 6. 1962 30%.

Varanlegt orkutap Jóns af völdum slyssins telst hæfilega metið 30%, og er þá eingöngu tekið tillit til atriða þeirra, er um getur í lið 1—7 í lokaorðum umsagnar minnar, dagsettri 30. 5. '62".

Á grundvelli þessa örorkumats gerði K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur örorkutjónsútreikning fyrir stefnandann Jón Dan. Um grundvöll matsins og niðurstöðu segir að öðru leyti svo í bréfi tryggingafræðingsins, dags. hinn 30. ágúst 1962:

„Fyrir liggja ljósmyndir af framtölum Jóns Dan frá árunum 1957—61. Samkvæmt þeim hafa vinnutekjur hans á árunum 1956—60 verið þær, sem sýndar eru í töflu 2. Þar er einnig sýnd sundurliðun vinnuteknanna í föst laun og tekjur af yfirvinnu og aukastörfum og hve margir hundraðshlutar þær voru hvert ár um sig af heildarvinnutekjunum. Sundurliðunin er byggð á framtölunum og bréfi ríkisbókhaldsins, dagsettu 22. ágúst 1962.

Tafla 2.

Ár	Föst laun	Yfirv. og aukastörf	Samtals	Yfirv. og aukastörf í % af heildarvinnutekj.
1956	kr. 66.370.00	kr. 9.287.00	kr. 75.657.00	12.3%
1957	— 68.292.00	— 25.982.70	— 94.274.70	27.6%
1958	— 73.520.72	— 19.000.00	— 92.520.72	20.5%
1959	— 93.509.97	— 13.928.04	— 107.438.01	13.0%
1960	— 92.323.00	— 32.814.30	— 125.137.30	26.2%

Taflan sýnir, að föstu launin hækka mikið 1959. Það stafar af því, að í byrjun þess árs tekur Jón Dan við starfi ríkisféhirðis. Við það hækka laun hans úr VII. launaflokki í IV. flokk. Enn fremur sést á töflunni, að þau 6 ár, sem hún nær yfir, hafa tekjur af yfirvinnu og aukastörfum til jafnaðar numið um 20% af heildarvinnutekjunum.

Á árinu 1960 skertust föst laun Jóns Dan ekki af völdum slyssins. Hins vegar getur verið, að tekjur af yfirvinnu og aukastörfum hafi skerzt lítið eitt. En varla getur það verið nema smávægilegt, því að þær eru að mestu leyti fyrir rithöfundarstörf, en þau eru yfirleitt unnin, alllöngu áður en tekjurnar af þeim koma inn.

Jón Dan hélt fullum launum í 6 mánuði og hálfum launum í þrjá mánuði og eina viku, en að þeim tíma liðnum tók hann aftur við starfi ríkisféhirðis og hefur gegnt því síðan. Af föstum

launum hefur hann því aðeins tapað kr. 12.634.78 vegna slyssins, þ. e. hálfum launum í þrjá mánuði og eina viku, sbr. bréf ríkisbókhaldsins frá 22/8 1962.

Þar sem Jón Dan heldur föstum launum ríkisféhirðis þrátt fyrir 30% örorku, og tekjur hans af öðrum störfum og yfirvinnu námu til jafnaðar aðeins 20% af heildarvinnutekjum hans næstu árin fyrir slysið, virðist mér augljóst, að slysið skerði ekki vinnutekjur hans í beinu hlutfalli við það, sem örorkan eftir slysið er metin, heldur minna. Hins vegar sýnist mér ekki fjarri lagi að ætla, að það sé svo mikið erfiði fyrir 30% öryrkja að gegna störfum ríkisféhirðis, að hann geti ekki aflað sér frekari vinnutekna með aukastörfum eða yfirvinnu. Gæti því verið um það að ræða, að Jón Dan tapi af völdum slyssins auk þess hluta af föstum launum, sem áður er nefndur, tekjunum af aukastörfum og yfirvinnu.

Ef miðað er við tekjur hans af þessum störfum á árunum 1956—60 og gert ráð fyrir, að þær hefðu hækkað eftir sömu reglum og laun opinberra starfsmanna, má ætla, að þær hefðu numið

21.518 kr. á fyrsta ári eftir slysið
23.986 kr. á öðru ári eftir slysið
og 24.618 kr. árlega eftir það.

Sé nú reiknað með, að þessar vinnutekjur tapist af völdum slyssins, er verðmæti þess taps kr. 261.177.00 miðað við slysdag. Þar við ber svo að bæta áðurgreindu beinu tapi á föstum vinnutekjum, kr. 12.634.78.

Við framangreinda útreikninga eru notaðir 7% vextir p. a., dánarlíkur ísl. karla eftir reynslu á árunum 1941—50 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Opinber gjöld hafa ekki verið dregin frá vinnutekjum.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að það hlýtur að vera mikið erfiði fyrir 30% öryrkja að gegna starfi ríkisféhirðis. Þarf að taka sérstakt tillit til þess við ákvörðun þjáningarbóta. Í því sambandi vil ég einnig benda á, að ef til vill hefði verið rétt að fá örorkumat, sem væri sérstaklega miðað við starf ríkisféhirðis. Með því móti yrði auðveldara að gera sér grein fyrir, hvort ástæða sé til að óttast, að hann geti ekki gegnt starfi ríkisféhirðis til frambúðar".

Kjartan R. Guðmundsson læknir, sérfræðingur í taugasjúkdómum, rannsakaði nú stefnandann. Í umsögn læknisins, dags. 21. janúar 1963, segir svo:

„... Kvartanir sjúklings eru frá neurologisku sjónarmiði: 1) Einkenni frá h. ulnartaug, sem lýsa sér með rýrnun, máttleysi og truflun á húðskyni. 2) Einkenni, sem stafa frá höfuðáverka og lýsa sér með sljóleika, minnisleysi og áhugaleysi. Enn fremur segist hann hafa tapað sjón við slysið, og það er verkur í h. fæti, sem stafar af styttingu hans. Það hefur ekki verið höfuðverkur eða svimi og aldrei flog eða yfirlið. Hann hafði verið hraustur fyrir slysið.

Skoðun: Eðlilegur í framkomu. Fremur þreytulegur. Nef er dálítið skekkt til h. Höfuð eymslalaust. Heilataugar: 1) Finnur lykt með báðum nösum, en betur með v. 2) Augnbotnar eðlilegir. Sjónsvið eðlilegt. Sjón ekki prófuð. 3, 4 og 6) Ljósop jöfn og hringlaga og svara eðlilega. Augnhreyfingar eðlilegar og ekki nystagmus. 5) Minnkað húðskyn á miðsnesi og efri vör. Annars eðlileg. 7) Engin andlitslömun. 8) Heyrn góð. 9, 10, 11 og 12) Eðlilegar.

Útlimir: Mikil rýrnun á h. hypothenar og add. pollicis. Mjög mikil rýrnun á interosseus vol. og dorsalos 1, sem eru að mestu horfnir. Nokkur rýrnun á interossei og lumbricales 5 og 4. Það er mikið máttleysi í þessum vöðvum. Sem enginn kraftur í inteoss. vol. og dors. 1 og varla hálfur kraftur í öðrum vöðvum. Það er einnig varla meira en hálfur kraftur í flexor dig. profundus dig. 5 og 4 og flexor carpi ulnaris. Það sést ör á h. olnboga rétt neðan við sulcus n. ulnaris. Viðbrögð eru eðlileg. Húðskyn er minnkað á h. litla fingri.

Álit: Sjúklingur hefur einkenni eftir heilahristing. Það er vafasamt, hvort hann fær meiri bata af þeim. Hann hefur enn fremur einkenni eftir mar á h. úlnartaug, og er höndin mjög böguð af því. Einkum er grip handarinnar lélegt vegna minnkaðs kraftar í add. poll. Það er mjög hæpið, að hann batni meira. Einkum virðist vonlaust, að interosseus vol. og dorsalis 1 batni nokkuð. Hann hefur þó verið sendur í æfingar til reynslu í 2 mánuði".

Er hér var komið, rannsakaði Snorri Hallgrímsson prófessor stefnandann Jón Dan að nýju. Í umsögn sinni, dags. 25. febrúar 1963, kveður prófessorinn ástand Jóns Dan ekki að neinu verulegu breytt frá því, sem lýst er í umsögn hans frá 30. maí 1962, og kveður skoðun sína á örorkutapi stefnandans af völdum slyssins því vera hina sömu og skýrt sé frá í bréfi hans frá 29. júní 1962.

Hinn 25. marz 1963 gerði K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur nýjan örorkutjónsútreikning fyrir stefnandann Jón Dan. Í bréfi tryggingafræðingsins segir svo um grundvöll útreikningsins og niðurstöðu:

„Í ágúst 1962 gerði ég nokkra útreikninga varðandi ofangreint mál. Þeir voru við það miðaðir að reyna að finna verðmæti raunverulegs vinnutekjutaps Jóns Dan af ofangreindu slysi. Var þar byggt á þeirri forsendu, að þar sem hann hefur aftur tekið við störfum ríkisféhirðis, mundi raunverulegt vinnutekjutap hans vera það, sem hann missti af föstum launum, og allar tekjur af yfirvinnu og aukastörfum. Vísast um þetta til bréfs míns frá 30. ágúst 1962. Frá því sá útreikningur var gerður, hefur orðið 7% launahækkun hjá opinberum starfsmönnum, og ætti verðmæti vinnutekjutaps vegna yfirvinnu og aukastarfa að hækka af þeim sökum úr kr. 261.177.00 í kr. 277.023.00.

Það vinnutekjutap, sem þarna er reiknað út, svarar til 20% skerðingar á vinnutekjum. Nú hafði prófessor Snorri Hallgrímsson metið örorku Jóns 30%, sbr. örorkumat, dagsett 29. júní 1962. Þetta mat hefur prófessor Snorri staðfest með bréfi, dagsettu 25. febrúar 1963, eftir að hafa sent Jón til sérstakrar rannsóknar hjá Kjartani R. Guðmundssyni, sérfræðingi í taugasjúkdómum.

Af framangreindu er ljóst, að með því að gegna störfum ríkisféhirðis vinnur Jón Dan meira starf en svarar til þeirrar starfsorku, sem talið er, að hann hafi. Það má ætla, að það kosti hann mun meira erfiði en það mundi kosta fullhraustan mann að gegna þessu starfi. Enn getur það ekki heldur talizt öruggt, að hann geti gegnt ríkisféhirðisstarfinu til frambúðar.

Með bréfi, dagsettu 4. þ. m., hafið þér óskað eftir, að ég reyndi að reikna út, hvaða fébætur væru hæfilegar fyrir erfiði það og áhættu, sem um getur í næstu málsgrein hér á undan. Því miður eru ekki tök á að reikna þetta beinlínis út. En nokkra stoð hygg ég, að megi hafa af eftirfarandi athugunum.

Ef svo hefði farið, að Jón Dan hefði ekki tekið upp sitt fyrra starf, mundi vinnutekjutap hans hafa verið reiknað þannig: Fyrst hefðu vinnutekjur verið áætlaðar með því að bæta við laun ríkisféhirðis áætluðum tekjum af yfirvinnu og aukastörfum. Síðan hefði vinnutekjutap verið áætlað með því að taka á hverjum tíma jafn marga hundraðshluta af áætluðum vinnutekjum, eins og örorkan er metin. Þessar áætlanir fara hér á eftir.

Tímabil	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1/10 1960—30/9 1961 ..	kr. 117.026.00	kr. 90.565.00
1/10 1961—30/9 1962 ..	— 133.575.00	— 57.237.00
Síðan árlega	— 143.255.00	— 42.977.00

Ef notaður er sami reikningsgrundvöllur og í fyrra útreikningi mínum, er verðmæti þessa áætlaða vinnutekjutaps kr. 520.700.00 miðað við slysdag. Auk venjulegs frádráttar vegna skattfrelsis skaðabóta fyrir örorku kæmu hér til frádráttar þau laun, sem Jón fékk greidd fyrir þann tíma, sem hann vann ekki. En samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins voru það full laun í 6 mánuði og hálf laun í 3¼ mánuð, eða 58.663.00 kr. Eftir eru þá 462.037.00 kr. Þeirri upphæð má skipta í tvennt. Annars vegar er verðmæti þess vinnutekjutaps, sem telja má nokkuð öruggt, en það eru framangreindar kr. 277.023.00 vegna tapaðrar yfirvinnu og aukastarfa og töpuð föst laun kr. 12.635.00, eða samtals kr. 289.653.00. Þá eru eftir kr. 172.379.00, sem eftir er að lækka vegna skattfrádráttar um sama hundraðshluta eins og bæturnar fyrir það vinnutekjutap, sem telst öruggt. Sú tala, sem þá kemur fram, er væntanlega hærri en það, sem talizt gætu sanngjarnar bætur fyrir það, sem Jón Dan er það erfiðara en fullhraustum manni að gegna starfi ríkisféhirðis og fyrir það vinnutekjutap, sem hann yrði fyrir, ef hann yrði að hætta því og taka upp annað léttara og lægra launað starf".

Með bréfi, dags. hinn 29. marz 1963, krafði lögmaður stefnenda nú Samvinnutryggingar um bætur til handa stefnandanum Jóni Dan. Var krafan sundurliðuð þannig: örorkutjón, kr. 462.037.00, útlagður kostnaður, kr. 12.667.00, og bætur fyrir óþægindi, þjáningar og lýti, kr. 100.000.00, samtals kr. 575.704.00. Frá þessari fjárhæð skyldi draga það, sem þegar hafði verið greitt upp í tjónið, en við bætast 8% ársvextir af eftirstöðvum frá slysdegi til greiðsludags auk innheimtulauna af allri fjárhæðinni. Hinn 23. apríl 1963 greiddu Samvinnutryggingar kr. 402.692.00 sem bætur til stefnenda. Í kvittun þeirri, sem lögmaður stefnenda gaf fyrir greiðslunni, er nánari grein gerð fyrir henni þannig: „Atvinnutjón, þjáningabætur, vextir, kostnaður við innheimtu o. fl.". Samkvæmt því, sem fram kemur í kvittuninni, hafði félagið áður greitt kr. 97.308.00 upp í slysabætur og tjón á bifreiðinni R 4189. Samkvæmt því námu heildargreiðslur Samvinnutrygginga til

stefnenda samtals kr. 500.000.00, þar með taldir vextir og innheimtulaun.

Hinn 14. október 1963 samdi Þórir Bergsson tryggingafræðingur örorkutjónsútreikning fyrir stefnandann Jón Dan með hliðsjón af hækkunum þeim, sem höfðu orðið á launum opinberra starfsmanna samkvæmt dómi Kjaradóms hinn 4. júlí 1963. Eins og fram kemur í bréfi tryggingafræðingsins, er útreikningurinn byggður á útreikningi K. G. Guðmundssonar tryggingafræðings frá 30. ágúst 1962 og 25. marz 1963. Í bréfinu segir að öðru leyti svo um grundvöll útreikningsins og niðurstöðu:

„Þann 1. júlí s.l. hækkuðu föst árslaun ríkisféhirðis úr kr. 116.904.00 í kr. 182.880.00, en Jón Dan mun hafa tekið við starfi ríkisféhirðis í ársbyrjun 1959. Árslaun hans hækka síðan aftur eftir 10 ára starsferil í kr. 192.840.00.

Guðmundur reiknaði vinnutekjur vegna yfirvinnu sérstaklega og eins aukavinnu, og námu þær um 20% af heildarvinnutekjum. Hann gerði ráð fyrir, að tekjur þessar hækkuðu á sama hátt og laun ríkisstarfsmanna. Á hækkun þá, er átti sér stað í vor, verður að líta sem leiðréttingu á misræmi í launum. Jafnframt henni má og gera ráð fyrir, að frekar dragi úr yfirvinnu og aukastörfum hjá ríkisstarfsmönnum. Ég mun því ekki gera ráð fyrir meiri hækkun vegna yfirvinnu og aukastarfa en nemur almennri hækkun á launum í júní s.l., þ. e. 7½%.

Verðmæti vinnutekjutaps vegna yfirvinnu og aukastarfa hækkar þá úr kr. 277.023.00 í kr. 293.343.00.

Ef vinnutekjutapið er áætlað sami hundraðshluti af áætluðum heildarvinnutekjum og örorkan er metin, fæst eftirfarandi tafla:

Tímabil	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 117.026.00	kr. 90.565.00
2. árið eftir slysið	— 133.575.00	— 57.237.00
3. árið eftir slysið	— 160.241.00	— 48.072.00
4.—8. árin eftir slysið ..	— 211.197.00	— 63.359.00
9. árið eftir slysið	— 218.667.00	— 65.600.00
Síðan árlega	— 221.157.00	— 66.347.00

Verðmæti vinnutekjutapsins á slysdegi hækkar við þessar breytingar úr kr. 520.700.00 í kr. 703.533.00.

Eins og Guðmundur segir í síðari útreikningi sínum, eru auk lækkunar vegna opinberra gjalda eftir að draga frá launagreiðslur

til Jóns þann tíma, er hann vann ekki, en þær námu kr. 58.663.00. Eftir eru kr. 644.870.00, sem skiptast í tvennt. Annars vegar verðmæti vinnutekjutaps vegna yfirvinnu og aukastarfa — kr. 293.343.00 — og töpuð laun kr. 12.635.00.

Það, sem eftir er, hefur þá hækkað úr kr. 172.379.00 í kr. 338.892.00.

Notaður hefur verið sami reiknigrundvöllur og í útreikningum Guðmundar Guðmundssonar".

Með bréfi, dags. hinn 2. marz 1964, krafði lögmaður stefnenda nú stefnda í máli þessu sem eiganda bifreiðarinnar R 3718 um bætur fyrir tjón stefnenda af völdum slyssins. Kvað hann tjónið nema hærri fjárhæð en greiðsla Samvinnutrygginga g. t. nam. Sundurliðaði lögmaðurinn tjónið þannig:

Tjón á bifreiðinni R 4189	kr.	18.500.00
Tjón vegna meiðsla Halldóru Elíasdóttur	—	90.662.00
Tjón vegna meiðsla Jóns Dan Jónssonar	—	769.937.00
Samkvæmt því var heildartjónið talið nema	kr.	879.109.00

auk vaxta og innheimtulauna.

Í kröfubréfi þessu sundurliðaði lögmaðurinn einnig greiðslu þá, sem Samvinnutryggingar g. t. höfðu innt af hendi, þannig:

7% vextir af kr. 402.692.00 frá 1. október 1960 til 23. apríl 1963	kr.	72.292.00
Greitt vegna innheimtu og lögfræðilegrar aðstoðar miðað við inngreiðslu á höfuðstól	—	23.000.00
Greitt inn á höfuðstól	—	404.780.00
(sic)	Kr.	500.000.00

Samkvæmt því krafði lögmaðurinn stefnda um kr. 474.401.00 (879.109.00 ÷ 404.780.00) auk 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. október 1960 til greiðsludags og innheimtulauna af kr. 474.401.00. Ekki var fallizt á kröfu þessa af hálfu stefnda. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta.

Kröfur stefnenda í máli þessu eru byggðar á því, að stefndi beri sem skráður eigandi bifreiðarinnar R 3718 ábyrgð á öllu tjóni stefnenda af völdum slyss þess, er þau urðu fyrir hinn 1. október 1960, samkvæmt ákvæðum 69. gr. og 67. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að þótt stefndi

sé eigandi bifreiðarinnar R 3718, þá beri hann ekki fébótaábyrgð á tjóni stefnenda af völdum slyssins. Ökumaður bifreiðarinnar hafi að vísu verið starfsmaður stefnda á þeim tíma, er slysið varð, en hann hafi verið að nota bifreiðina utan vinnutíma til eigin þarfa í algeru heimildarleysi. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 69. gr. umferðarlaga beri stefndi því ekki fébótaábyrgð á tjóni stefnenda af völdum slyssins. Þá er því haldið fram, að þótt svo verði talið, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni stefnenda, þá hafi stefnendur þegar fengið tjónið bætt að fullu með greiðslu þeirri, sem Samvinnutryggingar g. t. inntu af hendi, enda hafi þá legið fyrir útreikningur á tjóni stefnenda. Kröfur þær, sem þá lágu fyrir, hafi verið endanlegar á þeim tíma og geti síðari verðlagsbreytingar ekki valdið því, að stefnendur eigi frekari kröfur á hendur stefnda af þessum sökum.

Samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur í máli því, sem höfðað var á hendur ökumanni bifreiðarinnar R 3718, skýrði hann svo frá þar fyrir dómi, að hann hefði kvöldið fyrir slysið neytt áfengis og allt fram til kl. 0100 eða 0200 um nóttina. Hann hefði því verið fremur „rykaður", er hann mætti til starfs síns um kl. 0800 morguninn eftir, en starf hans var akstur vörubifreiðarinnar R 3718. Um kl. 1000 um morguninn kvaðst hann hafa farið að dreypa á portvínsflösku, sem hann átti, og hafi hann lokið við flöskuna einsamall einhvern tíma um hádegisbilið. Kvaðst hann hafa neytt áfengis, er hlé varð á akstri bifreiðarinnar. Auk portvínsins kvaðst ökumaðurinn hafa drukkið einn erlendan bjór um kl. 1100 þennan sama morgun. Kvaðst ökumaðurinn hafa komizt undir áfengisáhrif af vindrykkju þessari og hafi hann verið undir áhrifum áfengis, er slysið varð um kl. 1500. Hér fyrir dómi skýrði ökumaðurinn svo frá, að utan vinnutíma hafi bifreiðin verið geymd heima hjá honum. Kvaðst hann hafa sótt nokkra af starfsmönnum fyrirtækisins á morgnana og ekið þeim í vinnuna og ekið þeim heim á kvöldin. Kveðst ekki muna eftir að hafa fengið fyrirmæli um það frá fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins að biðja um leyfi, ef hann ætlaði að nota bifreiðina í einkaerindum. Hann telur, að það hafi ekki komið fyrir, að hann bæði um leyfi til að nota bifreiðina í sérstökum einkaerindum. Kveðst hann hafa farið smáferðir í bifreiðinni utan vinnutíma til einkaþarfa án þess að biðja um leyfi, t. d. farið í kvikmyndahús á kvöldin. Gunnar kveðst ekki í annað skipti en er slysið varð hafa tekið bifreiðina traustataki og farið út fyrir borgarmörkin og kveðst aldrei hafa beðið um leyfi til slíks. Gunnar hefur skýrt svo frá

störfum sínum um morguninn, áður en slysið varð, að hann hafi ekið vörum fyrir fyrirtækið að sendibílastöðinni við Borgartún, og einnig kveðst hann hafa sótt vörur fyrir fyrirtækið í vörugeymslu Eimskipafélagsins. Á þessum tíma kveður Gunnar hafa verið unnið hjá fyrirtækinu fram að hádegi á laugardögum. Kveðst hann þennan dag hafa farið upp að Silungapolli eftir vinnutíma.

Í málinu eru fram komnar yfirlýsingar Sigurðar Helgasonar, framkvæmdastjóra stefnda, Hjörleifs Jónssonar, fulltrúa stefnda, og Guðmundar Guðmundssonar, verkstjóra stefnda, um það, að Gunnar Bergmann Axelsson hafi verið ökumaður bifreiðarinnar R 3718 og að það hafi verið föst venja, að Gunnar færi með bifreiðina heim til sín eftir vinnutíma og æki þá um leið heim starfsmönnum fyrirtækisins og er hann hafi komið í bifreiðinni til vinnu á morgnana, hafi hann sótt starfsmennina til vinnu. Einnig kemur fram í yfirlýsingum þessum, að ef Gunnar hafi þurft að nota bifreiðina utan vinnutíma, hafi hann beðið um leyfi til þess, en slíkt leyfi hafi ekki verið gefið dag þann, er slysið varð.

Það er aðalábyrgðarregla umferðarlaga nr. 26/1958, að skráður eða skráningarskyldur eigandi vélknúins, skráningarskylds ökutækis sé skyldur að bæta með fé tjón á mönnum eða munum, er hlýzt af ökutækinu í notkun, enda þótt slysið verði eigi rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns, sbr. 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. greindra laga. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 69. gr. laganna færist fébótaskyldan yfir á þann, sem ökutækið notar í algeru heimildarleysi. Það kemur fram í greinargerð með frumvarpi til laga þessara, að tilgangurinn með setningu ákvæða þessara hafi verið sá, að skráður eða skráningarskyldur eigandi beri alltaf ábyrgðina gagnvart þriðja manni, nema tækinu hafi verið stolið.

Leggja verður á stefnda sönnunarbyrði um það, að aðstæður hafi verið slíkar, að hann sem eigandi bifreiðarinnar R 3718 beri ekki fébótaábyrgð á tjóni stefnenda af völdum umrædds slyss.

Það er fram komið, að starf Gunnars Bergmanns Axelssonar hafi verið fólgið í því að aka bifreiðinni R 3718 í vinnutíma. Á nóttunni var bifreiðin geymd heima hjá Gunnari, og ók hann starfsmönnum stefnda til og frá vinnu á morgnana og kvöldin. Má því telja, að Gunnar hafi sem starfsmaður stefnda verið vörzlumaður bifreiðarinnar. Það þykja því ekki hafa verið færðar að því sönnur, að umráð Gunnars yfir bifreiðinni, er slysið varð,

hafi verið slík, að það leysi stefnda undan fébótaábyrgð á tjóni stefnenda af völdum slyssins. Að því er varðar þá sýknuástæðu, að stefnendur hafi þegar fengið tjón sitt að fullu bætt með greiðslu þeirri, sem Samvinnutryggingar inntu af hendi, þá kemur það berlega fram af kvittun þeirri, sem gefin var fyrir greiðslunni, að þótt fallið hafi verið frá frekari kröfum á hendur félaginu, þá hafi stefnendur ekki talið tjónið með þessu endanlega og að fullu bætt og að þau hafa hvorki beint né óbeint fallið frá þeim rétti að beina frekari kröfum gegn stefnda. Verður heldur eigi séð, að neitt fullnaðaruppgjör hafi farið fram á kröfum stefnenda, er greiðsla félagsins var innt af hendi.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður sýknukrafa stefnda, byggð á þessum ástæðum, ekki tekin til greina. Því hefur eigi verið mótmælt af hálfu stefnda, að ökumaður bifreiðarinnar R 3718 eigi einn sök á umræddu slysi. Verður því lögð á stefnda óskoruð fébótaábyrgð á tjóni stefnenda af völdum slyssins.

Verður nú afstaða tekin til einstakra liða í dómkröfum stefnenda, en þær eru sundurliðaðar þannig:

1. Tjón Halldóru Elíasdóttur.
   a. Örorkubætur ..... kr. 38.262.00
   b. Bætur fyrir þjáningu og lýti ..... — 100.000.00

   Kr. 138.262.00

Þessa fjárhæð hefur stefnandinn lækkað um 10% vegna skattfrelsis og annars frádráttar, og nemur krafa Halldóru kr. 124.436.00.

2. Tjón Jóns Dan Jónssonar.
   a. Örorkutjón ..... kr. 813.049.00
   b. Bætur fyrir þjáningar og lýti ..... — 350.000.00

   Kr. 1.163.049.00

Þessa fjárhæð hefur stefnandinn lækkað um 10% vegna skattfrelsis og annars frádráttar, og nemur krafa Jóns Dan ..... kr. 1.046.745.00

3. Útlagður kostnaður ..... — 10.572.60
4. Lögfræðileg aðstoð við möt ..... — 10.000.00
5. Tjón á bifreiðinni R 4189 ..... — 18.500.00

(sic) Kr. 1.210.253.60

Frá þessari fjárhæð hafa stefnendur dregið fjárhæð þá, sem þau kveða Samvinnutryggingar g. t. hafa greitt upp í tjón þeirra .. .. kr. 404.780.00

Kr. 805.473.60

Um 1. a. Hér að framan hefur verið lýst meiðslum þeim, sem stefnandinn Halldóra hlaut af völdum slyssins, rakið mat á örorku hennar af þeim sökum svo og örorkutjónsútreikningar Guðjóns Hansens. Að því athuguðu, sem fram er komið um grundvöll kröfuliðar þessa, þykja bætur samkvæmt honum hæfilega ákveðnar kr. 35.000.00, og er þá tekið tillit til verðlagsbreytinga, sem orðið hafa, svo og til þess, að bætur sem þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari.

b. Að framan hefur sjúkrasaga stefnandans Halldóru verið rakin og lýst áverkum þeim, sem hún hlaut af völdum slyssins. Það verður að telja ljóst, að Halldóra hafi orðið fyrir verulegum meiðslum við slysið, þótt eigi sé fram komið, að hún hafi hlotið varanlega örorku af þess völdum. Eftir atvikum þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 75.000.00.

Um 2. a. Hér að framan hefur verið rakið mat Snorra Hallgrímssonar prófessors á örorku stefnandans Jóns Dan Jónssonar af völdum umrædds slyss. Einnig hafa verið raktir örorkutjónsútreikningar K. G. Guðmundssonar tryggingafræðings fyrir stefnandann Jón Dan. Hinn 27. október 1965 samdi Þórir Bergsson tryggingafræðingur örorkutjónsútreikning fyrir stefnandann Jón Dan. Samkvæmt útreikningi þessum nam áætlað heildarverðmæti tapaðra vinnutekna kr. 871.712.00. Er við útreikning þennan tekið tillit til launahækkana, vaxtalækkunar og nýrra upplýsinga um dánarlíkur, frá því að síðasti útreikningur var gerður. Ekki voru við útreikning þennan dregnar frá launagreiðslur til Jóns Dan þann tíma, sem hann vann ekki, er námu kr. 58.663.00, og ekki gerður frádráttur vegna skattfrelsis. Við útreikninginn var byggt á 6% ársvöxtum, dánarlíkum íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu. Hinn 27. júní s.l. samdi Þórir Bergsson nýjan örorkutjónsútreikning fyrir stefnandann Jón Dan. Kemur þar fram, að frá því að síðasti útreikningur var gerður, hafi orðið nokkrar hækkanir á kaupi og auk þess sé nú reiknað með 7% ársvöxtum. Að öðru leyti segir svo um grundvöll útreikningsins og niðurstöðu í bréfi tryggingafræðingsins:

„... Fastatekjum er enn breytt samkvæmt breytingum á kjörum ríkisstarfsmanna, en tekjur fyrir yfirvinnu og aukastörf eru umreiknaðar samkvæmt breytingum á taxta fyrir almenna verkamannsvinnu.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap verður:

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 117.026.00	kr. 90.565.00
2. árið eftir slysið	— 133.575.00	— 57.237.00
3. árið eftir slysið	— 160.241.00	— 48.072.00
4. árið eftir slysið	— 214.790.00	— 64.437.00
5. árið eftir slysið	— 235.972.00	— 70.792.00
6. árið eftir slysið	— 276.261.00	— 82.878.00
7. og 8. árið eftir slysið ..	— 286.640.00	— 85.992.00
9. árið eftir slysið	— 289.747.00	— 86.924.00
Síðan árlega	— 299.787.00	— 89.936.00

Verðmæti vinnutekjutaps á slysdegi reiknast mér nema kr. 873.261.00.

Auk lækkunar vegna opinberra gjalda er eftir að draga frá launagreiðslur þann tíma, sem hann vann ekki, en þær námu kr. 58.663.00. Eftir eru kr. 814.598.00, sem skiptast í tvennt. Annars vegar verðmæti vinnutekjutaps vegna yfirvinnu og aukastarfa, kr. 389.399.00, og töpuð föst laun, kr. 12.635.00.

Eftir verða þá kr. 412.564.00.

Við útreikninginn eru notaðir 7% vextir p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu".

Kröfugerð stefnandans Jóns Dan Jónssonar samkvæmt þessum lið er byggð á tjónsútreikningi Þóris Bergssonar.

Af hálfu stefnda hefur fjárhæð þessa kröfuliðar verið mótmælt sem of hárri. Er á það bent, að svo virðist sem stefnandinn hafi ekki getað sinnt starfi sínu sem ríkisféhirðir í 9 ¼ mánuð eftir slysið, en hann hafi haldið óskertum launum í sex mánuði og hálfum launum í 3 ¼ mánuð. Hann hafi síðan gegnt starfi sínu sem ríkisféhirðir og eigi verði annað séð en svo verði áfram. Er því haldið fram, að örorkutjónsútreikningar þeir, sem aflað hefur verið, verði eigi lagðir til grundvallar í málinu, þar sem þar sé á því byggt, að stefnandi missi af föstum launum sínum og af aukatekjum þeim, sem hann hefur haft. Þar sem stefnandi hafi nú tekið við starfi sínu að nýju, beri aðeins að bæta honum

þann missi fastra tekna, sem hann raunverulega hafi orðið fyrir, á meðan hann var frá vinnu, en að því er varðar missi aukatekna, þá sé með öllu óupplýst, að stefnandi verði fyrir nokkru tjóni af þeim sökum. Er því haldið fram, að þótt höfð yrði hliðsjón af eldri örorkutjónsútreikningi K. G. Guðmundssonar um áætlað verðmæti tapaðra aukavinnutekna, þá beri að lækka þá fjárhæð verulega auk lækkunar þeirrar, sem gera beri vegna skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu. Þá er því og haldið fram, að skoða beri útreikning K. G. Guðmundssonar frá 25. marz 1963 endanlegan með tilliti til síðari hækkana á launum, þar sem tjón stefnandans hafi verið gert upp um einum mánuði síðar og hafi stefnandinn með því fengið tjón sitt að fullu bætt. Að því er varðar síðastgreint atriði, þá verður að líta svo á, eins og áður er rakið, að er greiðsla Samvinnutrygginga var innt af hendi, hafi ekki farið fram endanlegt uppgjör á kröfum aðilja málsins og verði nú, eins og málið liggur fyrir og samkvæmt eðli tjóns þess, sem hér er fjallað um, að taka tillit til verðlagsbreytinga, sem orðið hafa.

Er og á það að líta í þessu sambandi, að með lögum nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna höfðu verið gerðar róttækar breytingar á réttarstöðu opinberra starfsmanna. Með dómi Kjaradóms varð síðan breyting á kjörum opinberra starfsmanna, og meðal annars hækkuðu laun stefnanda Jóns Dan verulega. Mál þetta hafði Kjaradómur fengið til meðferðar hinn 24. apríl 1963, eftir að fyrirtöku málsins hafði verið frestað, en áður hafði verið unnið að lausn málsins með samningaumleitunum. Samkvæmt þessu verður útreikningur K. G. Guðmundssonar frá 25. marz 1963 ekki lagður óbreyttur til grundvallar við úrlausn málsins.

Það er ljóst, að þótt stefnandinn Jón Dan Jónsson hafi tekið við starfi sínu sem ríkisféhirðir að nýju, hefur hann hlotið verulega örorku af völdum slyssins, sem skert hefur starfsgetu hans og aflahæfi. Á hann rétt á bótum af þeim sökum. Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 350.000.00. Er þá og tekið tillit til þess, að stefnandi hélt að miklu leyti föstum launum sínum, á meðan hann var frá vinnu vegna slyssins, til verðlagsbreytinga, sem orðið hafa, svo og til þess, að bætur sem þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari.

b. Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnandans verið rakin og lýst varanlegum áverkum af völdum slyssins. Hefur dómarinn

skoðað ytri merki um áverka þessa. Að þessu athuguð þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 150.000.00.

Um 3. Kröfuliður þessi hefur ekki sætt andmælum, að undanskildum kostnaði við útreikninga Þóris Bergssonar tryggingafræðings. Þegar höfð er hliðsjón af kostnaði við síðasta útreikning tryggingafræðingsins, þá þykir mega taka þennan kröfulið til greina að fullu.

Um 4. Af hálfu stefnda hefur kröfulið þessum verið mótmælt. Er því haldið fram, að kostnaður þessi sé innifalinn í málskostnaði, sem dæmdur kunni að verða. Ekki þykja efni til að taka kröfulið þennan til greina. Verður stefndi sýknaður af honum.

Um 5. Af hálfu stefnda hefur þessi kröfuliður ekki sætt andmælum, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Samkvæmt þessu nemur tjón stefnenda kr. 639.072.60 (35.000.00 + 75.000.00 + 350.000.00 + 150.000.00 + 10.572.60 + 18.500.00).

Þótt stefnedur hafi hvort fyrir sig sett fram bótakröfu sína á hendur Samvinnutryggingum, innti félagið greiðslu sína af hendi í einu lagi án nokkurrar sundurliðunar, sem þó hefði verið rétt að gera með hliðsjón af ákvæði 1. mgr. 75. gr. umferðarlaga. Verður því á því að byggja og dæma stefnda til að greiða stefnendum í einu lagi tjón þeirra, eins og það hefur verið metið hér að framan, að frádreginni greiðslu þeirri, sem haldið er fram, að innt hafi verið af hendi upp í höfuðstól bótakröfu stefnenda samkvæmt sundurliðun lögmanns stefnenda, þ. e. kr. 639.072.60 ÷ 404.780.00, eða kr. 234.292.60, en þessari sundurliðun hefur út af fyrir sig ekki verið mótmælt. Verður stefnda gert að greiða 7% ársvexti af þessari fjárhæð frá 1. október 1960 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda gert að greiða stefnendum málskostnað, sem ákveðst kr. 33.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Verzlanasambandið h/f, greiði stefnendum, Halldóru Elíasdóttur og Jóni Dan Jónssyni, kr. 234.292.60 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1960 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 33.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. janúar 1968.

Nr. 53/1967. **Ingólfur Sigurðsson** (Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Brandi Brynjólfssyni (Jón Bjarnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1967 og gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms svo og ákvæða 3. mgr. 11. gr. og 17. gr. laga nr. 93/1933 ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ingólfur Sigurðsson, greiði stefnda, Brandi Brynjólfssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. janúar 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Brandur Brynjólfsson, héraðsdómslögmaður í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 4. júní 1966, á hendur Ingólfi Sigurðssyni, Stóragerði 27 í Reykjavík, til greiðslu víxilskuldar að fjárhæð kr. 30.000.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 23. október 1965,

kr. 557.00 í afsagnar- og stimpilkostnað svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Krafa stefnanda er samkvæmt víxli, útgefnum af Friðþjófi Karlssyni hinn 23. apríl 1964 og samþykktum til greiðslu af Kr. Reyni Jónssyni með prókúruumboði fyrir Aðstoð h/f hinn 23. október 1965 í Iðnaðarbanka Íslands, en á víxli þessum er stefndi Ingólfur ábekingur. Víxillinn var afsagður sökum greiðslufalls hinn 26. október 1965.

Hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, en þangað kærði stefndi notkun víxilsins, skýrði hann svo frá, að hann hefði í aprílmánuði 1964 skrifað nafn sitt á víxilinn sem ábekingur að beiðni Friðþjófs Karlssonar. Hafi víxillinn verið útfylltur að öllu öðru leyti en því, að ekki var ritaður útgáfudagur eða gjalddagi. Hafi tilgangur með ritun víxilsins verið sá að nota andvirði hans til að standa straum af ferð Friðþjófs og Kristins Reynis Jónssonar á kaupstefnu erlendis. Af þeirri ferð varð þó eigi og hafi verið svo um talað með þeim félögum, að víxillinn skyldi eyðilagður og ekki notaður á neinn annan hátt. Kvaðst stefndi margoft hafa krafið Kristin Reyni um að afhenda sér víxilinn, sem var í hans vörzlum, en Kristinn Reynir hafi jafnan haft einhver undanbrögð með að skila víxlinum. Hafi stefndi síðan ekki vitað, hvar víxillinn var niður kominn fyrr en síðla sumars 1965, en þá hafi stefnandi hringt í hann og krafið hann um greiðslu á víxlinum. Er hann hafi komið í skrifstofu stefnanda, hafi hann sagt honum, hvernig ástatt væri um víxilinn, en stefnandi hafi spurt, hvort hann og Friðþjófur, sem var í fylgd með stefnda, væru komnir til að greiða víxilinn. Er stefndi hafi séð víxilinn, var hann útfylltur með gjalddaga 23. október 1965. Hafi hann þá tekið víxilinn í sínar vörzlur án samþykkis stefnanda og haft á brott með sér. Hafi hann síðan kært meðferð á víxlinum til rannsóknarlögreglunnar.

Friðþjófur Karlsson skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglunni, að hann hefði starfað hjá Kristni Reyni um vorið 1964, en Kristinn Reynir hafi þá rekið fyrirtækið Aðstoð. Um skeið hafi til mála komið, að hann gerðist meðeigandi í fyrirtækinu, en ekki varð úr. Hafi um þetta leyti staðið til, að hann og Kristinn Reynir færu saman til útlanda í þágu fyrirtækisins. Af því tilefni hafi umræddur víxill verið ritaður, en hann hafi fengið stefnda til að gerast ábekingur á víxlinum. Áður en til þess hafi komið, að

víxill var seldur, hættu þeir félagar við ferðina. Samkvæmt samkomulagi þeirra félaga allra hafi Kristni Reyni þá borið að eyðileggja víxilinn. Hafi hann síðan ekkert vitað um víxilinn, fyrr en stefnandi hafi krafið sig og stefnda um greiðslu á víxlinum.

Kristinn Reynir Jónsson skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglunni, að víxillinn hefði verið ritaður á þeim forsendum, að fé það, er fyrir hann fengist, yrði notað í sambandi við fyrirhugaða utanför hans og Friðþjófs, en þegar af henni hafi ekki orðið, hafi hann átt að eyðileggja víxilinn. Það hafi þó lent í undandrætti, að hann eyðilegði víxilinn eða skilaði honum til stefnda. Í ágústmánuði 1965 hafi hann verið í fjárþröng og hafi hann þá gripið til víxilsins með því að greiða stefnanda með honum víxilskuld og aðrar smáskuldir, sem hann hafi verið í við stefnanda. Þær skuldir hafi þó ekki verið jafnháar víxilfjárhæðinni og hafi stefnandi greitt mismuninn í peningum. Hann kvaðst hafa ritað gjalddaga á víxilinn, 23. október 1965, áður en hann hafi selt stefnanda víxilinn. Hann kvað stefnanda hafa spurt sig, hvers vegna stefndi hefði skrifað nafn sitt á víxilinn, og kvaðst hann hafa sagt stefnanda, að andvirðið hefði átt að nota til utanfarar. Hann kvaðst ekki muna, hvort stefnandi hefði spurt um það, hvort hann hefði heimild til þess að ráðstafa víxlinum, en hafi svo verið, þá hafi hann áreiðanlega sagt honum, að svo væri. Hann kvaðst hafa vænzt þess að geta greitt víxilskuldina í tæka tíð, en úr því hafi ekki orðið.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni skýrði stefnandi svo frá, að Kristinn Reynir hefði selt sér umræddan víxil. Um leið hefði Kristinn Reynir greitt honum víxilskuld að fjárhæð kr. 6.000.00 að viðbættum kostnaði, en aðrar skuldir hafi hann ekki greitt í það sinn. Hafi hann því greitt Kristni Reyni meginhluta umrædds víxils með peningum. Kvað stefnandi sér ekki hafa verið annað kunnugt en að allt væri í lagi með víxilinn og að Kristni Reyni hafi verið fyllilega heimilt að ráðstafa víxlinum. Hafi hann og þekkt stefnda að því að standa vel fyrir sínum skuldum. Hann kvaðst skömmu síðar hafa átt símsamtal við stefnda og skýrt honum frá því, að hann ætti 30.000.00 króna víxil, sem stefndi væri ábyrgðarmaður á. Hafi stefndi viðurkennt það, en gert þá athugasemd, að víxli þessum hafi Kristinn Reynir átt að vera búinn að skila, þar sem hann hafi átt að notast vegna utanfarar, en sú ferð hafi aldrei verið farin. Tveim dögum síðar hafi stefndi hringt og spurt, hvort hann og Friðþjófur mættu koma og ræða

við sig. Er þeir hafi komið, kvaðst hann hafa spurt þá, hvort þeir væru komnir til að greiða víxilinn. Hafi þeir ekkert út á það gefið, en stefndi hafi óskað eftir að fá að sjá víxilinn. Er stefndi hafi fengið víxilinn í hendur, hafi hann sagzt eiga víxilinn og hafi hann stungið honum í vasa sinn. Hafi hann ekki viljað skila víxlinum til baka þrátt fyrir tilmæli og hafi hann haft hann á brott með sér. Ástæðuna fyrir því, að stefnandi hafi krafið stefnda og Friðþjóf um greiðslu víxilsins fyrir gjalddaga, kvað stefnandi hafa verið þá, að hann hafi komizt að því, að firmað Aðstoð h/f hafi ekki verið til, og að Kristinn Reynir var gjaldþrota.

Kristinn Reynir sætti ákæru vegna meðferðar sinnar á umræddum víxli, en stefnandi fékk víxilinn í hendur með úrskurði fógetadóms.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu alfarið á víxlinum. Mótmælir hann því eindregið að hafa vitað, þá er hann keypti víxilinn, að Kristinn Reynir hefði ekki haft heimild til að ráðstafa honum. Víxillinn hafi á engan hátt borið slíkt með sér og hafi hann ekki sýnt af sér neitt það gáleysi við kaupin, sem leiða á til missis réttar síns samkvæmt víxlinum.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki verið grandlaus um meðferð Kristins Reynis á víxlinum, eða að minnsta kosti hafi hann sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að kynna sér ekki heimild hans til að selja víxilinn. Þá bendir stefndi á það, að samkvæmt upplýsingum Iðnaðarbanka Íslands hafi umræddur víxill ekki verið til staðar í þeim banka á gjalddaga víxilsins. Af þeim sökum hafi stefndi eigi getað greitt hann í þeim banka, þótt hann hefði haft hug á því. Af sömu ástæðu hefur afsögn eigi getað farið þar fram.

Gegn eindregnum mótmælum stefnanda er ósannað, að hann hafi vitað, þá er hann fékk víxilinn, hver meðferð Kristins Reynis var á víxlinum. Heldur ekki þykir hann hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í því sambandi. Verður því samkvæmt 10. gr. víxillaga nr. 93/1933 krafa stefnda, að því leyti sem hún er á þeim atriðum byggð, eigi tekin til greina.

Samkvæmt afsagnargerð borgarfógetaembættisins í Reykjavík, sem fylgir víxlinum í málinu, fór afsögn hans fram í afgreiðslustofu Iðnaðarbankans hinn 26. október 1965. Og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með eyðuframsali til sín, ber að taka til greina kröfur hans í málinu að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 7.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ingólfur Sigurðsson, greiði stefnanda, Brandi Brynjólfssyni, kr. 30.000.00 með 12% ársvöxtum frá 23. október 1965 til greiðsludags, kr. 557.00 í afsagnar- og stimpilkostnað og kr. 7.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. janúar 1968.

Nr. 20/1967. **Friðþjófur Ó. Jóhannesson**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Stefáni Franklín og gagnsök
(Hörður Ólafsson hrl).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun. Vanreifun. Sjó- og verzlunardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 17. febrúar 1967, gerir þær kröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 68.746.43 með 7% ársvöxtum frá 8. marz 1962 til greiðsludags, kr. 9.300.00 í málskostnað í héraði svo og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í héraðsstefnu byggir gagnáfrýjandi kröfur sínar á því, að hann hafi hinn 8. marz 1962 selt aðaláfrýjanda 20.700 kg af frystri loðnu fyrir samtals kr. 81.844.00. Loðnuna hafi hann sama dag sent aðaláfrýjanda með skipi frá Reykjavík til Patreksfjarðar og greitt farmgjald og fermingarkostnað, samtals kr. 10.084.80. Hinn 10. janúar 1963 hafi aðaláfrýjandi ritað honum bréf, þar sem segir: „Þegar að loðnuvertíð líður, mundu þá eftir að ráðstafa þeim ca. 16 lestum, sem þú átt hér". Kveðst gagnáfrýjandi þá hafa selt nafngreindum

manni á Patreksfirði það loðnumagn, sem var í vörzlum aðaláfrýjanda, en það hafi reynzt aðeins 930 kg. Krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda nú um verð loðnunnar svo og farmgjald og fermingarkostnað, samtals kr. 91.938.80, að frádregnum kr. 19.439.87, sem aðaláfrýjandi hafi greitt vegna hans, og andvirði fyrrgreindra 930 kg af loðnu, kr. 3.673.50, eða alls kr. 68.746.43.

Aðaláfrýjandi sótti ekki þing í héraði. Hér fyrir dómi hefur komið fram skýrsla frá honum, þar sem hann lýsir því, að hann hafi hvorki keypt loðnu þessa af gagnáfrýjanda né tekið að sér geymslu hennar. Hins vegar muni hlutafélag eitt á Patreksfirði hafa tekið að sér geymslu loðnu þessarar fyrir gagnáfrýjanda.

Fyrir héraðsdómi kom hvorki fram skýrsla gagnáfrýjanda um viðskipti þessi né skýring á því, með hvaða heimild hann teldi sig hafa selt þriðja aðilja hluta af vörum þessum, eftir að hann taldi sig hafa selt aðaláfrýjanda þær allar.

Málatilbúnaður og málsreifan af hendi gagnáfrýjanda var af framangreindum ástæðum svo áfátt, að héraðsdómari mátti eigi taka málið til úrlausnar að efni til.

Af gögnum málsins má ráða, að aðiljar báðir reka útgerð og verzlunarviðskipti. Mál þetta hefur verið rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, en samkvæmt ákvæðum 200. gr. laga nr. 85/1936 skal reka fyrir sjó- og verzlunardómi mál um efni slík, sem hér um ræðir.

Með tilvísun til framanritaðs verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. marz 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. marz s.l., hefur Stefán Franklín, Hamarshúsinu, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu,

birtri 5. febrúar 1966, gegn Friðþjófi Ó. Jóhannessyni, Urðargötu 2, Patreksfirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 68.825.43 með 7% ársvöxtum frá 8. marz 1962 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Hina umstefnu skuld kveður stefnandi vera þannig til komna, að samkvæmt reikningi, dags. 8/3 '62, að fjárhæð kr. 91.938.80, hafi stefndi keypt af stefnanda loðnu, samtals 20.720 kg. á kr. 3.85 pr. kg., eða kr. 81.844.00 að viðbættu flutningsgjaldi, kr. 8.288.00, og útskipunar- og vörugjaldi, kr. 1.806.80. Frá skuldinni kveður stefnandi, að eigi að dragast kr. 19.439.37 og 3.673.50. Standi þá eftir stefnufjárhæðin.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 9.300.00.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Friðþjófur Ó. Jóhannesson, greiði stefnanda, Stefáni Franklín, kr. 68.825.43 með 7% ársvöxtum frá 8. marz 1962 til greiðsludags og kr. 9.300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. janúar 1968.

Nr. 28/1967. **Kjartan Blöndal** (Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Jóni Þór Ólafssyni (Agnar Gústafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skuldamál. Kröfuframsal.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1967 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi keypti hinn 4. marz 1959 bifreiðina R 5910 af Ásgeiri Karlssyni. Samstundis og á staðnum keypti Ásgeir Karlsson bifreiðina R 7198 af stefnda. Áfrýjandi innti af hendi m. a. upp í andvirði bifreiðarinnar R 5910 tvo „víxla", hvorn að fjárhæð kr. 15.000.00, sem Svavar Sigurðsson hafði samþykkt, en „víxlarnir" voru þá óútgefnir. Voru „víxlar" þessir látnir renna beint til stefnda til lúkningar á andvirði bifreiðarinnar R 7198. Gögn málsins bera greinilega með sér, að hvorki Ásgeir Karlsson né réttartaki hans, stefndi, hafi tekið við nefndum „víxlum" á hendur Svavari Sigurðssyni sem fullnaðargreiðslu á kröfum sínum vegna kaupanna án tillits til greiðslugetu Svavars. Eðlilegastur skilningur á framkomu Ásgeirs Karlssonar fyrr og síðar er sá, að hann hafi í verki framselt stefnda kröfur sínar á hendur áfrýjanda vegna þess, að „víxlarnir" kynnu að reynast óinnheimtanlegir. Þykir mega leggja dóm á þessar málsástæður, þótt umboðsmenn aðilja hafi eigi haft þær uppi í málflutningi, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem Svavar Sigurðsson hefur eigi

reynzt borgunarmaður fyrir „víxlunum“, hefur áfrýjandi enn eigi staðið að sama skapi skil á því andvirði bifreiðarinnar R 5910, sem renna átti beint til stefnda til lúkningar á viðskiptum hans og Ásgeirs Karlssonar.

Niðurstaða þess, sem rakið var, er sú, að staðfesta ber héraðsdóminn.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kjartan Blöndal, greiði stefnda, Jóni Þór Ólafssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. janúar 1967.

Aðiljar og dómkröfur. Stefnandi máls þessa er Jón Þór Ólafsson framreiðslumaður, Álfheimum 30 hér í borginni. Stefndi er Kjartan Blöndal framkvæmdastjóri, Otrateigi 24. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 30.000.00 auk 6% vaxta p. a. af kr. 15.000.00 frá 20. apríl 1959 til 15. maí sama ár, en af kr. 30.000.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 10% vaxta p. a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til 29. desember 1960 og 9% vaxta p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Rekstur málsins. Mál þetta er höfðað með sáttakæru, er birt var 16. desember 1961. Stefna var birt 28. febrúar 1962. Málið var þingfest 1. marz það ár. Það kom síðan fyrir 47 sinnum, síðast 14. október 1965, og var gagnaöflun lýst lokið þann dag. Á þremur af þeim þingum, sem hér um ræðir, voru gefnar munnlegar skýrslur um málavexti. Næst kom málið fyrir 19. september 1966, og skyldi þá fara fram munnlegur flutningur. Úr því varð ekki, en vitni gaf skýrslu á þingi þessu. Hinn 22. september var málið tekið fyrir og ákveðið, að frekari gagnaöflun skyldi fara fram. Þingað var í málinu 18. október, 25. október og 27. október og því þá lýst yfir aftur, að gagnaöflun væri lokið. Málið var

munnlega flutt og dómtekið 1. nóvember, en daginn eftir var kveðinn upp úrskurður og aðiljum gefinn kostur á enn frekari gagnaöflun. Eftir það hefur verið þingað 7 sinnum í málinu. Á þingi, sem háð var 19. desember, var málið munnlega flutt og dómtekið. Alls hefur mál þetta því verið tekið fyrir 62 sinnum á bæjarþingi að þinghaldinu í dag meðtöldu.

Málavöxtum lýsir stefnandi þannig, að 4. marz 1959 hafi hann selt manni, sem Ásgeir Karlsson heitir, bifreiðina R 7198. Kaupverðið kveður hann Ásgeir hafa greitt, meðal annars með tveimur víxlum, sem hvor um sig var kr. 15.000.00 að fjárhæð. Samþykkjandi var maður að nafni Svavar Sigurðsson, en víxlarnir voru ekki útgefnir. Stefnandi skýrir svo frá, að fyrrnefndur Ásgeir Karlsson hafi selt stefnda í máli þessu bifreiðina R 5910, um leið og Ásgeir keypti af stefnanda. Skýrir stefnandi svo frá, að stefndi hafi greitt Ásgeiri með víxlunum tveimur og hafi afhending þeirra farið fram beint frá stefnda til stefnanda. Stefnandi kveðst hafa beðið stefnda að skrifa á víxlana sem ábyrgðarmann, en hann kveður stefnda hafa sagt, að það væri alveg óþarfi, þar sem samþykkjandinn væri „gulltryggur maður". Stefnandi kveðst síðar hafa komizt á snoðir um, að stefnda hafi verið vel um það kunnugt, að samþykkjandinn var algerlega eignalaus maður og ógjaldfær, enda hafi hvorugur víxillinn fengizt greiddur. Í málinu hefur verið lagður fram dómur þessa bæjarþings í máli nr. 179/1959, en með honum er Svavar Sigurðsson dæmdur til að greiða Jóni Þór Ólafssyni víxil pr. 20. apríl 1959 að fjárhæð kr. 15.000.00 auk vaxta og málskostnaðar. Dómur þessi hefur verið birtur Svavari. Þá hefur verið lagður fram í málinu víxill að fjárhæð kr. 15.000.00 pr. 25. maí 1959, samþykktur af Svavari Sigurðssyni. Stefnandi skýrir svo frá, að Svavar hafi ekkert greitt sér og hafi verið gert fjárnám hjá honum á grundvelli dómsins í máli nr. 179/1959, en það hafi reynzt árangurslaust.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi ekki verið beðinn að árita áðurnefnda víxla, sem hann kveðst hafa afhent Ásgeiri Karlssyni sem hluta af greiðslu fyrir bifreiðina R 5910. Stefndi neitar því, að honum hafi á þessum tíma verið um það kunnugt, að Svavar Sigurðsson væri ógjaldfær.

Reynt hefur verið að fá sem gleggstar upplýsingar um það, er gerðist 4. marz 1959, svo og um samskipti stefnda og Svavars Sigurðssonar fyrir þann tíma. Sem fyrr greinir voru þrívegis gefnar munnlegar skýrslur um málavexti, áður en gagnaöflun var lýst lokið í fyrsta skipti. Þessar skýrslur voru gefnar 13. marz

og 25. október 1963 og 11. febrúar 1964. Aðrar skýrslur, sem fengizt hafa, hafa verið gefnar á þessum vetri, þ. e. rúmlega 7½ ári eftir að viðskipti þau fóru fram, sem málið er risið af.

Bifreiðaviðskiptin, sem áður voru nefnd, voru gerð í bifreiðasölunni Vagninum, er þá var starfrækt hér í borginni. Forstöðumaður hennar var Kristinn Finnbogason, búsettur að Úthlíð 16. Kristinn undirritaði ásamt Ásgeiri Karlssyni vottorð, sem dagsett er 7. marz 1962. Meginmál vottorðs þessa er þannig:

„Við undirritaðir, sem vorum viðstaddir, þegar hr. Kjartan Blöndal og hr. Jón Þór Ólafsson áttu orðaskipti út af víxlum þeim, sem Jón Þór Ólafsson fékk, vottum, að Kjartan Blöndal lýsti því yfir, að samþykkjandi nefndra víxla væri gulltryggur maður og væri því óþarfi að skrifa uppá þá. Þessi orð sagði Kjartan margoft, og erum við reiðubúnir að votta það með eiði".

Kristinn hefur þrívegis gefið skýrslu á bæjarþingi. Hinn 25. október 1963 staðfesti hann vottorðið. Hann sagði, að viðskiptin hefðu verið rædd fram og aftur, áður en endanlega var frá þeim gengið. Ekki nefndi hann, að aðrir hefðu verið viðstaddir en þeir þrír menn, er að viðskiptunum áttu hlut, og hann sjálfur. Kristinn sagði, að stefndi hefði tekið fram, að hann hefði áður átt viðskipti við Svavar Sigurðsson, svo og það, sem áður er um getið, að öruggt væri, að víxlarnir yrðu greiddir. Enn fremur sagði Kristinn, að stefndi hefði afhent stefnanda víxlana beint, er viðskiptin voru gerð í bifreiðasölunni. Kristinn vann eið að framburði sínum 25. október 1963. Hann gaf næst skýrslu á bæjarþingi 5. fyrra mánaðar. Vegna tilefnis, sem gefizt hafði skömmu áður, var hann spurður, hvort haldnir hefðu verið tveir fundir um viðskiptin 4. marz 1959. Hann kvaðst eigi muna það, en hafa margreynt að ná tali af Svavari Sigurðssyni þennan dag, en án árangurs. Hins vegar sagðist Kristinn hafa náð tali af Svavari einum eða tveimur dögum síðar. Hefði Svavar þá sagzt hafa samþykkt víxlana tvo, en jafnframt tekið fram, að þeir hefðu verið teknir „ófrjálsri hendi í þessi viðskipti" og verið ætlaðir til annars. Kristinn kvað Svavar hafa lýst því yfir í samtalinu við sig, að hann mundi ekki borga víxlana. Síðustu skýrslu sína gaf Kristinn Finnbogason á bæjarþingi 15. desember s.l., en þá fór fram samprófun þeirra stefnda. Kristinn sagði, að hann myndi örugglega, að hann hefði beðið stefnda að skrifa á víxlana sem ábyrgðarmann, en stefndi hefði neitað því og sagt, að víxlarnir væru „gulltryggir".

Áðurnefndur Ásgeir Karlsson undirskrifaði með Kristni Finn-

bogasyni vottorð það, sem tekið er upp hér að framan. Ásgeir kom fyrir dóm 11. febrúar 1964 og staðfesti vottorðið. Hann sagði, að á bifreiðasölunni hefði mikið verið talað um víxlana tvo og hefði verið farið fram á það við stefnda, að hann skrifaði á víxlana, en hann sagt, að samþykkjandinn væri gulltryggur maður. Hann kvað stefnanda hafa tekið við víxlunum beint úr hendi stefnda. Ásgeir vann drengskaparheit að framburði sínum. Ítrekaðar tilraunir hafa verið gerðar að undanförnu til að fá Ásgeir Karlsson til að gefa frekari skýrslu á bæjarþingi, en þær tilraunir hafa engan árangur borið.

Þess er áður getið, að stefndi neitar því að hafa verið beðinn að gerast ábyrgðarmaður víxlanna. Hefur hann ítrekað þetta atriði margsinnis. Á bæjarþingi 13. marz 1963 neitaði stefndi því, að sér hefði verið kunnugt um það 4. marz 1959, að viðskipti sín við Ásgeir Karlsson væru tengd sölu stefnanda á bifreið hans, enda hefðu viðskiptin ekki farið fram í sama herbergi. Hins vegar sagðist stefndi hafa hitt stefnanda í móttökuherbergi í bifreiðasölunni, en ekki minnast þess, að hann hefði rætt bifreiðaviðskiptin við hann, þó að þeir hafi átt einhver orðaskipti. Stefndi kvað vottorð þeirra Kristins Finnbogasonar og Ásgeirs Karlssonar rangt. Næst gaf stefndi skýrslu á bæjarþingi 25. október s.l. Hann sagði þá, að það væri rétt, að Kristinn og stefnandi hefðu tekið sér frest til að kanna greiðslugetu Svavars Sigurðssonar. Loks gaf stefndi skýrslu 15. desember s.l. Þegar hann og Kristinn Finnbogason voru samprófaðir, ítrekaði hann enn fyrri frásögn um, að hann hefði ekki verið beðinn að skrifa á víxlana og að hann hefði ekkert um greiðslugetu Svavars Sigurðssonar sagt.

Hinn 19. september s.l. gaf Bjarni Pálmarsson hljóðfærasmiður vitnaskýrslu á bæjarþinginu. Kvaðst hann hafa farið með Ásgeiri Karlssyni til Kristins Finnbogasonar vegna viðskipta, sem stefndi átti hlut að. Ekki mundi Bjarni, hvort stefnandi var á bifreiðasölunni. Í þessari skýrslu kom það fram í fyrsta sinn, að þeir, sem hlut áttu að viðskiptunum, hefðu hitzt tvívegis þennan dag. Bjarni kvað Kristin hafa spurt stefnda, hvort hann vildi skrifa á víxlana, og sagði, að það hefði stefndi ekki viljað gera. Þá hefði Kristinn sagt, að hann þyrfti að athuga samþykkjandann betur, þess vegna hafi því verið skotið á frest að ganga frá viðskiptunum, en annar fundur verið haldinn síðdegis. Ekki sagðist Bjarni Pálmarsson muna eftir neinum sérstökum ummælum stefnda um greiðslugetu samþykkjanda víxlanna.

Um skýrslu stefnanda um það, er fram fór 4. marz 1959, er áður getið. Stefnandi kom fyrir dóm 13. marz 1959. Hann kvaðst ekki hafa óskað þess við Ásgeir Karlsson, að hann gæfi víxlana út, og ekki hafa krafið hann um bætur eða andvirði eftir gjalddaga þeirra.

Hér að framan hefur verið rakið það, er máli þykir skipta um viðskiptin 4. marz 1959 og fram hefur komið. Verður þá að víkja að því, sem vitað er um viðskipti stefnda og Svavars Sigurðssonar fyrir þennan dag.

Stefndi keypti leyfisbréf til heildsöluverzlunar 28. nóvember 1956, og um það leyti, er atvik máls þessa gerðust, flutti hann inn vörur, þótt eigi sé ljóst, hvort það hefur verið í verulegum mæli. Fram er komið, að hann flutti inn nælonsokka frá Ísrael síðla árs 1958. Fyrir dómi hefur stefndi lýst yfir, að hann hafi ekki haft bókhald.

Svavar Sigurðsson mun um þessar mundir hafa verið sölumaður. Hefur hann skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi tekið að selja vörur fyrir ýmsa aðilja 1956—1957, en áður hafi hann selt fyrir tiltekna verksmiðju. Hann kvaðst hafa selt sokka fyrir Kjartan Blöndal, stefnda í máli þessu, en aldrei nema í smáum stíl. Eigi kvaðst Svavar muna, hvenær hann seldi fyrst fyrir stefnda. Hann kvaðst aldrei hafa keypt sokka af honum. Ekki sagðist Svavar hafa verzlunarleyfi og ekki hafa fært bókhald eða bók yfir pantanir.

Það, sem nú hefur verið rakið eftir Svavari Sigurðssyni, kom fram í skýrslum, er hann gaf á bæjarþingi 18. október og 21. nóvember s.l. Um víxla þá, sem margnefndir hafa verið, sagði Svavar í þessum sömu skýrslum, að stefndi hefði fengið sig til að samþykkja þá á þeim forsendum, að stefndi mundi selja víxlana í Búnaðarbanka Íslands og þeir síðan nota andvirðið til að gera innkaup á sokkum. Kvað Svavar birgðir þær, er stefndi hafði, ekki hafa verið nægar, til að unnt væri að anna eftirspurn, og því hefði hann viljað eiga hlut að því, að birgðirnar væru auknar, enda hefði hann átt að fá aukinn ágóða með þessu móti.

Stefndi sagði á bæjarþingi 25. október s.l., að víxlarnir hefðu verið greiðsla fyrir sokka, sem Svavar hefði fengið hjá sér. Kvað hann rangt, að víxlarnir hefðu verið samþykktir í því skyni að útvega fé til vörukaupa fyrir félagsskap þeirra Svavars. Hann sagði Svavar hafa selt sokkana og hafa fengið andvirðið. Þessa skýrslu ítrekaði stefndi á bæjarþingi 25. nóvember s.l. Ekki kvaðst hann hafa fundið afrit af reikningum til Svavars.

Þess er áður getið, sem Svavar Sigurðsson sagði 18. október og 21. nóvember s.l. um störf sín fyrir stefnda. Þess er og að geta, að hann kvaðst hafa fengið upphringingu frá bílasölu og hefði sá, er hringdi, sem Svavar sagði, að sig minnti, að hefði verið Kristinn Finnbogason, spurt sig, hvort hann hefði samþykkt tvo tiltekna víxla. Svavar sagðist hafa játað því, en jafnframt hafa tekið fram, að þeir hefðu verið ætlaðir til sölu í banka. Sagðist hann hafa mótmælt því, að víxlarnir væru notaðir í bílaviðskiptum. „Hann kveður bílasalann hafa svarað því til" segir í bókun 18. október, „að víxlar væru víxlar og að lokum hafi bílasalinn lagt símtólið á. Vitnið kveðst þennan dag og næsta dag hafa reynt að ná tali af Kjartani Blöndal, en án árangurs, en síðan hafa hætt því og ekki sinnt víxlunum á gjalddögum þeirra. Engar kærur kveðst vitnið hafa borið fram vegna víxlanna".

Á bæjarþingi 15. desember s.l. kvaðst Svavar Sigurðsson telja, að hann hefði samþykkt víxlana 4. marz 1959, þótt hann gæti ekki fullyrt það. Kvað hann sig minna, að Kristinn Finnbogason hefði hringt til sín daginn eftir, eða a. m. k. skömmu síðar. Ekki sagðist Svavar muna, hvort útgáfudagur var skrifaður á víxlana, þegar hann samþykkti þá. Stefndi sagðist ekki geta fullyrt, hvenær Svavar samþykkti víxlana, en það hefði verið um svipað leyti og hann veitti honum peningalán, þ. e. í febrúarbyrjun 1959, svo sem síðar kemur fram. Stefndi kvaðst telja, að enginn útgáfudagur hefði staðið á víxlunum, þegar þeir voru samþykktir, og ekki kvaðst hann hafa ritað útgáfudag á þá.

Í skýrslu sinni 18. október sagði Svavar Sigurðsson enn fremur, að stefnda hefði verið kunnugt um, að fjárhagsástæður hans væru mjög bágar í marz 1959, enda hefði hann oft heimsótt sig. Þessu neitaði stefndi, þegar hann kom fyrir dóm á bæjarþinginu 25. október. Tók hann fram, að hann mundi ekki hafa tekið við víxlunum, ef hann hefði vitað, að Svavar var ógjaldfær. Stefndi sagði, að hann hefði ekki fyrr en þetta sinn selt Svavari vörur gegn víxlum, þó að þeir hefðu áður rætt saman um viðskipti. Ekki sagðist hann hafa kynnt sér fjárhag Svavars, áður en hann tók við víxlunum.

Þegar stefndi kom fyrir dóm 13. marz 1963, var m. a. bókað: „Aðspurður segist mætti ekki hafa átt aðrar kröfur á Svavar Sigurðsson en víxla þessa, hvorki á undan né eftir".

Þegar stefndi kom fyrir dóm á bæjarþingi 25. nóvember s.l., skýrði hann hins vegar að gefnu tilefni frá lögmanni stefnanda,

Agnari Gústafssyni hæstaréttarlögmanni, svo frá, að hann hefði kært Svavar Sigurðsson vegna tékka, sem innstæða var eigi fyrir. Um þetta atriði var síðan aflað gagna, og kom þá fram það, er nú skal rakið í stuttu máli: Hinn 8. maí 1959 kom Kjartan Blöndal til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík og óskaði aðstoðar hennar til að fá greiddar kr. 22.500.00, sem hann kvaðst hafa lánað Svavari Sigurðssyni 3. febrúar 1959. Jafnframt sagðist hann hafa fengið hjá Svavari tékka á hlaupareikning í Búnaðarbanka Íslands að fjárhæð kr. 22.500.00. 15. maí kom Svavar á skrifstofu lögreglunnar vegna máls þessa. Honum var sýndur tékkinn, og kannaðist hann við að hafa gefið hann út. Svavar sagðist hafa fengið 22.500.00 kr. lánaðar hjá Kjartani í september eða október 1958 og jafnframt hafa látið hann fá tékka fyrir sömu upphæð. Að ósk Kjartans kvaðst hann hafa skrifað sömu upphæð. Að ósk Kjartans kvaðst hann hafa skrifað nýja ávísun 3. febrúar 1959. Hann sagði, að Kjartani hefði verið kunnugt um, að innstæða var ekki fyrir hendi, svo að tékkinn hefði verið „aðeins skuldarviðurkenning". Hann sagðist alls ekki hafa lofað að hafa innstæðu fyrir henni fáum dögum eftir útgáfuna. Í viðtali við rannsóknarlögreglumann síðar ítrekaði stefndi í máli þessu, að tékki sá, sem hér um ræðir, hefði verið gefinn út 3. febrúar vegna láns, sem þá hefði verið veitt. Hið sama sagði hann á bæjarþingi 15. desember s.l. Á því þingi gaf Svavar skýrslu, og þykir rétt að taka orðrétt upp úr henni eftirfarandi, sem bókað var, eftir að Svavari hafði verið sýnt ljósrit tékkans, sem út var gefinn 3. febrúar 1959:

„Svavar segir tékkann hafa verið gefinn út til tryggingar vörum, sem hann var að selja og hafði fengið afhentar frá stefnda. Hann kveðst hafa haft umboð til að afhenda vöruna og kveðst hafa fengið vörur til þess. Svavar er spurður, hvort dæmi hafi verið um, að hann hafi einungis safnað pöntunum fyrir stefnda, sem síðan hafi sjálfur afhent vöruna. Svavar kveðst ekki muna það nákvæmlega, en hann hafi afhent Kjartani víxla og peninga, sem vörurnar voru greiddar með. Tékkinn hafi verið gefinn út, þar sem þeir hafi lítið þekkzt. Svavar kveðst ekki muna, hvenær hann tók við vörum til sölu fyrir stefnda í fyrsta sinn. ... Hann ítrekar, að viðskipti þeirra hafi hafizt fyrir febrúar 1959".

Á tékka þann, sem hér um ræðir, er stimplað, að hann hafi verið sýndur 28. febrúar 1959 kl. 1100 í bankanum, en innstæða hafi þá ekki verið næg á hlaupareikningnum. Á bæjarþingi 15.

desember s.l. kvað stefndi rétt, að hann hefði vitað 3. febrúar 1959, að innstæða var þá ekki fyrir tékkanum. Svo fór, að mál Svavars vegna tékkans var tekið fyrir í sakadómi 6. ágúst 1959, og þar samþykkti hann að greiða 2.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs vegna brots á 261. gr. almennra hegningarlaga auk sakarkostnaðar og tékkafjárhæðarinnar, allt fyrir 1. október þess árs. Með úrskurði, sem kveðinn var upp í skiptarétti Reykjavíkur 26. október 1962, var bú Svavars Sigurðssonar tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota. Gjaldþrotameðferð var felld niður 28. júní 1963. Lýst var kröfum að upphæð kr. 78.040.13, en engar eignir voru í búinu.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnda hafi bersýnilega verið ljóst eða mátt vera ljóst, að fjárhagur Svavars Sigurðssonar hafi verið mjög bágborinn vorið 1959. Engu að síður hafi hann lýst því yfir, að Svavar væri „gulltryggur maður," og stefnandi því tekið við áðurnefndum víxlum frá honum og hafi stefndi því bakað stefnanda tjón. Er talið af hálfu stefnanda, að stefndi hafi beitt svikum og vegna þess eigi stefnandi kröfu þá, sem um er fjallað í málinu. Er til stuðnings því vísað til 30. gr. laga nr. 7/1936.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekkert réttarsamband hafi stofnazt milli aðilja málsins hinn 4. marz 1959. Þeir hafi ekki átt viðskipti um bifreiðar og ekkert annað gerzt, sem slíkt samband hafi skapað. Beri því að sýkna stefnda þegar af þeirri ástæðu, að hann eigi ekki aðild í málinu.

Þá er sýknukrafa stefnda einnig rökstudd með þeim hætti, að engum svikum hafi verið beitt. Því er haldið fram, að stefnandi og aðrir, sem stóðu að bílaviðskiptunum 4. marz 1959, hafi átt þess kost að kanna greiðslugetu Svavars Sigurðssonar og að það hafi verið gert. M. a. hafi Kristinn Finnbogason, sem verið hafi trúnaðarmaður stefnanda, og raunar fleiri við viðskiptin tekið sér sérstakan frest í þessu skyni. Þá er því haldið fram, að sú staðreynd, að stefndi áritaði ekki víxlana, sýni, að hann sé ekki ábyrgur fyrir greiðslu þeirra. Vísað er til framburðar stefnda um, að hann hafi hvorki vitað um fjárhagslegar ástæður Svavars Sigurðssonar né sagt neitt um greiðslugetu hans. Jafnframt er því haldið fram, að það skapi ekki bótaábyrgð, þótt stefndi hefði viðhaft ummæli þau, sem eftir honum eru höfð af stefnanda og tveim vitnum, að Svavar Sigurðsson væri „gulltryggur maður".

Slík ummæli séu yfirleitt engin ákvörðunarástæða um viðskipti, sízt í þessu tilviki, þar sem upplýst sé um sérstakar aðgerðir til að kanna ástæður samþykkjandans.

Til vara er því haldið fram, að ósannað sé í málinu, hvert tjón stefnanda hafi orðið af, að víxlarnir fengust ekki greiddir. Sé ljóst, að verð bifreiða í viðskiptum eins og þeim, sem fram fóru 4. marz 1959, ráðist m. a. af því, hvort víxlar séu hluti greiðslu.

Niðurstaða.

Aðiljar máls þessa gerðu ekki með sér samning um kaup og sölu bifreiða 4. marz 1959. Ef fallizt verður á kröfu stefnanda, hlýtur það þess vegna að byggjast á almennum reglum um skaðabætur utan samninga.

Telja verður sannað með framburðum Kristins Finnbogasonar og Ásgeirs Karlssonar, sem að þessu leyti fá stuðning í framburði stefnanda sjálfs og þeirri óumdeildu staðreynd, að báðir málsaðiljar áttu hlut að bifreiðaviðskiptum hjá sömu bifreiðasölu sama dag (4. marz 1959) og við sama mann (Ásgeir Karlsson), að stefnda hafi verið kunnugt um, að víxlar þeir, sem um ræðir í máli þessu, voru afhentir stefnanda.

Að þessu athuguðu þykir þurfa að taka afstöðu til, hvort stefnda hafi verið ljóst, þegar hann afhenti víxlana, að þeir væru lítils eða einskis virði, þar sem samþykkjandi þeirra, Svavar Sigurðsson, sem var eini víxlaskuldarinn, væri ógjaldfær. Telja verður nægilega sannað, að svo hafi verið, og byggist það á þremur ástæðum:

1. Stefndi hafði 3. febrúar 1959 fengið tékka að fjárhæð kr. 22.500.00 hjá Svavari Sigurðssyni. Við sýningu í banka 28. febrúar reyndist ekki vera næg innstæða fyrir tékkanum.

2. Svavar hefur borið, að stefnda hafi verið kunnugt um bágar fjárhagsástæður sínar. Svavar hefur skýrt þetta nánar og það nánar rakið hér á undan. Þótt viss atriði í skýrslum Svavars séu ekki fullkomlega glögg, þykja þær styrkja verulega það, sem ráðið verður af því, sem vitað er um áðurnefndan tékka, um vitneskju stefnda um fjárhag Svavars. Afstaða dómara til framburða Svavars og stefnda um þau atriði, sem þeir bera hvor sitt um, ræðst að nokkru af framkomu þeirra fyrir dómi.

3. Telja verður sannað með framburðum Kristins Finnbogasonar og Ásgeirs Karlssonar, sem að þessu leyti fá stuðning í framburði Bjarna Pálmarssonar og framburði stefnanda, að stefndi hafi neitað að gerast ábyrgðarmaður víxlanna. Þetta bendir til, að hann hafi talið það áhættusamt. Aðrar ástæður gætu þó legið

til grundvallar, en engu að síður styrkir þetta áðurnefnda niðurstöðu.

Óumdeilt er í málinu, að stefndi skýrði ekki stefnanda eða öðrum, er áttu hlut að viðskiptunum 4. marz 1959, frá því, að fjárhagsástæður Svavars Sigurðssonar væru slæmar. Því er hins vegar haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi hafi þvert á móti haldið því fram, að Svavar væri „gulltryggur maður". Telja verður sannað, að ummæli í þessa átt hafi verið viðhöfð af stefnda, og byggist það á framburðum Kristins Finnbogasonar og Ásgeirs Karlssonar. Ef talið væri, að þetta væri ósannað, er þess að gæta, að ekki er fram komið, að aðstæður við samningsgerðina 4. marz 1959 hafi verið þannig, að stefnda hafi verið heimilt að láta hjá líða að skýra frá þekkingu sinni á fjárhag Svavars, sem óumdeilanlega var mjög bágur.

Þegar þess er gætt, sem telja verður sannað, að stefnda hafi verið ljóst 4. marz 1959, að víxlar hans, sem hann vissi, að stefnandi fékk, voru lítils eða einskis virði og að hann lét þó orð falla um, að Svavar mundi greiða víxlana, verður að telja, að stefndi hafi með saknæmum hætti bakað stefnanda tjón.

Vegna málsástæðna, sem fram hafa komið af hálfu stefnda, er þess að geta, að ummæli eins og þau, að tiltekinn maður sé „gulltryggður", kunna almennt ekki að vera líkleg ákvörðunarástæða um viðskipti eða grundvöllur bóta. Hér stóð hins vegar svo á, að stefndi vissi betur, sbr. það, er áður greinir um það, er telja verður sannað. Ummælin ásamt öðru geta því leitt til bótaskyldu. Það er rétt, sem fram hefur komið af hálfu stefnda, að bifreiðaverð miðast á stundum við greiðsluaðferðir. Hins vegar liggur ekkert fyrir um, að svo hafi verið í viðskiptum þeim, sem stefnandi gerði 4. marz 1959, og mótmæli stefnda eru ekki rökstudd þannig, að ástæða hafi þótt til, að dómari ætti frumkvæði að því, að upplýsinga væri leitað um verðmæti bifreiðarinnar R 7189 4. marz 1959.

Samkvæmt því, er nú hefur verið greint, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 30.000.00. Rétt er, að stefndi greiði almenna vexti hvers tíma af kr. 15.000.00 frá 20. apríl 1959 til 25. maí s. á., en síðan af kr. 30.000.00 til greiðsludags. Þá er og rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað. Með tilliti til þess, hve oft voru teknar skýrslur um atvik, og á hinn bóginn með tilliti til gjaldskrár lögmanna, þegar málið var höfðað, þykir málskostnaður vera hæfilega ákveðinn kr. 10.300.00.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Kjartan Blöndal, greiði stefnanda, Jóni Þór Ólafssyni, kr. 30.000.00 ásamt 6% vöxtum p. a. af kr. 15.000.00 frá 20. apríl 1959 til 25. maí sama ár, 6% vöxtum p. a. af kr. 30.000.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 9% vöxtum p. a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til 29. desember s. á., 7% vöxtum p. a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% vöxtum p. a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% vöxtum p. a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndi stefnanda kr. 10.300.00 í málskostnað. Greiðslur þessar séu inntar af hendi innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. janúar 1968.

Nr. 187/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Jóni Adolf Petersen (Árni Guðjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram fæðingarvottorð ákærða.

Er ákærði ók bifreið sinni, R 488, austur Miklubraut eftir nyrðri akrein á um 50 km hraða miðað við klukkustund, að því er hann ætlar, og nálgaðist mót Miklubrautar og Grensásvegar, kveðst hann hafa séð kyrrstæða vörubifreið á syðri akrein nyrðri akbrautar Miklubrautar og telur bifreið þessa hafa byrgt svo útsýn fyrir sér, að hann hafi ekki séð til lögreglumanns þess, er var við umferðarstjórn á nefndum vegamótum. Við gatnamótin kveðst ákærði hafa dregið úr hraða bifreiðar sinnar og ekið ótrauður yfir þau, þótt vörubifreiðin hafi byrgt honum útsýn, en eftir áreksturinn stöðvaðist bifreið hans ekki fyrr en um 36 metra frá árekstrarstað.

Verður að telja, að ákærði hafi eftir aðstæðum ekið of greitt og án nægrar varkárni.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 7.000.00.

Það er aðfinnsluvert, að lögreglumaður sá, er við umferðarstjórn var í greindu tilviki, gerði engan reka að því að ná til vitna á árekstrarstað, svo að þau mættu bera vætti í máli þessu, en að sögn hans voru kyrrstæðar bifreiðar á Miklubraut, og þar á meðal e. t. v. vörubifreið. Þá athugast, að hvorki af hálfu rannsóknarlögreglu, héraðsdómara né ákæruvalds var nokkuð aðhafzt til að reyna að hafa uppi á vitnum, er á árekstrarstað kunna að hafa verið.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jón Adolf Petersen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. október 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 25. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 404/1967: Ákæruvaldið gegn Jóni Adolf Emilssyni Petersen, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 28. ágúst 1967, höfðað á hendur Jóni Adolf Emilssyni Petersen verkstjóra, Víði við Breiðholtsveg, Reykjavík, fæddum 10. maí 1906 á Akureyri, fyrir að hafa um hádegi þriðjudaginn 30. ágúst 1966 ekið bifreiðinni R 488 án nægilegrar varkárni og of hratt miðað við aðstæður austur Miklubraut í Reykjavík og yfir gatnamót nefndrar götu og Grensásvegar í veg fyrir bifreiðina R 9210, sem ekið var suður Grensásveg samkvæmt bendingu lögregluþjóns, er var við umferðarstjórn á gatnamótunum, með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli bifreiðanna.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr. og 49. gr., 1., 2. og 3. mgr., c- og f- liði, sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

1957 16/1 í Reykjavík: Áminning fyrir rangstöðu bifreiðar.
1958 15/1 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1960 30/7 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 30. ágúst 1966, klukkan 1210, var Sævar Gunnarsson lögreglumaður við umferðarstjórn á mótum Miklubrautar og Grensásvegar hér í borg. Kvaðst hann hafa stöðvað umferð um Miklubraut, bæði til austurs og vesturs, en gefið bifreiðum, sem um Grensásveg óku, merki um að aka inn á aðalbrautina. Þrjár bifreiðar voru á leið suður Grensásveg. Þegar sú aftasta ók inn á Miklubraut, ók ákærði bifreið sinni, R 488, austur götuna, og rákust bifreiðarnar saman þar á gatnamótunum. Skemmdir á bifreiðinni R 9210 urðu þær, að bæði frambretti, vélar- og vatnskassahlíf sem og höggvari dældúðust, og framljósker brotnuðu. Vinstri hlið bifreiðarinnar R 488 var allmikið rispuð og dældúð. Veður var bjart og færi þurrt, er áreksturinn átti sér stað. Yfirborð vegar var malbikað.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði ekið bifreiðinni R 488 austur nyrðri akrein Miklubrautar um 1½ metra frá götubrún. Hann kvaðst hafa tekið eftir kyrrstæðri vörubifreið á syðri akreininni við gatnamót Grensásvegar og taldi, að lítil bifreið hefði verið fyrir aftan hana. Ákærði sagðist hafa ekið um 40 metra á eftir næstu bifreið á undan og einni eða tveim bifreiðum verið ekið suður yfir gatnamótin milli þeirra, en í sama mund og ákærði ók yfir gatnamótin, var bifreiðinni R 9210 ekið út í þau frá

norðri og skall á vinstri hlið bifreiðar hans. Ákærði taldi sig hafa verið á 50 km hraða miðað við klukkustund að Grensásvegi, 60 km hraði verið leyfilegur vestan vegamótanna, en 45 km austan þeirra. Hann ók bifreiðinni í 3ja ganghraðastigi. Ákærði kvaðst ekki hafa séð lögreglumann þann, sem var við umferðarstjórn á gatnamótunum.

Vitnið Anna Sigríður Björnsdóttir húsmóðir, Brekkugerði 4 hér í borg, sagðist hafa ekið bifreiðinni R 9210 suður Grensásveg og í átt yfir gatnamótin að bendingu lögreglumanns, sem þarna var við umferðarstjórn, og var vitnið komið örstutt áfram, er áreksturinn varð. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir bifreið, sem kom austur Miklubraut, rétt áður en það lagði af stað. Taldi vitnið, að ákærði hefði ekið mjög greitt, þar sem bifreið hans hefði verið í mikilli fjarlægð, er það koma auga á hana. Sagði vitnið, að ákærði hefði sagt lögreglu á staðnum, að hann hefði ekið á 60 km hraða.

Vitnið Sævar Gunnarsson lögreglumaður, Hraunbæ 74 hér í borg, kvaðst hafa verið við umferðarstjórn greint sinn og staðið á miðjum gatnamótunum, eða nánar til tekið, þar sem götueyjurnar, sem skipta akbrautum Grensásvegar og Miklubrautar, mundu skerast, ef dregin væri lína á milli þeirra, og taldi vitnið, að þar mundi það sjást bezt frá öllum hliðum. Vitnið hafði stöðvað umferð um Miklubraut til að gefa bifreiðum, sem um Grensásveg óku, kost á að aka um gatnamótin. Tvær bifreiðar höfðu ekið suður yfir, en vitnið sagði, að kona sú, sem ók bifreiðinni R 9210, hefði verið hikandi við að aka út á gatnamótin, verið á örhægri ferð og stöðvað bifreið sína í sömu andrá og árekstur varð. Vitnið kvað ákærða hafa ekið austur Miklubraut á mjög miklum hraða og ekki stöðvað bifreið sína fyrr en alllangt frá árekstrarstað. Vitnið fullyrti, að tvær raðir kyrrstæðra bifreiða hefðu verið á nyrðri akbraut Miklubrautar sunnanverðri og ákærði ekið fram með þeim á nyrztu akrein.

Samkvæmt vettvangsteikningu lögreglu, sem ákærði hefur staðfest rétta, stöðvaði hann ekki bifreið sína fyrr en um 36 metra frá árekstrarstað.

Við úrlausn máls þessa verður að byggja á þeirri staðhæfingu ákærða, að hann hafi vegna stórrar vöruflutningabifreiðar ekki getað séð lögreglumann þann, sem umferð stjórnaði, og ber samkvæmt því að sýkna hann af broti gegn 3. mgr. 38. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Í 49. gr. sömu laga er lögð sú sérstaka skylda á ökumenn að aka hægt að sýna ýtrustu varkárni við vegamót og

þar sem útsýn er takmörkuð. Verður dómurinn að líta svo á, að ákærði hafi ekki gætt þessarar lagaskyldu sinnar nægjanlega. Þykir refsing hans samkvæmt 80. gr. umferðarlaga eftir atvikum hæfilega ákveðin 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 2 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Adolf Emilsson Petersen, greiði 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 2 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. janúar 1968.

Nr. 238/1966. **H/f Eimskipafélag Íslands**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Kristjáni Jóhannssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Veikindadagar. Kaupgjald.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. nóvember 1966. Gerir hann þær dómkröfur, að honum verði einungis gert að greiða stefnda kr. 2.399.68 án vaxta. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dómsmálaráðuneytið hefur hinn 12. nóvember 1966 veitt leyfi til að bera málið undir Hæstarétt, þótt málsfjárhæð nemi eigi kr. 5.000.00.

Í héraði var lögð fram sundurliðuð greinargerð um vinnustundir stefnda hjá áfrýjanda árin 1960 og 1961 og til 24. júlí 1962. Samkvæmt henni voru tæp 25% af vinnustundum stefnda unnar í yfirvinnu árið 1960, rúm 28% árið 1961 og rúm 29% árið 1962.

Þegar virt eru þessi gögn og svo yfirvinnustundafjöldi og kaup staðgengils stefnda í umræddum sjúkdómsforföllum, sem ekki er tölulega vefengt, þykir eiga að taka kröfur stefnda í málinu til greina, og verður héraðsdómurinn því staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, H/f Eimskipafélag Íslands, greiði stefnda, Kristjáni Jóhannssyni, kr. 7.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. september 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 22. þ. m., hefur Kristján Jóhannsson, Laugarnesvegi 90 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 10. júní 1965, á hendur H/f Eimskipafélagi Íslands hér í borg til greiðslu vangoldinna launa að fjárhæð kr. 4.899.03 ásamt 8% ársvöxtum frá 7. ágúst 1961 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómarans. Við munnlegan flutning málsins var dómkröfum stefnanda breytt og þess krafizt aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 4.774.05 með 8% ársvöxtum frá 7. ágúst 1961 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati dómarans, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 3.199.39 auk vaxta og málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að honum verði aðeins gert að greiða stefnanda kr. 2.399.68 án vaxta. Þá krefst stefndi og hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að er stefnandi starfaði hjá stefnda á árinu 1961, varð hann veikur og var frá vinnu um nokkurn tíma. Samkvæmt læknisvottorðum, sem stefnandi hefur lagt fram, var hann óvinnufær vegna veikinda þessara dagana 14.—21. júlí og 26. júlí—1. ágúst. Var um sömu veikindi að ræða í báðum tilvikum. Stefnandi hafði þá um sjö ára skeið starfað hjá stefnda við akstur vörubifreiðar við fermingu og affermingu skipa. Var bifreiðin í eigu stefnda, og laut stefnandi við vinnu sína ákvörðunum verkstjóra stefnda, m. a. um vinnutíma hverju sinni. Er stefnandi veiktist, var annar maður fenginn til að aka bifreiðinni í forföllum hans. Stefnandi tók síðan við akstri bifreiðarinnar á ný, er hann var orðinn heill heilsu.

Stefnandi, sem reisir málssókn sína á ákvæði í 4. gr. laga nr. 16/1958, telur, að stefnda beri að greiða sér laun fyrir þær vinnustundir, sem unnar voru, á meðan hann var veikur, þar á meðal fyrir eftirvinnu- og næturvinnustundir, sem unnar voru á þeim tíma. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að það sé sá vinnutími, sem hann hefði sjálfur unnið, ef hann eigi hefði verið veikur, og verði hann því af vinnulaunum fyrir þær vinnustundir, ef stefndi verði eigi dæmdur til að greiða þau.

Stefnandi hefur sundurliðað endanlegar kröfur sínar þannig:

1.	Dagvinna, 88 klst. á kr. 23.58	kr. 2.075.04
2.	Eftirvinna, 25 klst. á kr. 37.73	— 943.25
3.	Næturvinna, 31.5 klst. á kr. 47.16	— 1.485.54
		Kr. 4.503.83
4.	6% orlof	— 270.22
		Kr. 4.774.05

Kröfur stefnda eru á því byggðar, að honum beri ekki skylda til að greiða stefnanda laun fyrir yfirvinnu og helgidagavinnu þá daga, sem hann var frá vinnu vegna veikinda. Engir samningar hafi verið við stefnanda eða stéttarfélag hans um það, að starfsmenn skyldu fá yfirvinnu eða helgidagakaup í veikindaforföllum. Geti stefnandi því ekki byggt neinn rétt á því, þótt sá, sem við

starfi hans tók, hafi fengið greitt kaup fyrir helgidagavinnu og næturvinnu, sem unnin var, á meðan stefnandi var veikur. Þetta hafi eingöngu byggzt á því, hve mikið hafi verið að gera hjá stefnda á þessum tíma, og hefði eins getað farið svo, að sá, sem við starfi stefnanda tók, hefði ekki haft neitt að gera. Er á það bent af hálfu stefnda, að boðin hafi verið fram greiðsla fyrir dagvinnutíma þá daga, sem stefnandi var frá störfum vegna veikindanna, en stefnandi hafi neitað að taka við greiðslunni.

Vitnið Guðmundur Jóhann Jónsson, verkstjóri stefnda, hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi einn verið bifreiðarstjóri á bifreið þeirri, sem hann ók í starfi sínu hjá stefnda. Vitnið kveður almennt hafa verið unnið til kl. 1915 á árunum 1958—1963, en ef ekkert skip hafi verið í höfn, sem þó hafi verið alger undantekning, hafi eftirvinna ekki verið unnin. Þá kveður vitnið fasta starfsmenn, þar á meðal bifreiðarstjóra, ávallt hafa verið í vinnu til kl. 1700, þó að engin sérstök verkefni hafi legið fyrir.

Það er ágreiningslaust í málinu, að stefnandi njóti gagnvart stefnda réttar samkvæmt ákvæði 4. gr. laga nr. 16/1958, en þar segir, að starfsmenn þeir, sem þar greinir, skuli „eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa".

Rétt þykir að skýra ákvæði þetta þannig við úrlausn máls þessa, að stefnda beri að greiða stefnanda laun fyrir þær vinnustundir, sem unnar voru í veikindaforföllum hans, þar á meðal eftirvinnu og næturvinnu, enda verður að ætla, að stefnandi hefði sjálfur unnið þær vinnustundir, ef hann hefði eigi veikzt.

Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnda, að fari svo, að stefnda verði talið skylt að greiða stefnanda laun fyrir unnar yfirvinnu- og næturvinnustundir í veikindaforföllum hans, þá sé ekki ágreiningur um vinnustundafjölda þann, sem lagður er til grundvallar útreikningi endanlegrar dómkröfu stefnanda eða fjárhæð hennar.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að endanleg dómkrafa stefnanda verður tekin til greina, þó þannig, að ársvextir reiknast 7% frá 7. ágúst 1961 til 1. janúar 1965, 6% frá þeim degi til 1. janúar 1966, 7% frá þeim degi til 12. júní 1966 og 8% frá þeim degi til greiðsludags.

Þá verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.500.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Ísland, greiði stefnanda, Kristjáni Jóhannssyni, kr. 4.774.05 með 7% ársvöxtum frá 7. ágúst 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 12. júní s. á. og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. janúar 1968.

Nr. 147/1966. **Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Landssmiðjunni.
(Þorvaldur Garðar Kristjánsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1966. Krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 35.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnda, Landssmiðjunni, kr. 35.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. maí 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ. m., hefur Þorvaldur Garðar Kristjánsson héraðsdómslögmaður höfðað f. h. Landssmiðjunnar hér í borg gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 356.143.06 ásamt 8% ársvöxtum frá 15. janúar 1963 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Í þinghaldi 10. þ. m. lækkaði stefnandi kröfur sínar á þann veg, að hann krafðist þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 351.880.09 með 8% ársvöxtum frá 15. janúar 1963 til 31. desember 1964, 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar, enda verði málskostnaður þá látinn niður falla.

Málavextir eru þessir:

Að morgni 15. janúar 1963 var bifreiðinni R 1497, eign stefnanda, ekið undir vinstri væng flugvélar Landhelgisgæzlunnar, TF—SIF, þar sem flugvélin stóð vestan við skýli 2 á Reykjavíkurflugvelli. Bifreið þessi er stór vöruflutningabifreið, útbúin með lyftitæki (krana) til lyftingar. Við það, að bifreiðinni var ekið undir væng flugvélarinnar, rakst armur lyftitækisins í vænginn. Urðu við þetta verulegar skemmdir á flugvélinni. Jafnvægisstýri flugvélarinnar skarst í sundur, vængurinn sjálfur rifnaði, og gat kom á benzíntank nr. 1, svo að benzínið fossaði niður á pall bifreiðarinnar.

Landhelgisgæzlan lét gera við skemmdirnar á flugvélinni. Fyrirsvarsmenn Landhelgisgæzlunnar kröfðu síðan fyrirsvarsmenn stefnanda um greiðslu á því tjóni, er þeir töldu sig hafa orðið fyrir vegna þessa atburðar. Fyrirsvarsmenn stefnanda vísuðu kröfu þessari til stefnda, sem hafði ábyrgðartryggt bifreið-

ina R 1497. Stefndi synjaði um greiðslu. Fyrirsvarsmenn stefnanda greiddu Landhelgisgæzlunni þá reikninginn yfir viðgerðarkostnaðinn og annað tjón, sem af árekstrinum varð. Í máli því, sem hér er til úrlausnar, gerir stefnandi kröfu til þess, að stefndi endurgreiði stefnanda fé þetta með vísan til vátryggingarskírteinis bifreiðarinnar.

Vátryggingarskírteini það, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, er útgefið 1. maí 1957 af stefnda. Þar segir m. a.:

„Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f ... tryggir samkvæmt ... hinsvegar skráðum almennum og sérstökum vátryggingarskilyrðum ... Landssmiðjuna í Reykjavík sem eiganda neðannefndrar bifreiðar R 1497 ... fyrir allt að kr. 500.000.00 fyrir einstakt tjón gegn sérhverri einkaréttarskaðabótakröfu, sem vátryggingartaka samkvæmt núgildandi íslenzkum umferðarlögum er skylt að tryggja gegn sem eiganda hinnar vátryggðu bifreiðar vegna tjóns, sem hlotizt hefur af notkun hennar".

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að honum sé eigi skylt að bæta tjón þetta, þar sem sami sé eigandi tækisins, sem tjóninu olli, og tækisins, sem fyrir tjóninu varð. Ríkissjóður Íslands sé hér í báðum tilvikum eigandinn, enda þótt um tvær ríkisstofnanir sé að ræða, sem í daglegu tali séu kallaðar Landssmiðjan og Landhelgisgæzlan. Í 3. málsgrein 70. gr. laga nr. 26/1958 segi um tryggingar þær, sem taka skuli fyrir bifreiðar, að með þeim skuli vera tryggð greiðsla, að því leyti er til hrökkvi, á hverri þeirri bótakröfu, er falla kunni á þann, er ábyrgð beri á tjóni samkvæmt lögunum eða almennum skaðabótareglum. Þá segi í inngangi reglugerðar nr. 67/1932, að með bifreiðatryggingunni skuli vera tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrökkvi, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kunni að vera gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slys eða tjón beri að höndum. Í vátryggingarskírteininu segi, að félagið tryggi eiganda nefndrar bifreiðar gegn sérhverri einkaréttarskaðabótakröfu, sem vátryggingartaka samkvæmt núgildandi íslenzkum umferðarlögum sé skylt að tryggja gegn sem eigandi hinnar vátryggðu bifreiðar, vegna tjóns, sem hlotizt hafi af notkun hennar. Samkvæmt almennum reglum geti aðili ekki átt skaðabótakröfu á sjálfan sig. Um skaðabótakröfu geti aðeins verið að ræða af hendi þriðja manns. Bifreið sú, er tjóninu olli, og flugvél sú, er fyrir tjóninu varð, séu eign sama aðilja, ríkissjóðs Íslands, og ríkissjóður geti ekki átt skaðabótakröfu á hendur sjálfum sér. Sé því ljóst, að félagið sé ekki skylt að greiða bætur samkvæmt vátryggingu

þeirri, er það hafi selt vegna umræddrar bifreiðar. Ekki geti það skipt hér neinu máli, þótt ríkissjóður Íslands kalli þessa rekstrarþætti sína mismunandi nöfnum. Þá sé rétt að benda á, að við ákvörðun iðgjalda, er ríkissjóði beri að greiða vegna loforða sinna, sé meðal annars tillit til þess tekið, að ríkissjóður eigi fjölmargar bifreiðar, sem oft séu í akstri í nálægð hver við aðra, og ekki sé gert ráð fyrir, að tjón, er þær kunni að valda hver annarri, sé bótaskylt. Sé tekið tillit til þessa með lægri iðgjöldum. Með hliðsjón af þessu telur stefndi, að sýkna beri hann algerlega af öllum kröfum stefnanda. Verði ekki fallizt á þessa röksemdafærslu, þá kveðst stefndi ekki vefengja skyldu sína til að greiða bætur samkvæmt vátryggingarskírteininu.

Af hálfu stefnanda er ofangreindri röksemdafærzlu stefnda eindregið mótmælt. Er á það bent af hálfu stefnanda, að fjárveitingavaldið sé í höndum Alþingis og einnig æðsta fjármálastjórn ríkisins. Í 40. gr. stjórnarskrárinnar, 2. mgr., segi, að ekki megi taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt nema samkvæmt lagaheimild. Í 41. gr. stjórnarskrárinnar segi, að ekkert gjald megi greiða af hendi, nema til þess sé heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum. Með þessum ákvæðum sé meðal annars verið að skipta tekjustofnum milli einstakra þátta ríkisvaldsins, stofnana og fyrirtækja. Það sé því stjórnarskrárbundinn réttur fjárveitingarvaldsins, að reikningum hinna ýmsu þátta þess sé haldið aðskildum, eftir því sem ákveðið sé með fjárlögum hverju sinni. Ef því er slegið föstu, að mismunandi ríkisstofnanir og fyrirtæki séu í skaðabótalegu og tryggingarréttarlegu tilliti sami aðilinn, þ. e. ríkissjóður, þá sé raskað réttinum til þess að setja hverjum fyrir sig tekjuátælun og útgjaldaheimild og um leið rétti hverrar stofnunar og fyrirtækis fyrir sig til þess að hafa tekjustofnana og hið úthlutaða fé til ráðstöfunar. Án skýlausrar heimildar í fjárlögum eða almennum lögum geti dómstólar því ekki ákveðið sameiginlegt reikningshald ríkisstofnana. Þá heldur stefnandi því fram, að hinn ólíki starfsgrundvöllur og markmið Landssmiðjunnar og Landhelgisgæzlunnar nægi til þess að fella málsástæðu stefnda. Landhelgisgæzlan sé liður í lögreglu og dómsmálastjórn landsins og lúti í einu og öllu opinberum rétti um starfsemi sína. Landssmiðjan sé hins vegar viðskiptafyrirtæki, sem rekið sé á sama grundvelli og í sama skyni og aðrar smiðjur í einkaeign. Öll starfsemi falli því undir reglur einkamálaréttar og skipti einkaeign ríkisins ekki máli gagn-

vart öðrum aðiljum eða stofnunum og öðrum fyrirtækjum ríkisins. Þá sé fráleitt að halda því fram, að fjárkröfur geti ekki stofnazt milli Landssmiðjunnar og annarra stofnana eða fyrirtækja ríkisins, enda verði þau að greiða fullu verði fyrir alla þjónustu Landssmiðjunnar.

Í þessu sambandi vísar stefnandi til bréfs ríkisendurskoðunarinnar, en þar segir m. a.: „... Landssmiðjan og Landhelgisgæzlan hafa algerlega aðskilinn fjárhag. Er því ekki um það að ræða að jafna skuldir milli téðra stofnana. Ríkisendurskoðunin lítur svo á, að fjármálakröfur geti stofnazt milli Landssmiðjunnar og Landhelgisgæzlunnar og að þær verði ekki útjafnaðar á þeim forsendum, að hér sé endanlega um sama aðila að ræða".

Landssmiðjan hóf starfsemi sína árið 1930 án sérstakrar lagaheimildar. Árið 1936 voru svo sett lög um Landssmiðjuna, nr. 102/1936. Samkvæmt 1. og 2. gr. þeirra laga lætur ríkisstjórnin starfrækja smiðju, sem annast skal alls konar smíði fyrir einstaklinga, félög og ríkisstofnanir. Í 4. gr. segir, að framlagt fé til Landssmiðjunnar í fjárlögum skuli skoðast sem lánsfé, er Landssmiðjunni sé skylt að endurgreiða. Samkvæmt 5. gr. skal ráða sérstakan forstjóra til að stjórna fyrirtækinu. Ágóða af starfseminni skal leggja í stofnsjóð samkvæmt 6. gr. Samkvæmt lögum nr. 21/1945 greiðir Landssmiðjan tekjuskatt, og samkvæmt lögum nr. 29/1962 greiðir Landssmiðjan fasteignaskatt og landsútsvar.

Samkvæmt því, sem lýst hefur verið, er Landssmiðjan að vísu eign ríkisins. Rekstur Landssmiðjunnar er þó sjálfstæður og alveg óháður dómsmálastjórn ríkisins, sem Landhelgisgæzlan heyrir undir. Bifreiðin R 1497 var skrásett eign Landssmiðjunnar og rekin á kostnað og áhættu þeirrar stofnunar. Það tjón, sem bifreið þessi hefur valdið öðrum aðiljum, í þessu tilfelli Landhelgisgæzlunni, á að greiðast af fé Landssmiðjunnar, og er það eigi á valdi framkvæmdarvalds ríkisins að gera þar aðra skipan á, til þess þarf að fá sérstaka lagaheimild. Að svo vöxnu máli verður að telja, að Landssmiðjan komi fram sem sjálfstæður aðili gagnvart Landhelgisgæzlunni í lögskiptum þeim, sem hér er um fjallað. Er stefnda því skylt samkvæmt vátryggingarsamningnum, sem stofnaðist með útgáfu áðurgreinds vátryggingarskírteinis, að bæta stefnanda það tjón, sem stefnandi varð ábyrgur fyrir, þegar umrædd bifreið laskaði flugvélina, enda er ósannað, að stefnandi hafi fengið afslátt á iðgjaldi umfram það, sem tíðkast við slíkar tryggingar.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína nú þannig:

1.	Reikningar vegna leiguflugs ..... kr.	26.990.85
2.	Benzín, 185 gallons ..... —	1.939.88
3.	Uppihaldskostnaður Englendinga .. .. —	22.284.30
4.	Segl ..... —	4.725.00
5.	Rafmagns- og hitakostnaður ..... —	4.972.03
6.	Kostnaður við reynsluflug ..... —	14.000.00
7.	Aksturskostnaður ..... —	3.000.00
8.	Myndir ..... —	1.909.00
9.	Vinnulaun ..... —	43.511.58
10.	Reikningur frá Field Aircraft Service .. —	223.969.25
11.	Flugvélabolti ..... —	308.00
12.	Flutningskostnaður vængefnis ..... —	3.000.00
13.	Vaktstaða slökkviliðs ..... —	1.270.20

Samtals kr. 351.880.09

Verða nú einstakir kröfuliðir teknir til athugunar.

Um 1. Viðgerðin á flugvélinni TF—SIF stóð frá 15. janúar 1963 til 21. febrúar sama ár.

Á því tímabili tók Landhelgisgæzlan á leigu flugvélar til þess að fylgjast með ferðum fiskibáta og togskipa hér við land svo og til að fylgjast með hafís o. fl. Var kostnaður við leiguflugið þessi:

2.	febrúar	1963,	Flugskólinn Þytur .. .. kr.	7.620.00
17.	—	—	—— — .. .. —	4.900.00
15.	—	—	Björn Pálsson ..... —	9.870.85
18.	—	—	Flugskólinn Þytur .. .. —	3.200.00
21.	—	—	—— — .. .. —	1.400.00

Kr. 26.990.85

Stefndi mótmælir nú ekki fjárhæð þessa kröfuliðs tölulega né að leiguflugið hafi verið nauðsynlegt fyrir Landhelgisgæzluna. Hins vegar telur stefndi, að svo mikill kostnaður hafi sparazt við það að nota leiguflugvélar, en ekki flugvélina TF—SIF, sem sé mjög dýr í rekstri, að af þeim ástæðum eigi ekki að taka til greina kröfu þessa um kostnað af leigufluginu. Að minnsta kosti beri að lækka þennan kröfulið verulega.

Frá Landhelgisgæzlunni liggja frammi í málinu eftirfarandi upplýsingar:

„Rekstrarkostnaður TF—SIF var á árinu 1963 kr. 6.608.551.14. Rétt er þó í þessu tilfelli að draga frá nokkra kostnaðarliði, svo sem hér greinir:

Radar	kr.	165.548.95
Risna	—	827.75
Breytingar og innréttingar	—	219.546.07
Lán á flugliðum	—	12.074.99
Leiguflug	—	157.834.03
Viðgerðarkostnaður vegna vængtjóns	—	207.202.58
Samtals	kr.	763.034.37

sem gerir rekstrarkostnaðinn kr. 5.845.516.77, þegar frádráttarliðirnir hafa verið dregnir frá hinum raunverulega kostnaði.

Kostnaður pr. dag þannig reiknaður er kr. 160.151.10, sem gerir á klst. miðað við 8 stunda vinnudag allt árið, þ. e. 365 daga, kr. 20.018.88".

Þess er áður getið, að Landhelgisgæzlan greiddi fyrir leiguflug kr. 157.834.03 á árinu 1963. Á þeim 5 vikum, sem viðgerð flugvélarinnar stóð yfir, nam leiguflugskostnaður kr. 26.990.85. Ef síðastgreind fjárhæð er dregin frá 157.834.03, kemur út fjárhæðin kr. 130.843.18. Sé þeirri fjárhæð deilt á 47 vikur, kemur út fjárhæð, sem nemur tæpum kr. 2.800.00 á viku miðað við kr. 5.394.17 á viku þann tíma, sem viðgerðin fór fram. Hefur kostnaður við leiguflugið verið tæplega helmingi meiri á viðgerðartímanum en að meðaltali hinar 47 vikur ársins.

Ekki liggur fyrir í málinu, hve margar flugferðir TF—SIF fór á árinu 1963 né hve langan tíma þær tóku að meðaltali, en samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæzlunni hefur hún flogið um 400 klukkustundir á ári hverju, eða tæpar 8 klukkustundir að meðaltali á viku.

Samkvæmt kröfulið 6 gerir stefnandi kröfu um kr. 14.000.00 vegna kostnaðar við reynsluflug flugvélarinnar í eina klukkustund og 10 mínútur.

Það er samdóma álit hinna sérfróðu meðdómenda, að verulegur aukakostnaður, bæði beinn og óbeinn, sé óhjákvæmilegur vegna flugs vélarinnar umfram fastan kostnað.

Það er óumdeilt í málinu, að flugvélar þær, sem Landhelgisgæzlan tók á leigu, eru alls ekki þannig úr garði gerðar, að þær geti sinnt þeim sömu verkefnum og TF—SIF er ætlað. Má því ljóst vera, að meðan á viðgerð flugvélarinnar stóð, hafi Land-

helgisgæzlan ekki getað sinnt gæzlu og eftirlitsstörfum á sama hátt og áður. Gegn andmælum af hálfu stefnda hefur stefnandi þó ekki í ljós leitt, að Landhelgisgæzlan hafi orðið fyrir fjárhagstjóni vegna þess, að flugvélin TF—SIF gat ekki flogið á nefndu 5 vikna tímabili, enda telja dómendur, að kostnaðurinn við það að fljúga TF—SIF hafi verið miklu meiri en nemur hinum aukna kostnaði á leiguflugi á nefndu tímabili. Verður þessi kröfuliður stefnanda því ekki tekinn til greina, enda verður heldur ekki fallizt á þá málsástæðu stefnda, sem fram kom við hinn munnlega flutning, að stefnandi hafi með greiðsluneitun sinni fyrrt sig rétti til að vefengja einstaka kröfuliði, sem stefnandi greiddi í góðri trú um, að væru réttmætir.

Um 2. Þessi kröfuliður er andvirði benzíns, er rann niður, þegar áreksturinn varð. Fjárhæð þessa kröfuliðar er ekki andmælt, og verður hann því tekinn til greina.

Um 3. Kröfuliður þessi er kostnaður, sem greiða þurfti vegna uppihalds þeirra ensku viðgerðarmanna, sem til landsins komu til að gera við flugvélina. Tölulega er þessum lið ekki andmælt. Óumdeilt er, að nauðsynlegt var að fá umrædda viðgerðarmenn, og verður kröfuliður þessi því tekinn til greina.

Um 4. Stefnandi heldur því fram, að til þess að þétta bezíntanka flugvélarinnar hafi verið nauðsynlegt að halda ákveðnu hitastigi í þeim. Hafi því verið keypt segl til að breiða yfir væng flugvélarinnar, en benzíntankarnir eru þar staðsettir. Að vísu sé rétt, að seglið hafi ekki eyðilagzt við notkun þessa og hluti af því hafi síðar verið notaður í annað. Staðreyndin sé þó sú, að seglið hafi beinlínis verið keypt í framangreindum tilgangi og hefði eigi verið keypt, ef áreksturinn hefði eigi orðið.

Stefndi telur, að vel megi vera rétt, að seglið hafi verið keypt til þess að breiða yfir flugvélarvænginn, en útilokað sé, að það hafi gereyðilagzt við þessa notkun og komi því ekki til mála, að stefnandi geti krafið um verðmæti þess.

Dómendur hafa farið í starfsstöð Landhelgisgæzlunnar á Reykjavíkurflugvelli. Yfirflugvirki gæzluflugvélarinnar sýndi dómendum hluta af seglinu, sem sniðið hafði verið niður og úr því saumaður hólkur, sem enn er notaður til þess að leiða heitt loft eftir. Ljóst má vera, að seglið hefur rýrnað við notkunina, en þar sem það hefur komið að notum umfram viðgerðina sjálfa, þykir rétt að taka þennan kröfulið til greina með kr. 2.000.00.

Um 5. Stefnandi heldur því fram, að vegna viðgerðar flugvélarinnar hafi þurft að hita flugskýlið mun meir en venjulega. Þá

hafi viðgerðin haft í för með sér aukna rafmagnsnotkun. Áætlaður aukakostnaður samkvæmt útreikningi starfsmanna Landhelgisgæzlunnar nemur nú kr. 4.972.03. Við hinn munnlega málflutning kvaðst lögmaður stefnda ekki mótmæla þeirri fjárhæð né að þörf hafi verið á kostnaði þessum. Verður þessi kröfuliður því tekinn til greina.

Um 6. Samkvæmt yfirlýsingu frá Landhelgisgæzlunni var það krafa Loftferðaeftirlitsins, að flugvélin TF—SIF færi í reynsluflug eftir viðgerðina. Á dómsskjali nr. 9 er gerð grein fyrir því, hvernig kostnaðurinn við reynsluflugið er fundinn. Við hinn munnlega málflutning lýsti lögmaður stefnda því yfir, að hann félli frá mótmælum gagnvart þessum kröfulið. Verður hann því tekinn til greina.

Um 7. Hér er um að tefla áætlaðan bifreiðarkostnað vegna aksturs á erlendum viðgerðarmönnum og öðrum starfsmönnum Landhelgisgæzlunnar í sambandi við viðgerð flugvélarinnar. Er á það bent, að flugskýli Landhelgisgæzlunnar, þar sem viðgerð fór fram, sé skammt frá Nauthólsvík og því um allmiklar vegalengdir að ræða. Reiknar Landhelgisgæzlan sér 100 kr. á dag í 30 daga fyrir 6—8 ferðir að flugskýlinu og í borgina.

Af hálfu stefnda er þessum kröfulið algerlega mótmælt.

Fallast verður á það með stefnanda, að Landhelgisgæzlan hafi haft aukakostnað af akstri viðgerðarmanna vegna viðgerðar á flugvélinni. Þar sem kröfulið þessum þykir í hóf stillt, verður hann tekinn til greina.

Um 8. Þessi liður er kostnaður við ljósmyndir. Er því haldið fram, að nauðsynlegt hafi verið að senda ítarlegar upplýsingar um tjónið til fyrirtækis þess í Englandi, sem sá um viðgerðina, svo að sérfræðingar fengju sem gleggsta lýsingu á tjóninu. Myndir hafa bæði verið teknar af skemmdunum að utan svo og margar myndir inni í sjálfum vængnum. Hefur stefnandi nú lækkað þennan kröfulið í kr. 1.909.00.

Við munnlegan flutning málsins 10. marz 1966 var fallið frá mótmælum gegn þessum kröfulið. Verður hann því tekinn til greina.

Um 9. Hér er um að ræða vinnulaun til flugvirkja Landhelgisgæzlunnar fyrir að gera við skemmdirnar á flugvélinni.

Í þinghaldi 10. marz 1966 sýndi umboðsmaður stefnanda reikninga yfir vinnulaun þessi. Féll lögmaður stefnda þá frá mótmælum gegn þessum kröfulið. Verður hann því tekinn til greina.

Um 10. Firmað FIELD AIRCRAFT SERVICE LTD. í Englandi

sá um viðgerðina á TF—SIF. Heldur stefnandi því fram, að kostnaður Landhelgisgæzlunnar hafi numið samtals kr. 223.969.75 samkvæmt reikningi firmans. Í þinghaldi 10. marz 1966 lagði umboðsmaður stefnanda fram reikning viðvíkjandi þessum kröfulið. Reikningur þessi ber með sér, að hinu enska firma hefur verið ofgreitt £ 139-1-1, eða kr. 16.767.17, og hefur reikningurinn verið lækkaður um þá fjárhæð í kr. 207.202.58. Lögmaður stefnda kvaðst samþykkja þennan kröfulið þannig breyttan. Verður þessi kröfuliður því tekinn til greina með kr. 207.202.58.

Um 11. Þessum kröfulið er ekki mótmælt tölulega. Því er ekki andmælt, að hér sé um að ræða efni til viðgerðar á skemmdum flugvélarinnar. Verður hann því tekinn til greina.

Um 12. Samkvæmt skýrslu frá Landhelgisgæzlunni á dómsskjali nr. 9 var þessi kröfuliður á sínum tíma áætlaður kr. 3.000.00. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að nú sé komið í ljós, að innflutningsgjaldið hafi numið kr. 3.907.00, og sé þessi liður því of lágt talinn, en við það verði látið sitja.

Við hinn munnlega flutning 10. marz 1966 var því lýst yfir af hálfu stefnda, að fallið væri frá mótmælum gegn þessum kröfulið. Verður hann því tekinn til greina.

Um 13. Þessi kröfuliður er reikningur frá slökkviliðsmanni fyrir „staðnar vaktir vegna viðgerðar á flugskýli".

Áður en tjónið varð, var verið að vinna að viðgerðum á hurðum flugskýlisins. Engin brunavakt var staðin vegna viðgerðarinnar, fyrr en eftir að tjónið varð. Telur stefnandi, að við slysið hafi skapazt eldhætta. Hafi því af öryggisástæðum verið nauðsynlegt að kveðja til brunavakt, meðan haldið var áfram að gera við flugskýlið. Venja sé að greiða fyrir slíkar öryggisvaktir og beri stefnda því að greiða kostnað þennan. Stefndi mótmælir réttmæti þessa kröfuliðar.

Hinir sérfróðu meðdómendur hafa kynnt sér aðstæður á slysstaðnum. Er það álit þeirra, að brunavakt þessi hafi verið réttmæt af öryggisástæðum. Verður þessi kröfuliður því einnig tekinn til greina.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 305.397.57 (1.939.88 + 22.284.30 + 2.000.00 + 4.972.03 + 14.000.00 +3.000.00 + 1.909.00 + 43.511.58 + 207.202.58 + 308.00 + 3.000.00 + 1.270.20).

Stefndi hefur mótmælt hærri ársvöxtum en 7%, en við munnlegan flutning í þinghaldi 10. marz 1966 samþykkti umboðsmaður stefnda, að stefnandi hækkaði vaxtakröfuna án þess að fram-

haldsstefna í málinu. Stefndi hefur ekki mótmælt upphafstíma vaxtanna.

Rétt þykir að taka vaxtakröfu stefnanda til greina þannig, að stefndi greiði 7% ársvexti frá 15. janúar 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 35.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Brandi Tómassyni yfirflugvirkja og Jóni N. Pálssyni yfirskoðunarmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Landssmiðjunni, kr. 305.397.57 með 7% ársvöxtum frá 15. janúar 1963 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 35.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. janúar 1968.

Nr. 8/1968. **Austurstræti 6 h/f**
gegn
Vélsmiðjunni Dynjandi s/f
Einari Guðmundssyni og
Eysteini Leifssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Kærumál. Þóknun matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. desember 1967, er hingað barst 15. janúar 1968.

Krefst hann þess, að varnaraðiljunum Einari Guðmundssyni og Eysteini Leifssyni verði „tildæmd hæfileg og lægri fjárhæð fyrir störf sín en í hinum kærða dómsúrskurði greinir".

Varnaraðiljar Einar Guðmundsson og Eysteinn Leifsson hafa krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Frá Varnaraðilja Vélsmiðjunni Dynjandi s/f hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum Einari Guðmundssyni og Eysteini Leifssyni kærumálskostnað, samtals kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Austurstræti 6 h/f, greiði varnaraðiljum Einari Guðmundssyni og Eysteini Leifssyni kærumálskostnað, samtals kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1967.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um matsþóknun hinn 27. þ. m., var höfðað fyrir bæjarþinginu af Vélsmiðjunni Dynjandi s/f, Dugguvogi 13, Reykjavík, með stefnu, birtri 9. febrúar, gegn Austurstræti 6 h/f, Reykjavík, til greiðslu reiknings að fjárhæð kr. 33.225.00 auk 8% ársvaxta frá 22. apríl 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 15.000.00 án vaxta og málskostnaðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að í marz og aprílmánuði 1966 annaðist stefnandi smíði og uppsetningu á járnstiga í húsinu nr. 6 við Austurstræti, sem er eign stefnda. Stefnandi kveður verk þetta

hafa verið unnið í tímavinnu, enda eigi um annað beðið af hálfu stefnda. Stefnandi gerir kröfu til að fá greidda stefnufjárhæð máls þessa fyrir verkið, sbr. reikning, er lagður hefur verið fram, að fjárhæð kr. 33.225.00. Þar sem stefndi hafi eigi viljað greiða reikning þennan, kveður stefnandi sér hafa verið nauðsynlegt að höfða mál þetta.

Með bréfi til yfirborgardómarans í Reykjavík, dags. 13. september 1967, óskaði stefndi eftir dómkvaðningu tveggja óvilhallra og sérfróðra manna til þess „að athuga reikninga Vélsmiðjunnar Dynjandi s/f yfir smíði og uppsetningu járnstiga í húsinu Austurstræti 6 í Reykjavík, að fjárhæð kr. 33.225.00, athuga umsögn verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens um reikning þennan, þar sem gert er ráð fyrir, að verk þetta myndi hafa átt að kosta kr. 15.000.00, kynna sér stigann og meta, hvað hafi verið eðlilegt og sanngjarnt, að Vélsmiðjan Dynjandi fengi greitt fyrir verk sett".

Á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var fimmtudaginn 14. september 1967, voru þeir Einar Guðmundsson verkfræðingur, Hrauntungu 37, Kópavogi, og Eysteinn Leifsson vélsmiður, Síðumúla 17, Reykjavík, dómkvaddir til þess að framkvæma hið umbeðna mat.

Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dags. 21. október s.l. og hljóðar svo:

„Samkvæmt endurriti úr bæjarþingsbók Reykjavíkur, dags. hinn 14. sept. 1967, vorum við undirritaðir dómkvaddir í fyrrgreindu matsmáli til þess að: 1) athuga reikninga Vélsmiðjunnar Dynjandi h/f hér í bæ yfir smíði og uppsetningu á járnstiga í húsinu Austurstræti 6, Reykjavík, 2) athuga umsögn verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen um reikning þennan, 3) kynna okkur stigann og meta, hvað hafi verið eðlilegt og sanngjarnt, að Vélsmiðjan Dynjandi fengi greitt fyrir verk sitt.

Hinn 14/10 1967 skoðuðu undirritaðir umræddan stiga í húsinu Austurstræti 6. Viðstaddir skoðun þessa auk undirritaðra voru: Gunnlaugur Steindórsson f. h. Vélsmiðjunnar Dynjandi s/f, Birgir Ísleifur Gunnarsson f. h. Vélsmiðjunnar Dynjandi s/f og Arnbjörn Óskarsson f. h. Austurstrætis 6 h/f.

Við skoðun kom í ljós, að umræddur stigi hefur verið klæddur með tré að ofan og þar lagt gólfefni. Að neðan hefur stiginn verið klæddur með þilplötum, er hafa verið málaðar. Það er því ómögulegt að skoða járnverk stigans án þess að fjarlægja klæðninguna.

Það varð að samkomulagi milli allra aðila, sem mættir voru á

staðnum, að byggja matsgerð á umsögn og lýsingu þeirra manna, sem unnu við smíði stigans, og á teikningu af járnverki stigans, sem gerð var á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s/f í Reykjavík, til þess að komast hjá skemmdum á stiga og húsi og þeim kostnaði, sem því hefði fylgt að skoða járnhluta stigans.

Hinn 19. 10. 1967 var stiginn enn á ný skoðaður. Viðstaddir voru:

Hjálmtýr Hallmundsson, fulltrúi Austurstrætis 6 h/f, Karl Jörgensen, trésmiður, Arnbjörn Óskarsson f. h. Austurstrætis 6 h/f og Einar Guðmundsson, verkfr.

Lýstu þeir Karl og Hjálmtýr, eftir minni, járnverki stigans og aðstæðum á uppsetningarstað. Hinn 20. 10. 1967 ræddu undirritaðir við eftirtalda aðila hjá Vélsmiðjunni Dynjandi s/f, Reykjavík:

Gunnlaug Steindórsson, framkvæmdastjóra, Björn Ásmundsson, verkstjóra, Benedikt Sigurjónsson, járnsmið.

Lýstu þessir aðilar, eftir minni, smíði stigans og aðstæðum á uppsetningarstað. Björn og Benedikt töldu, að framkvæmdar hefðu verið breytingar á efri hluta stigans, eftir að stiginn hefði verið settur upp, og að einhver af fulltrúum Austurstrætis 6 hefði óskað eftir þessari breytingu.

Hinn 20. 10. 1967 var haft samband við eftirtalda aðila í síma og þeir spurðir um, hvort breytinga hefði verið óskað af þeim á stiganum og eða haft samráð við þá um einhverjar breytingar á stiganum, eftir að smíði og eða uppstillingu hans var lokið:

Magnús Bergsteinsson, húsasmíðameistara, Jóhannes Guðmundsson, verkfr. hjá Verkfræðist. Sig Thoroddsen s/f, Ásmund Jóhannsson, byggingarfræðing hjá Teiknistofunni Ármúla 6 s/f, Hjálmtý Hallmundssyni hjá Austurstræti 6 h/f.

Í samtölum við ofangreinda aðila kom ekki ljóslega fram, að framkvæmdar hefðu verið breytingar eða haft samráð við þá um breytingar á stiganum.

Hinn 20. 10. 1967 skoðuðum við undirritaðir umræddan stiga í húsinu Austurstræti 6. Viðstaddur var auk undirritaðra:

Jón Þór Jónsson, hjá Austurstræti 6 h/f.

Ætlunin var að kanna nánar, hvort sjáanlegt væri, að breytt hefði verið smíði stigans frá því, er sýnt er á teikningu af stiganum frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, en eins og áður greinir, er járnverk stigans lokað af.

Athugun þessi leiddi ekki í ljós sýnileg frávik á smíði efri

hluta stigans frá því, sem sýnt er á teikningu Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen af stiganum.

Niðurstöður:

1. Varðandi niðurstöður á athugun á reikningi Vélsmiðjunnar Dynjandi s/f, fylgiskjöl nr. 2, 3 og 4, vísast til niðurstöðu matsgerðar.

2. Varðandi niðurstöðu á athugun á umsögn Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s/f um reikning Vélsmiðjunnar Dynjandi s/f vísast til niðurstöðu matsgerðar.

3. Undirritaðir hafa metið sem sanngjarnt og hæfilegt verð fyrir smíði og uppsetningu á járnverki í fyrrgreindan stiga kr. 23.500.00, og er þá miðað við eftirfarandi:

I. að aðstæður á vinnustað hafi verið eðlilegar, þ. e. a. s. vinnupallar í réttum hæðum og þannig úr garði gerðir, að öryggiskröfum hafi verið fullnægt, aðstaða til persónulegra þarfa starfsmanna Vélsmiðjunnar Dynjandi, sem unnu við uppsetninguna, hafi verið fyrir hendi, að uppsetningin hafi ekki verið tafin eða hindruð af öðrum, sem unnu í húsinu, og að nægileg raforka hafi ávallt verið fyrir hendi,

II. að járnverk í umræddum stiga hafi verið smíðað eftir teikningu nr. 63.06.1.20, gerðri í Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s/f, að því er tekur til þess, sem sýnt er á þessari teikningu,

III. að sá hluti járnverksins í umræddum stiga, sem ekki er sýndur á áðurnefndri teikningu, sé smíðaður, eins og þeir, er unnu við járnsmíði og trésmíði stigans, lýsa þessum hluta járnverksins,

IV. að engar breytingar hafi verið framkvæmdar á stiganum, eftir að smíði og eða uppsetningu hans var lokið,

V. og að efnismagn, verð á efni, vinnutímafjöldi við einstaka verkþætti, verð á vinnutímum og verð á akstri hafi verið sem hér segir:

Matsmál nr. 136/1967 í Reykjavík.

Vélsmiðjan Dynjandi s/f — Austurstræti 6 h/f.

Efni samkvæmt teikningu Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen s/f no. 63.06.1.20 af þakstiga Austurstræti 1. Gengið er út frá, að teikning sé öll í mkv. 1:20.

UNP—10	1.7 m		
	1.45 —		
	0.40 —		
	3.55 m	10.6 kg/m	37.6 kg.
UNP—14	2.6 m		
	1.1 —		
	3.7 m	16.0 kg/m	59.2 —
Fl. 40 · 6, 13 · u. þ. b. 0.43 m = 5.9 m, 1.88 kg/m			10.5 —
Plj. 8 mm, u. þ. b. 0.06 m², 62.8 kg/m²			3.8 —

Festingar undir stigaþrep og pall við vegg — ekki sýnt á teikningu.

$$L - 40 \cdot 40 \cdot \left\{ \begin{matrix} 4 \\ 5 \\ 6 \end{matrix} \right\}$$

$$\text{U. þ. b. } \pi \cdot 0.68 \cdot \frac{85^\circ}{360^\circ}$$

5 · 0.26 m	=	1.3 m		
		1.9 —		
		0.5 —		
		3.7 m	2.42 kg/m =	8.95
			2.97 — =	11.00 11.00—
			3.52 — =	13.00
		0.6 m	2.97 — =	1.8 —

Netto u. þ. b. 123.9 kg.

Hér vantar efni, sem kann að hafa verið notað í fleyga undir bitaenda, eins og tilgreint er á teikningu.

Í afskurð af efni: 15%.

Notkun á rafsuðuvír ø 3 mm og meðalsuðulengd á vír 0.1 m, í eftirfarandi suðum:

0.6 m UNP—14 við plötu, kverksuða 6 mm, heilsoðin.
1.5 m UNP—10 við 14 og plötu, kverksuða 6 mm, heilsoðin.
V-suða 6—9 mm, heilsoðin.
0.5 m UNP—10 saman, X-suða 6—9 mm, heilsoðin.
0.6 m UNP—14 saman, X-suða 7—10 mm, heilsoðin.
2.1 m Fl. 40×6 við kverksuðu, 6 mm.
0.3 m UNP—10—UNP—14, kverksuða 6 mm, heilsoðin.
5.6 m.

Í rýrnun á rafsuðuþræði reiknast 25%.

Átluð vinna:			
Skoðun aðstæðna, verkstj.	2	klst.	
smiður	2	—	
Akstur			kr. 40.00
Tekin mál, smiður	4	—	
aðstm.	4	—	
Akstur			— 40.00
Gerðar vinnuteikn.	6	—	
Tekið til efni, hlutað í réttar lengdir, merkt fyrir suðu og borun, smiður	10	—	
aðstm.	10	—	
Festiplötur 8 mm boraðar. Beygð 13 knekti úr flatjárni og boruð 4 göt ø 12 mm í hvert. Tvær gerðir af knektum, smiður	4	—	
Beygðir og boraðir festivinklar undir þrependa og stigapall. Útbúið mót af boga, smiður	7	—	
Bitar soðnir saman til uppsetningar. Knekti soðin á bita, smiður	8	—	
aðstm.	8	—	
Smíðaðir hlutir fluttir á uppsetningarstað ásamt vélum og verkfærum, smiður	2	—	
aðstm.	2	—	
bifrstj.	2	—	
Akstur			— 200.00
Koma fyrir efni og verkfærum á uppsetningarstað, smiður	2	—	
aðstm.	2	—	
Brjóta gat fyrir bita I UNP—14 og brenna sundur steypustyrktarjárn, smiður	4	—	
aðstm.	4	—	
Bora göt fyrir festi plötu ø 22 mm, smiður	2	—	
aðstm.	2	—	
Setja upp bita I, smiður	3	—	
aðstm.	3	—	
Sjóða bita fastan, eftir að hann hefur verið réttur af, smiður	1	—	
aðstm.	1	—	
Brjóta gat fyrir bita II a UNP—10, smiður	3	—	
aðstm.	3	—	
Stilla bita af og sjóða hann fastan, smiður	1	—	
aðstm.	1	—	

Bora göt fyrir festi plötu bita II b UNP—10,		
smiður	2	klst.
aðstm.	2	—
Setja upp bita II b, smiður	3	—
aðstm.	3	—
Sjóða bita II b við festiplötu og UNP—14,		
smiður	2	—
aðstm.	2	—
Bora göt fyrir veggfestingar ø 76 mm, 24 göt,		
smiður	12	—
aðstm.	12	—
Skrúfa vinkla á vegg og rétta þá af, smiður	3	—
Slíping og frágangur. Samant. verkfæra, aðstm.	3	—
Flutningur verkfæra af vinnustað, smiður	2	—
aðstm.	2	—
bílstjóri	2	—
Akstur		kr. 200.00
Akstur við uppsetningu í 4 daga, 4 ferðir á dag á kr. 40.00		— 640.00

Við skiptingu milli dagvinnustunda og eftirvinnustunda er gengið út frá vikustundafjölda 51½, sem skiptast í 43½ klst. dagv. og 8 klst. ev.

Dagvinnustundir eru því 84.5%
Eftirvinnustundir eru því 15.5%

				Dv.	Ev.
Smíði á verkstæði:	Smiður	45	klst.	38	7
	Aðstm.	26	—	22	4
	Bifrstj.	4	—	4	
		75	klst.		
	Verkstj.	7	—	6	1
Uppsetning:	Smiður	38	—	32	6
	Aðstm.	38	—	32	6
		76	klst.		
	Verkstj.	8	—	7	1

Vélavinna áætluð:

Rafsuðuvél 12.5 klst. @ 115.00 kr./klst.	kr. 1.437.00
Borvél lítil, slípivél 15 klst. @ 50.00 kr./klst.	— 750.00
Borvél stór, múr 11 klst. @ 75.00 kr./klst	— 825.00
	Kr. 3.012.00

Hér er miðað við nauðsynlegan gangtíma véla vegna verksins og tímaverð miðað við það. Helmingur vélavinnu áætlaður við uppsetningu.

Vinna með sölusk.:

Smiður	38	klst. dv.	@	101.25	kr. 3.847.50
	7	— ev.	@	143.70	— 1.005.90
Aðstm.	22	— dv.	@	76.05	— 1.673.10
	4	— ev.	@	109.60	— 438.40
Bílstjóri	4	— dv.	@	80.20	— 320.80
Verkstjóri	6	— dv.	@	116.45	— 698.70
	1	— ev.	@	165.25	— 165.25
					Kr. 8.149.65

Vinna án söluskatts (uppsetning):

Smiður	32	klst. dv.	@	94.20	kr. 3.014.40
	6	— ev.	@	133.65	— 801.90
Aðstm.	32	— dv.	@	70.75	— 2.264.00
	6	— ev.	@	101.95	— 611.70
Verkstjóri	7	— dv.	@	108.35	— 758.45
	1	— ev.	@	153.70	— 153.70
					Kr. 7.604.15

Efni:

Smíðajárn 124 kg. 1.15 @ kr. 12.00 pr. kg.	— 1.710.00
Rafsuðuvír 56 stk. 1.25 @ kr. 1.55 pr. stk.	— 109.00
Múrboltar samkvæmt reikningi V. D.	— 566.00
Gas og súr notað við að skera niður efni í smiðju, fella saman bita á uppsetningarstað og brenna í sundur steypustyrktarjárn, áætlað	— 750.00
	Kr. 3.135.00

Samantekið.

Með söluskatti:		
Vinna	kr. 8.149.65	
Efni 3.135.00 · 1.075	— 3.370.13	
Vélavinna 1.500.00 · 1.075	— 1.612.50	
Akstur 1.120.00 · 1.075	— 1.204.00	
		— 14.336.28
Án söluskatts:		
Vinna	kr. 7.604.15	
Vélavinna	— 1.512.00	— 9.116.15
		Samtals kr. 23.452.43

Það skal ítrekað, að mat þetta byggist á teikningu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s/f no. 63.06.1.20, að því leyti er tekur til þeirra hluta, sem þar eru sýndir. Mat á þeim hluta járnverks stigans, sem ekki er sýnt á ofangreindri teikningu, er byggt á samhljóða lýsingu þeirra manna, sem við smíði stigans unnu eða höfðu afskipti af smíðinni á einhvern hátt.

Reykjavík, 21. okt. 1967.

Einar Guðmundsson Eysteinn Leifsson".

Samkvæmt reikningi, dags. 23. október s.l., hafa matsmenn krafizt þóknunar fyrir matsstörf sín að fjárhæð kr. 14.000.00.

Þennan reikning hefur stefndi neitað að greiða, þar sem honum þykir hann allt of hár.

Matsmennirnir hafa báðir komið fyrir réttinn og staðfest matsgerð sína. Hafa þeir skýrt svo frá, að þeir hafi haldið hjá sér tímafjölda þeim, er farið hafi hjá þeim í framkvæmd matsins, og hafa þeir lagt fram sundurliðun á þeim tímafjölda, svolátandi:

„1967		E. Guðm.	E. Leifsson
	Athugun á málsskjölum	0.5 klst.	0.5 klst.
12/10	Ath. á staðh. Samtal við eiganda		1.5 —
12/10	Analysa á tímaskýrslu V. D.	1.5 —	
13/10	Athugun á stiga saman	0.75 —	0.75 —
	Samin spurningaskrá		
14/10	Skoðun	1.0 —	1.0 —
	Efnislisti saminn	0.5 —	
19/10	Skoðun og öflun gagna	0.5 —	1.0 —
20/10	Samtal við starfsm. Dynjandi	1.0 —	1.0 —
	Samtal við ýmsa aðila, öflun frekari gagna. Samin m.	8.0 —	8.0 —
21/10	Endurskoðun og frágangur á m.	5.0 —	5.0 —".

Matsmenn sögðust ekki hafa reiknað með í matskostnaðinum útlagðan kostnað vegna ljósprentunar og vélritunar í sambandi við matsgerðina né heldur akstur. Ekki hafi þeir heldur reiknað sér tíma vegna mætingar fyrir rétti út af matsgerðinni né heldur fyrir tíma þann, er farið hafi í innheimtutilraunir á matskostnaðinum hjá matsbeiðanda.

Í réttarhaldi því, er matsmennirnir staðfestu matsgerð sína, óskaði lögmaður stefnda eftirfarandi bókað: „Ég tel mér skylt vegna umbj. míns, Austurstrætis 6 h/f, og einnig með tilliti til

málskostnaðarkröfu þeirrar á hendur stefnanda máls þessa að mótmæla reikningi matsmanna á dskj. nr. 12 sem allt of háum með hliðsjón af þeim hagsmunum, sem matið fjallaði um. Hef ég þar einnig til samanburðar leyfilegan málskostnað til lögmanna miðað við sömu hagsmuni. Því óska ég þess með vísun til 3. mgr. 141. gr. laga nr. 85/1936, að hinn virðulegi dómur taki reikninginn til úrskurðar". Síðan var málið tekið til úrskurðar um matsþóknun.

Í 139. gr. einkamálalaganna nr. 85 frá 23. júní 1936 segir m. a.: „Enginn, sem kunnáttuskilyrðum fullnægir að skoðun matsdómara og skylt er að bera vitni um matsatriði, getur skorazt undan að taka við kvaðningu dómara til matsgerðar ...".

Varðandi endurgjald til matsmanna fyrir störf þeirra segir svo í 3. mgr. 141. gr. fyrrnefndra laga, sbr. 17. gr. laga nr. 33 26. apríl 1963: „Matsmenn eiga heimtingu á endurgjaldi fyrir ferðakostnað svo og fyrir verk sitt eftir reikningi, sem matsdómari úrskurðar, ef ágreiningur verður ...".

Af lagaákvæðum þessum er ljóst, að hér er um borgaralegt skyldustarf að ræða, er mönnum ber að inna af hendi samkvæmt kvaðningu dómara, og eiga matsmenn heimtingu á endurgjaldi fyrir verk sitt eftir reikningi. Við ákvörðun á því endurgjaldi hlýtur fyrst og fremst að verða að hafa í huga þá vinnu, sem matsmenn hafa þurft að leggja í mat sitt, enda segir m. a. svo í dómkvaðningu þeirri, er matsmenn fá í hendur, að þeim beri „að semja skriflega matsgerð, vanda hana eftir beztu þekkingu og samvizku og vera reiðubúnir að staðfesta hana með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt verður".

Verður því eigi á það fallizt með matsbeiðanda, að það skuli leiða til lækkunar á matsþóknun, þegar framkvæmt er mat á tiltölulega lítilvægum hagsmunum, enda mundi sú regla geta leitt til slíkrar skerðingar á aflahæfi manna, að eigi fengi staðizt, því að oftlega verður dómari að kveðja menn til matsgerðar úr tiltölulega þröngum hópi manna, og er því óhjákvæmilegt, að sömu mennirnir veljist aftur og aftur til þessara starfa.

Er því eigi unnt að fallast á þá málsástæðu matsbeiðanda, að sömu sjónarmið og gjaldskrá Lögmannafélags Íslands er byggð á, þ. e. a. s., að þóknunin skuli fara eftir þeim hagsmunum, sem í húfi eru hverju sinni, skuli gilda, þegar matsmönnum er úrskurðuð þóknun fyrir matsstörf.

Svo sem sjá má af matsgerðinni, er hún unnin af mikilli nákvæmni og vandvirkni, og verður eigi annað séð en að tímafjöldi

sá, er matsmenn hafa reiknað sér, sé í alla staði eðlilegur til framkvæmdar því verki, sem þeir hafa innt af hendi. Og þar sem ekki verður talið, að matsmennirnir, sem eru sérfræðingar, áskilji sér bersýnilega ósanngjarnt endurgjald fyrir hverja vinnustund, þykir ekki rétt að lækka reikning þeirra.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp úrskurð þennan ásamt meðdómendunum Gunnari Bjarnasyni verkfræðingi og Þórði Gröndal verkfræðingi.

Úrskurðarorð:

Framangreindur reikningur matsmannanna, þeirra Einars Guðmundssonar og Eysteins Leifssonar, að fjárhæð kr. 14.000.00, skal standa óbreyttur.

Miðvikudaginn 24. janúar 1968.

Nr. 9/1968. **Helgi Hóseasson**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. Hagstofu Íslands.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Dómhæfi kröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. janúar 1968, sem hingað barst 17. s. m. Kveðst sóknaraðili kæra dóm bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 4. janúar 1968, „og vísa málinu til Hæstaréttar".

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt dómkröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann, enda hefur hann eigi verið gagnkærður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. janúar 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. desember s.l., hefur Helgi Hóseasson, Skipasundi 48, Reykjavík, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþinginu gegn Magnúsi Jónssyni ráðherra, Einimel 9, Reykjavík, f. h. ríkisvaldsins vegna Hagstofu Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að Magnúsi vegna Hagstofunnar sé gert að viðurkenna á formlegan hátt fyrir hönd ríkisvaldsins ónýtingu stefnanda á skírnarsáttmála með því að láta skrá hana í þjóðskrána. Þá er og krafizt málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs, hvernig sem málið fer, samkvæmt 12. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Kröfur sínar rökstyður stefnandi m. a. með því, að í fæðingarskýrslum Hagstofu Íslands sé m. a. bókað nafn stefnanda og skírnardagur. Sé nú ekki einnig ritað í þessa persónuheimild stefnanda, að skírnin sé ónýtt, sé í fyrsta lagi um fölsun að ræða, í öðru lagi séu þá brotin á stefnanda ákvæði í stjórnarskrá og í þriðja lagi sé stefnandi settur skör lægra en aðrir, sem þar séu skráðir skírðir og óskírðir.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing í máli þessu, og er honum þó löglega stefnt.

Sakarefni þetta er þess eðlis, að það heyrir ekki undir lögsögu dómstóla. Ber því að vísa máli þessu frá dómi ex officio samkvæmt 66. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Stefndi hvorki sótti né lét sækja sáttafund, og ber því eftir kröfu stefnanda að dæma hann til greiðslu málskostnaðar samkvæmt 12. gr. laga nr. 85/1936. Með tilliti til þess, að stefnandi er ekki málflutningsmaður að atvinnu, þykja ómakslaun honum til handa hæfilega ákveðin kr. 1.200.00.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsuppkvaðning hefur dregizt nokkuð vegna mikilla anna dómarans.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Stefndi, Magnús Jónsson ráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda kr. 1.200.00 í málskostnað.

Föstudaginn 26. janúar 1968.

Nr. 93/1964. **Gunnar Thorarensen**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Þóru Guðmundsdóttur og gagnsök
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1964. Krefst hann þess aðallega, að héraðsdómur verður ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 25. júní 1964. Gerir hún þær dómkröfur, að ómerkingarkröfu aðaláfrýjanda verði hrundið og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 56.000.00 með 6% ársvöxtum frá 31. maí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ekki eru efni til að taka ómerkingarkröfu aðaláfrýjanda til greina.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um sýknu aðaláfrýjanda af kröfu gagnáfrýjanda um greiðslu fyrir ræstingu og þjónustu, þar sem gagnáfrýjandi hefur ekki fært sönnur að því, að hún eigi kröfu til frekari greiðslu úr hendi aðaláfrýjanda fyrir þessa þjónustu en aðaláfrýjandi hefur þegar greitt. Aðaláfrýjandi var eigi krafinn um greiðslu fyrir fæði fyrr en eftir á, en hann þykir samt ekki, eins og högum beggja aðilja var háttað, hafa leitt að því nægar líkur, að hann standi í engri skuld við gagnáfrýjanda fyrir fæði, og þykir mega staðfesta úrlausn héraðsdóms, að því er þennan

kröfulið varðar. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn með skírskotun til forsendna.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Gunnar Thorarensen, greiði gagnáfrýjanda, Þóru Guðmundsdóttur, kr. 6.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. apríl 1964.

Mál þetta var tekið til dóms 10. þ. m. Það var höfðað með tveimur sáttakærum, sem birtar voru 3. og 19. marz 1960. Stefnandi málsins er frú Þóra Guðmundsdóttir, sem nú býr í Meðalholti 3 hér í borg. Stefndi er Gunnar Thorarensen, Hallveigarstíg 2.

Kröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 56.400.00 með 6% vöxtum p. a. frá 31. maí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% vöxtum p. a. frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% vöxtum p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu. Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og málskostnaðar.

Krafa stefnanda er á því byggð, að stefndi hafi á árunum 1953—1959 fengið hjá henni fæði, þjónustu, ræstingu og peningalán. Aðiljum ber mjög á milli um málavexti. Um þá liggja fyrir upplýsingar í mörgum skjölum, og aðiljar og vitni hafa gefið skýrslur fyrir dómi. Verður vikið að gögnum þessum hér á eftir í þeim mæli sem nauðsyn ber til. Til hægðarauka verður fjallað um kröfur stefnanda í þrennu lagi og þá rætt í senn um atvik, málsástæður og lagarök og um álit dómara.

Þjónusta og ræsting. Stefnandi skýrir svo frá, að hún hafi kynnzt stefnda á heimili sameiginlegs vinafólks þeirra á árinu 1953. Hún kveður húsmóðurina á heimili þessu hafa beðið sig að taka stefnda í þjónustu, og kveðst hún hafa gert það. Nokkru síðar segist hún hafa tekið að ræsta herbergi stefnda í húsi við Flókagötu og hafi hún síðan annazt ræstingu þess og síðan herbergis við Lokastíg, sem stefndi hafi flutt í. Kveðst stefnandi hafa látið stefnda þessa þjónustu í té þar til í ágúst 1959.

Stefndi segir svo frá atvikum, að stefnandi hafi um skeið ræst herbergið við Flókagötu og fengið fyrir það 100.00 kr. á mánuði. Eftir nokkra múnuði hafi stefnandi hætt þessum starfa og ekki ræst fyrir stefnda síðan. Um þjónustuna sagði stefndi fyrst, að hún hefði engin verið. Síðar breytti hann þeim framburði og kvaðst þá ekki vilja neita því, að hann hefði fengið einhverja þjónustu hjá stefnanda. Ekki hefur hann skýrt þetta atriði nánar.

Nokkur vitni hafa borið um ræstingu og þjónustu stefnanda í þágu stefnda. Eitt vitni hefur borið, að önnur kona hafi ræst herbergi stefnda, og lögð hafa verið fram tvö óstaðfest vottorð, sem ganga í sömu átt og skýrsla stefnda.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hún hafi veitt stefnda fyrirgreiðslu af vorkunnsemi, enda hafi hann um árabil átt í erfiðleikum. Hefur stefnandi borið fyrir dómi, að ekki hafi verið rætt um greiðslu, áður en hún fór fyrst að ræsta fyrir stefnda og aldrei ella. Kröfu á hendur stefnda kvaðst hún hafa ákveðið að gera, eftir að hún hætti að veita honum fyrirgreiðslu.

Krafa stefnanda um greiðslu fyrir ræstingu og þjónustu nemur alls 7.200.00 krónum, þ. e. 50.00 krónum á mánuði fyrir hvort um sig í sex ár. Er krafan af hennar hálfu á því byggð, að stefndi hafi ekki getað ætlazt til, að hann fengi þessa fyrirgreiðslu ókeypis. Sýknukrafa stefnda, að því er þessi atriði varðar, er rökstudd með því, að stefnandi hafi ekki annazt fyrir hann neina ræstingu, sem ógreitt sé fyrir. Ekki hafi hún heldur annazt fyrir hann neina verulega þjónustu. Þá var við munnlegan flutning málsins borin fram sú málsástæða, að fyrnd væri hugsanleg krafa vegna tímans fyrir 2. marz 1956, en sáttakæra um þessa kröfu var dagsett 2. marz 1960. Þessari málsástæðu var af stefnanda hálfu mótmælt með þeim rökstuðningi, að hún væri of seint fram borin.

Að áliti dómarans ráðast úrslit málsins, að því er varðar kröfu stefnanda um greiðslu fyrir ræstingu og þjónustu, þegar af því, að kröfuna skortir lagastoð, þótt lögð sé til grundvallar atvikalýsing stefnanda. Ljóst er, að stefndi hefur ekki gefið stefnanda loforð um greiðslu. Ekki verður heldur talið, að lorорðsígildi liggi fyrir. Stefnandi hafði ekki atvinnu af að taka að sér ræstingu og þjónustu, það séð verði. Sambandi aðilja var og þannig farið, að stefnanda eigin sögn, að ekki verður talið, að stefnda hefði mátt vera ljóst, að honum bæri að greiða fyrir veitta fyrirgreiðslu, ef um hana hefur verið að ræða. Krafa stefnanda, sú

sem hér er til athugunar, verður því ekki byggð á reglum íslenzks réttar um loforð, og ekki er heldur fyrir að fara bótaréttarreglum eða öðrum lagareglum, sem hún verði með réttu byggð á.

Þess er að geta, að af hálfu stefnda hefur þeirri röksemd ekki verið hreyft, að þessa kröfu stefnanda skorti lagastoð. Hins vegar er ekkert fram komið, sem byggt verði á, að stefndi játi greiðsluskyldu sína, ef talið yrði, að leggja ætti til grundvallar atvikalýsingu stefnanda. Þvert á móti hefur af stefnda hálfu verið andmælt greiðsluskyldu, þótt því hafi ekki verið neitað, að stefndi hafi einhverja þjónustu fengið hjá stefnanda. Vegna sýknukröfu stefnda þykir eiga að láta úrslit málsins varðandi þá kröfu, sem hér er fjallað um, velta á ofangreindri skoðun dómarans, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936. Verður stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda um greiðslu fyrir ræstingu og þjónustu.

Fæði. Kröfu um greiðslu fyrir fæði gerði stefndi með sáttakæru, sem birt var 19. marz 1960. Segir þar, að stefndi skuldi stefnanda kr. 35.200.00 „fyrir fæði í sex ár, enda þótt ekki sé krafizt greiðslu fyrir meira en sem svarar tveim árum". Í stefnu í máli þessu var um atvik vísað til sáttakærunnar. Í greinargerð lögmanns stefnanda segir, að stefndi hafi verið í fæði hjá stefnanda í sex ár frá því á árinu 1953 án þess að greiða fyrir það. Þó hafi það komið fyrir, að hann hefði lagt á borð með sér fisk í soðið o. fl. Í reikningi, sem lagður var fram við þingfestingu málsins um leið og greinargerð þessi, er krafizt 36.000.00 króna fyrir fæði í sex ár, þ. e. 500.00 króna á mánuði. Frá reikningsupphæðinni eru dregnar 800.00 krónur. Er það talið andvirði þess, sem sagt er, að stefndi hafi lagt á borð með sér.

Stefnandi gaf aðiljaskýrslu fyrir dómi 12. júní 1961. Sagði hún þá, að stefndi hefði aðeins borðað stöku sinnum hjá sér, meðan hann var starfsmaður í Gamla Kompaníinu h/f (en þar kveðst stefndi hafa unnið fram undir áramótin 1954—1955). Eftir það hefði hann hins vegar verið með fæði á hennar vegum, ýmist borðað hjá henni eða borðað úti fyrir peninga frá henni. Kvað hún það rangt, sem stefndi heldur fram, eins og síðar greinir, að hann hafi borðað úti að staðaldri þar til á árinu 1957. Sagði stefnandi stefnda hafa verið í fæði hjá sér allt þar til í ágúst 1959. Hinn 5. desember 1961, er aðiljar voru samprófaðir um málsatvik, sagði stefnandi, að stefndi hefði sagt sér, að hann borðaði með Benedikt G. Waage, þegar hann borðaði úti, en stefnandi kvað slíkt hafa komið fyrir, þegar hún var við

vinnu. Sagðist stefnandi hafa látið stefnda fá fé til þessa við og við. Stefnandi kom enn fyrir dóm 7. desember s.l. og skýrði þá svo frá, að stefndi hefði ekki komið í fast fæði hjá sér, fyrr en nokkru eftir að hann flutti í herbergi, sem hann hafði á leigu við Flókagötu. Herbergi þetta hafði stefndi frá því í maí 1954. Ekki kvaðst stefnandi hafa haft fæðissölu.

Stefndi segir í aðiljaskýrslu sinni, sem lögð var fram 9. febrúar 1961, að hann hefði fyrst kynnzt stefnanda um páskaleytið 1954. Um fæðið segir í skýrslu þessari:

„Framan af árinu 1955 borðaði ég að staðaldri í Ingólfskaffi, eða þar til við Benedikt G. Waage fórum að borða saman á Hótel Vík, en við höfðum þá um nokkurt skeið borðað saman í Ingólfskaffi. Borðuðum við Benedikt að staðaldri á Hótel Vík þar til um haustið 1957.

Um haustið 1957 fór ég svo að borða hjá Þóru að verulegu leyti og borðaði þar með nokkrum undantekningum fram á sumar 1959. Sumarið 1958 fór ég í rúmlega mánaðar ferðalag ...

Hvað viðkemur, að ég hafi aldrei greitt neitt fyrir fæði mitt, vil ég geta þess, að það var um samið, að ég keypti að verulegu leyti til matar, og gjörði ég það oftlega eða lét henni í té peninga til þess. Vil ég geta þess, að ég keypti ½ tunnu af saltkjöti haustið 1957, svo eitthvað sé nefnt, og er það meðal annars nefnt „fiskur í soðið“ á máli Þóru. Að minnsta kosti reyndist mér fæðið vera mörgum sinnum dýrara en það fæði, er ég hafði áður fengið á Hótel Vík. Tel ég, að ég skuldi henni síður en svo fyrir fæðið, enda aldrei á það minnzt fyrr en með stefnu 2. marz 1960“. Stefndi staðfesti aðiljaskýrslu sína fyrir dómi 5. desember 1961.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf frá stefnda til málflutningsumboðsmanns hans, dagsett 26. nóvember s.l. Segir þar, að stefndi hafi ekki ritað hjá sér þær fjárgreiðslur, sem hann hafi innt af höndum fyrir stefnanda „á því tímabili, er ég var að miklu leyti í fæði hjá henni, þ. e. frá haustinu 1957 og fram á sumar 1959 ... þar sem eigi var ætlanin að ganga eptir greiðslu fyrir hjá Þóru, enda var það og þegjandi samkomulag okkar, að eigi komi önnur greiðsla fyrir fæði það, er Þóra lét mér í té“. Þá segir einnig í bréfi þessu: „... keypti ég að verulegu leyti til matar og lét í té Þóru peninga í þessu skyni. Get ég eigi áætlað þenna fjárhlut, en fullyrði, að ég hef þar með meira en goldið fæði það, er ég fékk hjá Þóru. Auk þess matbjó ég mjög opt fyrir

okkur bæði". Þessa frásögn staðfesti stefndi fyrir dómi 28. nóvember s.l.

Nokkur vitni hafa borið um það atriði, sem hér er til meðferðar.

Hjónin Jónas Magnússon og Sigríður Þorkelsdóttir bjuggu að eigin sögn í Þingholtsstræti 15, þ. e. í sama húsi og stefnandi, frá 1. júlí 1956 þar til í september 1958. Segja þau í vottorði, að stefndi hafi verið í fæði hjá stefnanda allan þennan tíma. Fyrir dómi staðfestu þau vottorðið. Þegar þeim var skýrt frá því, að stefndi segðist hafa borðað annars staðar til hausts 1957, sagði Jónas, að hann hefði séð stefnda í fæði hjá stefnanda, a. m. k. í hádegis- og kvöldmat, og taldi þetta hafa verið, frá því að hann fluttist í Þingholtsstræti 15. Framburður Sigríðar var sama efnis.

Símonía Jónsdóttir, sem bjó í Þingholtsstræti 15, þegar stefnandi fluttist þangað og fram á árið 1961, hefur borið, að stefndi hafi verið í fæði hjá stefnanda í a. m. k. tvö ár. Hins vegar kvaðst hún ekki muna, hvort hann hefði verið lengur í fæði hjá henni. Símonía kvað stefnanda ekki hafa minnzt á það við sig, að hún hefði látið stefnda hafa peninga til að borða úti, og ekki heldur, að hún hefði fengið peninga til matarkaupa hjá stefnda.

Benedikt G. Waage gaf vottorð, dagsett 7. febrúar 1961, sem lagt hefur verið fram í málinu. Þar segir: „... við Gunnar Thorarensen ... borðuðum saman að staðaldri á Ingólfskaffi framan af árinu 1955 og síðar á árinu á Hótel Vík til haustsins 1957 ...". Fyrir dómi hefur Benedikt staðfest vottorðið. Þegar hann kom fyrir dóm, var m. a. bókað: „Lögmaður stefnanda kveður umbj. sinn telja, að vitnið og stefndi hafi snætt saman, eins og í dskj. nr. 9" (þ. e. í vottorðinu) „greinir, hádegisverð. Vitnið kveður þá einnig hafa snætt saman kvöldverð, þó að niður hafi fallið máltíðir við og við, eins og verða vilji".

Tvær konur, sem sagðar eru starfa á Hótel Vík, og einn maður, Guðmundur Jónsson að nafni, hafa ritað á sérstakt afrit af vottorði Benedikts G. Waage, að það sé „sannleikanum samkvæmt". Guðmundur hefur komið fyrir dóm. Kvaðst hann hafa borðað með stefnda á Hótel Vík, en hins vegar ekki á Ingólfs Café. Sagði hann, að „yfirleitt hafi stefndi borðað báðar máltíðirnar á Hótel Vík þann tíma, sem vottorðið greinir frá, en þó hafi það komið fyrir, að máltíð og máltíð hafi fallið niður hjá stefnda, svo sem hjá vitninu sjálfu". Guðmundur kvaðst ekki hafa drukkið kaffi

á Hótel Vík og því ekki geta um það borið, hvort stefndi gerði það.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð frá Jóhannesi Bjarnasyni, Unnarbraut 5, Seltjarnarneshreppi. Er það þannig:

„Ég undirritaður votta hérmeð, að á tímabilinu 1955 — framundir haust 1957, að ég þurfti margsinnis að hafa samband við Gunnar Thorarensen, og þá er ég þurfti að tala við áðurnefndan aðila, var það umtalað, að við hittumst að loknum matmálstíma, eða um kl. 1 e. h., á Hótel Vík".

Vottorð þetta hefur vitnið staðfest, og bætti það því þá við, að sig minnti, að 1953 og 1954 hefði það hitt stefnda að Ingólfs Café og að stefndi hefði þá snætt þar.

Þess er enn fremur að geta, að lögð hafa verið fram nokkur skattframtöl aðilja málsins. Verða greindar hér samtölur tekjudálka á framtölunum:

		Stefnandi	Stefndi
Tekjur	1953	18.196.00	
—	1954	17.645.56	
—	1955	21.365.00	21.500.00
—	1956	26.683.00	33.232.00
—	1957	16.926.00	35.296.00
—	1958	20.699.00	35.119.00
—	1959	20.699.00	63.468.00

Í framtölum, sem lögð hafa verið fram, er þess getið, að á árunum 1958 og 1959 hafi stefndi selt hlutabréf fyrir samtals kr. 230.000.00, svo og þess, að hann hafi keypt önnur verðbréf fyrir alls kr. 120.000.00 að því er virðist. Í málinu er fram komið, að stefnandi átti nokkurt fé í sparisjóði, en ekki er fram komið, að af því hafi verið tekið til heimilishalds hennar.

Þess er enn fremur að geta, að stefndi heldur því fram, að hann hafi verið fjarverandi úr bænum rúmar þrjár vikur í ágúst 1957 og einn mánuð eftir 12. júlí 1958. Þá kveður hann stefnanda hafa verið í orlofi 2—3 vikur bæði 1958 og 1959.

Hér að framan hefur það verið rakið, sem fram er komið og máli þykir skipta um atvik, er varða kröfu stefnanda um endurgjald fyrir fæði.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að stefndi hafi haft fæði hjá henni eða á hennar vegum í sex ár (1953—1959). Hafi stefndi hlotið að vita, að hann gat ekki ætlazt til að fá það ókeypis. Sýknukrafa stefnda er, að því er þetta atriði varðar, rökstudd

með því, að hann hafi aðeins fengið hjá stefnanda fæði í tæplega tvö ár, og þó ekki óslitið á því tímabili. Aldrei hafi annað staðið til en hann greiddi fyrir fæðið, enda hafi hann gert það samkvæmt samkomulagi með því að kaupa til matar og annast matargerð á stundum. Er því haldið fram, að stefndi hafi í raun réttri verið fyrirvinna stefnanda þenna tíma. Við munnlegan flutning málsins var borin fram sú málsástæða, að fyrnd væri hugsanleg krafa vegna tímans fyrir 19. marz 1956, en sáttakæra um þessa kröfu var sem fyrr segir birt 19. marz 1960. Af stefnanda hálfu var þessari málsástæðu mótmælt með þeim rökstuðningi, að hún væri of seint fram borin.

Þegar litið er til framburða stefnda, Símoníu Jónsdóttur, Benedikts G. Waage, Guðmundar Jónssonar og Jóhannesar Bjarnasonar og til þess, sem upplýst er um tekjur aðilja, verður ekki talið, að stefnandi hafi sannað þrátt fyrir framburð Sigríðar Þorkelsdóttur og Jónasar Magnússonar, að stefndi hafi tekið að snæða á hennar vegum fyrr en 1957. Ekkert liggur fyrir um, hvenær hausts 1957 það hefur verið, en með tilliti til framburðar stefnda um fjarveru sína í ágúst 1957 þykir eiga að byggja á því í málinu, að hann hafi haft fæði á vegum stenanda frá 1. september 1957. Aðiljar eru sammála um, að stefndi hafi hætt að borða á vegum stefnanda í ágúst 1959, en byggja verður á því, að um fæði á vegum stefnanda hafi verið að ræða til 1. september 1959, þar sem nánari upplýsingar skortir. Af hálfu stefnanda hefur þeirri skýrslu stefnda ekki verið mótmælt, að vegna sumarleyfa hafi hlé orðið á, að stefndi snæddi á vegum stefnanda, alls í tvo mánuði. Þykir samkvæmt þessu eiga að leggja til grundvallar í málinu, að stefndi hafi haft fæði á vegum stefnanda í 22 mánuði 1957—1959.

Þar sem því hefur verið yfir lýst af hálfu stefnda, að jafnan hafi verið ætlunin, að hann greiddi fyrir fæðið, er hann hafði á vegum stefnanda, verður ekki leyst úr ágreiningsefni aðilja um það á sama hátt og gert var varðandi þjónustu og ræstingu. Ekki er við annað að styðjast um matarkaup og fjárgreiðslur stefnda en frásögn hans sjálfs svo og almennar líkur, sem telja má fyrir því, að hann hafi haft meiri útgjöld vegna fæðisins en stefnandi telur. Þykir verða að byggja á því í málinu, að stefnda beri að greiða fyrir fæðið á mánuði hverjum, eins og stefnandi gerir kröfu um. Stefnandi hefur ekki tilgreint, hvenær stefndi hafi lagt á borð með sér, eins og hún telur, að hann hafi gert. Verður að byggja á því, að til frádráttar því, er stefnda ber að greiða

stefnanda, komi kr. 800.00, eins og gert er í sundurliðun krafna stefnanda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður stefnda gert að borga stefnanda vegna fæðis kr. 500×22 ÷ 800 = 10.200.00.

Peningalán. Samkvæmt reikningi þeim, sem af hálfu stefnanda var lagður fram, þegar mál þetta var þingfest, lánaði stefnandi stefnda kr. 6.800.00 í peningum í apríl 1959 og kr. 7.200.00 í maí sama ár. Lagður hefur verið fram úttektarmiði, sem sýnir, að 5. maí 1959 tók stefndi 7.200.00 krónur út úr sparisjóðsbók, sem stefnandi átti við Landsbanka Íslands. Hins vegar hafa ekki komið fram í málinu neinar skuldaviðurkenningar eða önnur skjöl undirrituð af stefnda varðandi þessar fjárhæðir.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi 12. júní 1961, að fé það, er hún hefði lánað stefnda í apríl 1959, hefði verið afhent honum í peningum. Kvaðst hún hafa tekið það út úr sparisjóðsbók og taldi stefnda hafa notað það til að greiða ákveðna skuld. Hinn 5. desember 1961 skýrði stefnandi þetta nánar, en taldi þá, að lánið hefði verið veitt í júní en ekki apríl. Hafði sama dag verið lagt fram í málinu vottorð frá Búnaðarbanka Íslands þess efnis, að stefnandi hefði tekið 6.000.00 krónur út úr sparisjóðsbók 3. júní 1955. Á þinginu þennan dag skýrði stefnandi enn fremur svo frá, að áðurnefndar 7.200 krónur hefðu gengið til ákveðins manns.

Stefndi hefur algerlega synjað fyrir, að hann hafi fengið nokkurt peningalán frá stefnanda. Kveðst hann hafa tekið 7.200.00 krónur út úr sparisjóðsbók stefnanda 3. maí 1959 fyrir hana.

Reynt hefur verið að fá ítarlegri upplýsingar hér að lútandi, en það ekki tekizt.

Dómkröfur stefnanda, að því er peningalánin varðar, eru byggðar á því, að stefndi hafi fengið þessi lán, og að honum beri að endurgreiða þau. Dómkröfur stefnda eru á því byggðar, að lánin hafi aldrei verið veitt.

Stefnandi hefur ekki sannað, að hún hafi í apríl eða júní 1959 veitt stefnda lán. Verður krafan um, að stefndi greiði henni þessa fjárhæð, því ekki tekin til greina.

Stefndi tók 3. maí 1959 7.200.00 krónur út úr sparisjóðsbók, sem stefnandi átti. Hann hefur ekki gefið viðhlítandi skýringu á því, hvernig þetta bar að, og ekki sannað, að hann hafi staðið stefnanda skil á fénu. Verður honum því gert að greiða stefnanda þessa fjárhæð.

Málslyktir. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður

stefnda gert að greiða stefnanda kr. 17.400.00. Vaxtakrafa stefnanda verður tekin til greina frá þeim dögum, er sáttakærur voru birtar, þ. e. frá 3. og 19. marz 1960. Rétt er, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.500.00.

Við munnlegan flutning máls þessa gerði málflutningsumboðsmaður stefnda ýmsar athugasemdir við málatilbúnað af hálfu stefnanda. Ekki gerði hann þó kröfu um frávísun. Þótt lýsing málavaxta hafi í upphafi ekki verið sem nákvæmust, þykir eiga að leggja efnisdóm á mál þetta, eins og það horfir nú við.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Thorarensen, greiði stefnanda, Þóru Guðmundsdóttur, kr. 17.400.00 ásamt 9% vöxtum p. a. af kr. 7.200.00 frá 3. marz 1960 til 19. marz 1960 og af kr. 17.400.00 frá 19. marz 1960 til 29. desember 1960, en 7% vöxtum p. a. af kr. 17.400.00 frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndi stefnanda kr. 5.500.00 í málskostnað. Greiðslur þessar fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. janúar 1968.

Nr. 102/1967. **Egill Jónasson**
Sigurbjörg Ögmundsdóttir
Ólafur H. Egilsson
Nílsína Þ. Larsen og
Jóhannes Snorrason
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Áka Jakobssyni og gagnsök (sjálfur).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m., og krafizt þess, að þau verði sýknuð af öllum kröfum gagnáfrýjanda og honum dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. júlí 1967, gagnáfrýjað málinu með stefnu 22. ágúst s. á. og krafizt þess, að aðaláfrýjendum verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 278.000.00 með 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefur gagnáfrýjandi, sem rekur lögmannsskrifstofu hér í borginni, aðaláfrýjendur um greiðslu launa fyrir að koma á sölu nokkurra eigna í Ytri-Njarðvík, Gullbringusýslu. Kveður hann aðaláfrýjandann Ólaf H. Egilsson hafa falið sér sölu eignanna, en aðaláfrýjandann Egil Jónasson hafa haft á hendi samningaumleitanir. Eignir þessar voru hraðfrystihús ásamt leigulóðarréttindum svo og nokkurt lausafé, eign Eylands h/f, réttindi aðaláfrýjandans Egils Jónassonar til leigulóðar, húseign ásamt leigulóðarréttind-

um, eign aðaláfrýjandans Ólafs H. Egilssonar, og kaupréttur Eylands h/f að fiskibát. Af málflutningi aðilja verður að ætla, að aðaláfrýjendurnir Sigurbjörg Ögmundsdóttir, Nílsína Þ. Larsen og Jóhannes Snorrason hafi verið hluthafar í Eylandi h/f, en ekki virðast þau hafa tekið þátt í samningum við gagnáfrýjanda. Aðaláfrýjendurnir Egill Jónasson og Ólafur H. Egilsson virðast einnig hafa verið hluthafar í Eylandi h/f og Ólafur prókúruhafi félagsins, en ekkert hefur fram komið í málinu um heimildir þeirra til að bjóða eignir félagsins til sölu. Þá hefur eigi verið aflað gagna um, hverjir skipuðu stjórn Eylands h/f á þeim tíma, sem hér skiptir máli.

Þar sem slíkir gallar eru á málatilbúnaði og gagnaöflun, þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. febrúar 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. febrúar 1967, hefur stefnandi, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 12. nóvember 1966, á hendur þeim Agli Jónassyni, Sigurbjörgu Ögmundsdóttur, Ólafi Egilssyni og Nílsínu Þ. Larsen, öllum til heimilis að Borgarvegi 4, Ytri-Njarðvík, og Jóhannesi H. Snorrasyni, til heimilis Klapparstíg 1, Ytri-Njarðvík, til greiðslu in solidum á skuld að upphæð kr. 278.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá birtingu stefnu þessarar til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt mati réttarins.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum í stefnu og greinargerð:

Um miðjan marz 1965 kom stefndi Ólafur H. Egilsson á skrifstofu hans og bað hann að selja fyrir sig og föður sinn hraðfrysti-

húsið Eyland í Ytri-Njarðvík ásamt ca. 2000 fermetra lóð sunnan við það, sem faðir hans ætti, húseignina Þórustíg 22, sem hann ætti sjálfur, og vélbátinn Haffara, RE 20, sem Eyland h/f væri nýbúið að kaupa.

Taldi hann þeim feðgum mjög nauðsynlegt að selja þessar eignir, þar sem skuldir væru það miklar, að væntanlegur kaupandi þyrfti ekki að borga mikið út. Skrifaði hann þá upp á skrifstofunni í stórum dráttum skuldir þær, sem á eignum þessum hvíldu, og er þá uppskrift að finna á dskj. nr. 4 og rituð með eigin hendi Ólafs. Síðan hafi þeir báðir, Ólafur og Egill Jónasson, faðir hans, komið til sín og áréttað þá beiðni, að hann seldi fyrir þá áðurgreindar eignir. Daginn eftir hafi hann farið með Karl Ó. Jónsson, Skeiðarvogi 7, til þess að sýna honum húsið, en hann hafi áður verið búinn að skýra sér frá, að hann hefði áhuga á að kaupa hraðfrystihús. Fóru þeir í leigubifreið, og urðu þeir Ólafur og Egill samferða. Ólafur var þá orðinn lasinn og lagðist eftir það á sjúkrahús.

Egill sýndi síðar Karli húsið, sem skoðaði það allrækilega. Næstu daga hafi svo farið fram umræður milli Egils og Karls, ýmist á herbergi Egils á Hótel Vík eða í skrifstofu stefnanda, sem lokið hafi með fundi á skrifstofu hans, þar sem samkomulag varð um, að Karl Ó. Jónsson keypti hinar boðnu eignir fyrir kr. 13.900.000.00.

Þegar samkomulag hafi verið orðið um verðið, hafi Egill falið sér að semja samning um kaupin og vegna veikindaforfalla Ólafs hafi Egill óskað eftir, að samningurinn væri stílaður þannig, að hann væri seljandi allra eignanna fyrst um sinn, þar til afsöl væru útgefin. Á þessu stigi málsins hafi Egill ekki viljað framselja hlutabréfin, heldur gera sölusamning.

Eftir þessu hafi hann gert samninginn á dskj. nr. 6 og afhent hann Agli. Þegar Egill hafði athugað samninginn, fór hann að draga í land og sagðist vera hættur við að selja. Eftir þetta hafi Egill sneitt fram hjá sér, en nokkrum vikum síðar byrjaði Tómas Árnason að hafa samband við fyrrnefndan kaupanda að beiðni Egils og hafi þá verið gerðir samningar um sölu við Karl fyrir sömu upphæð, sem samið hafi verið um hjá sér. Samningur sá, sem hann gerði, dskj. nr. 6, hafi verið hjá Tómasi Árnasyni og hafi hann haft hann til hliðsjónar, er gengið var frá kaupunum við Karl og fjölskyldu hans.

Stefndi Ólafur Egilsson skýrir svo frá atvikum í aðiljaskýrslu:

Hann kveðst hafa hitt Jósafat Arngrímsson á götu í Reykjavík.

Hafi hann þá spurt sig, hvort áhugi væri fyrir að selja hraðfrystihúsið. Svaraði hann því til, að svo væri, ef gott verð fengist fyrir það. Jósafat benti honum þá á, að stefnandi væri með kaupendur að hraðfrystihúsi og vísaði honum á skrifstofu hans. Hann fór síðan á skrifstofu stefnanda, sem kvaðst hafa þrjá kaupendur, og innti hann eftir, hvort hann vildi selja. Hann hafi þá sagt lögmanninum, að þeir vildu selja frystihúsið, Haffara og Þórustíg 22 fyrir 15 milljónir. Lögmaðurinn bað hann þá að gefa upp áhvílandi skuldir, og gerði hann það eftir minni.

Nokkrum dögum seinna kom hann aftur á skrifstofu stefnanda, sem sagðist þá vera með kaupanda og vildi fara með hann suður þá um kvöldið. Varð að samkomulagi, að hann tæki þá feðga á Hótel Vík það sama kvöld, en vegna veikinda kom hann svo ekki meira við þetta mál. Hann segir, að það sé rangt hjá stefnanda, að hann hafi beðið hann að selja umræddar eignir og þeir feðgar hafi komið saman á skrifstofu hans.

Egill Jónasson skýrir svo frá atvikum í aðiljaskýrslu:

Hann kveðst fyrst hafa hitt stefnanda í sambandi við þetta mál, er hann ásamt Karli Jónassyni kom á Hótel Vík og tók þá feðga með suður í Njarðvíkur til þess að skoða frystihúsið. Næsta sunnudag komu þeir aftur og lögðu fyrir hann uppástungu um kaup Karls Ó. Jónssonar á eignunum. Hann kveðst þá hafa sagt stefnanda, að meiningin væri að selja ekki eignirnar undir 14½ milljón. Enn fremur að enginn grundvöllur væri fyrir svona kaupum, þar sem hann þyrfti að minnsta kosti eina milljón í peningum til þess að geta losað dómskuldir og aðrar skuldir, sem enga bið þyldu. Stefnandi hafi þá farið fram á, að kaupsamningur yrði gerður þá þegar, svo að Karl gæti tekið við húsinu strax daginn eftir.

Samræður um þessi mál héldu svo áfram, en alltaf strandaði á því, að kaupandinn gat ekki komið með neina peninga aðra en 250 þúsund, sem greiðast áttu Jóni Sigurðssyni fyrir fisk. Meðan á þessum samningum stóð, fór hann til Elíasar Þorsteinssonar hjá S. H., sem lánaði honum kr. 150 þúsund, svo að hann gat greitt skuldina við Jón Sigurðsson. Hins vegar var hann tilbúinn að selja eignirnar fyrir 13.9 milljónir, ef hann fengi eina milljón greidda í peningum.

Hann kveðst hafa tilkynnt stefnanda, að hann gæti ekki beðið lengur með þetta, þar sem dómkröfur og alls konar skuldir steðjuðu að sér. Eftir þetta sneri hann sér til Tómasar Árnasonar lögmanns og bað hann aðstoðar. Hóf hann þá viðræður við Útvegs-

bankann í Reykjavík, sem leiddu til þess, að bankinn lánaði honum kr. 700 þúsund, en það nægði til þess, að hann gat rekið húsið fram til haustsins og jafnframt notað tímann til að vinna að sölu eignanna.

Eftir að stefnandi var úr sögunni, kveðst hann hafa haft samband við Karl Ó. Jónsson og hafi orðið samkomulag þeirra í milli að reyna að koma á sölu með aðstoð Tómasar Árnasonar. Tómas vann svo að þessum málum næstu vikurnar, og fór svo, að honum tókst að koma á sölusamningum.

Í skýrslunni mótmælir Egill því, að hann hafi nokkurn tíma beðið stefnanda að selja eignirnar fyrir sig, og sagt honum, að Tómas Árnason væri sinn lögfræðingur. Þá mótmælir hann því að hafa beðið stefnanda að gera fyrir sig samning um kaupin. Öll viðleitni stefnanda til að koma sölu á hafi strandað á því, að nægileg útborgun fékkst ekki.

Karl Óskar Jónsson hefur komið fyrir dóm sem vitni.

Hann hefur borið, að stefnandi hafi boðið sér til kaups umræddar eignir og hafi samkomulag orðið við Egil Jónasson um, að verð þeirra skyldi vera kr. 13.900.000.00. Þá kveðst hann ætíð hafa boðið fram í peningum kr. 400—500 þúsund.

Þá hefur komið fyrir dóm sem vitni Jósafat Arngrímsson.

Vitnið kveðst hafa orðið áheyrandi að því, að Ólafur Egilsson hafi falið stefnanda sölu eignanna. Í því sambandi hafi Ólafur innt stefnanda eftir, hvaða sölulaun hann tæki, og tjáði stefnandi honum, að hann tæki 2%.

Enn fremur hefur Tómas Árnason komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína á dskj. nr. 10.

Mál þetta var endurupptekið 24. júní 1966 og aðiljum gefinn kostur á að leiða vitni og afla frekari gagna, en þeir sinntu því ekki að öðru leyti en vitnið Jósafat Arngrímsson kom fyrir dóm.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að fyrir tilstuðlun hans hafi kaupin komizt á. Hann hafi leitt kaupanda og seljendur saman, gert samningsuppkast og ekkert verið því til fyrirstöðu, að hann leiddi kaupin til lykta.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að hvorki Egill Jónasson né Ólafur H. Egilsson hafi beðið stefnanda að selja hinar umdeildu eignir. Það eina, sem stefnandi hafi gert til sölu eignanna, var það, að hann vissi um mann, sem hafði áhuga á kaupunum og gerði tilraun til að selja þær án þess þó að hafa umboð til þess. Sölutilraunin bar ekki árangur og beri stefnanda því engin sölulaun.

Hafa nú verið rakin málsviðhorf aðilja hvors um sig, eins og þau koma fram í skjölum málsins og munnlegum málflutningi aðilja.

Eins og segir hér að framan, vakti Jósafat Arngrímsson athygli stefnda Ólafs á því, að stefnandi hefði kaupanda að frystihúsi. Að fengnum þessum upplýsingum gengur hann á fund stefnanda á skrifstofu hans, og hefjast þá viðræður þeirra á milli um sölu eignanna, m. a. gefur hann stefnanda upp söluverð og áhvílandi veðskuldir.

Nokkrum dögum síðar kemur Ólafur aftur á skrifstofu stefnanda, og verður þá að samkomulagi, að stefnandi ásamt væntanlegum kaupanda og stefndu Ólafi og Agli fari saman suður í Njarðvíkur og skoði eignirnar.

Eftir þá ferð halda samningar áfram, og gerir stefnandi þá samningsuppkast, sem lagt hefur verið fram á dskj. nr. 6. Stefndu halda því fram, að samningar hafi strandað á því, að kaupandinn hafi ekki getað greitt þá útborgun, sem þeir þurftu nauðsynlega að fá, eða nánar tiltekið eina milljón. Stefnandi heldur því hins vegar fram, að stefndu hafi alltaf staðið til boða útborgun að upphæð kr. 400—500 þúsund.

Þegar hér var komið, snerust málin þannig, að stefndu leituðu til Tómasar Árnasonar lögfræðings til fyrirgreiðslu um sölu eignanna. Honum tókst að koma sölunni á með þeim skilmálum, sem frá greinir á dskj. nr. 10.

Eins og að framan greinir, hafa stefndu eindregið neitað því að hafa falið stefnanda sölu hinna umdeildu eigna. Þrátt fyrir vætti Jósafats Arngrímssonar liggur ekki fyrir í málinu lögfull sönnun fyrir þeirri staðhæfingu stefnanda, að stefndu hafi falið honum söluumboð. Hins vegar er nægilega í ljós leitt, að stefnandi kom á sambandi milli kaupanda og seljanda, sem leiddi til þess, að sala komst á. Stefndu tóku sjálfir þátt í því starfi, sem stefnandi innti af hendi í þessu sambandi, og hreyfðu engum andmælum gegn því.

Með tilliti til þessa þykir stefnandi eiga rétt til nokkurrar þóknunar úr hendi stefndu fyrir þessi störf sín, og þykir hún með hliðsjón af söluverði eignanna hæfilega ákveðin kr. 75.000.00.

Málalok verða því þau, að stefndu verður gert að greiða stefnanda in solidum kr. 75.000.00 með 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað.

Kristján Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Egill Jónasson, Sigurbjörg Ögmundsdóttir, Ólafur Egilsson og Nílsína Þ. Larsen, greiði in solidum stefnanda, Áka Jakobssyni, kr. 75.000.00 með 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 30. janúar 1968.

Nr. 256/1966. **Klappareignin h/f** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík
f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Ármann Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómari Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr, Bjarni K. Bjarnason borgardómari, Emil Ágústsson borgardómari og Halldór Þorbjörnsson sakadómari.

Stóreignaskattur. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1966. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað frá fógetadómi, en til vara, að synjað verði um framkvæmd lögtaks þess, sem krafizt er. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda. Það athugast, að fógeti hefur í úrskurði sínum tekið til úrlausnar frávísunarkröfu, sem aðaláfrýjandi hafði uppi í greinargerð í héraði, en féll frá, áður en málið var þar tekið til úrskurðar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. janúar 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. s. m. Hann krefst þess,

að lögtak verði heimilað í eignum aðaláfrýjanda til tryggingar skatti á stóreignir samkvæmt lögum nr. 44/1957, kr. 145.948.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 16. ágúst 1958 til 31. desember 1958 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Gagnáfrýjandi krefst og málskostnaðar af aðaláfrýjanda fyrir fógetadómi og Hæstarétti. Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar hefur gagnáfrýjandi lækkað lögtakskröfu sína um kr. 19.00 vegna endurreiknings hennar til samræmis við breytingu á skattmati hlutabréfa H/f Eimskipafélags Íslands í eigu hluthafa aðaláfrýjanda, sbr. dóm Hæstaréttar 26. október 1962 í málinu nr. 88/1962: Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn H/f Eimskipafélagi Íslands.

Dómendur eru allir sammála um forsendur og niðurstöðu dóms þessa, sbr. þó II. kafla forsendna.

I.

Engin efni eru til, að aðalkrafa aðaláfrýjanda verði til greina tekin.

II.

Dómendurnir Ármann Snævarr prófessor, Bjarni K. Bjarnason borgardómari, Emil Ágústsson borgardómari og Halldór Þorbjörnsson sakadómari taka fram:

Í dómum Hæstaréttar hefur áður verið dæmt, að tilteknir þættir laga nr. 44/1957 séu andstæðir 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Annmarkar á lögum nr. 44/1957 eru eigi slíkir, að alveg fullnægjandi ástæða sé til að telja lögin í heild ógild samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari tekur fram:

Eigi verður talið, að annmarkar á lögum nr. 44/1957 séu svo miklir, að lögin í heild séu ógild samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

III.

Eftir gögnum málsins er fjárhæð skattgjalds þess, sem gagnáfrýjandi krefst úr hendi aðaláfrýjanda vegna hluthafa hans, réttilega ákveðin kr. 145.948.00. Samkvæmt 7. gr. og

2. mgr. 10. gr. laga nr. 44/1957 og svo 1. gr. laga nr. 29/1885 ber að taka til greina kröfu gagnáfrýjanda um lögtak í eignum aðaláfrýjanda til tryggingar nefndri skattkröfu ásamt vöxtum, eins og krafizt er, sbr. 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 44/1957, 1. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 95/1957, 1. mgr. auglýsingar nr. 194/1958 og 1. mgr. 45. gr. laga nr. 46/1954, en skattkrafa vegna hluthafanna var tilkynnt aðaláfrýjanda hinn 15. febrúar 1958, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 44/1957 og 22. gr. reglugerðar nr. 95/1957.

IV.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað í héraði þykir mega staðfesta, en rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Lögtak skal fram fara hjá aðaláfrýjanda, Klappareigninni h/f, fyrir kr. 145.948.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. ágúst 1958 til 31. desember 1958 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað á að vera óraskað.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 26. nóvember 1966.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 21. f. m., hefur gerðarbeiðandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, krafizt þess, að lögtak verði gert hjá gerðarþola, Klappareigninni h/f hér í borg, til tryggingar vangoldnum skatti á stóreignir samkvæmt lögum nr. 44 frá 1957 að fjárhæð kr. 145.967.00 auk dráttarvaxta, 6% p. a. frá 16. ágúst 1958 til 31. janúar 1959 og 12% p. a. frá þeim degi til greiðsludags svo og öllum kostnaði við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Enn fremur hefur hann krafizt málskostnaðar að mati dómsins úr hendi gerðarþola.

Aðalkrafa gerðarþola er, að málinu verði vísað frá fógetadómi.

Fyrsta varakrafa, að synjað verði um framgang lögtaksgerðarinnar.

Önnur varakrafa, að lögtak verði einungis heimilað fyrir lægri fjárhæð en þeirri, sem gerðarbeiðandi krefst. Er sú krafa gerðarþola í þrem liðum:

a. Að lögtak verði heimilað fyrir kr. 41.580.00.
b. Að lögtak verði heimilað fyrir kr. 65.275.00.
c. Að lögtak verði heimilað fyrir kr. 129.021.00.

Vaxtakröfu gerðarbeiðanda hefur gerðarþoli mótmælt sérstaklega, og málskostnaðar krefst hann sér til handa, hvernig sem málið annars fer.

Með lögum nr. 44 frá 1957 var lagður sérstakur skattur, sem hér á eftir verður nefndur stóreignaskattur, á hreina eign einstaklinga, sem meiru nam en einni milljón króna, miðað við 31. desember 1956, samkvæmt matsreglum, sem nánar eru ákveðnar í lögunum.

Skattstjóranum í Reykjavík var falinn útreikningur og álagning þessa skatts fyrir allt landið.

Ákvarðanir skattstjóra um skattálagninguna mátti kæra til ríkisskattanefndar, en úrskurði hennar var heimilt að bera undir dómstólana.

Samkvæmt 22. og 23. gr. reglugerðar nr. 95 frá 1957 skyldi ákvörðun skattstjóra um álagningu skattsins tilkynnt gjaldanda í ábyrgðarbréfi, og sama gilti um kæruúrskurði hans og ríkisskattanefndar. Kærufrestir til skattstjóra og ríkisskattanefndar voru í Reykjavík 20 dagar, frá því að bréf um skattákvörðun eða kæruúrskurður var póstlagður, en ef úrskurði ríkisskattanefndar var skotið til dómstóla, skyldi höfða það mál innan þriggja mánaða, frá því að ríkisskattanefnd kvað upp úrskurð sinn.

Skattstjórinn í Reykjavík ákvað í upphafi, að gerðarþola bæri að greiða í stóreignaskatt vegna hluthafa sinna kr. 1.379.050.00, og var sú ákvörðun tilkynnt með bréfi, dags. 15. febrúar 1958.

Gerðarþoli kærði álagninguna til skattstjóra með bréfi, dags. 5. marz s. á. Ákvarðaði skattstjóri skattinn að nýju hinn 14. ágúst 1958 og breytti honum vegna reikningsvillu við fyrri útreikning í kr. 1.378.747.00. Ekki er ljóst, hvenær þessi niðurstaða var tilkynnt gerðarþola, en með bréfi, dags. 13. september 1958,

kærði gerðarþoli álagninguna til ríkisskattanefndar. Við munnlegan flutning málsins voru umboðsmenn aðilja sammála um, að ekki væri vefengt, að þessi kæra hefði komið fram í tæka tíð.

Hinn 29. nóvember 1958 féll í Hæstarétti dómur, sem raskaði þeim reglum laga nr. 44 frá 1957, sem skattstjóri hafði byggt á, um mat á hlutabréfum við ákvörðun stóreignaskattsins. Varð því að taka skatt gerðarþola og fjölda annarra gjaldenda til útreiknings og ákvörðunar að nýju.

Með bréfi, dags. 17. nóvember 1959, tilkynnti ríkisskattanefnd gerðarþola, að ákvörðun skattstjóra um verðlagningu á fasteignum hans til stóreignaskatts skyldi óbreytt standa, en matsverð hlutabréfa og skattgreiðslur gerðarþola vegna hluthafa væri til úrskurðar hjá skattstjóra og yrði tilkynnt um þær síðar.

Niðurstaða skattstjóra um nýtt mat á hlutabréfum og stóreignaskatt, útreiknaðan samkvæmt því, var tilkynnt gerðarþola 11. marz 1959. Var þá skatturinn ákveðinn kr. 1.248.082.00. Þessa skattákvörðun kærði gerðarþoli til skattstjóra með bréfi, dags. 20. marz 1959.

Að gengnum dómi Hæstaréttar frá 29. nóvember 1958 setti skattstjórinn í Reykjavík almennar reglur, sem hafa skyldi til hliðsjónar við ákvörðun hlutafjáreignar til stóreignaskatts. Síðastgreindur skattur gerðarþola var útreiknaður samkvæmt þessum reglum skattstjóra. Með úrskurði hinn 28. maí 1959 setti ríkisskattanefnd almennar reglur um hlutabréfamat, sem ekki voru í samræmi við framannefndar reglur skattstjóra. Varð þá skattstjóri enn á ný að taka til úrskurðar og ákvörðunar allan þann stóreignaskatt, sem að einhverju eða öllu leyti ákvarðaðist af hlutabréfaeign gjaldenda, þar á meðal þann skatt, sem gerðarþola skyldi gert að greiða.

Samkvæmt þessum síðasta útreikningi var gerðarþola gert að greiða í stóreignaskatt kr. 409.514.00. Þetta var gerðarþola tilkynnt með bréfi, dags. 11. desember 1959. Þessari ákvörðun skattstjóra skaut gerðarþoli til ríkisskattanefndar með bréfi, dags. 28. s. m. Ríkisskattanefnd kvað upp úrskurð vegna þessarar kæru 20. júní 1960 og staðfesti ákvörðun skattstjóra. Verður að telja, að þá fyrst séu afgreidd frá hendi skattayfirvaldanna þau mál, sem hófust með kæru gerðarþola til skattstjóra hinn 5. marz 1958.

Almennur úrskurður um lögtök í Reykjavík fyrir stóreignaskatti var kveðinn upp 14. maí 1959 og auglýstur í dagblöðum borgarinnar. Ekki er ljóst, hvenær tollstjórinn beiddist sérstaklega, að lögtak yrði gert í eignum gerðarþola fyrir stóreignaskatti

þeim, sem honum var gert að greiða, en fyrir 20. ágúst 1960 hefur það verið, því að þann dag er lögtaksmál þetta fyrst tekið fyrir í fógetadómi Reykjavíkur. Varð þá þegar ljóst, að gerðarþoli ætlaði að taka til varna um efnishlið málsins, þ. e. réttmæti skattálagningarinnar. Verður því að telja, að málinu hafi verið skotið til dómstólanna innan þess frests, sem áskilinn er í 3. málsgr. 23. gr. reglugerðar nr. 95 frá 1957, þar eð varnir um réttmæti skattálagningarinnar fyrir fógetadómi verða að teljast jafngilda sjálfstæðri málshöfðun í þessu sambandi.

Meðan lögtaksmálið var til meðferðar fyrir fógetadómi, varð enn að taka skatt þann, sem gerðarþola var gert að greiða, til útreiknings að nýju vegna breytinga, sem orðið höfðu á grunnskatti eins af hluthöfum Klappareignarinnar h/f (gerðarþola). Að loknum þeim útreikningi var skatturinn talinn nema kr. 145.967.00.

Er lögtakskrafan nú miðuð við þessa fjárhæð. Þessum útreikningi var lokið 15. nóvember 1960, en ekki er ljóst, hvenær eða á hvern hátt hann var tilkynntur gerðarþola. Lögmanni hans var ókunnugt um þessa breytingu, þegar hann lagði fram greinargerð í málinu 24. apríl 1961, og með vissu verður ekki sagt, að hún hafi orðið honum eða umbjóðanda hans kunnug fyrr en 15. maí s. á.

Úrskurður fógeta í máli þessu féll 2. apríl 1962. Var honum áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 18. maí s. á. Dómur Hæstaréttar féll 3. marz 1965 á þá lund, að úrskurður fógeta og öll málsmeðferðin var ómerkt frá og með þinghaldi í fógetadómi hinn 15. desember 1960 og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar að nýju. Hefur málið síðan verið sótt og varið að nýju fyrir fógetadóminum.

Ekki þykir ástæða til að rekja hér útreikninga skattayfirvalda á hinum umdeilda skatti né grundvöll þeirra í heild, en að einstökum atriðum í því sambandi verður vikið síðar í sambandi við úrlausn á kröfum málsaðilja.

Kröfur gerðarbeiðanda eru byggðar á því, að skattur sá, sem lögtaks er krafizt fyrir, sé löglega á lagður samkvæmt lögum nr. 44 frá 1957 og að gerðarþoli beri ábyrgð á greiðslu hans samkvæmt 1. málsgr. 7. gr. þeirra laga.

Mótmæli gerðarþola gegn framgangi lögtaksins eru byggð á mörgum málsástæðum, sem raktar verða hér á eftir.

Kröfu sína um vísun málsins frá fógetadómi byggir gerðarþoli á vanreifun málsins af hálfu gerðarbeiðanda, sem hann telur

slíka, að ekki verði lagður efnisdómur á málið. Rökstyður hann þetta með því, að gerðarbeiðandi hafi ekki þrátt fyrir áskoranir lagt fram gögn um ákveðnar matsgerðir, sem byggt er á við ákvörðun stóreignaskattsins.

Gögn þau, sem gerðarþoli hefur í þessu sambandi skorað á gerðarbeiðanda að leggja fram, virðast ekki skipta máli um úrlausn fógetamáls þessa sérstaklega, en þótt svo væri, mundi vanræksla gerðarbeiðanda á að leggja þau fram ekki valda vísun lögtaksmálsins frá dómi, heldur synjun um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Frávísunarkrafa gerðarþola verður því ekki tekin til greina.

Fyrri varakröfu sína um, að synjað verði með öllu um framgang lögtaksgerðarinnar, byggir gerðarþoli fyrst og fremst á því, að lög nr. 44 frá 1957 séu í heild ógild og því sé skattlagning samkvæmt þeim marklaus, en í öðru lagi á því, að þótt lögin verði talin stjórnskipulega gild, sé grundvöllur skattkröfunnar á hendur gerðarþola löglaus, og beri því að hafa hana að engu.

Rökstuðningur gerðarþola fyrir þeim málsástæðum, sem nefndar eru hér í næstu málsgrein á undan, er í megindráttum þessi:

1. Dómstólar hafi litið svo á, að a. m. k. tvö ákvæði laga nr. 44 frá 1957 fari í bága við stjórnarskrána. Hér sé því um lög að ræða, sem feli í sér breytingar á stjórnskipulaginu, og hefði meðferð þeirra á Alþingi því átt að vera sú, sem stjórnarskráin og þingskapalög áskilja um stjórnarskrárbreytingar. Þessa hafi ekki verið gætt og því séu lögin í heild ógild.

2. Stóreignaskatturinn sé ekki skattur í stjórnsknpulegri merkingu þess orðs, heldur eignaupptaka (confiscatio) og því löglaus, þar sem hinum takmörkuðu skilyrðum fyrir eignaupptöku að íslenzkum rétti sé ekki fullnægt. Þessa niðurstöðu styður gerðarþoli þeim rökum, að fjárhæð skattsins geti orðið allt að 25% af þeirri eign gjaldanda, sem er umfram eina milljón króna, en það sé meira en svo, að álögurnar geti talizt skattur. Einnig bendir hann á, að svipaðar álögur hafi verið lagðar á skattþegna með lögum nr. 22 frá 19. marz 1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. Af þeim stóreignaskatti, sem þá var á lagður, hafi um ⅔ hlutar enn verið ógreiddir, þegar lög nr. 44 frá 1957 tóku gildi, en í ýmsum tilfellum séu sömu aðiljar skattlagðir samkvæmt hvoru tveggja þessara lagaboða og sé einnig af þessu augljóst, að hér sé ekki um venjulegan skatt að ræða, heldur eignaupptöku.

3. Skattstefna laga nr. 44 frá 1957 sé einnig löglaus frá því

sjónarmiði, að skattþegnum sé stórlega mismunað við álagningu skattsins. Félög séu skattfrjáls, en ýmis auðugustu fyrirtæki landsins séu einmitt félög í ýmsu formi, sem algerlega sleppa við skattaálögur þessar. Enn fremur séu sumar eignir, svo sem sparifé og ríkistryggð skuldabréf, ekki taldar með sem andlag fyrir stóreignaskattinum. Þannig verði skattþegnum mismunað svo við þessar skattaálögur, að óheimilt sé samkvæmt stjórnarskránni.

4. Enn færir gerðarþoli það fram, að fjárheimta ríkisins samkvæmt lögum nr. 44 frá 1957 sé svo nærgöngul við þegnana, að í henni felist brot á mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála Evrópuráðsins, en Ísland sé aðili að báðum þessum alþjóðlegu samningum og bundið af ákvæðum þeirra.

5. Þá hefur gerðarþoli bent á, að stóreignaskattinum hafi fyrirfram verið ráðstafað til sérstakra stofnana, Búnaðarbankans og byggingarsjóðs ríkisins. Hann sé því enn af þeirri ástæðu ekki skattur, enda sé hann ekki tekinn með á fjárlög, svo sem lögboðið sé um allar tekjur og gjöld ríkissjóðs.

6. Loks færir gerðarþoli fram þá málsástæðu fyrir fyrri varakröfu sinni, að samkvæmt 7. gr. laga nr. 44 frá 1957 séu félög gerð ábyrg fyrir greiðslu á hluta af þeim skatti, sem lagður er á félaga þeirra eða hluthafa, og að þannig sé greiðsluskylda gerðarþola til komin, en óheimilt sé að leggja með lögum ábyrgð á einn aðilja á greiðsluskyldum annars.

Öllum þeim málsástæðum gerðarþola, sem hér hafa verið raktar, er mótmælt af gerðarbeiðanda. Hann vísar á bug þeirri staðhæfingu gerðarþola, að það valdi ógildi laga nr. 44 frá 1957 í heild, þótt dómstólar hafi metið einstök ákvæði þeirra gagnstæð stjórnarskránni, enda hafi bæði stjórnvöld og dómstólar beitt lögunum að öðru leyti þrátt fyrir þessa dóma. Hann mótmælir því, að álögur samkvæmt lögunum séu svo háar eða hlutdrægar gagnvart skattþegnum þjóðfélagsins, að í þeim felist stjórnarskrárbrot. Bendir hann í því sambandi á, að sú regla laganna að leggja annað mat til grundvallar á eignum, sem notaðar eru við landbúnað og sjávarútveg, en öðrum sé í samræmi við gamlar og óvefengdar venjur í skattalöggjöf hér og byggist á mati löggjafans á þjóðfélagslegri nauðsyn þess að létta undir með þessum grundvallaratvinnuvegum þjóðarbúsins. Hliðstæð hugmynd liggi til grundvallar því að undanþiggja skatti þessum sparifé í bönkum og viðurkenndum sjóðum svo og ríkisskuldabréf og ríkistryggð verðbréf, enda hafi eignir, svo sem sparifé, verið undanþegið

almennum sköttum samkvæmt lögum nr. 46 frá 1954. Gerðarbeiðandi bendir á, að ákvæði mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna eða mannréttindasáttmála Evrópuráðs hafi hér ekki annað eða meira gildi en felist í stjórnarskrá landsins eða settum lögum.

Gerðarbeiðandi telur það ekki hafa þýðingu fyrir lögmæti stóreignaskattsins, þótt hann renni ekki beint í ríkissjóð. Hér sé um fyrirfram ráðstöfun á ríkistekjum að ræða til ákveðinna þarfa og skipti því eigi máli, þótt skatturinn sé ekki tekinn inn á fjárlög.

Loks heldur gerðarbeiðandi því fram varðandi 6. lið hér að framan í málsástæðum gerðarþola, að þess séu mörg dæmi í lögum, að maður eða stofnun séu gerð ábyrg fyrir skuld annars aðilja, og sé því engin lögleysa, þótt félögum sé gert að annast greiðslu á skatti félagsmanna eða hluthafa. Bendir hann í þessu sambandi t. d. á ábyrgð atvinnurekenda á almennum skattgreiðslum starfsmanna sinna.

Hér verður nú tekin afstaða til málsástæðna gerðarþola nr. 1—6 hér að framan, sem hann, eins og áður segir, telur, að hver um sig eigi að leiða til þess, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Um 1. Hæstiréttur hefur í dómum, uppkveðnum 29. nóvember 1958 og 7. desember 1959, staðfest, að ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 44 frá 1957 um skattmat hlutabréfa og niðurlagsákvæði 2. gr. sömu laga um skattlagningu á fyrirfram greiddum arfi fái ekki staðizt gagnvart 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar hefur Hæstiréttur og aðrir dómstólar byggt niðurstöður á ýmsum öðrum ákvæðum laganna, enda verður ekki fallizt á þá skoðun gerðarbeiðanda, að ómerking þessara ákvæða leiði til ógildingar laganna í heild.

Um 2. Þótt stóreignaskatturinn samkvæmt lögum nr. 44 frá 1957 sé nokkuð sérstæð skattheimta og komi í sumum tilfellum allhart niður á eign gjaldenda, verður þó ekki fallizt á, að hér sé um eignaupptöku að ræða eða hliðstæðar álögur, sem ekki fái staðizt vegna ákvæða stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Um 3. Mat á eignum til skatts samkvæmt lögum nr. 44 frá 1957 er að vísu nokkuð mismunandi, eftir því um hvers konar fyrirtæki, starfsemi eða tegundir eigna er að ræða. Þó verður ekki fallizt á, að hér sé um slíka mismunun að ræða, að það valdi ógildi laganna eða skattheimtunnar í heild.

Um 4. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmáli Evrópuráðs hafa hér ekki sjálfstætt lagagildi, og verður ógilding stjórnskipulega settrar löggjafar því ekki byggð á þeim fyrir íslenzkum dómi.

Um 5. Það sést m. a. af ákvæðum 2. mgr. 6. gr. laga nr. 44 frá 1957, að álögur samkvæmt þeim eru tekjur ríkissjóðs, enda þótt þeim tekjum sé, svo sem algengt er, fyrirfram ráðstafað til ákveðinna þarfa. Vegna þessarar ráðstöfunar hefur ekki þótt ástæða til að taka gjöld þessi inn á fjárlög, enda breytir það út af fyrir sig engu um eðli gjaldsins sem skatts til ríkissjóðs.

Um 6. Félög eru skattfrjáls af eignum sínum samkvæmt lögum nr. 44 frá 1957. Hins vegar koma eignir félaga óbeint til skatts á þá lund, að hlutdeild félagsmanns í félagi er bætt við aðrar eignir hans, þegar stóreignaskattur hans er reiknaður, en í 7. gr. laganna er svo ákveðið, að félagið skuli annast greiðslu þess skatts, sem lagður er á félagsmann vegna eignar hans í félaginu. Slíka greiðslu má þó endurkrefja úr hendi félagsmanns samkvæmt samþykkt aðalfundar viðkomandi félags.

Regla þessi getur leitt til þess, að félag verði vegna ábyrgðar sinnar á skattgreiðslunni að greiða fyrir félagsmann kröfu, sem ekki er þess eigin skuld. En þegar annars vegar er litið á þau nánu tengsl, sem eru milli félags og eigna þess og þess hluta af skatti félagsmanna, sem því er gert að inna af hendi, svo og þess, að greiðsla þessi er endurkræf úr hendi félagsmannsins, ef félagsfundur ákveður svo, verður ekki litið svo á, að heimildarlaust hafi verið að leggja þessa ábyrgð á félögin að lögum. Þetta ákvæði veldur því hvorki ógildingu laganna í heild né heimilar félagi að skorast undan greiðslu á skuldum félagsmanna innan þeirra takmarka, sem 7. gr. laganna setur. Í málinu er það ekki vefengt, að krafan á hendur gerðarþola liggi innan þeirra takmarka.

Hér hafa verið raktar þær málsástæður, sem gerðarþoli byggir á þá málsvörn, að lög nr. 44 frá 1957 séu í heild ógild vegna þess, að þau eða einstök ákvæði þeirra brjóti í bága við stjórnarskrána eða gilda alþjóðasamninga.

Jafnframt þessum málsvörnum byggir gerðarþoli kröfu sína um, að algerlega verði synjað um lögtaksgerðina, á því, að þótt lög nr. 44 frá 1957 verði talin stjórnskipulega gild, séu slíkir gallar á álagningu þess skatts, sem gerðarþola er gert að greiða, að synja beri um innheimtu á honum.

Ein af þessum ástæðum er, að óheimilt sé að gera félagi að

skyldu að greiða skatt, sem lagður er á félagsmenn. Þessari málsástæðu hafa verið gerð skil hér að framan.

Aðrar röksemdir gerðarþola fyrir þessari kröfu eru þær, að við mat á þeim verðmætum, sem lögð eru til grundvallar skattinum, sé ekki gætt réttra reglna.

Þess er fyrst að geta, að gerðarþoli hefur bæði í greinargerð og við munnlegan flutning málsins dvalið við að sýna fram á, að reglur um mat á lóðum, sem fylgt var við álagningu stóreignaskattsins, séu rangar. Við munnlegan flutning málsins lýsti hann þó yfir því, að matinu á lóðum gerðarþola væri ekki mótmælt. Hins vegar drap hann á, að mat á lóðum tveggja hluthafa í Klappareigninni h/f, sem áhrif hefði á fjárhæð skattsins, sem gerðarþola er gert að greiða, væri mótmælt.

Ekkert liggur annars fyrir í þessu máli um nefndar lóðir, ekki einu sinni hverjar þær eru, og ekki er vitað, að mat á þeim hafi verið vefengt við skattayfirvöld vegna álagningar stóreignaskattsins. Er þess vegna ekki unnt að taka þessa vefengingu gerðarþola á lóðamatinu til greina.

Í öðru lagi hefur gerðarþoli haldið því fram, að þær almennu reglur, sem fylgt var við mat á hlutabréfum til stóreignaskatts, séu ólöglegar.

Í 1. málsgr. 4. gr. laga nr. 44 frá 1957 er sett almenn regla um, hvernig meta beri eign manns í félagi til stóreignaskatts. Með dómi Hæstaréttar hefur því verið slegið föstu, að þetta ákvæði væri ekki samrýmanlegt 27. gr. stjórnarskrárinnar, að því er eign manns í hlutafélagi varðar, og var þar lagt fyrir, að hlutabréf skyldu metin til eignar á sannvirði. Að þessum dómi gengnum setti skattstjóri og síðar ríkisskattanefnd almenna reglu til hliðsjónar um, hvernig hlutafjáreign skyldi metin. Var þar tekin til greina eign félags, upphæð hlutafjár, hagnaður árin 1954—1956 og greiddur arður á sömu árum. Reglu ríkisskattanefndar var fylgt við útreikning á skatti gerðarþola.

Þessari reglu mótmælir gerðarþoli og telur, að þegar felld hafði verið úr gildi sérregla 1. málsgr. 4. gr. laga nr. 44 frá 1957, hefði í stað hennar átt að miða hlutafjáreign við nafnverð hlutabréfa samkvæmt ákvæðum e-liðar 19. gr. þágildandi laga um tekju- og eignarskatt nr. 46 frá 1954, sem telja verði almenna reglu um skattmat hlutabréfa, enda komi hér einnig til greina reglan í 1. málsgr. 2. gr. laga nr. 44 frá 1957, þegar sérreglan í 1. málsgr. 4. gr. hefur verið niður felld.

Sérreglan í 1. málsgr. 4. gr. laga nr. 44 frá 1957 sýnir þann

tilgang löggjafans, að við mat á eign manns í félagi skuli brugðið frá sérreglu e-liðar 19. gr. laga nr. 46 frá 1954 um skattmat hlutafjár. Því er heimildarlaust að telja þá reglu eiga að taka við, þegar hin fyrrnefnda var felld niður. Ber hér því að fara eftir þeirri almennu grundvallarreglu, að eign skuli metin til skatts með sannvirði.

Krafa gerðarþola verður því ekki tekin til greina á þeim forsendum, að grundvallarsjónarmið skattayfirvalda við mat á hlutabréfum hafi ekki haft við lög að styðjast.

Gerðarþoli vefengir ekki út af fyrir sig þær aðferðir, sem skattayfirvöldin beittu, er þau tóku rekstrarhagnað og greiddan arð áranna 1954—1956 sem lið í skattmati á hlutabréfum Klappareignarinnar h/f. Hins vegar hefur hann mótmælt því mati á fasteign félagsins, sem þar er lagt til grundvallar, og er önnur varakrafa hans byggð á þessu.

Við mat á umræddri fasteign fóru skattayfirvöldin eftir reglu 2. gr. laga nr. 44 frá 1957. Var því miðað við fasteignamat samkvæmt lögum nr. 33 frá 1955, sem gekk í gildi 1. maí 1957, og við það bætt 200%.

Hinn 27. júní 1961 fór fram nýtt fasteignamat á þessari eign að ósk gerðarþola. Var það nokkru lægra en almenna matið frá 1. maí 1957, og krefst gerðarþoli þess, að þetta síðasta mat sé lagt til grundvallar að viðbættum 200% samkvæmt 4. mgr. 2. gr. laga nr. 44/1957.

1. liður í 2. varakröfu hans byggist á því, að frá þessu mati beri að draga 60% vegna þess, að tiltekinn stóreignaskattsgreiðandi hafi samkvæmt ákvörðun fjármálaráðuneytisins fengið fasteign sína lækkaða um þennan hundraðshluta frá mati skattayfirvalda, og eigi það yfir alla stóreignaskattsgreiðendur að ganga, svo að engum verði mismunað.

2. liður 2. varakröfunnar byggist á því, að ákveðnar fasteignir séu samkvæmt 3. málsgr. 2. gr. laga nr. 44 frá 1957 metnar á 20% lægra verði en almenna reglan gerir ráð fyrir, og eigi allir stóreignaskattsgreiðendur að njóta þessa, ef jöfnuður á að nást.

3. liður 2. varakröfunnar er svo byggður á því, að lögð sé til grundvallar án sérstaks frádráttar fasteignamatsgerðin frá 27. júní 1961 í stað almenna fasteignamatsins frá 1. maí 1957.

Gerðarþoli hefur lagt fram útreikninga löggilts endurskoðanda á stóreignaskatti sínum, miðuðum við hverja og eina af þrem seinastgreindum málsástæðum.

Gerðarbeiðandi mótmælir öllum þessum málsástæðum gerðar-

þola á þeim grundvelli, að matsregla 1., sbr. 4. mgr. 2. gr. laga nr. 44 frá 1957, sé fullgild og rétti gerðarþola á engan hátt hallað með henni, enda bindi lækkun fjármálaráðuneytisins, sem byggð sé á alveg sérstökum ástæðum varðandi ákveðna eign, ekki gagnvart öðrum aðiljum og að 20% frádráttur samkvæmt 3. mgr. 2. gr. sé í samræmi við gamlar og alkunnar reglur um sérstöðu vissra atvinnufyrirtækja varðandi skattálagningu af þjóðhagslegum ástæðum. Enn fremur hefur gerðarbeiðandi mótmælt útreikningum gerðarþola í þessu sambandi sem röngum.

Þótt fjármálaráðuneytið hafi í einu tilfelli og af sérstökum ástæðum fallizt á að lækka tiltekna fasteign í verðlagningu til stóreignaskatts, verður ekki talið, að það skapi gerðarþola né greiðendum stóreignaskatts almennt rétt til að njóta tilsvarandi lækkunar á matsverði fasteigna sinna. Sama er að segja um þá ákvörðun löggjafans í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 44 frá 1957, að vissar fasteignir skuli verðlagðar lægra en hin almenna matsregla laganna gerir ráð fyrir, enda verður þessi regla laganna ekki talin leiða til heimildarlausrar mismununar við álagningu skattsins, svo sem áður er að vikið.

Því verða a- og b- liðir í 2. varakröfu gerðarþola ekki teknir til greina.

Loks verður ekki talið, að neinar líkur hafi verið færðar fyrir því, að matsregla 1. tölul. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 44 frá 1957, sem lögð er til grundvallar við ákvörðun á skatti gerðarþola, leiði til þess, að fasteign hans yrði metin meira en til sannvirðis. Því eru ekki efni til að leggja til grundvallar við þessa málsúrlausn hið sérstaka fasteignamat, sem gerðarþoli fékk framkvæmt hinn 27. júní 1961, enda hefur gerðarbeiðandi einnig sýnt fram á, að kröfur gerðarþola, sem byggðar eru á þeirri matsgerð, séu rangt útreiknaðar.

Seinasti liður í 2. varakröfu gerðarþola verður því heldur ekki tekinn til greina.

Varðandi vaxtakröfu gerðarbeiðanda hefur gerðarþoli mótmælt því, að í lögum nr. 44 frá 1957 sé heimild til vaxtatöku nema í því tilfelli, sem greinir í 1. mgr. 6. gr. laganna, en það eigi hér ekki við.

Telja verður, að í þeim ákvæðum 2. mgr. 10. gr. laga nr. 44 frá 1957, að um ... innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt, viðurlög ... og önnur atriði, sem ekki er sérstaklega kveðið á um í þeim lögum, skuli fara eftir ákvæðum laga nr. 46 frá 1954,

felist heimild til að krefjast dráttarvaxta af vangoldnum stóreignaskatti á sama hátt sem af tekju- og eignarskatti.

Svo sem rakið er hér að framan, gekk stóreignaskattur sá, sem í máli þessu greinir, milli skattayfirvalda til ákvörðunar vegna ýmissa breytinga á skattgrundvellinum allt til þess, að úrskurður skattstjóra gekk, sem tilkynntur var gerðarþola hinn 11. desember 1959. Verður að líta svo á, að þá fyrst skapist sá grundvöllur fyrir skattkröfunni, sem réttlæti, að gerðarþoli verði krafinn um dráttarvexti, og þá að liðnum 6 mánaða greiðslufresti frá þeim degi, sbr. upphafsákvæði 6. gr. laga nr. 44 frá 1957.

Samkvæmt þessu reiknast dráttarvextir af kröfu gerðarbeiðanda samkvæmt 1. mgr. 45. gr. laga nr. 46 frá 1954, sbr. upphaf 6. gr. laga nr. 44 frá 1957, 6% p. a. frá 11. júní 1960 til 31. desember s. á. og 12% p. a. frá 1. janúar 1961 til greiðsludags.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Unnsteinn Beck borgarfógeti kvað upp úrskurð þenna, en uppkvaðning hans hefur dregizt vegna mikilla anna dómarans við önnur embættisstörf.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda, tollstjórans í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, en kostnað gerðarþola, Klappareignarinnar h/f, fyrir kr. 145.967.00 auk 6% dráttarvaxta p. a. frá 11. júní 1960 til 31. desember s. á. og 12% p. a. frá 1. janúar 1961 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 31. janúar 1968.

Nr. 21/1966. **Ólöf Guðmundsdóttir**
Guðrún Sigurðardóttir
Agnes Sigurðardóttir
Þórður Sigurðsson
Leifur Sigurðsson
Karl Sigurðsson
Rafn Sigurðsson
Ástheiður Sveinsdóttir fyrir hönd sína og ófjárráða dætra sinna, Helgu Jónu Ólafsdóttur, Ólafar Eddu Ólafsdóttur og Þóru Ólafsdóttur
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Andrési Péturssyni Matthíassyni
Jóhannesi Helga Jónssyni (enginn).
svo og
Arnbirni Kristinssyni og
Sigurjóni Kristinssyni, persónulega og fyrir hönd Setbergs s/f (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af kröfu um greiðslu fégjalds.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. janúar 1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1966 og gert þær dómkröfur:

1. Að staðfest verði niðurstaða héraðsdóms um ómerkingu ummæla.
2. Að refsing stefnda Jóhannesar Helga Jónssonar verði hækkuð frá því, sem greinir í héraðsdómi.
3. Að hinum stefndu Andrési Péturssyni Matthíassyni og eigendum Setbergs s/f, þeim Arnbirni Kristinssyni og

Sigurjóni Kristinssyni, verði einnig refsað fyrir ummælin og útbreiðslu þeirra.

4. Að allir hinir stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða áfrýjendum kr. 100.000.00 í fégjald samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
5. Að þeir verði óskipt dæmdir til að greiða áfrýjendum kr. 5.000.00 til að standast kostnað af birtingu dóms í máli þessu.
6. Að þeim verði óskipt gert að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu hafa eigi sótt dómþing Hæstaréttar, þótt þeim hafi verið löglega stefnt, og er málið því dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Áfrýjandi Ástheiður Sveinsdóttir fyrir hönd sína og ófjárráða dætra sinna, Helgu Jónu, Ólafar Eddu og Þóru Ólafsdætra, á ekki aðild máls þessa, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1940.

Ummæli þau í bókinni „Hin hvítu segl", sem stefndu eru saksóttir fyrir, eru rakin í héraðsdómi. Þau eru niðrandi fyrir minningu Sigurðar heitins Hallbjarnarsonar og varða hina stefndu Andrés Pétursson Matthíasson sem sagnamann, Jóhannes Helga Jónsson sem höfund nefndrar bókar svo og Arnbjörn Kristinsson og Sigurjón Kristinsson sem útgefendur bókarinnar refsingu samkvæmt 234. gr. og 240. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 og 13. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Refsing hvers þeirra ákveðst 4.000 kr. fésekt til ríkissjóðs, sem afplánist 6 daga varðhaldi, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla staðfestast.

Lagaskilyrði brestur til þess að dæma áfrýjendum fégjald úr hendi stefndu vegna hinna niðrandi ummæla, sbr. 264. gr. laga nr. 19/1940.

Dæma ber hina stefndu Andrés Pétursson Matthíasson, Jóhannes Helga Jónsson, Arnbjörn Kristinsson og Sigurjón Kristinsson til þess að greiða áfrýjendum Ólöfu, Guðrúnu, Agnesi, Þórði, Leifi, Karli og Rafni fjárhæð, kr. 2.000.00, til að standast kostnað af birtingu á forsendum héraðsdóms og

forsendum og dómsorði Hæstaréttar í máli þessu, sbr. 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að framangreindir stefndu greiði framangreindum áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Stefndu Andrés Pétursson Matthíasson, Jóhannes Helgi Jónsson, Arnbjörn Kristinsson og Sigurjón Kristinsson greiði hver um sig 4.000 króna fésekt til ríkissjóðs, sem afplánist 6 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla staðfestast.

Stefndu eiga að vera sýknir af kröfu áfrýjenda um greiðslu fégjalds samkvæmt 264. gr. laga nr. 19/1940.

Stefndu Andrés Pétursson Matthíasson, Jóhannes Helgi Jónsson, Arnbjörn Kristinsson og Sigurjón Kristinsson greiði áfrýjendum Ólöfu Guðmundsdóttur, Guðrúnu Sigurðardóttur, Agnesi Sigurðardóttur, Þórði Sigurðssyni, Leifi Sigurðssyni, Karli Sigurðssyni og Rafni Sigurðssyni kr. 2.000.00 til að standast kostnað af birtingu forsendna héraðsdóms og forsendna og dómsorðs Hæstaréttar í máli þessu og svo kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. apríl 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 31. f. m., höfðuðu Ólöf Guðmundsdóttir, Vesturgötu 17, Guðrún Sigurðardóttir, Kirkjubraut 5, Agnes Sigurðardóttir, Hjarðarholti 18, Sigrún Sigurðardóttir, Skólabraut 2, Þórður Sigurðsson, Vesturgötu 17, og Ólafur

Sigurðsson, Krókatúni 9, öll á Akranesi, Leifur Sigurðsson, Akurgerði 14, og Karl Sigurðsson, Stóragerði 38, báðir í Reykjavík, og Rafn Sigurðsson, Álfaskeiði 41, Hafnarfirði, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 10. apríl 1963 og birtri 16., 23. og 30. s. m. á hendur þeim Andrési Péturssyni Matthíassyni, Túngötu 18, Keflavík, Jóhannesi Helga Jónssyni, Tjarnarbraut 27, Hafnarfirði, svo og þeim Arnbirni Kristinssyni, Nesvegi 9, og Sigurjóni Kristinssyni, Kaplaskjólsvegi 5, báðum hér í borg, persónulega og fyrir hönd Setbergs s/f, Freyjugötu 14 hér í borg.

Málavextir eru þeir, að í desembermánuði árið 1962 gaf Setberg s/f út bókina „Hin hvítu segl. Æviminningar Andrésar Péturssonar Matthíassonar eftir Jóhannes Helga", eins og segir á titilblaði bókarinnar. Á bls. 55—57 í bókinni eru eftirfarandi ummæli:

„Gísli hræðist ekki neitt í þessum heimi. Og þá ekki Sigurður skurður. Þeim manni stendur ekki ógn af nokkrum sköpuðum hlut, hvorki á himni né jörðu, hann étur hákarl og drekkur brennivín og lýsi og treður illsakir við báða heimana, og þegar refsingin kemur yfir hann og skip hans er að brotna undir honum, þá kastar Sigurður skurður fram vísu. Makalaus maður, Sigurður Hallbjarnarson. Hann stendur gjallandi upp í andlitið á mönnum og gerir grín að þeim, setur sig aldrei úr færi að eignast óvin og verður vel ágengt, harðduglegum manninum til orðs og æðis. Jón Pálmason á Súgandafirði er einn þeirra, sem Sigurði tekst að egna til fjandskapar við sig, og sá fjandskapur nær yfir landamæri lífs og dauða. Jón drukknar, og ári síðar þegar verið er að bjóða upp húshjall, sem Jón átti, leggur Sigurður skurður leið sína til Súgandafjarðar með bát, sem hann hefur keypt í Eyjafirði, tvístöfnung, sem Samson heitir, ætlar að búa hann út til hákarlaveiða og fær til þess smið á Súgandafirði, góðan og gegnan mann, að innrétta lestina, koma upp stoðum og smíða kassa undir lifrina. Sigurður leggur kapp á að fá sem mest timbur úr hjalli Jóns heitins, timbur í skilrúm og planka í stoðir.

Svo fer smiðinn að dreyma. Hann er við vinnu sína í lest bátsins úti á höfn, en fer í kænu í land á matmálstímum og leggur sig jafnan eftir matinn. Þá birtist Jón honum í draumi, spyr hann hvort hann vilji gera svo vel að taka til hliðar og flytja aftur í land tré eitt, sem merkt sé upphafsstöfum sínum og komið sé um borð.

Smiðurinn kemur ekki auga á tréð þegar hann kemur um borð aftur og lætur kyrrt liggja. Næsta dag kemur Jón aftur til hans

í draumi og segir, að ekki trúi hann öðru en að hann geri þetta fyrir sig, svo góðir mátar sem þeir hafi verið í lífinu.

Smiðurinn segir nú Sigurði frá draumnum.

Sigurður hristir sig allan og bregzt hinn versti við. Helvítis hégiljur, það fer ekki ein spýta í land, ekki einn hefilspónn.

Jón kemur þá í þriðja sinn í drauma smiðs og segir, að ef hann taki ekki styttuna, sem sé í miðri lestinni, þá geri hann það sjálfur.

Smiðurinn fer nú um borð og um leið og hann kemur niður um gatið og er litið yfir verk sitt, kemur hann auga á upphafsstafi Jóns á miðstyttunni og undrast að hann skuli ekki hafa veitt þeim athygli fyrr.

Nú verður smiðnum ekki um sel og kemur aftur að máli við Sigurð, segir honum, hvers hann hafi orðið vísari.

Gott, segir Sigurður. Ég mundi ekki láta þessa styttu fyrir nokkurn pening.

Hann sagðist þá mundi losa hana sjálfur.

Látum hann reyna. Sjáum hvað setur. Far þú aftur um borð og haltu áfram með þína vinnu.

Svo stígur Sigurður skurður um borð í Samson sinn þegar verkinu er lokið, fyllir skipið á örskömmum tíma, þjarkurinn, og siglir mikinn á Samson sínum inn fjörð, hefur uppi hverja pjötlu, þaulvanur sjómaðurinn, lærður að auki, eini maðurinn með prófi í Hrútafirðinum. Menn eru fram á, akkerið laust, hver maður á sínum stað, allt eins og það á að vera hjá Sigurði.

Út af Spillinum er sker, sem er í kafi um háflóð, og nú er háflæði, en Sigurður er jafnkunnugur skerinu og buxnastrengnum sínum og skipar að venda til að vera frír af skerinu. Þeir hala inn skautið. En Samson neitar vendingu, þeir reyna aftur og í hið þriðja sinn, en allt kemur fyrir ekki. Þeir bruna beint upp á skerið, og höggið kemur undir miðstyttuna og hún gengur upp úr dekkinu.

Þá segir Sigurður:

Skundaði Samson skerið á
í skemmtivindi fínum,
laglega stýrði lærður þá
lagsmönnunum sínum.

Laglega stýrði fjandinn þá lagsmönnunum sínum, segja fjandmenn Sigurðar og hann hlær mikinn þegar hann heyrir nýja botninn".

Málssókn stefnenda er á því byggð, að með ummælum þessum sé ærumeiðingum beint að Sigurði heitnum Hallbjarnarsyni, eiginmanni stefnandans Ólafar og föður hinna stefnendanna, og er málið höfðað samkvæmt ákvæði 3. mgr. 25. gr. almennra hegningarlaga.

Eru þær dómkröfur gerðar í stefnu, að framangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk, að hinum stefndu Andrési, Jóhannesi Helga svo og eigendum Setbergs s/f, stefndu Arnbirni og Sigurjóni, verði refsað fyrir ummælin og útbreiðslu þeirra samkvæmt 240. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 13. gr. laga um prentrétt, nr. 57/1956, að allir hinir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sóknaraðiljum kr. 100.000.00 í fégjald samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 264. gr. almennra hegingarlaga og kr. 5.000.00 til að standast kostnað af birtingu dóms í máli þessu samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegingarlaga svo og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefnandinn Ólafur lézt hinn 13. júní 1964. Hefur því verið lýst yfir af hálfu sóknaraðilja, að erfingjar Ólafs, sem eru eftirlifandi eiginkona, Ástheiður Sveinsdóttir og ófjárráða dætur þeirra, Helga Jóna Ólöf Edda og Þóra, allar til heimilis á Akranesi, gangi inn í mál þetta í stað Ólafs heitins, að öðru leyti en því, er varðar aðild að refsikröfu.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum sóknaraðilja og þeim jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðilja að skaðlausu.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að hin umstefndu ummæli eigi ekki við Sigurð heitinn Hallbjarnarson. Í grein, sem stefndi Jóhannes Helgi ritaði í Morgunblaðið hinn 13. marz 1963 af því tilefni, að nokkur blaðaskrif höfðu orðið út af umræddum kafla bókarinnar, kveður hann við samningu bókarinnar mörgu hafa verið hnikað til í tíma og rúmi til að ná því, sem sagan þarfnaðist. Það form, sem sögunni hafi verið valið, réttlæti tilfærslur á sagnfræðilegum staðreyndum. Sú persóna, sem fram komi í kaflanum, sé þjóðsagnarpersóna, er sameini ýmsa eðlisþætti vestfirzkra sjómanna fyrr á tímum, gráa og kuldalega glettni Sigurðar skurðs og harðfengi á borð við Sigurð Hallbjarnarson.

Við munnlegan flutning málsins hafa varnarrök stefndu m. a. verið byggð á því, sem kemur fram í þessari grein stefnda Jóhannesar Helga. Þá er því og haldið fram, að við lestur bókarinnar beri að hafa það í huga, sem segir á bls. 11 í bókinni, að

sögumanni, þ. e. stefnda Andrési, geti skeikað um eftirnöfn manna og honum hætti til að ýkja og færa frásögnina í stílinn.

Eins og áður er rakið, kemur fram á titilblaði umræddrar bókar, að hún hafi að geyma æviminningar stefnda Andrésar Péturssonar Matthíassonar, skrásettar af stefnda Jóhannesi Helga. Þegar sá kafli bókarinnar, sem hér er fjallað um, er virtur með hliðsjón af stíl bókarinnar í heild, þá þykir þar vera um að ræða hluta af svo sjálfstæðu ritverki frá hendi stefnda Jóhannesar Helga, að skilyrði séu ekki fyrir hendi, til að aðrir hinna stefndu en hann beri refsi- eða fébótaábyrgð á ummælum þeim, sem fram koma í kaflanum. Þykir því rétt að sýkna stefndu Andrés Pétursson Matthíasson, Arnbjörn Kristinsson, Sigurjón Kristinsson persónulega og fyrir hönd Setbergs s/f af refsi- og fjárkröfum sóknaraðilja í máli þessu.

Ekki verður annað af hinum tilvitnaða kafla bókarinnar ráðið en að Sigurður skurður og Sigurður Hallbjarnarson hafi verið einn og sami maðurinn. Ekki er þó vefengt af hálfu stefnda Jóhannesar Helga, að þar sé um tvo menn að ræða og að Sigurður Hallbjarnarson hafi ekki borið viðurnefnið „skurður". Það er heldur eigi vefengt, að þessi kafli bókarinnar gefi ekki rétta lýsingu á Sigurði Hallbjarnarsyni. Jafnvel þótt stefndi Jóhannes Helgi hafi með lýsingu þessari ætlað að skapa sérstaka þjóðsagnapersónu, þá verður eigi á það fallizt, eins og atvikum er hér háttað, að af þeirri ástæðu beri að hrynda kröfum sóknaraðilja. Hinn tilvitnaði kafli bókarinnar, að undanskilinni setningunni „Gísli hræðist ekki neitt í þessum heimi", þykir í heild varpa slíkri rýrð á minningu Sigurðar heitins Hallbjarnarsonar, að það varði við 240. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing stefnda Jóhannesar Helga hæfilega ákveðin 1.000 króna sekt í ríkissjóð, en sæta skal Jóhannes Helgi varðhald í tvo daga, verði sektin eigi greidd innan aðfararfrests í máli þessu. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga þykir mega ómerkja hinn tilvitnaða kafla bókarinnar í heild, að undanskilinni setningunni „Gísli hræðist ekki neitt í þessum heimi".

Ekki þykir grundvöllur til að dæma sóknaraðiljum fégjald samkvæmt ákvæði 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, og verður stefndi Jóhannes Helgi sýknaður af þeirri kröfu. Rétt þykir að skylda stefnda Jóhannes Helga til að greiða sóknaraðiljunum Ólöfu, Guðrúnu, Agnesi, Sigrúnu, Þórði, Leifi, Karli og Rafni fégjald til að standast kostnað af birtingu forsendna og niðurstöðu dóms í máli þessu samkvæmt ákvæði 2. mgr. 241. gr.

almennra hegningarlaga, og þykir gjald þetta hæfilega ákveðið kr. 1.000.00. Eftir þessum úrslitum málsins verður stefnda Jóhannesi Helga gert að greiða sóknaraðiljunum Ólöfu, Guðrúnu, Agnesi, Sigrúnu, Þórði, Leifi, Karli og Rafni alls kr. 4.500.00 í málskostnað, en rétt þykir, að málskostnaður gagnvart sóknaraðiljunum Ástheiði Sveinsdóttur persónulega og fyrir hönd dætra hennar, Helgu Jónu, Ólafar Eddu og Þóru, falli niður. Þá þykir og rétt, að málskostnaður sóknaraðilja gagnvart stefndu Andrési, Arnbirni, Sigurjóni persónulega og fyrir hönd Setbergs s/f falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndu Arnbjörn Kristinsson og Sigurjón Kristinsson persónulega og fyrir hönd Setbergs s/f og Andrés Pétursson Matthíasson skulu vera sýknir af kröfum sóknaraðilja, Ólafar Guðmundsdóttur, Guðrúnar Sigurðardóttur, Agnesar Sigurðardóttur, Sigrúnar Sigurðardóttur, Þórðar Sigurðssonar, Leifs Sigurðssonar, Karls Sigurðssonar, Rafns Sigurðssonar og Ástheiðar Sveinsdóttur, persónulega og fyrir hönd ófjárráða dætra hennar, Helgu Jónu, Ólafar Eddu og Þóru, en málskostnaður gagnvart þeim fellur niður.

Stefndi Jóhannes Helgi greiði kr. 1.000.00 í sekt til ríkissjóðs, en sæti ella varðhaldi í tvo daga, verði sektin eigi greidd innan aðfararfrests í máli þessu. Stefndi Jóhannes Helgi greiði stefnendunum Ólöfu Guðmundsdóttur, Guðrúnu Sigurðardóttur, Agnesi Sigurðardóttur, Sigrúnu Sigurðardóttur, Þórði Sigurðssyni, Leifi Sigurðssyni, Karli Sigurðssyni og Rafni Sigurðssyni kr. 1.000.00 til að standast kostnað af birtingu forsendna og niðurstöðu dóms í máli þessu svo og kr. 4.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. febrúar 1967.

Málið nr. 4/1968. S/f Hreyfill
gegn
Tryggva Hannessyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, S/f Hreyfill, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. febrúar 1967.

Nr. 52/1967. **Geislahitun h/f** (Jóhann Ragnarsson hdl.)
gegn
Ólafi Pálssyni (Sigurður Helgason hdl.)
og
Tryggingu h/f til réttargæzlu
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Theodór B. Líndal og Magnús Þ. Torfason.

Skaðabætur. Endurheimta.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1967 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og

að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Réttargæzlustefndi hefur engar kröfur gert.

Gögn málsins bera með sér, að stefndi tókst einungis á hendur gegnt áfrýjanda að ráða tvo starfsmenn til niðurrifs á skorsteini þeim, sem í málinu greinir, og vísa þeim á tilteknum tíma til vinnustaðar, en undanskildi sig verkstjórn þar og starfsdrottinsskyldum. Voru og framkvæmdastjóra áfrýjanda hæg heimatökin að fela verkstjóra sínum, sem hann kvaddi til að fara á vinnustað á hinum tilsetta tíma, að taka þar verkstjórnina að sér. Að svo vöxnu máli verður sú vangæzla stefnda að skýra starfsmönnunum eigi frá því, hvernig háttað var starfsherraábyrgð og verkstjórn, eigi látin valda því, að stefndi glati þeim rétti sínum, að á áfrýjanda falli að lokum starfsdrottinsábyrgð á verkinu. Ber áfrýjanda því að endurgreiða stefnda skaðabótafé það ásamt kostnaði, sem stefndi hefur orðið að inna af hendi, vegna þess að annar þeirra manna, sem hann réð til verksins, hlaut við framkvæmd þess lemstur fyrir handvömm verkfélaga síns. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Geislahitun h/f, greiði stefnda, Ólafi Pálssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. febrúar 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 31. janúar 1967, hefur Ólafur Pálsson byggingameistari, Kleifarvegi 8 hér í borg, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 12. janúar 1966, gegn Geislahitun h/f, Brautarholti 4, Reykjavík, til heimtu skuldar að fjárhæð kr. 223.683.50 með 7% ársvöxtum frá 25. júlí 1964 til greiðsludags auk málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Tryggingu h/f, Laugavegi 178 hér í borg, hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en eigi gerðar á hendur félaginu sjálfstæðar kröfur. Réttargæzlustefndi hefur og eigi haft uppi kröfur í málinu.

Málavextir eru þessir:

Hið stefnda félag, Geislahitun h/f, annaðist pípulagnir í húsinu nr. 3 við Vatnsstíg hér í borg og í sambandi við það niðurbrot reykháfs í því húsi. Reykháfur þessi stóð í gegnum tvær efri hæðir hússins og var í horni milli bakveggjar hússins og innveggjar, sem báðir eru steyptir. Var reykháfurinn hlaðinn úr múrsteinum og óbundinn við veggi. Hann var múrhúðaður, og varð eigi séð fyrirfram, að hann var hlaðinn.

Hinn 21. maí 1959 sneri Jóhann Pálsson, framkvæmdastjóri Geislahitunar h/f, sér til stefnanda og bað hann að taka að sér að brjóta niður nefndan reykháf. Að sögn Jóhanns voru svör stefnanda við þessari beiðni þau, að hann gæti eigi látið vinna þetta verk í dagvinnu og hann hefði starfsmenn sína eigi tiltæka til starfa að afloknum venjulegum vinnudegi. Þó gæti verið, að starfsmenn sínir vildu annast þetta sjálfir, enda vanir að vinna án tilsagnar. Væri þá bezt, að stefndi greiddi þeim fyrir verkið og að hann, þ. e. stefnandi, hefði eigi önnur afskipti af því en að lána verkfæri. Hafi stefnandi svo lofað að ræða um þetta við starfsmenn sína.

Stefnandi spurði því næst tvo starfsmenn sína, þá Gunnar Helga Pálsson og Valdimar Vigfússon, hvort þeir vildu vinna að niðurbroti reyháfsins í næturvinnu fyrir stefnda. Voru þeir fúsir til þess. Útvegaði stefnandi þrýstiloftstæki til verksins. Hinn 22. maí, kl. 2000, komu stefnandi og nefndir starfsmenn hans í húsið nr. 3 við Vatnsstíg. Hófu starfsmennirnir að framkvæma verkið, en meðan á því stóð, hrundi reykháfurinn. Reyndi Valdimar að forða sér, en féll um ofn, sem lá á gólfinu. Varð vinstri fótur hans undir reykháfnum og brotnaði illa.

Valdimar Vigfússon skýrir svo frá, að hann hafi ekki verið beðinn að vinna umrætt verk fyrir Geislahitun h/f. Hann hafi einungis verið beðinn að mæta til vinnu á umræddum stað og því hafi hann ekki vitað betur en hann væri að vinna fyrir stefnanda. Það hafi ekki aðeins verið hann einn, er stefnandi boðaði til vinnu um kvöldið, heldur og Gunnar H. Pálsson og þriðji verkamaðurinn.

Stefnandi hafi sagt þeim til um framkvæmd verksins, enda hafi eigi verið um það rætt, að annar verkstjóri kæmi á staðinn. Valdimar kveðst ekki hafa vitað, fyrir hvern verkið var unnið. Kveðst hann hafa verið að vinna í Landspítalanum þá um daginn ásamt Gunnari H. Pálssyni. Hafi stefnandi þá beðið þá að koma til vinnu að Vatnsstíg 3 eftir kvöldmat. Minnist hann þess ekki, að Ólafur hafi rætt um, að verkið væri fyrir aðra unnið en hann. Hann hafi eigi heldur við þetta tækifæri minnzt á, um hvers konar verk væri að ræða. Kveðst hann ekki muna, hvernig orð féllu um þetta. Eigi hafi stefnandi látið orð falla um, að sérstök hætta kynni að vera verkinu samfara, né minnzt á, að reykháfurinn væri hlaðinn. Stefnandi hafi falið þeim að brjóta niður reykháfinn á annarri hæð hússins. Skyldu þeir vinna verkið með loftbor og hafi stefnandi sagt þeim, að „byrja út frá sprungu ofan við sótopið". Síðan hafi stefnandi horfið af staðnum. Valdimar kveður þá félaga hafa byrjað verkið með stórum, þungum bor og hafi atbeina beggja þurft til að valda bornum. Er þeir höfðu brotið reykháfinn næstum þvert yfir, hafi Gunnar Helgi haldið áfram að bora með minni bor, en Valdimar kveðst hafa farið að moka frá. Rétt í þann mund hafi reykháfurinn hrunið.

Gunnar Helgi Pálsson skýrir svo frá, að hann og Valdimar Vigfússon hafi verið að vinna að niðurbroti í Landspítalanum nefndan dag. Hafi stefnandi spurt hann síðari hluta dagsins, hvort hann vildi vinna við niðurbrot fyrir Geislahitun h/f að Vatnsstíg 3 þá um kvöldið. Áður en verkið hófst, hafi stefnandi bent þeim á, að bora ætti reykháfinn og eitthvað fleira svo og að fjarlægja ætti reykháfinn. Við svo búið hafi stefnandi yfirgefið þá. Vitnið kveðst muna, að það hafi verið við borinn, er slysið skeði. Kveðst það telja, að þeir hafi þá verið nýbyrjaðir að bora. Vitnið kveðst hafa tekið eftir því um líkt leyti og reykháfurinn hrundi, að hann var hlaðinn.

Það kemur fram, að einn af starfsmönnum stefnda, maður að nafni Guðmundur Sigurjón Magnússon, var staddur á verkstaðnum, er umrætt múrbrot hófst. Hafði Jóhann Pálsson, forstjóri Geislahitunar h/f, beðið hann að leiðbeina um það, hvar brjóta ætti. Maður þessi gaf engin fyrirmæli um framkvæmd verksins. Engin slík fyrirmæli komu heldur frá Axel Smith, verkstjóra Geislahitunar h/f, sem komið hafði á vettvang, eftir að niðurbrot reykháfsins hófst.

Geislahitun h/f færði vinnu þeirra Valdimars Vigfússonar og Gunnars Helga Pálssonar inn á vinnuskýrslur hjá sér og greiddi

þeim vinnulaun, er stefnandi mun hafa séð um að koma til þeirra. Á hinn bóginn var eigi um að ræða neins konar greiðslu frá stefnda til stefnanda vegna ómaks hans við framkvæmd verksins.

Hinn 7. júní 1961 höfðaði Valdimar Vigfússon mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn aðiljum þessa máls og krafðist þess aðallega, að þeir yrðu dæmdir in solidum til að greiða sér skaðabætur vegna greinds slyss, að fjárhæð kr. 272.775.30 auk vaxta og kostnaðar, en til vara, að annar hvor þeirra yrði dæmdur til greiðslu bóta. Stefndu kröfðust báðir sýknu í málinu.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 6. september 1962, var Ólafur Pálsson sýknaður, en Geislahitun h/f dæmd til að greiða Valdimar Vigfússyni kr. 114.666.67 ásamt vöxtum og kr. 12.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum var áfrýjað til Hæstaréttar, og gekk dómur í málinu 24. marz 1964. Varð niðurstaða dóms Hæstaréttar sú, að Geislahitun h/f var sýknuð, en Ólafur Pálsson dæmdur til að greiða kr. 114.666.67 ásamt vöxtum og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti kr. 30.000.00.

Í forsendum dóms Hæstaréttar segir m. a. á þessa leið:

„Þeir Gunnar Helgi Pálsson og gagnáfrýjandi Valdimar Vigfússon voru báðir starfsmenn gagnáfrýjanda Ólafs Pálssonar. Hann réð þá til verksins og sagði þeim, „hvað stæði til að gera, brjóta niður skorsteininn", fór með þeim á staðinn og benti þeim á verkefnið. Gagnáfrýjandi Valdimar Vigfússon mátti því treysta því, að þeir væru að vinna verkið á vegum húsbónda þeirra, Ólafs Pálssonar. Þykir hann því bera ábyrgð á mistökum Gunnars Helga Pálssonar gegnt gagnáfrýjanda Valdimar Vigfússyni. Er hæfilegt, að gagnáfrýjandi Ólafur Pálsson bæti tjón af slysinu að tveimur þriðju hlutum. Fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda, Geislahitunar h/f, sömdu eigi um verkið við Gunnar Helga Pálsson og gagnáfrýjanda Valdimar Vigfússon né stjórnuðu framkvæmd verksins. Er því eigi fyrir hendi það réttarsamband, er veiti gagnáfrýjanda Valdimar Vigfússyni rétt til bóta úr hendi aðaláfrýjanda, Geislahitunar h/f. Verður því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda Valdimars Vigfússonar. Hins vegar verður að leggja þann skilning í skýrslu Jóhanns Pálssonar, framkvæmdastjóra aðaláfrýjanda, sem að framan er rakin, að Geislahitun h/f hafi tekið á sig ábyrgð á framkvæmd verksins gegnt gagnáfrýjanda Ólafi Pálssyni. En eins og málið hefur verið lagt fyrir dómstóla, verður dómsorði eigi lokið á skipti aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Ólafs Pálssonar".

Í máli því, sem hér er til álita, er stefnandi að endurkrefja stefnda um það fé, sem honum var gert að greiða með greindum dómi Hæstaréttar, og svo um kostnað þann, er stefnandi hafði af rekstri hins fyrra máls. Sætir fjárhæð stefnukröfunnar út af fyrir sig eigi mótmælum.

Einn þáttur í gagnaöflun þessa máls var, að forstjóri Geislahitunar h/f, Jóhann Pálsson, og stefnandi komu fyrir dóm til að gefa á ný skýrslur um atvik þau, sem málið er risið af. Fer hér á eftir hið helzta, sem kemur í skýrslum þessum.

Jóhann Pálsson skýrir svo frá, að eigi hafi komið fram í samtölum milli sín og stefnanda, er stefnandi tilkynnti, að hann hefði útvegað menn til verksins né heldur endranær, hvort menn þeir, er verkið ynnu, gerðu það sem sjálfstæðir verktakar eða starfsmenn Geislahitunar h/f. En ætlun sín hafi verið, að annar hvor sá háttur yrði á hafður, úr því að stefnandi hafði ekki aðstöðu til að annast framkvæmd verksins. Ákveðið hafi verið, að Geislahitun h/f sæi um verkið, þótt það væri utan eiginlegs starfssviðs þess. Hafi þar komið til persónuleg greiðasemi af sinni hálfu við umráðamann húsnæðisins. Eigi hafi verið ætlazt til, að stefnandi hefði nokkra verkstjórn á verkstaðnum. Þó hafi ekkert verið um það samið milli sín og stefnanda, að Geislahitun h/f bæri ábyrgð á framkvæmdum verksins gagnvart stefnanda, enda hafi ekki verið ætlazt til af hálfu stefnda, að stefnandi hefði nokkur afskipti af verkinu. Jóhann kveðst hafa hringt í verkstjóra Geislahitunar h/f, Axel Smith, þegar er hann hafði fengið tilkynninguna frá stefnanda um útvegun mannanna, og beðið hann að vera mættan á verkstaðnum kl. 2000. Minni sig, að hann hafi sagt eitthvað á þá leið við Axel, hvort hann gæti ekki verið mættur á greindum tíma og sagt mönnunum, hvað þeir ættu að brjóta.

Stefnandi fullyrðir, að hann hafi beðið mennina að vinna umrætt verk fyrir Geislahitun, og minnist þess ekki, að hann ræddi við þá um að vinna verkið sem sjálfstæða verktaka. Stefnandi staðhæfir, að mennirnir hafi ekki verið byrjaðir á verkinu, er hann yfirgaf þá, og hann hafi alls engin fyrirmæli gefið þeim um framkvæmd verksins.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hvorki sé réttmætt né sanngjarnt, að hann sæti nokkrum fjárútlátum vegna umræddS slyss, þar sem verk það, er unnið var að, er slysið varð, hafi verið unnið á ábyrgð og kostnað stefnda og í hans þágu, en sjálfur hafi hann (stefnandi) hvorki haft á hendi verkstjórn né

umsjón með verkinu eða yfir höfuð nokkur afskipti af því. Hans þáttur hafi einungis verið að útvega stefnda menn til framkvæmdar á verkinu. Þetta hafi hann eingöngu gert í greiðaskyni, enda sjálfur enga þóknun fengið fyrir ómak sitt. Til stuðnings kröfum sínum skírskotar stefnandi og til forsendna dóms Hæstaréttar, sem að framan eru raktar.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi á engan hátt tekið á sig ábyrgð gagnvart stefnanda á framkvæmd umrædds verks. Sé rangt að leggja slíkan skilning í skýrslu Jóhanns Pálssonar. En jafnvel þótt eigi yrði á þetta sjónarmið fallizt, þá hefði sú ábyrgð hlotið að byggjast á því, að verkið yrði framkvæmt á þann hátt, sem fram komi í samtali Jóhanns Pálssonar og stefnanda, þ. e., að stefnandi kæmi þar hvergi nærri, og að ábyrgðin hafi þá fallið niður, er stefnandi tók sér fyrir hendur verkstjórn á verkstaðnum, í stað þess að kunngera starfsmönnum sínum, að þeir ynnu á vegum Geislahitunar h/f, svo að þeir biðu fyrirmæla frá starfsmönnum þess aðilja. Hið rétta sé, að í samtali stefnanda og Jóhanns Pálssonar hafi ekkert verið um það rætt, að stefndi tæki á sig ábyrgð gagnvart stefnanda, en útilokað, að stefndi tæki á sig slíka áhættu, án þess að öruggt væri, að hann væri tryggður fyrir áhættunni, sem slíkri ábyrgð var samfara. Það hafi verið eindregin skoðun stefnda, að menn þeir, er verkið unnu, gerðu það sem sjálfstæðir verktakar. Þetta styðji sú umsögn Jóhanns Pálssonar fyrir dómi, að stefnandi hafi sagt, „að þó gæti verið, að þeir vildu vinna þetta sjálfir, enda vanir að vinna án tilsagnar". Af hálfu stefnda hafi verið talið fullvíst, að þannig hefði talazt til milli stefnanda og manna hans. Hefði svo ekki verið, mundu þeir hafa hlotið að bíða fyrirmæla af hálfu stefnda og lúta hans verkstjórn, en það hafi hvorugt orðið. Stefnanda hafi verið í lófa lagið að búa þannig um hnútana við starfsmennina tvo. Að stefnandi gerði það eigi, varði hann einan, en sé stefnda með öllu óviðkomandi. Líta megi svo á, að stefnandi hafi orðið við upphaflegum tilmælum stefnda um að taka að sér framkvæmd verksins, þótt hann hafi áður verið búinn að neita því. Sé stefnandi þá að sjálfsögðu sjálfstæður verktaki gagnvart þessu verki, þótt hann hafi áður verið búinn að synja fyrir að taka að sér framkvæmd þess, enda hafi verkið verið á starfssviði stefnanda, en ekki stefnda.

Þegar litið er til allra málavaxta, fer eigi á milli mála, að stefnandi lét þess engan kost að takast umrætt verk á hendur, og enn fremur, að forstjóra Geislahitunar h/f, Jóhanni Pálssyni, var

í öndverðu fullljóst, að sú var forsenda stefnanda fyrir útvegun starfsmanna sinna til framkvæmdar á verkinu, að hann hefði sjálfur ekkert með framkvæmd þess að gera. Stefnandi mátti því treysta því, að Geislahitun h/f hefði án hans atbeina veg og vanda af verkinu og sæi starfsmönnunum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum og rækti skyldur vinnuveitanda um verkstjórn á verkstaðnum, en sjálfur væri hann laus mála, ef á ábyrgð vinnuveitandans reyndi. Af hálfu stefnda skorti alveg skyld viðbrögð í þessu efni, og má rekja til þess fébótaábyrgðina, sem á stefnanda féll. Að svo vöxnu máli á stefnandi rétt á endurgreiðslu úr hendi stefnda á því fé, sem hann hefur orðið að greiða af hendi vegna málssóknar Valdimars Vigfússonar. Eru ekki efni til að takmarka þann rétt hans. Samkvæmt þessu ber að taka kröfur stefnanda í málinu til greina að öllu. Eftir þeim úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 32.000.00.

Kristján Jónsson borgardómari kvað upp þenna dóm ásamt meðdómendunum Gunnari M. Guðmundssyni lögfræðingi og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Geislahitun h/f, greiði stefnanda, Ólafi Pálssyni, kr. 223.693.50 auk 7% ársvaxta frá 25. júlí 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvaxta frá þeim tíma til 1. janúar 1966 og 7% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 32.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. febrúar 1967.

Nr. 119/1967. **Ólafur Gestsson** (Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Ólafsvíkurhreppi og gagnsök
(Einar Viðar hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útburðarmál. Ábúðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnum 29. ágúst og 13. október 1967, en af hans hálfu er áfrýjað tveim úrskurðum fógetadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 17. ágúst og 28. september 1967. Krefst aðaláfrýjandi þess, að hinir áfrýjuðu úrskurðir verði úr gildi felldir og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 2. október 1967, en af hans hálfu er eingöngu úrskurðinum frá 17. ágúst 1967 skotið til Hæstaréttar. Krefst gagnáfrýjandi þess, að úrskurðir þessir verði staðfestir og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Málsatvikum er réttilega lýst í hinum áfrýjaða úrskurði frá 17. ágúst 1967. Tekjur aðaláfrýjanda voru þó 1966 samkvæmt skattframtali hans kr. 239.980.00, en ekki kr. 241.244.00, og af heildartekjum þessum námu tekjur hans „samkv. meðfylgjandi landbúnaðar- eða sjávarútvegsskýrslu" kr. 17.930.00, en í úrskurði fógetadóms segir, að tekjur af landbúnaði hafi numið kr. 8.209.00.

Í málflutningi gagnáfrýjanda hefur ómótmælt komið fram, að um 200 garðlöndum hafi verið úthlutað til íbúa Ólafsvíkur úr landi jarðarinnar Sveinsstöðum og nokkrum þeirra verið leigð þar grasnyt, en ætlunin sé að hafa þarna skólagarða og gæzlu fyrir börn Ólafsvíkurbúa.

Gagnáfrýjandi keypti jörðina Sveinsstaði árið 1944 til nota fyrir hreppsbúa og sveitarfélagið.

Samkomulag aðilja máls þessa frá 8. júní 1966 verður ekki metið til ábúðar samkvæmt 9. gr. ábúðarlaga nr. 36/1961, enda var gagnáfrýjanda ekki skylt að byggja jörðina ævilangt samkvæmt niðurlagsákvæði 1. mgr. nefndrar 9. greinar.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hina áfrýjuðu úrskurði.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinir áfrýjuðu úrskurðir eiga að vera óraskaðir.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýlu 17. ágúst 1967.

Mál þetta var tekið til úrskurðar, að loknum munnlegum málflutningi, þann 4. þ. m.

Gerðarbeiðandi, Ólafsvíkurhreppur, eigandi jarðarinnar Sveinsstaða í Neshreppi utan Ennis, Snæfellsnessýslu, krefst þess, að gerðarþoli, Ólafur Gestsson, verði borinn út af nefndri jörð og úrskurðaður til að greiða gerðarbeiðanda málskostnað að skaðlausu.

Gerðarþoli gerir þær dómkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu útburðargerðar og að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða sér málskostnað að skaðlausu.

Til vara gerir gerðarþoli þá kröfu, að nái hin umbeðna gerð fram að ganga, setji gerðarbeiðandi hæfilega peningatryggingu fyrir því tjóni, sem gerðarþoli verði fyrir vegna gerðarinnar.

Málsatvik eru þau, að með samningi, dags. 8. júní 1966, heimilaði gerðarbeiðandi gerðarþola íbúðarhúsið að Sveinsstöðum til íbúðar í eitt ár, enn fremur afnot af slægjulandi jarðarinnar og öðrum jarðarhúsum, og er samningurinn í heild svohljóðandi:

„Samkomulag um leigu húsnæðis.

Ólafsvíkurhreppur heimilar hér með Ólafi Gestssyni, Ólafsvík, íbúðarhúsið að Sveinsstöðum utan Ennis til íbúðar til eins árs frá 8. júní 1966 til 8. júní 1967.

Ólafur Gestsson tekur við húsinu í því ástandi, sem það nú er í. Engar kvaðir um standsetningu hússins verða gerðar á hendur Ólafsvíkurhreppi. Það, sem Ólafur Gestsson kann að standsetja húsið, gerir hann fyrir eigin reikning og ábyrgð án endurgreiðsluréttar.

Heimilt er Ólafi Gestssyni að nota sér slægjuland jarðarinnar í eigin þágu svo og önnur hús á staðnum án skuldbindingar á hendur Ólafsvíkurhreppi, enda haldi hann við girðingum á sinn kostnað. Fyrir 1. júní 1967 skulu aðiljar ræða saman um framlengingu þessa samkomulags.

Þessu til staðfestingar rita báðir aðiljar hér undir.

Ólafsvík, 8. júní 1966.

Ólafur Gestsson Alexander Stefánsson".

Með bréfi, dags. 3. apríl 1967, tilkynnti gerðarbeiðandi gerðarþola, að ákveðið hefði verið að framlengja ekki framangreint samkomulag. Þann 5. s. m. ritaði gerðarþoli gerðarbeiðanda bréf og óskaði eftir, að sér yrði byggð jörðin til ábúðar. Með bréfi til gerðarþola, dags. 10. s. m., synjar gerðarbeiðandi umsókn þessari.

Gerðarbeiðandi rökstyður kröfu sína um útburð með því, að samningurinn frá 8. júní 1966 hafi eingöngu verið gerður til þess að bæta úr húsnæðisskorti gerðarþola, sem ekki hafði lengur afnot af húsnæði því, sem hann bjó í áður í Ólafsvík, og hafi hér alls ekki verið um ábúðarsamning að ræða. Hann bendir á, að gerðarþoli hafi um árabil haft og hafi enn aðalstarf í Ólafsvík, en búskapur hans á Sveinsstöðum sé algert aukaatriði í tekjuöflun hans. Í því sambandi bendir gerðarbeiðandi á, að hið svokallaða vísitölubú geri ráð fyrir eftirtöldum bústofni: 177 kindum, 7½ kú, 2.6 öðrum nautgripum og 5 hrossum. Hins vegar hafi bústofn gerðarþola aðeins verið 70 ær og tvö tryppi. Þetta komi einnig berlega fram af peningatekjum gerðarþola, sem árið 1963 hafi numið kr. 199.570.00, árið 1964 kr. 199.908.00, árið 1965 kr. 234.861.00 og árið 1966 kr. 241.244.00, en af þeirri upphæð voru kr. 8.209.00 tekjur af landbúnaði. Aðrar framangreindar tekjur hans voru vinnulaun hjá Kirkjusandi h/f í Ólafsvík. Einnig bendir gerðarbeiðandi á, að vegna þarfa hreppsfélagsins sé nauðsynlegt, að jörðin sé til afnota fyrir hreppsbúa, enda hafi hún á sínum tíma verið keypt vegna skorts á landrými í Ólafsvík.

Gerðarþoli rökstyður kröfur sínar með því, að samningur aðilja frá 8. júní 1966 feli í sér ábúð í merkingu ábúðarlaga nr. 36/1961,

þar sem samningurinn kveði á um rétt til íbúðar í íbúðarhúsi jarðarinnar, rétt til að nota önnur hús jarðarinnar og rétt til að nota slægjuland jarðarinnar. Þarna sé um að ræða megininntak ábúðarsamninga og feli það í sér, að jörðin hafi verið byggð sér ævilangt samkvæmt ákvæðum ábúðarlaga, enda hafi hann stundað búskap á jörðinni og haft af henni öll leiguliðaafnot. Að vísu sé ekki kveðið á um afgjald í samningnum, en niðurlag hans feli í sér, að gert hafi verið ráð fyrir áframhaldandi ábúð hans á jörðinni og við endurskoðun samnings yrði nánar kveðið á um ábúðarkjör. Kröfur sínar rökstyður gerðarþoli enn fremur með því, að þótt niðurstaða fógetadóms verði sú, að samninginn frá 8. júní 1966 beri að túlka sem venjulegan húsaleigusamning, beri engu að síður að synja um framgang gerðarinnar, þar sem uppsagnarfrestur sé ekki nægur.

Varakröfu sína byggir gerðarþoli á 12. gr. laga nr. 18/1949 með lögjöfnun.

Eins og málsatvik liggja fyrir, verður dómurinn að líta svo á, að samningur málsaðilja frá 8. júní 1966 feli ekki í sér ábúðarrétt til handa gerðarþola, en sé að meginefni eingöngu samningur um tímabundin leiguafnot af húsnæði, enda beri gerðarbeiðanda ekki skylda til að byggja jörðina ævilangt, sbr. 1. mgr. i.f. 9. gr. laga nr. 36/1961. Skoðun þessi styrkist einnig við tilvitnun í stærð búrekstrar gerðarþola. Gerðarbeiðanda var því heimilt að tímabinda leiguafnotin, og samkvæmt þeim ákvæðum samningsins var uppsagnarfrestur ónauðsynlegur. Tilkynning gerðarbeiðanda til gerðarþola þann 3. apríl 1967 var því fullnægjandi yfirlýsing um, að framlenging samningsins kæmi ekki til greina. Ber því að taka kröfu gerðarbeiðanda um útburð til greina.

Ekki verður fallizt á, að krafa gerðarþola um peningatryggingu hafi við rök að styðjast, og verður hún því ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Úrskurður fógetadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 28. september 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 28. september, klukkan 1700, var fógetadómur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu háður í íbúðarhúsinu að Sveinsstöðum utan Ennis af Jóni S. Magnússyni fulltrúa við undirritaða votta.

. . . . . .

Með úrskurði, uppkveðnum 17. ágúst s.l., var í fógetadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu úrskurðað, að Ólafur Gestsson, Sveinsstöðum, Neshreppi utan Ennis, skyldi rýma húsnæði það, sem hann hefur búið í að Sveinsstöðum, og er úrskurðarorð svohljóðandi:

„Umbeðin útburðargerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður".

Úrskurði þessum áfrýjaði úrskurðarþoli með áfrýjunarstefnu, útgefinni af hæstaréttarritara þann 29. ágúst s.l. með þingfestingardegi 2. október 1967. Áfrýjunarstefna þessi mun hafa verið birt þann 25. þ. m. Með bréfi, dagsettu 11. þ. m., ritaði oddviti Ólafsvíkurhrepps gerðarþola og tilkynnti honum, að hann yrði að vera búinn að rýma húsnæðið fyrir 25. þ. m. að viðlögðum útburði. Gerðarþoli hefur ekki rýmt húsnæðið ennþá, og var því beðið um atbeina fógeta til þess að framkvæma útburð.

Gerðarþoli rökstyður kröfu sína um frestun útburðar með því, að áfrýjun útburðarúrskurðarins valdi því, að framkvæmd hans eigi að fresta, þar til dómur sé genginn um málið í Hæstarétti.

Fógetadómurinn lítur svo á, að úrskurðurinn frá 17. ágúst s.l. í framangreindu máli sé bindandi fyrir báða aðilja og að áfrýjun fresti ekki framkvæmd samkvæmt honum, þar sem slíkum úrskurðum megi jafnan framfylgja þegar í stað.

Því úrskurðast:

Útburður samkvæmt framangreindum úrskurði fógetadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu frá 17. ágúst 1967 skal fara fram.

Mánudaginn 12. febrúar 1968.

Nr. 88/1967. **Jón B. Kristbjörnsson**
(Hallvarður H. Einvarðsson hdl.)
og Jón Kristjánsson
(Gunnar M. Guðmundsson hrl)
gegn
Jóni Böðvarssyni og
Vilhjálmi Pálmasyni til réttargæzlu
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fasteign. Fjölbýlishús. Lögbannsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi Jón B. Kristbjörnsson hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. maí 1967, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu sama dag og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og lögbannsgerð frá 27. febrúar 1964 verði úr gildi felld, honum dæmd sýkna af kröfum stefndu og að stefndu verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi Jón Kristjánsson hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. maí 1967, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1967 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefndu og að þeim verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum verði dæmt að greiða þeim óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í afsali Gústafs Ólafssonar og Kornelíusar Jónssonar til Gísla Sigurtryggvasonar fyrir rishæð hússins nr. 46 við Mávahlíð með fylgiréttindum, dags. 4. maí 1956 og veittu viðtöku til þinglýsingar 17. s. m., segir: „I. hæð hefur rétt til þess að byggja bílskúr á lóðinni og II. hæð einnig, ef fæst að byggja 2 bílskúra á henni. Réttur til að byggja bílskúr fylgir því ekki hér seldum eignarhluta".

Í afsali þeirra Gústafs Ólafssonar og Kornelíusar Jóns-

sonar til Ragnars Brynjólfssonar fyrir II. hæð nefnds húss með fylgiréttindum, dags. 11. ágúst 1956 og veittu viðtöku til þinglýsingar hinn 13. s. m., segir: „Það skal tekið fram, að rétt til að byggja bílskúr á sameiginlegri lóð húseignarinnar hefur neðri hæðin, en fáist að byggja tvo bílskúra á lóðinni, skal hér seldur eignarhluti hafa rétt til annars þeirra".

Hinn 1. september 1962 seldi Ragnar Brynjólfsson áfrýjanda Jóni Kristjánssyni II. hæð nefnds húss með fylgiréttindum. Var því afsali veitt viðtaka til þinglýsingar 30. október 1962.

Með afsali, dags. 2. október 1956 og veittu viðtöku til þinglýsingar 20. nóvember s. á., seldu þeir Gústaf Ólafsson og Kornelíus Jónsson réttargæzlustefnda í héraði, Magnúsi E. Baldvinssyni, „neðri hæð og kjallaraíbúð" téðs húss ásamt fylgiréttindum. Í afsalinu segir: „Réttur til þess að byggja bílskúr á lóð hússins fylgir hér seldum eignarhluta". Eigi er minnzt á rétt II. hæðar til bílskúrs í afsali þessu.

Með afsali, dags. 19. nóvember 1956, veittu viðtöku til þinglýsingar 22. s. m., seldi réttargæzlustefndi í héraði, Magnús E. Baldvinsson, áfrýjanda Jóni B. Kristbjörnssyni I. hæð hússins. Þar segir m. a.: „Réttur til þess að byggja bílskúr á lóð hússins fylgir hér seldum eignarhluta". Eigi er minnzt á bílskúrsréttindi II. hæðar í afsali þessu.

Með afsali 18. desember 1956, veittu viðtöku til þinglýsingar 12. febrúar 1957, seldi réttargæzlustefndi í héraði, Magnús E. Baldvinsson, réttargæzlustefnda, Vilhjálmi Pálmasyni, „3ja herbergja kjallaraíbúð" téðs húss ásamt fylgiréttindum. Í afsalinu segir: „Það skal tekið fram, að bílskúrsréttindi fylgja ekki með í kaupunum". Bílskúrsréttinda II. hæðar er að engu getið í afsali þessu.

Hinn 29. ágúst 1966 seldi réttargæzlustefndi, Vilhjálmur Pálmason, stefnda, Jóni Böðvarssyni, eignarhluta sinn í nefndu húsi.

Þá er réttargæzlustefndi, Vilhjálmur Pálmason, keypti kjallaraíbúðina í húsinu nr. 46 við Mávahlíð, hafði hann fyrir sér veðbókarvottorð um eignarhluta þennan, þar sem

eigi er minnzt á bílskúrsréttindi II. hæðar. Þá var á uppdrætti af húsinu, sem honum var sýndur við kaupin, markaður einn bílskúr vestan við húsið, sem talinn var fylgja I. hæð þess. Telja verður því, að réttargæzlustefndi, Vilhjálmur Pálmason, hafi verið grandlaus um tilvist bílskúrsréttinda II. hæðar, þá er hann keypti kjallaraíbúðina.

Í afsölum fyrir I. hæð og kjallaraíbúð hússins nr. 46 við Mávahlíð, sem gengu kaupum og sölum sem sjálfstæðir eignarhlutar, er að engu getið bílskúrskvaðar til handa II. hæð hússins. Að svo vöxnu máli verður sú kvöð eigi talin binda hinn grandlausa kaupanda kjallaraíbúðarinnar, réttargæzlustefnda Vilhjálm Pálmason, né réttartaka hans, stefnda Jón Böðvarsson.

Eignarhlutföllin í húsinu eru þessi:

Kjallaraíbúðin 14.7%
I. hæð 29.9%
II. — 29.9%
Rishæð 25.5%.

Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 19/1959 um sameign fjölbýlishúsa segir: „Réttur til byggingar bílskúrs á lóð fjölbýlishúss fer eftir eignarhlutföllum í fjölbýlishúsinu, þannig að sá íbúðareigandi gengur fyrir, sem á stærri eignarhluta". Samkvæmt þessu ákvæði og meginreglu laga um eignarrétt eiga áfrýjendur, að fengnu leyfi byggingaryfirvalda, rétt til að reisa bílskúra á þeim stað, sem þeir hafa fyrirhugað á lóðinni nr. 46 við Mávahlíð, gegn fébótum samkvæmt samningi eða mati dómkvaddra manna til stefnda, Jóns Böðvarssonar, réttartaka réttargæzlustefnda Vilhjálms Pálmasonar, fyrir þá verðrýrnun, sem eignarhluti hans verður fyrir af þeim sökum. Við ákvörðun bóta er rétt að taka tillit til fyrri bílskúrsréttinda I. hæðar. Áfrýjendur buðu réttargæzlustefnda, Vilhjálmi Pálmasyni, eigi fullar bætur, áður en þeir hófu undirbúning á lóðinni að byggingu bílskúranna. Voru aðgerðir þeirra því ólögmætar.

Samkvæmt þessu var lögbannið löglega á lagt, og ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða

stefndu óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Jón B. Kristbjörnsson og Jón Kristjánsson, greiði stefndu, Jóni Böðvarssyni og Vilhjálmi Pálmasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. október 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. október s.l., hefur Vilhjálmur Pálmason vélstjóri, Mávahlíð 46, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. marz 1964, gegn Jóni Kristjánssyni trésmið og Jóni B. Kristbjörnssyni trésmið, báðum til heimilis að Mávahlíð 46, Reykjavík, og til réttargæzlu gegn Magnúsi E. Baldvinssyni úrsmíðameistara, Dunhaga 19, Reykjavík.

Við munnlegan flutning málsins lýstu lögmaður stefnanda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, því yfir, að umbjóðandi hans, Vilhjálmur Pálmason, hefði hinn 29. ágúst s.l. selt Jóni Böðvarssyni eignarhluta sinn í Mávahlíð 46 og tæki Jón Böðvarsson því við sóknaraðild máls þessa.

Samkvæmt þessu breytist því heiti málsins og verður: Jón Böðvarsson gegn Jóni Kristjánssyni og Jóni B. Kristbjörnssyni.

Tildrög málsins kveður stefnandi vera þau, að húsið nr. 46 við Mávahlíð hafi verið reist samkvæmt uppdrætti frá apríl 1955. Á þeim uppdrætti sé markaður einn bílskúr við vesturhlið hússins. En nú hafi Jón Kristjánsson og Jón B. Kristbjörnsson tekið undir sig sameiginlegan skrúðgarð við húsið og hafið smíði tveggja bílskúra syðst í garðinum án samþykkis stefnanda.

Í fógetadómi Reykjavíkur 27. febrúar 1964 hafi verið lagt lögbann við framhaldi framkvæmda við bílskúrana.

Gerir stefnandi þær dómkröfur *aðallega*, að lögbann þetta verði staðfest og hinir stefndu verði dæmdir að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda að færa í fyrra horf það rask, er þeir hafa gert á lóðinni nr. 46 við Mávahlíð í Reykjavík, en til vara, að þeim verði in solidum dæmt að greiða stefnanda fullar fébætur eftir mati dómkvaddra manna með 7% ársvöxtum frá 27. febrúar

1964 til greiðsludags. Hvernig sem málið fer, krefst stefnandi málskostnaðar, þar á meðal matskostnaðar úr hendi stefndu in solidum.

Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar. Hann hefur og eigi heldur neinar kröfur gert.

Af hálfu hinna stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að umrætt lögbann verði fellt niður og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Málsatvik kveður stefnandi vera þau, að árin 1955—1956 hafi Gústaf Ólafsson hæstaréttarlögmaður og Kornelíus Jónsson úrsmíðameistari reist húsið nr. 46 við Mávahlíð samkvæmt uppdrætti á dómsskj. nr. 2, fskj. nr. 3. Á uppdrátt af lóðinni sé markaður einn bílskúr fyrir vestan húsið, en garður fyrir sunnan það, ætlaður til ræktunar og afnota fyrir alla eigendur þess óskipt. Þann 4. maí 1956 hafi þeir Gústaf og Kornelíus selt Gísla Sigurtryggvasyni rishæð hússins. Í afsali sé tekið fram, að neðri hæð hafi bílskúrsréttindi svo og efri hæð, „ef fæst að byggja tvo bílskúra" á lóðinni. Réttur til að reisa bílskúr fylgi því eigi rishæð. Þann 11. ágúst 1956 hafi Gústaf og Kornelíus selt Ragnari Brynjólfssyni efri hæð hússins. Í afsali sé tekið fram, að neðri hæð hafi bílskúrsréttindi, „en fáist að byggja tvo bílskúra á lóðinni, skal hér seldur eignarhluti" (þ. e. efri hæð) „hafa rétt til annars þeirra". Þann 2. október 1956 hafi þeir Gústaf og Kornelíus selt réttargæzlustefnda, Magnúsi E. Baldvinssyni, neðri hæð og kjallaraíbúð hússins. Tekið sé fram, að bílskúrsréttindi fylgi með í kaupunum, en ekkert sé minnzt á hugsanleg bílskúrsréttindi efri hæðar. Þann 19. nóvember 1956 hafi svo réttargæzlustefndi selt meðstefnda Jóni B. Kristbjörnssyni neðri hæð hússins með bílskúrsréttindum. Segi svo í afsali: „Réttur til þess að byggja bílskúr á lóð hússins fylgir sér seldum eignarhluta". Þann 18. desember 1956 hafi svo réttargæzlustefndi selt stefnanda kjallaraíbúð hússins. Í afsali segi berum orðum: „Það skal tekið fram, að bílskúrsréttindi fylgja ekki með í kaupunum". Stefnandi kveður sér hafa verið kunnugt um, að bílskúrsréttindi fylgdu neðri hæð samkvæmt afsali réttargæzlustefnda til Jóns B. Kristbjörnssonar, og hafa treyst því, að ekki væri um önnur bílskúrsréttindi að ræða, enda hafi hvort tveggja verið, að honum hafi verið ókunnugt um ákvæði annarra afsala um hugsanleg eða möguleg bílskúrsréttindi og að á uppdrátt af húsinu, er hann hafi kynnt sér við kaupin, hafi aðeins verið markaður einn bílskúr við húsið

vestanvert með gangi milli húss og bílskúrs. Fyrir því hafi hann treyst því, að bílskúr yrði aðeins einn og á þessum stað, en garður sunnan við húsið laus við hvers konar byggingar og ætlaður öllum eigendum hússins til frjálsra óskiptra afnota.

Næst kveður stefnandi það hafa gerzt, án þess að hann væri látinn um það vita, að sumarið 1959 hafi verið sótt um byggingarleyfi fyrir tveimur bílskúrum syðst á lóðinni í sameiginlegum garði húseigenda. Þessari umsókn hafi verið synjað 13. ágúst 1959. Þann 1. sept. 1962 hafi Ragnar Brynjólfsson selt meðstefnda Jóni Kristjánssyni efri hæð hússins. Segi í afsali þessu: „Eignarhluta þessum fylgja ennfremur bílskúrsréttindi og byrjunarframkvæmdir þær, sem komnar eru við bílskúrsbyggingu, og er það eystri bílskúrinn á lóðinni".

Stefnandi kveðst hafa verið utanbæjar í ágúst 1960. Hafi þá verið neytt færis til þess að grafa fyrir og slá upp mótum fyrir tveimur bílskúrum í garðinum og hafi sökklar verið steyptir skömmu síðar. Stefnandi kveðst hafa kynnt sér hjá byggingarfulltrúa, hvort leyfi borgaryfirvalda væri fyrir þessu og fengið að vita, að leyfis hafði verið synjað 13. ágúst 1959 og ekkert leyfi veitt síðan.

Veturinn 1963—1964 segir stefnandi, að stefndi Jón Kristjánsson hafi komið til sín með uppdrátt af bílskúrunum og leitað samþykkis síns til að reisa þá, en hann kveðst hafa mótmælt harðlega, en stefndu hafi fengið byggingarleyfi fyrir bílskúrum þessum 9. maí 1963, án þess að stefnandi vissi. Stefnandi kveður Sigmund heitinn Halldórsson hafa tjáð sér í tveggja manna áheyrn, að hann hefði vitað, að þvottahúsi á uppdrætti af kjallaraíbúðinni hafði verið breytt í íbúðarherbergi, eins og algengt sé og þegar var ákveðið og gert af réttargæzlustefnda, þegar hann seldi stefnanda íbúðina, eins og afsal 18. desember 1956, dómsskj. nr. 8, beri með sér. Sé því áskilinn bótaréttur gagnvart réttargæzlustefnda, ef stefnandi tapi máli þessu.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að enda þótt réttur eigenda húseignarinnar nr. 46 við Mávahlíð sé talinn leiguréttur gagnvart Reykjavíkurborg, þá líti hann svo á, að hér sé um fullan eignarrétt að ræða. Þessi eignarréttur sé ekki tímabundinn og hann gangi kaupum og sölum með íbúðunum. Hann sé og algerlega óskiptur, þannig að hver eigenda eigi fullan eignarrétt að hverjum punkti lóðarinnar í réttum eignarhlutföllum. Þessi eignarréttur sé lögvarinn með 67. gr. stjórnarskrárinnar, er segi, að eignarrétturinn sé friðhelgur. Aðrir einstaklingar hafi engan

rétt til að svipta hann (stefnanda) þessum rétti. Jafnvel lögnamslög gætu ekki tekið þennan rétt af sér og afhent hann öðrum einstaklingi, heldur aðeins ríkinu, ef almenningsþörf krefst, og sett eru um það lög. Skuli þá og fullt verð koma fyrir. Þessu geti ákvæði 10. gr. laga nr. 19/1959 eigi haggað. Ef gert sé ráð fyrir bílskúrum á upphaflegum uppdrætti af fjölbýlishúsi, séu sameigendur við það bundnir og þá aðeins þann stað, sem þeir séu fyrirhugaðir á. Hitt sé algert stjórnarskrárbrot, ef ákvæði þessi séu skilin svo, að taka megi sameiginlegan garð til að fullnægja kröfum þeirra, er stærri eignarhluta eiga. Með því sé brotinn réttur á smærri íbúðareigendum, þ. e. kjallara- og risíbúða. En þeir eigi engu síður en aðrir sameigendur fullan eignarrétt að görðum fjölbýlishúsa og þurfi eigi að sæta því, að þessi réttur þeirra sé fyrir borð borinn. Þessi réttur sé ekki og eigi ekki að vera falur fyrir fé, ef eigandi vilji eigi sjálfur upp gefa, nema hið opinbera þurfi á að halda og fái sett lögnámslög og greiði fullt verð fyrir. Sé í því sambandi rétt að taka fram, að hér sé um meira en efnisleg verðmæti að ræða.

Stefndu lýsa málsatvikum og rökstyðja sýknukröfu sína á þá leið, að með afsali, dags. 19. nóvember 1956, hafi stefndi Jón Kristbjörnsson eignazt fyrstu hæð húseignarinnar nr. 46 við Mávahlíð í Reykjavík. Í afsali sé tekið fram, að eignarhlutanum fylgi réttur til að reisa bílskúr á sameiginlegri lóð. Afsalsbréf þetta hafi verið afhent til þinglýsingar 22. nóvember 1956. Með afsali, dags. 11. ágúst 1956, eignist Ragnar Brynjólfsson aðra hæð nefndrar húseignar. Í afsalsbréfi þessu segi: „Það skal tekið fram, að rétt til að byggja bílskúr á sameiginlegri lóð hefur neðri hæðin, en fáist að byggja tvo bílskúra á lóðinni, skal hér seldur eignarhluti hafa rétt til annars þeirra“. Afsalsbréf þetta sé móttekið til þinglýsingar 13. ágúst 1956. Með afsalsbréfi 18. desember 1956, sem þinglýst sé 12. febrúar 1957, verði stefnandi eigandi kjallara húseignarinnar. Þegar hann geri kaupin, hafi hann því vitað eða átt að vita (sbr. þinglýsingar fyrrgreindra afsalsbréfa), að neðri hæðin, eign Jóns Kristbjörnssonar, hafði „absolutan“ rétt til bílskúrs, en efri hæðin „relativan“, þ. e. ef leyfi byggingaryfirvalda fengjust fyrir byggingu tveggja skúra. Þær málsástæður stefnanda, að ekki mundi hafa orðið úr kaupum hans, ef hann hefði vitað um bílskúrsréttindin, fái því ekki staðizt. Hann hafi vitað eða a. m. k. mátt vita um þau, þau hafi verið kvöð á sameiginlegri lóð, sem hann hafi gengizt undir þegar við kaup sín á eignarhluta sínum í húsinu. Þeim rökum stefn-

anda, að hann þurfi ekki að hlíta öðrum kvöðum um bílskúr en þeim, er leiði af teikningu nr. 3 á dómsskj. nr. 2, sé algerlega mótmælt. Teikningin sýni í sjálfu sér ekki annað en að bílskúr skuli vera á hinni sameiginlegu lóð og sé því kvöð á henni að því leyti. Hins vegar kveði hún ekki á um endanlega staðsetningu skúrsins, enda hafi þá ekki verið sótt um leyfi til byggingar hans. Það sé hins vegar eftir atvikum rétt að vekja athygli á því, að það herbergi, sem stefnandi telji nú, að bílskúrinn, eins og hann nú er staðsettur, kasti mestri rýrð á, sé á þessari sömu teikningu markað sem þvottahús. Sú breyting að gera þetta herbergi að svefnherbergi muni einmitt hafa verið gert að óskum stefnanda, en hafi að sjálfsögðu orðið til þess að rýra hlutdeild annarra í húsinu. Staðsetning bílskúrsins vestan húseignarinnar, eins og nefnd teikning sýni, mundi þá hafa byrgt útsýn úr vesturglugga svefnherbergisins, en þar að auki hefðu hann og væntanlegur sambyggður skúr á næstu lóð vestan við byrgt útsýn úr íbúðargluggum þess húss. Af þeirri ástæðu muni byggingarnefnd hafa ákveðið staðsetningu bílskúrsins, eins og teikning 4 á dómsskj. nr. 2 sýni. Auk þeirra frávika frá teikningu nr. 3 á dómsskj. 4, sem nú hafi verið greind, muni rishæð hafa verið breytt nokkuð, þannig að eignarhlutfall hennar hafi aukizt nokkuð. Í afsali til stefnanda sé kveðið svo á, að hann eigi hlutfallslega (þ. e. 18%) rétt til þvottahúss, m. ö. o. bókstaflega hefði það þýtt, að hans afnotaréttur væri í sömu hlutföllum. Sameigendum hans hafi hins vegar öllum fundizt eðlilegt, að hann hefði jöfn not við aðra eigendur og allir hafi þeir fallizt á að láta reikna út rétt eignarhlutföll eigendanna, þar sem m. a. skyldi tekið tillit til þeirra breytinga, sem á eigninni hefðu verið gerðar, svo og skyldi miðað við það, *að báðar hæðirnar, 1. og 2., fengju bílskúrsréttindi,* en útgjöld jafnast eftir því hlutfalli. Gunngeir Pétursson fulltrúi hafi síðan reiknað hlutfall þetta og hafi eftir því verið farið síðan. Stefndu segja, að af hálfu stefnanda sé því haldið fram, að núverandi staðsetning bílskúrsins ónýti að miklu leyti blómagarð og grasflöt, er hann hafi verið búinn að leggja mikla vinnu og fé í ásamt öðrum. Þessu sé mótmælt sem alröngu. Undirstöður bílskúrsins og bílastæði framan við þær hafi verið gert, áður en hafizt var handa um frágang lóðar að öðru leyti. Eftir að undirstöðurnar voru gerðar og bílastæðið, hafi eigendur sameiginlega unnið að grasflötinni. Hafi þeir að sjálfsögðu lagt bæði fé og vinnu í þann frágang. Um fjárútlát til blómaræktar hafi varla verið að ræða. Þó muni eiginkonur allra eigendanna einu sinni

hafa keypt plöntur í því skyni fyrir 100 kr. hver, en engin spjöll hafi á þeim orðið vegna byggingarframkvæmda, en skúr þessi sé hlaðinn og hafi allt efni til hans verið geymt innan hans eigin veggja og framkvæmdir því engum spjöllum valdið á sameiginlegri lóð.

Leyfi til byggingar bílskúrsins og staðsetningar hans sé veitt af löglegum yfirvöldum til aðilja, sem höfðu *þinglýstar heimildir* til þeirra réttinda, og stefnandi sé við það bundinn. Framkvæmd þessara réttinda hafi ekki leitt til bótaskylds tjóns fyrir stefnanda.

Þá kveða stefndu, að órökstudd og með öllu tilhæfulaus lögbannsgerð hafi leitt til verulegs tjóns og óþæginda fyrir þá. Lögbannið hafi verið lagt á 27. febrúar 1964. Þeir hafi þá verið búnir að ráða til sín menn í vinnu til þess að ljúka verkinu sem allra fyrst. Öruggt megi telja, að skúrinn hefði verið fullgerður fyrir mánaðamót marz—apríl 1964, en frá 1. apríl það ár hefði verið gert ráð fyrir leigu á helmingi skúrsins fyrir kr. 1.500.00 á mánuði. Áskilja stefndu sér fullan rétt til þess, auk miskabóta, að gera kröfu á hendur stefnanda fyrir fjártjóni vegna missis leigutekna og afnota frá 1. apríl 1964, a. m. k. kr. 3.000.00 á mánuði þann tíma, sem lögbann er á byggingunni, með 8% vöxtum af hverri mánaðargreiðslu. Kröfu þessa kveða stefndu sig munu gera síðar í þessu máli eða sjálfstæðu máli eftir atvikum.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm í máli þessu og staðfest þar aðiljaskýrslu sína á dómsskj. nr. 13. Jafnframt var honum þá sýnd teikning af húsinu, og segir hann, að búið hafi verið að breyta þvottahúsinu, er ráðgert hafi verið í suðvesturenda hússins, í íbúðarherbergi, er hann keypti kjallaraíbúðina, og þvottahúsið hafi verið fært í geymslu þá, er sé nr. 2 í röðinni frá norðri, en geymslunni við hliðina á hinu fyrirhugaða þvottaherbergi hafi verið skipt í tvær geymslur. Þá segir stefnandi enn fremur, að ekki hafi þurft að brjóta sérstaklega fyrir dyrum inn í hið fyrirhugaða þvottaherbergi, því að gert hafi verið ráð fyrir þeim við uppsteypingu hússins.

Réttargæzlustefndi, Magnús Eðvald Baldvinsson, sem komið hefur fyrir dóm í máli þessu, kveðst ekki minnast þess, er afsalið til stefnanda á dómsskj. nr. 8 var gert, að neitt væri frekar minnzt á bílskúrsréttindi en fram kemur í afsalinu sjálfu. Segir hann, að sér hafi ekki verið kunnugt um, að byggður yrði nema einn bílskúr á lóðinni rétt vestan við húsið og benti í því sambandi á teikningu, sem liggur frammi í málinu. Ítarlegar aðspurður kvað hann þó, að verið gæti, að eigandi efri hæðar hafi

einhvern tíma sagt sér, að ef fengist að byggja fleiri en einn bílskúr á lóðinni, þá ætti hann rétt á öðrum bílskúrnum. Kveðst réttargæzlustefndi halda, að eigandi efri hæðar hafi ekki minnzt á þetta við sig, fyrr en eftir að hann (réttargæzlustefndi) var búinn að selja stefnanda kjallara hússins. Réttargæzlustefndi kveðst hafa selt stefnanda íbúðina í kjallaranum í fokheldu ástandi og ekki hafi þá verið búið að breyta þvottahúsi í svefnherbergi, en rætt hafi verið um, að það væri möguleiki.

Vitnið Lárus Valdimar Jósafatsson Ottesen og Gísli Guðmundur Ísleifsson, sem skrifað hafa sem vitundarvottar á afsalið á dómsskj. nr. 8, minnast þess ekki, að við undirskrift afsalsins kæmi til umræðu bílskúrsréttindi annarra eigenda hússins umfram það, sem fram kemur í afsalinu sjálfu.

Eins og áður er lýst, kemur það fram á afsölum á dómsskj. nr. 4 og 5 fyrir rishæð og 2. hæð umrædds húss að Mávahlíð 46, að rétt til að byggja bílskúr á sameiginlegri lóð húseignarinnar hafi 1. hæð (neðri hæð) hússins, en fáist að byggja tvo bílskúra á lóðinni, skuli 2. hæð hafa rétt til annars þeirra. Þessi afsöl eru dagsett 4. maí og 11. ágúst 1956 og þeim þinglýst 17. maí og 13. ágúst sama ár. Stefnandi fær hins vegar afsal fyrir sínum eignarhluta hússins (kjallaraíbúð) 18. desember 1956.

Af veðbókarvottorði, sem lagt hefur verið fram í málinu, verður hins vegar ekki séð, að eigandi efri hæðar eigi rétt til byggingar bílskúrs á lóðinni, ef sá réttur yrði veittur af viðkomandi byggingaryfirvöldum.

Samkvæmt formi veðmálaregisturs er ætlazt til, að getið sé þinglýstra kvaða á fasteignum, og á því veðbókarvottorð um fasteign að bera með sér, hvort um slíkar kvaðir á henni sé að ræða.

Eins og áður greinir, verður ekki séð af framlögðu veðbókarvottorði um húseignina nr. 46 við Mávahlíð neitt um réttindi eiganda efri hæðar til byggingar bílskúrs á lóð hússins. Þykir því varhugavert að líta svo á, að stefnandi hafi átt að vita um hugsanleg bílskúrsréttindi hans þrátt fyrir ákvæði fyrrgreindra afsala þar um á dómsskj. nr. 4 og 5. Enda mun almennt vera litið svo á, að veðbókarvottorð eigi að vera fullgild heimild um veðbönd og kvaðir á fasteignum sem fyrr segir. Eigi hefur heldur framburður vitna eða annarra í málinu leitt til þeirrar niðurstöðu, að stefnandi mætti um þetta vita.

Að þessu athuguðu og með tilliti til þess, að á teikningu þeirri, sem stefnandi kveðst hafa séð, er hann keypti sinn hluta í hús-

eigninni, er aðeins sýndur einn bílskúr og hann á öðrum stað en umræddum tveimur bílskúrum hefur verið valinn staður, þykir verða að líta svo á, að stefnandi hafi verið í góðri trú, er hann keypti kjallaraíbúð sína, um, að aðeins yrði byggður einn bílskúr á lóðinni, og þá væntanlega á þeim stað, sem hann er sýndur á uppdrætti nr. 3 í dómsskj. nr. 2 í máli þessu.

Samkvæmt þessu þykir eigi ástæða til að rengja þá staðhæfingu stefnanda, að eigi hefði orðið af kaupum hans á umræddri kjallaraíbúð, hefði hann vitað, að inni á lóðinni kynnu að rísa tveir bílskúrar. Enda hefur stefnandi við kaupin öðlazt hlutfallslegan rétt yfir lóðarhluta þeim, sem stefndu vilja nú taka til einkanota sér til handa, og þykir mega fallast á, að umræddar framkvæmdir hinna stefndu á sameiginlegri lóð hússins mundu rýra verðmæti eignarhluta stefnanda og valda honum óþægindum, ef þær næðu fram að ganga, þar sem allt að helmingur hinnar sameiginlegu baklóðar, sem ekki er stór, mundi fara undir bílskúrana og aðkeyrsluna að þeim samkvæmt athugun dómarans á vettvangi.

Það kemur ekki fram í máli þessu, að hinir stefndu hafi boðið stefnanda bætur, áður en þeir hófu umræddar framkvæmdir á lóðinni. Verða aðgerðir þeirra því að teljast ólögmætar gagnvart stefnanda. Samkvæmt þessu var lögbann það, sem í máli þessu greinir, löglega á lagt, og ber að staðfesta það, enda breytir samþykki byggingaryfirvalda engu hér um.

Þá ber hinum stefndu að færa í fyrra horf það rask, sem þeir hafa gert á lóðinni nr. 46 við Mávahlíð, innan þriggja mánaða frá birtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum að fjárhæð kr. 100.00, er renni til sóknaraðilja.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreint lögbann er staðfest. Hinum stefndu, Jóni Kristjánssyni og Jóni B. Kristbjörnssyni, ber að færa í fyrra horf það rask, sem þeir hafa gert á lóðinni nr. 46 við Mávahlíð í Reykjavík, innan þriggja mánaða frá birtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum að fjárhæð kr. 100.00 til sóknaraðilja, Jóns Böðvarssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 12. febrúar 1968.

Nr. 252/1966. **Gunnar Einarsson**
Marteinn Jónsson og
Svavar Ingibersson (Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1966 og gert þær dómkröfur, að þeim verði dæmd sýkna af kröfum stefnda, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjendum dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Þá ber einnig að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Áfrýjendur, Gunnar Einarsson, Marteinn Jónsson og Svavar Ingibersson, greiði stefnda, Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 8. október 1966.

Mál þetta, sem þingfest var 12. nóvember 1965 og dómtekið 16. f. m., hefur Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður höfðað fyrir dóminum f. h. Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur h/f með stefnu, útgefinni 5. nóvember 1965 og birtri 10. s. m., gegn Gunnari Einarssyni, Sólvallagötu 12, Marteini Jónssyni, Kirkjuvegi 28, og Svavari Ingiberssyni, Sólvallagötu 42, öllum í Keflavík, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 33.401.55 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til 1. janúar 1965, en með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 12. júní s. á. og 1% vanskilavöxtum á mánuði og broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Stefnandi segir skuld þessa vera til orðna fyrir það, að hann tók að sér að breyta nótabáti í þilfarsbát fyrir stefndu. Hafi hann lagt til efni, aðallega timbur, saum, bolta o. fl. svo og vinnu. Verk þetta, sem unnið var í tímavinnu, var framkvæmt á tímabilinu 29/1 til 12/7 1962, en örlítil viðbótarúttekt hafi átt sér stað 26. nóvember 1963. Segir stefnandi, að verkið hafi átt að greiða eftir reikningi. Heildarúttekt stefndu hafi numið bæði í efni og vinnu alls kr. 249.490.10, en innborganir þeirra hafi alls numið kr. 216.088.58 samkvæmt viðskiptareikningi. Mismunurinn, kr. 33.401.52, sé stefnukrafan í málinu.

Stefndu mótmæla skuldakröfu stefnanda og krefjast sýknu af kröfum hans og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Segja stefndu, að þeir skuldi stefnanda ekki neitt og hafi þeir að verki loknu greitt stefnanda að fullu, svo sem um hafi verið samið, og Bjarni Einarsson, stjórnarformaður stefnanda, þá gefið út skipasmíðaskírteini 4. júlí 1962 og í því lýst yfir, „að hið umsamda smíðaverð sé að fullu greitt". Segja stefndu, að er þeim var afhent skírteinið, hafi að fullu verið gengið frá greiðslum og verði og beri þeim því ekki að greiða stefnanda neinar frekari greiðslur. Sé skipasmíðaskírteinið fullnaðarsönnun fyrir því, að skuldbindingum þeirra gagnvart stefnanda sé lokið. Segja þeir, að frá því að skírteinið var gefið út 4. júlí 1962, hafi þeir ekkert heyrt frá stefnanda um neinar kröfur á hendur þeim þar til í bréfi lögmanns stefnanda, dags. 1. apríl 1965, þar sem þeir eru krafðir um greiðslu stefnukröfunnar. Telur lögmaður stefndu, að þessi langi tími staðfesti, að skiptum þeirra hafi verið lokið, „þó stefnandi finni upp á því nú að reyna að hafa fé út úr umbj. m.". Segir lögmaður stefndu enn fremur (dskj. 7), að

umbjóðendum hans sé ekki kunnugt um, að þeir hafi verið í neinum viðskiptum við Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f, eftir að skipasmíðaskírteinið var gefið út 4. júlí 1962. Þetta segir lögmaður stefndu í bréfi, dags. 7. apríl 1965 (dskj. 7), sem er svar við greiðsluáskorun lögmanns stefnanda, dags. 1. s. m., og krefst hann, að sér verði sendir sundurliðaðir reikningar yfir viðskiptin. Afrit af þessum reikningum var sent stefndu með bréfi umboðsmanns stefnanda, dags. 9. október 1965 (dskj. 8). Hinn 5. nóvember 1965 var stefna útgefin á hendur stefndu.

Lögmaður stefnanda heldur fast við kröfur sínar í málinu. Mótmælir hann því, að yfirlýsingin á skipasmíðaskírteininu (dskj. 11) sé kvittun umbjóðanda síns. Í fyrsta lagi sé yfirlýsing þessi þýðingarlaus í þessu máli og gefin í allt öðrum tilgangi en að ljúka viðskiptum aðilja, enda hafi stefndu greitt kr. 40.000.00 upp í viðskipti sín hinn 13. september 1962, hálfum þriðja mánuði eftir að skírteinið var gefið út. Í öðru lagi væri Bjarni Einarsson ekki fær að gefa fullnaðarkvittun fyrir greiðslu stefndu, þar sem hann var ekki prókúruhafi fyrirtækisins á þessum tíma. Lögð var fram í málinu (dskj. 12) aðiljaskýrsla stefnanda. Segir þar, að hann sem slíkur hafi gefið út skipasmíðaskírteinið á dskj. 11 einvörðungu í greiðaskyni við stefndu, svo að þeir fengju eignarheimild að bátnum og gætu veðsett hann fyrir láni hjá Fiskveiðasjóði Íslands, og enn fremur í trausti þess, að stefndu vefengndu ekki reikningana. Hafi því ekki verið gengið frá reikningsskilum um leið, enda óhægt um vik, þar sem þá hafi verið að vinna við bátinn og reikningar að koma inn. Fullyrðir Bjarni í skýrslu sinni, að svipaður eða sami háttur sé viðhafður í öðrum skipasmíðastöðvum, þegar um útgáfu skipasmíðaskírteinis sé að ræða í sambandi við nýsmíði. Aðiljaskýrsla þessi er lögð fram í málinu 4. febrúar 1966, og hefur henni ekki verið mótmælt af hálfu umboðsmanns stefndu sem rangri og óstaðfestri. Skýrslan hefur ekki verið staðfest fyrir dómi.

Stefnandi hefur enn fremur krafizt þess, að eftirtalin ummæli, sem lögmaður stefndu, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, viðhefur í greinargerð sinni á dskj. 10 um stefnanda: „hafa fé út úr“ og „sendisveinn“, verði ómerkt og lögmaðurinn dæmdur í réttarfarssekt fyrir þau.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu m. a. viðskiptareikning, sem sýnir skuld stefndu, kr. 33.401.52, úttektar- og vinnunótur, afrit af kvittunum stefnanda til stefndu fyrir innborgun þeirra upp í verkið.

Við þingfestingu málsins 12. nóvember 1965 og einnig við næsta þinghald 26. s. m. mætti enginn af hálfu stefndu, en 10. desember s. á. mætir lögmaður stefndu og leggur fram greinargerð og skipasmíðaskírteini, dskj. 10 og 11, sem eru einu varnargögnin af hans hálfu í málinu. Við fyrirtekt málsins 13. maí, 24. júní, 2. september og 16. september s.l. mætti enginn af hálfu stefndu, og var málið dómtekið 16. september s.l. eftir kröfu lögmanns stefnanda.

Málið verður því dæmt samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 eftir framkomnum kröfum, skilríkjum og sókn stefnanda með tilliti til þess, sem fram hefur komið af hálfu varnaraðilja.

Stefndu byggja sýknukröfu sína eingöngu á yfirlýsingunni á skipasmíðaskírteininu um, að „smíðaverðið sé að fullu greitt".

Stefnandi mótmælir því hins vegar, að skoða beri yfirlýsingu þessa sem kvittun, enda hafi útgefandi skírteinisins ekki haft tök á því að gefa þannig út fullnaðarkvittun fyrir greiðslu á verkinu, þar sem hann hafi ekki verið prókúruhafi fyrirtækisins, en skírteinið hafi verið gefið í greiðaskyni við stefndu, svo að þeir mættu fá eignarheimild yfir bátnum og veðsett hann fyrir láni hjá Fiskveiðasjóði Íslands. Vinna hafi staðið yfir við bátinn á útgáfudegi skírteinisins.

Samkvæmt framlögðum afritum af kvittunum stefnanda fyrir greiðslu stefndu upp í verkkostnaðinn á ýmsum tímum frá 2. febrúar 1962 til 13. september s. á. hefur Loftur Baldvinsson undirritað allar kvittanirnar f. h. stefnanda, en ekki stjórnarformaður fyrirtækisins, Bjarni Einarsson. Þá bera kvittanaafrit þessi með sér, að einn stefndu, Svavar Ingibersson, greiddi kr. 40.000.00 „í reikn. v/nótabáts" hinn 13. september 1962, eða löngu eftir að stefndu telja, að þeir hafi greitt stefnanda að fullu allar kröfur vegna verksins. Þessi kvittun ber og með sér, að þessi greiðsla sé ekki lokagreiðsla, heldur upp í reikning stefndu hjá stefnanda.

Þá bera framlagðar vinnu- og úttektarnótur það með sér, að unnið hefur verið við bátinn og efni tekið út til hans dagana 2., 3., 4., 5., 6. og 12. júlí 1962. Þá er ein úttektarnótan, kr. 219.80, dagsett 26. nóvember 1963.

Dómurinn telur, að sá háttur sé ekki óalgengur, að skipasmíðastöðvar gefi út slíkar yfirlýsingar í smíðaskírteinum sínum, þótt smíðaverðið sé ekki að fullu greitt, þar eð þær munu oft eiga von á fullnaðargreiðslu í sambandi lántöku eigenda, sem veðtryggð er í nýsmíðinni.

Dómurinn lítur því svo á, að ekki beri að skoða yfirlýsingu stjórnarformanns stefnanda á skipasmíðaskírteininu sem gildandi

fullnaðarkvittun fyrir greiðslu stefndu á öllum viðskiptaskuldum þeirra í sambandi við verkið, enda bera framlögð gögn stefnanda með sér, að viðskiptum þeirra var ekki lokið í sambandi við smíði bátsins hinn 4. júlí 1962. Greiðsla stefndu hinn 13. september 1962 á kr. 40.000.00 til stefnanda rennir og stoðum undir þessa skoðun dómsins. Stefndu hafa ekki lagt fram í málinu reikningsyfirlit af sinni hálfu né heldur neinar beinar kvittanir frá stefnanda fyrir lokagreiðslu verksins.

Stefnandi gerir þá kröfu í stefnu, að stefndu verði dæmdir til að greiða hina umstefndu skuld in solidum. Ekki hefur verksamningur verið lagður fram, er sýni, á hvern hátt stefndu skyldu greiða verkið, hvort það skyldi greitt sameiginlega af þeim eða pro rata. Kröfu stefnanda um solidariska ábyrgð stefndu hafa þeir ekki mótmælt sérstaklega. Verður þegar af þeirri ástæðu sem og enn fremur af því, að skjöl málsins bera ekki annað með sér en að stefndu hafi í samlagi óskað eftir, að verkið yrði unnið, og þeir síðan gert bátinn út í samlagi undir nafninu Máni, KE 94, að taka kröfu stefnanda um solidariska ábyrgð til greina.

Með tilvísun til framanritaðs verða úrslit máls þessa hér fyrir dóminum þau, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir þykja hæfilega tildæmdir 8% á ári frá 1. janúar 1963 að telja. Ber því að dæma hina stefndu in solidum til að greiða stefnanda kr. 33.401.52 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags.

Stefnandi hefur krafizt þess, að ummæli umboðsmanns stefndu í varnarskjali hans á dskj. 10: „hafa fé út úr" og „sendisveinn", verði ómerkt og umboðsmaðurinn dæmdur í réttarfarssekt fyrir þau samkvæmt 1. og 2. mgr. 188. gr. laga nr. 85/1936.

Hið vélritaða orð „sendisveinn" í varnarskjali nr. 10 er í eintaki því, sem í vörzlu dómsins er, strikað út með penna og handskrifað fyrir ofan það orðið „undirmaður". Hvort þessi breyting hefur átt sér stað á undan eða eftir að skjalið var lagt fram í dómnum, getur dómarinn ekki sagt um, en þessi breyting er gerð bæði á frumriti því, sem er í vörzlu dómsins, og afriti þess. Hvort sem breytingin hefur átt sér stað fyrir eða eftir framlagningu skjalsins, verður ekki um hið yfirstrikaða orð dæmt þegar af þeirri ástæðu, að umboðsmaður stefndu tekur ummælin „sendisveinn" aftur með breytingu sinni. Dómurinn telur hins vegar ummælin „hafa fé út úr" óréttmæt og beri að ómerkja þau, en eftir atvikum verður sektarkrafa stefnanda út af ummælum þessum ekki tekin til greina.

Eftir framangreindum úrslitum ber að áliti dómsins að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega tildæmdur kr. 7.000.00, og er þá tekið tillit til kostnaðar stefnanda, kr. 960.00, áður en til málssóknar kom, vegna kröfu umboðsmanns stefndu um sundurliðaða reikninga.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnar Einarsson, Sólvallagötu 12, Marteinn Jónsson, Kirkjuvegi 28, og Svavar Ingibergsson, Sólvallagötu 42, allir í Keflavík, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnanda, Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f, Ytri-Njarðvík, kr. 33.401.52 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags og kr. 7.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Ummæli varnaraðilja: „hafa fé út úr", skulu dauð og ómerk.

Fjárnámsgerð fógetadóms Keflavíkur 7. desember 1966.

Ár 1966, miðvikudaginn 7. desember, var fógetaréttur Keflavíkur settur og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta, Jóni Einari Jakobssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 153/1966: Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f gegn Gunnari Einarssyni o. fl.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 birtan dóm bæjarþings Keflavíkur, uppkveðinn 8. október 1966, en birtan 19. nóvember s.l., og krefst fjárnáms til tryggingar dómskuldinni, kr. 33.401.52, auk 8% ársvaxta frá 1. janúar 1963 til greiðsludags, kr. 7.000.00 í málskostnað, kr. 400.00 í ritlaun og dómsbirtingu og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli Gunnar Einarsson, Sólvallagötu 12, er ekki mættur í réttinum, en af hans hálfu mætir að tilhlutan fógetans Jóhanna Júlíusdóttir, eiginkona gerðarþola, en hér býr hún, og skoraði fógeti á hana að greiða umkrafða skuld, en hún kveðst ekki greiða.

Skoraði fógeti á mættu að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og bryndi fyrir henni að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætta kveðst ekki vilja benda á neinar ákveðnar eignir gerðar-

þola til fjárnáms, en upplýsir, að gerðarþoli sé þinglesinn eigandi að efri hæð húseignarinnar Sólvallagötu 12. Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst fjárnáms í þeirri eign.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í efri hæð húseignarinnar að Sólvallagötu 12, þinglesinni eign gerðarþola Gunnars Einarssonar, til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mættu að tilkynna gerðarþola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsiábyrgð að lögum.

Mánudaginn 12. febrúar 1968.

Nr. 112/1967. **Vilhjálmur S. Jóhannsson**
(Guðlaugur Einarsson hrl.)
gegn
Indriða Björnssyni
(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárnám. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1967. Gerir hann þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómurinn í máli þessu var uppkveðinn 25. marz 1966. Áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 var liðinn, þegar áfrýjandi áfrýjaði málinu, og hann hafði eigi aflað áfrýjunarleyfis samkvæmt 4. mgr. 20.

gr. sömu laga. Verður því að vísa málinu að þessu leyti frá Hæstarétti.

Að því er varðar hina áfrýjuðu fjárnámsgerð, þá eru eigi á henni þeir gallar, er til þess leiði, að hún verði felld úr gildi, og verður hún því staðfest.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu, að því er varðar hinn áfrýjaða héraðsdóm, er vísað frá Hæstarétti.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjandi, Vilhjálmur S. Jóhannsson, greiði stefnda, Indriða Björnssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. marz 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 10. þ. m., af Jóni Ólafssyni héraðsdómslögmanni f. h. Indriða Björnssonar, Ásvallagötu 1, Reykjavík, gegn Jóhanni Vilhjálmssyni, Kaplaskjólsvegi 47, og Vilhjálmi S. Jóhannssyni, Hörpugötu 14 í Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð krónur 62.430.00, útgefins 10. janúar 1965 af stefnda Vilhjálmi S. Jóhannssyni og samþykkts af Jóhanni Vilhjálmssyni, til greiðslu í Útvegsbanka Íslands hér í bæ 10. marz 1965, en á víxli þessum, sem fallið var frá afsögn á, er útgefandi ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 62.430.00, með 1% dráttarvöxtum frá gjalddaga hans á mánuði, 10. marz 1965, til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefndi hefur lagt fram frumrit víxilsins með eyðuframsali til sín, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 8.750.00.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhann Vilhjálmsson og Vilhjálmur S. Jóhannsson, greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða stefnanda, Jóni Ólafssyni f. h. Indriða Björnssonar, kr. 62.430.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 10. marz 1965 og kr. 8.750.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð í fógetadómi Reykjavíkur 5. júní 1967.

Ár 1967, mánudaginn 5. júní, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Hörpugötu 14 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Viggó Tryggvasyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-1388/1967: Indriði Björnsson gegn Vilhjálmi S. Jóhannssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 1460/1966. Nr. 1 og 2 fylgja með í eftirriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón Ólafsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 62.430.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 10. 3. '65 til greiðsludags, kr. 8.750.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur og enginn heima, er mætt gæti af hans hálfu.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í húseigninni nr. 14 við Hörpugötu.

Þriðjudaginn 13. febrúar 1968.

Nr. 161/1966. **Gunnlaugur Halldórsson og**
Guðmundur Kr. Kristinsson og
(Ragnar Jónsson hrl.)
Jón Eiríksson
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Byggingasamvinnufélagi Reykjavíkur
og gagnsakir
(Páll S. Pálsson hrl.)
og Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur
gegn
Byggi h/f (Gunnar Jónsson hrl.) **og**
Skiptaráðandanum í Reykjavík
f. h. þrotabús Verklegra Framkvæmda h/f.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús þ. Torfason.

Ábyrgð arkitekta, byggingameistara og verktaka á byggingarframkvæmdum.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. ágúst 1966. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur, og málskostnaðar úr hendi þess í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi Jón Eiríksson hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1966 og krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. janúar 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjendur, Gunnlaugur, Guðmundur og Jón, og stefndu, Byggir h/f og þrotabú Verklegra framkvæmda

h/f, verði dæmdir til að greiða óskipt kr. 33.800.00 með 8% ársvöxtum frá 5. marz 1960 til 29. desember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 10.000.00 í málskostnað í héraði og svo málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi hans.

Staðfesta ber héraðsdóminn um stefnda þrotabú Verklegra framkvæmda h/f. Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði þrotabúinu kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, voru verulegir gallar á íbúð þeirri, sem mál þetta fjallar um. Sérstakrar einangrunar var þörf, þar sem geislahitalögn var í gólfplötunni. Í sérteikningu arkitektanna, aðaláfrýjenda Gunnlaugs og Guðmundar, var gert ráð fyrir, að 2.5 cm frauðsteypa yrði notuð sem einangrun á gólfin og 2 cm húðun þar ofan á, og dúkþykkt var áætluð 0.3 cm. Síðar var horfið frá að nota frauðsteypu sem einangrun. Um það segir svo í skýrslu arkitektanna: „Á sameiginlegum fundi með Ingvari Þórðarsyni, eftirlitsmanni Byggingasamvinnufélagsins, kom fram tillaga um að nota vikursandlögun á gólfin í íbúðarherbergjunum. Voru þá gerðar nokkrar hellur úr vikursalla og sementi í tilraunaskyni, í blöndunarhlutföllum 1:4, 1:5, 1:6 og 1:8. Hellur þessar voru reyndar ca. viku gamlar á þann hátt, að kanti stólfótar var þrýst á þær með mannsþunga. Ekki markaði sjáanlega á þremur sterkustu hellunum, og var þá leitað álits Ólafs Jenssonar verkfræðings á einangrunargildi þeirra. Talið var, að fullt styrkleikaöryggi og næg einangrun fengist með notkun á blöndunarhlutfalli 1:5, og var sú blanda því ákveðin til útfærslu. Ennfremur var talið rétt, að Ingvar Þórðarson ásamt múrarameistaranum Jóni Eiríkssyni gengi úr skugga um gæði efnisins. Áherzla var lögð á, að þess yrði vandlega gætt að taka hitann af geislahitunarkerfinu, þar sem unnið væri og á meðan mesta hörðnunin færi fram, en síðan væri hitinn settur á og smá aukinn“. Aðaláfrýjandi Guðmundur hefur skýrt frá því, „að

sama þykkt á steypta gólfplötu hafi átt að vera, þótt síðar yrði notuð vikursandlögun". Segir hann, „að þeir arkitektarnir hafi gert ráð fyrir því, að þunnt pússningarlag kæmi ofan á vikurinn, ca. 1—2 cm þykkt". Aðaláfrýjandi Gunnlaugur kveðst hafa reiknað með, að þykkt lagsins yrði um 1½—2 cm. Engin sérteikning var gerð af gólfinu, eftir að ákveðið hafði verið að nota vikureinangrun. Hinir dómkvöddu matsmenn, sem skoðuðu gólfið, segja í matsgerð sinni, að „til einangrunar hefur verið sett vikursteypa ofan á steinplötu, ca. 4 cm þykk og sléttuð. Hefur hún molnað og myndað polla og dældir í gólfið". Í málinu hefur verið lagt fram sýnishorn af vikursteypu. Telur aðaláfrýjandi Gunnlaugur, að það sé af sömu gerð og vikursteypa sú, sem notuð var. Sýni þetta var lagt fyrir Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, og í umsögn stofnunarinnar, sem dagsett er 12. janúar 1968, segir svo um sýnið:

„Sýni, lagt fram sem gagn nr. 31 í rétti, reyndist vega 468 g og rúmmál þess 530 ml. Rúmþyngd steypunnar er því um 880 g/l. Slíkar sandvikursteypur eru yfirleitt festulitlar, ca. 20—50 kg/cm^2. Kúlufaraprof framkvæmt á sýninu með Frank kúlufara (hálft höggálag) sýndi eftirfarandi þvermál: 6.5, 7.2, 7.0, 7.2, 7.0, 7.5, 7.0, 7.2, 7.0, 7.0, eða meðalþvermál 7.05 mm. Próf þetta, sem framkvæmt er eftir þýzkum stöðlum, DIN 4240, hæfir ekki til notkunar við svo veikt efni sem umrætt sýni, enda er talið, að meira en 5.5 mm þvermál, — en það samsvarar 42 kg/cm^2 meðalfestu — séu óáreiðanleg til festuákvarðana. Af þessu má sjá, að festa er miklu minni en 40 kg/cm^2 og sennilega ekki mikið yfir 20 kg/cm^2 í sýninu. Nú er ljóst eftir tilkomu „pinnahæla", að álag á efnið, óvarið sem gólfefni, gæti numið margfeldi af þessari tölu, og virðist því ljóst, að efnið er of veikt. Hins vegar blasir við, að festa þess er nægileg undir 18 mm slitlagi — (sýnið reyndist 32 mm að þykkt, en gólfílagsþykkt skv. öðrum málsskjölum mun vera 50 mm).

Málsskjöl lýsa því, að nauðsynlegt var að nota blautari hræru í ílögnina en notað var í sýnið. Þetta táknar að öðru jöfnu, að ílögnin er veikari en sýnið, þar sem styrkleiki

steypu stendur í beinu hlutfalli við vatns/sementshlutfallið".

Eins og áður er greint, var vikureinangrunin mjög gölluð. Aðaláfrýjendurnir Gunnlaugur og Guðmundur sögðu fyrir um efni og blöndun nefndrar einangrunar og ákváðu þykkt slitlagsins ofan á vikrinum. Þessi einangrunaraðferð við geislahitalögn var þeim lítt kunn, eins og tilraunir þeirra bera með sér. Þrátt fyrir það fylgdust þeir frá upphafi eigi sem skyldi með framkvæmd verksins og hvernig einangrunin reyndist, þá er á hólminn kom. Aðaláfrýjandinn Jón Eiríksson múrarameistari hafði verkið á hendi. Honum var ljóst, að einangrunin fullnægði eigi þeim gæðaskilyrðum, sem gera bar til hennar. Ingvar Þórðarson trésmíðameistari fór með verkstjórn á heildarframkvæmdum byggingarinnar fyrir hönd stefnda Byggis h/f og annaðist kaup á vikursalla þeim, sem notaður var í einangrunina, en lét hvorki kanna gæði vikursins, svo sem arkitekarnir kváðust hafa gert ráð fyrir, né hafði nægilegt eftirlit með framkvæmd verksins. Af hendi allra aðaláfrýjenda og stefnda Byggis h/f hefur samkvæmt framansögðu verið sýnd vangæzla við undirbúning og framkvæmd vikureinangrunarinnar og eftirlit með henni, og verða þeir því að bera óskipt fjárábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda.

Í héraði var því eigi hreyft af hálfu aðaláfrýjenda og stefnda, að krafa gagnáfrýjanda væri fallin niður fyrir fyrningu eða vangeymslu. Koma því þessar málsástæður eigi til álita hér fyrir dómi.

Samkvæmt þessu verða aðaláfrýjendur og stefndi Byggir h/f óskipt dæmdir til að greiða dómkröfur gagnáfrýjanda ásamt þeim vöxtum, sem krafizt er, og svo málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Stefndi þrotabú Verklegra framkvæmda h/f skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur, í máli þessu, sem greiði þessum stefnda kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur, Gunnlaugur Halldórsson, Guðmundur Kr. Kristinsson og Jón Eiríksson, og stefndi Byggir h/f greiði óskipt gagnáfrýjanda kr. 33.800.00 með 8% ársvöxtum frá 5. marz 1960 til 29. desember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 10.000.00 í málskostnað í héraði og svo málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., hefur stjórn Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur fyrir hönd félagsins höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. febrúar 1964, á hendur Byggi h/f, Verklegum framkvæmdum h/f, arkitektunum Gunnlaugi Halldórssyni og Guðmundi Kr. Kristinssyni, Laufásvegi 18 A, og Jóni Eirikssyni múrarameistara, Urðarstíg 15, öllum í Reykjavík, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 38.400.00 með 8% ársvöxtum frá 15. nóvember 1957 til greiðsludags svo og kr. 4.100.00 í matskostnað auk málskostnaðar að skaðlausu.

Allir stefndu hafa krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Stefnandi lýsir málsatvikum á þessa leið: „Á árinu 1957 lét stefnandi reisa vegna félagsmanna sinna fjölbýlishúsið Kleppsvegur 8-10-12-14-16 í Reykjavík. Í húsinu eru 12 fjögurra herbergja íbúðir, 12 þriggja herbergja íbúðir og 8 tveggja herbergja íbúðir, eða alls 32 íbúðir.

Eftir að íbúðirnar voru fullgerðar, tilteknir félagsmenn hlotið þær og farið að búa í þeim, komu í ljós byggingargallar, og hafa áhrif þeirra farið vaxandi með ári hverju. Íbúðarhafar undu þessu illa, og eftir nokkrar viðræður milli stjórnar húsfélagsins og stjórnar stefnanda varð sameiginlegt álit þessara aðilja, að beina yrði bótakröfum á hendur þeim, sem byggðu húsið og báru faglega ábyrgð á verkinu. Féllst stjórn stefnanda á vegna hlutað-

eigandi félagsmanna í heild að sækja málið í hendur viðsemjendum sínum um bygginguna, þar eð þessum aðiljum hefði borið að gera bygginguna sómasamlega úr garði.

Til þess að fylgja málinu fram réð stefnandi lögmann. Að ósk hans athugaði formaður húsfélagsins, Jens Hólmgeirsson, allar íbúðirnar og gaf skýrslu til bráðabirgða, dags. 3. des. 1962, um ástand íbúðanna, að því er snerti meinta byggingargalla. Beindust athuganir hans einkum að tvennu, sem mest hafði borið á: Skemmdum á einangrunarlagi á gólfum og leka frá þaki og með útveggjum.

Skýrsla hans sýndi, að flestöllum íbúðunum var vant úrbóta vegna gólfskemmda eða leka eða vegna beggja þessara ástæðna. Varð að ráði, að ein íbúðanna, íbúð Andrésar Gilssonar að Kleppsvegi 10 á 2. hæð til hægri, skyldi sérstaklega tekin sem sýnishorn til skoðunar og mats dómkvaddra manna. Þess síðan leitað að ná samkomulagi við byggjendur hússins um bótagreiðslur vegna vansmíði og efnisgalla. Ef samkomulag næðist ekki, skyldi farið í prófmál fyrir dómstólum vegna íbúðar Andrésar Gilssonar og að þeim úrslitum fengnum leitað samkomulags eða dóms um bætur vegna sannanlegra byggingargalla annarra íbúða sambýlishússins á sama grundvelli.

Að beiðni lögmannsins í umboði stefnanda voru 2 matsmenn dómkvaddir hinn 26. marz 1963. Þeim var falið að meta, hvað kosta mundi að lagfæra gólf íbúðarinnar, en skemmda hafði orðið vart í einangrunarlagi á gólfum flestra herbergja, og sums staðar kom sementsryk upp um samskeyti á gólfdúk. Í öðru lagi var matsmönnum falið að meta, hvað kosta mundi að fyrirbyggja raka, sem vart hafi orðið við á gólfum íbúðarinnar, og hvað kosta mundi að bæta úr gólfdúk af þessum sökum. Í 3.—5. lagi skyldu matsmenn meta meinta galla varðandi tengingu eldavélar, smíði og frágang hverfiglugga, hve mikið ætla megi, að íbúðin lækki í verði á almennum húsamarkaði vegna gallanna og hve hæfilegt sé, að íbúðareigandi fái í bætur fyrir óþægindi, á meðan viðgerð stæði yfir.

Hinn 1. nóvember 1963 skiluðu matsmenn matsniðurstöðu. Þó að stefnandi sé henni ekki sammála um allt, er matsgerðin lögð hér til grundvallar og stefndu sóttir til saka í máli, að því er snertir aðalbyggingargalla íbúðarinnar, vegna skemmda á einangrunarlagi á gólfum og kostnaðar, er af því leiðir, beint og óbeint. Niðurstaða matsmanna að þessu leyti var skv. sérstakri sundurliðun kr. 38.400.00, en matsmenn töldu, að úrbætur allra

ágalla nemi kr. 39.500.00. Reikningur matsmanna hljóðaði á kr. 2.600.00, og fyrir lögfræðilega aðstoð við matsbeiðni reiknar lögmaður stefnanda sér kr. 1.500.00, svo að matskostnaður reyndist alls kr. 4.100.00. Stefnukröfurnar eru í samræmi við aðallið mats og málskostnaðarliðina".

Stefndi Gunnlaugur Halldórsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að um sumarið 1955 hafi Borgþór Björnsson átt tal við þá arkitektana um teikningar að hér umræddu fjölbýlishúsi og falið þeim að vinna verkið. Hafi þeir ekki átt að hafa daglegt eftirlit með byggingunni, þar sem Byggir h/f mundi sjá um að koma byggingunni upp. Hafi þeir bæði gert aðalteikningar og sérteikningar. Þar sem byggingin átti að vera hituð upp með geislahitun og því nauðsyn að setja hitaeinangrun ofan á gólfin í íbúðunum, hafi þeir gert ráð fyrir frauðsteypu sem einangrun. Frá því hafi síðar verið horfið og á sameiginlegum fundi hafi komið fram tillaga frá Ingvari Þórðarsyni, eftirlitsmanni byggingarinnar, að nota vikursandlögun ofan á gólfin. Hafi þá verið gerðar nokkrar hellur úr vikursalla í tilraunaskyni í blöndunarhlutföllunum 1:4, 1:5, 1:6 og 1:8. Hellur þessar hafi síðan verið reyndar um viku gamlar á þann hátt, að kanti stólfótar var þrýst á þær með mannsþunga. Ekki hafi markað sjáanlega á þremur sterkustu hellunum. Hafi þá verið leitað álits Ólafs Jenssonar verkfræðings á einangrunargildi þeirra. Talið hafi verið, að fullt styrkleikaöryggi og næg einangrun fengist með notkun á blöndunarhlutfalli 1:5 og hafi sú blanda verið ákveðin til útfærslu. Hafi Ingvari Þórðarsyni og múrarameistaranum, Jóni Eiríkssyni, verið falið að ganga úr skugga um gæði efnisins. Hafi og verið áherzla á það lögð, að þess yrði vandlega gætt að taka hitann af kerfinu, þar sem unnið væri og á meðan mesta hörðnunin færi fram, en síðan væri hitinn settur á og smá aukinn. Gunnlaugur kvað í teikningu hafa verið gert ráð fyrir um 5 cm gólflagi með dúk, enda hafi það takmarkazt af dyraopi. Hann kvað þá arkitektana hafa gert ráð fyrir svokallaðri „sandlögun" (slitlagi) ofan á vikurinn og að það yrði í þynnra lagi. Hafi þeir reiknað með, að þykkt þess yrði ca. 1½—2 cm. Hann kvað frauðsteypu vera lagða á mjög svipaðan hátt og hér umrætt efni. Frauðsteypa sé miklu veikara efni en vikurlagið og hefði því þurft sterkara slitlag en vikurlagið. Kvað Gunnlaugur Borgþór Björnsson hafa talið sig hafa slæma reynslu af frauðsteypu og því viljað reyna nýjar aðferðir og efni í þeim tilgangi að betrumbæta eldri aðferðir og mæta nýjum þörfum. Í hér umræddu tilviki hafi þeir talið sig

með prófunum hafa náð góðum árangri varðandi styrkleika og einangrunargildi. Gat hann þess, að í slíkum tilfellum sé um að ræða samvinnu arkitektanna og hinna ýmissu fagmanna við bygginguna. Hann kvað þá arkitektana oft hafa komið á staðinn til að fylgjast með verkinu almennt, þótt þeir hafi ekki haft daglegt eftirlit. Hafi þeir þá oft rætt við hina ýmsu fagmenn byggingarinnar, en þó aðallega við Ingvar Þórðarson. Gunnlaugur mótmælti því að hafa gefið múrarameistaranum, stefnda Jóni, þau fyrirmæli, að aðeins skyldi holufylla vikurlagið, enda gæti slík holufylling aldrei kallazt slitlag í merkingu þess orðs. Hann kvað þá Jón hafa rætt saman um gerð ílagnarinnar og hafi Gunnlaugur þá talað um, að slitlagið yrði í þynnra lagi, ca. 1½ til 2 cm, eins og áður segir, og að sjálft vikursandlagið yrði takmarkað að þykkt við það (slitlagið). Hann kvað þá arkitektana hafa verið vissa um það, að þeir væru starfsmenn stefnanda, enda hafi þeir fengið laun sín hjá honum. Hins vegar hafi Borgþór Björnsson falað þá til starfans.

Stefndi Guðmundur Kr. skýrði efnislega frá á sama veg fyrir dómi og stefndi Gunnlaugur hér að framan. Hann kvaðst eigi minnast þess að hafa gefið múrarameistaranum nein fyrirmæli um framkvæmd verksins. Kvaðst hann ekki hafa haft önnur afskipti af því en að stuðla að því að láta gera umræddar prufur, en þær hafi Ingvar Þórðarson látið gera. Hann kvað þá arkitektana yfirleitt hafa haft samband við Ingvar Þórðarson um útfærslu á verkum, en þá er þeir fari til eftirlits, þá tali þeir einnig við þá aðilja, sem verkin vinna. Hins vegar hafi þeir ekki verið ráðnir til að hafa á hendi daglegt eftirlit, en í slíkum tilfellum þá sé eftirlitsmaður yfirleitt á vegum arkiteksins.

Stefndi Jón Eiríksson, múrarameistari hússins, kvaðst ekki áður hafa lagt í gólf með frauðsteypu. Hins vegar hafi hann lagt vikur í gólf, svipaðan og hér um ræðir, en þá hafi hann haft ca. 2 cm slitlag ofan á, en í þeim gólfum hafi þó ekki verið geislalögn. Í hér umrætt sinn hafi hann einnig talið þörf á slíku slitlagi og hafi hann sagt stefnda Gunnlaugi það. Gunnlaugur hafi hins vegar fyrirskipað, að aðeins skyldi holufylla vikurlagið, þ. e. að fylla upp holur og slétta gólfið, svo að það væri fallegra áferðar. Hann kveðst hafa gert prufurnar að vikursteypunni að fyrirlagi Ingvars Þórðarsonar, sem verið hafði eins konar eftirlitsmaður með byggingunni. Hafi hann gert prufurnar þannig, að vikurlagið hafi verið sett á smámót, ca. 30—40 cm á annan veginn og ca. 20 cm á hinn veginn og ca. 3 cm þykkt. Hafi vikursteypan

verið barin í mótunum til þess að þjappa hana saman. Hafi Gunnlaugur ráðið því, í hverjum blöndunarhlutföllum prufurnar skyldu gerðar, og einnig hafi hann ráðið því, hvert blöndunarhlutfall var notað. Jón kvað Ingvar Þórðarson hafa mælt hæðina á gólfunum, en ekki fyrirskipað tilhögunina á verkinu, en hins vegar fylgzt með framkvæmd þess. Hann kvaðst hafa fylgzt með því, að ílögnin í gólfin hafi verið barin, en ógerningur sé hins vegar að berja ílögnina eins vel og í prufumótin, þegar lagt sé í heil gólf. Af þeim sökum hafi ílögnin í gólfunum ekki verið eins hörð og í prufumótunum. Hann kvaðst hafa fylgzt með því, að rétt blöndun hefði verið viðhöfð á vikurlaginu, og kvaðst hann ekki hafa orðið þess var, að nokkur ágalli hefði verið á blöndunni. Hann kvað gólfin hafa verið hreinsuð, áður en ílögnin fór fram, sópuð og þvegin með vatni. Hafi geislahitunin verið tekin af, daginn áður en lagt var í gólfin, og ekki sett á aftur fyrr en 4 dögum á eftir, og kvaðst hann hafa séð um það. Jón kvað þá múrarana hafa fundizt of fljótt hafa verið farið að vinna á gólfunum og hafi þeir orðið þess varir, að gólfin spörkuðust upp. Hafi þeir sett krossvið á gólfin af þessum sökum, þar sem þeir töldu mest á þeim gengið. Hafi umgangurinn aðallega verið af trésmiðunum og öðrum þeim, sem í íbúðunum þurftu að vinna. Hafi hann og Ingvar Þórðarson rætt saman um þetta og hafi Ingvar verið sammála um það, að of fljótt væri farið inn á gólfin. Hafi hann og aðstoðað við að setja krossviðarplöturnar á gólfin. Hafi Ingvar sagt íbúðareigendurna hafa rekið svo á eftir verkum við þær, að hann sæi sig tilneyddan að fara svo fljótt inn á gólfin. Hann kvaðst ekki hafa orðið þess var, að skemmdir á gólfunum hafi orðið meiri á einum stað en öðrum, og áður en dúklagt hafi verið, hafi hann gert við allar skemmdir, hvar sem þær fyrirfundust. Minnti hann, að íbúð sú, er mál þetta tekur til, hafi verið ein sú fyrsta, sem farið hafi verið að vinna í, eftir að lagt var í gólfin.

Borgþór Björnsson, framkvæmdastjóri stefnda Byggis h/f, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að í Byggi h/f eigi SIBA, sem er sameign 27 byggingasamvinnufélaga á Íslandi, um 90% hlutafjárins. Einnig eigi þar sérstaka hluti Byggingafélag starfsmanna ríkisins og stefnandi máls þessa. Hann kvað Byggi h/f ýmist hafa tekið að sér byggingar fyrir stefnanda eða haft á hendi fyrirgreiðslu um útvegun efnis og ráðningu starfsmanna við byggingar í samráði við stefnanda. Við hér umrædda byggingu hafi síðari hátturinn verið hafður á. Stefnandi hafi sjálfur ráðið

arkitekta og verkfræðinga, en síðan Byggir h/f ráðið fagvinnuhópa og séð um útvegun á efni. Hafi Byggir h/f fengið kr. 2.500.00 á hverja íbúð í húsinu fyrir starf þetta, en sú þóknun sé langt undir taxta verktaka. Er Byggir h/f hafi tekið að sér byggingar fyrir stefnanda, hafi verið greitt kr. 4.000.00 fyrir hverja íbúð. Hann kvað stefnanda sjálfan hafa annazt um greiðslu vinnulauna til starfsmanna við bygginguna og séð um útreikning á þeim. Hann kvað engan sérstakan eftirlitsmann hafa verið við bygginguna, hvorki af hálfu Byggis h/f né stefnanda. Ingvar Þórðarson hafi verið yfirsmiður við bygginguna og sem slíkur verið yfirmaður um framkvæmd hennar. Borgþór kvað um það hafa verið rætt á fundum með stjórn stefnanda, arkitektum, verkfræðingum og honum, hvað nota skyldi á gólfin til einangrunar. Hafi það verið ákvörðun verkfræðings og arkitekta að nota vikur, að því er hann taldi, en sjálfur kvaðst hann enga ákvörðun hafa um það tekið. Kvaðst hann ekki hafa fylgzt með, er vikurblönd-urnar voru prófaðar né heldur, er gólfin voru lögð. Gat hann þess, að helzt hafi komið fram gallar í gólfum í þeim íbúðum, sem fyrst var farið að vinna í við innréttingar, en það benti til þess, að vikurlagið hafi ekki verið búið að fá fulla herzlu.

Ingvar Þórðarson, trésmíðameistari hússins, hefur skýrt svo frá, að hann hafi talið sig starfsmann Byggis h/f, en hins vegar hafi allir launaútreikningar og launagreiðslur verið gerðar hjá stefnanda og einnig hafi stefnandi greitt tryggingargjöld öll af starfsmönnum. Jafnframt hafi starfsmennirnir allir við bygginguna gefið stefnanda upp sem launagreiðanda á skattskýrslum. Kvað hann í starfi sínu hafa innifalizt verkstjórn um heildarframkvæmd byggingarinnar. Hann kvað arkitektana hafa gefið fyrirmæli um að gera vikurblönduprufurnar og hafi þær að öllu leyti verið gerðar eftir þeirra fyrirsögn. Kvaðst hann hafa verið viðstaddur, er prufurnar voru reyndar. Hafi hann og múrarameistarinn farið með þær í teiknistofu arkitektanna og hafi þeir gert styrkleikaprufur á þeim með því að láta stólfætur standa á þeim. Hafi arkitektarnir síðan ákveðið, hver af prufunum skyldi notuð. Er prufurnar hafi verið gerðar, hafi blandan verið sett í mótin með skóflu eða múrskeið, jöfnuð í þeim og síðan strokið yfir með lista. Kvaðst hann ekki hafa betur séð en að eins hafi verið lagt í mótin við prufurnar eins og þegar lagt er í gólf. Ingvar kvað vikursallann hafa verið keyptan hjá Korkiðjunni og muni hann vera frá Eyrarbakka. Hafi Korkiðjan fullvissað hann um það, að vikursallinn væri salt- og sýrulaus, en sjálfur kvaðst hann ekki

hafa prófað hann að því leyti. Hann kvað hæð gólfa takmarkast nokkuð við hæð dyra, og hafi hann mælt hæð gólfanna. Samkvæmt teikningu hafi verið ráð fyrir því gert, að ílegg og pússning á það yrði um 4 cm á þykkt. Hafi sú þykkt allsstaðar náðst og sums staðar hafi hún verið meiri. Ekki kvaðst hann muna, hver fyrirmæli arkitektanna hafi verið um gerð slitlagsins, en ofan á vikurlagið hafi verið smurt þunnt slitlag. Hann kvað múrarana hafa séð um það að taka hitann af, áður en lagt var í gólfin, og eins að setja hann á aftur síðar. Hafi enginn hiti verið á í nokkra daga. Ingvar kvað hann og Jón Eiríksson munu hafa tekið ákvörðun um það, hvenær fara mætti inn á gólfin, og hafi ekki verið farið fyrr inn á hér umrædd gólf en venjulega, nema síður væri. Hafi hann talið gólfin þá hafa verið orðin nægjanlega þurr. Hins vegar hafi þeir sett undir hefilbekki og aðrar vinnuvélar, svo sem oft tíðkast, en í hér umræddu tilviki hafi þeir verið sér þess meðvitandi, að gólfin hafi ekki verið eins hörð og við venjulega ílögn og slitlag. Hann kvað þá hafa orðið vara við slit á gólfum í tveim íbúðum, en þau gólf hafi verið notuð undir efni, sand og til að hræra á. Hafi því ekki verið talið óeðlilegt, að slit kæmi þar fram og hafi íbúðareigandi annarrar íbúðarinnar fengið „alabastine" hjá félaginu til þess að gera við gólfin þar. Að öðru leyti hafi galla á gólfunum ekki orðið vart, fyrr en eftir að dúkur var á þau kominn. Kvaðst hann í einu herbergi hafa tekið upp dúkinn og hafi það gólf verið með pollum á víð og dreif og vikurinn verið þar molnaður. Kvaðst hann hafa gert við þetta með því að hreinsa upp það, sem laust var, og setja steypublöndu í staðinn.

Eins og fyrr greinir, fékk stefnandi dómkvadda matsmenn til að meta til fjár, hvað kosta mundi að bæta úr göllum á íbúð þeirri, sem mál þetta fjallar um. Í matsgerð þeirra, dags. 1. nóvember 1963, er sundurliðað, til hvers mat þeirra tekur. Er þar í fyrsta lagi skemmdir á gólfunum, en um það segja matsmennirnir: „Hitalögn er í gólfi, „geislahitun", og til einangrunar hefur verið sett vikursteypa ofan á steinplötu, ca. 4 cm þykk og sléttuð. Hefur hún molnað og myndað polla og dældir í gólfið. Sjáum við ekki annað ráð en taka dúkinn upp og fjarlægja vikurinn og setja í staðinn einangrunarlag, t. d. kork, vírnet og múrhúð, og má sennilega nota gólfdúkinn að miklu leyti aftur". Samkvæmt sérstakri sundurliðun, dskj. nr. 31, meta þeir þennan lið með kr. 26.800.00. Í annan stað meta þeir lagfæringar vegna raka, tengingar á eldavél og þéttilista á glugga með samtals kr.

5.700.00 og í þriðja lagi röskun vegna viðgerða, sem þeir telja muni vera tveir mánuðir, með kr. 7.000.00.

Fyrir dómi kvað annar matsmanna, Ásmundur Ólason, ástæður fyrir því, hvernig gólfin fóru, geta verið margvíslegar. Kvað hann það hafa verið vikurmillilagið undir múrhúðuninni, sem hafi gefið sig, og geti ástæður verið þær t. d., að blandan hafi verið of veik, laginu hafi ekki verið haldið röku og þar af leiðandi ofþornað og einnig að það hafi ekki bundizt gólfinu nógu vel vegna vanrækslu á hreinsun gólfanna. Kvað matsmaðurinn persónulega hafa haft slitlag gólfsins þykkara, ef hann hefði átt að vinna verkið, og hefði hann sem múrarameistari neitað að hafa slitlagið svo þunnt, ef hann hefði fengið fyrirmæli um slíkt. Ef slitlagið eigi að vera svo þunnt sem lýst sé, þá hefði vikurlagið þurft að vera mjög sterkt, en þá hefði einangrunargildi þess minnkað.

Hinn matsmaðurinn, Magnús Vigfússon, taldi fyrir dómi aðalástæðuna fyrir því, hvernig fór, hafa verið þá, að gólfin hafi verið gengin of mikið, áður en dúkur var á þau lagður, eða orðið fyrir slæmri meðferð á annan hátt. Þó vildi hann ekki fullyrða, að þetta væri eina ástæðan. Hann kvað vikurgólf ekki vera eins hörð og steinn og þar af leiðandi þurfi að gæta þeirra sérstaklega í meðferð. Hann kvað það vera venju, þá er geislahitun er og vikur notaður, að setja slitlag yfir, holufylla og slétta með sterkri lögun, þannig að það myndi skel yfir vikurinn.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að gólf íbúðarinnar séu gölluð, en á þeim göllum beri stefndu fébótaábyrgð. Eigi sé hægt að benda á eina ákveðna ástæðu fyrir göllunum, heldur sé þar um að ræða fleiri samverkandi ástæður. Komi þar helzt til, að einangrunarlagið hafi verið of veikt, framkvæmd verksins hafi ekki verið svo sem vera bar og meðferðin á gólfunum eftir ílögnina hafi ekki verið með þeim hætti sem skyldi. Af þessum sökum telur stefnandi rétt að stefna öllum hinum stefndu in solidum. Hefur stefnandi sundurliðað kröfur sínar þannig:

1. Lagfæringar á gólfum íbúðarinnar .. .. .. kr. 26.800.00
2. Lagfæringar á málningu .. .. — 4.700.00
3. Húsnæðisröskun, meðan á viðgerð stendur .. — 7.000.00

Samtals kr. 38.500.00

Stefndi Verklegar framkvæmdir h/f reisir sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi eingöngu haft á hendi teikningar á

hitalögn og járnlögn byggingarinnar. Hafi hann fylgzt með framkvæmd þeirra verka, eins og venja er. Önnur afskipti hafi hann ekki haft af byggingu hússins. Hér umræddir gallar hafi því á engan hátt átt rætur að rekja til verka hans við bygginguna.

Sýknukrafa stefnda Byggis h/f er á því byggð, að hann hafi ekki verið verktaki við nefnda byggingu né séð um bygginguna að öðru leyti. Hann hafi tekið að sér fyrir stefnanda að sjá um ráðningu vinnuflokka og útvegun á efni. Hafi þeir vinnuflokkar verið á vegum stefnanda sjálfs, sem hafði veg og vanda um bygginguna. Hafi Byggir h/f og eingöngu fengið ákveðna þóknun fyrir verk sitt, en ekki tekið greiðslu frá stefnanda sem verktaki.

Stefndi Jón Eiríksson byggir sýknukröfu sína á því, að gallar þeir í gólfum íbúðarinnar, sem fram komu, verði ekki raktir til mistaka af hans hálfu eða starfsmanna þeirra, sem hann beri ábyrgð á. Það hafi verið arkitektinn, meðstefndi Gunnlaugur Halldórsson, sem hafi gefið fyrirmæli um tilhögun alla við verkið. Hafi Gunnlaugur fyrirskipað, hvernig blöndun skyldi vera, og einnig hafi hann fyrirskipað, að aðeins skyldi holufylla vikurlagið þrátt fyrir það, að hann hafi áður sagt Gunnlaugi, að hann teldi nauðsyn bera til þess að hafa slitlag ofan á vikurlaginu, sem væri að minnsta kosti um 2 cm þykkt. Hafi hann við verkið að öllu leyti farið að fyrirmælum arkiteksins.

Stefndi Guðmundur Kr. og stefndi Gunnlaugur reisa sýknukröfu sína á því, að margnefndir gallar í gólfunum verði á engan hátt raktir til arkitektastarfa þeirra við bygginguna eða vanrækslu þeirra í því sambandi. Upphaflega hafi þeir í teikningum sínum gert ráð fyrir því, að frauðsteypa yrði notuð sem einangrun á gólfin og 2 cm slitlag þar ofan á. Borgþór Björnsson hafi hins vegar talið sig hafa slæma reynslu af frauðsteypu. Hafi þá verið rætt um að nota Linotol í staðinn, en það hafi síðar verið talið of dýrt. Hafi þá verið ákveðið að nota vikurblöndu, eftir að reynsla með prufur hafi sýnt, að slík einangrun væri nægjanlega sterk, ef í gólfin yrði lagt sams konar efni og í réttum styrkleikahlutföllum og prufurnar voru gerðar úr. Hafi þeir og gefið múrarameistaranum fyrirmæli um ákveðið slitlag ofan á vikurlagið, og mótmæla þeir því eindregið að hafa gefið fyrirmæli í þá átt, að aðeins skyldi holufylla vikurlagið. Þeir hafi og ekki haft á hendi daglegt eftirlit með framkvæmd byggingarinnar, enda ekki ráðnir til þess að hafa á hendi slíkt eftirlit.

Eins og fram kemur af gögnum málsins, þá er það viðurkennt

af stefndu, að gólfin í íbúð þeirri, sem mál þetta fjallar um, séu að verulegu leyti gölluð, með því að í þau hafi myndazt pollar. Það er einróma álit hinna sérfróðu meðdómenda, að gallinn eigi rætur að rekja til framkvæmdar á verkinu við ílögnina. Sé þar fyrst og fremst um það að ræða, að ekki var sett slitlag ofan á vikureinangrunina, en einnig komi þar til, að hiti hafi verið settur of fljótt á miðstöðvarkerfið og þá of mikill, þannig að vikureinangrunin hafi ofþornað, enda og ekki verið fylgzt með því að halda henni rakri við þornunina. Stefndi Jón var múrsmiður við bygginguna og vann verk þetta ásamt starfsmönnum sínum. Gegn eindregnum mótmælum þykir hann ekki hafa fært að því sönnur, að hann hafi af arkitektinum fengið fyrirmæli um það að hafa ekki slitlag ofan á vikureinangruninni. Verður því að telja hann ábyrgan á framkvæmd verksins og því bótaskyldan gagnvart stefnanda á tjóni því, sem hann varð fyrir vegna gallanna.

Hins vegar ber á það að líta, að breyting var gerð á ílögn gálfanna frá því, sem í upphafi var ákveðið. Arkitektarnir ákváðu blöndunarhlutföll við prufurnar, könnuðu styrkleika þeirra og mæltu fyrir um það síðar, í hverjum hlutföllum vikureinangrunin skyldi höfð á gólfunum. Kemur og fram, að um það hafi verið rætt, að slitlag skyldi haft í þynnra lagi, og enn fremur, að sérstök gát skyldi viðhöfð við þornun. Arkitektarnir voru þannig að nokkru leyti ákvörðunaraðiljar um framkvæmd verksins. Þegar það er virt svo og það, að um var að ræða nýja og óþekkta aðferð, og að verkkaupi hafði ekki fyrirfram samþykkt þá tilhögun, þá þykir verða að telja, að þeim hafi borið að líta eftir framkvæmdum í upphafi og fylgjast með, að svo færi fram sem þeir töldu þurfa. Af þessum sökum verður að telja þá bera fébótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna framangreindra galla in solidum með stefnda Jóni.

Ekki verður séð, að umræddir gallar á gólfunum eigi rætur að rekja til verka Verklegra framkvæmda h/f og Byggis h/f við bygginguna. Ber því að taka sýknukröfu þeirra til greina, að því er þá galla varðar.

Svo sem fram kemur hér að framan, meta hinir dómkvöddu matsmenn kostnað við að lagfæra gólfin í íbúðinni kr. 26.800.00 og húsnæðisröskun af þeim sökum kr. 7.000.00. Gera matsmennirnir þá ráð fyrir því, að skipt verði um einangrunarlag í gólfunum og dúkurinn notaður að miklu leyti aftur. Álíta þeir, að

ekki verði hægt að búa í íbúðinni í 2 mánuði, meðan viðgerð fer fram.

Dómendur hafa kannað vettvang. Kom þá í ljós, að nýlega hefur verið gengið frá því að laga umrædd gólf. Voru þau öll lögð eikarparket, en áður hafði verið fjarlægt allt úr ílögninni, sem laust var, og sementslögn sett í staðinn. Ljóst er, að aðferð þessi til lagfæringa kemur að fullum notum, en hún er allmiklu dýrari en aðferð sú, er hinir dómkvöddu matsmenn benda á. Eru dómendur og sammála um það, að önnur aðferð til lagfæringa muni ekki verða ódýrari. Þykir því bera að leggja niðurstöðu matsmanna til grundvallar dómi í málinu. Og þar sem fjárhæðum samkvæmt matsgerð hefur eigi verið hnekkt, verða þær teknar til greina, að því er varðar gallana í gólfunum.

Í annan stað er í kröfugerð stefnanda bætur fyrir galla vegna raka, sem var í „gólfum íbúðarinnar". Um það atriði segir svo í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna: „Raka, sem vart hefur orðið í íbúðinni, er búið að laga, og metum við það ekki". Hins vegar kveðast þeir meta gólfdúk til verðs. Í sundurliðun á matsfjárhæðum er þessi liður talinn vera lagfæring á málningu að fjárhæð kr. 4.700.00. Í málinu kemur hvergi fram, um hvers konar galla hér sé að ræða né grein gerð fyrir því, hvert rekja megi orsakir. Af upplýsingum, er dómendur fengu á vettvangi, mun hér vera um að ræða raka, sem vart varð frá glugga í íbúðinni, sem nær alveg niður að gólfi, en skemmdir sáu þá dómendur eigi. Þar sem ekki er í ljós leitt, að hér sé um að ræða galla, sem rekja megi til verka stefndu við bygginguna, þykir eigi unnt að taka kröfulið þennan til greina í máli þessu.

Samkvæmt öllu framansögðu verður niðurstaða máls þessa því sú, að sýkna ber stefndu Verklegar framkvæmdir h/f og Byggi h/f, en dæma stefndu Jón Eiríksson, Gunnlaug Halldórsson og Guðmund Kr. Kristinsson in solidum til að greiða stefnanda samtals kr. 33.800.00 (26.800.00 + 7.000.00). Vextir verða dæmdir frá þingfestingardegi, 5. marz 1960, þar sem þeir eru fyrndir fram að þeim degi. Þá verður hæð þeirra dæmd 7 af hundraði frá 29. desember 1960 til 1. janúar 1965, 6 af hundraði frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7 af hundraði frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu Jón, Gunnlaug og Guðmund til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00. Er þá tekið tillit til matskostnaðar. Að öðru leyti þykir eftir atvikum rétt að fella málskostnað niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Braga Þorsteinssyni verkfræðingi og Diðriki Helgasyni múrarameistara.

Dómsorð:

Stefndu Verklegar framkvæmdir h/f og Byggir h/f eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur, í málinu.

Stefndu Jón Eiríksson, Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson greiði stefnanda einn fyrir alla og allir fyrir einn kr. 33.800.00 með 8% ársvöxtum frá 5. marz 1960 til 29. desember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966, og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 10.000.00 í málskostnað.

Málskostnaður fellur að öðru leyti niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. febrúar 1968.

Nr. 14/1968. **Ákæruvaldið**
gegn
Marteini Andrési Dalberg.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur L. Jóhannesson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. janúar 1968, sem

barst dóminum 30. s. m., og krafizt þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld.

Hinn 14. október 1964 var varnaraðilja í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu dæmd 2.000 króna sekt og svipting ökuleyfis 6 mánuði fyrir brot gegn 2. og 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. og 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Varnaraðili var sóttur um ítrekað brot gegn greindum lagaboðum í máli því, sem lyktaði í héraði með hinni kærðu dómssátt. Þau málalok voru óheimil að lögum, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, 4. mgr. 80. gr. og 3. mgr. 81. gr. laga nr. 26/1958 og 71. gr. laga nr. 19/1940. Dómssáttina ber því að fella úr gildi samkvæmt 6. mgr. nefndrar 112. gr. laga nr. 82/1961.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu

27. september 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 27. september, var sakadómur Gullbringu- og Kjósarsýslu settur á skrifstofu embættisins og haldinn af Guðmundi L. Jóhannessyni fulltrúa með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Rannsókn í tilefni af kæru um ölvun við akstur bifreiðarinnar G 3222 29. jan. s.l.

Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1—5, sem fylgja.

Í réttinum er mættur kærði: Marteinn Andrés Dalberg verkamaður, Kothúsum, Garði. Fæddur 29/7 1912. Fæðingarstaður: Suðurey, Færeyjum.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961. Áminntur um sannsögli skýrir kærði svo frá, að eftir að hafa drukkið tvö staup af vodkavíni í Akurgerði í Garði sunnudagsnóttina 29. jan. 1967 hafi hann tekið bifreið sína, G 3222, og ekið henni frá Akurgerði áleiðis til heimilis síns, en aksturinn verið stöðvaður af lögreglunni, er hann hafði ekið 50 til 100 metra.

Aðspurður kveðst kærði ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn né neytt víns, meðan á akstri stóð né að honum loknum.

Við alkóhólrannsókn fundust í blóði því, sem tekið var úr kærða

í umrætt sinn, reducerandi efni, sem samsvara 0.82‰ af alkóhóli.

Til að sleppa við málssókn út af brotinu samþykkir hann að greiða kr. 3.000.00 í sekt til ríkissjóðs og að verða sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá deginum í dag að telja samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Framangreint brot varðar við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 4. og 5. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24., sbr. 45. gr. laga nr. 58/1954.

Sektin greiðist strax, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 6 daga.

Málskostnaður, kr. 650.00, greiðist s. t.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður, sbr. 112. gr. laga nr. 82/1961 og 1. gr. laga nr. 29/1966.

Mánudaginn 19. febrúar 1968.

Nr. 222/1966. **Hörður Hjörleifsson**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Veitingahúsinu Nausti h/f
(Sigurður Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1966, krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 23.780.00 ásamt 10% ársvöxtum frá 3. október 1960 til 29. desember 1960, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta úrlausn hans, að því er varðar vinnustundir áfrýjanda og vinnulaun, kr. 20.639.07. Orlofsfé, kr. 1.238.34, er í héraðsdómi ofreiknað um kr. 9.30, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 16/1943, en þar sem dóminum hefur ekki verið gagnáfrýjað, verður honum að þessu leyti eigi haggað. Eftir gögnum málsins og málflutningi hér fyrir dómi hefur stefndi greitt áfrýjanda alls kr. 10.011.00. Samkvæmt þessu verður stefnda dæmt að greiða áfrýjanda kr. 11.866.41 ásamt vöxtum lögum samkvæmt, eins og í dómsorði segir.

Eftir málavöxtum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Veitingahúsið Naust h/f, greiði áfrýjanda, Herði Hjörleifssyni, kr. 11.866.41 ásamt 9% ársvöxtum frá 3. október 1960 til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. júlí 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. þ. m., hefur Hörður Hjörleifsson, nú til heimilis að Njálsgötu 69, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. maí 1961, gegn Veitingahúsinu Naust h/f til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 22.595.73 með 10% ársvöxtum frá 3. október 1960 til 29. desember 1960, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins. Í þinghaldi 17. febrúar 1966 hækkaði stefnandi kröfufjárhæðina í kr. 23.780.00.

Dómkröfur stefnda eru nú þær, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að í maímánuði 1960 réðst stefnandi til stefnda við nám í matreiðslu og vann þar samfleytt til 3. október sama ár. Á þessu tímabili kveðst stefnandi hafa óskað þess margsinnis, að gerður yrði námssamningur, en af því varð eigi. Stefn-

andi kveðst á þessu tímabili hafa unnið hjá stefnda 1008 klukkustundir í dagvinnu, 327 klukkustundir í eftirvinnu og 15 í næturvinnu. Stefnandi kveðst einungis hafa fengið greitt nemakaup fyrir vinnu sína, en telur sig eiga rétt til þess að fá vinnu sína greidda með kaupi samkvæmt launataxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þar eð stefndi hafi ekki efnt þá skyldu að gera námssamning, enda hafi enginn matreiðslumeistari verið í Veitingahúsinu Nausti á þessu tímabili. Á framangreindu tímabili kveður stefnandi taxta Dagsbrúnar hafa verið sem hér segir:

Dagvinnukaup .. .. kr. 20.67 fyrir hverja klukkustund
Eftirvinnukaup .. — 31.01 — — —
Næturvinnukaup .. — 41.34 — — —

Kröfu sína sundurliðar stefnandi nú þannig:

1. Dagvinnutímar 1008 á kr. 20.67 .. .. kr. 20.835.36
2. Eftirvinnutímar 327 á kr. 31.01 .. .. — 10.140.27
3. Næturvinnutímar 15 á kr. 41.34 .. .. — 620.10

Samtals kr. 31.595.73

4. Orlofsfé .. .. — 1.674.27

Kaupkrafa og orlofskrafa samtals .. .. kr. 33.270.00
Greitt af stefnda .. .. — 9.490.00

Kemur þá út fjárkrafa stefnanda .. .. kr. 23.780.00

Stefnandi, sem er fæddur 3. apríl 1937, kom fyrst fyrir dóm 30. október 1961, og var þá meðal annars bókað: „... Mætti segir, að vinna hans hjá stefnda hafi verið vaktavinna. Hafi vinnutíminn ýmist verið frá klukkan 0900 til klukkan 1500 eða frá klukkan 0900 til 1700, ellegar frá klukkan 1400 til 2330. Kveðst mætti sjálfur hafa reiknað út þann tímafjölda, sem hann telur sig hafa unnið í dagvinnu svo og eftirvinnu og næturvinnu, sem mætti kveðst hafa skráð hjá sér sérstaklega, og sé þar um að ræða vinnustundir, sem hann hafi unnið umfram 8 tíma á dag. Mætti er spurður nánar út í það, hvernig eftirvinnutímar hans og næturvinnutímar séu fundnir. Kveðst hann ekki geta nú útlistað það nákvæmlega, en kveðst munu athuga minnisbækur sínar og gefa réttinum þá upplýsingar um það. Mætta er kynnt greinargerð stefnda. Mætti mótmælir þeim staðhæfingum, sem fram koma í greinargerðinni um óreglu og óstundvísi, og kveðst

ávallt hafa mætt á réttum tíma til vinnu sinnar. Hann neitar því að hafa nokkurn tíma komið ölvaður til vinnu. Mætti kveðst nokkrum sinnum hafa farið fram á það við framkvæmdastjóra stefnda, Halldór Gröndal, að samningur yrði gerður, en af því hafi ekki orðið. .... Aðspurður segir mætti, að Halldór Gröndal hafi aldrei borið fram við mætta kvartanir út af vinnu hans. Mætti segir, að yfirmenn hans, Ib Wessmann og Einar Friðfinnsson, hafi ekki kvartað neitt við mætta vegna óstundvísi eða óreglu við vinnuna. Mætti kveðst stundum hafa verið einn í eldhúsinu og matreitt handa gestum á sitt eindæmi, án þess að nokkrar kvartanir bærust. Mætti segir, að hann hafi verið einn í eldhúsinu frá klukkan 1400—1900, þegar hann var á kvöldvaktinni, og á morgunvaktinni frá klukkan 0900 til 1030 og frá klukkan 1400 til 1700". Í þinghaldi 2. nóvember 1961 skýrði stefnandi svo frá, að Halldór Gröndal framkvæmdastjóri hefði tjáð honum (stefnanda), að hann skyldi mæta klukkan 0900 til vinnunnar, en ætti að öðru leyti að hafa samráð við matsveinana, hvenær hann ætti að mæta, þegar breytingar yrðu á vinnutíma. Þá minnti stefnanda, að hann hefði unnið á dagvakt í um það bil 3 vikur, fyrst eftir að hann kom. Þann tíma kvaðst stefnandi hafa byrjað vinnu klukkan 0900. Þá skýrði stefnandi og svo frá, að Einar Friðfinnsson matsveinn hefði sagt stefnanda, að nægjanlegt væri fyrir stefnanda að koma til vinnu klukkan 0900 á morgnana, nema þegar eitthvað sérstakt væri um að ræða. Þá mundu matsveinarnir láta stefnanda um það vita, sem þeir gerðu. Stefnandi segir, að Ib Wessmann hafi aldrei gefið honum fyrirmæli um, að hann ætti að mæta klukkan 0830 til vinnunnar. Stefnandi kveðst hafa neytt víns á því tímabili, sem hann vann hjá stefnda, þó aldrei í vinnutímanum. Komið hafi fyrir, að hann væri „timbraður" á morgunvaktinni, en hann kveðst hafa leyst störf sín af hendi engu að síður. Þann 17. febrúar 1966 lagði lögmaður stefnanda fram lista yfir „vinnustundir í Nausti h/f frá 15/5—3/10 1960, sundurliðað í vikur". Þann 9. marz 1966 kom stefnandi aftur fyrir dóm. Var stefnanda þá sýndur listinn og kvaðst hann hafa skrifað hann samkvæmt ábendingu frá dómaranum í þinghaldi 30. október 1961. Hann kvaðst hins vegar ekki muna, hvenær hann skrifaði listann né hvenær hann afhenti lögmanni sínum listann. Listann kveðst stefnandi hafa skrifað upp úr minnisbók, en kvaðst ekki eiga þá minnisbók lengur. Um afdrif bókarinnar skýrði stefnandi svo frá, að sumarið áður hefði hann í sambandi við flutninga safnað saman ýmsu

dóti, sem hann taldi sig ekki hafa not af, og farið með það vestur á gömlu öskuhaugana. Taldi stefnandi mjög líklegt, að bókin og fleiri minnisbækur, sem hann kvaðst hafa átt, hafi verið þar með, en hann kvaðst hafa kveikt í dótinu.

Samkvæmt vinnulistanum, sem lagður var fram 17. febrúar 1966, sundurliðar stefnandi vinnustundir sínar í vikum þannig:

15. 5.	til	21. 5.	1960	48	klst.	dagv.	16	klst.	eftirv.		
22. 5.	—	28. 5.	—	48	—	—	16	—	—		
29. 5.	—	4. 6.	—	56	—	—	16½	—	—	4	st. nætv.
5. 6.	—	11. 6.	—	48	—	—	16	—	—		
12. 6.	—	18. 6.	—	56	—	—	16½	—	—	4	- —
19. 6.	—	25. 6.	—	48	—	—	17	—	—		
26. 6.	—	2. 7.	—	48	—	—	16½	—	—		
3. 7.	—	9. 7.	—	56	—	—	16	—	—	1	- —
10. 7.	—	16. 7.	—	48	—	—	17	—	—		
17. 7.	—	23. 7.	—	48	—	—	16½	—	—		
24. 7.	—	30. 7.	—	48	—	—	17	—	—		
31. 7.	—	6. 8.	—	56	—	—	16	—	—	4½	- —
7. 8.	—	13. 8.	—	48	—	—	16	—	—		
14. 8.	—	20. 8.	—	48	—	—	16	—	—		
21. 8.	—	27. 8.	—	56	—	—	16	—	—	1½	- —
28. 8.	—	3. 9.	—	48	—	—	16½	—	—		
4. 9.	—	11. 9.	—	48	—	—	16	—	—		
11. 9.	—	17. 9.	—	48	—	—	16	—	—		
18. 9.	—	24. 9.	—	48	—	—	16	—	—		
25. 9.	—	3. 10.	—	56	—	—	17	—	—		
				1008	—	—	327			15 klst.	

Halldór Gröndal framkvæmdastjóri hefur lýst því fyrir dómi, að hann hafi ráðið stefnanda til reynslu í matreiðslu og hafi stefnandi átt að inna vinnu sína af hendi á vöktum. Ekki kveðst hann muna, hvort hann tjáði stefnanda, hvenær vaktir hæfust né hvenær þeim lyki. Þá kvaðst framkvæmdastjórinn oft hafa kvartað við stefnanda út af því, hve stefnandi mætti illa til vinnunnar, en fjarvistir stefnanda hafi þó ekki verið skráðar sérstaklega. Þá skýrði framkvæmdastjórinn svo frá, að yfirmatsveinninn, Ib Wessmann, hefði haft eftirlit með vinnu í eldhúsi og skráð vinnustundir starfsfólksins, þar á meðal stefnanda. Hafi yfirmatsveinninn í lok hvers mánaðar afhent skrár yfir vinnu-

stundafjöldann. Þá segir framkvæmdastjórinn, að enginn sérstakur samningur hafi verið gerður um það við stefnanda, hvaða laun hann skyldi fá, ef hann hætti á reynslutímanum, enda hafi ekkert verið um það rætt. Stefnandi hafi haft fullt fæði og frían þvott á vinnufötum, þ. e. jökkum, buxum, höttum og svuntum.

Vitnið Ib Wessmann kom fyrst fyrir dóm 1. nóvember 1961 og skýrði svo frá, að það hefði verið yfirmatsveinn í veitingahúsinu á þeim tíma, sem stefnandi starfaði þar. Ekki var vitnið meistari í iðninni, og það kvað engan matreiðslumeistara hafa starfað þar á þessum tíma. Vitnið segir, að það hafi sem yfirmatsveinn átt að sjá um verkstjórn í eldhúsi og halda skrá um vinnustundir starfsfólksins. Kveðst vitnið hafa skráð í sérstaka bók yfirvinnu stefnanda, þ. e. þær vinnustundir, sem stefnandi vann umfram dagvinnu. Ef stefnandi vann ekki annað en hina reglulegu dagvinnu, þá kveðst vitnið ekki hafa skráð neitt í bókina og heldur ekki, þegar stefnandi mætti of seint í vinnu. Í lok hvers mánaðar kveðst vitnið hafa afhent skrifstofu stefnda yfirlit yfir yfirvinnu stefnanda, ef um hana var að ræða, annað hvort með því að sýna bókina, sem það skrifaði yfirvinnustundirnar í, eða afhenda lausan miða með vinnustundunum á, en bókina hafi vitnið jafnan tekið aftur. Vitnið segir, að bæði móðir og faðir stefnanda hafi hringt til vitnisins hvort í sínu lagi og farið þess á leit við vitnið, eftir að þau höfðu rætt um störf stefnanda, að vitnið gerði sitt til þess, að stefnandi fengi að vera áfram á veitingahúsinu við nám. Telur vitnið, að foreldrar stefnanda hafi þá verið búnir að frétta, að stefnandi væri ekki of fastur í sessi hjá veitingahúsinu. Kveðst vitnið hafa svarað þessum tilmælum með því að lofa að tala við Halldór Gröndal og fá hann til að gefa stefnanda tækifæri til þess að bæta ráð sitt. Það gerði svo vitnið. Vitnið minnir, að fyrrgreind samtöl hafi átt sér stað, rétt fyrir eða rétt eftir að þriggja mánaða reynslutímanum lauk, en getur ekki um það fullyrt. Vegna þessara tilmæla foreldranna hafi stefnandi verið lengur við störf í veitingahúsinu en ella hefði orðið. Halldór Gröndal hafi oft verið búinn að minnast á það við vitnið síðari hluta reynslutímans, að það yrði að láta stefnanda hætta, þar sem hann uppfyllti ekki þær kröfur, sem gera þyrfti til hans. Kveðst vitnið af þessu oft hafa rætt um þetta við stefnanda með þeim tilmælum, að hann reyndi að bæta sig. Stefnandi hafi jafnan lofað að bæta ráð sitt, en alltaf hafi sótt í sama horfið aftur.

Í vottorði vitnisins Ibs Wessmanns, dagsettu 16. febrúar 1966,

segir m. a.: „Unnið var á morgunvakt annan daginn, og sú vakt var 6 stundir. Hinn daginn var unnið á kvöldvakt, og var hún 9 stundir. Samkvæmt samningi var vinnutíminn 8 stundir á dag, en 1 tími umfram þann fjölda á kvöldvaktinni var látinn koma á móti 2 tímum, sem á vantaði á morgunvaktinni. Frídagur var einn í viku hverri, og er svo enn, en auk þess voru sérstakir frídagar, hvítasunnudagur, sem var 5. júní 1960, og 17. júní að sumrinu auk annarra frídaga á öðrum árstímum".

Vitnið Ib Wessmann kom aftur fyrir dóm 9. marz 1966. Skýrði það þá m. a. svo frá, að yfirvinna, væri hún unnin, hafi verið gerð upp mánaðarlega. Kveðst vitnið hafa gefið upp yfirvinnuna, en kvaðst þá ekki muna neitt um eftirvinnu stefnanda. Vitnið kvað morgunvaktina hafa staðið frá kl. 0830 til 1430, en í framkvæmd hafi vaktaskiptin farið fram kl. 1400, en seinni vaktin hafi staðið frá kl. 1400 til 2300. Vitnið kvað engar dagvaktir hafa verið á árinu 1960, en kvaðst þó ekki muna, hvenær þær voru teknar upp. Ekki kvaðst vitnið muna, hvenær stefnandi hóf störf í veitingahúsinu. Vitninu var sýndur vinnustundalistinn, sem lögmaður stefnanda lagði fram 17. febrúar 1966. Fannst vitninu yfirvinnutímarnir, sem þar voru greindir, ekki geta stemmt, vegna þess að annan daginn hafi vaktin verið 6 stundir, en hinn daginn 9 stundir. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við, að stefnandi kvartaði nokkurn tíma um yfirvinnu við það. Þá kvað vitnið stefnanda aldrei hafa sýnt því yfirvinnulista. Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að það hefði beðið stefnanda að vinna á öðrum tíma en hinum reglulegu vöktum.

Vitnið Guðmundur Kristinsson, skrifstofustjóri stefnda, kom fyrir dóm 1. nóvember 1961. Var þá meðal annars bókað af framburði vitnisins:

„Vitnið kveðst oft hafa orðið þess vart, að stefnandi var ekki mættur á morgnana klukkan 0900, þegar vitnið mætti til vinnu sinnar, en ekki kveðst vitnið nú muna nákvæmlega um slíkar fjarvistir stefnanda né hve oft það var. Vitninu virtist stefnandi yfirleitt alltaf illa fyrirkallaður, þegar hann mætti til vinnu sinnar. Kveðst vitnið oft hafa talið, að stefnandi væri þá „timbraður". Vitnið kveðst ekki hafa dregið af launum stefnanda, þótt hann hafi mætt einum til tveim tímum of seint á morgnana. Vitnið kveðst hafa útbúið launaseðil fyrir starfsfólkið í lok hvers mánaðar og á launaseðilinn hafi verið skráð fastakaup starfsfólksins svo og eftirvinna og næturvinna, ef um það var að ræða. Vitnið

segir, að launaseðlar þessir muni vera til í bókhaldinu. Eftir- og næturvinnutímana kveðst vitnið hafa skráð á launaseðlana eftir upplýsingum frá yfirmatsveininum, sem hafi komið með eftirvinnutímana skráða á sérstöku blaði. Vitninu er sýndur reikningurinn á dskj. nr. 2. Kveðst vitnið ekki geta sagt um, hvort vinnustundir stefnanda séu þar rétt tilfærðar, en telur þó, að eftirvinnustundir stefnanda séu þar fleiri en skráðar séu í bókhaldinu".

Vitnið Guðmundur Einar Friðfinnsson gaf skýrslu fyrir dómi 2. nóvember 1961. Hefur vitnið skýrt svo frá, að það hafi verið matsveinn hjá stefnda á þeim tíma, sem stefnandi var þar. Hafi vinnutíminn verið vaktavinna. Morgunvaktin hafi verið frá klukkan 0830 til 1430, en síðdegisvaktin frá klukkan 1400 til 2300. Kveðst vitnið jafnan hafa hætt störfum klukkan 2300 á síðdegisvaktinni og þá farið heim. Vitnið segir, að stefnandi hafi fyrsta mánuðinn unnið á svokallaðri dagvakt, sem hafi staðið frá klukkan 0900 til klukkan 1700. Vitnið kveðst ekki hafa gefið stefnanda fyrirskipanir um það, hvenær hann ætti að mæta til vinnu, en stefnanda hafi verið vel um það kunnugt, hvenær vaktirnar hófust. Vitnið segir, að á tímabili hafi vitnið og stefnandi staðið sitt hvora vaktina. Vitnið segir, að stefnandi hafi mætt á réttum tíma á síðdegisvaktina. Á meðan vitnið gegndi störfum yfirmatsveinsins, þá hafi það komið fyrir, að stefnandi mætti ekki á réttum tíma á morgunvaktina. Minnist vitnið þess, að það fékk símahringingu frá veitingahúsinu einn morguninn um klukkan 0930, og var vitninu tjáð, að stefnandi, sem átti að vinna morgunvaktina, væri ekki mættur. Kveðst vitnið hafa farið í veitingahúsið. Hafi stefnandi þá ekki verið kominn, en kom rétt á eftir. Vitnið segir, að stefnandi hafi komið of seint á morgunvaktina í önnur skipti en þetta á því tímabili, sem vitnið gegndi störfum yfirmatsveinsins, en það hafi verið sjaldan. Kveðst vitnið annað hvort hafa fengið upplýsingar um það hjá þjóninum, sem átti að mæta klukkan 0900, eða starfsstúlkum, sem mættu klukkan 0800, eða skrifstofustjóranum. Vitnið kveðst ekki minnast þess, að stefnandi hafi beðið það um að standa vakt fyrir vitnið. Vitnið segir, að sem matreiðslubyrjandi hafi stefnandi staðið sig ágætlega, enda hafi hann verið búinn að fá nokkra undirstöðu í faginu. Hafi hann verið búinn að vera tvo vetur í Matsveinaskólanum. Kveðst vitnið hafa verið í skólanum annan veturinn, sem stefnandi var þar. Vitnið segir, að það hafi komið

þó nokkrum sinnum fyrir, að stefnandi hafi komið „þunnur“ til vinnu sinnar á morgnana. Vitnið kveðst ekki hafa séð stefnanda neyta áfengis í vinnutíma og vera ölvaðan við vinnu. Vitnið segir, að vel geti verið, að það hafi látið þau orð falla, að stefnandi þyrfti ekki að koma til vinnu fyrr en klukkan 0900. Segir vitnið, að eldavélin sé ekki orðin vel heit fyrr en um það leyti, þó að kveikt sé á henni klukkan 0800.

Stefndi hefur lagt fram í málinu kvittun stefnanda, sem dagsett er 4. júní 1960, fyrir „laun í maí“, kr. 560.00, dómsskjal nr. 6. Þá hefur stefnandi lagt fram launalista veitingahússins fyrir mánuðina júlí, ágúst og september 1960. Launalistarnir eru skráðir á fjölrituð form, sem skipt er í sjö dálka. Sex fyrstu dálkarnir bera eftirfarandi yfirskrift: Nafn — Laun — Eftirv. — Sparim. — Skatt. — Samt. Síðasti dálkurinn ber enga yfirskrift, en þar er gert ráð fyrir, að viðkomandi launþegi riti nafn sitt til viðurkenningar á greiðslu launa.

Á júlílistanum eru gerðar svofelldar innfærslur viðvíkjandi stefnanda:

Nafn	Laun	Eftirv.	Sparim.	Skatt.
Hörður Hjörleifsson	2.000.00		120.00	
Sami, júní	2.000.00		120.00	

Samt.
2.000.00
2.000.00 } Hörður Hjörleifsson sign.

Á ágústlistanum eru færslurnar þannig:

Nafn	Laun	Eftirv.	Sparim.	Skatt.
Hörður Hjörleifsson	2.000.00	240.00	134.00	

Samt.
2.240.00 Hörður Hjörleifsson sign.

Á listanum fyrir septembermánuð eru færslurnar þannig:

Nafn	Laun	Eftirv.	Sparim.	Skatt.
Orlof	521.00		31.00	
Hörður Hjörleifsson	2.690.00		161.00	

Samt.
521.00
2.690.00 Hörður Hjörleifsson sign.

Kröfugerð stefnanda er á því byggð, að stefnandi hafi ekki móttekið sparimerkjagreiðslurnar, kr. 120.00 fyrir júní og júlí, kr. 134.00 fyrir ágúst og kr. 31.00 og kr. 161.00, sem tilfærðar eru á septemberlistanum.

Þá er því einnig mótmælt, að stefnandi hafi fengið greiddar kr. 521, sem tilgreindar eru á septemberlistanum.

Stefnandi hefur lýst því fyrir dómi 9. marz 1966, að hann hafi ekki farið í orlof á þeim tíma, sem hann var hjá stefnda, en minnir, að honum hafi verið greitt orlofsfé, en man ekki hvenær. Hann minnir, að hann hafi fengið orlofspeninga greidda einhvern tíma á miðju tímabilinu, en kveðst hvorki muna, hve há fjárhæðin var né hvenær greidd. Stefnandi kveðst ekki kannast við greiðsluna kr. 521.00, en kveðst ekki muna, hvaða tölur stóðu á listanum, þegar hann kvittaði fyrir þessari greiðslu.

Í greinargerð var af hálfu stefnda krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda. Var sýknukrafan byggð á því, að stefnandi hefði ekki sýnt þá ástundunarsemi og reglusemi, sem krefjast verði af námsmönnum. Stefnandi hafi mætt seint og illa til vinnu og þá oft illa fyrirkallaður vegna undanfarandi áfengisneyzlu og jafnvel mætt ölvaður til vinnu. Hann hafi ekki bætt ráð sitt þrátt fyrir ítrekaðar áminningar. Hefði veitingahúsinu því verið heimilt að slíta námssamningi, ef hann hefði verið kominn á. Stefnandi hafi fengið greidd venjuleg nemalaun á umræddu tímabili og eigi hann því engar frekari kröfur á hendur stefnda. Við hinn munnlega málflutning féll stefndi frá kröfu um sýknu, en krafðist lækkunar á kröfum stefnanda. Var lækkunarkrafan byggð í fyrsta lagi á því, að stefnandi reikni sér miklu fleiri vinnustundir en hann hafi unnið, og auk þess eigi hann ekki rétt á að fá greitt verkamannskaup samkvæmt taxta Dagsbrúnar, heldur eigi að miða við taxta ófaglærðs starfsfólks á veitingahúsum, en sá taxti sé lægri en taxti Dagsbrúnar. Þá hafi stefnandi neytt fulls fæðis, á meðan hann vann í veitingahúsinu, og fengið ókeypis þvott á vinnufötum. Eigi þessir liðir því einnig að dragast frá kaupkröfu stefnanda.

Stefnandi réðst til stefnda til iðnnáms. Stefndi vanrækti að gera við hann skriflegan námssamning, eins og skylt var samkvæmt 11. gr. laga nr. 46/1949 um iðnfræðslu. Þykir stefnandi því eiga rétt á að fá greitt kaup sem svarar til verkamannakaups, enda hefur stefndi ekki lagt fram gögn í málinu um kaup óiðnlærðra manna í veitingahúsum. Með tilliti til eðlis starfs þess, sem stefnandi innti af hendi, þykir ekki eiga að draga frá kaupinu andvirði fæðis þess, er stefnandi neytti, enda hefur stefnandi haldið því fram, að hann hafi aðeins borðað í veitingahúsinu þann tíma dagsins, sem hann var þar við störf, og hefur þeirri staðhæfingu hans ekki verið hnekkt.

Það er föst venja, að veitingahús annist þvott á vinnufötum matreiðslufólks, og er því heldur eigi ástæða til að lækka kaupkröfur stefnanda að því leyti.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi hafi unnið aðeins eina viku af maímánuði 1960 hjá stefnda. Telur stefndi, að kvittunin kr. 560.00 bendi eindregið í þá átt. Mánaðarkaupið hafi verið kr. 2.000.00 og vikukaupið því kr. 500.00 og kr. 60.00 hafi verið eftirvinnukaup.

Af úttektarseðlum stefnanda hjá stefnda, sem lagðir hafa verið fram dóminum til sýnis, sést, að fyrsta úttekt stefnanda hjá stefnda hefur farið fram þann 21. maí 1960. Bendir það til þess, að stefnandi hafi að minnsta kosti byrjað störf þann dag. Þrátt fyrir kvittunina fyrir maílaununum þykir stefndi, eins og málflutningi aðilja er háttað, ekki hafa hnekkt þeirri staðhæfingu stefnanda, að hann hafi byrjað vinnuna 15. maí 1960, og verður því við það miðað.

Stefndi hefur mótmælt vinnustundalista þeim, sem stefnandi lagði fram 17. febrúar 1966, sem alröngum. Er því algerlega mótmælt af stefnda, að stefnandi hafi innt af hendi nokkra yfirvinnu umfram það, sem um ræðir á vinnulistanum, frá því í ágúst 1960, dskj. nr. 8, en þar séu reiknaðar kr. 240.00 í eftirvinnu, sem séu 12 tímar á kr. 20.00 pr. klukkustund, og þrjá tíma í maímánuði, sbr. það, sem áður er rakið.

Skýrslur þær, sem raktar hafa verið hér að framan um vinnutíma matreiðslumanna, virðast nokkuð á reiki. Af þeim má þó helzt ráða, að stefnandi hafi mætt á morgunvakt og á svokallaða dagvakt klukkan 0900, en á síðdegisvaktina klukkan 1400. Vitnið Einar Friðfinnsson kveðst ávallt hafa hætt störfum í veitingahúsinu klukkan 2300 hvern dag, þegar það var á síðdegisvaktinni. Stefndi hefur haldið því fram, að vinnu á morgunvaktinni hafi lokið um 1430. Þá hefur stefndi haldið því fram, að vinnan á morgunvöktunum hafi ekki náð 8 klukkustundum og hafi hinn aukni vinnutími á síðdegisvöktum átt að jafna upp hinar stuttu morgunvaktir. Hafi stefnandi því alls ekki unnið meira en 16 klukkustundir til jafnaðar á morgunvakt og síðdegisvakt til samans, en föst venja hafi verið að jafna vinnunni til á þennan hátt.

Þegar það er virt, að stefnandi, sem hafði árum saman unnið störf í annarra þágu og ávallt skráð vinnustundir sínar reglulega að eigin sögn, að hann kvittaði fyrirvaralaust fyrir greiðslum launa, sbr. dómsskjöl nr. 6—9, að stefnandi kveðst sjálfur hafa eyðilagt frumrit þeirra gagna, sem hann kveðst sjálfur hafa

skráð vinnustundir sínar í, að vitnið Einar Friðfinnsson kveðst ávallt hafa hætt vinnu klukkan 2300 hvert kvöld, sem það vann á síðdegisvakt, og að stefnandi hefur hér fyrir dómi ekki gert næga grein fyrir yfirvinnutímunum þrátt fyrir gefin tilefni, þá þykir stefnandi gegn mótmælum stefnda ekki hafa sannað, að hann hafi unnið yfirvinnu meir en 15 klukkustundir samtals á nefndu tímabili, og þykir, eins og málum er háttað, verða að telja, að þar hafi verið um eftirvinnu að ræða.

Stefndi hefur eindregið haldið því fram, að stefnandi hafi jafnan fengið einn frídag fyrir hverja viku, eins og venja sé, að matreiðslumenn fái í veitingahúsinu. Með skírskotun til þess, sem fyrr er rakið, þykir stefnandi ekki hafa gert sennilegt, að hann hafi ekki fengið nefnda frídaga. Verður því lagt til grundvallar í málinu, að stefnandi hafi unnið í 20 vikur og 2 daga, það er frá 15. maí 1960 til og með 3. október s. á., 48 klukkustundir á viku, eða samtals 976 klukkustundir í dagvinnu og 15 klukkustundir í eftirvinnu. Stefndi hefur haldið því fram, að stefnandi hafi hvorki unnið hvítasunnudag 5. júní né þjóðhátíðardaginn 17. júní, og beri því að lækka vinnustundafjöldann um 16 klukkustundir að því leyti. Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um það, hvort unnið var þessa daga. Eru því ekki efni til að taka þessa kröfu stefnda til greina. Vinnulaun stefnanda reiknast þá þannig:

976 dagvinnutímar á kr. 20.67	kr. 20.173.92
15 eftirvinnutímar á kr. 31.01	— 465.15
	Kr. 20.639.07
Við það ber að bæta 6% orlofi	— 1.238.34
	Samtals kr. 21.877.41

Stefnandi hefur viðurkennt að hafa tekið á móti samtals kr. 9.490.00 úr hendi stefnda. Stefndi heldur því hins vegar fram, að stefnandi hafi fengið greiddar samtals kr. 10.577.00. Því er áður lýst, hvaða fjárhæðir stefnandi viðurkennir ekki að hafa tekið á móti, sbr. vinnulistana dómsskjöl nr. 6—9.

Þegar síðastgreindir vinnulistar eru athugaðir, er ljóst, að uppsetning þeirra og færslur eru ekki glöggar. En þegar það er virt, að stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi fengið greitt

orlofsfé á tímabilinu, þá þykir þrátt fyrir andmæli stefnanda rétt að leggja þá til grundvallar um greiðslur til stefnanda.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður dæmt að greiða stefnanda kr. 11.300.41 (21.877.41 ÷ 10.577.00) með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 3.500.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Friðriki Ragnari Gíslasyni yfirmatreiðslumanni og Sveini Símonarsyni matreiðslumeistara.

Dómsorð:

Stefndi, Veitingahúsið Naust h/f, greiði stefnanda, Herði Hjörleifssyni, kr. 11.300.41 með 10% ársvöxtum frá 3. október 1960 til 29. desember s. á., en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 3.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. febrúar 1968.

Nr. 92/1967. **Bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Snorra Ólafssyni og gagnsök
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Slökkvibifreið. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júní 1967, að fegnu áfrýjunarleyfi 17. maí s. á.

Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 28. júní 1967, krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 7.835.20 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. janúar 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Atvikum máls þessa er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Ökumaður slökkvibifreiðar aðaláfrýjanda, SA 1, hagaði akstri sínum andstætt umferðarreglum án þess að gæta nægilegrar varúðar, sbr. 2. mgr. 38. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Af þessu leiddi árekstur slökkvibifreiðarinnar og bifreiðar gagnáfrýjanda, A 61, sem mál þetta er af risið. Hins vegar þykja eigi í ljós leidd mistök af hendi gagnáfrýjanda, er áreksturinn verði rakinn til. Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að bæta að fullu tjón gagnáfrýjanda.

Eins og í héraðsdómi greinir, sundurliðar gagnáfrýjandi bótakröfu sína þannig:

1. Viðgerðarkostnaður bifreiðarinnar A 61 .. .. kr. 6.335.20
2. Tjón vegna afnotamissis bifreiðarinnar 5 daga — 1.500.00

Samtals kr. 7.835.20

Þar sem fjárhæð 1. kröfuliðar sætir ekki andmælum og 2. kröfulið er í hóf stillt, verður bótakrafan að öllu leyti til greina tekin og aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda nefnda fjárhæð, kr. 7.835.20, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Snorra Ólafssyni, kr. 7.835.20 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. janúar 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 12. janúar 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., var höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 5. október s.l., þingfest 17. s. m., af Snorra Ólafssyni yfirlækni, Kristneshæli, gegn bæjarstjóranum á Akureyri f. h. bæjarsjóðs. Gerir stefnandi þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 7.835.20 með 7% ársvöxtum frá 21/1 1966 til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi eða mati dómsins. Einnig hefur forstjóra Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f f. h. félagsins verið stefnt til réttargæzlu, en engar kröfur verið gerðar á hendur því.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu, en til vara, að sök verði skipt, stefnukröfur stórlækkaðar og málskostnaður falli niður.

Stefnandi kveður kröfu sína vera vegna skemmda á bifreið sinni, A 61, sem er jeppabifreið af Land Rover gerð, árgangur 1962, er hlotizt hafi af árekstri við slökkvibifreiðina SA 1, eign stefnda, en tryggð hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Viðgerðarkostnaður	kr. 6.335.20
Afnotamissir bifreiðar í 5 daga	— 1.500.00
	Kr. 7.835.20

Málsatvik kveður stefnandi vera þessi: Föstudaginn 21. janúar 1966 klukkan 1317 ók hann nefndri bifreið sinni norður Hafnarstrætið hér í bæ. Við mót nefndrar götu og Kaupvangsstrætis varð árekstur milli bifreiðar hans og slökkvibifreiðarinnar SA 1, sem kom frá hægri, það er ók vestur Kaupvangsstræti á syðstu akrein, en við þennan árekstur urðu þær skemmdir á A 61, er mál þetta er risið af.

Strax sama daginn og óhapp þetta gerðist, framkvæmdi lögreglan rannsókn út af því, athugaði vettvang og gerði uppdrátt af honum og tók skýrslu af ökumönnunum. Í skýrslu Snorra Ólafssonar, stefnanda í málinu, segir: Rétt eftir kl. 1315 greindan dag ók hann bifreið sinni norður Hafnarstrætið á um 35 km hraða miðað við klukkustund. Þegar hann nálgaðist gatnamótin við Kaupvangsstræti, voru gatnamótin auð og hindrunarlaus. Þegar hann átti eftir 2—3 m að gatnamótunum, vissi hann ekki

fyrr til en að hann sá eina af bifreiðum slökkviliðs Akureyrar fyrir framan bifreið sína, þó lítið eitt til hægri, er hann skynjaði hana fyrst. Hann hemlaði strax, en þar sem ísing hafi verið á götunni, hafi bifreið hans ekki stöðvazt, fyrr en hún hafði rekizt á slökkvibifreiðina. Höggið var ekki mikið, og engin meiðsli hlutust af. Hann telur, að höggið hafi komið á slökkvibifreiðina rétt aftan við miðju, og var það stuðari og vinstra framhorn, sem rákust á slökkvibifreiðina. Þar sem hann var þarna á aðalbraut og heyrði engin hljóðmerki, taldi hann sig ekki vera í neinni hættu og ók því inn á gatnamótin. Við árekstur inn kveður stefnandi þessar skemmdir hafa orðið á bifreið sinni: Stuðari skemmdur og vinstra frambretti og ljós brotin í brettinu.

Ökumaður SA 1, Gunnlaugur Sveinsson slökkviliðsmaður, skýrði svo frá: Um kl. 1315 greindan dag var tilkynnt, að eldur væri laus í gripahúsi í Lækjargili, og væru skepnur þar inni, og fór hann strax í slökkvibifreiðinni SA 1 á vettvang. Fór hann sem leið liggur að Kaupvangsstræti og ætlaði áfram þá götu. Þegar hann ók vestur Kaupvangsstræti, var hann með rauð ljós og sírenu í gangi, svo sem verið hafði alla leiðina. Þegar hann kom að Hafnarstræti, telur hann sig hafa verið á um 30 km hraða á klukkustund. Þegar hann ók inn á gatnamótin, sá hann Land Rover bifreið koma sunnan Hafnarstrætið á fremur hægri ferð, og taldi hann, að væri einir 10 m í hana. Kvaðst hann hafa talið, að ökumaður þessarar bifreiðar hefði heyrt hljóðmerkin og mundi stöðva, þar sem ferð hans var lítil. En þegar hann var að mestu kominn yfir gatnamótin, fann hann, að högg kom aftan til á bifreiðina, og sá, er hann leit í baksýnisspegil, að þetta var bifreiðin A 61 og hafði rekizt í afturbretti bifreiðar hans. Þar sem hann taldi, að mikið lægi á að komast á brunastað, hélt hann ferðinni áfram án þess að stöðva. Hann sagði, að SA 1 hefði skemmzt þannig, að beygla hafi komið á afturbretti.

Á uppdrætti, sem fyrir liggur frá lögreglunni, er A 61 staðsett þannig, að hún er um það bil að hálfu komin inn á gatnamótin og er á vinstra götuhelmingi, en SA 1 er ekki staðsett þar, en leið hennar er sýnd á syðstu akrein á Kaupvangsstræti. Það er upplýst í málinu, að dagsbirta var og bjart veður. Einnig er upplýst, að götur voru ísaðar og að SA 1 var með snjókeðjur á báðum afturhjólum og öðru framhjóli, en á A 61 voru snjódekk á öllum hjólum.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu vottorð þriggja vitna.

Vitnið Aðalsteinn Sigurgeirsson, sem var við afgreiðslu í verzl-

un skammt frá slysstað, sá út um glugga, að árekstur hafði orðið milli tveggja bifreiða, A 61 og SA 1. Var sú fyrrnefnda kyrrstæð, en hinni var ekið áfram upp Kaupvangsstræti, og virtist því hraði hennar vera um það bil 40—50 km á klukkustund.

Vitnið Karl Sigfússon, sem var inni í verzlun í næsta húsi norðan gatnamótanna, heyrði í sírenu og sá þá slökkvibifreið koma austan Kaupvangsstræti á allmikilli ferð og geystist yfir þvert Hafnarstræti á um 60 km hraða á klukkustund, án þess að neitt væri dregið úr hraða. Á sama tíma var bifreiðinni A 61 ekið sunnan Hafnarstræti, afar hægt. Að greindum gatnamótum komu bifreiðarnar á samri stundu og rákust saman. Er árekstur-inn varð, virtist vitninu A 61 í þann veginn að stöðvast. Loks sagði vitnið, að sér hefði virzt SA 1 vera ekið of sunnarlega á Kaupvangsstræti fyrir áreksturinn miðað við, að á þeim stað er þríakreinakerfi.

Ólafur Stefánsson umboðsmaður, sem var staddur inni í skrif-stofu sinni í Hafnarstræti 100, sem er töluvert norðan við greind gatnamót, heyrði í sírenu og leit suður að greindum gatnamótum til að fylgjast með, hvað væri um að vera. Sá hann svo slökkvi-bifreið aka yfir Hafnarstræti með á að gizka 40 km hraða á klukkustund og í veg fyrir Land Rover-bifreið, er kom sunnan Hafnarstræti, og virtist honum árekstur verða, en slökkvibifreiðin hélt áfram án þess að hægja ferðina hið minnsta. Honum virtist A 61, Land Rover-bifreiðinni, eki óhægt.

Stefnandi hefur bent á, að slökkvibifreiðinni hafi verið ekið framhjá biðskyldumerki við Hafnarstræti og þvert í veg fyrir hans bifreið og auk þess á syðstu akrein á Kaupvangsstræti í stað miðakreinar, þar sem átti að aka henni áfram vestur götuna. Þá hafi slökkvibifreiðinni verið ekið of hratt, sérstaklega miðað við aðstæður, og ljóst sé, að ökumaður slökkvibifreiðarinnar hafi ekki gætt sérstakrar varúðar, sbr. 2. mgr. 38. gr. umferðarlaga, þegar slíkir aðiljar víkja frá settum umferðarreglum. Þá hefur stefnandi staðhæft, að hann hafi ekki heyrt hljóðmerki frá slökkvibifreiðinni, enda sé hans bifreið dieselbifreið, sem láti mjög hátt í við akstur. Stefnandi telur, að ökumaður slökkvibif-reiðarinnar eigi alla sök á árekstrinum. Einnig hefur hann haldið því fram, að þótt slíkir ökumenn bifreiða, er getur í 38. gr. um-ferðarlaga, beri ekki refsiábyrgð á formbrotum, þá beri þeir eða eigandi bifreiðarinnar fulla ábyrgð á tjónum, sem verða af slíkum brotum, enda hafi hann sjálfur gætt allrar varúðar í umferðinni.

Sýknukröfu sína byggir stefndi einkum á því, að ökumaður SA 1, sem sé slökkvibifreið og á leið á brunastað vegna útkalls, hafi eigi verið skylt að sinna biðskyldumerkjum á nefndum gatnamótum, þar sem brýn nauðsyn hafi verið til að komast sem fyrst á brunastað til bjargar dýrum, er ella kynnu að brenna inni, enda hafi slökkvibifreiðin notað tilskilin ljós og hljóðmerki á akstursleið sinni, og að ökumaðurinn hafi gætt þeirrar varúðar, er af honum mátti heimta miðað við aðstæður. Einnig hafi honum verið óskylt að sinna akreinaskiptingu af sömu ástæðu svo og hraðaákvæðum, sbr. 4. mgr. 40. gr. umferðarlaga.

Varakröfu sína gerir stefndi með tilvísun til 68. gr. umferðarlaga og byggir hana á því, að stefnandi hafi ekki sýnt nægilega varúð miðað við aðstæður og eigi hann því sjálfur nokkra sök á árekstrinum auk þess sem honum hafi borið að víkja fyrir slökkvibifreið, sem er með löglegum merkjaútbúnaði. Samkvæmt framburði ökumanns slökkvibifreiðarinnar hafi hann verið á um 30 km hraða og A 61 hafi átt um 10 m eftir að gatnamótunum, þegar hann sá til hennar, svo að hann hafi átt að geta stöðvað.

Það má telja upplýst, að ökumaður SA 1 ók upp Kaupvangsstrætið nokkuð greitt, líklega á um eða yfir 40 km hraða á klukkustund. Jafnframt má telja upplýst, að sömu bifreið hafi verið ekið á syðstu akrein af þremur í stað miðakreinar, án þess að upplýst sé, að nein nauðsyn hafi verið á því, en það veldur því aftur að verr sést til hennar frá bifreið, sem ekið er sunnan Hafnarstræti. Ósannað er, að A 61 hafi verið eins langt undan og ökumaður SA 1 hefur borið, enda hefur stefnandi talið þetta aðeins 3—4 m. Ökumaður SA 1 var ekki háður formreglum umferðarlaga, en með tilliti til þess, er að framan segir, verður talið, að hann hafi ekki gætt sérstakrar varúðar, sbr. 2. mgr. 38. gr. nefndra laga, enda var hér um að ræða eitt mesta umferðargötuhorn í bænum og verið var að aka inn á aðalbraut. Verður því að leggja ábyrgð á eiganda SA 1 á tjóni þessu.

Ökumaður A 61 segist hafa ekið á um 35 km hraða á klukkustund, og upplýst er, að gatan var ísuð. Ekki er upplýst, að ökumaður þeirrar bifreiðar hafi heyrt hljóðmerki frá slökkvibifreiðinni, og má vel svo vera. Eigi að síður verður að telja, að ökumaður A 61 hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu með tilliti til aðstæðna, og þykir rétt að skipta sökinni þannig, að eigandi SA 1 beri hana að ¾ hlutum, en eigandi A 61 að ¼ hluta.

Upphæð kröfunnar hefur ekki verið mótmælt tölulega nema síðari liðnum um afnotamissi, en þar sem hér er um að ræða

lækni, sem býr í Kristneshæli, sem rækir starf hér í bænum að staðaldri, þykir verða að taka þennan lið einnig til greina, enda þykir honum í hóf stillt. Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda ¾ hluta af stefnukröfunni, eða kr. 5.876.40, ásamt 7% ársvöxtum frá 5. október s.l. til greiðsludags og kr. 1.700.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs Akureyrar, greiði stefnanda, Snorra Ólafssyni, kr. 5.876.40 með 7% ársvöxtum frá 5. október 1966 til greiðsludags og kr. 1.700.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. febrúar 1968.

Nr. 200/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Axel Ingólfssyni
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Axel Ingólfsson, greiði allan áfrýjunarkostn-

að sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. september 1967.

Ár 1967, föstudaginn 8. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 336/1967: Ákæruvaldið gegn Axel Ingólfssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 17. júlí s.l., gegn Axel Ingólfssyni skrifstofumanni, Víðimel 30, fæddum 31. desember 1940 í Reykjavík,

„fyrir ökugjaldssvik með því að fá, þriðjudagsnóttina 7. marz 1967, bifreiðarstjórann á leigubifreiðinni R 5904 til að aka með sig um Reykjavík án þess að hafa möguleika á að greiða ökugjaldið, sem varð kr. 300.00.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og greiðslu sakarkostnaðar".

Málavextir.

Aðfaranótt þriðjudagsins 7. marz s.l. tók ákærði sér leigubifreið í grennd við Þórscafé hér í borg og lét síðan aka með sig um borgina, án þess að hann ætti fé til greiðslu ökugjaldsins. Ók ökumaðurinn, Óskar Lárusson, loks til lögreglustöðvarinnar með ákærða, sem var ofurölvi. Nam ökugjaldið 300 kr.

Ákærði var vistaður í fangageymslu um nóttina. Næsta dag viðurkenndi hann brot sitt fyrir rannsóknarlögreglunni og lofaði að greiða ökugjaldið, en ekki stóð hann við það.

Ákærði hefur með ofangreindu atferli gerzt brotlegur við 248. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði var 13. júlí 1966 dæmdur í 5 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir tékkasvik. Niðurfall refsingar samkvæmt þeim dómi var bundið því skilyrði, að ákærði greiddi bætur, sem ákveðnar voru í dóminum. Ákærði hefur ekkert greitt af þeim bótum. Samkvæmt beiðni ákærða var máli þessu, sem þingfest var 1. f. m., frestað til dagsins í dag, þar sem ákærði kvaðst ætla sér að greiða bætur. Ákærði hefur þrátt fyrir þetta engar

bætur greitt, svo að vitað sé, og ekki kom hann fyrir dóm í dag.

Ákærði telst nú hafa rofið skilorð dómsins frá 13. júlí 1966, og verður ákærða nú dæmd refsing fyrir brot þau, sem sá dómur lýtur að, auk þess brots, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir. Þykir sú refsing með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Loks verður ákærði eftir kröfu Óskars Lárussonar dæmdur til greiðslu fébóta, kr. 300.00.

Dómsorð:

Ákærði, Axel Ingólfsson, sæti fangelsi 5 mánuði.
Ákærði greiði Óskari Lárussyni kr. 300.00.
Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. febrúar 1968.

Nr. 90/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Bernard Newton
(Benedikt Blöndal hrl.).

Fiskveiðabrot. Brot gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

I.

Eftirför eftir togara ákærða 24. apríl 1967, sem í málinu greinir, var órofin og lögmæt, enda er löggæzlumönnum að íslenzkum rétti heimilt að nota við löggæzlu, sem þeir framkvæma, flugvélar í einkaeign.

II.

Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur markað á sjókort staði togara ákærða samkvæmt mælingum gæzluflugvélarinnar TF-SIF hinn 24. apríl 1967, og reyndist:

Staður	togarans	kl.	1529	um	3.1	sm	innan	fiskveiðamarka
—	—	—	1537	—	3.0	—	—	—
—	—	—	1550	—	3.2	—	—	—
—	—	—	1600	—	3.2	—	—	—
—	—	—	1603	—	3.3	—	—	—
—	—	—	1618	—	3.9	—	—	—
—	—	—	1653	—	4.1	—	—	—
—	—	—	1710	—	2.6	—	—	—
—	—	—	1741	—	0.4	—	utan	—
—	—	—	1757	—	2.2	—	—	—

Þá hefur skólastjórinn í annan stað markað á sjóuppdrátt staði togarans á greindum tímum og þá ákærða í hag reiknað með hugsanlegum mælingar- og miðurskekkjum tækja gæzluflugvélarinnar. „Samkvæmt þessum útsetningum mælast staðir togarans þannig“:

Staður	togarans	kl.	1529	um	2.6	sm	innan	fiskveiðamarka
—	—	—	1537	—	2.5	—	—	—
—	—	—	1550	—	2.7	—	—	—
—	—	—	1600	—	2.7	—	—	—
—	—	—	1603	—	2.9	—	—	—
—	—	—	1618	—	3.6	—	—	—
—	—	—	1653	—	3.9	—	—	—
—	—	—	1710	—	2.0	—	—	—
—	—	—	1741	—	0.6	—	utan	—
—	—	—	1757	—	2.4	—	—	—

Samkvæmt þessu og forsendum hins áfrýjaða dóms er sannað togveiðabrot það innan fiskveiðamarka, sem ákærði er sóttur um í frumákæru, og varðar það við lagaboð, er

þar greinir, sbr. lög nr. 4/1924, lög nr. 62/1967 og 2. gr. laga nr. 19/1940.

III.

Föstudaginn 28. apríl 1967 var ákærða í sakadómi Reykjavíkur birt ákæra í máli þessu fyrir framangreint fiskveiðabrot. Sama dag, kl. 2000, var lögreglumönnunum Hilmari Þorbjörnssyni og Þorkeli Páli Pálssyni fengið lögregluvald um borð í togara ákærða og falin gæzla hans, þar sem hann lá í Reykjavíkurhöfn. Nokkru eftir miðnætti hinn 29. s. m. tók ákærði með ofbeldi völd af lögreglumönnunum um borð í togaranum, svipti þá frelsi og þar með færi á því að setja sig í samband við yfirboðara sína eða aðra menn í landi og leita á þann hátt aðstoðar. Sigldi ákærði því næst með lögreglumennina fangna til hafs, eins og nánar er rakið í héraðsdómi.

Eftir þessum málavöxtum og eðli málsins samkvæmt var íslenzkum löggæzluvöldum rétt og skylt, samstundis sem þau urðu flótta og mannráns ákærða vör, að hefja eftirför eftir honum út á úthafið, taka hann þar fastan ásamt skipi hans, færa hann til íslenzkrar hafnar og lögsækja hann.

Brot ákærða, það er nú var rakið og hann er sóttur um í framhaldsákæru, varðar refsingu samkvæmt 1. mgr. 106. gr. laga nr. 19/1940, en vegna brots þessa er hann eigi saksóttur samkvæmt öðrum refsiákvæðum.

IV.

Togari ákærða, Brandur, GY 111, er að stærð 760.9 lestir óskírar. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngilda 100 gullkrónur nú 2.586.32 pappírskrónum. Samkvæmt þessu og lagaboðum, er í II. kafla getur, þykir refsing ákærða fyrir fiskveiðabrot hans hæfilega ákveðin kr. 400.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða fyrir brot hans gegn 1. mgr. 106. gr. laga nr. 19/1940 ákveðst fangelsi 6 mánuði. Ákærði sat í gæzlu-

varðhaldi frá 30. apríl 1967 til 5. maí s. á., og á sá gæzluvarðhaldstími að koma refsivist ákærða til frádráttar, sbr. 76. gr. laga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 40.000.00, og laun verjanda síns, kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Bernard Newton, sæti fangelsi 6 mánuði, að frádregnum framangreindum gæzluvarðhaldstíma.

Ákærði greiði kr. 400.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 40.000.00, og laun verjanda síns, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. maí 1967.

Ár 1967, föstudaginn 5. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 172/1967: Ákæruvaldið gegn Bernard Newton, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 27. apríl 1967, höfðað á hendur Bernard Newton, skipstjóra á togaranum Brandi, GY 111, til heimilis að 32 Vivian Avenue, Grimsby, Englandi, fæddum 25. desember 1923 í Hullstead, Essex, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 og lög nr. 33 19. júní 1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr.

laga nr. 6 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að vera að botnvörpuveiðum á nefndum togara síðdegis mánudaginn 24. apríl 1967 vestur af Reykjanesi innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961.

Ákærist því nefndur Bernard Newton til að sæta refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 4. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Með framhaldsákæru, dagsettri 3. maí 1967, er málið einnig höfðað gegn ákærða fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 29. apríl 1967 með ofbeldi og hótunum um ofbeldi gagnvart tveimur einkennisklæddum lögreglumönnum, Hilmari Þorbjörnssyni og Þorkeli Pálssyni, sem stóðu vörð í togaranum í því skyni að varna því, að togarinn yrði fjarlægður þaðan sem hann lá við Faxagarð í Reykjavíkurhöfn, siglt togaranum úr höfn og ætlað til Englands eftir að hafa læst lögreglumennina inni í klefa í skipinu og með því að hafa í frammi ofbeldi og ofbeldishótanir gagnvart lögreglumönnunum, eftir að þeir höfðu brotizt út úr klefanum, s. s. með hrindingu annars þeirra frá vélsíma skipsins, er hann reyndi að stöðva skipið með hringingu, og á annan hátt með ógnandi framkomu sinni og áhafnar togarans hindrað lögreglumennina í að gegna skyldustörfum sínum, unz lögreglumennirnir fengu stöðvað skipið um hádegi næsta dag um 43 sjómílur vestur af Öndverðarnesi, en þá hafði flugvél Landhelgisgæzlunnar flogið yfir togaranum um hálfa klukkustund, og varðskip var komið að hlið hans, og fallbyssu varðskipsins hafði verið beint að togaranum.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærði hvorki sætt ákæru né refsingu.

I.

Málsatvik eru þessi samkvæmt skýrslum skipherranna Gunnars Helga Ólafssonar, Þrastar Sigtryggssonar og Guðmundar Kjærnesteds, sem dagsettar eru 25. apríl s.l.:

„Mánudaginn 24. apríl 1967, kl. um 1529, þegar gæzluflug-

vélin TF-SIF var á eftirlitsflugi vestur af Reykjanesi, tók hún brezka togarann BRANDUR, GY 111, skipstjóri Bernard E. Newton, að meintum ólöglegum togveiðum. Nánari atvik voru sem hér segir:

Mánudaginn 24. apríl 1967, kl. 1529, var komið að togaranum, þar sem hann var að toga með stb. vörpu. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum (GHÓ. GJ.):

Eldey, fj. 19.7 sml. (GHÓ.). Hafnarberg, fj. 25.9 sml. (GIJ. GP.). Keflavík TACAN, fj. 31.0 sml. Gefur það stað togarans um 3.1 sml. innan fiskveiðimarkanna.

Kl. 1533 var flogið yfir togarann, og sást þá, að togarinn var búinn að slá úr blökkinni og var að byrja að hífa inn vörpuna. Einnig sáust þá greinilega einkennisstafir togarans, GY 111. (GHÓ. GP. GJ. GIJ.).

Kl. 1537 gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum: Eldey, fj. 19.7 sml. Hafnarberg, fj. 26.0 sml., er gefur stað togarans um 3.0 sml. innan 12 sjómílna fiskveiðitakmarkanna. (GHÓ. GIJ. GP.).

Kl. 1539 sjálfvirka stöðvunarmerkið „K með ljósmerki" sett á.

Kl. 1540 sjást hlerar í gálgum. (GHÓ. GJ. GIJ.).

Kl. 1544 sést netið í sjó og fiskar í vörpunni.

Kl. 1550 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum: Eldey, fj. 19.7 sml. Hafnarberg, fj. 25.8 sml. Tacan, fj. 30.9 sml., er gefur stað togarans um 3.1 sml. innan 12 sjómílna fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 1600 gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum: Eldey, fj. 19.8 sml. Hafnarberg, fj. 25.8 sml., er gefur stað togarans um 3.3 sml innan 12 sjómílna fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 1602 gefið stöðvunarmerki „K" með Aldis lampa. (GIJ.).

Kl. 1603 gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum: Eldey, fj. 19.8 sml. Hafnarberg, fj. 25.7 sml. Tacan, fj. 30.9 sml.

Kl. 1613 sést, að netið er ennþá í sjó við síðu togarans. (GHÓ. GJ. GP. GIJ.).

Kl. 1618 gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum: Eldey, fj. 19.5 sml. Tacan, fj. 30.5 sml., er gefur stað togarans um 3.9 sml. innan 12 sjómílna fiskveiðatakmarkanna. (GHÓ. GP.).

Kl. 1622 gefið stöðvunarmerki „K" með Aldis lampa (GHÓ.) og síðan áfram í hverju aðflugi (GHÓ. o. fl.). Sást þá, að netið var enn í sjó. (GHÓ. GJ. GP.).

Kl. 1629 var togaranum sent eftirfarandi skeyti:
„You have been fishing inside the fishing limit and you are requested to set your course to Reykjavík".
Togarinn kvittaði fyrir móttöku skeytisins.

Um kl. 1630 segir togarinn við TF-SIF, að hann hafi ekki verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna. Segir togarinn tundurdufl vera í vörpu sinni og hafi hann látið reka um 2 klst. með vörpuna á síðunni. Hins vegar neitaði hann því ekki, að hann væri nú innan við línu. Nokkur frekari viðskipti urðu síðan út af dufli þessu. (GIJ. GP.).

Um kl. 1653 setur GY 111 á ferð, og var þá skotið grænu merkjaskoti framan við togarann, og var þá gerð eftirfarandi Tacan athugun:
Tac m/v 096°, fj. 30.2 sml., er gefur stað togarans um 4.1 sml. innan fiskveiðitakmarkanna. (GHÓ. GP.).

Kl. 1654 setur togarinn á stefnu í hub. 230° m/v.

Kl. 1710 gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum:
Eldey, fj. 20.1 sml. Hafnarberg, fj. 26.4 sml., er gefur stað togarans um 2.6 sml. innan fiskveiðitakmarkanna. (GHÓ. GIJ. GP.).

Kl. 1717 skotið grænu merkjaskoti fyrir framan togarann, einnig haldið áfram að gefa önnur ljósmerki. (ÁÞ.).

Kl. 1741 tekinn Tacan-staður yfir togaranum:
Tacan m/v 091°, fj. 35.0 sml., er gefur stað togarans um 0.4 sml. utan fiskveiðitakmarkanna. (GHÓ. GP.).

Kl. 1746 kemur togarinn að togarahóp, og um líkt leyti var sjálfvirka stöðvunarmerkið tekið af, en Aldis lampanum beitt stanzlaust að togaranum. (GHÓ.).

Kl. 1749 telur flugvél Flugsýnar, TF-AIO, undir stjórn Þrastar Sigtryggssonar skipherra, sig hafa séð TF-SIF.

Kl. um 1753 staðfestir TF-AIO, að hann hafi lesið örugglega einkennismerki togarans „GY 111", og tók við eftirför togarans.

Kl. 1757 var tekinn eftirfarandi Tacan-staður yfir togaranum (GP. GIJ.):
Tacan m/v 091°, fj. 36.8 sml., er gefur stað togarans um 2.3 sml. utan 12 sjómílna fiskveiðitakmarkanna.

Hélt TF-SIF síðan brott af staðnum.

Mælingar gerðar af skipherra og loftskeytamanni, en stýrimaður skrifaði þær jafnóðum niður.

Mælingar gerðar á AN/APS-33A ratsjá og AN/ARN-21A TACAN.

Fylgzt var með allan tímann, að lausu fjarlægðarhringirnir sýndu það sama og þeir föstu, og reyndust þeir réttir.

Flughæð við athuganir um 400 fet. Flughraði um 140 sjómílur.

Veður: VSV 7, skúrir".

Skýrsla Þrastar Sigtryggssonar hljóðar svo:

„Mánudaginn 24. apríl 1967, kl. 1719, var farið frá Reykjavík á flugvélinni TF-AIO til að taka við eftirför togarans GY 111, er TF-SIF hafði staðið að meintum ólöglegum veiðum vestur af Eldey.

Kl. 1732 var flugvélin yfir Keflavíkurflugvelli, og stuttu síðar var haft samband við TF-SIF og flogið að togaranum eftir leiðbeiningum frá henni.

Um kl. 1752 var komið að togaranum, og sáust einkennisstafir hans, GY 111, sæmilega stjórnborðsmegin. (ÞS. KG.).

Um kl. 1754 var aftur flogið að togaranum, og sáust einkennisstafir hans þá greinilega á bakborðskinnung (ÞS. KG. TG.), og var TF-SIF tilkynnt það. Nokkru síðar fór TF-SIF af staðnum.

Kl. 1756 sáust einkennisstafirnir aftur greinilega af sömu aðilum.

Kl. 1759 sást stjórnborðsvarpa togarans óuppbundin framan við brú, og svo virtist sem nokkuð af fiski væri í poka vörpunnar framarlega á þilfarinu stjórnborðsmegin. (ÞS.).

Frá því að komið var að togaranum til kl. um 1920, sigldi togarinn í um það bil 240° misvísandi, en milli kl. 1920 og 1955 sigldi hann ýmsar stefnur, en eftir það í um það bil 300° misvísandi með á að gizka 6—8 sjóm. hraða á klst.

Kl. 2208 var v/s ÞÓR kominn á hlið við togarann, og kl. 2214 tilkynnti v/s ÞÓR, að þeir hefðu séð einkennisstafi togarans.

Kl. 2219 var svo haldið til Reykjavíkur og lent þar kl. 2251.

Meðan á eftirförinni stóð, var flogið í hringi í kringum togarann, og áhöfnin fylgdist stöðugt með honum.

Auk undirritaðs voru í áhöfn Torfi Guðbjartsson flugvirki, Kristján Gunnlaugsson flugstjóri og Einar Friðriksen aðstoðarflugmaður.

Veður: VSV 7—8, skúrir, skyggni 4—8 sjómílur.

Flughæð 200—600 fet, flughraði um 105 hnútar".

Skýrsla Guðmundar Kjærnesteds er svohljóðandi:

„Mánudaginn 24. apríl 1967, um kl. 1620, var varðskipið á eftirlitsferð S af Reykjanesi, þegar Landhelgisflugvélin TF-SIF tilkynnti, að hún væri að mæla tvo brezka togara innan fiskveiðitakmarkanna í Miðnessjó.

Kl. 1650 tilkynnti TF-SIF, að hún hafi staðið tvo brezka togara að ólöglegum veiðum 3 til 4 sml. innan fiskveiðitakmarkanna í Miðnessjó. Bað flugvélin varðskipið að hefja aðför að togurunum. Var þá varðskipið statt 5.5 sml. r/v S af Reykjanesi.

Kl. 1733 gefur TF-SIF upp stað togarans GY 111 r/v 275°, fjarlægð 20.0 sml. frá Eldey. Biður hún varðskipið að beina aðför sinni að þeim togara, sem stýrði misv. 240°. Beindi varðskipið síðan eingöngu aðför sinni að þeim togara.

Kl. 1754 gaf TF-SIF upp stað togarans GY 111 r/v 268°, fjarlægð 23.0 sml. frá Eldey.

Kl. 1843 miðaði flugvélin varðskipið í misv. 090°.

Kl. 2023 miðaði flugvélin varðskipið í misv. 110°.

Kl. 2030 flugvélin sést framundan með berum augum frá varðskipinu.

Kl. 2050 togarinn sést framundan, bæði í ratsjá og með berum augum. Fjarlægð 4.7 sml. Eftir þetta sást togarinn stöðugt í ratsjá og með berum augum, unz komið var að honum.

Kl. 2205 var ákveðið, að varðskipið tæki við eftirförinni af flugvélinni. Var fjarlægð milli skipanna þá um 0.5 sml. Gaf varðskipið þá stöðvunarmerki („K") með ljósmorsi.

Kl. 2206 gefið stöðvunarmerki („K") með skipsflautunni.

Kl. 2207 haft talsamband við togarann.

Kl. 2210 var varðskipið komið að hlið togarans.

Kl. 2214 lýst með ljóskastara á togarann, og sáust einkennisstafir hans greinilega, GY 111. Rétt á eftir var lokið við að senda togaranum orðsendingu, þar sem honum var sagt að fylgja varðskipinu til Reykjavíkur.

Kl. 2233 hafði skipstjóri togarans samþykkt að fylgja varðskipinu til Reykjavíkur, og settu bæði skipin stefnu þangað, en þau voru þá stödd r/v 262°, fj. 48.3 sml. frá Eldey.

Meðan á aðför varðskipsins stóð, var haft stöðugt talsamband við flugvél þá, sem veitti togaranum eftirför.

Veður: VSV 7—8 vindstig, mikill sjór, skúrir.

Þriðjudaginn 25. apríl kl. 0700 var komið á ytrihöfnina í Reykjavík".

Gunnar Helgi Ólafsson, skipherra flugvélarinnar TF-SIF, kom fyrir dóm sem vitni og staðfesti þar skýrslu sína. Vitnið sagði, að radartæki flugvélarinnar væri útbúið með tveim sjónskífum, er hefðu lausa fjarlægðarhringa, sem mælingarmenn færðu til við fjarlægðarmælingar, og væru skífurnar þannig gerðar, að breytti annar athugari lausum fjarlægðarhring, sæi hinn athugarinn það í sinni sjónskífu. Þegar vitnið las af fjarlægðarkvarðanum, kallaði það fjarlægðina upp í hljóðnema til stýrimanns, sem skrifaði athuganir niður, en fékk síðan vélamanni, er var í stjórnklefa við hlið vitnisins, hljóðnemann. Eftir að vélamaður hafði gengið úr skugga um, að aflestur væri réttur, endurtók hann töluna í hljóðnemann. Og eftir hverja fjarlægðarmælingu staðreyndu vitnið og loftskeytamaður, að stýrimaður hefði skrifað rétt niður. Vitnið sagði, að flugstjórinn hefði hverju sinni gefið til kynna um talkerfi flugvélarinnar, hvenær hún væri yfir togaranum. Þegar vélin nálgaðist skipið, hóf flugstjórinn að telja og sagði síðan „nú" yfir skipinu, og tóku þá athugarar staðinn, þ. e. þá var hætt að hreyfa fjarlægðarhringana, og síðan var lesið af þeim og aflestur staðfestur, eins og fyrr greinir. Hins vegar hefði flugstjórinn ekkert staðsetningartæki við að styðjast, er hann ákvarðaði, hvenær flugvélin væri yfir togaranum. Vitnið sagði Tacan-tæki vélarinnar vera staðsett í kortaklefa, væri tækið sjálfvirkt, og kveðst vitnið sjálft ásamt stýrimanni, og stundum einnig loftskeytamanni, hafa lesið af því. Aðspurt um mannaferðir um borð í togaranum sagði vitnið, að þær hefðu verið eðlilegar, á meðan verið var að hífa inn vörpuna, en þá er lokið var við að hífa inn hlerana og fótreipin og komið var niður á belg, var eins og áhöfnin hætti vinnu og hyrfi af dekki, en eftir það var togarinn látinn reka óeðlilega lengi. Að sögn vitnisins setti togarinn á ferð klukkan 1653, og sagði vitnið bersýnilegt, að förinni hefði ekki verið heitið til Reykjavíkur, svo sem skipun hafði verið gefin um, þar sem honum var stefnt í öfuga átt. Var TF-SIF stöðugt yfir togaranum, þar til flugvélin TF-AIO kom á vettvang, og Þröstur skipherra hennar hafði tjáð vitninu, að hann hefði gengið úr skugga um, að um sama togara væri að ræða, og hann tekið við eftirförinni. Vitnið sagði, að vel hefði sézt milli flugvéla, og kvaðst vitnið hafa tekið eftir, að TF-AIO, sem flogið var lægra, var rennt meðfram togaranum, en þá er TF-SIF hvarf af vettvangi, var togarinn enn á siglingu og TF-AIO verið að hringsóla yfir honum. Vitnið sagði, að stýrimaður hefði

markað staði togarans inn á sjókortið, dskj. nr. 2, en vitnið síðan fullvissað sig um, að það væri gert í samræmi við skráðar mælingar.

Vitnið kvaðst ekki hafa verið í neinum vafa um það, að togarinn hefði verið að toga, þá er flugvélin kom að honum, og tók fram, að það hefði séð báða togvíra í blökk og eðlilegt horn verið á milli víranna, „trollið verið eðlilega skverað".

Vitnið Garðar Ingi Jónsson, loftskeytamaður á TF-SIF, skýrði á sömu lund frá framkvæmd staðarmælinga og vitnið Gunnar Helgi Ólafsson, en eftir að hver einstök mæling var gerð, sagðist vitnið hafa farið fram í stjórnklefann og lesið af teljaranum við sjónskífuna þar, skipherrann gert slíkt hið sama við teljarann í kortaklefanum og þetta verið gert til að koma í veg fyrir, að um mislestur gæti verið að ræða. Fyrsta merkið, sem vitnið sendi togaranum, var með Morse handlampa, og var það stöðvunarmerkið K. Vitnið sagði, að eftir að togarinn hefði kvittað fyrir móttöku skeytisins frá flugvélinni, hefðu nokkur orðaskipti átt sér stað milli þeirra. Viðurkenndi togarinn að vera innan fiskveiðimarka, en neitaði að hafa verið að veiðum. Kvaðst togarinn hafa verið búinn að láta reka, fyrst í 2½ tíma, síðan í 2 tíma, vegna þess að hann væri með tundurdufl í vörpunni. Vitnið sagðist þá ítreka skeytið og sagði togaranum að fara til Reykjavíkur, þar gæti hann fengið duflinu eytt af sérfróðum mönnum Landhelgisgæzlunnar. Togarinn kvaðst ekki treystast til að taka vörpuna inn með duflinu í og talaði tvívegis um að skera vörpuna frá. Þar með var samtalinu lokið, og kvaðst vitnið ekki hafa haft samband við togarann aftur. Vitnið sagði, að þá er flugvélin TF-SIF yfirgaf togarann, hefði flugvélin TF-AIO verið komin á vettvang og hafði tilkynnt TF-SIF, að hún væri búin að sjá togarann og fullvissa sig um, að hann bæri skrásetningarmerkið GY 111.

Vitnið kvaðst ekki hafa haft tækifæri til að athuga umbúnað veiðarfæra togarans nema í sumum tilvikum. En klukkan 1540 sagðist vitnið hafa séð hlera í gálgum, og lágu þá vírar úr gálgum í sjó niður. Síðar sá vitnið, að varpan var komin að síðu skipsins og lá út frá því.

Vitnið Peter Guðjón Petersen, stýrimaður á TF-SIF, kvaðst hafa sett fjarlægðir inn á sjókort á dskj. nr. 2 í samræmi við skráðar mælingar og fengið þannig út stað togarans. Sagðist vitnið hafa leyst verk þetta af hendi eftir beztu þekkingu og skipherra fylgzt með því.

Vitnið sagðist fyrst hafa haft tækifæri til að athuga togarann eftir fyrstu staðarákvörðun. Í aðfluginu klukkan 1533 sagðist vitnið hafa séð, að togarinn var að hífa í vírana, þ. e. sá, að vírarnir komu úr gálgum, strekktir út í sjó, og sneri togarinn þá skutnum svo til upp í ölduna, lamdi honum a. m. k. mikið í sjóinn. Nánar aðspurt um afstöðu víranna, gizkaði vitnið á, að vírarnir hefðu myndað um 45° horn miðað við láréttan flöt. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt því sérstaka athygli, hvort menn hefðu verið við vinnu á þilfari, enda athygli þess beinzt fyrst og fremst að vírunum og einkennisstöfum togarans. Síðar sá vitnið, að hlerar voru komnir í gálga og varpa lá í sjó, lárétt út frá skipinu, og virtist vera nokkur fiskur í henni. Vængirnir lágu skáhallt svo til alveg upp í gálga. Hélzt ástand þetta óeðlilega lengi að áliti vitnisins.

Vitnið Guðjón Benedikt Jónsson, flugstjóri á TF-SIF, kvaðst hafa sagt mælingamönnum til um, hvenær flugvélin væri yfir togaranum og þá farið eftir sjónhendingu. Vitnið sagði að togaranum hefðu verið gefin merki með ljósmorsi, sjálfvirka ljósmerkið undir vélinni verið tendrað og tveim grænum merkjaskotum hleypt af. Vitnið kvaðst hafa séð, er flugvélinni TF-AIO var flogið að togaranum, en eftir það flugu báðar vélarnar 3—4 hringi umhverfis togarann, og flaug flugvél vitnisins hærra.

Vitnið fullyrti, að þá er fyrst var komið að togaranum klukkan 1529, hefði það séð, að togvírarnir lágu aftur af togaranum, stjórnborðsmegin úr blökkinni í sjó, þ. e. togarinn verið að toga með stjórnborðsvörpu. Í síðara aðflugi sá vitnið, að togarinn var farinn að hífa, og enn síðar, að hlerar voru komnir í gálga, og varpan flaut við síðuna. Aðspurt um, hvað vitnið hefði haft til marks um, að togarinn væri að hífa, kvaðst það hafa séð togvírana liggja frá hvorum gálga fyrir sig í sjó út frá togaranum. Síðar sá vitnið, að búið var að ná hluta af vörpunni inn fyrir, en hluti var í sjó, og hélzt það ástand nokkurn tíma. Þegar togarinn setti á ferð klukkan 1653 kvaðst vitnið hafa veitt því athygli, að öll veiðarfæri voru komin um borð.

Vitnið Ásgeir Jóhann Þorleifsson, flugmaður á TF-SIF, kvaðst hafa gefið togaranum stöðvunarmerki með Morse lampa og auk þess tvisvar sinnum grænt ljóskúlumerki með merkjabyssu.

Vitnið Gunnar Héðinn Valdimarsson, flugvélstjóri á TF-SIF, sagði, að sjálfvirka stöðvunarmerkið hefði verið á, og auk þess hefðu togaranum verið gefin ljósmerki og tvö merkjaskot.

Fyrst þegar flugvélin kom að togaranum, kvaðst vitnið hafa

séð, að vírar lágu bæði framan frá og aftur með skipinu, og taldi vitnið, að þeir hefðu verið strekktir. Sennilega um hálfri klukkustund síðar sá vitnið, að varpan var komin að skipssíðunni, og var framhleri þá í gálga eða á síðu, en netið var ekki híft um borð, fyrr en að töluverðum tíma liðnum, og setti togarinn þá á ferð.

Vitnið Þröstur Sigtryggsson, skipherra hjá Landhelgisgæzlu, staðfesti skýrslu sína fyrir dómi. Sagði vitnið, að flugvélin TF-AIO hefði verið leiguflugvél frá Flugsýn, ekki hefði verið reynt að hafa loftskeytasamband við togarann, á meðan á eftirförinni stóð, né honum gefin stöðvunar- eða ljósmerki og engar staðarákvarðanir verið gerðar.

Vitnið Kristján Gunnlaugsson flugstjóri kvaðst hafa gengið úr skugga um einkennisstafi togarans, skýrt TF-SIF frá því og sagt, að þeir á TF-AIO væru viðbúnir að taka við togaranum. Eftir þetta hvarf TF-SIF af vettvangi, en vitnið hóf að fljúga TF-AIO umhverfis togarann, alltaf vinstri beygju, og var flogið þannig, unz varðskipið Þór var komið á hlið við togarann og hafði tilkynnt flugvélinni, að það hefði séð einkennisstafi hans.

Vitnið Guðmundur Kjærnested, skipherra á varðskipinu Þór, staðfesti skýrslu sína fyrir dómi. Vitnið sagði, að engir af varðskipsmönnunum hefðu farið um borð í togarann, þar sem hann var stöðvaður, enda varið ófært á milli skipanna, en Ólafur Valur Sigurðsson stýrimaður farið um borð í togarann á ytri höfn Reykjavíkur og tjáði vitninu síðan, að stærðar steinn væri í pokanum á vörpunni, en ekkert tundurdufl. Einhvern tíma á tímabilinu 2214—2233 sagði vitnið, að samtal hefði farið fram milli varðskipsins og togarans. Kvaðst togarinn þá hafa fengið tundurdufl í vörpuna og af þeim sökum verið búinn að láta reka í tvær klukkustundir, þegar flugvélin kom að honum. Bauð varðskipið þá togaranum að koma inn fyrir Garðskaga til að athuga málið. Spurði togarinn, hvort þeir á flugvélinni hefðu séð þá toga. Svaraði vitnið því játandi. Sagði þá togarinn augnablik og spurði þessu næst, hvaða stefnu hann ætti að taka. Var hún gefin upp, og héldu bæði skipin síðan til Reykjavíkur.

Vitnið Ólafur Valur Sigurðsson, 1 stýrimaður á v/s Þór, kvaðst hafa farið um borð í togarann á ytri höfninni í Reykjavík ásamt tveim hásetum klukkan 0700. Sá vitnið þá, að varpan var á þilfarinu, pokinn ófráleystur og fullur af fiski. Með hliðsjón af því, að um dufl kynni að vera að ræða, var leyst mjög varlega frá pokanum og hleypt úr honum niður á dekkið, og kom steininn

í ljós, þegar fiskurinn var runninn frá.

Vitnið Pálmi Hlöðversson, 2. stýrimaður á v/s Þór, kvaðst hafa heyrt flugvélina TF-SIF segja við togarann, að hann væri staðinn að ólöglegum veiðum. Svaraði togarinn því til, að hann teldi sig vera með tundurdufl í vörpunni og þá hefði rekið mjög hratt vegna slæms veðurs í um 2 klukkustundir. Einnig heyrði vitnið, að togarinn bauð þeim í flugvélinni að koma niður og líta á aðstæður.

Vitnið Finnur Torfi Guðmundsson, loftskeytamaður á v/s Þór, sagði, að togarinn hefði ekki neitað að hafa verið fyrir innan fiskveiðimörkin, en hins vegar neitað að hafa verið að veiðum. Kvaðst togarinn hafa rekið inn fyrir, á meðan hann var að eiga við vörpuna, og héldu þeir, að í henni væri tundurdufl. Jafnframt var tekið fram, að aðeins einn af áhöfninni hefði sagzt sjá tundurdufl og væri því alls eigi víst, að um dufl væri að ræða.

Öll framantalin vitni hafa staðfest vætti sín með eiðum.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði byrjað síðasta halið klukkan 1045 og togstefnan verið norðlæg, norðvestur og norð-norðaustur. Klukkan 1330 hefði verið slegið úr blökkinni, og var staður togarans þá 63°47'50" NB og 23°54'20" VL. Mjög hafi reynzt erfitt að hífa inn og þungi virzt í vörpunni. Í fjórðu tilraun náðist pokinn næstum því að borðstokk, og kom þá stýrimaður upp í brú og sagðist halda, að tundurdufl væri í pokanum. Ræddu þeir um, hvað gera skyldi, en þetta var í fyrsta skipti, sem ákærði hafði komizt í slíkan vanda. Hins vegar hefði stýrimaður áður haft reynzlu af þessu um borð í öðru skipi, og sagði hann ákærða, að þá hefði vörpunni verið sleppt út og keyrt þar til losnaði. Ákærði kvaðst hafa reynt þetta, en það ekki heppnazt í fyrstu tilraun, þar sem þunginn reyndist enn fyrir hendi í vörpunni. Fyrst var aðeins keyrt á grandrópunum, en síðan slakað út um 15 föðmum, þar til hlerarnir rétt námu í sjó. Á meðan keyrt var á vírunum, hefði flugvélin komið og sagt þá að ólöglegum veiðum. Kvaðst ákærði hafa skýrt erfiðleikana, sagt ógerlegt að ná vörpunni inn og ætlun sína því vera að höggva á togvírana. Skipherrann á flugvélinni sagði, að þetta mætti hann ekki, en ná bæri vörpunni um borð. Með nýjum vírum náðist varpan loks um borð, og sagðist ákærði hafa skýrt skipherra aftur frá málavöxtum. Ekki kvaðst ákærði hafa komizt að raun um, hvað olli þunganum, eftir að veiðarfærin voru komin um borð, þar sem ekki hefði verið greitt úr þeim, leyst frá pokanum, fyrr en á ytri höfninni í Reykjavík, en þá hefðu

auk steinsins verið í pokanum 60—70 körfur, og var það nákvæmlega sama fiskimagnið og var á þilfarinu við komuna til Reykjavíkur. Ákærði kvaðst hafa séð flugvél yfir togaranum klukkan 1515—1520, en ekki vitað, hvort hún væri frá Landhelgisgæzlunni. Ekki sagðist hann hafa vitað stað skipsins á þessum tíma, en taldi sig vera utan fiskveiðimarkanna. Farið var lið fyrir lið með ákærða yfir staðarákvarðanir flugverja á TF-SIF á togaranum frá klukkan 1529—1741, og vildi hann ekki vefengja staðarákvarðanir þessar. Ekki kvaðst ákærði hafa séð græn merkjaskot né önnur ljósmerki frá flugvélinni nema þau, sem hann taldi venjuleg siglingaljós. Hann sagðist ekki geta sagt ákveðið til um, hvort hann hefði fengið skeyti það frá flugvélinni TF-SIF, sem tímasett var klukkan 1629. Ákærði hugði, að hann hefði séð tvær flugvélar samtímis yfir skipi sínu og önnur haldið áfram að hringsóla yfir skipinu, þar til eftir að varðskipið hafði haft samband við hann. Ákærði kvaðst hafa sett togarann á ferð klukkan 1653 í því skyni að halda áfram veiðum, enda hefði hann vitað sig saklausan og verið búinn að sjá, að grjót var í vörpunni, en ekki tundurdufl.

Vitnið William Joseph Cook, stýrimaður á togaranum Brandi, sagði, að veiðarfærunum hefði verið kastað síðast klukkan 1030—1045 og þá togað í 2½—2¾ klukkustund. Hafinn var undirbúningur að því að innbyrða botnvörpuna klukkan um 1330, slegið úr blökk, hlerar teknir í gálga og grandrópar hífðir inn, en vegna einhvers óeðlilegs þunga náðust bobbingar ekki innfyrir, þótt reynt væri 3—4 sinnum. Voru þá settar 2—3 keðjur á bobbingana, belgur snarlaður, og sást þá einhver svartur hlutur við pokann. Vitnið kvaðst hafa sagt ákærða, að þeir væru trúlega með tundurdufl í vörpunni, og ráðlagði honum að sleppa því niður og sigla í hring á fullri ferð. Var þetta gert og varpan síðan hífð aftur upp að síðunni, og reyndist hluturinn þá enn vera kyrr. Kallaði ákærði þessu næst úr brúnni til vitnisins, að það skyldi höggva á togvírana eða grandrópana. Fór vitnið þá að huga að verkfærum til að framkvæma verkið, en á meðan vitnið var að því, kallaði ákærði út um brúargluggann, að flugvélin segði, að ekki mætti höggva, en varpan skyldi tekin um borð. Ekki vissi vitnið, hvað klukkan var, er hér var komið, en gizkaði á, að a. m. k. 1½ klukkustund hefði liðið, frá því að slegið var úr blökkinni. Enn var reynt að ná veiðarfærunum um borð, og tókst það, eftir að „messenger"-vír hafði verið þræddur undir og utan um belgina. Var varpan látin síga hægt niður á þilfarið og ekkert

við henni hreyft til að athuga, af hverju þunginn í henni hefði stafað. Vitnið kvaðst aldrei hafa séð til flugvélar, en heyrt til hennar, um leið og varpan kom um borð og siglt var af stað.

Vitnið John Edward Rimmer, bátsmaður á Brandi, sagði, að skipið hefði hætt að toga klukkan 1330—1340 og þá verið slegið úr blökkinni. Illa hefði gengið að innbyrða veiðarfærin, en eftir margar tilraunir loks tekizt að ná belgnum það mikið um borð, að pokinn sást, og taldi stýrimaður sig sjá tundurdufl í pokanum og fór upp í brúna til að tilkynna ákærða það. Þegar hann kom þaðan aftur, sagði hann skipverjum að setja vörpuna út og keyra hring með grandrópana úti. Var öllum grandrópunum slakað út, en þeir voru um 35 faðmar. Vitnið hugði, að farnir hefðu verið 3—4 hringir, en á meðan siglt var, sagði ákærði þeim að taka til axir og höggva á grandrópana, ef nauðsyn krefði. Eftir að hringsiglingum lauk, hrópaði ákærði, að þeir mættu ekki höggva, en yrðu að innbyrða vörpuna, og sagði ákærði vitninu síðar, að flugvél hefði gefið þá fyrirskipun. Taldi vitnið, að þetta hefði verið 1½—2 klukkustundum eftir að slegið var úr blökkinni. Vitnið sagði, að innihald pokans hefði ekkert verið athugað, fyrr en varðskipsmenn komu um borð á ytri höfninni í Reykjavík. Vitnið kveðst hafa heyrt í flugvél, á meðan keyrt var á grandrópunum, en ekki séð til hennar.

Vitnið William Leslie Draper, háseti á b/v Brandi, bar, að slegið hefði verið úr blökkinni og byrjað að hífa klukkan um 1330. Voru gerðar 5—6 tilraunir til að ná bobbingunum inn, en þær mistókust vegna veðurs og þyngsla. Að lokum komust skipverjar svo langt með að innbyrða vörpuna, að þeir sáu pokann, og kallaði stýrimaður þá upp, að tundurdufl væri í honum. Eftir það var keyrt á grandrópunum 2—3 hringi, en ekki losnaði um hlutinn. Að boði ákærða var varpan loks tekin um borð, og tókst það með nýjum aðferðum. Var pokinn hífður varlega yfir borðstokkinn og niður á þilfarið. Virtist vitninu sprengja vera í pokanum, en ekki var hann skoðaður. Vitnið gizkaði á, að um 15 körfur hefðu verið í pokanum ásamt steininum, en enginn óaðgerður fiskur var á þilfari úr fyrri hölum. Á meðan verið var að ná veiðarfærunum inn, kvaðst vitnir hafa heyrt í einhverju, sem hefði getað verið flugvél, en ekki tekið eftir því vegna anna og veðurofsans.

Vitnið Alexander McQueen, háseti á togaranum Brandi, sagði, að slegið hefði verið úr blökkinni og byrjað að taka inn vörpuna klukkan rúmlega 1300. Aðspurt um, hvernig gengið hefði að ná

veiðarfærum um borð, sagði vitnið, að veðrið hefði verið mjög slæmt og að áliti þess hefði ekki átt að vera við veiðar í slíku veðri. Gekk skipverjum mjög illa að ná veiðarfærum inn, slitu þeir víra og áttu í vandræðum. Var 5—6 sinnum reynt að ná bobbingunum inn, og loks kallaði einhver, að tundurdufl væri í vörpunni, og sagðist vitnið þá hafa farið aftur á. Meðan vitnið var þar, heyrði það í vélsímanum og sá bakborðsmegin, að skipið var keyrt 2—3 hringi á grandrópnum. Síðan kom ákærði úr brúnni, og fór vitnið þá aftur fram á dekk. Voru vængirnir teknir upp, og tókst loks að ná vörpunni inn með því að setja nýja víra umhverfis belginn, en strax á eftir var skipinu siglt af stað. Pokinn var ekki skoðaður, en vitnið gizkaði á, að í honum hefðu verið, auk steinsins, 50—60 körfur af fiski, en enginn óaðgerður fiskur var á þilfarinu úr fyrri hölum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð nokkra flugvél, á meðan fengizt var við vörpuna, en hélt sig hafa heyrt í flugvél, eftir að ákærði kom niður á þilfar.

Matsmennirnir Steindór Árnason og Nikulás Kr. Jónsson töldu, að í fiskkassa stjórnborðsmegin á þilfari hefði verið um eitt tonn af blönduðum fiski, óaðgerðum.

Jarðfræðingarnir Guðmundur Sigvaldason og Þorleifur Einarsson rannsökuðu stein þann, sem upp kom í vörpu togarans. Sögðu þeir hnullung þennan vera úr svartri, samlímdri basalt-gosmöl, um 1.240 kg að þyngd. Ekki sögðu jarðfræðingarnir unnt að fullyrða um upprunastað gosmalarinnar, sem hann væri gerður úr, en töldu ekki ólíklegt, að hún væri ættuð frá einhverri eldstöð á gosbeltinu suðvestur af Reykjanesi.

Ákærði hefur játað fyrir dómi að hafa greint sinn verið með botnvörpu togarans Brands, GY 111, í sjó röskar 3 sjómílur innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Staðarákvarðanir starfsmanna Landhelgisgæzlu væru gerðar á tryggilegan hátt, og hefur ákærði ekki viljað rengja þær. Samkvæmt vitnisburðum starfsmanna Landhelgisgæzlu voru ákærða, á meðan hann var enn í landhelgi, margsinnis gefin stöðvunarmerki og sent skeyti, þar sem fyrir hann var lagt að fara til Reykjavíkur, og var móttaka skeytisins staðfest. Ákærði hefur kannazt við, að flugvélar hafi flogið yfir skipi hans, þar til varðskipið stöðvaði það. Hann kvaðst ekki vera viss um, hvort gefið var ákveðið merki, og sagðist ekki geta sagt með vissu, hvort hann hefði fengið skeytið. Hins vegar hefur ákærði gengizt við, að flugverjar hafi sagt honum, áður en hann lagði af stað úr landhelgi, að togarinn

væri að ólöglegum veiðum. Verður því talið, að eftirför og taka togarans hafi verið lögleg og óslitin, enda gat ákærða ekki dulizt, að um gæzluflugvélar var að ræða og verið var að hefja aðgerðir gegn honum af hálfu Landhelgisgæzlu Íslands.

Ákærði hefur ekki viljað kannazt við, að hann hafi verið að veiðum innan íslenzkrar landhelgi, og borið því við, að komið hafi í vörpuna hlutur, sem álitinn var vera tundurdufl, eftir að slegið var úr blökk og byrjað að hífa utan landhelgi klukkan 1330. Fjórir skipverja ákærða hafa staðfest þennan framburð hans. Frásagnir ákærða og skipverja hans um þetta atriði eru þó með litlum sennileikablæ. Þannig getur trauðla verið, að fundizt hafi fyrir óeðlilegum þunga vegna steinhnullungs þess, sem reyndist vera í vörpunni, þá er byrjað var að hífa og áður en varpan kom að skipshlið. Einnig fær ekki staðizt, að steinninn hafi sézt í pokanum, áður en hann var tekinn um borð, þar sem fiskur hlýtur að hafa hulið hann, á meðan pokinn var í sjó. Þá eru tímamörk mjög óglögg um, hvenær steinninn hafi fyrst komið í ljós. Hafi verið slegið úr blökk klukkan 1330, var ákærði óeðlilega lengi að fást við vörpuna, hafi hann raunverulega talið, að steinninn væri tundurdufl, og allar athafnir hans í því sambandi harla ólíkar því, sem vænta mátti af vönum skipstjórnarmanni, en að eigin sögn hefur ákærði starfað sem skipstjóri í 21 ár. Þannig vill hann fyrr losna við alla vörpuna en skera pokann frá, og er þó ólíkum verðmætum saman að jafna. Ákærði heldur á brott úr landhelgi án þess að staðreyna, hvort tundurdufl væri í raun og veru um borð, en frásögnum hans um þetta atriði bar ekki saman. Loks geta framburðir starfsmanna Landhelgisgæzlu og framburðir ákærða og skipverja hans ekki farið saman. En svo sem rakið er hér að framan, hafa hinir fyrrtöldu staðhæft og unnið eiða að, að þá er flugvélin fyrst kom að togaranum, hafi hann verið að toga og ekki hafi verið slegið úr blökkinni, fyrr en eftir að fyrsta staðarákvörðun var gerð klukkan 1529. Með vísan til alls þessa verður ekki litið svo á, að ákærði geti notið reglna 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um neyðarrétt, en hins vegar talið nægilega sannað, að hann hafi verið við botnvörpuveiðar í landhelgi. Er háttsemi hans rétt lýst í ákæru og varðar við lagaákvæði þau, sem þar eru talin.

II.

Föstudaginn 28. apríl s.l. barst dóminum ákæra saksóknara ríkisins vegna atviks þess, sem rakið er í I hér að framan, og

var ákæran birt ákærða þann sama dag. Næstu nótt klukkan um 0100 sigldi hann skipi sínu úr höfn með tvo íslenzka lögregluþjóna um borð. Klukkan 1128 um morguninn kom flugvél Landhelgisgæzlunnar, TF-SIF, að togaranum, og hafði einkennismerkjum hans verið breytt, bæði á reykháfi og skut, en á bógnum hafði málning runnið burt, og stóð þar greinilega: BRANDUR, GY 111. Klukkan 1130 var gerð staðarákvörðun, og reyndist togarinn vera 43 sjómílur út af Svörtuloftum á Snæfellsnesi. Á tímabilinu frá klukkan 1133—1210 var sjálfvirka stöðvunar merkið K tendrað á flugvélinni, skotið var grænu merkjaskoti og grænu ljósi fyrir framan togarann, honum margsinnis send skeyti um að stöðva og jafnframt reynt að komast í radiosamband við hann. Klukkan 1140 var varðskipið Óðinn komið í nánd við togarann og reyndi árangurslaust að ná sambandi við hann. Klukkan 1148 setti varðskipið upp stöðvunarmerkið K með flaggi, og klukkan 1206 kom varðskipið að togaranum, og nam hann þá staðar, en áður hafði verið tekið af fallbyssu varðskipsins og henni beint að togaranum, en ekki var af henni skotið. Vopnaðir varðskipsmenn fóru um borð í togarann og komu með ákærða og 1. stýrimann um borð í varðskipið klukkan 1247. Varðskipsmönnum var engin mótstaða sýnd. Togarinn og varðskipið héldu síðan til Reykjavíkur. Var komið þangað klukkan 2110, ákærði handtekinn af lögreglu og úrskurðaður í gæzluvarðhald.

Lögregluþjónarnir Hilmar Þorbjörnsson og Þorkell Páll Pálsson hafa komið fyrir dóm og borið vætti um málsatvik. Kváðust þeir hafa verið á verði í togaranum til þess að varna því, að hann yrði fjarlægður þaðan, sem hann lá við Faxagarð. Lögregluþjónarnir voru klæddir einkennisfatnaði íslenzkra lögreglumanna, höfðu kylfur og handjárn, en voru að öðru leyti óvopnaðir. Klukkan um 0100 bauð ákærði þeim til tedrykkju í klefa sínum ásamt bátsmanni togarans, og þáðust þeir boðið. Ákærði gekk úr klefanum, en þeir lögreglumennirnir urðu litlu síðar varir við, að skipið var komið á hreyfingu. Einu dyr klefans reyndust læstar, en Hilmar sparkaði 8 mm krossviðarplötu úr hurðinni, og komust þeir út. Fóru þeir þegar til stjórnklefa, en þar var ákærði fyrir ásamt mörgum skipverjum. Ekki voru skipverjar með barefli í höndum né gerðu sig líklega til að ráðast að lögreglumönnunum. Þeir lögreglumennirnir sögðust hafa skipað ákærða að færa skipið aftur til hafnar, en það var þá komið út undir hafnarmynnið, hann ekki viljað verða við

þeirri skipun og borið við, að eldur væri laus í skipinu, en engin merki sáu þeir þess. Fór Þorkell Páll þá að vélsímanum, færði hann á stanz, og var svarað úr vélarrúmi, en í sömu andrá var honum hrundið frá og skipið sett á ferð aftur. Ekki vildi Þorkell Páll staðhæfa, að ákærði hefði verið þar að verki, en Hilmar hugði svo vera, en tók jafnframt fram, að erfitt hefði verið að greina, hvað gerðist, þar sem mikil mannþröng var og myrkur.

Þorkell Páll taldi sig hafa marizt á læri, þá er honum var hrint, og lagði fram í málinu vottorð Davíðs Gíslasonar læknis, en í því segir m. a.: „... Handar stór marblettur var á miðju hægra læri innanverðu. Var marið komið vel út á neðri hluta blettsins og var fjólublátt að lit. Ofantil var marið ekki komið út. Dálítill þroti var á marstaðnum. Lögregluþjónninn telur sig hafa fengið þessa áverka um klukkan 0110 29. 4. '67, og getur það passað við útlitið á marblettinum ...".

Lögreglumennirnir ámálguðu skipanir sínar um, að skipinu yrði snúið til hafnar, en þeim var ekki skeytt. Á móts við Engey reyndi Þorkell Páll að ná sambandi við skipverja annars skips með því að kalla upp og blása í lögregluflautu, en var hindraður í því af skipverjum, sem höfðu í frammi hávaða og tóku hann frá brúarglugga. Virtist lögreglumönnum einsýnt, að valdbeiting af þeirra hálfu yrði ekki þoluð, enda ákærði gefið þeim slíkt í skyn, og ákváðu þeir því að hafast ekki frekar að. Ákærði var við stjórn skipsins allan tímann og ætíð nokkrir skipverjar ásamt honum í stjórnklefa. Lögreglumenn urðu varir við, að siglingaljós voru slökkt og skipverjar eitthvað að fást við málningu. Ekki sáu þeir áfengisáhrif á ákærða né skipshöfn yfirleitt. Lögreglumenn komust að raun um, að stjórnklefi var læstur, en ekki vissu þeir, hvenær honum var læst. Um nóttina hafði ákærði orð á því við þá, að hann mundi fyrr láta skjóta skipið niður en það yrði tekið. Hilmar kvaðst hafa spurt ákærða, hvort honum væri ekki ljóst, að hann yrði þegar handtekinn, er hann kæmi í enska höfn, og þeir væru vitni að því, sem fram hefði farið, en ákærði þá sagt, hvort nokkur gæti sannað, að þeir hefðu verið um borð, er skipið lét úr höfn. Ekki kvaðst Þorkell Páll hafa heyrt á þessar orðræður.

Eftir að flugvél Landhelgisgæzlunnar kom á vettvang, sögðust lögreglumennirnir hafa vakið athygli ákærða á stöðvunarmerkjum hennar, en hann þóttist ekki sjá þau og hélt ferðinni áfram. Skipverjar fóru þá að tínast úr stjórnklefanum, og var ákærði

loks orðinn einn eftir. Varðskipið var nú einnig komið á staðinn, en ekki vissu lögreglumenn, hvort það gaf togaranum stöðvunarmerki. Þeir báðu og skipuðu ákærða að stöðva ferðina, en er hann hlýddi því ekki, fór Þorkell Páll að vélsímanum og sló hann á stanz. Lét ákærði það afskiptalaust, og stöðvaðist skipið þá.

Stanley Yeadon, loftskeytamaður á togaranum Brandi, gat lítið um málsatvik borið. Hann sagðist hafa komið upp í stjórnklefann, um 45 mínútum eftir að skipið lagði af stað, og þá séð þá Hilmar og Þorkel Pál. Gerði hann sér ljóst, að þeir væru íslenzkir löggæzlumenn, en kvaðst ekki hafa spurt þá, hvort þeir væru þarna gegn vilja sínum. Ekki varð hann var við, að þeim væri sýnt ofríki í orði eða verki. Ekki sagðist loftskeytamaður hafa vitað um brottför skipsins fyrirfram, og ekki gat hann borið um, hvort skipinu var siglt með fullum siglingaljósum.

Edward Rimmer, bátsmaður togarans, kvaðst hafa vitað um væntanlega brottför skipsins, ákærði sagt honum, að þeir kynnu að láta úr höfn. Sagðist bátsmaður hafa heyrt, að ákærði hefði boðið öðrum skipverjum áfengisskammt aukalega í því sambandi, en jafnframt fyrirskipað, að lögregluþjónunum yrði ekkert ofbeldi sýnt. Bátsmaður kvaðst hafa verið í læstum skipstjóraklefanum ásamt lögreglumönnunum og séð annan þeirra sparka hurðinni sundur. Fóru þeir rakleitt í stjórnklefa, og fylgdi hann þeim eftir. Spurðu þeir ákærða, hvers vegna hann hefði farið úr höfn, og sögðu honum að sigla að aftur. Ákærði neitaði því og sagði eld lausan í skipinu. Fór þá annar lögreglumannanna að vélsímanum og hringdi á stanz, en einhver setti á fulla ferð aftur. Ekki sagðist bátsmaður hafa orðið þess var, að lögreglumönnunum hafi verið hrundið þar í stjórnklefanum, en annar þeirra blés í lögregluflautu til þess að vekja athygli nærstadds skips á sér, en skipverjar höfðu þá í frammi hávaða til að kæfa flautuhljóðið. Bátsmaður kvaðst aldrei hafa vitað til þess á siglingunni, að haft væri í hótunum við lögregluþjónana né þeim sýnt nokkurs konar ofbeldi, en sagðist hafa gert sér ljóst, að á skipinu væru íslenzkir löggæzlumenn, sem þar væru gegn vilja sínum.

Robert Charles Leslie Williamson, háseti á togaranum, sagðist hafa vitað til, að skipinu kynni að verða siglt úr höfn, en kannaðist ekki við, að skipverjum hefði verið lofaður aukaskammtur af áfengi. Háseti þessi sagði, að lögreglumennirnir hefðu skipað ákærða að landi, eftir að sigling var hafin, en því ekki verið hlýtt. Ekki varð hann var við, að annar þeirra hefði hönd á vél-

síma, og ekki sá hann þá beitta ofbeldi, skipverjar ekki verið með barefli né slík tæki í stjórnklefa. Eftir að skipið sigldi úr höfn, kvaðst háseti þessi hafa gert sér ljóst, að tveir löggæzlumenn íslenzka ríkisins væru um borð og þeir væru þar gegn vilja sínum.

Alexander McQueen, háseti á togaranum Brandi, kvaðst ekki hafa vitað fyrirfram um brottför skipsins né að skipverjum væri lofað aukaskammti af áfengi. Háseti þessi var ekki í stjórnklefa, þegar siglt var, og kom ekki þangað um nóttina. Eftir að siglt var, sagðist hann hafa vitað, að tveir íslenzkir löggæzlumenn væru um borð og taldi sjálfsagt, að þeir væru þar gegn vilja sínum.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi læst lögreglumennina og bátsmanninn inni í herbergi sínu um borð í togaranum og honum þá verið ljóst, að um íslenzka löggæzlumenn var að ræða. Ákærði var ítrekað spurður um, hvort hann hefði ekki gert sér grein fyrir, að honum væri óheimilt að sigla skipinu úr höfn. Hann fékkst ekki til að svara þeirri spurningu og gat ekki skýrt, hvers vegna hann hefði þá verið að læsa lögreglumennina inni. Rétt eftir að skipið var komið út í hafnarmynnið, sagði ákærði, að lögreglumennirnir hefðu komið inn í stjórnklefann og þá beðið sig, en ekki skipað, að snúa skipinu til hafnar. Kvaðst ákærði hafa svarað því til, að hann væri önnum kafinn, skip kæmu á móti, og bað hann þá að hafa hljótt um sig. Einnig sagðist hann hafa sagt þeim, að eldur væri laus í skipinu og þyrfti hann því að losna frá bryggju. Átti hann þar við eldinn í kynditækjum skipsins. Ákærði kannaðist við, að Þorkell Páll hefði gripið í vélsímann og fært hann á stanz, eða a. m. k. á hægari ferð. Kvaðst ákærði þá hafa sagt vélstjóra í talkerfi skipsins, að hann skyldi halda áfram fullri ferð, enda hefði hann áður sagt vélstjóra, að honum bæri frekar að hlýða því, sem sagt væri í talkerfið, þar sem hann hefði búizt við, að lögreglumennirnir mundu grípa til vélsímans. Ákærði neitaði því, að hann hefði stjakað eða hrundið Þorkeli Páli frá vélsímanum. Ákærði sagði, að löggæzlumennirnir hefðu nokkrum sinnum beðið sig að snúa skipinu við og sagt, að þá yrði „allt í lagi". Einnig sagði ákærði, að annar lögreglumannanna hefði blásið í lögregluflautu og ef til vill hrópað upp í því skyni að vekja athygli annars skips á þeim, en hvorki hefði hann né aðrir skipverjar hindrað þetta á nokkurn hátt. Ákærði sagði, að yfirleitt hefðu einasta verið 3 skipverjar auk hans í stjórnklefa, en aðrir skipverjar þó komið þangað til að fá upplýsingar eða fyrirmæli. Ekki

kvað ákærði skipverja hafa verið með vopn eða barefli og slík tæki ekki verið í stjórnklefa. Áður en lagt var af stað, sagðist ákærði hafa sagt skipshöfninni, hvað til stæði, og jafnframt lofað henni staupi af áfengi, en slíkt hefðu þeir ekki fengið í nokkra daga, en ekki kvaðst hann hafa gert þetta í því skyni, að skipverjar hjálpuðu honum við að sýna löggæzlumönnunum ofríki, ef til þess kæmi, enda ekki haft í huga að sýna þeim ofbeldi á nokkurn hátt og slíkt ekki verið gert né því hótað. Ákærði sagðist í dögun og ekki fyrr hafa læst dyrum stjórnpallsins og viðurkenndi, að þær væru að jafnaði ekki læstar. Ákærði kannaðist við að hafa sagt við löggæzlumennina á leiðinni, að hann mundi fyrr láta sökkva skipinu en stöðva það fyrir nokkrum manni. Hins vegar kannaðist hann ekki við ummæli þau, sem Hilmar Þorbjörnsson hafði eftir honum, um, hvað gerast mundi, kæmu þeir í enska höfn. Ákærði sagðist hafa gefið skipverjum fyrirmæli um að mála yfir skrásetningarmerki skipsins og breyta þeim í því skyni að villa á sér heimildir. Ákærði var spurður um, hvert ætlan hans hefði verið að halda, og kvaðst hann ekki hafa gert sér það fyllilega ljóst.

Þegar vakin var athygli hans á gagnstæðum framburði hjá rannsóknarlögreglu, en þar hafði hann sagt förinni heitið til Grimsby, svaraði ákærði, að sigling þangað hefði verið eitt af því, sem honum kom í hug, en ekki kvaðst hann hafa haft í hyggju að komast um borð í annan togara, þótt hann hefði haft samband við annað enskt skip, en það hafi einasta verið í því skyni að grennslast fyrir um aflabrögð.

Ákærði kvaðst hafa séð flugvélina TF-SIF og vitað, að um vél íslenzku Landhelgisgæzlunnar var að ræða. Hins vegar neitaði hann að hafa séð flugvélina gefa stöðvunarmerki, en annar lögreglumannanna vakið athygli hans á því, að flugvélin hefði skotið blysi. Jafnframt báðu lögreglumennirnir hann um að stöðva skipið, en ákærði sagðist ekki hafa sinnt því. Skömmu eftir að ákærði sá flugvélina, kvaðst hann hafa komið auga á varðskipið, en ekki séð það gefa stöðvunarmerki.

Þegar varðskipið nálgaðist, ítrekuðu löggæzlumennirnir ósk sína um, að hann stöðvaði skipið. Sagðist ákærði hafa sett á hálfa ferð, rétt áður en varðskipið kom að togaranum, annar löggæzlumannanna fært vélsímann á stanz, en ákærði þá skipað vélstjóra að setja fulla ferð áfram. Ákærði kvaðst hafa gefið loftskeytamanni skipun um að kalla Óðin upp og vita, hvað

varðskipsmenn vildu. Hefðu löggæzlumennirnir talað við varðskipið, sagt, að honum væri fyrirskipað að nema staðar, fallbyssunni jafnframt verið beint að togaranum, og stöðvaði ákærði þá skip sitt.

Skipaður verjandi ákærða hefur haldið því fram, að taka togarans greint sinn hafi verið andstæð samþykkt, sem gerð var á alþjóðaráðstefnunni í Genf 1958 um réttarreglur á úthafinu. Ákærða hlaut að vera ljóst, að togarinn var í umsjá löglegra, íslenzkra yfirvalda, þar sem hann lá við Faxagarð í Reykjavík. Tveir einkennisklæddir lögreglumenn voru um borð í skipinu, ákærða hafði sjálfum verið birt ákæra vegna fiskveiðibrots og skipsskjöl af honum tekin. Enda þótt ákærði tæki stjórn togarans ólöglega í sínar hendur, læsti löggæzlumennina inni og sigldi skipinu úr íslenzkri landhelgi, gat sú refsiverða háttsemi hans ekki valdið því, að hinar löglegu vörzlur lögreglumannanna, sem voru um borð í skipinu allan tímann og mótmæltu athæfi ákærða, væru rofnar á lögmætan hátt. Var því öðrum íslenzkum löggæzlumönnum rétt að fara um borð í togarann 43 sjómílur vestur af Svörtuloftum á Snæfellsnesi og hjálpa starfsbræðrum sínum til að tryggja áframhaldandi löglegar vörzlur hans og koma þar með í veg fyrir, að ákærði meinaði þeim enn frekar að sinna löglegum skyldustörfum sínum, sem þeir unnu að boði yfirmanna sinna. Verður þessi varnarástæða því eigi til greina tekin.

Svo sem rakið er hér að framan, hefur ákærði skýlaust játað að hafa læst lögregluþjónana Hilmar Þorbjörnsson og Þorkel Pál Pálsson inni í klefa sínum um borð í togaranum Brandi greint sinn, enda þótt honum væri þá fullkunnugt um, að um var að ræða íslenzka löggæzlumenn við skyldustörf. Hann vildi og ekki hlýðnast því, þá er lögreglumennirnir sögðu honum að stöðva skipið og færa það til hafnar, en sigldi með þá úr íslenzkri landhelgi gegn vilja þeirra. Hefur ákærði þannig með ofríki hindrað opinbera starfsmenn við framkvæmd skyldustarfa sinna, og varðar sú háttsemi hans við 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hins vegar þykir ekki lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hafi hrundið nefndum Þorkeli Páli og slasað hann.

Refsing ákærða samkvæmt áður töldum lagaákvæðum þykir eftir atvikum og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald 3 mánuði. Einnig ber að dæma hann

til að greiða kr. 300.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, en 8 mánaða varðhald komi í stað sektar, greiðist hún eigi innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Allur afli og veiðarfæri togarans Brands, GY 111, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda, kr. 20.000.00.

Dóm þennan kveður upp Ármann Kristinsson sakadómari ásamt meðdómsmönnunum Karli Magnússyni og Sigurði Þórarinssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Ákærði, Bernard Newton, sæti varðhaldi 3 mánuði, en til frádráttar þeirri refsingu komi með fullri dagatölu gæzluvarðhald það, sem hann hefur sætt vegna máls þessa.

Ákærði greiði kr. 300.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Afli og veiðarfæri togarans Brands, GY 111, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1968.

Nr. 248/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Jónasi Björgvin Sigurbergssyni
(Hjörtur Torfason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sýknað af ákæru um brot gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur vitnið Þorsteinn Jóhannes Jónsson lögreglumaður, er kom á slysstaðinn, skömmu eftir að slysið varð, og gaf frumskýrslu um það, komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína, en í héraðsdómi er efni hennar rakið. Þá kom einnig fyrir dóm 25. f. m. vitnið Guðni Vilberg Sturlaugsson útgerðarmaður, Sunnuvegi 11 á Selfossi, og staðfesti skýrslu sína, er það hafði gefið fyrir lögreglunni í Árnessýslu hinn 6. maí 1964. Vitni þetta ók bifreið sinni, X 1572, næst á eftir bifreið ákærða, Z 366, er slysið varð. Í skýrslu vitnisins segir, að hraði bifreiðar ákærða „hafi verið mjög eðlilegur miðað við aðstæður, umferð hafi verið nokkuð mikil ... hún hafi fylgt umferðinni, ekið sama hraða og aðrir, er leið áttu þarna vestur götuna“. Skammt austan við Múla við Suðurlandsbraut kveðst vitnið hafa veitt athygli lítilli telpu, er hlaupið hafi út á akbrautina frá nyrðri brún hennar og fyrir fólksbifreið, er ekið var austur eftir götunni. Bifreið þessari hafi verið snögghemlað og þannig komið í veg fyrir, að telpan yrði fyrir henni, en hún hafi hlaupið áfram út á götuna og ekki skipt „miklum togum“, að hún lenti á hægra frambretti bifreiðar ákærða. Segir vitnið, að sér hafi fundizt barnið kastast frá bifreiðinni, „raunverulega snúizt aftur með“ henni, og skella í götuna framanvert við hægri afturhjól. Kveður það barnið hafa orðið undir hjólum bifreiðarinnar

og sá það kastast upp aftan við hjólin og taldi, að þau hefðu farið yfir höfuð barnsins og efri hluta líkama þess.

Kveðst vitnið hafa veitt athygli hemlaförum á götunni eftir bifreiðina Z 366, „þannig að rétt sé, að hemlarnir hafi fyrst virkað, en síðan hætt að virka, er stigið hafði verið á þá".

Þá hefur eftir uppkvaðningu héraðsdóms verið lagt fram bréf Bifreiðaeftirlits ríkisins, dags. 29. ágúst 1967, þar sem segir, að um mjög óvenjulega bilun hafi verið að ræða í hemlum bifreiðar ákærða.

Samkvæmt vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins, dags. 21. þ. m., sem lagt var fram í Hæstarétti, er bifreið ákærða af gerðinni Ford 600, smíðaár 1961. Er eigin þyngd hennar 4.326 kg og hlassþyngd 5.000 kg, en breidd hennar 2.34 metrar. Hafði ákærði því ekki heimild til að aka bifreið þessari, sbr. 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, en samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglu hafði ákærði eingöngu hið minna próf bifreiðarstjóra, og var ökuskírteini hans gefið út 4. nóvember 1960. Hann er þó eigi saksóttur fyrir brot þetta og því ekki dæmd refsing vegna þess.

Er ákærði nálgaðist strætisvagninn, er stöðvaður hafði verið gegnt slysstaðnum, hægði hann eigi á ferð bifreiðar sinnar og sýndi ekki þá aðgæzlu, sem krefjast verður af ökumönnum, þegar ekið er fram hjá strætisvagni, er stanzað hefur við biðstöð. Hefur hann með þessari háttsemi sinni gerzt brotlegur við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og við 1. mgr. og f og k liði 49. gr. umferðarlaga.

Aftur á móti verður eigi talið sannað, eins og atvikum máls þessa er háttað, að ákærða hafi verið unnt að afstýra slysi því, sem mál þetta er af risið. Ber því að sýkna ákærða af broti gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin kr. 4.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar ber að staðfesta.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Björgvin Sigurbergsson, greiði kr. 4.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hjartar Torfasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. apríl 1966.

Ár 1966, föstudaginn 15. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 295/1966: Ákæruvaldið gegn Jónasi Björgvin Sigurbergssyni, sem tekið var til dóms 1. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 29. júní 1964, höfðað á hendur Jónasi Björgvin Sigurbergssyni bifreiðarstjóra, Svínafelli í Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu og fæddum þar 31. ágúst 1943, dveljandi að Sólvallagötu 72 hér í borg, fyrir að hafa um klukkan 1545 þriðjudaginn 5. maí 1964 án nægilegrar varkárni og of hratt miðað við aðstæður ekið vöruflutningabifreiðinni Z 366 vestur Suðurlandsbraut í Reykjavík gegnt biðstöð Strætisvagna Reykjavíkur við Múla, þar sem strætisvagninn R 14121, sem var á austurleið, hafði verið stöðvaður til að hleypa út farþegum, þ. á m. börnum, með þeim afleiðingum, að þegar ákærði ók fram hjá strætisvagninum, varð undir bifreið hans þriggja ára gömul stúlka, Anna Kristólína Geirharðsdóttir, og beið þegar bana, en stúlkan hafði komið út úr strætisvagninum

og hlaupið fyrir framan hann og rakleitt suður yfir akbrautina.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærði hvorki hlotið dóm né ákæru.

Málsatvik eru þessi:

Þriðjudaginn 5. maí 1964 klukkan 1545 var lögreglunni tilkynnt, að umferðarslys hefði orðið á Suðurlandsbraut skammt austan við gatnamót Múlavegar hér í borg. Lögreglan fór á staðinn, en þar hafði lítil stúlka, Anna Kristólína Geirharðsdóttir, fædd 19. 6. 1960, orðið fyrir bifreiðinni Z 366, sem ákærði ók. Hlutar af heilavef lágu á götunni á stórum kafla, en búið var að fjarlægja barnið, sem mun hafa látizt strax á slysstað. Ákærði skýrði lögreglu svo frá, að hann hefði ekið á um 35—45 km. hraða og verið að mæta Skoda-sendibifreið, er hann sá allt í einu, hvar lítið barn skauzt út á götuna fyrir aftan hana. Sagðist ákærði þegar hafa stigið á hemla, og fannst honum, að hann þyrfti að „pumpa" þá, en þegar hann steig á hemlana aftur, virkuðu þeir ekki, og rann bifreiðin því áfram. Kvaðst ákærði enga grein geta gert fyrir því, hvað um barnið hefði orðið, og ekki hafa vitað um slysið, fyrr en hann hafði gengið til baka, en bifreið hans rann um 70 metra vestur fyrir slysstað. Lögreglan sá ekkert á bifreiðinni Z 366, sem gefið gæti til kynna, hvar barnið hefði orðið fyrir henni utan þess, að á milli hjólbarðanna hægra megin að aftan sáust greinilega heilaslettur. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar var yfirborð vegarins malbikað, dagsbirta og bjart veður, og færið var þurrt. Á aðstöðuteikningu eru sýnd 5—6 metra hemlaför eftir bifreiðina Z 366, en fjarlægðin frá upphafi þeirra að framenda bifreiðarinnar R 2321 er um 14 metrar. Bifreiðaeftirlitsmenn skoðuðu bifreiðina Z 366, og segir í vottorði þeirra m. a., að bifreiðin sé Ford 660, vörubifreið, árgerð 1961, með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði. Við skoðun, sem fram fór á slysstað, kom í ljós, að hemlavökvi rann úr dælu í hægra afturhjóli, og hemlar voru óvirkir, en að öðru leyti virtist bifreiðin hafa verið í lagi, áður en slysið varð, nema vinstra framljós og námersljós voru óvirk. Bifreiðaeftirlitsmennirnir framkvæmdu sérstaka rannsókn vegna hemlabilunarinnar,

og virtist þeim orsökin hafa verið, að þá er fullu ástigi var beitt á hemlana, hefði efri hemlaskórinn snúizt, skælzt til, önnur hlið klaufarinnar bognað og pinninn lagzt út af, en við það hefði stimpillinn gengið út úr dælunni og hemlarnir þar með orðið óvirkir.

Vitnið Hjalti Björnsson ók strætisvagninum R 14121 austur Suðurlandsbraut greint sinn og stöðvaði hann á biðstöð strætisvagna við Múla. Litla stúlkan, sem fyrir slysinu varð, var farþegi í strætisvagninum ásamt móður sinni og tveim litlum systkinum. Þrátt fyrir aðvaranir móður sinnar hljóp telpan fram fyrir strætisvagninn og í stefnu suður yfir götuna. Vitninu virtist stúlkan aðeins hika, er hún varð vör við bifreiðina R 2321, sem ekið var austur brautina og fram með strætisvagninum. Ökumaður þeirrar bifreiðar ók hægt, snögghemlaði og gat þannig forðað, að bifreið hans lenti á telpunni, sem hljóp áfram beint suður yfir götuna án þess að líta til hliðar, lenti þá á hægri hlið vörubifreiðar ákærða rétt aftan við stýrishúsið og hvarf vitninu þar sjónum. Vitninu fannst vörubifreiðinni ekið greitt á slysstað, gizkaði á, að hraði hennar hefði verið um 40 km miðað við klukkustund. Vitnið varð ekki vart við, að ákærði drægi úr hraða bifreiðarinnar eða sveigði henni að vegjaðrinum.

Vitnið Þorkell Guðnason var statt um 100 metra vestan við slysstaðinn, er það sá litlu stúlkuna koma fram með strætisvagninum og stefna þvert suður yfir götuna. Í sama mund var bifreið ekið fram með hlið strætisvagnsins og snarhemlað. Virtist vitninu stúlkan herða á för sinni yfir götuna, og skall hún á hægra frambretti vörubifreiðar, sem ekið var vestur brautina. Taldi vitnið, að vörubifreiðinni hefði verið sveigt eitthvað í átt frá stúlkunni, hún stöðvaðist rétt vestan þess staðar, er vitnið stóð á, en ekki kvaðst það geta borið um, á hvaða hraða bifreiðin hefði verið.

Vitnið Baldur Árnason ók bifreiðinni R 10224 austur Suðurlandsbraut næst á undan bifreiðinni R 2321. Kvaðst vitnið hafa ekið á hægri ferð, er það nálgaðist slysstað, enda strætisvagn verið á bifstöðinni. Vitnið veitti ekki athygli börnum eða fullorðnu fólki framan við strætisvagninn, en er það var rétt komið fram fyrir hann, virtist því eitthvað vera að gerast aftan við bifreiðina, leit í spegil yfir mælaborði og sá litla telpu hlaupa þvert suður yfir götuna og skipti engum togum, að hún lenti á vörubifreið, sem ekið var vestur brautina. Virtist vitninu stúlkan koma á hægra framhorn vörupallsins og falla niður inn undir

pallinn og fyrir afturhjól bifreiðarinnar. Vitnið gat ekki borið um hraða vörubifreiðarinnar né hvort henni hefði verið sveigt í átt frá stúlkunni.

Vitnið Skúli Arnór Steinsson ók bifreiðinni R 2321 austur Suðurlandsbraut. Kvaðst vitnið hafa það fyrir fasta reglu að aka hægt fram með strætisvögnum á biðstöðum og fylgjast vel með þeim, þar sem alltaf megi búast við, að börn hlaupi frá þeim út á götuna. Þegar bifreið vitnisins var komin sem næst á móts við framenda strætisvagnsins, sá vitnið skyndilega litlu telpuna, sem kom á harða hlaupum fast framan við strætisvagninn, út á götuna og í veg fyrir bifreið vitnisins. Varð vitnið að skyndihemla bifreiðinni til að forðast slys. Virtist vitninu stúlkan ekkert hafa veitt því athygli, þótt hátt hafi látið í hemlum bifreiðarinnar, og sá vitnið hana ekki líta í átt til bifreiðarinnar né draga neitt úr hlaupunum, heldur hlaupa beint áfram án þess að horfa til hliðar. Í sama mund tók vitnið eftir vörubifreið, sem á móti kom, og að því er vitninu virtist, ekki á miklum hraða. Taldi vitnið, að bifreiðin hefði verið það langt undan, að ökumaður hennar hefði getað stöðvað hana, áður en hún lenti á stúlkunni, enda áleit vitnið, að fjarlægðin hefði verið um 20 metrar. Vitninu fannst stúlkan lenda framarlega á bifreiðinni, en síðan hvarf hún því sjónum. Ekki sá vitnið, að dregið væri úr hraða vörubifreiðarinnar né henni væri sveigt í átt að vegjaðrinum, en þar sem ökumaður stöðvaði ekki bifreiðina, fannst vitninu eina leiðin til að forðast slys að sveigja bifreiðinni til vinstri út af brautinni. Vitnið sagði, að í um 30 metra fjarlægð á undan bifreið þess hefði verið ekið lítilli Skoda-bifreið, og áleit vitnið, að bifreið þessi hefði varla getað skyggt svo á stúlkuna, að ökumaður vörubifreiðarinnar hefði þess vegna eigi átt að geta séð stúlkuna.

Ákærði kvaðst hafa ekið vestur Suðurlandsbraut greint sinn, og sagði hann, að nokkur umferð hefði verið í þá átt, en þó ekki samfelld. Taldi hann sig hafa ekið á um 35—40 km. hraða miðað við klukkustund. Ákærði tók eftir strætisvagninum á biðstöðinni, en litlu stúlkuna sagðist hann fyrst hafa séð, rétt í því er hann var að mæta bifreiðinni R 2321. Var hún þá á móts við miðjan framenda þeirrar bifreiðar á harða hlaupum þvert suður yfir götuna. Ákærði, sem ók yzt á malbikuðu brautinni, sagðist þegar hafa stigið á hemla bifreiðar sinnar, þeir virkað aðeins augnablik, en síðan orðið óvirkir. Kvaðst ákærði þá rétt hafa verið kominn að bifreiðinni R 2321, og fannst honum engum togum skipta, að telpan lenti á hægri hlið bifreiðar hans, og jafnframt

varð hann þess var, að eitthvað varð undir hægri afturhjólum hennar. Ákærði sagðist hafa gripið til handhemils og reynt að sveigja bifreiðinni til vinstri. Ákærði kvaðst hafa verið vanur að aka bifreiðinni Z 366 og ekki orðið var við hemlabilun í henni fyrir slysið. Hann hefði verið vel fær til aksturs og ekkert glapið ökuhæfni hans. Ákærði sagði, að færi hefði verið gott sem og skyggni.

Prófessor Níels Dungal gerði réttarkrufningu á líki hinnar látnu stúlku. Segir m. a. svo í krufningarskýrslunni: „... Líkið kemur hingað í úlpu og öllum fötum. Stórkostlegur áverki er á höfðinu. Höfuðið hefur alveg lagzt saman og sýnilegt, að hjól hefur ekið yfir höfuðið á barninu. Höfuðið er orðið svo þunnt, að það er ekki nema um 10 cm á þykkt. Framan í andlitinu er eitt stórt, gapandi op á nefsvæðinu. Ekkert er eftir af nefinu nema nefvængirnir neðst báðum megin, en eitt stórt holrúm þaðan og upp á enni, sem er 10 cm langt og allt að 5 cm breitt, og gapir þar inn í höfuðkúpuna. Heilinn hefur farið út um þetta op, og sjást miklar heilaslettur á úlpunni neðst og einnig á buxunum, en lögreglan sagði, að heilaslettur hefðu einnig sézt á veginum, þar sem barnið hafði látizt. Á h. kinn sést stórt, brúnleitt hrufl, og nær það niður á hálsinn h. m. og aftan til. Á miðjum hálsi h. m. neðst í þessu hrufli sést 2 cm lagur skurður, sem snýr þar þvert yfir hálsinn og er töluvert gapandi, en nær ekki nema niður í gegnum fituna. Á v. kinn sjást engin áverkamerki. Þar er húðin slétt og hvít.

Höfuðbeinin finnast öll moluð undir hársverðinum, og h. m. er um 5 cm langt, dálítið gapandi sár á höfuðsverðinum.

Heilabúið opnað: Undir höfuðsverðinum eru ekki miklar blæðingar, en höfuðskelin er þar öll brotin, þannig að öll teca cranii er í brotum, og eru tekin út 8 laus brot alls, þau stærstu mannslófastór, en þau minnstu rúmlega 2ja krónu stór. Kúpan er öll brotin alla leið aftur í hnakka. Heilabastið er einnig sundurtætt, og þegar það er opnað betur, sést, að svo til ekkert er eftir af heilanum, heldur aðeins lítils háttar blóðugur grautur, sem finnst innan á heilabastinu. Kúpubotninn er einnig brotinn: H. pyramidi er alveg brotinn frá, v. m. sést stórt brot á hnakkabeininu, sem nær inn að foramen magnum, og er þar einnig laust brot í. Þá sjást einnig brot v. m. í os sphenoidale á kúpubotninum, og nær það yfir v. ala ossis sphenoidalis".

Ályktun prófessorsins er svohljóðandi:

„Við líkskoðun og krufningu fannst mjög mikill áverki á

höfðinu: Andlitið hafði opnazt alveg að framan, svo að þar sást stórt op, sem náði inn í heilabú, og hafði mestur hluti heilans farið þar út í gegn. Höfuðkúpan var öll mölbrotin og einnig kúpubotninn. Sýnilegt er, að barnið hefur dáið mjög fljótt af þessu, en þó er sýnt, að barnið hafi andað eitthvað eftir áverkann".

Svo sem málum hefur verið lýst hér að framan, verður ekki talið, að ákærði hafi sýnt þá fyllstu aðgæzlu í akstri, sem honum bar, m. a. þar sem hann var að aka fram hjá kyrrstæðum strætisvagni, né að hann hafi gert fyllstu ráðstafanir til að forðast slys, svo sem með því að sveigja bifreiðinni út af veginum, sem þó var samkvæmt myndum af vettvangi hættulaust eða hættulítið fyrir hann. Er háttsemi ákærða rétt lýst í ákæru og varðar við refsiákvæði þau, sem þar eru greind.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 4.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 ber að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Björgvin Sigurbergsson, greiði 4.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1968.

Nr. 177/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Steingrími Njálssyni.
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ölvun í flugvél. Brot gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað umsagnar flugmálastjóra um mál þetta og fengin lýsing á flugvélinni TF-FLE og stjórntækjum hennar. Þá hafa ákærði svo og flugumferðarstjórarnir Ernst Gíslason og Haraldur Guðmundsson gefið skýrslur fyrir dómi.

Málsatvikum er nægilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Það framferði ákærða að taka til stjórntækja flugvélarinnar TF-FLE í umrætt sinn og hindra þannig flugmanninn í að lenda á Reykjavíkurflugvelli setti flugmanninn í yfirvofandi lífshættu og orsakaði einnig hættu fyrir aðra menn, þar sem flogið var á flugleiðum og yfir þéttbýli.

Með skírskotun til þessa og forsendna héraðsdóms telst ákærði sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir, og eru brot hans þar réttilega til laga færð. Er refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Flugmaðurinn, Hreinn Ómar Arason, hefur krafizt úr hendi ákærða þjáninga- og miskabóta að fjárhæð kr. 35.000.00 með 8% ársvöxtum frá 18. júlí 1967 til greiðsludags. Engin læknisfræðileg gögn hafa verið lögð fram til stuðnings þessari kröfu. Eftir atvikum þykir ekki óeðlilegt, að háttsemi ákærða hafi haft í för með sér andlegar þjáningar fyrir flugmanninn, og á hann því rétt á bótum samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þegar það er virt, að Hreinn Ómar hóf flug með ákærða í flugvélinni TF-

FLE vitandi, að hann var undir áhrifum áfengis, þykja bætur hæfilegar kr. 10.000.00 með 7% ársvöxtum frá 18. júlí 1967 til greiðsludags.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hér fyrir dómi, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og laun skipaðs verjanda síns hér fyrir dómi, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði greiði Hreini Ómari Arasyni kr. 10.000.00 með 7% ársvöxtum frá 18. júlí 1967 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hér fyrir dómi, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. september 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 13. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 329/1967: Ákæruvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 1. ágúst 1967, höfðað á hendur Steingrími Njálssyni, Norðurgötu 12 B, Siglufirði, fæddum þar 21. apríl 1942, fyrir brot á 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954 með því að hafa mánudaginn 18. júlí 1967 sem farþegi í flugvélinni TF-FLE, sem ákærði hafði leigt til skemmtiflugs, stofnað lífi eða heilsu flugmannsins, Ómars Arasonar, Lönguhlíð 25, Reykjavík, í augljósa hættu með því að grípa í stjórntæki vélarinnar og auka við benzíngjöf hennar með þeim afleiðingum, að flugvélin kastaðist til, og flugmaðurinn varð að hætta við hafna lendingu á Reykjavíkurflugvelli, en lenda á Sandskeiði nokkru síðar, eftir að hafa róað ákærða, sem var hneykslanlega

ölvaður í umrætt sinn. Þá skemmdi ákærði talstöðvartæki vélarinnar, meðan á fluginu stóð, með því að skera í tækin með hníf, sem hann hafði meðferðis.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta auk sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

1958 9/1 í Reykjavík: Kærður fyrir árás. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 19/4 1960 gegn 10.000.00 kr. skaðabótagreiðslu.

1959 8/3 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og árás.

1959 8/9 í Reykjavík: Kærður fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 1/9 1959.

1959 10/12 í Hafnarfirði: Kærður fyrir þjófnað á skellinöðru. Ákæru frestað í 2 ár frá 1/9 samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins d. u. s.

1961 8/10 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn lögreglusamþykkt Skagafjarðarsýslu.

1962 13/12 á Siglufirði: Sátt, 125 kr. sekt fyrir brot á 51. gr., sbr. 65. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

1962 14/12 á Siglufirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 5. gr., 1. og 2. og 10., sbr. 116. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar.

1963 18/7 á Siglufirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 49. gr. og 8. mgr. 60. gr., sbr. 1. mgr. 80. gr. umferðarlaga.

1963 11/11 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244., 209., 217. gr. 1. mgr. 203. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr. og 194. gr. og með hliðsjón af 202. gr. hegningarlaga.

1964 11/12 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: Fangelsi í 1 ár fyrir brot gegn 1. mgr. 203. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr., sbr. 194. gr. hegningarlaga og með hliðsjón af 202. gr. sömu laga, svo og gegn ... (svo).

1965 25/10 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Áminning fyrir brot á 37. og 48. gr. umferðarlaga.

1966 18/8 á Siglufirði: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu. (Dómsbirting 30/8 1966).

1966 14/9 á Siglufirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 6. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar.

1966 25/10 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Áminning fyrir brot á 37. gr. og 48. gr. umferðarlaga.

1967 13/2 á Siglufirði: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, áfengislögum og umferðarlögum. Sviptur ökuréttindum ævilangt frá dómsbirtingu. (Dómsbirting 27/2 1967).

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 18. júlí 1967, klukkan 2200, var óskað aðstoðar lögreglu að Sandskeiði vegna flugvélar frá Flugskólanum Þyt, sem þar hafði lent með ölvaðan farþega. Lögreglan fór á staðinn og handtók þar ákærða í máli þessu, sem henni virtist vera áberandi ölvaður.

Vitnið Hreinn Ómar Arason, Lönguhlíð 25, Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að umræddan dag hafi ákærði komið í flugskólann og óskað eftir flugvél til leigu. Flaug vitnið með hann í 45 mínútur, en þá er vitnið hugðist lenda flugvélinni, óskaði ákærði eftir 15 mínútna flugi til viðbótar, og varð vitnið við því. Vitnið sagði, að ákærði hefði verið með vín meðferðis, en ekkert hefði hann verið orðinn drukkinn, þegar lent var. Nokkru síðar kom ákærði aftur og óskaði eftir flugvél á leigu í hálfa klukkustund. Virtist vitninu hann þá vera lítillega undir áhrifum áfengis. Vitnið flaug ákærða í flugvélinni TF-FLE, og á leiðinni neytti hann áfegis. Þegar hin hálfa klukkustund var liðin, vildi ákærði fljúga lengur, en vitnið vildi ekki fallast á málaleitan hans og hóf aðflug að Reykjavíkurflugvelli. Kvaðst vitnið hafa reynt aðflug nokkrum sinnum, en ákærði greip í stjórntæki, átti við benzíngjöf vélarinnar og hindraði vitnið þannig við að lenda. Taldi vitnið, að ákærði hefði með þessu atferli sínu stofnað þeim báðum í lífsháska. Flaug vitnið síðan upp á Sandskeið og lenti þar án afskipta ákærða. Eftir lendingu kvað vitnið ákærða hafa valdið skemmdum á talstöðvarkerfi vélarinnar, en hann bætti þær skemmdir, áður en mál þetta var höfðað, og komu engar bótakröfur fram þeirra vegna.

Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa verið mikið ölvaður í síðari flugferðinni. Einnig hefur hann játað að hafa sýslað við benzíngjöf flugvélarinnar og gripið í lendingartækin, þegar flugmaðurinn var að reyna lendingar á Reykjavíkurflugvelli, svo sem nánar er rakið hér að framan.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst nægilega sannað, að ákærði hafi greint sinn gerzt

sekur um háttsemi þá, sem lýst er í ákæru og þar réttilega færð til lagaákvæða. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 2 mánuði.

Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður hefur f. h. Hreins Ómars Arasonar krafizt þess, að ákærði yrði dæmdur til að greiða Hreini Ómari þjáninga- og miskabætur að fjárhæð kr. 35.000.00 auk 8% ársvaxta frá 18. júlí 1967 til greiðsludags og innheimtulauna að fjárhæð kr. 4.100.00. Ákærði hefur mótmælt skaðabótakröfunni sem of hárri. Rétt þykir að dæma ákærða til að greiða Hreini Ómari, sem kvaðst hafa orðið mjög skelfdur við umrætt atvik, skaðabætur, samtals að fjárhæð kr. 10.000.00 með 8% ársvöxtum frá 30. ágúst 1967 til greiðsludags. Ekki eru efni til að dæma innheimtulaun, þar sem krafan er höfð uppi í opinberu máli.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti varðhaldi 2 mánuði.

Ákærði greiði Hreini Ómari Arasyni, Lönguhlíð 25, Reykjavík, krónur 10.000.00 með 8% ársvöxtum frá 30. ágúst 1967 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1968.

Nr. 181/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Kristjáni Guðbjartssyni
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í máli þessu, og hafa endurrit þeirra verið lögð fram í Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega fallast á, að ákærði hafi gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, er í héraðsdómi greinir. Eftir málavöxtum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 1.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektar 2 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Guðbjartsson, greiði kr. 1.000.00 sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 2 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. júlí 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 12. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 284/1967: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Guðbjartssyni, sem tekið var til dóms 5. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 17. apríl 1967, höfðað á hendur Kristjáni Guðbjartssyni bifreiðarstjóra, Smiðjustíg 3, Reykjavík, fæddum 12. nóvember 1942 í Reykjavík, fyrir að hafa laugardagskvöldið 21. maí 1966 ekið bifreiðinni R 8481 vestur Álfhólsveg í Kópavogi og inn á Reykjanesbraut án þess að sinna nægilega biðskyldu þar á gatnamótunum, þannig að árekstur varð milli nefndrar bifreiðar og bifreiðarinnar R 8757, er ekið var suður Reykjanesbraut í sama mund.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

1964 12/5 í Reykjavík: Áminning fyrir umferðarlagabrot.

1965 12/1 í Reykjavík: Sátt, 900 kr. sekt fyrir umferðarslys.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 21. maí 1966, klukkan 1820, var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt, að árekstur hefði orðið litlu fyrr á gatnamótum Reykjanesbrautar og Álfhólsvegar þar í bæ. Lögreglan fór á staðinn, en þar höfðu rekizt saman bifreiðarnar R 8757, sem ekið var suður Reykjanesbraut, og R 8481, sem ákærði ók vestur Álfhólsveg. Samkvæmt skýrslu lögreglu urðu skemmdir á bifreiðinni R 8757 þær, að vinstra afturbretti, höggvari, kistulok, hjólkoppur og útblástursrör löskuðust, en vinstra frambretti og stöðuljós bifreiðarinnar R 8481 skemmdust. Ákærði skýrði lögreglu svo frá á árekstrarstað, að hann hefði stöðvað á mótum Reykjanesbrautar og Álfhólsvegar, en stuttu síðar tekið af stað, þar sem hann hefði ekki séð til bifreiðarinnar R 8757 fyrr en um seinan og þá ekki getað komið í veg fyrir, að árekstur yrði.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að hann hefði stöðvað bifreið sína við stöðvunarskyldumerkið á Álfhólsvegi, um 5 metra frá malbiksbrún Reykjanesbrautar. Ákærði kvaðst hafa tekið af stað aftur og stöðvað við malbiksbrún vegna umferðar í báðar áttir um Reykjanesbraut. Sagðist ákærði muna eftir sendiferða-

bifreið á leið suður og þegar honum virtist ekki lengur trafali af henni, litið í suður til þess að huga að umferð þaðan, og minnti hann, að þaðan hefði verið einhver umferð. Í sama mund sagði ákærði, að áreksturinn hefði orðið, og kvaðst hann ekkert hafa tekið eftir bifreiðinni R 8757, fyrr en eftir að snerting varð og hefði bifreið hans þá verið kyrrstæð.

Vitnið Magnús Sigurður Hreindal Magnússon skrifstofumaður, Hagaflöt 8, Garðahreppi, kvaðst hafa ekið bifreiðinni R 8757 suður Reykjanesbraut greint sinn á lítilli ferð og á vinstri vegarhelmingi hinnar malbikuðu brautar. Vitnið sagði, að bifreið ákærða hefði verið stöðvuð við gatnamótin, þegar vitnið nálgaðist þau, en ákærði skyndilega tekið af stað inn á aðalbrautina, rétt í sama mund og vitnið var á móts við hann, og kom þetta vitninu mjög á óvart, en bifreið ákærða rakst á vinstri hlið bifreiðar vitnisins aftarlega.

Þegar til þess er litið, að ákærði verður ekki var við hina bifreiðina fyrr en eftir árekstur, og skemmdir á bifreiðunum virðast staðfesta þann framburð vitnisins Magnúsar Sigurðar Hreindals Magnússonar, að báðar bifreiðarnar hafi verið á ferð, er árekstur varð, verður að telja, að ákærði hafi ekki sýnt þá ýtrustu varúð, sem lög mæla fyrir um, þá er hann greint sinn ók inn á Reykjanesbraut, sem er aðalbraut samkvæmt auglýsingu nr. 124 15. júlí 1960.

Er háttsemi hans rétt lýst í ákæru og varðar við lagaákvæði þau, sem þar eru rakin.

Ákærða var boðið að ljúka máli þessu með dómssátt, en hann hafnaði þeirri lausn.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 4.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Guðbjartsson, greiði 4.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 1. marz 1968.

Nr. 10/1968. **Guðmundur Þórðarson**
gegn
Stefáni Hólm.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. marz 1968.

Nr. 38/1968. **Sigurgeir Sigurjónsson hrl. f.h. Volkswagenverk Aktiengesellschaft, Wolpleurg, Þýzkalandi**
gegn
Erni Eyjólfssyni og Snorra Ásmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurgeir Sigurjónsson hrl. f. h. Volkswagenverk Aktiengellschaft, Wolpleurg, Þýzkalandi, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. marz 1968.

Nr. 173/1967. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**
(Jón Tómasson hdl.)
gegn
Sökkli s/f
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. nóvember 1967, krefst sýknu og málskostnaðar af stefnda í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eigi eru í ljós leidd tilvik, er þiggi áfrýjanda undan því fortakslausa ákvæði í 2. mgr. 4. gr. verksamnings aðilja, að breytingar á þar greindri vísitölu skuli „koma til hækkunar eða lækkunar á samningsverðinu". Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði stefnda, Sökkli s/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. ágúst 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 19. f. m., hefur Sökkull s/f hér í borg höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 16. ágúst 1966, á hendur borgarsjóði Reykjavíkur til greiðslu

á skuld að fjárhæð kr. 219.516.35 með 8% ársvöxtum frá 31. desember 1965 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Málavextir eru þeir, að hinn 4. júní 1964 gerðu aðiljar málsins, stefnandi sem verksali og stefndi sem verkkaupandi, með sér verksamning um byggingu þriggja fjölbýlishúsa við Kleppsveg eftir uppdráttum og útboðslýsingu, sem greind eru í samningi aðiljanna. Umsamið verð fyrir verkið var kr. 34.440.000.00, en í samningnum er ákvæði um breytingar á samningsverðinu miðað við breytingar, sem kynnu að verða á framkvæmdum, bæði til hækkunar og lækkunar, sbr. 3. og 6. gr. samningsins. 4. gr. samningsins hljóðar svo:

„Samningsverðið er miðað við byggingarvísitölu Hagstofu Íslands.

Vísitala þessi er nú 211 stig og gildir fyrir tímabilið frá 1. marz 1964 til 30. júní 1964. Breytingar á vísitölu þessari koma til hækkunar eða lækkunar á samningsverðinu.

Verði um snögga verðbreytingu að ræða á samningstímabilinu, sem að dómi beggja aðilja kæmi of seint fram í þessari vísitölu, er heimilt að endurskoða þessa aðferð við útreikning verðbreytinga til að réttari útkoma fáist".

2. gr. samningsins er svohljóðandi:

„Til framkvæmda samkvæmt samningi þessum leggur verksali til allt efni og alla vinnu, sem ekki er sérstaklega undanskilið í samningi þessum og áðurnefndri lýsingu, svo og lög- eða samningsbundnar greiðslur vegna orlofs, slysa, slysatrygginga, sjúkrasjóðs, atvinnuleysistryggingasjóðs og söluskatts. Ennfremur alla flutninga, öll verkfæri, vinnuvélar, svo og aflgjafa til þeirra (benzín, rafmagn o. s. frv.), vinnuljós og hita.

Allt efni til byggingarinnar er á ábyrgð verksala.

Verksala ber á sinn kostnað að brunatryggja bygginguna og efnisbirgðir, sem næst sannvirði á hverjum tíma, þar til úttekt lýkur, og ber honum að hafa samráð við eftirlitsmann verkkaupa um vátryggingarupphæðina".

Samkvæmt þessu ákvæði tók stefndi að sér í samræmi við ákvæði útboðslýsingarinnar að greiða þessi gjöld: byggingarleyfisgjald, heimæðagjald hitaveitu, heimæðagjald vatnsveitu, holræsagjald, heimtaugargjald rafmagnsveitu, gatnagerðargjald og skipulagsgjald. Eins og fram er komið, var byggingarvísitalan 211 stig, er aðiljar gerðu umræddan samning. Byggingarvísitala

sú, sem gilti fyrir tímabilið október 1964—febrúar 1965 var orðin 220 stig. Hinn 1. marz 1965 hækkaði byggingarvísitalan í 237 stig, en hún gilti fyrir tímabilið marz—júní 1965. Það er ágreiningslaust, að stefndi hafi til 1. marz 1965 innt af hendi umsamdar greiðslur til stefnanda með fullri hækkun í samræmi við hækkun byggingarvísitölunnar. Stefndi taldi hins vegar, að hækkun sú, sem varð á byggingarvísitölunni hinn 1. marz 1965 stafaði m. a. af hækkun gjalda þeirra, sem hann hafði tekið að sér að greiða samkvæmt samningi aðiljanna, þ. e. byggingarleyfisgjald, heimæðagjald hitaveitu, heimæðagjald vatnsveitu, holræsagjald, heimtaugargjald rafmagnsveitu, gatnagerðargjald og skipulagsgjald. Taldi stefndi, að 2.19 stig af síðastgreindri hækkun byggingarvísitölunnar stafaði af hækkun gjalda þessara. Frá og með 1. marz 1965 hagaði stefndi því greiðslum til stefnanda þannig, að í stað fulls álags byggingarvísitölu hvers tíma miðaði hann greiðslurnar við vísitölu, sem var tveimur stigum lægri en byggingarvísitalan var á hverjum tíma.

Af hálfu stefnanda var þessari ákvörðun stefnda mótmælt. Af því tilefni ritaði fyrirsvarsmaður stefnanda hinn 24. marz 1965 stefnda bréf, þar sem vakin var athygli á hinum breytta útreikningi greiðslna og þess farið á leit, að framvegis verði útreikningi greiðslna hagað á sama hátt og gert var fram til 1. marz, þ. e. miðað við fulla byggingarvísitölu. Jafnframt var í bréfi þessu vakin athygli á því, að um mánuði eftir að samningur aðiljanna var gerður, hefði verið lögleiddur nýr skattur á laun, sem launagreiðendum væri gert að standa skil á. Kemur fram hjá bréfritara, að þótt skattur þessi komi ekki inn í byggingarvísitölu, þá valdi hann hækkun á byggingarkostnaði, sem nemi 1.25 vísitölustigi samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Taldi bréfritari, að taka bæri tillit til þessa nýja skatts, þegar vísitöluuppbót sé ákveðin samkvæmt ákvæði 3. mgr. 4. gr. samnings aðiljanna. Í svarbréfi stefnda, dags. hinn 7. apríl, var staðfest, að útreikningi greiðslna eftir 1. marz hefði verið hagað á þann hátt, sem lýst var í bréfi stefnanda. Hins vegar kemur fram í bréfi þessu, að stefnanda beri hækkun vegna hækkana, sem orðið höfðu á öðrum liðum, þ. e. hækkun á kaupi smiða, söluskatti og verkamannavinnu. Taldi stefndi því rétt að umreikna þessa liði fram til 1. marz, en síðar yrði umreiknað tímabilið 1. marz—30. júní. Var óskað eftir viðtali við fyrirsvarsmann stefnanda um þessi atriði. Fyrirsvarsmenn aðilja munu hafa átt viðræður um þessi ágreiningsatriði og fleiri mál varðandi samskipti þeirra, m. a. á fundi

hinn 8. desember 1965, en ekki varð samkomulag um atriði þau, sem hér eru til úrlausnar. Hinn 2. desember 1965 ritaði fyrirsvarsmaður stefnanda stefnda bréf, þar sem því er haldið fram, að stefnandi eigi hjá stefnda fjárhæðir vegna vanreiknaðrar byggingarvísitölu svo og að stefnandi eigi rétt á hækkun vegna fyrrgreinds launaskatts. Er í bréfi þessu lagt til, að hækkanir þessar verði látnar mæta hækkunum, sem fram kemur, að stefndi hefur talið sig eiga á hendur stefnanda. Frekari viðræður og bréfaskipti fóru fram milli aðilja, en ekki náðist samkomulag um ágreiningsatriðin. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta.

Kröfur stefnanda eru sundurliðaðar þannig:

1. Mismunur vegna vanreiknaðrar byggingarvísitölu tímabilið 1. marz—31. desember 1965 .. kr. 148.020.35
2. Endurgreiðsla greidds launaskatts tímabilið 1. júlí 1964—31. desember 1965 .. .. — 71.496.00

Kr. 219.516.35

Um 1. Krafa stefnanda samkvæmt þessum kröfulið er byggð á því, að samkvæmt samningi aðiljanna hafi stefndi átt að inna umsamdar greiðslur af hendi í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu, enda hafi stefndi ekki áskilið sér neinn frádrátt af vísitöluhækkunum, sem stöfuðu af hækkunum þeirra þátta byggingarkostnaðar, sem hann hafði tekið að sér að greiða sjálfur og voru því ekki innifaldar í tilboði stefnanda. Er því haldið fram, að frádráttur sá, sem stefndi hafi gert á umsömdum greiðslum til stefnanda á tímabilinu 1. marz 1965—31. desember s. á., kr. 148.020.35, hafi því verið óheimill og beri stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð.

Krafa stefnda um sýknu af þessum kröfulið er studd þeim rökum, að í 4. gr. samnings aðiljanna sé ákveðið, að samningsverðið skuli miðað við byggingarvísitölu, en hins vegar sé ekki tekið fram, að samningsverðið skuli greitt samkvæmt byggingarvísitölu. Er á það bent í þessu sambandi, að byggingarvísitalan sé sett saman úr mörgum þáttum. Af hækkun þeirri, sem orðið hafi á vísitölunni hinn 1. marz 1965 úr 220 stigum í 237 stig hafi 2.19 stig stafað af hækkun þeirra þátta, sem stefndi hafi sjálfur tekið að sér að greiða við framkvæmdir þær, sem aðiljarnir sömdu um. Er því haldið fram, að efni síðari hluta 4. gr. samnings aðiljanna styðji þá skoðun, að tilgangur og forsendur ákvæðis greinarinnar og verðlagsgrundvallar samningsins sé sá, að bæta

stefnanda upp hækkanir, sem verða kynnu á kostaði þeim, sem stefnandi skyldi taka að sér samkvæmt 2. gr. samnings aðiljanna, og gera aðilja sem næst jafnsetta því, sem verið hefði, ef kostnaðarliðir þessir hefðu haldizt óbreyttir á samningstímanum. Í þessu skyni hafi verið farin sú leið að miða við byggingarvísitölu, sem reiknuð sé af Hagstofu Íslands. Þá er einnig á það bent af hálfu stefnda í þessu sambandi, að stefndi hafi tekið að sér að greiða ýmsa aðra þætti byggingarkostnaðarins, sem venja sé, að verksali greiði, t. d. allar teikningar og allar greiðslur til arkitekta og verkfræðinga í því sambandi.

Dóminum þótti rétt að aflað væri útreiknings Hagstofu Íslands á byggingarvísitölunni á þeim tíma, sem hér skiptir máli, að slepptum þeim gjöldum, sem hér er fjallað um. Í bréfi Hagstofu Íslands, dags. hinn 9. maí s.l., segir svo:

„Í bréfi, dags. 27. apríl 1967, biðjið þér Hagstofuna um að láta í té útreikning á vísitölu byggingarkostnaðar á vissum tímum að slepptum vissum liðum, og vísast til bréfs yðar um nánari sundurliðun. Stigafjöldi byggingarvísitölu, sem þér tilgreinið, vísar til útreiknings miðað við febrúar 1964 og 1965 (gildistími vísitölunnar 1/3—30/6 hvort ár). Þeir liðir, sem þér æskið, að sleppt sé úr byggingarvísitölunni, eru ekki allir í grundvelli byggingarvísitölu Hagstofunnar frá 1955. Ekki eru í grundvellinum heimæðagjöld hitaveitu og vatnsveitu né holræsagjald. Gatnagerðargjald var tekið sem hrein viðbót við byggingarkostnaðinn frá og með júnílokum 1960. Hins vegar er gjald fyrir svokallað götuleyfi í grundvelli byggingarvísitölunnar, og virðist það eiga samleið með öðrum gjöldum, sem þér nefnið. Hér fara á eftir niðurstöður af útreikningi á vísitölu byggingarkostnaðar, heillar og að slepptum eftirfarandi gjöldum: Byggingarleyfisgjaldi, götuleyfisgjaldi, heimtaugargjaldi rafmagns, skipulagsgjaldi, gatnagerðargjaldi.

	Heil vísitala	Vítitala að slepptum 5 gjöldum
1. okt. 1955 (grundvöllur)	100.0	100.0
Febrúar 1964	210.7	207.0
Febrúar 1965	237.3	231.7

Hækkunin frá febrúar 1964 til jafnlengdar 1965 nemur 12.6% miðað við heila vísitölu, en 11.9%, ef sleppt er 5 gjöldum. Byggingarkostnaður á m^3 samkvæmt vísitölunni lækkar, ef hinum 5 gjöldum er sleppt, frá því sem annars mundi vera: Okt. 1955 um

0.5%, febrúar 1964 um 2.2%, febrúar 1965 um 2.8%. Stafar þetta af því, að gjöldin fimm hækka miklu meir en allur annar byggingarkostnaður".

Það er ágreiningslaust, að stefndi hafi tekið að sér að greiða byggingarleyfisgjald, heimæðagjald hitaveitu, heimæðagjald vatnsveitu, holræsagjald, heimtaugargjald rafmagnsveitu, gatnagerðargjald og skipulagsgjald vegna byggingaframkvæmda þeirra, sem aðiljarnir sömdu um, og er það beint tekið fram í útboðslýsingu þeirri, sem lá til grundvallar samningi aðiljanna. Byggingarvísitala sú, sem Hagstofa Íslands reiknar út, byggist á ákvæðum laga nr. 25/1957. Er vísitala þessi samkvæmt því ætluð til nota við ákvörðun vátryggingarverðs húsa við brunatryggingu þeirra, m. a. hér í Reykjavík, en þær tryggingar eru í höndum Reykjavíkurborgar. Einnig er vísitala þessi ætluð til nota við ákvörðun söluverðs íbúða samkvæmt ákvæðum laga nr. 36/1952 um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þótt byggingarvísitala þessi sé ætluð til þessara sérstöku nota og byggð á ákveðnum grundvelli samkvæmt því, þá hefur hún einnig verið notuð til viðmiðunar manna á meðal í ýmsum viðskiptum um fasteignir og byggingaframkvæmdir vegna verðlagsbreytinga á undanförnum árum. Það kemur berlega fram í Hagtíðindum, áður en samningur aðiljanna var gerður, að byggingarleyfisgjald, skipulagsgjald, heimtaugargjald og gatnagerðargjald eru innifalin í grundvelli þeim, sem útreikningur byggingarvísitölunnar byggist á, og að hækkanir hafa orðið á vísitölunni vegna þessara gjalda. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður að telja, að fyrirsvarsmönnum stefnda hafi mátt vera ljóst, að gjöld þau, sem hér er fjallað um, væru í grundvelli byggingarvísitölunnar og hafi þeim því borið að láta koma ótvírætt fram, ef fullri byggingarvísitölu skyldi ekki beitt samkvæmt ákvæði 4. gr. samnings aðiljanna. Er og á það að líta, að fyrirsvarsmönnum aðilja mátti vera ljóst, að fullur jöfnuður vegna verðlagsbreytinga mundi ekki nást nema með nákvæmum útreikningum á verðlagsbreytingum hinna ýmsu kostnaðarliða. Það þykir því verða að skýra ákvæði 1. og 2. mgr. 4. gr. samnings aðiljanna þannig, að samningsverðið skyldi miðað við byggingarvísitölu Hagstofu Íslands, eins og hún var birt í Hagtíðindum, þ. e. 211 stig, og að breytingar á vísitölunni skyldu valda hlutfallslegum breytingum á samningsverðinu til hækkunar eða lækkunar samkvæmt fullri byggingarvísitölu.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að endurgreiða

stefnanda fjárhæð þá, sem nemur lækkun þeirri, sem gerð var á greiðslum upp í samningsverðið, en ekki er ágreiningur með aðiljum um, að sú lækkun nemi fjárhæð kröfuliðar þessa. Verður þessi hluti dómkröfu stefnanda því tekinn til greina að fullu.

Um 2. Krafa stefnanda samkvæmt þessum kröfulið er byggð á því, að er samningur aðiljanna var gerður, hafi bráðabirgðalög nr. 53/1964 um launaskatt, sem síðar hafi verið staðfest með lögum nr. 14/1965, ekki verið gengin í gildi, og því hafi ekki verið vitað um launaskatt þann, sem með lögum þessum hafi verið lagður á, og því hafi ekki verið reiknað með honum við gerð tilboðs stefnanda og síðar við samning aðiljanna. Hins vegar sé ekki vafi á því, að skattur þessi skuli koma til hækkunar greiðslum samkvæmt samningi aðiljanna. Launaskattur þessi sé ekki reiknaður með í byggingarvísitölunni, en jafngildi 1¼ vísitölustigi. Er því haldið fram, að verksali, þ. e. stefnandi, eigi því að fá skatt þennan greiddan sérstaklega af stefnda, eins og stefnandi greiði skattinn til tollstjórans í Reykjavík. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að allar forsendur mæli með því, að hann fái skatt þennan endurgreiddan af stefnda, svo og sú meginregla, að lög verki ekki aftur fyrir sig.

Af hálfu stefnda er kröfu stefnanda samkvæmt þessum kröfulið algerlega mótmælt. Er því haldið fram, að forsendur og tildrög lagasetningar fyrir gjaldheimtu þessari sýni, að þótt gjaldheimtan sé ákveðin með lögum, þá sé raunverulega um að ræða þátt í kjarasamningum eða í slíkum tengslum við kjarasamninga, að hér sé um að ræða umsamda kjarabót til launþega af hálfu launagreiðenda. Stefnandi máls þessa hafi sem meðlimur í Vinnuveitendasambandi Íslands gengizt undir kjarasamning, sem hafi falið í sér greiðslu launaskattsins. Umræddur launaskattur sé því hliðstæður öðrum lög- og samningsbundnum greiðslum eins og orlofi, sjúkrasjóðsgjaldi og greiðslu atvinnuleysistryggingasjóðs, en samkvæmt 2. gr. verksamnings aðiljanna skuli stefnandi greiða slíkar greiðslur. Þá er því og haldið fram, að þótt litið sé á launaskattinn sem skatt, þá sé ljóst, að hann sé lagður á skattgreiðandann, þ. e. stefnanda, án þess að heimilt sé að innheimta hann beint frá öðrum eða krefjast endurgreiðslu hans beint frá öðrum, eins og hér sé gert.

Samkvæmt ákvæði 2. gr. samnings aðiljanna verður að telja, að stefnandi sé launagreiðandi og því gjaldþoli launaskatts samkvæmt 1. og 2. gr. laga nr. 53/1964 og 1. og 2. gr. laga nr. 14/1965, er komu í stað hinna fyrrgreindu laga, sbr. og ákvæði 3.

gr. og 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 119/1965 um launaskatt, og að stefnandi eigi ekki endurkröfu á hendur stefnda um fjárhæðir þær, sem hann hefur orðið að inna af hendi af þessum sökum. Verður stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda samkvæmt þessum kröfulið.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 148.020.35 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1965 til greiðsludags og málskostnað, sem ákveðst kr. 23.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Eggert Kristjánssyni framkvæmdastjóra.

Dómsorð:

Stefndi, borgarsjóður Reykjavíkur, greiði stefnanda, Sökkli s/f, kr. 148.020.35 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1965 til greiðsludags og kr. 23.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. marz 1968.

Nr. 106/1967. **Hulda Kolbeinsdóttir**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Landsbanka Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.)
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
Stefáni Karlssyni og
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
Jóni Magnússyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Uppboðsgerð úr gildi felld. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, yfirborgarfógeti í Reykjavík, hefur framkvæmt hið áfrýjaða uppboð.

Áfrýjandi skaut máli um sama sakarefni til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. ágúst 1966. Stefnda Jóni Magnússyni, sem var aðili uppboðsmálsins í héraði, var eigi stefnt fyrir Hæstarétt í því máli, og var málinu í heild vísað frá Hæstarétti með dómi 22. júní 1967.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júlí 1967. Krefst hún þess, að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði úr gildi felld og stefndu verði dæmt að greiða henni óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinir stefndu Landsbanki Íslands, Gjaldheimtan í Reykjavík og Jón Magnússon hafa krafizt staðfestingar á uppboðinu og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi Stefán Karlsson hefur krafizt þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að uppboðsgerðin verði staðfest. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Hinn 17. janúar 1966 krafðist stefndi Gjaldheimtan í

Reykjavík uppboðs á fasteigninni Selásbletti 22 A, Reykjavík, sem hún taldi vera eign Axels Svanbergssonar Hjelms, en var raunverulega þinglesin eign áfrýjanda, til lúkningar á opinberum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði, alls kr. 72.365.00, samkvæmt lögtaksgerð frá 15. september 1965. Samkvæmt vottorði yfirborgarfógetans í Reykjavík, dags. 21. júní 1967, var Axel Hjelm tilkynnt hinn 10. febrúar 1966, að eignin yrði auglýst í Lögbirtingablaðinu 26. s. m. og uppboðið yrði tekið fyrir í skrifstofu borgarfógeta mánudaginn 18. apríl 1966 kl. 1005 f. h.

Hinn 16. febrúar 1966 krafðist Jón Magnússon, nú hæstaréttarlögmaður, uppboðs á sömu fasteign samkvæmt handhafaveðskuldabréfi, útgefnu 12. júní 1965 af áfrýjanda og samþykktu af eiginmanni hennar, nefndum Axel Svanbergssyni Hjelm, að fjárhæð kr. 50.000.00 ásamt vöxtum og kostnaði, en skuldabréfið var þá talið fallið í gjalddaga vegna vanskila. Samkvæmt nefndu vottorði yfirborgarfógetans í Reykjavík var áfrýjanda tilkynnt þessi krafa 1. marz 1966.

Hinn 17. febrúar 1966 krafðist stefndi Landsbanki Íslands uppboðs á nefndri fasteign til lúkningar skuld, tryggðri fjárnámi í eigninni 10. september 1964, að eftirstöðvum kr. 21.700.00 ásamt vöxtum og kostnaði, en fjárnám þetta var framkvæmt til fullnægingar dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 8. apríl 1964, þar sem þeim áfrýjanda og eiginmanni hennar ásamt þriðja manni var dæmt að greiða skuldina óskipt ásamt vöxtum og kostnaði.

Hinn 3. maí 1966 krafðist stefndi Gjaldheimtan í Reykjavík uppboðs á umræddri fasteign fyrir opinberum gjöldum áfrýjanda að fjárhæð kr. 2.100.00 ásamt vöxtum og kostnaði „samkvæmt lögtaksgjörð 9. marz 1966". Samkvæmt vottorði yfirborgarfógetans í Reykjavík var áfrýjanda tilkynnt þessi uppboðskrafa hinn 10. maí 1966.

Í vottorði sínu frá 21. júní 1967 segir yfirborgarfógetinn um tilkynningar þær, sem áður voru nefndar: „Tilkynningar þessar höfðu verið sendar í almennum bréfum á skráð heimilisfang aðila á Selásbletti 22 A".

Hinn 5., 19. og 29. marz 1966 auglýsti yfirborgarfógetinn

í Reykjavík samkvæmt kröfu stefnda Gjaldheimtunnar í Reykjavík nauðungaruppboð á „Selásbletti 22 A, talinn eigandi Axel Hjelm, skv. lögtaki 15. sept. 1965 fyrir kr. 65.005.00 auk vaxta og kostnaðar". Skyldi uppboðið halda á nefndri fasteign hinn 18. apríl 1966 kl. 1005 f. h. Á tilsettum stað og tíma háði yfirborgarfógeti uppboðsþing: „Fyrir var tekið: Að selja við nauðungaruppboð Selásblett 22 A, eigandi Axel Hjelm, eftir kröfu Gjaldh. í Reykjavík, Jóns Magnússonar hdl. og Landsbanka Íslands. Fram er lagt í réttinum nr. 1 sölubeiðni, nr. 2 lögtak, nr. 3 sölubeiðni Jóns Magnússonar hdl., nr. 4 veðskuldabréf, nr. 5 sölubeiðni Landsbanka Ísl., nr. 6 fjárnám, nr. 7 veðbókarvottorð og nr. 8 söluskilmálar". ... „Í réttinum er mættur af hálfu uppboðsbeiðanda Kristinn Kristjánsson, og eigandi eignarinnar er ekki mættur. Frestur er veittur þar til 18. maí n. k., kl. 3 e. h.".

Á uppboðsþingi hinn 18. maí 1966 er bókað: „Af hálfu uppboðsbeiðanda er mættur Kristinn Kristjánsson, Sig. Sigurðsson hdl., Jóhs. Jóhannessen, en eigandinn er ekki mættur. Samkomulag varð um að fresta uppboði þessu þar til 27. júní n. k., kl. 10 f. h.". Á þessu síðastnefnda dómþingi er bókað: „Af hálfu uppboðsbeiðanda er mættur Kristinn Kristjánsson, en eigandinn er ekki mættur. Eftir kröfu mætts fer uppboðið fram á eigninni 20. júlí n. k., kl. 3 e. h., og verður það augl. í dagbl.". Bókun á uppboðsþingi 20. júlí 1966 hljóðar svo:

„Ár 1966, miðvikudaginn 20. júlí, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur á Selásbletti 22 A og haldinn af yfirborgarfógeta, Kristjáni Kristjánssyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Að halda áfram nauðungaruppboði á Selásbletti 22 A, eigandi er talinn Axel Hjelm, eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík o. fl. Sömu skjöl og áður eru til staðar í réttinum.

Uppboð þetta hafði verið augl. í 13., 17. og 19. tölubl. Lögbirtingablaðsins 1966, einnig hefur uppboðið verið auglýst í Morgunblaðinu.

Í réttinum eru mættir Kristinn Kristjánsson f. Gjaldheimtunnar, og fyrir Landsbankann er mættur Jóhs. Jóhannessen.

Lesnir uppboðsskilmálar.
Þessi boð komu í eignina:
Kr. 20.000.00 Jóhs. Jóhannessen f. Landsbanka Íslands,
kr. 180.000.00 Stefán Karlsson, Selásbl. 22 A.
Fleiri boð komu ekki í fasteignina.
Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að taka ákvarðanir um boðin".

Hinn 25. júlí 1966 háði yfirborgarfógeti uppboðsdómþing, og var þá bókað:

„Ár 1966, mánudaginn 25. júlí, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur á Skólavörðustíg 12 og haldinn af yfirborgarfógeta, Kristjáni Kristjánssyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Að taka til athugunar boð þau, er komu í Selásblett 22 A, áður talin eign Axels Hjelm.

Miðvikudaginn 20. júlí s.l. fór fram nauðungaruppboð á eign þessari, og var hæstbjóðandi í hana Stefán Karlsson, Selásbletti 22 A, og bauð hann kr. 180.000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund. —

Hann er nú mættur í réttinum og greiðir hann áfallinn kostnað svo og ¼ hluta uppboðsverðs, og er boðið þar með samþykkt, og nýtur hann arðs af eigninni frá 1. október n. k. að telja, enda hefur hann greitt fyrri eiganda leigu til þess tíma. Eftirstöðvar kaupverðsins greiðir hann innan 2ja mánaða hér frá".

Svo sem áður segir, krafist Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður uppboðs á fasteigninni Selásbletti 22 A hinn 18. febrúar 1966 samkvæmt handhafaveðskuldabréfi, útgefnu 12. júní 1965 af áfrýjanda og samþykktu af eiginmanni hennar, að fjárhæð kr. 50.000.00 ásamt vöxtum og kostnaði. Af hendi Jóns Magnússonar var mætt á uppboðsþingi hinn 18. maí 1966, en eigi síðar. Samkvæmt 8. gr. laga nr. 57/1949 eru aðiljar uppboðs: 1. Uppboðsbeiðandi. 2. Uppboðsþolandi. 3. Veðhafar og þeir aðrir, sem tjá sig eiga réttindi í söluverðmætum og koma fram fyrir uppboðshaldara í því skyni. 4. Þriðji maður, er annars kemur fram í uppboði með réttarkröfu varðandi söluverðmæti eða andvirði þess eða til áfrýjunar uppboðs í heild eða einstakra hluta þess.

Jón Magnússon var því aðili uppboðsmálsins í héraði. Fyrra hæstaréttarmálinu var skotið til Hæstaréttar innan þess frests, sem ákveðinn var í áfrýjunarleyfinu. Þar sem eigi gat gengið dómur í Hæstarétti um gildi uppboðsgerðarinnar að óstefndum Jóni Magnússyni, þá var samkvæmt orðum og undirstöðurökum 36. gr. laga nr. 57/1962 enduráfrýjun heimil á þeim tíma, er hún var framkvæmd. Aðalkrafa stefnda Stefáns Karlssonar verður því eigi tekin til greina.

Eins og áður er greint frá, var nauðungaruppboðið á fasteigninni Selásbletti 22 A auglýst í Lögbirtingablaðinu hinn 5., 19. og 29. marz 1966. Í auglýsingunum var Axel Hjelm talinn eigandi fasteignarinnar. Svo var og einnig í uppboðsskilmálum. Hins vegar var fasteignin þinglesin eign áfrýjanda. Heimildarbréf hennar er dagsett 5. maí 1962. Var því þinglýst 7. s. m. Áfrýjandi og Axel Hjelm gengu í hjónaband 17. maí 1965. Í málinu hefur því verið haldið fram af hálfu áfrýjanda, að henni hafi engin tilkynning borizt frá uppboðshaldara um nauðungaruppboðið, hvorki tilkynning um uppboðsbeiðni né uppboðsauglýsing. Áfrýjandi kom fyrir dóm hinn 21. febrúar 1968 og staðfesti þetta. Segir í framburði hennar, „að hún hafi enga tilkynningu fengið frá uppboðshaldara um uppboð á eigninni. Hún kveðst heldur ekki hafa fengið að vita um uppboðið á annan hátt og ekki hafa haft hugmynd um, að eignin hafi verið seld, fyrr en 4 dögum eftir söluna. Þá hafi hún frétt af því austur á Eyrarbakka, þar sem hún var búsett". Eiginmaður áfrýjanda, Axel Hjelm, kom einnig fyrir dóm sama dag. Segir svo m. a. í framburði hans:

„Hann kveðst hafa fengið tilkynningu um uppboð á hluta af Selási 22 A á fyrstu mánuðum ársins 1966, janúar-marz, en því uppboði hafi verið frestað. Aftur á móti kveðst hann ekki minnast þess að hafa fengið aðra tilkynningu síðar um uppboð og ekki hafa vitað um uppboð, fyrr en um það bil 4—5 dögum eftir að það hafði fram farið. Hann telur víst, að hann hafi ekki látið Huldu vita af tilkynningu um uppboð. Þá segir hann aðspurður, að hann hafi fengið bréf um það frá fógeta, að uppboði skv. tilkynningu þeirri, er hann fékk,

hafi verið frestað. Þá tekur hann fram, að hann hafi ekki orðið þess var, að Huldu bærist bréf frá uppboðshaldara á fyrri hluta árs 1966".

Samkvæmt 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949 skal uppboðshaldari senda eiganda eignar uppboðslýsingu í ábyrgðarbréfi eða tilkynningu um uppboð með öðrum tryggum hætti, svo sem símskeyti. Þær tilkynningar, sem yfirborgarfógeti sendi áfrýjanda og eiginmanni hennar, voru sendar í almennum bréfum. Að svo vöxnu máli og þar sem ekki er sannað, að áfrýjandi hafi fengið vitneskju um uppboðið, áður en eign hennar var boðin upp og seld, ber að fella hina áfrýjuðu uppboðsgerð úr gildi, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Jónatans Hallvarðssonar og Benedikts Sigurjónssonar.

Áfrýjandi skaut hinni áfrýjuðu uppboðsgerð upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. ágúst s. á., og krafðist þess, að uppboðsgerðin yrði úr gildi felld og svo að stefndu í því áfrýjunarmáli, Landsbanka Íslands, Gjaldheimtunni í Reykjavík og Stefáni Karlssyni, yrði dæmt að greiða henni óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti. Þar sem Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður var aðili uppboðsmálsins í héraði, sbr. 1. tl. 8. gr. og 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949, en honum hafði ekki verið stefnt fyrir Hæstarétt, var nefndu áfrýjunarmáli, hæstaréttarmálinu nr. 202/1966, vísað frá Hæstarétti með dómi, uppkveðnum 22. júní 1967.

Áfrýjandi hefur skotið uppboðsgerðinni til Hæstaréttar af nýju með stefnu 19. júlí 1967, og er það áfrýjunarmál nú

til úrlausnar. Auk stefndu í hæstaréttarmálinu nr. 202/1966 er í máli þessu stefnt fyrir Hæstarétt Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni.

Áfrýjunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962, var liðinn, er áfrýjunarstefna í máli þessu var útgefin, og styður áfrýjandi málsskot sitt við ákvæði 36. gr. laga nr. 57/1962 um áfrýjun máls af nýju innan mánaðar frá uppsögu dóms um frávísun þess. Lagaboð þetta þykir hins vegar eiga að skýra þannig, að í því felist heimild til enduráfrýjunar máls, sé öðrum lagaskilyrðum fullnægt, einungis gegnt þeim, sem fyrra áfrýjunarmálið tók til, en eigi jafnframt eða sjálfstætt að áfrýjunarfresti liðnum til nýrrar áfrýjunar gegnt áður óstefndum aðiljum. Samkvæmt þessu ber að vísa málinu frá Hæstarétti, að því er varðar uppboðsaðiljann Jón Magnússon hæstaréttarlögmann. Að svo komnu verður eigi dæmt um gildi hinnar áfrýjuðu uppboðsgerðar í áfrýjunarmáli þessu, sem því verður í heild vísað frá Hæstarétti.

Þessi úrlausn hefur eigi hlotið samþykki meiri hluta dómenda, og munum við því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 57/1962 greiða atkvæði um efni máls.

Með skírskotun til þess, sem segir um efni máls í forsendum fyrir atkvæði meiri hluta dómenda, erum við samþykkir niðurstöðu þess.

Miðvikudaginn 6. marz 1968.

Nr. 42/1967. **Togaraafgreiðslan h/f**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Tómasi Tómassyni og gagnsök
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. marz 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m., krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 11. marz 1967, sbr. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 216.781.35 ásamt 7% ársvöxtum frá 8. júní 1963 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur hinn 29. febrúar 1968 áætlað af nýju atvinnutjón gagnáfrýjanda miðað við þáverandi kaup verkamanna og 7% ársvexti, og reiknaðist „verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps" gagnáfrýjanda nema á slysdegi vegna tímabundinnar örorku kr. 107.006.00 og vegna varanlegrar örorku kr. 139.062.00.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 13.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Togaraafgreiðslan h/f, greiði stefnda,

Tómasi Tómassyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 13.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. október 1966.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum flutningi nú í dag. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 4. október 1965 og þingfest daginn eftir. Stefnandi málsins er Tómas Tómasson, Blönduhlíð 28, Reykjavík. Hann stefnir Togaraafgreiðslunni h/f, Reykjavík, og krefst skaðabóta að fjárhæð kr. 214.781.35 auk 7% vaxta p. a. frá 8. júní 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Af hálfu hlutafélagsins er aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar á kröfu stefnanda og þess, að málskostnaður verði látinn falla niður. Stefnandi hefur stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæzlu í málinu, og hefur félagið látið sækja þing. Kröfur eru engar uppi hafðar á hendur því, og ekki hefur það gert neinar dómkröfur.

Málavextir eru þessir:

Síðdegis hinn 8. júní 1963 var stefnandi að störfum á vegum Togaraafgreiðslunnar h/f um borð í dönsku flutningaskipi, sem Herluf Trolle nefnist, en verið var að skipa um borð í það skreiðarpökkum. Stefnandi var í lest skipsins ásamt þremur öðrum verkamönnum. Lúgumaður var Gunnar Ólafsson, Skógargerði 5, Reykjavík. Við ferminguna var notaður bryggjukrani, sem Togaraafgreiðslan h/f á (auðkenndur A-6).

Um klukkan 1740 þennan dag slasaðist stefnandi, er hann var á leið upp úr lest skipsins. Svo hagaði til, að fiskur var kominn hátt í lestina, og var um það bil mannhæð upp að lúgunni. Stiginn upp úr lestinni var festur við lúgukarminn aftast, og þurfti að fara um lúguopið til að komast upp. Þvert yfir lúguna lágu fjórir skerstokkar, og voru þeir lausir í falsi. Bilið milli stigans og aftasta skerstokksins mun hafa verið um það bil 45 cm. Í sama bili og stefnandi var að fara upp, var verið að slaka fiskpökkum niður í lestina. Vírinn eða pakkarnir komu við skerstokkana, og skipti þá engum togum, að skerstokkarnir hreyfðust aftur eftir falsinu, sem þeir lágu í, og klemmdist stefnandi milli stigans og aftasta skerstokksins og hlaut af áverka, sem nánar mun lýst verða.

Aðeins er í málinu deilt um eitt atriði varðandi atvik að

slysi þessu, en það er, hvort stefnandi hafi látið lúgumanninn vita um, að hann væri í þann veginn að fara upp úr lestinni.

Njörður Snæhólm lögregluvarðstjóri skýrir svo frá í skýrslu, sem hann ritaði um samtal við stefnanda á Landakotsspítala 13. júní 1963, að stefnandi hefði þá sagt, að hann hefði ekki talið ástæðu til að láta lúgumanninn vita um fyrirætlun sína. Stefnandi gaf síðan skýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur 19. janúar s.l. og skýrði þá svo frá, að hann hefði gert lúgumanninum aðvart, en kveðst ekki geta fullyrt, hvort það var áður en hann fór upp eða í sama mund. Jafnframt kvaðst hann telja, að athyglisgáfa lúgumannsins hefði verið tekin að slævast.

Lúgumaðurinn, Gunnar Ólafsson, sem fæddur er í ágúst 1890, gaf skýrslu á bæjarþingi 1. apríl s.l. Hann sagðist ekki hafa orðið var við neitt merki frá stefnanda um, að hann ætlaði upp úr lestinni, og hefði ekki skipt neinum togum, að hann hefði séð stefnanda að vinnu og síðan orðið slyssins var. Gunnar kvað ekki vera um það fasta reglu, hvort verkamenn gerðu lúgumanni aðvart um fyrirætlanir sínar um að fara upp úr lestum skipa. Þeir þrír verkamenn, sem unnu með stefnanda í lestinni, gáfu allir skýrslur hjá rannsóknarlögreglunni í júní 1963. Fram kemur í skýrslum þessara manna, að enginn þeirra varð var við, að stefnandi gerði aðvart um fyrirætlun sína. Enginn þeirra varð sjónarvottur að því, er stefnandi klemmdist.

Ástæða er til að taka fram um önnur atriði:

Sérstakur útbúnaður virðist hafa verið til að festa skerstokkana í falsinn á vissum stöðum, en ekki þar sem þeir voru. Þeir virðast hafa verið látnir vera óhreyfðir, eftir að skipið kom frá Akranesi, en lítið virðist hafa átt að setja í það af fiski í Reykjavík og hafði aðeins verið unnið við það síðdegis á slysdaginn. Lúgumaðurinn skýrir svo frá, að það hafi áður komið fyrir þennan dag, að vír kæmi við skerstokkana, en stefnandi kveðst ekki hafa orðið þess var. Ekkert óeðlilegt virðist hafa gerzt, þar til slysið varð. Þegar slysið varð, var verið að koma fyrir pökkum aftast í lestinni. Telur lúgumaður, að einhver sláttur hafi komið á vírinn við það, að hann hafi látið stöðva, um leið og hann sá, að stefnandi var á leið upp úr lestinni.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi séð kranann og bifreiðina, sem flutti fiskpakkana að skipinu, um leið og hann lagði af stað upp úr lestinni. Ekki kveðst hann hafa séð handtök verkamannanna á bílpallinum, en hins vegar hafa séð, að pakkarnir, sem næst áttu að fara um borð, voru þá enn á bílnum.

Stefnandi komst af sjálfsdáðum upp á þilfar skipsins eftir slysið, en var skömmu síðar fluttur á Landakotsspítala. Í vottorði frá Richard Thors lækni þar á sjúkrahúsinu segir:

„... Er sjúkl. kemur, er hann mjög meðtekinn með greinileg einkenni um innri áverka. Operation er ákveðin strax.

Þegar kviðarholið hefur verið opnað, sést, að þar er dálítið af blóðlituðum vökva.

Á stóru svæði er mjógirni og hengi allmikið marið og alsett smáblæðingum. Á einum stað er um 1 cm. stórt gat á görninni, og lekur út garnarinnihald. Vinstra megin við blöðru er lítið mar, en ekki virðist blaðran sjálf löskuð".

Fram hefur verið lagt örorkumat frá árinu 1964, sem gert hefur Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir. Þar segir, að stefnandi hafi legið á sjúkrahúsinu til 24. júní 1963 og að hann skýri svo frá, að hann hafi byrjað létta vaktavinnu um áramótin 1963—1964. Í álitsgerð læknisins segir m. a.:

„... Slasaði hefur nokkrum sinnum komið til viðtals hjá undirrituðum, síðast 3/4 1964. Hann kveðst hafa byrjað létta vaktavinnu um áramót, en þessi vinna er stopul. Treystir sér ekki til neinnar erfiðisvinnu, nema þá mjög stuttan tíma í senn.

Núverandi óþægindi: Kvartar um mikla uppþembu, þarf að gæta sín í mat, en þess þurfti hann ekki áður. Fær verkjaköst í kviðinn. Hefur hægðatregðu, síðan slysið varð. Kvartar einnig um almennt þrekleysi og þróttleysi.

Hann kveðst hafa haft mikil óþægindi í baki, er hann kom á fætur eftir slysið, kveðst hafa marizt mikið á baki, er hann fékk skerstokkinn á sig. Var í meðferð hjá Kristjáni Hannessyni í langan tíma og batnaði og hefur ekki óþægindi á baki nú.

Skoðun: Útlit svarar til aldurs.

Kviður: Það er ör eftir kviðarholsskurð frá nafla og niður að symphysu. Örið er vel gróið. Kviðurinn er nokkuð spenntur, en ekki finnanlegar neinar fyrirferðaraukningar. Ekki eru tiltakanleg eymsli.

Ályktun: Hér er um að ræða 65 ára gamlan mann, sem slasast við vinnu sína fyrir tæpu ári, hann marðist illa á kviði, svo að gat kom á görn, og blæðingar urðu í garnir og hengi. Gerð var aðgerð til að loka görninni.

Síðan slysið varð, hefur hann ekki getað tekið upp sitt fyrra starf, en vinnur nú létt starf við vaktavinnu, þegar það fæst.

Sem óþægindi vegna slyssins kvartar hann um óþægindi frá meltingarfærum, en auk þess almennt þróttleysi og slappleika.

Gera verður ráð fyrir, að slysið hafi verið þess eðlis, að það valdi varanlegum óþægindum frá meltingarfærum vegna samvaxta í kviðarholi.

Af þessum sökum verður að meta manninum tímabundna og varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin svo:

Í 4 mánuði .. .. 100% örorka
- 2 — .. .. 75% —
- 6 — .. .. 50% —
- 6 — .. .. 25% —
og síðan varanleg örorka *15%*".

Þórir Bergsson tryggingafræðingur gerði útreikninga varðandi örorkutjón stefnanda, og skýrir hann frá niðurstöðum sínum í bréfi til lögmanns hans, sem dagsett er 26. ágúst 1965. Byggir tryggingafræðingurinn á tekjum stefnanda 1960—1962 samkvæmt skattframtölum frá 1961 til 1963. Þessi framtöl hafa ásamt nokkrum öðrum komið fram í málinu.

Í bréfi Þóris Bergssonar segir m. a.:

„Tekna þessara hefur hann aflað sem hafnarverkamaður, og hef ég því umreiknað þær til kauplags á slysdegi og síðan samkv. breytingum á taxta Dagsbrúnar fyrir hafnarvinnu. Tekið er tillit til þess, að Tómas var frá vinnu um mánaðartíma á árinu 1961 vegna ristarbrots.

Þannig umreiknaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar er einnig sýnt áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að vinnutekjutapið á hverjum síma sé sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 138.632.00	kr. 95.832.00
2. — — —	— 158.881.00	— 31.690.00
3. — — —	— 200.801.00	— 30.120.00
Síðan árlega	— 204.911.00	— 30.737.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku .. kr. 110.205.00
Vegna varanlegrar örorku .. .. — 153.387.00

Samtals kr. 263.592.00

Frá Tryggingastofnun ríkisins hefur Tómas fengið greidda dagpeninga fyrir tímabilið frá 3. júlí 1963 til 1. janúar 1964 að upphæð kr. 15.744.25 og eingreiðslu kr. 17.451.00, samtals kr. 33.195.25, sem ekki hefur verið dregin frá.

Ekki hefur heldur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 6% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkv. sænskri reynslu".

Stefnandi máls þessa er fæddur 30. marz 1899. Samkvæmt framkomnum skattframtölum voru vinnutekjur hans þessar 1959—1965:

1959	kr.	84.062.00
1960	—	86.378.61
1961	—	85.520.84
1962	—	115.047.69
1963	—	69.567.70
1964	—	131.113.65
1965	—	183.181.00

Það er fram komið, að tekjur sínar á árunum 1964 og 1965 fékk stefnandi að mestu fyrir gæzlustörf í togurum.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að verkstjórum Togaraafgreiðslunnar h/f hafi borið að sjá svo um, að skerstokkar þeir, sem áður eru margefndir, væru bundnir eða læstir í falsinu. Þá hafi lúgumaður eigi fylgzt svo vel með ferðum manna í lestinni sem honum hafi borið og kranamaður bersýnilega ekki sýnt nægilega varkárni, þar sem vír eða fiskpakkarnir sjálfir hafi slegizt í skerstokkana, örstuttu eftir að stefnandi sá þá á bílpalli á bryggjunni. Með þessum röksemdum er því haldið fram, að starfsmenn Togaraafgreiðslunnar h/f eigi sök á slysinu og fyrirtækið sé því bótaskylt samkvæmt reglu íslenzks réttar um húsbóndaábyrgð. Því er mótmælt, að stefnandi sjálfur beri nokkra sök. Hann hafi látið lúgumann vita um þá fyrirætlan sína að fara upp á þilfarið og hann hafi gengið úr skugga um, að ekki væri líklegt, að fiskpakkar kæmu að lestinni, meðan hann væri á leið upp.

Kröfur stefnanda eru byggðar á örorkumati Páls Sigurðssonar og útreikningum Þóris Bergssonar.

Þannig er krafizt:

1. Vegna tímabundinnar örorku	kr.	110.205.00
2. Vegna varanlegrar örorku	—	153.337.00
Þá er og krafizt:		
3. Vegna þjáninga og annars miska	—	60.000.00
4. Vega læknishjálpar o. fl.	—	3.000.00
	Kr.	326.592.00
Hér frá er dregið:		
Frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f	kr.	75.000.00
Frá Tryggingastofnun ríkisins	—	33.195.25
Frá Togaraafgreiðslunni h/f	—	3.615.40 kr. 111.810.65
	Kr.	214.781.35

Af hálfu stefnda (Togaraafgreiðslunnar h/f) og réttargæzlustefnda (Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f) er því haldið fram, að öll sök á slysinu 8. júní 1963 hafi verið hjá stefnanda sjálfum, þar sem hann hafi af óaðgæzlu farið upp úr lest skipsins, þegar verið var að láta fiskpakka niður í lestina. Hafi hann mátt sjá, hvernig vinnan gekk, og jafnframt hafi hann vitað, hvernig frá skerstokkum var gengið. Því er mótmælt, að stefnandi hafi sagt lúgumanni frá fyrirætlun sinni.

Því er haldið fram, að frá skerstokkum hafi verið gengið, eins og eðlilegt var eftir aðstæðum. Hafi ekki verið unnt að læsa þeim föstum á þeim stað, er þeir voru, og ekki tilefni til að binda þá fasta. Með tilvísun til vitnaframburða er því haldið fram, að kranamaður og lúgumaður hafi unnið verk sitt á óaðfinnanlegan hátt.

Því er mótmælt, að unnt sé að leggja örorkumat Páls Sigurðssoar til grundvallar dómi, þar sem hann hafi eingöngu farið eftir frásögn stefnanda sjálfs um líðan hans, en ekki gengið úr skugga um hana með rakinni rannsókn. Útreikningum Þóris Bergssonar er enn fremur mótmælt. Er það rökstutt á þann veg, að tryggingafræðingurinn áætli stefnanda of mikla yfirvinnu miðað við aldur hans. Þá er minnt á reglur um skattfrelsi bóta því til stuðnings, að rétt sé að lækka kröfur stefnanda um örorkubætur, svo og á það, að hann hafi hag af að fá hugsanlegar bætur greiddar í einu lagi.

Miskabótakröfu stefnanda er mótmælt sem bersýnilega of hárri. Kröfunni, sem auðkennd er sem nr. 4 í sundurliðun hér að framan (kr. 3.000.00), er ekki mótmælt tölulega.

Niðurstaða.

Dómendur eru þeirrar skoðunar, að varðandi sök á slysi því, sem hér er fjallað um, verði að taka mest tillit til þess, að skerstokkarnir voru ekki festir. Þetta bar að gera eftir 4. málsgrein 8. greinar reglugerðar nr. 69/1953 um öryggisráðstafanir við fermingu og affermingu skipa. Málsgreinin er þannig:

„Lestaropsbitar, sem látnir eru vera í lestaropi meðan á vinnu stendur, skulu vera læstir, svo þeir geti ekki lyfzt úr skorðum sínum, þó krókur eða vörur sláist upp undir þá".

Þá er ljóst, að vír eða fiskpakkar slógust í skerstokkana. Vera má, að óvænt ferð stefnanda upp úr lest sikpsins hafi leitt til viðbragða hjá lúgumanni og kranamanni, sem valdið hafi þessu. Dómendur hljóta þó að líta svo á, að skylt hafi verið að haga störfum þannig, að til þessa kæmi ekki. Ber því að telja, að hér sé nokkur sök á slysinu.

Ósannað er, að stefnandi hafi sagt lúgumanni frá þeirri fyrirætlan sinni að fara upp úr lestinni. Ber því að leggja til grundvallar, að hann hafi ekki gert það. Var þar um gáleysi að ræða, sem telja ber, að leiði til nokkurrar eigin sakar á slysinu. Þá verður og að telja, að stefnanda hafi mátt vera ljóst, hvernig um skerstokkana var búið, og að honum hafi borið að fylgjast betur með því, hvað lyftingu pakkanna um borð leið. Verður einnig að meta þetta honum til sakar.

Dómendur telja, að með tilliti til nýnefndra atriða beri Togaraafgreiðslunni h/f að bæta stefnanda 70% af tjóni hans.

Ekki hefur þótt ástæða til að leita umsagnar Læknaráðs um mótmæli þau, sem af hálfu stefndu og réttargæzlustefndu hafa verið borin fram gegn örorkumati Páls Sigurðssonar, og ekki hefur verið gerð krafa um, að svo yrði gert. Ekki þykir fram komið, að skoðun læknisins hafi verið ábótavant, og verður örorkumat hans lagt til grundvallar.

Svo sem fyrr greinir, er álitsgerð Þóris Bergssonar tryggingafræðings dagsett 26. ágúst 1965. Síðan hefur grunntaxti Verkamannafélagsins Dagsbrúnar fyrir hafnarvinnu hækkað einu sinni, þ. e. 26. júní s.l., en að auki hafa orðið hækkanir á kaupi vegna vísitölubreytinga. Í ágúst 1965 var tímakaupið fyrir þessa vinnu kr. 45.02 í dagvinnu, varð kr. 45.56 hinn 1. september 1965 og kr. 46.62 1. desember 1964 (sic). Tímakaupið er nú kr. 52.85 í dagvinnu.

Af álitsgerð Þóris Bergssonar verður ekki séð, hverjar hann áætlar vinnutekjur og vinnutekjutap stefnanda á almanaksár-

unum 1963, 1964 og 1965. Virðist ljóst, að tekjur stefnanda samkvæmt skattskýrslum hafi orðið nokkru lægri 1963 en tryggingafræðingurinn áætlar, en aftur á móti hærri 1964 og 1965. Kröfugerð stefndu gefur ekki tilefni til að aflað sé um þetta atriði frekari gagna.

Með tilliti til skattkjara, vaxtafótar, sem tryggingafræðingurinn notar, og með nokkurri hliðsjón af raunverulegum tekjum stefnanda samkvæmt skattskýrslum á árunum 1963 og 1964 þykir tjón hans vegna tímabundinnar örorku hæfilega áætlað kr. 90.000.00. Með tilliti til skattkjara, hagræðis af eingreiðslu, vaxtafótar og með nokkurri hliðsjón af tekjum stefnanda á árinu 1965 og breytinga á kaupi frá því í ágúst 1965 þykir tjón hans vegna varanlegrar örorku hæfilega metið kr. 125.000.00. Örorkutjónið telst þá alls vera kr. 215.000.00.

Frá örorkutjóninu ber að draga bætur þær, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 33.195.25, en þær eru greiddar án tillits til sakar. Af því, sem eftir verður, kr. 181.804.75, ber Togaraafgreiðslunni samkvæmt framanskráðu að bæta stefnanda 70%, eða kr. 127.263.33.

Miski stefnanda þykir hæfilega bættur með kr. 30.000.00, og ber stefndu að greiða 70% af þeirri fjárhæð, eða kr. 21.000.00. Þá ber stefndu og að greiða stefnanda 70% af útlögðum kostnaði (3.000.00), þ. e. kr. 2.100.00.

Samkvæmt framanskráðu ber Togaraafgreiðslunni að greiða stefnanda í skaðabætur kr. 150.363.33. Hlutafélagið hefur þegar greitt stefnanda kr. 3.615.40 og vátryggingafélag það, sem félagið hafði keypt ábyrgðartryggingu hjá, hefur greitt honum kr. 75.000.00. Þessar tvær fjárhæðir ber að draga frá áðurgreindri upphæð, svo að Togaraafgreiðslunni h/f verður með þessum dómi gert að borga stefnanda kr. 71.747.93. Rétt er, að hlutafélagið greiði stefnanda vexti af þessari fjárhæð, 7% p. a. frá 8. júní 1963 til 1. janúar 1965, 6% p. a. frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% p. a. frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 14.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Þór Vilhjálmsson borgardómari (dómsformaður), Einar Thoroddsen yfirhafnsögumaður og Guðmundur Hjaltason skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Togaraafgreiðslan h/f, greiði stefnanda, Tómasi Tómassyni, kr. 71.747.93 auk 7% vaxta p. a. frá 8. júní 1963

til 1. janúar 1965, 6% vaxta p. a. frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% vaxta p. a. frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 14.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. marz 1968.

Nr. 23/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sigurjóni Tómasi Heiðari Tómassyni
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og prófessor Þór Vilhjálmsson.

Brot gegn heilbrigðissamþykkt.

Dómur Hæstaréttar.

Ákvæði 41. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík nr. 11/1950 hafa fulla stoð í ákvæðum laga nr. 35/1940 um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir. Hefur ákærði með því að hlíta eigi fyrirmælum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, þeim, er í málinu greinir, gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 255. gr. nefndrar heilbrigðissamþykktar og 8. gr. laga nr. 35/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 19/1962.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3.000 króna sekt til borgarsjóðs Reykjavíkur, sem afplánist 2 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði sakadóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 9.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurjón Tómas Heiðar Tómasson, greiði 3.000 króna sekt til borgarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald 2 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði sakadóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 9.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 9.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. desember 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 19. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 557/1967: Ákæruvaldið gegn Sigurjóni Tómasi Heiðari Tómassyni, sem tekið var til dóms 29. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 10. október 1967, höfðað á hendur Sigurjóni Tómasi Heiðari Tómassyni framkvæmdastjóra, Bjarkargötu 2 í Reykjavík, fæddum 9. október 1888 að Miðhúsum í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu, fyrir brot á heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík nr. 11/1950 með því að hafa sem stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f ekki sinnt ítrekuðum fyrirmælum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur til eigenda nefnds fyrirtækis, gefnum samkvæmt heilbrigðissamþykkt í bréfum borgarlæknis, dagsettum 12. ágúst og 7. nóvember 1966, til fyrirtækisins um að framkvæma ráðstafanir — þá innan tilskilins tveggja mánaða frests — í því skyni að draga úr hávaða frá starfsemi nefnds fyrirtækis í húsinu að Njálsgötu 21 í Reykjavík, þannig að hann valdi ekki að dómi heilbrigðisnefndar óþægindum fyrir umhverfi sitt og þá einkum hjá íbúum húsa við Njálsgötu 23, sem eru sambyggð verksmiðjuhúsi fyrirtækisins, sbr. einnig kröfu nefndarinnar í bréfi til ákærða, dagsettu 5. júlí 1966, um greinargerð um tiltækar ráðstafanir í þessu sama skyni.

Brot ákærða telst varða við 1. mgr. 255. gr., sbr. 41. gr. nefndr-

ar heilbrigðissamþykktar nr. 11/1950, sbr. 8. gr. laga um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir nr. 35/1940, sbr. lög nr. 19/1962 um breytingu á þeim lögum.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur ekki sætt ákærum né refsingum, sem áhrif gætu haft á refsimat í máli þessu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 6. nóvember 1965 og 27. apríl 1966 rituðu íbúar að Njálsgötu 23 hér í borg heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og báru fram kvartanir vegna mikils hávaða, sem þeir töldu koma frá verksmiðjurekstri Ölgerðar Egils Skallagrímssonar h/f í húsinu nr. 21 við sömu götu. Óskuðu íbúarnir þess eindregið, að heilbrigðisnefnd fyrirskipaði ölgerðinni að draga úr hávaðanum, enda horfði hann til heilsutjóns og ylli rýrnun á eign þeirra, þar sem erfitt reyndist að leigja hana út. Vitnin Magnhildur Elíasdóttir Lyngdal húsmóðir og Hörður Þorkell Ásbjörnsson, stud. phil., sem bæði kváðust hafa búið að Njálsgötu 23 til fjölda ára, staðfestu fyrir dómi, að mjög mikill hávaði væri í öllum herbergjum hússins, er stæði yfir allan daginn, oft fram á kvöld og jafnvel um helgar, einkum á sumrin, en auk vitnanna byggju í húsinu, sem væri sambyggt húsi ölgerðarinnar, þrjár manneskjur.

Heilbrigðisnefnd fór í skoðunarferð að Njálsgötu 23 hinn 5. júlí 1966, og ritaði borgarlæknir f. h. nefndarinnar ákærða f. h. ölgerðarinnar samdægurs bréf, en í því segir m. a.: „... Nefndin er sammála um, að hávaði sá, er íbúar ofangreinds húss (þ. e. Njálsgötu 23) verða fyrir af völdum fyrirtækis yðar, sé til mikilla óþæginda og geti valdið heilsutjóni. Málinu verður frestað til næsta fundar, og er þess hér með óskað, að þér látið heilbrigðisnefnd í té greinargerð um, hvaða ráðstafanir hægt sé að gera til þess að ráða bót á vandamáli þessu. Óskað er eftir, að umrædd greinargerð hafi borizt skrifstofu minni fyrir 20. þ. m. ...".

Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður svaraði bréfi þessu f. h. ölgerðarinnar hinn 8. s. m., og segir í bréfi hans m. a.: „... Af þessu tilefni leyfi ég mér að senda yður í ljósriti samning milli þeirra frú Guðrúnar Lyngdal og Tómasar Tómassonar, dags. 18. okt. 1926. Með samningi þessum eignast frú Guðrún Lyngdal „gaflréttindi" í húsi Ölgerðarinnar Njálsgötu 21. Húsið Njálsgata 23 er síðan byggt upp við þann gafl. Er samningurinn var gerður, var Ölgerðin rekin í húsinu Njálsgötu 21, svo sem hún er ennþá, og hinar sömu eða sams konar vélar voru staðsettar þá sem nú

við hinn umrædda gafl. Frú Lyngdal mátti því vita, að hverju hún gekk, er hún kaus að nota gafl umbjóðana míns í stað þess að byggja sérgafl fyrir byggingu þá, er hún reisti á lóð sinni. Að þessu athuguðu virðist það vera hlutverk eiganda hússins nr. 23 við Njálsgötu að einangra greindan millivegg, svo sem hæfa þykir, en ekki umbjóðanda míns ...".

Með bréfi, dagsettu 12. ágúst 1966, var ölgerðinni tilkynnt, að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefði á fundi hinn 5. ágúst samþykkt að leggja fyrir eigendur hennar „að gera nú þegar ráðstafanir, til þess að vélarnar valdi ekki óþægindum fyrir umhverfið, sbr. 41. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík".

Hinn 7. óvember 1966 var ölgerðinni ritað svofellt bréf: „... Á fundi heilbrigðisnefndar hinn 4. þ. m. var rætt um hávaða frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni h/f. Svohljóðandi ályktun var gerð: Samkvæmt niðurstöðum af hávaðamælingu, sem fram fór á vegum heilbrigðiseftirlitsins að Njálsgötu 23 2. þ. m., er ljóst, að eigendur Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson h/f hafa enn ekki gert neinar ráðstafanir til að draga úr hávaða frá starfsemi fyrirtækisins. — Heilbrigðisnefnd leggur því nú fyrir eigendur nefndrar ölgerðar að gera innan tveggja mánaða ráðstafanir til að draga úr þeim hávaða, sem fyrr greinir, þannig að hann valdi ekki óþægindum fyrir umhverfið, að dómi heilbrigðisnefndar. — Verði ekki orðið við kröfum nefndarinnar, munu eigendur Ölgerðarinnar kærðir til sakadóms Reykjavíkur fyrir brot á 41. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík ...".

Á fundi sínum hinn 13. janúar 1967 samþykkti heilbrigðisnefnd Reykjavíkur að halda fast við kæruna, þar sem í ljós hefði komið við hljóðmælingu daginn áður, að hávaði frá starfsemi ölgerðarinnar hefði ekki minnkað, og í kærubréfi sínu, dagsettu 27. s. m., krafðist nefndin þess, að eigendur fyrirtækisins yrðu dæmdir til refsingar fyrir brot gegn 255. gr., sbr. 41. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík, þar sem ljóst væri, að ítrekuðum fyrirskipunum heilbrigðisnefndar um úrbætur hefði ekki verið hlýtt.

Lagðar hafa verið fram í málinu fjórar hljóðmælingar, sem gerðar voru í húsinu Njálsgötu 23. Um hina fyrstu, sem fram fór hinn 24. september 1964, segir m. a.:

„... Þegar inn í húsið kemur, verður þegar vart við allmikið vélarhljóð, sem kemur gegnum vesturvegg hússins frá húsinu nr. 21 við Njálsgötu, en það er eitt af verksmiðjuhúsum Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f. Mælingin var gerð með Brüel og Kjær Precision Sound Level Meter Type 2203. Niðurstöður

mælingarinnar voru þessar: 1. hæð, hljóðfæraverzlun 74 dB (B), 2. hæð, setustofa 70 dB (B), 3. hæð, setustofa 63 dB (B), rishæð svefn- og lesstofa 59 dB (B). Mælingin var framkvæmd á tímabilinu kl. 1830—1855. Hljóðstyrkurinn er gefinn upp í dB (B-filter), en venja er að nota A-filter hljóðmælisins til mælingar á hljóði innan við 55 dB, B-filter til mælingar á hljóði 55-85 dB, eins og hér hefur verið gert, og C-filter þar fyrir ofan. — Í „Byggnadsstyrelsens anvisningar til byggnadsstadgan" (Svíþjóð, 1960), eru þessi ákvæði um hámarkshljóðstyrk dB (A):

	Mjög hávært hverfi	Mjög hljóðlátt hverfi
Íbúðarherbergi	40	30
Vinnuherbergi í verzlun eða skrifstofu	45	35
Skólastofa	40	30
Sjúkrastofa	25	25
Gistiherbergi	40	30

Vafalaust er hávaði í erlendum borgum víðast allmiklu hærri en gerist hér á landi. Það skal tekið fram til skýringar, að dB skalinn er logaritmiskur, en ekki hlutfallslegur. 60 dB er þannig 10—15 sinnum sterkari hávaði en 30 dB. Hávaði í ofangreindu húsi er því tvímælalaust til mjög mikilla óþæginda, og verður að ályktа, að mikil hætta sé á, að heilsutjón hljótist af, ef menn þurfa að búa við hann til langframa ...".

Í næstu hljóðmælingu, sem fram fór klukkan 1400—1450 hinn 2. óvember 1966, reyndist hávaðinn þessi:

Filter	„2. hæð setust.	3. hæð setust.	Rishæð
A	64	59	53
B	72	66	62
C	74	68	67

Rið/sek.		
—	125	74
—	250	68
—	500	64
—	1000	56
—	2000	34
—	4000	24
—	8000	23".

Hinn 12. janúar 1967 urðu niðurstöður hljóðmælinga eftirfarandi:

Filter	Verzlun I. hæð	ÍBÚÐ setustofa II. hæð	ÍBÚÐ setustofa III. hæð	ÍBÚÐ Ris
A	60	64	60	52
B	69	71	67	60
C	72	75	69	64
Rið/sek.				
— 125	66	74		
— 250	68	68		
— 500	62	65		
— 1000	48	54		
— 2000	50	34		
— 4000	24	30		
— 8000	24	32“.		

Loks var hinn 26. júní 1967, klukkan 1045, mældur hávaði í setustofu annarar hæðar hússins Njálsgötu 23, og var hann þá:

„Filter	
A	64
B	72
C	74
Rið/sek.	
— 125	73
— 250	67
— 500	65
— 1000	55
— 2000	34
— 4000	20“.

Eggert Ólafur Ásgeirsson, fulltrúi við borgarlæknisembættið, annaðist framanskráðar hljóðmælingar. Hann kom fyrir dóm sem vitni. Kvaðst vitnið hafa kynnt sér hljóðmælingar í Svíþjóð, danskt mælitæki, mjög nákvæmt, verið notað og um beinan aflestur verið að ræða. Vitnið sagði, að mælingarnar hefðu ekki verið gerðar upp við gaflvegg, heldur í miðju herbergi eða því sem næst, en þó í þeim herbergjum, sem næst lágu gafli. Álit vitnisins var, að hávaði sá, sem fram kæmi í nefndum hljóðmælingum, væri geysi mikill miðað við íbúðarhúsnæði, þannig mundi t. d. vera erfitt að tala í síma.

Lagður hefur verið fram í málinu kaupsamningur, sem þau Guðrún H. Lyngdal og ákærði gerðu með sér hinn 18. október 1926. Í samingi þessum segir m. a. svo:

„... Guðrún Lyngdal selur Tómasi Tómassyni lóðarfleyg fyrir norðan eignina á Frakkastíg 16, þannig að lóðarmörk ákvarðast af orðurgafli hússins á Frakkastíg 16. Kaupverðið er kr. 100.00 — eitt hundrað — krónur, sem greiðast við undirskrift samnings þessa, og er kaupsamningur þessi jafnframt kvittun fyrir greiðslu kaupverðsins. Tómas Tómasson afgirðir lóð sína með steinsteypugarði frá norðvesturhorni Frakkastígs 16 og að byggingu Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson við Njálsgötu 21. Báðir aðiljar eru ásáttir um að veita hvor öðrum gagnkvæm gaflréttindi í húsunum Njálsgötu 21 og Frakkastíg 16, að svo miklu leyti sem það ekki kemur í bága við ákvæði byggingarnefndar Reykjavíkur ...".

Samkvæmt vottorði byggingarfulltrúans í Reykjavík, sem dagsett er hinn 1. nóvember 1965, hefur húsið nr. 23 við Njálsgötu full réttindi samkvæmt byggingarsamþykkt.

Tveir sérfróðir menn voru að ósk Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, dómkvaddir til að skoða og rannsaka vegg þann, sem er á milli húsanna Njálsgötu 21 og 23, og gefa álitsgerð um einangrun hans og tengingu lofta hússins Njálsgötu 23 við vegginn. Til þessara starfa voru fengnir Gunnar M. Steinsen verkfræðingur og Hjálmar Sveinbjörnsson múrarameistari, sem sömdu mjög ítarlega álitsgerð, er þeir staðfestu fyrir dómi og kváðu gerða eftir beztu vitund. Í álitsgerð þeirra segir m. a. svo:

„... Helztu niðurstöður af athugunum okkar eru:

1. Veggurinn milli húsanna er einfaldur 32—34 cm þykkur steinsteyptur veggur, með 4—5 cm léttri klæðningu að innanverðu í nr. 23.

2. Við útveggi eru húsin steypt saman, og gaflveggur þess hluta nr. 23, sem er hærri en nr. 21, er steyptur ofan á eldri vegginn frá nr. 21.

3. Engin áseta er fyrir loftplötur í nr. 23, nema þær hafi verið brotnar í gamla vegginn, eins og líka járnateikning sýnir og segir fyrir um. Má því ganga út frá því, að plöturnar séu steyptar í fastar raufar, sem brotnar voru í gamla vegginn. Ef ástæða þykir til að kanna þetta betur, þarf að rjúfa léttu klæðninguna og brjóta holur í samskeyti veggs og platna.

4. Af ofantöldum ástæðum má telja, að burðarstofn beggja húsanna sé ein samtengd steinsteypt heild.

5. Í hvorugu húsinu sáum við nein merki þess, að sérstaklega væru gerðar neinar ráðstafanir til hljóðeinangrunar eða hljóðdeyfingar við milliveggjnn eða gólfplöturnar (eða útveggi).

Þegar rætt er um hljóð og hljóðeinangrun í byggingum, verður að gera greinarmun á tvenns konar hljóðum, rúmhljóði, sem berst með loftinu, og byggingarhljóðum eða högghljóðum, sem leiðast eftir byggingarhlutunum sjálfum frá hljóðgjafa, sem er í beinu leiðslusambandi við þá. Tal og hljómlist eru rúmhljóð, en t. d. hurðarskellir eru högghljóð.

Hljóðeinangrunarhæfni steinsteypts veggs gegn rúmhljóðum er nálægt því að vera í beinu hlutfalli við logaritmann af þunga hans per flatareiningu. 32—34 cm þykkur veggur vegur um 800—850 á fermeter (rúmvigt 2.5). Samkvæmt línuriti í handbók (Varme- og lydisolering af betonhuse, B. J. Ramböll) þá má búast við, að meðalrúmeinangrun veggsins sé rúmlega 55 d.b., en frá því dregst líklega eitthvað smávegis vegna hljóðbrúa við gólfplötur og útveggi, en lítillega bætist við vegna léttu klæðningarinnar innan á veggnum í húsi nr. 23. Þetta verður að teljast allgóð einangrun gegn rúmhljóði, eins og sjá má, ef borið er saman við þær kröfur, sem núgildandi byggingarsamþykkt gerir til rúmeinangrunar milli íbúða, en það er 49 d.b. meðalrúmeinangrun, þó eftir nánari reglum.

Varðandi einangrunarhæfni steinsteypts veggs gegn högghljóðum þá er allt annað uppi á teningnum. Steinsteypa er þétt efni, sem leiðir högghljóð vel, og steyptur veggur og gólfplötur, samsteypt, einangra högghljóð mjög illa. Tölulega er þó erfitt að meta það nema með mælingum hverju sinni, en til slíkra mælinga höfum við enga aðstöðu.

Helztu ályktanir okkar varðandi hljóðeinangrunargildi veggsins milli húsanna Njálsgötu nr. 21 og 23 eru því:

1. Gegn rúmhljóðum: Allgóð einangrun.
2. Gegn högghljóðum: Slæm einangrun".

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði verið stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og aðaleigandi fyrirtækisins Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f frá upphafi, en fyrirtækið hefði um fjöldamörg ár rekið ölgerð í húsinu við Njálsgötu 21 hér í borg. Löngu eftir að starfrækslan hófst í nefndu húsi, kvað ákærði hjónin Guðrúnu og Elías Lyngdal hafa fengið heimild til

að byggja við gafl þess, þ. e. gaflréttindi, og þá reist húsið Njálsgötu 23, án þess að einangrun væri sett milli húsanna, og mundu gólf hússins nr. 23 höggvin inn í gafl hússins nr. 21. Ákærða voru kynntar hljóðmælingar þær, sem fram höfðu farið í húsinu Njálsgötu 23, og kvaðst hann í sjálfu sér ekki mótmæla þeim. Sagði ákærði, að tvær vélar fyrirtækisins væru í húsinu Njálsgötu 21, og gæti hann ekki neitað því, að einhver hávaði stafaði frá þeim. Sú vélin, sem ylli minni hávaða, væri að jafnaði í notkun að degi til, en lítið eftir klukkan 1800, og eitthvað um helgar, einkum á sumrin, tíma og tíma. Hin vélin væri til vara, ef hin fyrri gengi úr skorðum. Ákærði kannaðist við að hafa fengið í hendur bréf heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, dagsett 12. ágúst og 7. nóvember 1966. Hann sagðist ekki hafa farið eftir fyrirmælum í þeim um að draga úr hávaða frá iðjurekstri fyrirtækisins, og kvað hann þetta aðgerðarleysi sitt hafa byggzt á því, að hann taldi þá, sem byggðu við gafl húss hans eða nýttu sér gaflréttindi, hafa átt að annast hljóðeinangrun. Tók ákærði fram, að Elías Lyngdal hefði aldrei minnzt á hávaða frá fyrirtækinu við sig, en Elías var eigandi hússins nr. 23 við Njálsgötu frá því að það var byggt og þar til hann andaðist þá nýlega. Ákærði sagðist einn hafa tekið ákvarðanir um að sinna ekki fyrirmælum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, aðrir hluthafar þar hvergi nærri komið, og er sú staðhæfing ákærða studd framburðum þeirra, er sæti eiga í stjórn fyrirtækisins.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi ekki farið eftir þeim fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gaf honum í bréfum, dagsettum 12. ágúst og 7. nóvember 1966. Í 41. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík nr. 11/1950 segir, að öll starfsemi varðandi iðju eða iðnrekstur skuli háð eftirliti og fyrirmælum heilbrigðisnefndar, ef hún getur að dómi nefndarinnar valdið óþrifnaði eða óhollustu, þar á meðal hávaða og titringi, en í 255. gr. samþykktarinnar er ákvæði um, að brot gegn henni eða óhlýðni við löglegar fyrirskipanir heilbrigðisnefndar varði sektum. Skipaður verjandi ákærða hefur haldið því fram, að fyrirskipanir heilbrigðisnefndar í máli þessu hafi ekki verið löglegar, þar sem þeim hafi verið beint að röngum aðilja. Á þá skoðun er ekki unnt að fallast. Samkvæmt orðan 41. gr. bar heilbrigðisnefnd að beina fyrirmælum sínum til þess aðilja, ákærða, sem rak þá starfsemi, er hún taldi geta valdið óhollustu, þar á meðal hávaða, en í máli þessu koma ekki til úrlausnar lögskipti á sviði

einkaréttar vegna framkvæmda á fyrirskipunum nefndarinnar um hljóðdeyfigu. Þar sem ekkert er fram komið, sem hnekki því, að fyrirmæli nefndarinnar hafi einnig að öðru leyti verið á rökum reist, verður ákærði talinn sekur um þá hegðun, sem í ákæru greinir og þar er rétt færð til refsiákvæða. Með hliðsjón af öllum málsatvikum og með vísan til 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir hins vegar mega ákveða, að refsing ákærða skuli niður falla.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 6.000.00.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Sigurjóns Tómasar Heiðars Tómassonar, fellur niður.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. marz 1968.

Nr. 58/1967. **Ragnar Þórðarson** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Ólafi Þorgrímssyni hrl. f. h. Dolcis Ltd., Mill Road Kettering, Northants, Englandi
(Jón Hallvarðsson hrl.).

Dómendur:
hæstarqttardómararnir Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Líndal.

Víxilmál. Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1967. Krefst hann þess aðallega, að héraðs-

dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara sýknu af kröfum stefnda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að áfrýjandi verður dæmdur til að greiða £ 823-16-1 með 8% ársvöxtum frá 3. maí 1964 til 12. júní 1966 og 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 416.00 í banka- og afsagnarkostnað og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Aðiljar eru sammála um, að með orðunum „Messrs Ragnar Thordarson (Wholesale) P.O. Box 96 Reykjavík Iceland" í skjali því, er í málinu greinir, sé átt við firmað Ragnar Þórðarson, heildverzlun h/f. Áfrýjandi ritaði nafn sitt sem samþykkjandi. Fór sú nafnritun fram hér á landi. Þar sem áfrýjandi var eigi greiðandi, er nafnritun hans sem samþykkjandi ógild að víxilrétti, sbr. 25. gr. víxillaga nr. 93/1933. Ákvæði 31. gr. sömu laga veita eigi heldur stefnda víxilrétt á hendur áfrýjanda, sbr. 4. mgr. Málið varð því eigi rekið sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936. Ber af þessum sökum að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu frá héraðsdómi. Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Ólafur Þorgrímsson hrl. f. h. Dolcis Ltd., Mill Road Kettering, Northants, Englandi, greiði áfrýjanda, Ragnari Þórðarsyni, kr. 20.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. febrúar 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. janúar s.l., hefur Ólafur Þorgrímsson, Austurstræti 14, Reykjavík, höfðað fyrir hönd Dolcis

Ltd., Mill Road Kettering, Northants, Englandi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 13. okt. 1966, gegn Ragnari Þórðarsyni, Aðalstræti 9, Reykjavík, til greiðslu in solidum með Ragnari Þórðarsyni, heildverzlun h/f, á víxli að fjárhæð £ 823-16-1 með 8% ársvöxtum frá 3. maí 1964 til 12. júní 1966, en með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 416.00 í banka- og afsagnarkostnað og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í. og lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Stefnandi reisir stefnukröfuna á víxli að fjárhæð £ 823-16-1, útgefnum af stefnanda hinn 24. febrúar 1964 á hendur „Messrs Ragnar Thordarson (Wholesale) P. O. Box 96, Reykjavík, Iceland". Í texta víxilsins er tekið fram, að hann skuli greiða 60 dögum eftir sýningu. Víxillinn er samþykktur af stefnda til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, hinn 3. maí 1964. Er þetta samþykki þannig úr garði gert, að yfir þvera framhlið víxilsins er stimplað „Accepted payable on the ... at Landsbanki Íslands, Reykjavík". Er sýnilega til þess ætlazt, að gjalddagi sé færður í þessa eyðu. Á brún víxilsins er ritað 3/5 '64, og virðist það vera sú tímasetning gjalddaga, sem ætlazt er til, að komi í eyðuna. Undir þennan texta kemur nafnritun stefnda, sem er staðhæfð í Reykjavík, en ekki tímasett. Víxillinn var afsagður sökum greiðslufalls hinn 5. maí 1964.

Af hálfu stefnanda er tekið fram, að hann hafi höfðað mál út af þessum sama víxli með stefnu, birtri 24. júní 1965, gegn Ragnari Þórðarsyni, heildverzlun h/f, og var dómur í því máli kveðinn upp hinn 29. júní 1965. Var nefnt hlutafélag dæmt til þess að greiða stefnanda víxilfjárhæðina ásamt vöxtum og kostnaði.

Stefnandi telur stefnda hafa samþykkt umræddan víxil persónulega, en ekki fyrir hönd nefnds hlutafélags, og sé stefndi því persónulega ábyrgur fyrir umræddri víxilskuld. Umrætt hlutafélag hafi hins vegar þegar verið dæmt til greiðslu þessarar víxilfjárhæðar og sé af þeim ástæðum krafizt dóms yfir stefnda in solidum með því hlutafélagi.

Stefndi styður sýknukröfu sína fyrst og fremst þeim rökum, að hann hafi haft í hyggju að stimpla á víxilinn nafn umrædds hlutafélags, enda hafi hann alls ekki ætlað að taka á sig persónulega ábyrgð á víxilskuldinni. Komi glögglega fram af orða-

lagi víxiláskorunarinnar, að það hafi verið tilætlun aðilja, að fyrrgreint hlutafélag yrði samþykkjandi víxilsins. Hafi stefnanda verið þetta fyllilega ljóst, svo sem greinilega komi í ljós af þeirri háttsemi hans að fara á sínum tíma í mál við hlutafélagið, en eigi stefnda persónulega. Tekur stefndi í því sambandi fram, að með fyrri málshöfðuninni hafi stefnandi, svo bindandi sé, fallizt á, að heildverzlunin, en eigi stefndi persónulega, sé bundin samkvæmt víxlinum. Hafi stefnandi þannig firrt sig öllum rétti á hendur stefnda persónulega. Bendir stefndi enn fremur í þessu sambandi á, að þegar hafi fallið óáfrýjanlegur dómur um, að fyrrgreint hlutafélag sé skuldbundið samkvæmt víxlinum, og komi því auðvitað ekki til greina að telja stefnda jafnframt persónulega bundinn samkvæmt þessum sama víxli.

Við munnlegan málflutning var tekið fram af hálfu stefnanda, að stefnandi geti ekki fallizt á, að ofangreindar varnarástæður stefnda komist að í víxilmáli þessu. Af því tilefni var af hálfu stefnda tekið fram, að stefndi áskildi sér bótarétt, ef svo yrði litið á, að varnarástæður þessar kæmust ekki að og hann yrði dæmdur til greiðslu víxilsins.

Fyrrgreindur dómur frá 29. júní 1965 bindur ekki dómara við úrlausn þessa máls, þar sem aðiljar eru ekki hinir sömu. Eigi hefur stefndi í samþykki sínu tekið fram, að hann komi þar fram fyrir hönd hlutafélagsins Ragnars Þórðarsonar, heildverzlunar. Verður því að telja stefnda sjálfan persónulega skuldbundinn til greiðslu víxilsins. Þar sem fallast verður á með stefnanda, að fyrrgreindar varnir stefnda séu eigi þannig vaxnar, að þeim verði án samþykkis stefnanda komið að í víxilmáli, ber að dæma stefnda persónulega til að greiða hina umstefndu fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, og auk þess til greiðslu banka- og afsagnarkostnaðar, kr. 416.00. Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00. Ragnar Þórðarson, heildverzlun h/f, er ekki aðili þessa máls, og þykja því ekki rök til að dæma stefnda til greiðslu framangreindra fjárhæða in solidum með því fyrirtæki, þótt það hafi áður verið dómfellt, en með þessu er hins vegar ekki haggað við framangreindri niðurstöðu um það, að stefndi beri að fullu persónulega ábyrgð á hinum dæmdu fjárhæðum.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Þórðarson, greiði stefnanda, Ólafi Þorgrímssyni hrl. f. h. Dolcis Ltd., £ 823-16-1 með 8% ársvöxtum frá 3. maí 1964 til 12. júní 1966 og 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 416.00 í banka- og afsagnarkostnað og kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. marz 1968.

Nr. 23/1967. **Magnús Thorlacius** (sjálfur)
gegn
Einari Braga Sigurðssyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ærumeiðingar. Fégjald.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar 1967 og gert þær dómkröfur, „*að* hin átöldu orð í greininni 15. nóv. 1963 verði dæmd dauð og ómerk, *að* stefndum verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög standa til, *að* honum verði dæmt að greiða“ sér „kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóv. 1963 til greiðsludags og *að* honum verði dæmt að birta í vikublaðinu Frjáls þjóð væntanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð“. Þá krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Mál þetta er risið af ummælum, sem birtust í 42. og 43. tölublaði 12. árgangs vikublaðsins Frjálsrar þjóðar, sem út kom dagana 2. og 15. nóvember 1963. Eru ummælin tekin

úr greinargerð, sem stefndi hafði lagt fram í dómsmáli milli þeirra aðiljanna, sem þá var rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og birt var í heild í nefndum tölublöðum Frjálsrar þjóðar. Eru hin átöldu ummæli rakin í héraðsdómi.

Ummæli þau, er birtust í vikublaðinu 2. nóvember 1963, eru eigi þess efnis, að birting þeirra varði stefnda refsingu, og ber því að sýkna hann af kröfum áfrýjanda, að því er þau varðar.

Svo sem áður greinir, voru ummæli þau, sem birtust í vikublaðinu 15. nóvember 1963, tekin úr greinargerð, er stefndi hafði lagt fram í dómsmáli, sem áfrýjandi hafði höfðað á hendur honum til refsingar fyrir meiðyrði. Ummæli þessi eru meiðandi fyrir áfrýjanda, en við úrlausn þess máls þótti eftir atvikum eigi næg ástæða til að refsa stefnda fyrir þau, þar sem einungis var um að tefla refsinæmi þeirra í varnarskjali fyrir dómi. Hins vegar varðar birting ummælanna í vikublaðinu stefnda refsingu samkvæmt 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar ber að hafa í huga harðyrði áfrýjanda um stefnda í héraðsdómsstefnu, greinargerðum fyrir héraðsdómi og Hæstarétti svo og í sókn fyrir Hæstarétti. Þykir refsing stefnda hæfilega ákveðin kr. 1.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektar varðhald 2 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og að ómerkja hin umstefndu ummæli samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda fégjald, sem ákveðst kr. 10.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóvember 1963 til greiðsludags.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 ber að dæma stefnda til þess að sjá um, að birtar verði forsendur og dómsorð Hæstaréttar í málinu í fyrsta eða öðru tölublaði vikublaðsins Frjálsrar þjóðar, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Eins og greint var og rakið í héraðsdómi, hefur áfrýjandi í rekstri málsins haft meiðandi ummæli um stefnda. Stefndi hefur heldur eigi gætt hófs í ummælum um áfrýjanda. Ber að víta þetta.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Einar Bragi Sigurðsson, greiði kr. 1.000.00 sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 2 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Stefndi greiði áfrýjanda, Magnúsi Thorlacius, fégjald, kr. 10.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 15. nóvember 1963 til greiðsludags.

Stefnda er skylt að sjá um, að dómsorð og forsendur Hæstaréttar verði birtar í fyrsta eða öðru tölublaði vikublaðsins Frjálsrar þjóðar, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. janúar 1967.

Stefnandi máls þessa er Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, Reykjavík. Stefndi er Einar Bragi Sigurðsson rithöfundur, Reykjavík. Málið er höfðað með stefnu, sem birt var 17. janúar 1964. Þingfesting fór fram 21. sama mánaðar. Málið var dæmt á bæjarþinginu 6. janúar 1965. Með dómi Hæstaréttar 14. nóvember 1966 var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í héað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju. Það var tekið fyrir 13. desember. Stefnandi krafðist þá úrskurðar um þá kröfu sína, að málið yrði skriflega flutt. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði sama dag, og fór munnlegur flutningur og dómtaka fram 20. desember s.l.

Dómkröfur stefnanda, er nú liggur fyrir að taka afstöðu til,

varða ummæli í blaðinu Frjálsri þjóð 2. og 15. nóvember 1963. Einstök ummæli verða rakin síðar. Þegar munnlegur flutningur fór fram 20. desember, var bókað, að kröfur stefnanda væru:

„ — að hin átöldu orð í greinni 15. nóvember 1963 verði dæmd dauð og ómerk.

— að Einari Braga Sigurðssyni verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög standa til.

— að honum verði dæmt að greiða stefnanda kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóvember 1963 til greiðsludags.

— að honum verði dæmt að birta í vikublaðinu Frjálsri þjóð væntanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð.

— að honum verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Að gefnu tilefni frá dómara tekur stefnandi fram, að aldrei hafi ætlunin verið önnur en dómkröfur þessar ættu við ummæli í blaðinu Frjálsri þjóð bæði 2. og 15. nóvember 1963. ...

Að gefnu tilefni frá dómara kveður stefnandi kröfur sínar einnig taka til fyrirsagna þeirra fyrir greininni 15. nóvember, sem tilgreindar eru".

Um dómkröfur stefnda (Einars Braga Sigurðssonar) segir á þessa leið í bókun um ræðu hans 20. desember s. l.:

„Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Þá krafðist hann þess, *að* eftirfarandi ummæli í stefnu á dskj. no. 1 yrðu dæmd dauð og ómerk: „hlutdræg og villandi, að úr verður bein fölsun" (bls. 1), „hvergi á það minnzt, að það var frú Karólína Jósefsson, er höfðaði þetta mál gegn mér fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands" (bls. 1), „hefði ætlað að fléfletta frú Jósefsson" (bls. 2), „framborna gegn betri vitund, þar sem höfundur greinarinnar hafði hæstaréttardóminn í höndum" (bls. 2), „allt er þetta ósatt og borið út opinberlega gegn betri vitund" (bls. 3), *að* eftirfarandi ummæli á dskj. 3 yrðu dæmd dauð og ómerk: „samda af lögmanni, er ekki lízt á að koma fram opinberlega" (bls. 1), „grein stefnds" (bls. 1), „fleipur eitt, álygar og atvinnurógur" (bls. 2), „sannað, að brot stefnds í þessu máli er framið gegn betri vitund" (bls. 2), „hann hafði hæstaréttardóminn í höndum" (bls. 2), „brysti manndóm til að biðja afsökunar á níðskrifum Frjálsrar þjóðar" (bls. 2), *að* stefnanda verði dæmt að sæta fyrir hin tilvitnuðu ummæli þyngstu refsingu, sem lög leyfa, eða a. m. k. verði hugsanleg refsing stefnda látin niður falla skv. 239. gr. alm. hgl., vegna þess að stefnandi hafi meira

en goldið líku líkt með ofanrituðum orðaleppum, *að* stefnandi verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir ósæmilega tilvitnunaraðferð, sem stefndi kveðst hafa sannað á hann á dskj. 9, og háttalag hans metið stefnda til sýknu skv. 239. gr. alm. hgl.".

Málavextir.

Hinn 7. september 1963 birtist í blaðinu *Frjálsri þjóð* grein, sem nefndist *Stafar almenningi hætta af lögfræðingum?* Greinarhöfundur var nefndur *Otur*. Í grein þessari er rætt um, að spilling sé meðal lögfræðinga, og í framhaldi af því er vikið að viðskiptum stefnanda, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, og tveggja skjólstæðinga hans, Ágústs Sigurðssonar og frú Karólínu Guðlaugsdóttur. Vegna greinar þessarar höfðaði stefnandi meiðyrðamál gegn stefnda, sem um þessar mundir var ábyrgðarmaður Frjálsrar þjóðar. Mál þetta, sem auðkennt var no. 1950/1963, var dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 23. desember 1964. Stefnandi áfrýjaði þeim dómi, og stefndi gagnáfrýjaði, og gekk hæstaréttardómur 20. júní 1966 (hæstaréttarmálið var auðkennt nr. 44/1965). Með dómi þessum var stefnda gert að sæta refsingu, tiltekin ummæli í áðurnefndri grein voru ómerkt, stefndi var dæmdur til greiðslu fébóta og málskostnaðar og honum gert að birta hluta héraðsdóms og dóm Hæstaréttar í Frjálsri þjóð.

Mál það, sem nú var frá sagt, flutti stefndi, Einar Bragi Sigurðsson, sjálfur. Lagði hann fram greinargerð á bæjarþingi 29. október 1963. Var hún síðan prentuð í Frjálsri þjóð, fyrri hlutinn 2. nóvember, en síðari hlutinn 15. nóvember. Við greinargerðina var bætt aðalfyrirsögn (*„Leikmaður gegn lögmanni"*) og ýmsum millifyrirsögnum. Mál það, sem hér er til dóms, hefur stefnandi höfðað vegna þessarar birtingar vissra ummæla í greinargerðinni.

Stefnandi byggir dómkröfur á eftirfarandi ummælum í þeim hluta greinargerðar stefnda í bæjarþingsmáli nr. 1950/1963, er birtust í Frjálsri þjóð 2. nóvember 1963, en ummælin eru um dóm Hæstaréttar í máli, sem stefnandi og frú Karólína Guðlaugsdóttir voru aðiljar að og snerist um lögmannskaup:

„Í honum má lesa eftirfarandi: Fyrir stjórn lögmannafélagsins hafði heiðraður stefnandi, hr. Magnús Thorlacius, hrl., gert aðalkröfu um kr. 799.589.50 úr hendi frú Karólínu, en varakröfu um kr. 728.922.83. Úrskurður stjórnar lögmannafélagsins, sem Hæstiréttur síðar staðfesti með umræddum dómi, hljóðaði hins vegar upp á samtals kr. 502.087.00. Hið eina, sem ekki er alveg rétt með farið í þessum kafla átalinnar greinar, er því það, að

Hæstiréttur lækkaði kröfu heiðraðs stefnanda ekki niður í 570 þúsund krónur, eins og í greininni segir, heldur alla leið niður í kr. 502.087.00. Stafar þessi skekkja annað hvort frá prentvillu í blaðinu eða misminni heimildarmanns. En hvort sem heldur er, hefur hlutur heiðraðs stefnanda síður en svo verið gerður verri en efni stóðu til, heldur einmitt talsvert miklu betri".

Þau ummæli, sem hér hafa verið tekin orðrétt úr greinargerð stefnda í máli nr. 1950/1963 og birtust á prenti í Frjálsri þjóð 2. nóvember 1963, skýrast af þessum orðum í greininni, er birtist í sama blaði 7. september 1963:

„Kynni þá að vera nokkuð forvitnilegt að rifja það upp hér, að fyrir nokkrum árum skýrði þetta blað frá því, að sá hinn sami Magnús Thorlacius hrl. hafði að skjólstæðingi fráskilda konu Jóhannesar Jósefssonar á Hótel Borg í skiptamálum út af Borginni. Fyrir sitt „starf" í því máli setti hann upp mörg hundruð þúsundir króna. Konunni þótti nóg um og leitaði aðstoðar lögfræðinga. Loks fékkst Guðmundur Ingvi Sigurðsson til að taka að sér mál hennar gagnvart fyrri lögfræðingi hennar. En hann höfðaði ekki sakamál gegn „kollega" sínum. Nei, hann rak málið fyrir stjórn lögmannafélagsins. Sá dómstóll lækkaði að vísu kröfu Magnúsar alla leið niður í 570 þúsund krónur, eftir því, sem löggiltur embættismaður hefur tjáð blaðinu".

Í málinu nr. 1950/1963 var fjallað um þessi ummæli, og komst bæjarþingið að þeirri niðurstöðu, að þau væru ónákvæm og einhliða og að ekkert væri fram komið því til stuðnings, að stefnandi hefði framið refsivert athæfi. Með tilvísun til greinar þeirrar í heild, sem ummælin voru í, töldust þau fela í sér refsiverða aðdróttun. Orðin: „En hann höfðaði ekki sakamál gegn „kollega" sínum. Nei" voru ómerkt. Í fyrrnefndum dómi Hæstaréttar 20. júní 1966 var bæjarþingsdómurinn staðfestur, að því er þessi atriði varðar.

Þá byggir stefnandi dómkröfur á vissum ummælum í þeim hluta greinargerðarinnar í bæjarþingsmáli nr. 1950/1963 á prenti 15. nóvember 1963. Varða þau samskipti stefnanda og Ágústs Sigurðssonar og frásögn í Frjálsri þjóð 7. september 1963 um þau. Málsgrein sú, sem ummælin eru í, verður tekin upp í heild. Hún er leturbreytingalaus í blaðinu (ef fyrirsögn er frátalin), en ummælin, sem stefnandi byggir dómkröfur sínar á, eru auðkennd hér með breyttu letri:

„Hin slæma útreið Ágústs í skaðabótamálinu, sem hann vann, rak hann í hendur fjárplógsmanna.

Hér sýnist allt ljóst: Ágúst heyr skaðabótamál, vinnur það að fullu, fær tildæmdar samtals 61 þúsund krónur, en greiðir „vegna málarekstrarins" 64 þúsund krónur, tapar þannig 3000 krónum auk hins tildæmda fjár á því að fara í mál, þó að hann vinni málið að fullu. Er nokkur furða, þótt leikmanni blöskri þvílíkar málalyktir og verði hugsað: — hvar er íslenzkt réttarfar á vegi statt, ef sá, sem telur sig hafa orðið fyrir skaða af annarra völdum, getur ekki leitað réttar síns án ótta um að hljóta af málarekstrinum nýjan skaða ofan á hinn fyrri, þótt hann vinni skaðabótamálið fyrir æðsta dómstóli þjóðarinnar? Mundi ekki sá blaðamaður, sem þegði um annað eins og þetta, hljóta hvers manns ámæli fyrir ábyrgðarleysi og heigulshátt? Þannig hlaut höfundur átalinnar blaðagreiar að hugsa, þótt ekkert hefði komið til annað en hinn ýkja mikli kostnaður Ágústs vegna málarekstursins. *En hér við bættist, að hin slæma útreið, sem Ágúst hlaut í skaðabótamálinu, virðist eiga sinn þátt í því, að hann sér sig tilneyddan að taka lán með ofurkjörum til lagfæringar á íbúð sinni.* Hér varð því af málavöxtum, eins og þeir horfðu við í kærunni, ekki annað ráðið en verið væri að fremja á fátækum manni herfilegt raglæti, sem hver ærlegur blaðamaður hlaut að átelja harðlega".

Þessi orð í greinargerð stefnda í málinu nr. 1950/1963 eru höfð vegna ummæla í Frjálsri þjóð 7. september 1963 um stefnanda og Ágúst Sigurðsson. Er viðskiptum þeirra m. a. lýst þannig: „Hvernig má það ske, að lögfræðingur sá, sem rekur skaðabótamálið fyrir Ágúst og vinnur það að fullu, skuli taka auk tildæmds málskostnaðar (sem honum ætti að nægja), allar bæturnar og meira til, þannig að Ágúst tapi fjárhagslega á að vinna málið. Hér hlýtur að vera um að ræða fjártöku, sem enga stoð á í lögum".

Í dómi þeim, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur 23. desember 1964 í máli nr. 1950/1963, varð sú niðurstaða, að stefnandi hefði tekið kr. 24.000.00 fyrir að flytja tvö mál fyrir Ágúst Sigurðsson bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en allur kostnaður hans af málunum báðum orðið milli 50 og 60 þúsund krónur. Þau ummæli, er hér hafa verið tekin upp úr greininni 7. september 1963, voru talin röng og refsiverð, og voru þau ómerkt frá orðunum „... lögfræðingur sá ..." og til loka málsgreinarinnar.

Málsástæður og lagarök. Stefnandi telur, að sá kafli úr greinargerð stefnda í máli nr. 1950/1963, sem birtur var í blaðinu Frjálsri

þjóð 2. nóvember það ár og tekinn er upp hér að framan, hafi að geyma svo hlutdræga og villandi frásögn, að úr verði bein fölsun. Því til styrktar tekur stefnandi fram, að hvergi sé á það minnzt, að það hafi verið frú Karólína Guðlaugsdóttir, sem hafi höfðað mál gegn honum fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands og hafði uppi þá kröfu, að þóknun fyrir störf stefnanda í hennar þágu yrði ákveðin kr. 147.611.19. Segir stefnandi þessa kröfu frúarinnar m. a. hafa verið reista á synjun hennar fyrir nafnritun á umboð honum til handa. Stefnandi kveðst hafa gert þær kröfur fyrir lögmannafélagsstjórninni, sem getið er í Frjálsri þjóð 7. september 1963, og þá hafa stuðzt við úrskurð gjaldskrárnefndar félagsins. Stjórnin og síðar Hæstiréttur hafi lækkað lögmannskaupið frá því, er hann hafði krafizt. Þó hafi Hæstiréttur látið kærumálskostnað falla niður, en af því dregur stefnandi þá ályktun, að veruleg vafaatriði hafi þótt í málinu. Stefnandi segir, að í greininni í Frjálsri þjóð 7. september 1963 hafi hann verið nefndur til dæmis um gerspillingu meðal lögmanna. Með því að sleppa úr frásögninni um mál frú Karólínu, eins og gert hafi verið í blaðinu, hafi verið leitazt við að búa til sönnun fyrir þessari fullyrðingu.

Stefnandi telur, að birting fyrrnefnds greinargerðarkafla í Frjálsri þjóð 2. nóvember 1963 feli í sér ærumeiðandi aðdróttun, sem borin hafi verið út gegn betri vitund, enda hafi hið rétta um viðskipti stefnanda og frú Karólínu Guðlaugsdóttur verið komið fram í bæjarþingsmálinu nr. 1950/1963.

Stefnandi telur, að þeir kaflar úr greinargerð stefnda í máli nr. 1950/1963, sem birtir voru í Frjálsri þjóð 15. nóvember það ár og teknir eru upp hér að framan, feli í sér ósönn ummæli, sem með birtingunni hafi verið borin út opinberlega gegn betri vitund, enda hafi hið rétta verið komið fram í málinu.

Stefnandi heldur því fram, að með því að birta margnefnda greinargerð á prenti hafi stefndi unnið til refsingar vegna áðurgetinna ummæla samkvæmt 236. eða 234.—235. grein laga nr. 19/1940 og beri við ákvörðun hennar að hafa hliðsjón af 72. gr. laganna. Stefnandi telur og, að stefnda beri að dæma til greiðslu miskabóta að fjárhæð kr. 100.000.00 samkvæmt 264. gr. sömu laga. Ummælin, sem birtust 15. nóvember 1963, telur stefnandi, að ómerkja beri eftir 241. grein laganna. Loks telur hann, að stefnda beri að dæma til að birta í blaðinu Frjálsri þjóð dóm í máli þessu. Þá kröfu byggir hann á 22. gr. laga nr. 57/1956.

Stefndi styður sýknukröfu sína með því í fyrsta lagi, að í dómi bæjarþingsins í máli nr. 1950/1963 stendur: „Báðir aðilar hafa viðhaft allstór orð við rekstur málsins, en ekki þykja efni til, að þeir sæti viðurlögum af þeim sökum". Þar sem greinargerðin, sem birt var í Frjálsri þjóð í nóvember 1963, var lögð fram í þessu máli, hefur, að því er stefndi heldur fram, með þessum ummælum í dóminum verið kveðinn upp dómur um það, að ekki séu efni til, að stefndi sæti viðurlögum fyrir greinargerðina. Þessa niðurstöðu telur stefndi, að Hæstiréttur hafi staðfest með dómi sínum 20. júní 1966.

Að þessu athuguðu telur stefndi, að mál þetta snúist um það eitt, hvort hann sem ábyrgðarmaður Frjálsrar þjóðar á sínum tíma eigi að sæta viðurlögum fyrir að birta í blaðinu ósaknæma greinargerð í máli, sem höfðað hafi verið vegna greinar í blaðinu. Hér liggi þó eigi fyrir að athuga nema það úr greinargerðinni, sem birtist 2. nóvember, þar sem dómur hafi þegar gengið um það, er birtist 15. nóvember, og á stefnandi þá við dóm þann, er gekk 6. janúar 1965 og Hæstiréttur ómerkti.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína að þessu athuguðu með því, er nú skal greina:

Hann telur, að greinargerð, sem lögð hefur verið fram á „opinberu dómþingi", sé þar með orðin opinbert gagn, sem hver maður geti átt frjálsan aðgang að. Telur stefndi, að það hafi ekki falið í sér lagabrot að leggja fram greinargerð hans í máli nr. 1950/1963 og að af því leiði, að það sé ekki heldur lagabrot að birta hana í Frjálsri þjóð. Séu engin dæmi til málssóknar vegna slíkrar birtingar, enda mætti þá með jafnmiklum rétti lögsækja menn fyrir birtingu dóma.

Þá telur stefndi, að þau ummæli, er birtust 2. nóvember og stefnandi reisir kröfur sínar á, séu ekki óviðurkvæmileg, ef þau eru lesin í réttu samhengi. Loks telur stefndi, að málssókn þessi feli í sér tilraun af hálfu stefnanda til að fá stefnda refsað fyrir að taka til varna í hinu fyrra máli milli sömu aðilja. Sé hér vegið gegn einhverjum hinum mikilvægustu réttindum borgaranna.

Þau rök stefnda, sem nú hefur verið skýrt frá, voru borin fram við munnlegan flutning málsins 20. desember s. l. Í ræðu sinni þá vék stefndi og að lagarökum, sem hann hafði áður fært fram og varða öll þau ummæli, sem stefnandi byggir kröfur á. Heldur stefndi því fram, að í margumræddri greinargerð hafi ekki verið

endurtekin ummæli þau, sem birtust í Frjálsri þjóð 7. september 1963. Þvert á móti hafi stefndi ekki viljað taka afstöðu til þess að sinni, hvort heimildir höfundar þeirrar greinar væru að öllu leyti réttar, og bent á nauðsyn þess að kanna málið. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi rofið ummæli sín í greinargerðinni úr réttu samhengi, en í henni sé gætt fyllstu hófsemi og á engan hátt brotið gegn lögum með birtingu hennar í blaði. Stefndi telur alla málssókn stefnanda með sama marki brennda og áður er lýst um hluta hennar, þ. e. tilraun til að fá stefnda refsað fyrir að taka með réttmætum og löglegum hætti til varna í dómsmáli.

Þau ummæli stefnanda, sem stefndi krefst, að verði dæmd dauð og ómerk, telur stefndi röng. Í stefnu og greinargerð stefnanda telur hann felast refsiverðar aðdróttanir í sinn garð, sem baki stefnanda bótaskyldu.

Niðurstaða.

Hinn 11. febrúar 1964, er mál þetta kom fyrir á reglulegu dómþingi bæjarþings Reykjavíkur, var bókað um þá ákvörðun dómara, að málið skyldi flytja munnlega. Slíkur flutningur fór fram tvívegis, áður en málið var dæmt hið fyrra sinnið, þ. e. 2. október og 3. desember 1964. Sami dómari hlýddi á málflutning í bæði skiptin og kvað síðan upp dóm 6. janúar 1965. Í hvorugt sinnið, sem flutningur fór fram, veitti hann neinu athygli í málflutningi stefnanda, sem sjálfur flutti málið, er benti til þess, að hann gerði dómkröfur, byggðar á því, sem birtist í blaðinu Frjálsri þjóð 2. nóvember 1963.

Á það verður ekki fallizt með stefnda, að kröfu hans um sýknu beri að taka til greina, þegar af þeirri ástæðu, að jafnan sé heimilt að birta skjöl, sem lögð hafa verið fram á dómþingi, er háð hefur verið í heyranda hljóði, án þess að við geti legið ábyrgð samkvæmt XXV. kafla laga nr. 19/1940. Ljóst er, að slík birting getur leitt til þess, að aðdróttanir eða móðganir verði kunnar mönnum, er eigi vissu um þær áður, og orðið til að gefa fólki hlutdregna mynd af málinu. Þykir því verða að virða, hvort svo standi á um þá greinargerð, er stefndi hafði lagt fram á bæjarþinginu og síðan var birt í Frjálsri þjóð.

Í birtingu greinargerðar stefnda í Frjálsri þjóð 2. og 15. nóvember 1963 felst ekki hlutlaus frásögn um málavexti í bæjarþingsmáli nr. 1950/1963 eða rekstur þess. Í því, er birtist í blaðinu 2. nóvember, kemur fram ófullnægjandi mynd af viðskiptum stefnanda við frú Karólínu Guðlaugsdóttur, og er hlutur stefn-

anda þar gerður verri en efni stóðu til. Í því, er birtist í blaðinu 15. nóvember, er vikið að viðskiptum stefnanda og Ágústs Sigurðssonar, en um þau hafði Frjáls þjóð haft uppi fullyrðingar, sem dómstólar hafa fjallað um. Svo sem fyrr er frá greint, varð niðurstaða þeirra sú, að fullyrðingar þessar fengju ekki staðizt. Ummæli þau, sem birtust í Frjálsri þjóð 15. nóvember, fela ekki í sér fullyrðingu um, að áður hafi verið satt sagt. Verður að virða þau ummæli, er stefnandi byggir kröfur sínar í þessu máli á, eftir því samhengi, sem þau standa í. Hins vegar er þess að gæta, að í greinargerð, sem stefnandi hafði lagt fram 28. september 1963 í máli nr. 1950/1963, hafði hann hrakið ummæli Frjálsrar þjóðar um kaup sitt fyrir lögmannsstörf í þágu Ágústs Sigurðssonar, og með tilliti til þess verður frásögn sú, sem birtist í Frjálsri þjóð, að teljast gera hlut hans verri en efni stóðu til.

Að því athuguðu, sem nú hefur verið rakið, þykir eiga að virða það, hvort í birtingu greinargerðar stefnanda 2. og 15. nóvember 1963 í Frjálsri þjóð felist refsiverðar móðganir eða aðdróttanir. Þótt hlutur stefnanda hafi verið gerður verri en rétt var, er hins að gæta, að þess var rækilega getið, að hér væri um að ræða greinargerð annars aðilja í dómsmáli, og ekki var hert á því, er áður hafði verið sagt um stefnanda í sama blaði, heldur úr því dregið. Þegar ummælin, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, eru skoðuð í ljósi þessa, verður ekki talið, að í þeim felist slík móðgun eða aðdróttun í garð stefnanda, að kröfur hans verði teknar til greina.

Stefndi hefur gert kröfu um ómerkingu ummæla í stefnu og greinargerð stefnanda, og eru þessi ummæli áður nefnd. Þá gerir stefndi kröfu um, að stefnandi sæti viðurlögum fyrir ummæli þessi og fyrir „ósæmilega tilvitnunaraðferð". Kröfur þessar verður að telja dómtækar, sbr. 188. gr. laga nr. 85/1936. Stefnandi er harðorður í stefnu og greinargerð, en mjög skortir einnig á, að stefndi hafi gætt hófs í ummælum, er hann hefur viðhaft í skjölum og ræðum varðandi málið. Með hliðsjón af meginreglunni í 239. gr. laga nr. 19/1940 þykir ekki eiga að koma til viðurlaga vegna ummæla, sem aðiljar hafa haft hvor um annan, meðan málið hefur verið rekið. Þegar af þessari ástæðu verða nýnefndar kröfur stefnda ekki teknar til greina. Rétt er, að málskostnaður falli niður, sbr. 178 gr. laga nr. 85/1936.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppsagan hefur dregizt vegna þingleyfis og anna.

Dómsorð:

Stefndi, Einar Bragi Sigurðsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Magnúsar Thorlacius, í máli þessu. Áðurnefndar kröfur stefnda verða ekki teknar til greina. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 15. marz 1968.

Nr. 109/1967. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
gegn
Áka Jakobssyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skattamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1967. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda, sem eftir áfrýjun málsins hefur greitt samkvæmt héraðsdómi kr. 36.199.00, verði dæmt að greiða opinber gjöld frá árunum 1960 til 1963, er í málinu greinir, samtals að fjárhæð kr. 244.448.00 ásamt 12% ársvöxtum af kr. 204.675.00 frá 15. október 1963 til 1. febrúar 1965 og af kr. 244.448.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda, staðfestingar ákvæðis héraðsdóms um málskostnað og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Eins og í héraðsdómi greinir, seldi stefndi með hagnaði spildu í landareign Reynisvatns í Mosfellshreppi og hluta tveggja húseigna, nr. 100 við Efstasund og nr. 88 við Skipasund í Reykjavík. Er eignir þessar voru seldar, hafði stefndi

átt þær allar lengur en fimm ár. En þar sem skattayfirvöld gegn neitun stefnda töldu hann hafa keypt eignirnar í því skyni að selja þær aftur með hagnaði, var söluhagnaðurinn metinn honum til skattskyldra tekna, sbr. e-lið 7. gr. laga nr. 46/1954 og E-lið 7. gr. laga nr. 70/1962, og til þeirrar ákvörðunar eiga rót sína að rekja gjöld þau, sem stefndi er sóttur um í máli þessu.

Stefndi keypti lendu þá í Mosfellshreppi, sem um er að tefla, og reisti þar sumarbústað til eigin nota. Með hliðsjón af þessari nýtingu lendunnar og gögnum málsins að öðru leyti verður hagnaður af sölu hennar eigi talinn til skattskyldra tekna stefnda.

Húsin Efstasund 100 og Skipasund 88 kveðst stefndi hafa keypt að sínum hluta og endurbyggt í því skyni að leigja þar íbúðir, en eigi til að selja húsnæðið aftur með hagnaði. Leiga íbúðanna hafi hins vegar ekki gefið góða raun og meðal annars af þeim sökum hafi hann að lokum selt þessar eignir sínar. Þar sem skýrslu stefnda um þetta efni hefur ekki verið hnekkt, verður umræddur söluhagnaður eigi skattlagður.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum verður ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað hér fyrir dómi, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Áki Jakobsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júlí 1967.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 30. júní s.l. Stefnandi er Gjaldheimtan í Reykjavík, en stefndi Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, Bjargarstíg 15 hér í borg. Málið var höfðað með stefnu, sem út var gefin 23. febrúar 1966, en þingfest 1. marz s. á.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu opinberra gjalda að fjárhæð kr. 280.647.00 auk 12% ársvaxta af kr. 240.874.00 frá 15. október 1963 til greiðsludags og af kr. 39.773.00 frá 1. febrúar 1965 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati dómara. Sú varakrafa var gerð, þegar málið var munnlega flutt, að stefndi verði dæmdur til greiðslu opinberra gjalda að fjárhæð kr. 36.199.00 auk 12% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 15. október 1963 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að mati dómara.

Í greinargerð stefnda sjálfs, sem fram var lögð 12. apríl 1966, var krafizt sýknu og málskostnaðar. Við munnlegan flutning málsins var hins vegar krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 36.199.00. Jafnframt var krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru í stuttu máli þeir, að stefndi seldi á sínum tíma nokkrar fasteignir, sem hann hafði átt lengur en fimm ár. Skattayfirvöld hafa úrskurðað, að honum beri að greiða opinber gjöld af hagnaði af þessum sölum, en stefndi telur sér það óskylt að lögum. Verða málavextir nú raktir nánar í þeim mæli, sem nauðsyn þykir til bera.

Spilda úr landi Reynisvatns. Stefndi átti á sínum tíma spildu úr landi Reynisvatns í Mosfellshreppi, Gullbringu- og Kjósarsýslu. Ekki hefur verið um það deilt, að stefndi hafi átt eign þessa lengur en í 5 ár. Á framtali 1963 kvaðst hann hafa selt spilduna árið áður fyrir kr. 70.000.00, en óumdeilt er, að hann keypti hana á kr. 35.000.00. Fram kom síðar, að á árinu 1959 hafði stefndi gert samning við mann nokkurn um að selja honum eign þessa, og hafði eignarheimild mannsins verið þinglýst 7. apríl 1959. Stefndi skýrði hins vegar svo frá, að greiðsludráttur hefði orðið og hann ekki fengið söluverð eignarinnar fyrr en 1962, enda talið hana meðal eigna sinna á skattframtali, sem skýrði frá eignum hans í árslok 1961. Skattayfirvöld töldu hins vegar, að rétt hefði verið að telja eign þessa selda 1959 og að af því leiddi, að á framtali 1960 hefði borið að telja fram 35.000 króna söluhagnað. Í samræmi við þetta var stefnda gert að greiða

kr. 595.00 í tekjuskatt vegna gjaldársins 1960, en ákvörðun hér að lútandi var ekki tekin fyrr en með úrskurði ríkisskattanefndar 25. júní 1964. Hafði ekki annar aðili um þetta fjallað, þar sem það kom ekki upp fyrr en við athugun ríkisskattanefndar á öðrum eignasölum stefnda, er um ræðir síðar í dómi þessum.

Hlutar fasteignanna Efstasuds 100 og Skipasunds 88 í Reykjavík. Á árinu 1954 eignaðist stefndi hálfa húseignina Efstasund 100 í óskiptri sameign með Kristjáni Eiríkssyni hæstaréttarlögmanni. Hér var um að ræða timburhús, sem flutt hafði verið af lóð í miðbænum, en síðar endurbætt á hinum nýja stað. Á árinu 1960 seldi stefndi hálfan hluta sinn í fasteign þessari og á árinu 1961 hinn helming eignarhluta síns. Það er óumdeilt í málinu, að söluverð þess hluta, sem seldur var 1960, hafi verið hærra en kostnaðarverð hans og að þessi mismunur nemi kr. 162.200.63. Skattayfirvöld töldu þetta skattskyldan söluhagnað og hækkuðu tekjuskatt stefnda á gjaldárinu 1961 þess vegna um kr. 19.178.00. Endanlega var þetta ákveðið með úrskurði ríkisskattanefndar 26. júlí 1965, en skattstofa Reykjavíkur hafði ákveðið hækkun með sama hætti 9. nóvember 1964. Það er enn fremur óumdeilt í máli þessu, að söluverð þess hluta, sem seldur var 1961, hafi verið hærri en kostnaðarverð hans. Skattstofa Reykjavíkur taldi, að þetta væri skattskyldur söluhagnaður stefnda og hækkaði hinn 20. maí 1963 útsvar og tekjuskatt hans gjaldárið 1962. Verður því lýst nánar í sambandi við sölu á hluta Skipasunds 88.

Stefndi var um skeið eigandi hluta húseignarinnar Skipasunds 88. Var hér um að ræða timburhús, sem flutt var af lóð í miðbænum. Stefndi átti fyrst þriðjung hússins, en aðrir eigendur voru Kristján Eiríksson og Eggert Ísdal. Mun stefndi hafa eignazt þennan hluta 1954. Árið eftir mun hann hafa keypt hálfan hluta Eggerts Ísdals, og áttu þeir Kristján Eiríksson eftir það um nokkurra ára skeið húsið í óskiptri sameign, hálfa eignina hvor. Á skattframtali 1962 kemur fram, að 1961 seldi stefndi 54% af sínum eignarhluta í Skipasundi 88 (27% í allri eigninni). Hin 20. maí 1963 ákvað skattstjórinn í Reykjavík og framtalsnefnd Reykjavíkur að hækka skyldi tekjuskatt og tekjuútsvar stefnda 1962 vegna hagnaðar af sölum á þessum hluta svo og vegna áðurnefndrar sölu á 25% af Efstasundi 100. Tekjuskatturinn 1962 hækkaði um kr. 74.285.00, en tekjuútsvarið um kr. 70.100.00. Hinn 18. september 1963 staðfesti ríkisskattanefnd

þessa niðurstöðu, og verður síðar sagt frá úrskurði nefndarinnar.

Ekki er tölulegur ágreiningur um hækkun gjalda ársins 1962 (vegna tekna 1961), en þó skal hér sýnt, hvernig skattayfirvöld reiknuðu hækkunina, og miðast yfirlitið við eignarhluta beggja eigenda, stefnda og Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns:

Selt 50% Efstasunds 100 á		kr. 760.000.00
Kostnaðarverð	kr. 375.598.00	
Viðhald 1961	— 84.600.00	— 460.198.00
	Söluhagnaður	kr. 299.802.00
Selt 54% Skipasunds 88 á		— 1.060.000.00
Kostnaðarverð	kr. 680.385.00	
Viðhald 1961	— 76.400.00	— 756.785.00
		Kr. 303.215.00
Söluhagnaður af Efstasundi 100		— 299.802.00
Söluhagnaður af Skipasundi 88		— 303.215.00
		Kr. 603.017.00
÷ talið til tekna		— 50.000.00
Meintur skattskyldur hagnaður		kr. 553.017.00
Fært á framtal Áka Jakobssonar 50%		— 276.508.00

Á árinu 1962 seldi stefndi 32% af hluta sínum í Skipasundi 88 (16% af allri eigninni). Ríkisskattanefnd fjallaði um skattlagningu þessa vegna, án þess að skattstofa Reykjavíkur hefði áður gert það. Úrskurðaði ríkisskattanefnd 25. júní 1964, að skattskyldur söluhagnaður af þessum húshluta skyldi teljast kr. 88.406.16. Stefndi er í máli þessu krafinn um opinber gjöld vegna gjaldársins 1963, að fjárhæð kr. 96.489.00, en ágreiningslaust er nú eftir munnlegan flutning máls þessa, að honum beri að greiða af þessari upphæð kr. 36.199.00. Ágreiningur er þá um kr. 60.290.00, og er ekki umdeilt í málinu, að þar sé um að ræða gjöld vegna hins meinta söluhagnaðar af hluta Skipasunds 88 á árinu 1962. Gjöldin vegna álagningarársins 1963 sundurliðast sem hér segir:

	Álagt	Þar af óumdeilt
Tekjuskattur	kr. 31.128	3.115
Eignarskattur	— 1.636	
Námsbókagjald	— 203	203
Kirkjugjald	— 200	200
Kirkjugarðsgjald	— 614	270
Slysatryggingagjald atvinnurekenda	— 1.161	1.161
Lífeyristryggingagjald	— 4.220	4.220
Sjúkrasamlagsgjald	— 1.500	1.500
Atvinnuleysistryggingasjóðsgjald	— 2.427	2.427
Almennt tryggigasjóðsgjald	— 2.300	2.300
Tekjuútsvar	— 46.503	18.803
Eignaútsvar	— 2.597	
Aðstöðugjald	— 2.000	2.000
	Alls kr. 96.489	36.199

Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, er í máli þessu gerð krafa af hálfu stefnanda um, að stefndi verði dæmdur til að borga opinber gjöld, sem miðað við tekjur tiltekinna ára sundurliðast þannig:

1960	kr. 595
1961	— 39.178
1962	— 144.385
1963 umdeilt	— 60.290
	Kr. 244.448
1963 óumdeilt	— 36.199
	Alls kr. 280.647

Rétt er að taka upp í atvikalýsingu þessa nokkra frásögn af kærum stefnda vegna hinnar umdeildu álagningar.

Í bréfi skattstofu Reykjavíkur til stefnda 6. maí 1963, sem undirritað er f. h. skattstjóra og framtalsnefndar, segir svo:

„Á framtali yðar 1962 kemur fram, að þér hafið selt 25% af Efstasundi 100 og 27% af Skipasundi 88. Þar sem ætla má, að þér hafið keypt nefndar eignir í því skyni að selja þær aftur með ágóða, myndi söluhagnaður vera stofn fyrir tekjuskatt og

útsvar, sbr. staflið e í 7. gr. laga nr. 46/1954 ...". Þessi ummæli eru hin fyrstu, sem skattayfirvöld hafa látið falla um ágreiningsatriði máls þessa, það séð verði af skjölum þess. Bréfi þessu var svarað af hálfu stefnda, og í tilefni af því svari segir á þessa leið í bréfi, dagsettu 20. maí 1963, til stefnda frá skattstofunni:

„Með bréfi, dags. 14. þ. m., viðurkennir umboðsmaður yðar, að hann hafi ekkert að athuga við útreikning skattstofunnar á söluhagnaði eignanna, en þessa útreikninga hafði hann kynnt sér á skattstofunni.

Hins vegar heldur hann því fram í bréfinu, að þessi söluhagnaður sé ekki skattskyldur. Ætla verður þó, að þér hafið keypt nefndar eignir í því skyni að selja þær aftur með ágóða, ekki sízt, þegar tillit er tekið til þess, að undanfarin ár hafið þér stundað kaup og sölu á fasteignum".

Í kæru til ríkisskattanefndar 30. ágúst 1963 segir umboðsmaður stefnda, og er hér enn verið að fjalla um álagningu 1962:

„Þessu svarar umbj. minn á þann veg, að hans hugsun hafi upphaflega verið sú að eiga nefndar fasteignir og hafa af þeim leigutekjur, en alls ekki að selja þær aftur.

En síðar hafi til þess komið, að hann hafi ákveðið að hefja byggingu fiskverkunarstöðvar og snúa sér að rekstri hennar, en hverfa frá öðrum störfum. Þetta hafi valdið því, að hann hafi ákveðið að selja umræddar fasteignir.

Því sé því alls ekki til að dreifa, að hann hafi haft í hyggju að selja nefndar fasteignir aftur, þá er hann eignaðist þær, heldur hafi sú ákvörðun verið tekið löngu síðar".

Ríkisskattanefnd kvað upp úrskurð í tilefni nýnefndrar kæru 18. september 1963, og vitnar nefndin síðan í hann varðandi öll síðari ágreiningsatriði, sem um er fjallað í dómi þessum. Í úrskurðinum segir m. a.:

„Í framtali gjaldársins 1954 telur kærandi sig hafa keypt á árinu 1952 fasteignirnar Árbæjarblett 29 á kr. 8.000.00 og 7 hektara úr landi Reynisvatns á kr. 35.000.00.

Fasteignina að Árbæjarbletti 29 selur kærandi á árinu 1954, sbr. framtal gjaldársins 1955, án hagnaðar, en eign úr Reynisvatnslandi telur hann sig selja á árinu 1962 á kr. 70.000.00, sbr. framtal gjaldársins 1963, en skv. upplýsingum, sem skattstjóri hefur aflað, er þinglesin sala þessarar eignar 7. apríl 1959.

Í framtali gjaldársins 1955 telur kærandi sig kaupa eftirtaldar fasteignir á árinu 1954:

Eignina Efstasund 100 að ½ á móti Kristjáni Eiríkssyni.

Eignina Skipasund 88 að ⅓ á móti Kristjáni Eiríkssyni og Eggert Ísdal.

Tvær lóðir úr landi Hóla í Skerjafirði að ½ á móti Kristjáni Eiríkssyni.

Frystihús í Sandgerði að ½ á móti Kristjáni Eiríkssyni, og í framtali gjaldársins 1956 telur kærandi sig kaupa á árinu 1955 að ½ hl., eignarhluta Eggerts Ísdal í Skipasundi 88, og á þar með ½ hl. þeirrar fasteignar á móti Kristjáni Eiríkssyni, ennfremur kostar gjaldandi til fasteignarinnar á því ári kr. 338.814.00 svo og frekari kostnaður lagður í eignina á árinu 1956, sbr. framtal gjaldársins 1957.

Í framtali gjaldársins 1957 telur kærandi sig selja á árinu 1956 eignarhluta sinn í frystihúsi í Sandgerði, án hagnaðar.

Í framtali gjaldársins 1961 telur kærandi sig selja á árinu 1960 ½ hl. af eignarhluta sínum í Efstasundi 100, með hagnaði, og í framtali gjaldársins 1962 telur hann sig selja á árinu 1961 þann eignarhluta, sem eftir var í þeirri eign, með hagnaði.

Í framtali gjaldársins 1962 telur kærandi sig selja á árinu 1961 54% af eignarhluta sínum í Skipasundi 88, eða 27% af fasteigninni, með hagnaði.

Í framtali gjaldársins 1957 telur kærandi sig kaupa á árinu 1956 fasteignina Setberg við Lágholtsveg að ½ á móti Kristjáni Eiríkssyni. Ennfremur telur kærandi til eignar „Holtsgata 22—23, kr. 364.175.44“ í sama framtali. Hér virðist vera um að ræða kaup á eignarlóð, sem kærandi ásamt Kristjáni Eiríkssyni hóf á byggingarframkvæmdir, og var þeim haldið áfram á árinu 1957.

Fasteignina Setberg við Lágholtsveg selur kærandi ásamt Kristjáni Eiríkssyni á árinu 1958 með hagnaði, sbr. framtal gjaldársins 1959.

Á árunum 1957 og 1958, sbr. framtöl gjaldáranna 1958 og 1959, selur kærandi, ásamt Kristjáni Eiríkssyni, með hagnaði eignarhluta sinn í Holtsgötu 22, en kærandi minnist eigi frekar á eignina Holtsgötu 23.

Í framtali gjaldársins 1962 telur kærandi sig kaupa á árinu 1961 50% fasteignarinnar Bergþórugötu 29 og selja sama ár 80% þess eignarhluta án hagnaðar.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, verður að fallast á það sjónarmið skattstjóra, að hér sé um kaup á fasteignum að ræða í því skyni að selja þær aftur með ágóða, og sé hagnaður af sölu eignarhluta í fasteignunum Efstasund 100 og Skipasund 88 því skattskyldur, sbr. 1. mgr. E-liðs 7. gr. laga nr.

70/1962, um tekjuskatt og eignarskatt, og 1. mgr. e-liðs 7. gr. laga nr. 46/1954".

Áður er tekið upp það, sem umboðsmaður stefnda sagði í kærubréfi til ríkisskattanefndar 30. ágúst 1963. Í greinargerð þeirri, sem stefndi lagði fram í þessu dómsmáli 12. apríl 1966, segir m. a.:

„Mál þetta er allt af því risið, að ég og Kristján Eiríksson fyrrv. félagi minn um lögfræðiskrifstofu keyptum húsin Laugavegur 13, sem var flutt inn á lóðina nr. 100 við Efstasund, og húsið Lækjargata 10 B, sem var flutt inn á lóðina Skipasund 88. Hús þessi standsettum við og innréttuðum í hvoru fyrir sig 6 íbúðir, eða samtals 12 íbúðir. Þessar íbúðir ætluðum við að leigja, en ekki selja. Við leigðum íbúðirnar á lögleyfðu verði, en létum leigjendur leggja fram ákveðna peningaupphæð, sem átti að vera til tryggingar fyrir skemmdum eða vanefndum á leigugreiðslu. Hins vegar áttu leigutakar rétt á sparisjóðsvöxtum af þessari upphæð, sem þeir lögðu fram. Með þessu móti hugðumst við fá fasta góða leigjendur. Kristján félagi minn annaðist af okkar hálfu stjórn á þessari útleigu. Þetta fyrirkomulag reyndist þó ekki eins og til stóð, leigutakaskipti urðu ör, og þá varð að standsetja íbúðirnar að nýju, og fóru þá greiddar leigutekjur í það og meira til, þó ekki væri um skemmdir að ræða, sem hægt var að taka af geymslufénu. Þá kom fyrir, að ekki fengust strax leigjendur upp á þau kjör, sem við vorum búnir að ákveða, þá sótti bærinn á að fá leigt. Hann vildi ekki fallast á þau kjör, heldur greiddi venjulega fyrirfram fyrir sitt fólk. Þessar leigur voru þó venjulega í nafni leigjandans. Þegar hann svo skemmdi leiguhúsnæðið, var engan hægt til sakar að sækja, enda varla mögulegt í rekstri að standa í stöðugum málaferlum. Allt þetta varð til þess, að Kristján Eiríksson félagi minn þreyttist á þessu eilífa stappi með leigjendurna, sem aldrei stóðu nema stutt við í íbúðunum, og vildi hætta þessu og selja íbúðirnar. Ég var því algerlega mótfallinn að selja, en lét þó tilleiðast, er Kristján sótti þetta svo fast. Um það leyti var ég að byrja á fiskverkun í Vestmannaeyjum með öðrum mönnum, og hafði það líka sín áhrif ...".

Í þessari atvikalýsingu þykir hér eftir eiga að víkja að því, að stefndi hefur óskað upplýsinga frá skattayfirvöldum um beitingu laga og reglugerðarákvæða, sem hin umdeilda álagning opinberra gjalda er byggð á. Að þessu er vikið í áðurnefndri greinargerð stefnda, en sama dag og hún var lögð fram, þ. e. 12. apríl

á fyrra ári, ritaði stefndi skattstjóranum í Reykjavík og óskaði eftir upplýsingum „um reglur þær, sem Skattstofan í Reykjavík fylgir, er hún skattleggur ágóða af sölu fasteignar, þó skattþegn sé búinn að eiga eignina í full 5 ár ...". Í svarbréfi frá 19. apríl segir, að skattstofan hafi „ekki sett neinar almennar reglur varðandi skattskyldu" í slíkum tilvikum, og sé ekki „heldur kunnugt um, að ríkisskattanefnd eða fjármálaráðuneytið hafi nokkru sinni sett slíkar reglur umfram það, sem stendur í 15. gr. reglugerðar nr. 245/1963". Ríkisskattanefnd vísaði í sínu svari til svara skattstofunnar.

Mál þetta kom fyrir á bæjarþingi 26. september 1966, og var þá m. a. bókað: „Stefndi skorar á lögmann stefnanda að leggja fram skrá yfir þá gjaldendur, sem skattstofan í Reykjavík hefur lagt á tekjuskatt og sem lagt hefur verið á útsvar vegna fasteignasölu með sama hætti og gert hefur verið, að því er stefnda varðar og um er deilt í málinu". Kvaðst stefndi hafa í hyggju að fá sérfræðinga dómkvadda til að athuga skrána og láta upp álit um, hvaða reglum hefði verið fylgt.

Hinn 24. október 1966 ritaði skattstjórinn í Reykjavík, Halldór Sigfússon, bréf til gjaldheimtustjórans í Reykjavík, sem sjálfur hefur flutt mál þetta. Í bréfinu segir:

„Með nýjum skattalögum nr. 46/1954 var sú breyting gerð á e-lið 7. gr. nefndra laga, að felld var niður tekjuskattsskylda á söluhagnaði fasteigna, sem verið hafði skemur en 5 ár í eigu seljanda, ef hann síðar varði söluverðinu til kaupa nýrrar eignar innan eins árs, eða byggði innan tveggja ára — síðan framlengt í þrjú ár.

Þessi rýmkunarákvæði sköpuðu skattþegnum ýmiss konar möguleika til að komast fram hjá sölugróðaskattskyldu samkv. 1. málgr. nefndrar greinar — en skattstofunni að sjálfsögðu stóraukna vinnu og erfiðleika við rannsóknir í þessu sambandi.

Vegna þessarar stórauknu vinnu við að fylgjast með og rannsaka allar fasteignasölur, endurkaup og nýbyggingar, innan hinna framagreindu tilteknu skattfrelsistakmarka hefur hin síðustu ár orðið naumt á tíma hjá skattyfirvöldum til rannsókna á sölum *utan* fimm ára eignartímareglunnar í umræddri lagagrein. Sú mikla tilhliðrun, sem löggjafinn sýndi, með nefndri lagabreytingu, gagnvart þeim, sem höfðu hagnað af sölu innan fimm ára tímabilsins, og oft gífurlegan, mun og kannske óbeint hafa haft þau áhrif, að skattyfirvöld eða starfsmenn þeirra hafi ekki lagt sig eins í framkróka í eltingaleik við hina, sem selt hafa *eftir*

fimm árin og keypt kynnu að hafa með sölugróðasjónarmið í huga. Úrskurðir og dómar hafa og frekar þótt benda í þá átt, að sölugróðasjónarmiðið yrði að koma nokkuð skýrt fram í þessu sambandi, til þess að slíkri skattlagningu yrði ekki hrundið.

Síaukið fjárfestingaræði fólks, sem fjármálaathafnir almennt markast af, hafa og enn aukið á vandann við að ákveða um það, í hvaða tilgangi þessi eða hin eign hefur verið keypt eða byggð í *upphafi* — þ. e. hvort fjárfestingin er ætluð til frambúðar ellegar framtíðar-sölu, oft og tíðum óvíst, hvort málsaðilar sjálfir hafa í byrjun gert sér grein fyrir því.

Atriðið, hvenær telja megi, að eign hafi verið keypt „í því skyni að selja hana aftur með ágóða", er eitt af eilífðarvandamálum skattsögunnar, og aldrei vandmeðfarnara en nú. Sennilega hefur ekki verið alfullkomið samræmi í, hvernig mál þessi hafa verið metin og vegin á ýmsum tímum eða í ýmsum skattumdæmum, en svo er hætt við, að hafi verið og verði um æðimargt, sem tekjuskattframkvæmd varðar.

Það, sem skeður í þessu tiltekna máli, sem hér um ræðir, er ekkert nema það, að skattyfirvöld, sem um þessi mál hafa fjallað, hafa talið, að kaup og sala í þessum umræddu viðskiptum væri þess eðlis, að rétt væri að láta æðstu úrskurðarvöld þessara mála fjalla um þessa skattlagningu og úrskurða.

Að sjálfsögðu færir skattstofan engar sérstakar skrár um einstakar tegundir tilvika, sem leitt hafa til skattlagningar, og þá heldur ekki í því tilviki, sem hér um ræðir. En vitanlega eru skattyfirvöld reiðubúin að láta dómstólum í té þær upplýsingar, sem að gagni mættu verða, til að létta lausn einstakra mála. En með tilvísun til þess, sem áður er sagt, telur skattstofan sig þess lítt umkomna að geta veitt nokkrar upplýsingar, sem verið geti dómstólnum til leiðbeiningar í þessu máli. Hvert einstakt mál verður að úrskurðast út frá sínum sérástæðum".

Eftir að bréf þetta var fram komið, ritaði stefndi hinn 26. nóvember s.l. gjaldheimtustjóranum bréf, sem að meginmáli er þannig:

„Ég leyfi mér hérmeð að fara þess á leit við yður, að þér aflið svara skattstjórans í Reykjavík við eftirfarandi spurningum, en ég mun leggja fram í bæjarþingi Reykjavíkur svör þau, sem mér berast:

1. Hefur á árunum frá 1960 verið lagðir tekjuskattar og útsvör á tekjur af sölu fasteigna, er menn hafa átt í meira en fimm

ár, hjá nokkrum öðrum gjaldendum en Áka Jakobssyni hrl. og Kristjáni Eiríkssyni hrl.?

2. Ef svo er, vill skattstofan upplýsa, hvaða aðilar það eru?

3. Er það rétt, að Óskar Björnsson, fulltrúi á Skattstofunni, hafi einn annazt álagningu slíka sem þessa og þar með álagningu á þá Áka Jakobsson og Kristján Eiríksson?

4. Man téður Óskar Björnsson eftir nöfnum þeirra annarra skattaðila, sem skattlagðir hafa verið á þennan hátt?"

Þessu svaraði skattstofan 5. desember s.l., og var svarbréfið undirritað f. h. skattstjóra af Ásgeiri Jónssyni skrifstofustjóra. Í bréfinu segir m. a.:

„Málið hlýtur að snúast um það, hvort skattstofan hafi í þessu tilviki ranglega skattlagt sölugróða, sem samkvæmt eðli málsins ætti ekki að skattleggja, að áliti gjaldanda.

Það liggur í hlutarins eðli, að það er ekki ætíð auðvelt mál að úrskurða um þetta efni, og ágreiningur því í alla staði eðlilegur.

Út af spurningu 1 og 2 er vísað til bréfs skattstjóra, dags. 24. okt. s.l., og endurtekið, að skattstofan færir engar sérstakar skrár um einstakar tegundir tilvika, sem leitt hafa til skattlagningar, og þá heldur ekki í því tilviki, sem hér um ræðir.

Til þess að svara spurningunni afdráttarlaust þá yrði að yfirfara öll skattframtöl frá því árið 1960, og ekkert skal um það sagt, hvort þar mundu aðrir finnast en þeir, sem um er spurt.

Þeir aðilar, sem gera eitthvað að því að byggja eða kaupa hús í því skyni að selja aftur, selja yfirleitt innan fimm ára. Margir slíkir hafa selt í þeirri trú, að söluhagnaðurinn væri skattfrjáls, ef þeir keyptu fasteign innan árs eða byggðu innan 3ja ára frá söludegi. Það er algengt að slíkur sölugróði sé skattlagður á þeirri forsendu, að eignarinnar hafi verið aflað í þeim tilgangi að selja hana aftur með hagnaði.

Menn eru yfirleitt ekki það fjársterkir að þeir kaupi meiriháttar húseignir (aðrar en þær, sem þeir nota að einhverju eða mestu leyti sjálfir) í þeim tilgangi að geyma í nokkur ár og selja síðan með hagnaði. Þó koma fyrir slík tilfelli.

Eins og fyrr segir, getur verið mjög erfitt að fullyrða um það, að eign, sem verið hefur lengur en 5 ár í eigu seljanda, hafi verið keypt í þeim tilgangi að selja aftur með hagnaði, en þó getur málið verið þannig, að allar líkur bendi til þess, að svo hafi verið, eins og t. d. í máli Áka Jakobssonar.

Skipasund 88 og Efstasund 100 eru aðflutt stórhýsi, sem stóðu

á dýrum lóðum í miðborginni og fengust fyrir lítið fé. Í hvoru húsi eru sennilega 4 íbúðir, ef ekki fleiri.

Þeir, sem fengu lóðir í Reykjavík undir hús þessi, gátu gert sér vonir um nokkurn hagnað af þessum kaupum, og er það sá hagnaður, sem nú er deilt um, hvort telja eigi skattskyldan.

Um spurningar 3 og 4 er litið svo á, að ekki skipti máli, hvaða starfsmaður eða starfsmenn fjalli um einstök framtöl, enda viðhöfð regla að upplýsa ekki um þau atriði, og liggja til þess gildar ástæður".

Stefndi krafðist þess, að skattstjórinn í Reykjavík kæmi fyrir dóm til nánari skýrslugjafar, en með úrskurði bæjarþingsins 14. febrúar s.l., sem Hæstiréttur staðfesti 16. marz, var þeirri kröfu hafnað.

Með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur 17. október 1964 var heimilað lögtak hjá Kristjáni Eirikssyni hæstaréttarlögmanni vegna opinberra gjalda, sem á voru lögð vegna sölu á festeignum, sem þeir stefndi áttu í sameign og seldu síðan, svo sem lýst hefur verið.

Málsástæður og lagarök, sem fram hafa komið af hálfu aðilja, eru í stuttu máli svo sem nú skal greina:

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hin umdeildu gjöld séu réttilega á lögð samkvæmt 7. grein laga nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt, en ákvæðið var tekið óbreitt í 7. grein laga um sama efni nr. 70/1962. Jafnframt er vísað til 15. greinar reglugerðar nr. 147/1955 um tekjuskatt og eignarskatt.

Í 7. gr. laga nr. 46/1954 segir m. a.:

„Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, alls konar arður, laun og gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

e. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina, eða öðlazt hana á annan hátt, í því skyni að selja hana aftur með ágóða eða hún hefur verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. . . .".

Í 15. grein reglugerðar nr. 147/1955 segir m. a.:

„Ágóði af sölu fasteigna eða lausafjár (þar með verðbréf og kröfur) skal talinn til tekna, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur aðila, sbr. 12. gr., ef ætla má að hann hafi

keypt eignina eða öðlazt hana á annan hátt (t. d. í makaskiptum) í því skyni að selja hana aftur með ágóða, en þar er það leiðarvísir, hvort hann hefur þurft á eigninni að halda eða eigi, hvort hann hefur þurft að taka eignina upp í skuld, eða hvort hann er kunnur að eignakaupum í ágóðaskyni o. s. frv.

1. Ágóði af sölu á fasteign er alltaf skattskyldur ef fatseign hefur verið skemur í eigu gjaldanda en 5 ár, nema ...".

Í málinu hefur af hálfu stefnanda verið vísað til rökstuðnings skattayfirvalda fyrir hinni umdeildu álagningu. Jafnframt er því haldið fram, að hin tilvitnuðu ákvæði beri með sér, að jafnan eigi að telja sölugróða af fasteignum til skattskyldra tekna, ef kaup fasteignarinnar eða bygging hafi til komið vegna þess, að eigandinn vildi síðar selja með hagnaði. Það sé að vísu rétt, að hlutlæg kennimerki verði að hafa til viðmiðunar, þegar fella skuli úrskurði um, að slíkur tilgangur hafi verið til staðar, en þessi kennimerki séu tilgreind í 15. gr. reglugerðar nr. 147/1955. Hafa ber í huga, að það sé almenn stefna löggjafans að greiða skuli opinber gjöld af tekjum, sem fengnar séu af skyndiviðskiptum. Hins vegar verði aldrei fullkomlega sannað eða afsannað, hver verið hafi tilgangur eigandans í upphafi, og verði því að fara eftir mati á því, sem almennt verði talið. Ef svo væri ekki, væru hin tilvitnuðu ákvæði þýðingarlaus.

Því er haldið fram, að ljóst sé, að stefndi hafi ekki þurft á þeim eignum að halda, sem hér er um fjallað. Hann hafi aldrei búið þar sjálfur og ekki átt þær nema skamman tíma, eftir að liðinn var sá 5 ára frestur, sem um ræðir í hinu tilvitnaða lagaákvæði. Þá er því haldið fram, að atvinna stefnda hafi verið að reka málflutnings- og fasteignasöluskrifstofu og að slík atvinnustarfsemi sé með þeim hætti, að líklegt sé, að hann hafi keypt fasteignirnar í því skyni að selja þær aftur með ágóða.

Að gefnu tilefni lýsti gjaldheimtustjóri því yfir við flutning málsins, að hann vissi ekki um aðra menn, sem á síðustu árum hefðu verið skattlagðir eftir hinum tilvitnuðu ákvæðum, en þá stefnda, Kristján Eiríksson og tiltekinn byggingameistara. Um réttmæti þeirrar álagningar var deilt í bæjarþingsmáli nr. 1131/1956, sem dæmt var á bæjarþingi Reykjavíkur 4. maí 1957. Um var að ræða gjöld frá árinu 1952, og var skattgreiðandanum talið óskylt að greiða þau. Hann hafði búið í hinni seldu íbúð í rúmlega 5 ár og taldist, er hann byggði hana, ekki hafa haft atvinnu af að byggja og selja fasteignir. Þá benti gjaldheimtustjóri til hliðsjónar á Hrd. XXXV, 337, og Hrd. XX, 426. Hann kvaðst telja

líklegt, að fleiri en framangreindir þrír menn hefðu verið skattlagðir í samræmi við hin margumræddu lagaboð, en tók jafnframt fram, að það skipti að sínu áliti ekki máli um úrslit þessa sakarefnis. Engar reglur íslenzks réttar útilokuðu að beita lagaboðum, þó að þau ættu sjaldan við eða væri ekki jafnan beitt þar, sem þau ættu við. Hin almenna jafnréttisregla kæmi í þessu sambandi ein til skoðunar, en ljóst væri, að hún gæti ekki átt við, nema um gróf brot gegn jafnrétti þegnanna væri að tefla, en svo væri alls ekki hér.

Vegna málsástæðna, sem síðar verður lýst og fram komu af hálfu stefnda, hélt gjaldheimtustjóri því fram, að engin lagaheimild væri til þess að taka tillit til hækkunar byggingarvísitölu eða annarra gagna um verðhækkanir og lækka sölugróða með tilliti til þess.

Meðan gagnaöflun fór fram í máli þessu, var það rekið af stefnda sjálfum. Svo sem fram kemur í því, er áður segir um spurningar hans til skattayfirvalda, taldi hann þá, að áðurnefndum lagaboðum hefði verið beitt við svo fáa skattþegna á síðari árum, að óheimilt væri að byggja á þeim skattlagningu lengur. Kom fram í ummælum stefnda, að hann taldi ljóst, að mörg tilefni hefðu verið til að beita reglunum, en það þó ekki verið gert. Málið var munnlega flutt af hálfu stefnda af Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, sem endurtók, að hér væri um nær einstæða skattlagningu að ræða, en lýsti því þó ekki sem skoðun sinni, að það hefði úrslitaáhrif að lögum.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að skattayfirvöldum beri að sannna, að menn hafi öðlazt eign í því skyni að selja hana aftur með ágóða, til að þeim sé rétt að leggja á opinber gjöld með þeim hætti, sem gert hefur verið, að því er stefnda varðar. Jafnframt er því haldið fram, að þetta hafi skattayfirvöld ekki sannað í þessu máli. Þvert á móti hafi stefndi sannað, að tilgangur hans hafi *ekki* verið sá að selja fasteignir þær, sem um er að ræða, með ágóða, heldur að eiga þær og nýta — spilduna úr Reynisvatnslandi fyrir sumarbústað, en Efstasund 100 og Skipasund 88 til að leigja þar íbúðir. Er um þetta vitnað í frásagnir stefnda og umboðsmanns hans, sem áður hafa verið teknar upp í þennan dóm.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að eðli máls samkvæmt verði, þegar menn hafi átt fasteignir lengur en í 5 ár, að taka tillit til almennra verðbreytinga, sem orðið hafi á þeim tíma, er

þeir hafi verið eigendur þeirra. Um raunverulegan ágóða af sölu sé ekki að ræða nema söluverðið sé hærra en kaupverðið að viðbættri hækkun í réttu hlutfalli við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar.

Niðurstaða.

Tekið verður til athugunar, hvort sú álagning opinberra gjalda, sem mál þetta snýst um, feli í sér ólögmæta mismunun skattþegna.

Telja verður, að í íslenzkum rétti gildi jafnréttisregla, sem dómstólum beri að beita í vissum tilvikum. Slík regla er ekki orðuð almennt í settum rétti íslenzkum, en er almennt viðurkennd og alkunn og kemur fram í dómum, sbr. Hrd. XXIX, 753. Þá styrkja ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar, einkum 64. og 78. grein, það álit, að slík regla sé til, og hið sama gerir auglýsing nr. 11/1954, sbr. 14. grein samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem gerður var á vegum Evrópuráðsins, staðfestur af Íslands hálfu og birtur í auglýsingu þessari. Með hliðsjón af nýnefndum hæstaréttardómi, eðli máls og því, að ákvæði um, að skattamálum skuli skipað með lögum, er tekið upp í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, sbr. 77. grein hennar, verður að telja, að dómstólar geti fellt úrskurð um, að skattþegnum hafi verið gert svo mishátt undir höfði, að það sé andstætt jafnréttisreglunni.

Ákvæði þau, sem síðar voru í 7. gr. laga nr. 46/1954 og nr. 70/1962, er að finna í lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 74/1921, 8. grein. Hafa þau verið í lögum síðan, og er því eigi um það að ræða, að reglur hafi verið að skapast um framkvæmd ákvæðanna um það leyti, sem stefnda var gert að greiða hin umdeildu opinberu gjöld. Í máli þessu er ekkert fram komið um beitingu lagaákvæðanna lengi vel. Hins vegar er upplýst, að í bæjarþingsdómi 1957 var fjallað um álagningu frá árinu 1952. Þá er einnig upplýst, að á áðurnefndum árum var lagt á stefnda og Kristján hæstaréttarlögmann Eiríksson, félaga hans um atvinnurekstur, eftir ákvæðunum. Í bréfi skattstjórans í Reykjavík frá 24. október s.l., sem að meginhluta til er tekið upp í þennan dóm hér að framan, segir, að vegna vissrar breytingar á skattalögum 1954 hafi „hin síðustu ár orðið naumt á tíma hjá skattyfirvöldum til rannsókna á sölum *utan* fimm ára eignartímareglunnar í umræddri lagagrein". Þá getur skattstjóri þess, að sjónarmið, er lágu til grundvallar lagabreytingunni 1954, muni e. t. v.

„óbeint hafa haft þau áhrif, að skattyfirvöld eða starfsmenn þeirra, hafi ekki lagt sig eins í framkróka í eltingaleik við hina, sem selt hafa *eftir* fimm árin, og keypt kynnu að hafa með sölugróðasjónarmið í huga". Þá er áður komið fram í dómi þessum, að Ásgeir Jónsson skrifstofustjóri segir í bréfi sínu 5. desember s.l., að ekkert verði um það sagt, hvort á aðra en stefnda og Kristján Eiríksson hafi verið lögð gjöld eftir 1960 samkvæmt hinum margnefndu ákvæðum. Jafnframt segir í bréfinu, að það sé sjaldgæft, en komi þó fyrir, að menn kaupi meiri háttar húseignir í þeim tilgangi að geyma þær í nokkur ár, en selja síðan með hagnaði.

Dómarinn telur ljóst, að án sérstakra sannana megi byggja á því, að á undanförnum árum hafi mörg tilvik komið upp, þar sem hin umræddu lagaákvæði hafi átt við eftir efni sínu. Jafnframt verður að byggja á því, þegar virt hafa verið gögn málsins, einkum áðurnefnd ummæli skattstjórans í Reykjavík og skrifstofustjóra skattstofu Reykjavíkur, að mjög sjaldan hafi komið til þess, að ákvæðunum hafi verið beitt á þessum tíma. Af þessu leiðir aftur, að það telst vera nægilega fram komið, að skattþegnum hafi verið gert mishátt undir höfði varðandi álagningu opinberra gjalda í sambandi við sölur fasteigna, sem þeir hafa átt lengur en í 5 ár.

Yfirvöldum er ekki heimilt að íslenzkum rétti að leggja opinber gjöld á skattþegna nema eftir ákvæðum settra laga eða öðrum réttarákvæðum, sem sett eru í samræmi við lög með gildum hætti. Lagaákvæðum um skattamál ber síðan jafnan að beita, þar sem þau eiga við. Hitt er annað mál og augljóst atriði, að vafi getur verið, hvort atvik séu slík í vissum tilvikum, að lagaákvæði gildi um þau, en það snertir ekki það, sem hér er til úrlausnar. Svo sem fyrr greinir, er ljóst, að lagaákvæði þau, sem hin umdeilda álagning á stefnda var byggð á, hafa á undanförnum árum ekki verið notuð í nema fáum þeirra tilvika, sem þau hafa átt við. Jafnframt er ljóst, að hér er um að ræða ákvæði, sem leitt geta til hárra skattgreiðslna, ef þeim er beitt, og eru því mjög verulegir fjárhagslegir hagsmunir tengdir þeim.

Af þeim ástæðum, er nú hafa verið raktar, verður að telja, að óheimilt hafi verið að leggja hin umdeildu opinberu gjöld á stefnda. Verður honum því aðeins unnt að taka til greina varakröfu stefnanda um greiðslu gjalda og vaxta. Eins og atvikum er háttað, er rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Þór Vilhjálmsson, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kvað upp dóm þenna. Uppsaga dómsins hefur dregizt vegna anna og þess, að hér er um viðamikið sakarfeni að tefla.

Dómsorð:

Stefndi, Áki Jakobsson, greiði stefnanda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, kr. 36.199.00 með 12% ársvöxtum frá 15. október 1963 til greiðsludags. Stefnandi greiði stefnda kr. 10.000.00 í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. marz 1968.

Nr. 41/1966. **Valdstjórnin**
gegn
Sigurjóni Einarssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Kærumál. Um skipun verjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur með heimild í 4. tölulið 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. febrúar 1968, er barst dóminum 29. s. m. Krefst hann þess, að úrskurður héraðsdómara verði úr gildi felldur og að skipaður verjandi hans, Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður, verði leystur frá þeim starfa.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. febrúar 1968.

Ár 1968, fimmtudaginn 22. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu: Valdstjórnin gegn Sigurjóni Einarssyni, en málið var tekið til úrskurðar 21. þ. m.

Með bréfi, dags. 19. þ. m., hefur varnaraðili, Sigurjón Einarsson verzlunarmaður, Snorrabraut 52 hér í borg, fæddur 13. desember 1930, farið þess á leit, að skipaður verjandi hans í málinu, Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður, verði leystur frá þeim starfa sínum, en Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður skipaður í hans stað. Varnaraðili kveður ástæðuna fyrir beiðni þessari vera þá, að ósamkomulag hafi orðið milli sín og verjanda síns um það, hvernig haga skuli vörnum í málinu. Verjandi varnaraðilja, Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður, hefur talið rétt, að orðið verði við ósk varnaraðilja.

Upphaf máls þessa er það, að með beiðni, dagsettri 23. desember s.l., fór móðir varnaraðilja, Unnur Pétursdóttir, Smáragötu 1 hér í borg, þess á leit, að hann verði sviptur sjálfræði vegna drykkjuskaparóreglu. Sé þörf á þessu, til þess að unnt sé að reyna við varnaraðilja lækningaaðgerðir, sem taldar séu vænlegar til árangurs.

Varnaraðilja var ráðstafað á Kleppsspítalann hinn 24. desember s.l. af aðstandendum. Í vottorði Ólafs Hauks Ólafssonar læknis, er fylgdi honum þangað, segir, að sjúkdómsgreiningin á honum sé „alcoholismus chron."

Varnaraðili dvaldist í þetta sinn á Kleppsspítalanum til 15. janúar s.l., en þá strauk hann þaðan. Í vottorði spítalans um varnaraðilja, dags. 16. sama mánaðar, undirrituðu af dr. med. Tómasi Helgasyni yfirlækni, segir, að sjúkdómsgreiningin á honum sé „alkoholismus chronicus og psychopathia".

Dómsrannsókn hófst í máli þessu hinn 28. desember s.l., og var málið nokkru síðar að frumrannsókn lokinni sent saksóknara ríkisins. Gaf hann út ákæruskjal á hendur varnaraðilja hinn 18. f. m. Er þar krafizt þess, að varnaraðili verði sviptur sjálfræði vegna ofnautnar áfengis og geðveilu, sbr. 3. og 1. tölulið laga nr. 95/1947 um lögræði (sic), og að hann verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar. Ákæran var birt fyrir varnaraðilja, er þá dvaldist á Kleppsspítala, sama dag og hún var gefin út. Óskaði varnaraðili eftir því, að Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður yrði

skipaður verjandi hans í málinu. Dómarinn varð við þessari ósk varnaraðilja. Málið var þingfest hinn 24. sama mánaðar, og átti verjandinn þá að flytja munnlega málsvörn. Af því gat ekki orðið, þar sem sú ósk barst frá varnaraðilja, að hann fengi að tjá sig nánar um málavexti. Kom hann fyrir dóm sama dag og óskaði eftir því, að framhaldsrannsókn færi fram í málinu. Var málinu frestað vegna þessara tilmæla hans.

Í bréfi verjanda varnaraðilja, dags. 9. þ. m., voru tilgreind þau atriði, sem varnaraðili óskaði eftir, að rannsökuð yrðu nánar. Þegar þeirri rannsókn var lokið, var ákveðið, að munnleg vörn færi fram 16. þ. m. Eigi gat heldur orðið af því, þar eð varnaraðili krafðist enn rannsóknar og bar jafnframt fram þá ósk, að verjandi hans verði látinn hætta störfum í málinu, eins og áður greinir.

Í greinargerð sinni, dags. 20. þ. m., segir skipaður verjandi varnaraðilja á þessa leið um þá ósk varnaraðilja, að verjandinn verði leystur frá starfa sínum í málinu:

„Nú hefur skjólstæðingur minn óskað þess, að ég verði leystur frá starfa mínum sem verjandi hans, þar sem við séum ekki sammála um rekstur málsins. Ég lýsti því yfir í sakadómi í gær, að ég samþykkti þessa ósk, en dómari synjaði, og krafðist ég þá úrskurðar um þetta atriði.

Um þetta þarf ekki að fara mörgum orðum, en ljóst er, að erfitt er fyrir mig að halda áfram vörn í máli skjólstæðings míns, eftir að ágreiningur hefur orðið með okkur um efnisatriði málsins. Tel ég því rétt að verða við ósk skjólstæðings míns í þessu efni og tek undir hana".

Verjandi varnaraðilja hefur gegnt starfi sínu í máli þessu að öllu leyti, án þess að að verði fundið. Hafa eigi verið færð næg rök fyrir því, að hann víki úr starfi þessu, enda gæti það valdið meiri töfum á rekstri máls þessa en þegar er orðið. Verður því krafan um þetta eigi tekin til greina.

Ályktarorð:

Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður víkur eigi úr verjandastarfi í máli þessu.

Mánudaginn 18. marz 1968.

Nr. 42/1966. **Valdstjórnin**
gegn
Sigurjóni Einarssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Kærumál. Vitnaskylda. Dómhæfi kröfu. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 6. tölulið 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. febrúar 1968, er barst dóminum 29. s. m. Krefst hann þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur og að háð verði vitnapróf þau, er í úrskurðinum greinir, þ. e. að dr. med. Tómas Helgason yfirlæknir og aðrir læknar Kleppsspítalans komi fyrir dóm.

Krafa varnaraðilja um yfirheyrslu ónafngreindra lækna Kleppsspítalans er eigi dómhæf, og verður henni því vísað frá héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, að því er varðar vitnaskyldu dr. Tómasar Helgasonar.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Að því er varðar vitnaskyldu dr. Tómasar Helgasonar yfirlæknis, er hinn kærði úrskurður staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. febrúar 1968.

Ár 1968, fimmtudaginn 22. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu: Valdstjórnin gegn Sigurjóni Einarssyni, en málið var tekið til úrskurðar 21. þ. m.

Með bréfi, dags. 19. þ. m., hefur varnaraðili, Sigurjón Einarsson verzlunarmaður, Snorrabraut 52 hér í borg, fæddur 13. desember 1930, krafizt þess, að prófessor, dr. med. Tómas Helgason, yfirlæknir Kleppsspítalans, verði kvaddur fyrir sakadóm og yfirheyrður um vottorð Kleppsspítalans, dags. 16. janúar s.l., um varnaraðilja, er hann hefur undirritað. Verði hann jafnframt látinn gera grein fyrir grundvelli sjúkdómsgreiningar þeirrar á varnaraðilja, er þar getur, og nauðsyn þess, að varnaraðili verði sviptur sjálfræði, og í því sambandi vitnað til framburðar Ólafs Hauks Ólafssonar læknis fyrir sakadómi, en læknirinn hafði vísað þeirri spurningu, hvort hann telji sjálfræðissviptingu líklega til að flýta fyrir bata varnaraðilja, til lækna þeirra, er hann stunda. Einnig kveður varnaraðili nauðsynlegt, að aðrir læknar Kleppsspítalans en Tómas Helgason verði yfirheyrðir og álits þeirra aflað um sjúkdómsgreiningu Kleppsspítalans á varnaraðilja og nauðsyn lögræðissviptingarinnar.

Upphaf máls þessa er það, að með beiðni, dagsettri 23. desember s.l., fór móðir varnaraðilja, Unnur Pétursdóttir, Smáragötu 1 hér í borg, þess á leit, að hann verði sviptur sjálfræði vegna drykkjuskaparóreglu. Sé þörf á þessu, til þess að unnt sé að reyna við hann lækningaaðgerðir, sem taldar séu vænlegar til árangurs.

Varnaraðilja var ráðstafað á Kleppsspítalann hinn 24. desember s.l. af aðstandendum. Í vottorði Ólafs Hauks Ólafssonar læknis, er fylgdi varnaraðilja þangað, segir, að sjúkdómsgreiningin á honum sé „alcoholismus chron." Varnaraðili dvaldist í þetta sinn á Kleppsspítala til 15. janúar s.l., en strauk þá þaðan.

Dómsrannsókn hófst í máli þessu hinn 28. desember s.l., og var málið nokkru síðar að frumrannsókn lokinni sent saksóknara ríkisins. Gaf hann út ákæruskjal á hendur varnaraðilja hinn 18. janúar s.l. Er þar þess krafizt, að varnaraðili verði sviptur sjálfræði vegna ofnautnar áfengis og geðveilu, sbr. 3. og 1. tölulið laga nr. 95/1947 um lögræði (sic), og að hann verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar. Ákæran var birt fyrir varnaraðilja, er þá dvaldist á Kleppsspítala, sama dag og hún var gefin út, og fól hann Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmanni að halda uppi fyrir sig vörnum í málinu.

Dómari máls þessa aflaði vottorðs frá Kleppsspítalanum um sjúkdómsgreiningu á varnaraðilja. Vottorð þetta, sem dagsett er 16. janúar s.l., undirritað af dr. med. Tómasi Helgasyni yfirlækni, er svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar, dags. 12. janúar 1968, skal upplýst, að Sigurjón Einarsson, f. 13. 12. 1930, hefur verið hér á spítalanum 23. 9.—2. 11. 1967 og aftur síðan 24. 12. 1967, þar til hann strauk í gærkvöldi, þann 15. 1. 1968.

Sjúkdómsgreining spítalans er alcoholismus chronicus og psychopathia.

Hér með fylgja ljósrit af innlagningarbeiðni Ólafs H. Ólafssonar, læknis, fyrir Sigurjón, dags. 23. 12. 1967. Ljósrit af yfirlýsingu hans, dags. 5. 1. 1968, og ljósrit af bréfi Sigurjóns, dags. 10. 1. 1968".

Eftir að bréf varnaraðilja með framangreindri kröfu um, að dr. med. Tómas Helgason yfirlæknir verði kvaddur fyrir dóm, barst, sendi dómarinn Kleppsspítalanum það til umsagnar. Svarbréf spítalans, dags. 20. þ. m., undirritað af yfirlækninum, er á þessa leið:

„Bréf yðar frá 19. 2. 1968, þar sem óskað er umsagnar um bréf Sigurjóns Einarssonar frá 19. 2. 1968.

Sjúkdómsgreining Kleppsspítalans á Sigurjóni er að venju byggð á sjúkrasögu, sem gerð er samkvæmt upplýsingum, sem aflað er frá sjúklingnum sjálfum og öðrum, sem til hans þekkja, skoðun læknа, sálfræðilegum prófum og athugun á daglegri hegðun á spítalanum.

Þess má geta, að sjúkdómsgreining Kleppsspítalans er hin sama og fram kemur í vottorði Gríms, geðlæknis, Magnússonar til sakadóms Reykjavíkur þann 23. 8. 1967".

Í niðurlagi nefnds vottorðs Gríms Magnússonar læknis, dags. 23. 8. 1967, segir m. a. á þessa leið um varnaraðilja:

„Álit mitt er, að Sigurjón sé haldinn geðveilu og drykkjuhneigð, ábyrgur gerða sinna, en ekki hættulegri en fjöldi slíkra manna, sem eru að öllu leyti frjálsir annaðhvort vegna þess, að þeir hafa ekki brotið lög eða þá afplánað afbrot sín".

Í greinargerð sinni, dags. 20. þ. m., segir verjandi varnaraðilja á þessa leið um þá kröfu varnaraðilja, að dr. med. Tómas Helgason yfirlæknir verði kvaddur fyrir dóm:

„Skjólstæðingur minn krafðist þess í gær, að dr. Tómas Helgason yrði kallaður fyrir dóm og yfirheyrður um tiltekin atriði, er mál þetta varða. Dómari hefur nú tjáð mér, að dr. Tómas hafi sent sakadómi greinargerð um þessi atriði, en telji sér óskylt að koma fyrir dóm. Upplýsingar þær, sem dr. Tómas óskast krafinn vættis um, eru ekki af því tagi, sem um ræðir í 92. gr. laga um meðferð opinberra mála, heldur álit sérfræðings um heilsufar

skjólstæðings míns og efni máls þessa. Úrslit málsins kunna að velta á því, að glöggar upplýsingar fáist um þessi atriði, og tel ég tvímælalaust, að dr. Tómasi sé skylt að mæta í málinu og gefa þessar upplýsingar".

Framangreint vottorð Kleppsspítalans um sjúkdómsgreininguna á varnaraðilja lét dr. med. Tómas Helgason yfirlæknir dóminum í té sem fyrirsvarsmaður spítalans, sem er ríkisspítali. Með upplýsingum þeim, er í bréfi Kleppsspítalans frá 20. þ. m. greinir, hefur að áliti dómsins verið gerð fullnægjandi grein fyrir því, á hverju sjúkdómsgreiningin var byggð, enda er ekkert fram komið, sem mælir henni í gegn. Verður dr. med. Tómas Helgason yfirlæknir því eigi skyldaður til að mæta í sakadómi til yfirheyrslu út af atriði þessu, sbr. 92. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála. Eigi verður honum heldur talið skylt að mæta með hliðsjón af lagaákvæði þessu til að gera grein fyrir, hver nauðsyn sé á því, að varnaraðili verði sviptur sjálfræði.

Samkvæmt framansögðu verða eigi aðrir læknar Kleppsspítalans kvaddir fyrir dóm til að leita álits þeirra um atriði þessi.

Ályktarorð:

Dr. med. Tómasi Helgasyni yfirlækni svo og öðrum læknum Kleppsspítalans er óskylt að koma fyrir dóm í máli þessu.

Miðvikudaginn 20. marz 1968.

Nr. 190/1967. **Lárus Ottesen** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Sindra h/f (Sigurður Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjað um innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1967 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógeta

að framkvæma innsetningargerð þá, sem um er beðið. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eigi verður talið, að það beri undir fógetadóm að veita áfrýjanda þann aðgang að bókhaldsgögnum stefnda, sem hann fer fram á í máli þessu.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Lárus Ottesen, greiði stefnda, Sindra h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 2. október 1967.

Gerðarbeiðandi, Lárus Ottesen, Hagamel 40, hefur krafizt þess, að honum verði með fógetagerð veittur aðgangur að bókhaldsbókum og öðrum bókhaldsgögnum Sindra h/f, Hverfisgötu 42 hér í borg. Þá krefst hann þess, að sér verði úrskurðaður málskostnaður að skaðlausu úr hendi gerðarþola.

Af hálfu gerðarþola er þess krafizt, að synjað verði um gerð þessa og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 22. september s.l.

Komið er fram í máli þessu, að gerðarbeiðandi, Lárus Ottesen, var einn af stofnendum Sindra h/f, sem var skrásett í Reykjavík 6. desember 1949, sjá rskj. 8. Hann sat í stjórn þess allt til 29. október 1966 og hafði jafnframt prókúru fyrir félagið, og hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi árum saman starfað við bókhalds- og verzlunarstörf hjá því. Þá hefur komið fram, að gerðarbeiðandi er eigandi 20% hlutafjár hlutafélags þessa.

Í skjölum máls þessa hefur gerðarbeiðandi borið fram ýmiss konar gagnrýni á stjórn Sindra h/f. Vísast þar sérstaklega til rskj. 2 og 7, enn fremur til rskj. 5 og 6, sem eru endurrit af

skriflegum athugasemdum, sem gerðarbeiðandi kom á framfæri við aðalfund félagsins, sem haldinn var 29. október 1966. Telur gerðarbeiðandi, að stjórn Sindra h/f hafi á margan hátt og í veigamiklum atriðum misfarið með vald sitt félaginu til hnekkis.

Kveðst gerðarbeiðandi hafa fulla ástæðu til að fá að athuga bókhald hlutafélags þessa. Jafnvel sé sér skylt sem stjórnarmanni að fylgjast vel með þessum hlutum. Hann kveðst ekki vera bókhaldsfróður og til þess að athugun sú, sem hann vill í máli þessu fá aðstöðu til að framkvæma, sé líkleg til að bera árangur, sé sér nauðsyn að hafa sér við hönd einhvern þann, sem fullt skynbragð beri á slíka hluti. Hann skýrir svo frá, að hinn 20. október 1966, eða nokkru eftir að honum hafi borizt fundarboð til aðalfundar, hafi hann komið á skrifstofu Sindra h/f ásamt endurskoðanda, Þorsteini Bjarnasyni, og beðið um að fá að athuga bókhald félagsins, en þeir félagar hafi verið hindraðir í því. Telur gerðarbeiðandi sig tilneyddan að leita fógetaaðstoðar, þar eð forstjóri gerðarþola hafi snúizt þannig við. Forstjórinn hafi að auki bannað endurskoðanda hlutafélagsins að upplýsa um þau atriði, er varði rekstur þess og endurskoðandinn hafi verið krafinn vitnisburðar um fyrir fógetaréttinum, sjá hæstaréttardóm framlagðan í máli þessu. Enn megi nefna, að aðalfundarhald sé að langmestu leyti vanrækt og að forstjóri Sindra h/f hafi þrátt fyrir áskorun ekki mætt í máli þessu til þess að gefa skýrslu. Sé auðfundið á öllu, að forráðamenn félagsins hyggist með öllum ráðum koma í veg fyrir, að gerðarbeiðandi geti kynnt sér rekstur þess.

Gerðarþoli heldur því fram, að ekki sé ljóst að hverju gerð þessi beinist. Gerðarbeiðandi geti ekki borið fyrir sig eignarrétt eða neinn svipaðan rétt til umráða. Beri þegar af þeirri ástæðu að synja um gerð þessa. Það leiði að öðru leyti af málavöxtum, að útilokað sé, að gerðin megi fara fram. Á það er bent, að gerðarbeiðandi hafi árum saman verið í stjórn gerðarþola og starfað þar. Hann hafi aldrei gert athugasemdir við neitt, er lúti að rekstri félagsins, hvorki við reikninga né aðra þætti. Hefði hann og að vísu átt þess kost og fengið leyfi til að kynna sér þau atriði, sem rekstur og hag félagsins varða, meðan hann átti sæti í stjórn þess, þó ekki á þann hátt, að þessi atriði kæmu jafnframt fyrir sjónir óviðkomandi aðilja, svo sem endurskoðanda í þjónustu gerðarbeiðanda. En nú sé svo komið, að gerðarbeiðandi eigi ekki lengur sæti í stjórn hlutafélagsins, heldur sé aðeins almennur hluthafi. Hafi hann því engar aðildir, þar eð

svo sé komið, til að athuga viðskipti og bókhald félagsins. Rétti vettvangurinn fyrir viðleitni hans til slíkrar athugunar sé að koma gagnrýni og athugasemdum á framfæri á hluthafafundi og síðan hafi hann möguleika á því að nota sér ákvæði 37. greinar hlutafélagalaga, ef hann álíti meðferð mála á slíkum fundi athugaverða.

Telja verður, að innsetningargerð verði ekki beitt, nema til þess að gerðarbeiðanda verði fengin til frambúðar handhöfn og umráð yfir munum, föstum eða lausum, samkvæmt eignarrétti eða rétti, sem felur í sér handhöfn slíkra muna.

Ekki verður séð, að lög um hlutafélög veiti almennum hluthöfum rétt til að krefjast þess að fá að athuga bókhald og reikninga hlutafélags. Er helzt að sjá, að hluthafi, sem telur sig vanhaldinn af stjórn félags, verði að sæta því og gagnrýni af hans hálfu verði aðeins höfð uppi á hluthafafundi. Fái hluthafi ekki lausn mála sinna á slíkum fundi, virðist hann eiga þann einn kost að bera gerðir fundarins undir hinn almenna dómstól í héraði.

Af þessum ástæðum, báðum saman og hvorri fyrir sig, er kröfu gerðarbeiðanda um innsetningargerð synjað. Ber að leggja málskostnað á gerðarbeiðanda, og þykir upphæð hans hæfilega ákveðin kr. 4.000.00.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 4.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. marz 1968.

Nr. 196/1967. **Haukur Pétursson**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Kristjáni Friðsteinssyni
(Agnar Gústafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fasteign. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var upphaflega áfrýjað með stefnu 6. marz 1967, en útivistardómur gekk í því máli 4. desember s. á. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 hefur áfrýjandi skotið máli þessu af nýju til Hæstaréttar með stefnu 11. desember 1967.

Krefst hann aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, en til vara, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Eigi eru efni til að taka til greina kröfu áfrýjanda um ómerkingu héraðsdóms.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, seldi áfrýjandi stefnda íbúð í húsinu nr. 13 við Holtsgötu hér í borg með afsali 29. maí 1957, en áfrýjandi hafði byggt hús þetta. Í afsali er tekið fram, að íbúðinni fylgi „sér hitalögn". Stefndi mátti því treysta því, að heitt vatn til hitunar og nota í íbúðinni væri eigi sameiginlegt með öðrum íbúðum í húsinu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms um þetta atriði ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, að því er þessa kröfu varðar.

Stefndi kveðst hafa orðið var sprungu í horni íbúðarinnar og leka í stofulofti, er hann flutti í íbúðina, en það virðist

hafa verið á árinu 1958. Hins vegar hefur stefndi gegn mótmælum áfrýjanda eigi sannað, að hann hafi kvartað undan galla þessum fyrr en með bréfi til áfrýjanda 15. marz 1960. Eins og málavöxtum er háttað og samkvæmt undirstöðurökum ákvæða 52. gr. laga nr. 39/1922 verður að telja, að kvörtun þessi hafi verið of seint fram komin. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfu stefnda um bætur vegna þessa galla.

Samkvæmt þessu verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda kr. 15.500.00 með vöxtum, svo sem ákveðið er í héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Haukur Pétursson, greiði stefnda, Kristjáni Friðsteinssyni, kr. 15.500.00 með 9% ársvöxtum frá 15. marz 1960 til 20. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. febrúar 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. janúar s.l., hefur Kristján Friðsteinsson, Holtsgötu 13, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. febrúar 1962, gegn Hauki Péturssyni, Austurbrún 39, Reykjavík, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 16.500.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 15. marz 1960 til greiðsludags og málskostnaðar, þar með talinn matskostnaður, kr. 2.150.00, að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Við munnlegan flutning málsins voru þær breytingar gerðar af hálfu stefnanda á vaxtakröfu, að krafizt var 9% ársvaxta frá 15. marz 1960 til 29. des. 1960, 7% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu að mati dómarans.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að með afsali, dags. 29. maí 1957, hafi hann keypt þriggja herbergja íbúð á 3. hæð hússins nr. 13 við Holtsgötu af stefnda. Samkvæmt afsali skyldi vera sérhitalögn í íbúðinni, en í ljós hafi komið, að heitt kranavatn sé sameiginlegt með næstu hæð fyrir neðan. Þá hafi enn fremur komið í ljós leki í loftplötu í stofu. Stefnandi kveðst hafa látið dómkveðja matsmenn til þess að meta, hvað kosta mundi að bæta úr göllum þessum, og hafi þeir metið það á kr. 16.500.00. Auk þess hafi komið fram raki í svefnherbergi, sem matsmenn hafi metið á kr. 4.350.00, en þá fjárhæð hafi stefndi greitt auk innheimtulauna, kr. 1.035.00, dómkvaðningar, kr. 253.50, og hluta matskostnaðar, kr. 1.000.00. Frekari greiðslum hafi stefndi neitað, og kveðst stefnandi því vera tilneyddur að höfða mál þetta.

Stefnandi kveðst telja stefnda bera ábyrgð á öllum þeim göllum, sem um ræðir í matsgerðinni. Sérhitalögn eigi að vera samkvæmt afsali, en svo sé ekki. Þá hljóti stefndi að bera ábyrgð á leka þeim, sem fram hafi komið í stofulofti, þar sem slíkt hljóti að stafa af ófullnægjandi frágangi á umræddu lofti.

Stefndi hefur í greinargerð algerlega mótmælt því, að stefnandi eigi nokkra kröfu á hendur sér vegna afsals á umræddri íbúð. Stefnandi hafi fengið það, sem honum bar. Hann hafi tekið við íbúðinni 29. maí 1957 í því ástandi, sem hún var í og hann sætti sig við að öllu leyti, að því er frágang innanhúss snerti, eins og fram sé tekið í afsali. Stefnandi hafi að sjálfsögðu strax vitað um hið sameiginlega kranavatn, er hann greiddi hitareikning sinn. Það fyrsta, sem stefndi kveðst hafa heyrt frá stefnanda um þetta, sé bréf Agnars Gústafssonar héraðsdómslögmanns, dags. 5. maí 1960, dskj. nr. 7. Hinn 15. marz s. á. hafi stefnandi ritað sér bréf, þar sem hann reyni að tína til hluti til að kvarta um, en þar sé hvergi minnzt á hitalögnina. Þá er því haldið fram af stefnda í greinargerð, að þó að svo væri, að stefnandi hefði átt einhvern rétt samkvæmt afsali, sem sé mótmælt, þá hafi hann allavega fyrirgert honum fyrir tómlætis sakir.

Þá er af hálfu stefnda mótmælt eindregið þeim skilningi matsmanna, að ekki sé sérhitalögn, þó að sameiginlegt kranavatn sé með einni eða fleiri íbúðum. Það sé sérhitalögn, er íbúð ráði hita sínum sjálf, þ. e. geti lokað og opnað fyrir hita, án þess að það snerti aðrar íbúðir. Þannig sé með íbúð stefnanda. Auk þess sé á það að líta, að sparnaður sé að sameiginlegum mæli. Hiti sé góður og hitakostnaður lítill. Hafi stefnandi ekki sýnt fram á, að hann bíði tjón af þessu fyrirkomulagi. Varðandi úrbætur og kostnaðaratriði kveðst stefndi telja áætlun matsmanna þar um hreinustu fjarstæðu og telur, að breyta mætti þessu með miklu minni tilkostnaði. Kveðst stefndi mótmæla þessum lið matsins sem allt of háum. Þá kveðst hann og mótmæla liðnum kr. 500.00 fyrir hitaveitumæli, því að ekki verði séð, að krafa um hann verði byggð á afsali eða öðrum gögnum, sem stefnandi hafi lagt fram.

Stefndi kveðst enn fremur mótmæla vaxtakröfu frá 15. marz 1960 og verði ekki séð, á hverju hún sé byggð. Þá kveðst hann og telja óheimilt að dæma hærri vexti en 7%, fari svo, að hann verði dæmdur til að greiða eitthvað.

Kröfu stefnanda vegna leka í stofulofti er af hálfu stefnda mótmælt sem honum algerlega óviðkomandi. Kveður stefndi stefnanda ekki hafa með matsgerðinni eða á annan hátt sýnt fram á, að hér sé um að ræða galla, sem hann (stefndi) beri ábyrgð á, hvorki sem byggjandi hússins né seljandi. Er af hálfu stefnda tekið fram, að þegar hann hafi skilað af sér húsinu sumarið 1957, hafi enginn leki verið í því. Hornasprungur séu mjög algengar í steinhúsum, og virðist ekki enn hafa fundizt ráð til þess að koma í veg fyrir þær. Það hljóti að verða að teljast til viðhalds á húsinu að fylla í sprungur, sem kunni að koma með árunum, og sjá um, að málning sé í góðu lagi, en leiða mundi til ófyrirsjáanlegra vandræða, ef gera ætti byggjendur ábyrga fyrir slíkum sprungum í það óendanlega. Sé vandséð, hvar setja ætti mörkin fyrir slíkri ábyrgð. Ekki hafi verið sýnt fram á, að steypa sé gölluð eða að ekki hafi verið farið eftir teikningu og byggingarsamþykkt eða önnur handvömm átt sér stað af hendi stefnda.

Matsmennirnir, þeir Sveinn Torfi Sveinsson verkfræðingur og Sighvatur Einarsson pípulagningameistari, sem dómkvaddir voru til að meta ágalla þá á húseign stefnanda, sem mál þetta er risið af, hafa báðir mætt fyrir dómi og staðfest þar matsgerð sína,

sem lögð hefur verið fram í málinu sem dskj. nr. 3. Við yfirheyrslu, sem fram fór í málinu um leið, kveður vitnið Sveinn Torfi ekki vera til hér á landi faglega skilgreiningu á orðinu sérhitalögn, en telur hins vegar vera venju, að þegar talað sé um sérhitalögn, þá sé átt við upphitunarkerfi hússins og hitunarkerfi fyrir neyzluvatn. Vitnið kveðst telja þýðingarmikið atriði vegna hitakostnaðar, hvort kranavatn sé óskipt með tveimur eða fleiri íbúðum. Um hornasprungur, eins og um sé að ræða í íbúð stefnanda, segir vitnið, að þær séu mjög algengar í úthornum á steinsteyptum plötum og sé frekar erfitt að koma í veg fyrir þær, enda þótt vandað sé til járnabindingar. Vitnið kveður sprungurnar koma misjafnlega fljótt í ljós, sumar svo að segja strax, eftir að lokið hefur verið við að steypa, en aðrar kannske að nokkrum árum liðnum. Þá tekur vitnið og fram, að svokölluð vatns-sementstala steypunnar hafi einnig áhrif á þetta atriði.

Vitnið Sighvatur Einarsson skýrir svo frá, að það telji kranavatn og upphitunarvatn húsa vera innifalið í orðinu sérhitalögn. Kveðst vitnið telja það þýðingarmikið atriði í sambandi við sérhitalögn, hvort kranavatn sé sameiginlegt með tveimur íbúðum eða fleiri. Þá kveður vitnið hornasprungur svipaðar þeirri, sem hér um ræðir, vera á flestum húsum, en þær komi misjafnlega snemma í ljós.

Stefnandi, Kristján Friðsteinsson, hefur skýrt svo frá við aðiljayfirheyrslu í málinu, að stefndi hafi lofað honum mæli fyrir íbúðina, þegar kaupin voru gerð, en mælar hafi þá verið ófáanlegir og hafi stefndi lofað að bæta úr því síðar. Kveðst stefnandi hafa staðið í þeirri meiningu, að ekki þyrfti annarra úrbóta við en að fá settan upp sérmæli, þangað til hann las matsgerðina á dskj. nr. 3. Stefnandi kveðst ekki hafa krafið stefnda um mæli, á meðan hann bjó í húsinu, enda hafi hann staðið í þeirri meiningu, að stefndi mundi efna þetta loforð sitt, og hafi það orðið til að styrkja þessa trú hans, að stefndi hafi látið setja upp hitamæla á öðrum stöðum í húsinu á þessum tíma. Eftir að stefndi flutti úr húsinu, kveðst stefnandi hafa krafið hann um fyrrgreindan mæli í símtölum þeirra á milli, en ekki fengið neitt ákveðið svar. Stefnandi kveðst ekki geta svarað því með vissu, hvort hann telji sig hafa tapað á því að hafa sameiginlegt kranavatn milli íbúðanna, þar sem honum sé ekki kunnugt um hitavatnseyðslu hinnar íbúðarinnar, en tekur hins vegar fram, að í sinni íbúð séu einungis 3 í heimili, en í hinni íbúðinni 5. Stefnandi

kveður húsið ekki hafa verið málað eða sprungufyllt að utan, eftir að hann flutti í íbúðina. Hann kveðst hafa orðið var við hornasprungu þá, sem um getur á dskj. nr. 3, skömmu eftir að hann flutti í íbúðina, hins vegar hafi ekki verið búið að múrhúða íbúðina að innan, er kaupsamningur var gerður milli aðiljanna.

Stefndi, Haukur Pétursson, hefur skýrt svo frá við aðiljayfirheyrslu, að hann hafi ekki, er kaupin voru gerð, lofað stefnanda sérmæli, en kveðst hins vegar hafa tekið fram, að kranavatn væri sameiginlegt með íbúð stefnanda og annarri íbúð og ætti mælir að vera fyrir báðar íbúðirnar. Tekur stefndi fram, að áður en hann hafi lagt hitalögn í húsið, hafi honum verið tilkynnt af hálfu Hitaveitunnar, að hann fengi ekki sérmæli fyrir minnstu íbúðirnar í húsinu nema þær, sem voru á efstu hæð. Kveðst stefndi hafa fengið þær upplýsingar frá verkfræðingi þeim, sem sá um allar teikningar af húsinu, Bárði Daníelssyni, að hann fengi ekki sérmæla hjá Hitaveitunni fyrir minnstu íbúðirnar sakir þess, að ekki hafi verið til nógu nákvæmir mælar til að mæla svo lítið vatnsmagn, sem áætlað var til notkunar þessara íbúða, og hafi íbúð stefnanda verið ein af þeim. Stefndi kveðst aðspurður telja rangt frá greint á dskj. nr. 9 og tekur fram, að hann telji vottorðið hlutdrægt, þar sem Ólafur Pétursson og stefnandi reki skrifstofu saman.

Aðiljar málsins voru samprófaðir um það, sem á milli ber, en báðir aðiljar hafa haldið fast við sinn framburð, og náðist því ekki frekara samræmi.

Rökstuðningur málsaðilja við dómkröfur þeirra hefur þegar verið rakinn. Dómendur hafa farið á vettvang ásamt lögmönnum beggja málsaðilja.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna á dómsskj. nr. 3 hljóðar svo:

„Matsgerð í matsmáli nr. 5-1961 í Reykjavík.

Með matsbeiðni, dags. 30. janúar 1961, erum við undirritaðir kvaddir til að gera matsgerð í ofannefndu matsmáli. Matið fór fram 10. febrúar 1961 kl. 1730, og voru mættir matsbeiðandi, Kristján Friðsteinsson, Holtsgötu 13, og Haukur Pétursson, Austurbrún 39, báðir í Reykjavík.

1.0 Gallar.

1.1 Samkvæmt matsbeiðninni er íbúð matsbeiðanda talin vera á sama hitakerfi og næsta hæð fyrir neðan, en skyldi vera sérhitalögn í íbúðinni skv. afsali.

Rannsókn sýndi, að sérhitalögn er fyrir hvora íbúð, en heitt kranavatn er óskipt milli þeirra.

Matsmenn álíta það ekki vera sérhitalögn, þar sem er sameiginlegt heitt kranavatn, og ákvæði afsals þar um því ekki fullnægt.

1.2 Komið hefur fram raki og leki í svefnherbergi og stofulofti. Greinileg merki sáust um það, og stafar hann í stofunni af lekri sprungu í loftplötu (svokallaðri hornasprungu). Í svefnherbergi stafar raki aftur greinilega af illa eða óeinangruðu þaki, sem er yfir svefnherberginu.

2.0 Úrbætur.

2.1 Það er unnt að skipta lögninni fyrir heita kranavatnið á milli íbúðanna, sem saman eru um mæli, og sennilegt er, að þá megi fá sérmæli fyrir kerfið hjá Hitaveitu Reykjavíkur, og yrðu þá kerfin bæði með sérhitaveitu, en slíkt kerfi telur matsbeiðandi sig hafa átt kröfu á frá hendi seljanda.

Hitaveitulögnin kemur upp úr gólfi í baðherbergi, og mætti leggja þaðan granna lögn í eirpípu undir gólflista stofu og eldhúss, höggvið í vegg þeirra herbergja.

2.2 Þétta þarf sprungu í stofu, svo að ekki komi þar leki, til þess þarf að komast að húsinu utanfrá, finna sprunguna og fylla í hana með asfaltefni, sem lokar henni. Loft yfir svefnherbergi þarf að einangra, helst með 7 cm plastfroðuplötum eða þess háttar. Væntanlega þarf til þess að rjúfa þakjárn og þak til að koma þar inn plastplötunum.

3.0 Kostnaðaratriði.

3.1	Lögn á pípu, höggva rauf í veggi og ganga frá gólflistum og málningu herbergja	kr. 15.000.00
	Hitaveitumælir	— 500.00
3.2	Þétta leka á stofulofti	— 1.000.00
	Gera við þakeinangrun yfir svefnherbergi ..	— 4.350.00
		Alls kr. 20.850.00

Ekki er ástæða að meta verðrýrnun íbúðarinnar, sbr. 4. mgr. matsbeiðninnar, vegna sameiginlegs kerfis, þar eð hér að ofan er sýnt fram á, að lausn þess máls er möguleg. Dregizt hefur að ganga frá matsgerð þessari af ýmsum ástæðum, og er beðið velvirðingar á þeim drætti".

Til fyllri skýringa á framanritaðri matsgerð kvöddu dómendur annan matsmanna, Svein Torfa Sveinsson verkfræðing, fyrir dóm og lögðu fyrir hann eftirfarandi spurningar:

1. Er það ekki rétt skilið, að íbúðirnar séu saman um mæli í kjallara og að öll heitavatnsnotkun íbúðanna renni um þennan mæli? Vitnið svaraði spurningu þessari játandi.

2. Mundi það ekki haldast svo, eftir að sérmælir sá, er um getur í matsgerðinni, væri kominn upp? Sem svar við þessari spurningu tók vitnið fram, að það sé langur tími liðinn, síðan matið fór fram, og af þeim ástæðum muni það ekki greinilega, hvað fyrir því og meðmatsmanni hafi vakað á þeim tíma, þegar matsgerðin var samin. Umrædd upphæð í lið 3.1 telur vitnið, að mundi á þessum tíma hafa verið fullnægjandi til greiðslu þess að koma á algeru sérhitakerfi fyrir umræddа íbúð, og telur það að öllu leyti unnt.

Þá var og vitnið um það spurt, hvort rétt sé, að á þeim tíma, sem umrædd íbúð var byggð, hafi ekki fengizt mælar hjá Hitaveitu Reykjavíkur, sem mældu svo lítið vatnsmagn sem hér um ræðir. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt, á hvaða ári svokallaðir svissneskir mælar hafi verið notaðir í kerfi Hitaveitunnar — áður hefðu verið notaðir amerískir mælar, sem hefðu verið mjög ónákvæmir á litlu rennsli, en þeir svissnesku aftur verið nákvæmir við sömu aðstæður. Vitnið hringdi til hitaveitustjórans í Reykjavík, á meðan á réttarhaldinu stóð, og hafði eftir honum, að svissnesku mælarnir hefðu ekki verið notaðir á kerfi Hitaveitunnar fyrr en árið 1958 að hann minnti.

Eins og fram kemur í stefnu og greinargerð, hefur stefndi þegar greitt kostnað vegna raka í svefnherbergi, eins og hann hefur verið metinn af hinum dómkvöddu matsmönnum samkvæmt matsgerð.

Eru því dómkröfur máls þessa aðeins út af þeim liðum matsgerðarinnar, er varða hitakerfi og leka á stofulofti.

Samkvæmt kaupsamningi á dskj. nr. 17 hefur stefnandi selt Guðmundi Péturssyni íbúð þá, sem um ræðir í máli þessu, hinn 26. júní 1964, en í kaupsamningnum er tekið fram, að málarekstur þessi sé kaupanda með öllu óviðkomandi. Er því ekki um aðiljaskipti að kröfunni að ræða.

Eins og áður er tekið fram, ber stefndi m. a. fyrir sig þá varnarástæðu, að þó að svo væri, að stefnandi hefði átt einhvern rétt samkvæmt afsali, þá hafi hann allavega fyrirgert honum fyrir tómlætis sakir.

Á þetta þykir ekki verða fallizt, eins og máli þessu er háttað, m. a. þegar litið er til þess, að stefndi greiddi, eftir að matsgerðin

lá fyrir, hluta matsfjárhæðarinnar, áður en til málshöfðunar kom.

Skal þá fyrst vikið að fyrri kröfuliðnum, þ. e. varðandi hitakerfið.

Í áðurgreindri matsgerð taka matsmenn það sérstaklega fram, að þeir álíti það ekki vera sérhitalögn þar, sem sé sameiginlegt heitt kranavatn, og ákvæði afsals þar um því ekki fullnægt.

Við athugun á vettvangi kom í ljós, að í umræddri íbúð, sem stefnt er út af, er hægt að opna og loka fyrir heita vatnið á hitakerfinu, en heitt kranavatn er sameiginlegt með næstu íbúð fyrir neðan, eins og í matsgerðinni greinir. Þá er og heitt kranavatn í þvottahúsi sameiginlegt, og sameiginlegur mælir er fyrir hitakerfi beggja íbúðanna.

Dómendur eru sammála matsmönnum um það, að ekki sé hægt að telja sérhitalögn í íbúð, þar sem heitt kranavatn sé sameiginlegt með annarri íbúð.

Matsmenn telja unnt að breyta hitalögninni fyrir umrædda íbúð þannig, að um algera sérhitalögn fyrir hana verði að ræða, en samkvæmt afsali er stefnanda lofað sérhitalögn, og ber því að taka þennan kröfulið til greina.

Varðandi hinn kröfuliðinn í máli þessu, þ. e. út af hornasprungu og leka í stofulofti, er þess að geta, að við skoðun á vettvangi mátti greina, að raki hafði verið í horni stofunnar, þar sem sprungan er, og einnig sást utan frá sprunga í útvegg um plötuskil.

Í afsali stefnda til stefnanda á umræddri eign segir m. a. svo: „Eignin selst í smíðum í núverandi ástandi, sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við að öllu leyti, að því er frágang innanhúss snertir, en seljandi skal hafa lokið við að múrhúða húsið og ganga frá því að utan og að hafa sléttað lóð þá, er húsinu fylgir, fyrir 1. júlí n. k., allt á sinn kostnað".

Í aðiljayfirheyrslu hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi orðið var við umrædda hornasprungu, skömmu eftir að hann flutti í íbúðina, hins vegar hafi ekki verið búið að múrhúða íbúðina að innan, er kaupsamningur var gerður milli aðiljanna. Þá kveður hann húsið ekki hafa verið málað eða sprungufyllt að utan, eftir að hann flutti í íbúðina.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, líta dómendur svo á, að umræddur leki í stofulofti orsakist af leyndum galla, sem stefndi beri fébótaábyrgð á. En eins og ásigkomulag eignarinnar

var, er stefnandi festi kaup á henni, var þess tæpast að vænta, að hann yrði gallans var þá þegar, þar sem íbúðin var ómúrhúðuð bæði að utan og innan. Ber því einnig að taka þennan kröfulið til greina.

Verður því niðurstaða málsins sú, að stefnukrafan verður tekin til greina að fullu ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið við munnlegan flutning málsins.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 6.150.00, þar með talinn matskostnaður, kr. 2.150.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Óskari Smith pípulagningameistara og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Haukur Pétursson, greiði stefnanda, Kristjáni Friðsteinssyni, kr. 16.500.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 15. marz 1960 til 20. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 6.150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. marz 1968.

Nr. 50/1967. **Daníel Þorsteinsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Árna Snjólfssyni.
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Vinnulaunakrafa. Gerðardómur. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1967. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gerðardómssamningur aðilja er rakinn í héraðsdómi. Verkefni gerðardómsins var „að gera upp öll viðskipti" aðilja vegna félagsútgerðar þeirra. Verður að skýra samninginn þannig, að undir gerðardóminn beri úrskurður um kröfu stefnda um bætur fyrir frávikningu úr skipstjórastarfi. Ber því að vísa frá héraðsdómi þessum kröfulið, kr. 26.439.00, auk vaxta og orlofsfjár.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans um vinnulaunakröfu stefnda, kr. 8.400.00. Ber áfrýjanda að greiða stefnda þessa fjárhæð með 6% af fjárhæðinni í orlofsfé og með 7% ársvöxtum af þessum fjárhæðum frá 7. ágúst 1962 til greiðsludags.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 5.000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Daníel Þorsteinsson, greiði stefnda, Árna Snjólfssyni, kr. 8.400.00 með 6% af fjárhæðinni í orlofsfé og með 7% ársvöxtum af þessum fjárhæðum frá 7.

ágúst 1962 til greiðsludags svo og kr. 5.000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Kópavogs 30. janúar 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardómi af Árna Snjólfssyni skipstjóra, Flókagötu 68, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 21. október 1965, á hendur Daníel Þorsteinssyni skipasmíðameistara, Hlíðarvegi 31 í Kópavogi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 34.839.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. ágúst 1962 til greiðsludags auk 6% orlofs á stefnufjárhæð og málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru *aðallega* þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en *til vara*, að stefnukröfurnar verði verulega lækkaðar. Jafnframt krefst hann hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnda.

Samkvæmt skjölum málsins og vitnisburði aðiljanna fyrir dómi eru málsatvik þessi:

Í september 1961 kom það til tals milli þeirra, að stefnandi gerðist meðeigandi stefnda að vélbátnum Trausta, KÓ 26, sem stefndi átti. Stefnandi kveður stefnda hafa heitið því, að báturinn yrði tilbúinn til veiða um miðjan nóvember það ár eða í síðasta lagi um mánaðamótin nóvember—desember. Í desember þetta ár kveður stefndi það hafa orðið að samkomulagi með þeim, að hann færi að vinna við að gera bátinn tilbúinn til veiða ásamt bróður sínum Þórhalli Snjólfssyni og Hauki Guðjónssyni nokkrum. Hófst þessi vinna stefnanda, sem var fólgin í því að hreinsa bátinn og mála, hinn 18. desember og lauk hinn 20. janúar 1962, en báturinn var sjósettur hinn 22. þess mánaðar.

Með samningi, dagsettum 13. janúar 1962, seldi stefndi stefnanda helming m/b Trausta, KÓ 26, og var svo ráð fyrir gert, að þeir sameigendurnir gerðu bátinn út saman og að stefnandi yrði skipstjóri á honum.

Var báturinn síðan gerður út á handfæraveiðar undir skipstjórn stefnanda tímabilið frá 23. janúar 1962 til 7. ágúst s. á., er stefndi tók bátinn í sínar vörzlur án vitundar stefnanda og sigldi honum frá Grindavík til Kópavogs, kom fyrir landfestum, læsti bátnum og tók startarann úr vélinni. Til Grindavíkur hafði stefn-

andi komið bátnum þennan sama dag og landað þar aflanum og gefið síðan áhöfninni leyfi til að fara til Reykjavíkur og fór þangað sjálfur til að ráða stýrimann sökum veikinda stýrimannsins á bátnum.

Með þessum aðgerðum stefnda lauk samútgerð þeirra og einnig sameign þeirra á bátnum. Hinn 28. ágúst gerðu málsaðiljar með sér samning um sameignarslit á m/b Trausta. Í þessum samningi þeirra, sem lagður hefur verið fram í málinu, segir m. a. svo:

„Við undirritaðir Árni Snjólfsson og Daníel Þorsteinsson, sem höfum rekið saman m/b Trausta, KÓ 26, frá 23/1 1962, en höfum ákveðið að slíta þeirri sameign, gerum af því efni svohljóðandi samning:

1. Að rekstur bátsins fyrir tímabilið frá 23/1 1962 til 7/8 1962 skal gerður upp af löggiltum endurskoðanda. Með tekjum skal í því sambandi telja aflasölu alla og verð þeirra hluta, sem á tímabilinu var selt af bátnum, tjónabætur vegna tjóna á tímabilinu. Til gjalda skal telja aflahluti og laun, olíur og annan reksturskostnað, viðgerðir og viðhald, þó eigi vegna duldra galla, veiðarfæri og beitu, vexti af áhvílandi lánum þennan tíma. Ennfremur kostnað af endurskoðun og uppgjöri. Hagur eða halli af rekstri bátsins skal skiptast að jöfnu milli eigenda, og skal endurskoðandinn reikna út, hve mikið hvor eigandi eigi að fá eða greiða með hliðsjón af því, að báðir hafa haft undir höndum fé bátsins. Hvor eigandi um sig skal innan 15 daga frá lokum uppgjörsins segja til um, hvort hann sætti sig við uppgjörið og inna af hendi greiðslur, ef til kemur. Árna er þó óviðkomandi skaðabætur vegna uppsagnar skipshafnar. ...

4. Með framangreindum greiðslum eru að fullu uppgjörðar allar kröfur aðila hvor á hendur öðrum varðandi bátakaup þessi".

Var nú endurskoðunarskrifstofu Björns E. Árnasonar falið að gera rekstrar- og efnahagsreikning um rekstur m/b Trausta greint tímabil, en eigi varð samkomulag með aðiljum um lausn ágreiningsmála þeirra á þessum grundvelli.

Hinn 25. marz 1963 gera þeir síðan með sér gerðardómssamning, en í honum segir m. a. svo:

„Hér með lýsum við undirritaðir, Árni Snjólfsson, Flókagötu 68, Reykjavík, og Daníel Þorsteinsson, Hlíðarvegi 19 A, að láta gerðardóm gera upp viðskipti okkar vegna útgerðar á m/b Trausta, KÓ 26.

1. Gerðardómurinn skal þannig skipaður, að hvor okkar tilnefnir einn mann í dóminn. Verði ekki samkomulag milli þeirra, skal einhver borgardómaranna í Reykjavík verða oddamaður í dóminum.

2. Verkefni dómsins er að gera upp öll viðskipti okkar vegna framangreindrar útgerðar á tímabilinu 13/1 1962 til 7/8 1962 í samræmi við ákvæði 1. gr. í samningi okkar frá 28. ágúst 1962. ...

5. Við skuldbindum okkur til þess að hlíta niðurstöðu þeirri, er gerðardómurinn kann að komast að".

Gerðardómurinn var síðan skipaður, og lauk hann störfum hinn 16. desember 1963 með uppkvaðningu dóms. Í forsendum hans segir m. a. svo:

„Það þykir eigi á valdsviði gerðardóms þessa að kveða á um kaupkröfu þá, sem hreyft hefur verið af hálfu Árna Snjólfssonar í máli þessu. Verður því engin afstaða tekin til hennar".

Með ofangreindum gerðardómi voru útkljáð skipti aðilja máls þessa vegna útgerðar m/b Trausta nefnt tímabil, en stefnandi hóf síðan málssókn þessa með útgáfu stefnu á hendur stefnda, eins og fyrr greinir.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

1. Vinnulaun við að hreinsa og mála m/b Trausta, KÓ 26, á tímabilinu 18/12 1961—20/1 1962, 240 tímar á kr. 35/—	kr. 8.400.00
2. Skipstjórakaup í þrjá mánuði (uppsagnarfrestur)	— 26.439.00
+ 6% orlof á greindar fjárhæðir (ekki tekið með í stefnufjárhæð)	
Samtals	kr. 34.839.00

Stefnandi rökstyður kröfur sínar í málinu með því, að með gerðardóminum 16. desember 1963 hafi aðeins verið útkljáð viðskipti málsaðiljanna vegna samútgerðar þeirra á m/b Trausta tímabilið 23. janúar 1962 til 7. ágúst s. á., enda komi það fram í forsendum gerðardómsins, þar sem segi, að engin afstaða sé tekin til vinnulaunakröfu Árna Snjólfssonar, sem hreyft hafi verið undir rekstri gerðardómsmálsins, vegna þess, að það sé eigi á valdsviði dómsins.

Varðandi fyrri lið stefnukröfu, kr. 8.400.00, vegna vinnu stefnanda við að mála og hreinsa m/b Trausta bendir stefndi á, að

í kaupsamningi um bátinn, dags. 13. 1. 1962, sé kveðið svo á, að báturinn seljist málaður úr slipp, en að öðru leyti í núverandi ástandi, sem kaupandi hafi kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti. Því sé ljóst, að stefnandi hafi einmitt verið að vinna í þágu stefnda ásamt öðrum mönnum, sem hafi fengið greidd laun fyrir vinnu sína við að koma bátnum í það ástand, sem um hafi samizt milli þeirra, að hann yrði í, er stefnandi gerðist meðeigandi að honum að hálfu á móti stefnda.

Síðari lið kröfu sinnar um skipstjórakaup í þrjá mánuði, kr. 8.813.00 á mánuði, eða samtals kr. 26.439.00, byggir stefnandi á því, að þegar stefndi með ólögmætum aðgerðum sínum tók bátinn í vörzlur sínar og svipti hann algerlega umráðum bátsins, hafi í reynd lokið bæði samútgerð þeirra og sameign um bátinn. Hafi þetta gertæki stefnda svipt hann þessari atvinnu sinni og hafi hann verið atvinnulaus af þessum sökum þar til í febrúar 1963. Þessi ólögmæta sjálftaka stefnda sé á engan hátt réttlætanleg og sé því augljóst, að sér beri skipstjórakaup í þrjá mánuði vegna þessarar fyrirvaralausu brottvikningar úr starfi samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og samkvæmt 3. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, en ákvæði nefndrar lagagreinar séu samhljóða ákvæðum 3. gr. laga nr. 41/1930, sem í gildi voru, er atvik þau gerðust, sem mál þetta er risið af. Þá bendir stefnandi á, að stefndi hafi í reynd viðurkennt bótaskyldu sína í samningi þeirra um sameignarslitin, dags. 28. 8. 1962, þar sem segir m. a.: „Árna er þó óviðkomandi skaðabætur vegna uppsagnar skipshafnar".

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að með gerðardómssamningi þeirra stefnanda frá 25. 3. 1963 og gerðardóminum frá 16. 12. 1963 hafi öll viðskipti þeirra aðiljanna verið að fullu upp gerð og eigi því stefnandi engar kröfur á hendur sér.

Um fyrri lið dómkröfu stefnanda heldur stefndi því fram, að þessi vinna hafi verið framlag stefnanda á móti sinni vinnu við bátinn vegna væntanlegrar samútgerðar þeirra. Hafi eigi verið talin ástæða til að bókfæra þetta framlag hvors um sig, enda hafi stefnandi fyrst að fjórum árum liðnum gert kröfu til greiðslu fyrir vinnu þessa. Jafnframt bendir stefndi á, að hluti þessarar vinnu sé inntur af hendi, eftir að stefnandi var orðinn eigandi m/b Trausta að hálfu. Þá mótmælir stefndi kröfulið þessum sem ósundurliðuðum.

Um síðari lið dómkröfu stefnanda vísar stefndi til þess, sem áður er haldið fram af hans hálfu um lokauppgjör viðskipta aðiljanna með gerðardóminum, og bendir jafnframt á, að í samn-

ingi þeirra um slit á sameigninni hafi enginn fyrirvari verið um slíka kröfu og stefndi því firrt sig öllum þeim rétti, sem hann kunni að telja sig hafa átt. Hins vegar sé það ljóst, að ráðningu stefnanda hafi lokið fyrirvaralaust með sameignarslitunum, en forsenda skipstjórnar hans hafi verið samútgerð þeirra, enda hafi stefnandi brotið af sér í starfi, m. a. með því að leggja ekki upp allan afla bátsins hjá sér, en það hafi verið aðalákvörðunarástæða sín, er hann seldi stefnanda helming bátsins. Sé það í samræmi við venju og eðli máls, að hann, sem starfrækti fiskverkunarstöð, fengi allan afla bátsins til verkunar.

Varakröfu sína reisir stefndi á þeim rökum, að hafi stefnandi átt rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests, hljóti krafa um laun á uppsagnartímanum að beinast að stefnanda sjálfum að helmingi til sem útgerðarmanni bátsins.

Það er álit réttarins, að kröfur stefnanda í málinu falli utan þess ramma, sem gerður var með sameignarslitasamningnum frá 28. 8. 1962 og gerðardómssamningnum frá 25. 3. 1963, en síðari samningurinn byggir á 1. gr. þess fyrri um verkefni og verksvið, en í lok þeirrar greinar segir, eins og áður er að vikið, að stefnanda séu óviðkomandi skaðabætur vegna uppsagnar skipshafnar. Hafna ber því sýknukröfu stefnda, sem er byggð á þeim rökum, að öll viðskipti aðilja hafi verið útkljáð með gerðardóminum.

Varðandi kröfu stefnda um sýknu vegna tómlætis stefnanda um þessa kröfugerð, er fram komið í málinu, að stefnandi hafði uppi þessar kröfur undir rekstri gerðardómsmálsins, og er því ómótmælt af hálfu stefnda. Þegar þetta er virt og með hliðsjón af því, hvernig í pottinn var búið með uppgjör málsaðilja við sameignarslitin, þykja eigi vera efni til að taka til greina sýknukröfu stefnda, byggða á þessari málsástæðu.

Því er eigi mótmælt af stefnda, að stefnandi hafi unnið við m/b Trausta tímabilið 18. 12 1961 til 20. 1. 1962 við að hreinsa bátinn og mála, og því eigi heldur, að samstarfsmenn hans hafi fengið greiddar kr. 35.00 á klst. fyrir þessa vinnu úr hendi stefnda. Þegar það er virt, að stefnda hefur eigi tekizt að færa sönnur á þá staðhæfingu sína, að þessi vinna stefnanda hafi verið hluti hans af sameiginlegu framlagi þeirra hvors um sig til væntanlegrar samútgerðar, og það, að ágreiningslaust er, að útgerð þeirra á bátnum hófst fyrst, er hann var sjósettur hinn 22. 1. 1962, og ákvæði kaupsamningsins um ástand bátsins, þegar stefnandi keypti helming í honum, þykir rétt að taka til greina að fullu þessa kröfu stefnanda um kaup, samtals kr. 8.400.00, fyrir þessa

vinnu, enda hefur stefnandi fyrir dómi gert nánari grein fyrir þessum kröfulið.

Eins og fyrr greinir, lauk samútgerð aðilja málsins hinn 7. ágúst 1962, er stefndi tók m/b Trausta í Grindavíkurhöfn og sigldi honum til Kópavogs og gekk þannig frá bátnum, að stefnandi var algerlega sviptur öllum umráðum hans. Með þessum aðgerðum stefnda, sem telja verður ólögmæta sjálftöku, var stefnanda í reynd vikið fyrirvaralaust úr skipstjórastöðunni. Samkvæmt 3. gr. sjómannalaga nr. 41/1930, sem í gildi voru, er þeir atburðir gerðust, sem mál þetta er risið af, ber skipstjóra, sem vikið er fyrirvaralaust úr stöðu sinni, bætur, eigi minni en þriggja mánaða kaup, ef hann hefur eigi brotið af sér í starfi á þann hátt, sem í 5. gr. sömu laga greinir, sbr. samsvarandi ákvæði í núgildandi sjómannalögum nr. 67/1963. Þar sem stefndi hefur eigi fært sönnur á, að stefnandi hafi brotið af sér í starfi, eins og í 5. gr. sjómannalaganna segir, og með tilliti til sameignarslitasamningsins frá 28. 8. 1962, ber að telja, að stefndi beri óskipta fébótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna uppsagnarinnar.

Með hliðsjón af aflahluta stefnanda, sem nam samtals um kr. 100.000.00 þann tíma, er málsaðiljar gerðu út saman, og samningum um kaup og kjör yfirmanna á fiskiskipaflotanum árið 1961 og 1962 þykir rétt að taka til greina að fullu kröfu stefnanda um kaup í þrjá mánuði, kr. 8.813.00 á mánuði, eða samtals kr. 26.439.00. Þá ber, sbr. 1. gr. og 4. gr. laga nr. 16/1943, að taka til greina kröfu stefnanda um 6% orlof á dæmdar fjárhæðir. Vaxtakrafa stefnanda er og tekin til greina.

Eftir þessum lyktum málsins ber að dæma stefnanda málskostnað úr hendi stefnda, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 7.600.00.

Dómur þessi er uppkveðinn af Ólafi St. Sigurðssyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt sjó- og verzlunardómsmönnum Friðbert Elí Gíslasyni skipstjóra og Þormóði Pálssyni gjaldkera.

Dómsorð:

Stefndi, Daníel Þorsteinsson, greiði stefnanda, Árna Snjólfssyni, kr. 34.839.00 auk 6% orlofs á þá fjárhæð með 7% ársvöxtum frá 7. ágúst 1962 til greiðsludags og kr. 7.600.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. marz 1968.

Nr. 104/1966. **Björgvin Þórarinsson**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Jónasi Gottskálkssyni og gagnsök
(Friðrik Magnússon hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Eignarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1966, gerir „þær dómkröfur, aðallega að viðurkenndur verði fullur eignarréttur" hans „að ⅔ hlutum lands allrar jarðarinnar Krossavíkur í Svalbarðshreppi innan Norður-Þingeyjarsýslu með öllum gögnum og gæðum, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að undanskildu ákvæðinu um málskostnað". Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi af gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. september 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. s. m., og eru dómkröfur hans þessar: „Að ákvæði hins áfrýjaða dóms um viðurkenningu á eignarrétti aðaláfrýjanda að helmingi lands jarðarinnar Krossavíkur í Svalbarðshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu verði staðfest. Hins vegar verði ákvæðum hins áfrýjaða dóms um viðurkenningu á ábúðarrétti aðaláfrýjanda ævilangt á ⅙ hluta jarðarinnar til viðbótar og rétti hans til ⅔ hluta af óskiptum reka á jörðinni, meðan ábúð hans varir, hvort tveggja án endurgjalds, svo og málskostnaðarákvæði dómsins hrundið og breytt á þá lund, að gagnáfrýjandi verði með öllu sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda um þessa liði og gagnáfrýjanda verði dæmdur málskostn-

aður úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar".

Með afsali 3. júní 1942 seldi Sigurður Árnason gagnáfrýjanda helming jarðarinnar Krossavíkur, og var afsalinu þinglýst hinn 31. ágúst 1942. Hvorki er sönnuð grandsemi gagnáfrýjanda við kaup þessi né heldur er í ljós leitt, að aðaláfrýjandi hafi nýtt þann ⅙ hluta jarðarinnar, er hann hafði í ábúð umfram helming hennar, þannig að sameigendur hans hafi með öllu verið útilokaðir frá notum þess jarðarhluta af sinni hendi.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Með hliðsjón af málavöxtum þykir málskostnaður fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 23. marz 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., var höfðað hér fyrir dómi með opinberri stefnu, útgefinni 30. júní 1964, birtri í Lögbirtingablaði 4. júlí sama ár, og þingfest 9. september sama ár, af Björgvini Þórarinssyni, bónda í Krossavík í Svalbarðshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu. Í stefnu segir, að málið sé höfðað til viðurkenningar á eignarrétti stefnanda að ⅔ hlutum allrar jarðarinnar Krossavíkur í Svalbarðshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu með öllum gögnum og gæðum svo og til viðurkenningar á rétti hans til að fá ⅔ hluta af óskiptum rekavið á jörðinni bæði nú og framvegis og loks til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu, þar á meðal ferðakostnaðar og dagpeninga, ef því er að skipta.

Tildrög málsins telur stefnandi þau, að hann bresti þinglýsta eignarheimild að þessum jarðarparti og réttur hans til eignahlutfalls að rekanum hafi verið vefengdur. Í greinargerð hefur stefnandi orðað kröfur sínar þannig: *Að* viðurkenndur verði réttur hans að ⅔ hlutum allrar jarðarinnar Krossavíkur í Svalbarðshreppi innan Norður-Þingeyjarsýslu með öllum gögnum og gæðum að undanskildu húsum og öðru, er úrskipt kann að verða, *en*

til vara, að viðurkenndur verði fullur eignarréttur hans að helmingi jarðarinnar með áðurgreindri takmörkum og umráðaréttur (endurgjaldslaus ábúðarréttur) að ⅙ hluta jarðarinnar til viðbótar, *að* viðurkenndur verði réttur hans til að fá ⅔ af óskiptum rekavið á jörðinni bæði nú og framvegis og *að* væntanlegum varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað, þar á meðal ferðakostnað og dagpeninga að skaðlausu.

Jónas Gottskálksson, bóndi í Krossavík, hinni umdeildu jörð, hefur tekið upp vörn í máli þessu. Hann mótmælir því, að viðurkenndur verði eignarréttur stefnanda að ⅔ hlutum jarðarinnar Krossavíkur, að því leyti sem það fer í bága við eignarrétt hans, og hann sjálfur verði sýknaður með öllu af þessari kröfu að því leyti, er krafan fer í bága við rétt hans sjálfs sem eiganda hálfrar jarðarinnar.

Varnaraðili mótmælir einnig viðurkenningu á ábúðarrétti stefnanda á ⅙ hluta jarðarinnar, þ. e. ⅓ hluta hálflendu jarðarinnar, svo og viðurkenningu á rétti hans til að fá ⅔ hluta af óskiptum rekaviði á jörðinni bæði nú og framvegis og krafðist sýknu varnaraðilja af kröfum þessum. Einnig er mótmælt málskostnaðarkröfu stefnanda og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir reikningi eða mati dómsins.

Það er upplýst og viðurkennt í málinu, að stefnandi hefur ekki þinglýsingarheimild fyrir nema ⅓ hluta jarðarinnar Krossavíkur, og viðurkennt er af gagnaðilja, að stefnandi eigi helming jarðarinnar. Stefnandi heldur því þó fram, að hann eigi ⅔ hluta jarðarinnar og byggir það einkum á eftirfarandi: Yfirlýsingum, er Sigurður Árnason í Krossavík hafi gefið, stöðugum nytjum á ⅔ hlutum jarðarinnar, þar á meðal ⅙, sem um er deilt, og hefð samkvæmt hefðarlögum.

Verður nú vikið að gögnum og málsástæðum stefnanda um þessi atriði og öðrum gögnum, er fram hafa komið.

Vorið 1907 voru þrjú systkini eigendur jarðarinnar Krossavíkur, Sigfús Árnason, Sigurður Árnason og Sigríður Árnadóttir. Áttu þau sinn þriðjunginn hvert. Sigfús hafði þá afráðið að flytja til Ameríku og seldi því Sigurði bróður sínum sinn þriðjung.

Nú átti Sigurður ⅔ hluta úr Krossavík og langaði því til að hafa not jarðarpartsins sjálfur, en hann vantaði konu eða ráðskonu. Móðir stefnanda og Sigurður voru um þessar mundir bæði vinnuhjú á Ytra-Álandi. Varð það þá að samkomulagi þeirra, að hún færi til Sigurðar sem ráðskona fyrir sama kaup og hún hafði haft á Ytra-Álandi, en það var 40 kr. á ári. Fluttust þau svo í

Krossavík sama vor. Með þeim Sigurði og móður stefnanda tókst svo góð vinátta og létu sér annt hvort um annað. Kom það meðal annars fram í því, að á árinu 1909 segir hann henni, að sig hafi dreymt, að hún mundi lifa hann, og því ætli hann að arfleiða hana að þriðjungi jarðarinnar, því að það sé nóg fyrir systur sína eða systurbörn að fá það, sem afgangs verði. Sigríður systir hans bjó þá á einum þriðjungi úr jörðinni, og þeim kom ekkert meir en svo saman, systkinunum. Móðir stefnanda sagði þá, að hvað sem draumum liði, þá viti guð einn, hvort þeirra hverfi fyrr héðan, en ef hann vilji sýna sér þakklætisvott með þessu fyrir það, sem hún hafi gert eða muni gera fyrir hann, þá biðji hún hann að láta arfleiðsluskrána heldur hljóða á nafn sonar síns (þ. e. stefnanda): Hann beri nafn móður sinnar og sér þyki vænzt um hann af börnum sínum, þótt hún hafi lítið getað sýnt það vegna fátæktar. Sigurður hét þessu.

Þetta sama vor, vorið 1909, réðst stefnandi til Sigurðar sem vinnumaður og var hjá honum í þrjú ár. Þeim kom ágætlega saman, og fannst stefnanda Sigurður hafa gert höfðinglega til móður sinnar og vildi sýna Sigurði það í verki, að hann væri þakklátur honum. Áðurnefnd erfðaskrá var svo gerð 16. október 1910.

Þá hefur stefnandi skýrt frá því, að þegar hann hafi komið til Krossavíkur til dvalar, hafi bæjarhúsin ekki verið annað en lítill torfkofi, óþiljaður, og sama var að segja um útihús, bæði lítil og léleg, og bústofn aðeins 20 ær og ein kýr. Gaflbyttu átti hann, eins manns far, fúna og leka. Stefnandi kom með 7 kindur með sér. Þá skýrði stefnandi frá því, að hann hefði komið sér upp verkfærum til að vinna rekaviðinn, er nóg var af. Hann vann svo að því að þilja innan íbúðarhreysið, stækka fjárhúsið, byggja hlöðu, er tók 100 hestburði, smíðaði hjartarsleða, sem kom að góðum notum. Einnig fékk stefnandi sexróinn bát hjá Færeyingum, og gátu þeir sótt á honum til fiskjar og öfluðu töluvert eitt sumarið, eða fyrir um 200 krónur, og fékk Sigurður það. Kaup stefnanda var fóður fyrir kindur hans, sem urðu undir það síðasta 14.

Árið 1913 var stefnandi ýmist hjá Sigurði eða í Kollavík, en árið 1914 fór hann að hugsa til búskapar. Biður hann Sigurð þá að byggja sér helming jarðarparts hans. Ekki kvaðst stefnandi vita, hversu hugleikið Sigurði hafi verið þetta, en þó gerði hann það og kvaðst ekki ætla að hækka eftirgjaldið frá því, sem verið hafði, þ. e. 2 sauðir, og greiddi stefnandi það á því ári.

Vorið 1915 kvæntist stefnandi. Litlu síðar skýrði móðir hans honum frá því, að svo hefði talazt til milli hennar og Sigurðar, að hann léti stefnanda hafa arfinn, þ. e. þriðjung jarðarinnar, þá þegar. Þyrfti hann því aldrei að borga landskuld eftir þann part jarðarinnar framar.

Stefnandi fór nú til Sigurðar og spurði hann, hvort þetta væri rétt hermt. Kvað hann svo vera. Þakkaði stefnandi honum þá fyrir og kvaðst mundu reyna að sjá það við hann með góðri sambúð. Árið 1924 sótti stefnandi um lán úr Ræktunarsjóði. Af því tilefni kvaðst stefnandi hafa skrifað á miða svohljóðandi yfirlýsingu:

„Ég, Sigurður Árnason, lýsi hér með yfir, að ég hefi fengið í hendur Björgvin Þórarinssyni ⅓ hluta úr jörðinni Krossavík til fullrar ábúðar og eignar. Ber honum því að svara öllum sköttum og skyldum af téðum parti, ef krafizt verður".

Stefnandi bað Sigurð að skrifa undir þennan miða, en hann var ekki skrifandi, lét Jónas Gottskálksson, þ. e. varnaraðilja þessa máls, skrifa undir fyrir sína hönd athugasemdalaust. Ekki hefur þessari yfirlýsingu verið þinglýst, en Sigurður gaf veðleyfi fyrir ⅓ hluta af jörðinni, sbr. dskj. nr. 22, og stefnandi kveður sig hafa haldið, að yfirlýsingin mundi gilda, þótt óþinglýst væri. Yfirlýsing þessi hefur ekki komið fram í málinu, og kveður stefnandi hana glataða.

Eftir að Sigríður Árnadóttir, sem átti ⅓ hluta jarðarinnar, dó, eignuðust börn hennar, Jónas Gottskálksson og Sigrún systir hans, partinn. Þann 20. desember 1924 afsalar Jónas stefnanda sínum hlut, þ. e. ⅙ jarðarinnar, sbr. dómsskjal nr. 4, afhent til þinglýsingar 1926, og með kaupsamningi, dags. 20. júlí 1927, kaupir stefnandi ⅙ hluta jarðarinnar af Sigrúnu og fékk afsal 11. október 1930, sbr. dskj. nr. 5.

Árið 1929 gerir Sigurður Árnason arfleiðsluskrá, dags. 19. júlí það ár, og er hún færð inn í notarialbók Þingeyjarsýslu, sbr. dskj. nr. 6, og segir þar:

„Að fasteign minni ⅙ hlutum úr jörðinni Krossavík í Svalbarðshreppi arfleiði ég Jónas Gottskálksson, systurson minn, að ⅓ hlutum, þannig að hann fær ½ hluta allrar jarðarinnar, en Björgvin Þórarinsson arfleiði ég að ⅙ hluta jarðarinnar, og skal það vera að þeim hluta, sem hann hefur nú ábúðarrétt á frá minni hendi".

Einnig segir þar: „Með arfleiðsluskrá þessari er afturkallaður ógildur fyrri arfleiðslugerningur minn frá 16. október 1910 ...".

Arfleiðsluskráin var síðar staðfest af notario publico í Þingeyjarsýslu og tveimur notarialvottum. Undirskriftin var handsöluð þáverandi hreppsstjóra. Með þessum gerningi segir lögmaður stefnanda, að Sigurður hafi lækkað erfðahlut stefnanda úr ⅓ í ⅙ hluta jarðarinnar. Telur hann, að arfleiðsluskrá þessi hafi verið gerð í blóra við samning hans við móður stefnanda 1910, afhendingu jarðarpartsins til hans 1915 og afsalið til hans 1924 og telur samkvæmt því, að erfðaskrá þessi sé ógild, að því leyti sem hún gerir breytingu frá arfleiðsluskránni frá 1910. Í því sambandi bendir lögmaður stefnanda á, að ekki hafi verið minnsta tilefni fyrir Sigurð að arfleiða umbjóðanda hans 1910, mann óskyldan honum og lítt kunnan, þegar arfleiðslan hafi komið fyrst til tals. Liggi því öll rök að því, að rétt hermt sé hjá stefnanda, að arfleiðslan hafi verið samningur á milli Sigurðar og móður hans. Það styðji og mál skjólstæðings hans, að hann hafi haft þennan þriðjung jarðarinnar til óátalinna og eftirgjaldslausra afnota í 50 ár. Þessi afnot séu viðurkennd af öllum aðiljum og komi fram í öllum fasteignamötum á jörðinni á þessum tíma. Einnig hafi öllum hlunnindum jarðarinnar verið skipt svo öll þessi ár, að stefnandi hafi haft ⅔ hluta þeirra, s. s. reka og egg, og aldrei hafi komið til tals að draga þar frá eftirgjald eftir þann ⅓ hluta jarðarinnar, sem hann hafi ekki þinglýst afsal fyrir, og virðist sú framkoma, fyrst Sigurðar og síðan Jónasar, varnaraðilja þessa máls, ekki geta samrýmzt því, að Sigurður hafi átt ⅔ hluta jarðarinnar.

Árið 1928 hafði Jónas komið til dvalar hjá Sigurði, og hafði honum verið kunnugt um þessi skipti allan þann tíma.

12. september 1962 tekur Jónas Gottskálksson upp á því að neita að skipta rekanum, eins og verið hafði, en þá hafði stefnandi hirt ⅔ rekans í 40 ár. Þessa ráðabreytni kvað stefnandi Jónas hafa byggt á því, að Baldur Jónsson, sem þá mun hafa verið hreppstjóri í hreppnum, hefði sagt honum, að stefnandi hefði hvorki eignar- né úbúðarrétt á þeim ⅙ hluta, sem um er deilt í þessu máli, en ekki hafði hann vefengt eignarrétt hans á þeim ⅙ hluta, sem Sigurður hafði arfleitt hann að, þótt hann væri eigi þinglýstur.

Ástæðuna fyrir þessu tiltæki Jónasar telur stefnandi eftirfarandi: Vorið 1962 trúði hann nefndum Baldri fyrir því, að afsal Sigurðar til hans frá 1924 hefði glatazt. Við þetta hafði Jónasi varnaraðilja aukizt kjarkur, svo að hann hafði tekið upp á því að neita skiptingu rekans. Síðar, 21. desember 1962, hafi Jónas

svo byggt hann út af jarðarpartinum samkvæmt dskj. nr. 11. Telur stefnandi útbyggingu þessa algera lögleysu og hin langvarandi ábúð stefnanda sé ekkert annað en sönnun fyrir eignarhaldi hans á jarðarpartinum.

Með afsali, dags. 3. júní 1942, sem lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 7 og nr. 14, afsalar Sigurður Árnason með handsalaðri undirskrift Jónasi Gottskálkssyni hálfri jörðinni Krossavík. Samkvæmt afsalinu er kaupverðið talið vera kr. 5.300.00 og er talið að fullu greitt. Afsalinu er þinglýst 31/8 1942. Þá hefur á dskj. nr. 15 verið lagður fram samningur milli Sigurðar Árnasonar og Jónasar Gottskálkssonar, dags. 3. júní 1941, undirrituðu nafni Sigurðar, handsöluðu, og nafni Jónasar, vottfestum.

Í samningi þessum telur Jónas til skuldar við Sigurð kröfu í 2 liðum, samtals að upphæð kr. 7.130.00. Skuld þessa tjáist Sigurður greiða á eftirfarandi hátt:

287 kindafóður á 10/—	kr.	2.870.00
½ jörðin Krossavík	—	5.300.00
49 kindur á 40/—	—	4.960.00
	Samtals kr.	10.130.00

Svo segir þar: „Á ég þá krónur 3.000.00 hjá Jónasi, og tekur hann að sér Kreppulán, sem hvílir á framantöldum eignum, að upphæð kr. 3.000.00. Greiði Jónas skuld þessa samkvæmt lánskjörum, og eru þá viðskipti okkar kvitt.

Þá afhendi ég Jónasi 1 kú og vetrung til fullrar eignar og afnota gegn því, að hann sjái um mig sem skylduómaga, það sem ég á eftir ólifað, og annist útför mína, eigi ég þá ekki fyrir henni".

Afsali, sbr. dskj. nr. 14, hefur lögmaður stefnanda mótmælt sem röngu og óskuldbindandi fyrir umbjóðanda sinn.

Í fyrsta lagi byggir hann þessi andmæli á því, að Sigurður hafi verið óskrifandi, og hafi því ekki undirritað það sjálfur. Á skjalinu segir, að nafn Sigurðar sé handsalað, en ekki hverjum. Þá mótmælir hann því, að Sigurður hafi nokkrum manni handsalað undirskrift sína undir skjalið. Þá hafi afsalið ekki verið afhent Jónasi og þá hafi þetta því verið einhliða yfirlýsing Sigurðar og því ógilt að lögum. Þetta síðasta byggir lögmaður stefnanda á því, að Baldur Jónsson hafi skýrt svo frá, sbr. dskj. nr.

10, að hann hafi lofað Jónasi, þ. e. varnaraðilja, að grennslast eftir því, hvað hann ætti í jörðinni. Af því sjáist, að varnaraðili hafi þá ekkert afsal haft fyrir jörðinni í sínum vörzlum, enda haldi lögmaður hans því ekki fram, heldur að hann hafi það nú, sbr. hér á eftir. Þá hefur lögmaður sóknaraðilja haldið því fram, að meðeigendur skjólstæðings hans hafi í verki viðurkennt fullan eignarrétt umbjóðanda hans á þeim ⅓ úr Krossavík, sem hann hefur ekki afsal fyrir, þar sem sannað sé og viðurkennt, að hann hafi aldrei verið krafinn um neina landskuld eftir 1914, en þó haft öll afnot af þessum þriðjungi jarðarinnar og fengið allan arð af honum í 40 ár, enda geti það ekki samrýmzt því, að hann sé leiguliði og skuldi landskuld.

Þá heldur lögmaður stefnanda því fram, að þessi samfelldu endurgjaldslausu afnot og arðtaka í 40 ár virðist vera óslitið eignarhald á þessum jarðarparti og virðist, að stefnandi hafi unnið fullnaðarhefð á partinum og þar með fullan eignarrétt samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905.

Verður nú vikið að fleiri skjölum og gögnum, er fram hafa komið í málinu, svo sem veðsetningu, útdráttum úr fasteignamötum, skattframtölum, vitnaskýrslum o. fl.

Með skuldabréfi, útgefnu 26. marz 1927, veðsetur Benedikt Sveinsson með 1. veðrétti í umboði Björgvins Þórarinssonar Ræktunarsjóði ⅓ úr Krossavík, sbr. dskj. nr. 22 og dskj. nr. 38. Þegar þetta gerðist, virðist stefnandi hafa átt þinglýstan ⅙ hluta úr jörðinni, sbr. dskj. nr. 4, því að það er ekki fyrr en síðar á því ári, sem hann gerir kaupsamning við Sigrúnu Gottskálksdóttur um annan ⅙ hluta, sbr. dskj. nr. 5.

2. maí 1932 veðsetur Björgvin Þórarinsson Kaupfélagi Langnesinga ⅓ part úr Krossavík með 1. veðrétti, sbr. dskj. nr. 23. Þegar þetta gerist, hefur Björgvin haft þinglýsta eignarheimild fyrir ⅓ hluta jarðarinnar, sbr. að framan.

15. nóvember 1934 veðsetur Gísli Guðmundsson eftir umboði f. h. Björgvins Þórarinssonar „Kreppulánasjóði með 2. veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir upphaflega 2.000.00 króna skuld við Ræktunarsjóð (⅓ úr jörðinni að veði) eignarjörð mína, Krossavík I í Svalbarðshreppi", eins og stendur í bréfinu.

8. apríl 1933 veðsetur Björgvin Þórarinsson Kaupfélagi Langnesinga með 2. veðrétti „Eignar- og ábýlisjörð mína ⅔ — tvo þriðju — hluta úr Krossavík með uppfærslurétti ...", eins og segir í bréfinu, sbr. dskj. nr. 28. Var bréfi þessu þinglýst og að því er virðist athugasemdalaust.

11. des. 1952 veðsetur Sæmundur Friðriksson f. h. Björgvins Þórarinssonar eftir umboði veðskuld Búnaðarbanka Íslands með 1. veðrétti „jörðina Krossavík I (⅔ úr Krossavík) í Svalbarðshreppi", sbr. dskj. nr. 25.

1. ágúst 1952 veðsetur Jónas Gottskálksson jörðina Krossavík (hálflenduna) ríkissjóði fyrir láni, sbr. dskj. nr. 16.

Þá skal vikið að fasteignamötum á jörðinni Krossavík, að því er hér skiptir máli.

Samkvæmt mati frá 1930 er Krossavík I með Krossavíkurseli ⅔ allrar jarðarinnar. Eigandi er Sigurður Árnason, Krossavík, ábúandi: eigandi ½, Björgvin Þórarinsson ½. Frá sama fasteignamati Krossavík II með Krossavíkurseli (⅓). Eigandi Björgvin Þórarinsson, Krossavík, ábúandi sami.

Úr fasteignamati 1940. Krossavík I (⅔), eigandi Björgvin Þórarinsson ½, Sigurður Árnason (½), og þar undir stendur: Krossavík I og II, ábúandi Björgvin Þórarinsson, Krossavík I. Krossavík II, eigandi Sigurður Árnason og einnig ábúandi.

Með dskj. nr. 36 hefur varnaraðili lagt fram vottorð frá vararíkisskattstjóra, þar sem segir, að Sigurður Árnason, bóndi í Krossavík, sem sýslumaður Þingeyjarsýslu hafi upplýst, að andazt hafi 11. júní 1949, 78 ára, hafi talið fram til eignarskatts hluta jarðarinnar Krossavíkur þannig: Gjaldárin 1932—1940 ⅔ hlutar. Samkvæmt skattskrá 1941 virðist Sigurður hafa talið fram, segir þar, en skattframtal finnst ekki. 1942—1949 finnast engin framtöl frá Sigurði. Engin skattframtöl frá stefnanda hafa komið fram í málinu.

Verður nú vikið að aðilja- og vitnaskýrslum, að því leyti sem það telst hafa þýðingu, og þá fyrst þeirra aðilja, sem lögmaður stefnanda hefur leitt.

Stefnandi, Björgvin Þórarinsson, 75 ára, staðfesti það, sem haft er eftir honum í greinargerð umbjóðanda hans og rakið er hér að framan, að öðru leyti en því, að hann sagði, að Sigurður hefði sagt, að hann ætlaði að arfleiða stefnanda að öllum jarðarhluta hans, það er ⅔ hlutum.

Þá bar stefnandi eftirfarandi samkvæmt spurningu frá varnaraðilja: Þegar hann réðst til Sigurðar Árnasonar 1909, er ekki samið sérstaklega um kaup, en raunin hafi orðið sú, að hann hafi fengið kindafóður, án þess að um væri samið berum orðum. Sem svar við þeirri spurningu, hvort hann hafi eftir andlát Sigurðar gert kröfu um eignarhluta í Krossavík, sem hann geri nú, sagði hann, að ekki hefði verið nein sérstök ástæða til þess

fyrir hann, þar sem móðir hans hefði verið búin að borga jörðina með vinnu sinni og hann hafi ekki vitað um síðari erfðaskrána. Hann kvaðst hafa vitað um, að Sigurður hafði gert erfðaskrá 1910, en sagðist ekki hafa séð hana. Varðandi það, hvaða þrætu stefnandi hafi lent í 1924, sagði hann, að það hefði verið í sambandi við, að hann sótti um lán í Ræktunarsjóði að upphæð kr. 2.000.00 og til þess hafi hann þurft að veðsetja jörðina og hafi þá Sigurður gefið yfirlýsingu um eign stefnanda í jörðinni og hafi það dugað til lántökunnar, lánið hafi svo ekki verið veitt fyrr en 1927.

Á dskj. nr. 12 hefur stefnandi lagt fram svohljóðandi yfirlýsingu frá Jóni I. Ólasyni, sem mun hafa verið vinnumaður stefnanda í Krossavík árin 1936—1951: „Ég undirritaður votta hér með, að ég hef ekki annað heyrt en að Björgvin Þórarinsson, bóndi í Krossavík, hafi alltaf haft til umráða ⅔ hluta af jörðinni Krossavík í fjölmörg ár og því reka jarðarinnar og öðrum hlunnindum skipt eftir því". Staðfesti vitnið þetta vottorð sitt fyrir dómi. Þá kvað vitnið, að þegar þeir Sigurður hafi unnið að skiptum á rekanum, hafi skiptin á honum borizt í tal milli þeirra og hafi hann þá spurt Sigurð að því, hvers vegna rekinn skiptist þannig, og hafi Sigurður þá sagt, að hann hafi gefið Björgvini part af jörðinni í brúðkaupsgjöf. Þá sagði vitnið, að öll þau ár, sem það hafi verið þarna, hafi rekinn skipzt þannig, að Björgvin hafi fengið ⅔ hluta, hinn aðilinn ⅓. Ekki mundi vitnið, hvenær á vistartímanum þeir Sigurður hafi rætt það, er að framan greinir.

Vitnið staðfesti skýrslu sína með eiði.

Kristmunda Guðmundsdóttir, kona stefnanda, hefur staðfest skýrslur manns síns um viðskipti manns síns og Sigurðar Árnasonar. Kvaðst hún hafa talið ⅔ úr Krossavík eign þeirra, síðan þau hafi keypt ⅓ hlutann af Jónasi Gottskálkssyni og Sigrúnu í viðbót við gjöfina, og sama hafi gilt um rekann, enda hafi þau eigi greitt leigu fyrir ábúðarhluta sinn og aldrei verið krafin um hann, þegar Jónas hafi krafizt ½ rekans 1962.

Varðandi hvort hún hafi farið með tengdamóður sinni og manni til Sigurðar, eins og segir í dskj. nr. 37, sagðist hún ekki muna, hvort hún hafi farið þá eða hvort hún hafi farið daginn eftir til að þakka honum jarðarhlutann og hafi Sigurður tekið því vel. Þrjú uppkomin börn stefnanda og konu hans hafa gefið skýrslur fyrir dómi, og hafa þau borið, að þau hafi alltaf heyrt, að foreldrar þeirra ættu ⅔ hluta jarðarinnar, og einnig báru

þau, að reka og eggjum í svokölluðu Bjargi hafi jafnan verið skipt þannig, að foreldrar þeirra hafi fengið ⅔ hluta þess.

Öllum skýrslum, er nú hafa verið greindar, hefur verið mótmælt af hálfu varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja hafa einnig komið fram nokkrar skýrslur.

Varnaraðili hefur gefið eftirfarandi skýrslu: Hann staðfesti, að samningurinn á dómsskj. nr. 15 hafi verið gerður, eftir honum farið og að afsalið, sbr. dskj. nr. 14, hafi verið gert í samræmi við samninginn. Hann sagði og, að Sigríður Jónsdóttir hefði skrifað nafn Sigurðar Árnasonar undir bæði skjölin samkvæmt handsali Sigurðar og að honum viðstöddum. Hann taldi sig hafa eignazt hálfa jörðina með greindu afsali og hann hefði alltaf síðan frá 1942 talið ½ jörðina fram til skatts. Aldrei kvaðst varnaraðili hafa fengið vitneskju um, að Sigurður Árnason gerði erfðaskrá, hvorki í hans þágu né annarra. Þá staðhæfði varnaraðili, að hann hefði aldrei skrifað undir neitt skjal fyrir Sigurð Árnason, móðurbróður sinn, hvorki fyrr né síðar, í samræmi við dskj. nr. 17. Varnaraðili viðurkenndi, að hann hefði aldrei krafið stefnanda um leigu af neinum hluta jarðarinnar, að hann hefði vitað til, að stefnandi hefði greitt leigu fyrsta árið til Sigurðar Árnasonar. Einnig viðurkenndi hann, að stefnandi hefði jafnan fengið ⅔ hluta af reka og eggjum.

Varnaraðili skýrði enn fremur frá því, að hann hefði átt heima í Krossavík frá 4 ára aldri og að hann væri fjórði ættliður af hans ætt, er byggi þar.

Sigríður Jónsdóttir, Krossavík, kona varnaraðilja, Jónasar Gottskálkssonar, gift honum 28. júní 1942, hefur gefið vottorð í málinu og skýrslu fyrir dómi. Hún réðst sem ráðskona til Sigurðar og Jónasar vorið 1940. Hún vottaði, að hún hefði ritað nafn Sigurðar Árnasonar eftir handsali hans undir uppgjör þeirra Jónasar, sbr. dskj. nr. 15, og afsalið, sbr. dskj. nr. 14, að viðstöddum Jóni Guðmundssyni og Þorláki Stefánssyni sem vottum. Þá kvaðst Sigríður ekki vita til, að þeir Sigurður eða Jónas hefðu krafið Björgvin um leigu eftir neinn hluta jarðarinnar, sem Björgvin hafði. Einnig sagði hún, að Björgvin hefði jafnan fengið ⅔ af reka og eggjum, Sigurður og Jónas ⅓, en tók fram, að hún hafi vitað, að Björgvin ætti ekki svo mikið.

Á dskj. nr. 19 hefur Þorlákur Stefánsson bóndi, Svalbarði, vottað, að hann hafi ásamt Jóni Guðmundssyni, hreppstjóra í Garði, verið við uppgjörið með þeim frændum Sigurði Árnasyni og Jónasi Gottskálkssyni 3. júní 1941 og afsal 3. júní 1942,

þar sem Sigurður afsalaði Jónasi hálfri jörðinni Krossavík, og skrifað undir þessa gerninga ásamt hreppstjóranum. Einnig er þar vottað, að Sigurður Árnason hafi ekki talið sig skrifandi og handsalað því undirskrift sína til Sigríðar Jónsdóttur, þáverandi ráðskonu hans, en núverandi eiginkonu stefnda. Vitnið staðfesti þetta vottorð fyrir dómi.

Verður nú vikið nokkuð nánar að málflutningi stefnanda. Þegar Sigurður Árnason gefur veðleyfi fyrir ⅓ hluta jarðarinnar 13. nóvember 1926, þá sýni það, þar sem Sigurður hafi vitað, að hann hafði þinglýst afsal fyrir ⅔ hlutum, að hann hafi jafnframt vitað, að hann hafi afsalað stefnanda ⅓ úr jörðinni og hafi því ekki verið meðeigandi að nema ⅓ hluta. Ekki verður þó á þennan skilning fallizt með vísan til þess, er að framan greinir, að þá hafði stefnandi ekki afsal nema fyrir ⅙ hluta jarðarinnar, og varð þá að fá veðleyfi hjá meðeiganda sínum til að veðsetja þriðja hlutann úr jörðinni. Þegar stefnandi veðsetti Kaupfélagi Langnesinga ⅓ úr jörðinni 1932, telur lögmaður hans það ekki viðurkenningu á því, að hann hafi ekki átt meira, heldur sé það vegna þess, að hann hafi ekki haft þinglýsta heimild fyrir meiru. Hins vegar telur stefnandi það styðja hans sjónarmið, að stefnandi veðsetur ⅔ af jörðinni 8. apríl 1933, án þess að athugasemd væri við það gerð af sýslumanns hálfu eða Sigurðar Árnasonar.

Þá hefur stefnandi skírskotað sérstaklega til vættis Jóns Indriða Ólasonar, sem hann telur óvilhallt vitni, og þó sérstaklega þess vitnisburðar hans, að Sigurður Árnason hafi sagt, að hann hefði gefið stefnanda part úr jörðinni í brúðkaupsgjöf. Sama hefur hann gert um skýrslu annarra vitna, er hann hefur leitt og nokkuð er rakið að framan, og telur þau rétt, þótt hann viðurkenni, að þau séu vilhöll. Loks hefur stefnandi jafnframt því að mótmæla vitnisburðum að öðru leyti skírskotað til þess, er Sigríður Jónsdóttir og varnaraðili hafa borið um skiptingu á hlunnindum, og að stefnandi hafi ekki verið krafinn um leigu. Telur stefnandi, að samningur hans í verki viðurkenni fullan eignarrétt hans á ⅓ úr jörðinni, er hann hafi ekki afsal fyrir, með því að viðurkenna, að hann hafi aldrei verið krafinn um landskuld eftir 1914, þótt hann hefði öll afnot af þessum hluta jarðarinnar í 40 ár.

Loks hefur stefnandi haldið því fram, að hann hafi unnið fulla eignarhefð á þeim þriðjungi jarðarinnar, er hann telur, að Sigurður Árnason hafi arfleitt hann að 1910, þar sem hann hafi

aldrei greitt neitt afgjald eftir 1914 og aldrei um það krafinn. Með því að stefnandi hafi verið látinn taka ⅔ hluta reka og annarra hlunninda í meira en 40 ár, hafi meðeigendur hans að jörðinni viðurkennt í verki fullan eignarrétt stefnanda að þessum þriðjungi jarðarinnar. Þurfi stefnandi því ekki að færa aðrar sannanir fyrir eignarrétti sínum að þeim ⅙ hluta, sem um sé deilt, en hefðarhaldið, sbr. lög nr. 46/1905, 6. gr., 1. mgr. Stefnandi hefur andmælt þeim staðhæfingum varnaraðilja, að hann megi ekki vinna hefð á þessum jarðarparti, þar sem hann hafi fengið hann á leigu, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905. Telur stefnandi, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að maður geti unnið hefð á hlut, er hann hafi í fyrstu komizt að með leigu. Það skipti ekki máli, hvernig umráðin byrji, heldur hvernig þau séu framvegis, og þegar hætt sé að greiða leigu, þá hætti umráðin að vera leigusamband, eins og raunin varð á hér.

Verður nú vikið að málsástæðum og málflutningi varnaraðilja. Hann telur, að afsalið, sbr. dskj. nr. 14, og samningurinn, sbr. dskj. nr. 15, sé fullgild sönnunargögn fyrir kaupum Jónasar Gottskálkssonar á helmingi jarðarinnar Krossavíkur, greiðslu kaupverðsins til seljanda og eignarrétti Jónasar að helmingi jarðarinnar. Hann telur, að samningurinn sýni svo vel sem verða má, hvernig viðskipti þeirra gerðust. Undirritun Sigurðar Árnasonar á bæði skjölin sé handsalað, en það sé gert við votta og með sama hætti og önnur skjöl, er hann hafi gefið út, svo sem erfðaskrána á dskj. nr. 6. Undirritanirnar hafi verið handsalaðar Sigríði Jónsdóttur, þáverandi ráðskonu þeirra frænda, og vottaðar af Jóni Guðmundssyni hreppstjóra, er nú sé látinn, og Þorláki Stefánssyni, sem hafi staðfest viðurvist sína og undirskrift sína og Sigríðar. Einnig hafi Sigríður staðfest ritun sína á nafni Sigurðar samkvæmt handsali. Þá sé varnaraðili handhafi beggja skjalanna, samningsins og afsalsins. Mótmælir varnaraðili vefengingu stefnanda á skjölum þessum og telur, að hann hafi alla sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum þar um. Þá hefur varnaraðili mótmælt gildi erfðaskrár, er Sigurður Árnason virðist hafa gert 1910. Ekki sé lagt fram neitt eintak af þessari erfðaskrá og engar upplýsingar liggi fyrir um efni hennar eða form. Hins vegar liggi fyrir á dskj. nr. 6 endurrit úr notarialbók Þingeyjarsýslu og Húsavíkur af erfðaskrá, er Sigurður Árnason hafi gert 19. júlí 1929 og staðfest fyrir notario publico 21. júlí 1930. Þar sé varnaraðili arfleiddur að ½ jarðarinnar Krossavíkur og stefnandi að einum sjötta hluta, en jafnframt sé fyrri arfleiðslu-

gerningur frá 1910 afturkalllaður. Staðhæfir varnaraðili, að þessi síðari erfðaskrá sé algerlega lögformlega gerð og með henni afturkallaður arfleiðslugerningur frá 16. október 1910. Sigurður hafi þó ekki afturkallað erfðaskrána að því leyti, að stefnandi skyldi erfa 1/6 hluta jarðarinnar, og skyldi það vera af þeim hluta, er hann hafði ábúðarrétt á úr hendi Sigurðar, þegar erfðaskráin var gerð. Þann 1/6 hluta virðist stefnandi því hafa eignazt með erfðum eftir Sigurð. Ljóst sé af erfðaskránni, að Sigurður hafi ekki talið sig bundinn á nokkurn hátt af samningi milli þeirra Sigurðar og móður stefnanda um að arfleiða son hennar að 1/3 hluta jarðarinnar, og mótmælir varnaraðili algerlega slíku arfleiðsluloforði. Arfleiðsluskrá þessi hafi heldur aldrei verið vefengd af stefnanda eða móður hans. Einnig telur varnaraðili það ljóst af erfðaskránni, að Sigurður hafi ekki afhent stefnanda eignar- og ábúðarrétt að 1/3 hluta jarðarinnar með yfirlýsingu frá 1924, eins og stefnandi hafi haldið fram. Er staðhæfingu um þessa yfirlýsingu mótmælt með öllu, enda hafi varnaraðili neitað því að hafa skrifað nokkurn tíma undir slíka yfirlýsingu fyrir Sigurð Árnason.

Þá bendir varnaraðili á, að með afsali Jónasar Gottskálkssonar 1924 og Sigrúnar systur hans 1927 hafi stefnandi þinglýstar eignarheimildir fyrir 1/3 hluta jarðarinnar og með arfleiðsluskrá hafi hann eignazt 1/6 hluta, en skorti þinglýsta eignarheimild fyrir þeim hluta. Hins vegar hafi varnaraðili þinglýsta eignarheimild fyrir 1/2 jarðarinnar.

Varnaraðili bendir á, að samkvæmt efni erfðaskrárinnar komi það fram, að stefnandi hafi þá haft ábúðarrétt á nokkrum hluta Krossavíkur, og stefnandi staðhæfir á dskj. nr. 3, að Sigurður Árnason hafi veitt honum ábúðarrétt á 1/3 hluta jarðarinnar vorið 1914. Sigurður virðist hafa leigt þann hluta með tregðu, en hann hafi sagt, að hann mundi ekki hækka eftirgjaldið, er var 2 sauðir. Kveðst stefnandi hafa greitt gjaldið á því ári, en litlu eftir að hann kvæntist, hafi talazt svo til milli móður hans og Sigurðar, að Sigurður léti hann hafa arfinn, þ. e. þriðjung jarðarinnar, þá þegar og þyrfti hann aldrei að borga landskuld eftir þann part framar. Hins vegar kveðst varnaraðilja ljóst, að þegar Sigurður geri erfðaskrána 1929, þá telji hann sig eiga 2/3 hluta jarðarinnar og sýni það, að staðhæfing stefnanda um afhendinguna 1915 sé bersýnilega röng. Hins vegar megi ráða af efni erfðaskrárinnar, að stefnandi hafi þá haft ábúðarrétt á hluta jarðarinnar. Hins vegar mótmælir varnaraðili því, að sú ábúð

hafi átt að vera endurgjaldslaus. Upplýst sé, hvert endurgjaldið hafi átt að vera og stefnandi hafi viðurkennt að hafa greitt það fyrsta árið, sem hann bjó á jörðinni.

Varðandi veðsetningu og veðleyfi, er í málinu greinir, hefur varnaraðili haldið eftirfarandi fram: Eftir lýsingunni, sem Sigurður gaf út af lántöku í Ræktunarsjóði, hafi verið venjulegt veðleyfi, sem algengt sé, að jarðareigandi gefi leiðuliðum, en engin eignaryfirlýsing (sic).

Hvarvegna þar sem stefnandi veðsetji eignarhluta sinn í Krossavík hjá lánastofnunum, sem rannsaki eignarheimildir lánbeiðanda að eignum þeim, er veðsetja á, svo sem Kreppulánasjóði, dskj. nr. 25, veðsetji stefnandi ⅓ hluta úr jörðinni eða $^2/_6$. Sama gegnir um Kaupfélag Langnesinga, sbr. veðbréf 2. maí 1932. Veðsetning stefnanda á ⅔ Krossavíkur til Kaupfélags Langnesinga, sbr. dskj. nr. 28, bendi til þess, að lánveitandi hafi ekki rannsakað neitt um veðbönd eða eignarheimildir, aðeins miðað við, að stefnandi hafi haft umráð á ⅔ hlutum jarðarinnar.

Þá hefur varnaraðili skírskotað til þess, að dskj. nr. 36 sýni, að Sigurður Árnason hafi alla tíð, þar til hann seldi varnaraðilja ½ jörðina 1942, talið ⅔ hluta jarðarinnar fram til skatts. Hins vegar hafi stefnandi ekki séð ástæðu til að sýna viðhorf sitt til eignarréttar á jörðinni við skattframtöl og telur, að stefnandi muni ekki hafa talið fram til skatts nema ⅓ hluta jarðarinnar.

Einnig skírskotar varnaraðili til framlagðra fasteignamata frá 1930 og 1940, þar sem Sigurður Árnason sé allsstaðar talinn eigandi að ⅔ hlutum jarðarinnar, en stefnandi hins vegar talinn ábúandi á ⅔, en Sigurður á ⅓ hluta.

Um vitni stefnanda hefur varnaraðili haldið fram eftirfarandi: Börn stefnanda séu öll vilhöll vitni og auk þess hafi þau engar heimildir fyrir ummælum sínum um eignarhluta stefnanda nema þá foreldra sína. Sömu annmarka telur stefnandi á vætti Jóns Indriða Ólasonar. Hann hafi verið vinnumaður stefnanda alla þá tíð, sem hann hafi verið í Krossavík, og hann hafi viðurkennt, að stefnandi hafi skrifað vottorðið, sem lagt hafi verið fram í máli þessu, en eftir fyrirsögn Jóns Indriða. Enn fremur hafi hann aðeins borið, að hann hafi alltaf heyrt, að stefnandi hafi haft til umráða ⅔ hluta af jörðinni, en ekki, að hann hafi heyrt, að stefnandi ætti þá.

Þá hefur varnaraðili andmælt þeirri röksemd stefnanda, að afsalið hafi verið einhliða yfirlýsing Sigurðar Árnasonar, þar sem

varnaraðili sé handhafi bæði samningsins á dskj. nr. 15 og afsalsins sem löglegur aðili þeirra skjala.

Varnaraðili hefur eindregið mótmælt því, að stefnandi hafi eignazt hinn umdeilda jarðarpart fyrir hefð. Umráð yfir þriðjungnum og þar á meðal ⅙ hluta hafi hann fengið með samningi eða leyfi jarðareiganda. Hann hafi því ekki öðlazt umráð jarðarhlutans með þeim hætti, að hann megi vinna hefð á honum, sbr. lög nr. 47/1905, 3. mgr. 2. gr.

Sama sé að segja um rétt til ⅙ hluta rekans. Réttur til jarðartökunnar hafi byggzt á ábúð stefnanda á ⅔ hlutum jarðarinnar. Þar af ⅓, er Sigurður hafi léð honum, og megi hann því ekki vinna hefð á notum þess hluta samkvæmt 6. eða 8. gr. laga nr. 46/1905, sbr. 2. gr., 3. mgr., sömu laga.

Í því sambandi bendir stefnandi á, að þegar stefnandi hafi tekið við ⅓ hluta jarðarinnar til ábúðar frá Sigurði Árnasyni, hafi landskuldin verið 2 sauðir og hafi hann sagt, að hann hafi greitt þetta eftirgjald fyrsta árið. Ekki verður séð, að honum hafi síðan verið leyfð ábúð endurgjaldslaus. Greiðsluskyldan virðist því ekki falla niður, þótt einstakar afgjaldsgreiðslur, eldri en 1. janúar 1964, virðist vera fyrndar.

Eins og áður er að vikið, hefur varnaraðili þinglýst afsal frá Sigurði Árnasyni fyrir hálfri jörðinni Krossavík, sbr. dskj. nr. 14. Sigurður Árnason hefur að vísu ekki sjálfur undirritað skjalið, og upplýst má telja, að hann hafi ekki verið skrifandi, og samkvæmt skjölum tjáist nafnið handsalað, en Sigríður Jónsdóttir hefur staðfest fyrir dómi, að hún hafi undirritað skjalið, og sama hefur Þorlákur Stefánsson staðfest. Fleiri skjöl liggja fyrir í málinu, undirrituð á sama hátt. Þegar á þetta er litið, þykir ekki verða hægt að taka til greina staðhæfingar stefnanda um ógildi skjalsins, hvað undirskrift snertir. Eigi þykja aðrar mótbárur stefnanda við gildi skjalsins sem slíks, svo sem að þetta sé einhliða yfirlýsing, er eigi hafi komið til vitundar varnaraðilja, verða teknar til greina með tilvísun til þess, er að framan er rakið. Sömuleiðis verður að telja, að erfðaskráin frá 19. júlí 1929 sé lögformlega gerð, enda hefur henni ekki verið andmælt með rökum, að því er formið snertir. Þá þykir stefnandi ekki hafa fært nægilegar sönnur á þá staðhæfingu sína, að Sigurður Árnason hafi arfleitt stefnanda að ⅓ hluta jarðarinnar Krossavíkur með erfðaskrá 1910 né að sú erfðaskrá hafi verið bundin samningi við móður stefnanda. Ekki þykir stefnandi heldur hafa fært nægileg rök að því, að Sigurður Árnason hafi gefið stefn-

anda þriðjung jarðarinnar 1915, þótt hann staðhæfi, að hann hafi ekki greitt leigu eftir jarðarpartinn síðan. Sama er að segja um afsal frá 1924. Auk þess mæla eftirfarandi atriði gegn þessum staðhæfingum:

Í fasteignamötum 1930 og 1940 er stefnandi talinn eigandi að aðeins ⅓ allrar Krossavíkur, en Sigurður Árnason að ⅔ hlutum. Þegar stefnandi veðsetur eignina, er það að jafnaði aðeins ⅓ hluti, þótt hann að vísu veðsetji Kaupfélagi Langnesinga ⅔ hluta 1933, sbr. dskj. nr. 28, en ekki getur sú veðsetning skorið úr um eignarrétt hans á meiru en ⅓. Þá þykir það og mæla gegn þessum staðhæfingum stefnanda, að Sigurður Árnason taldi jafnan ⅔ hluta jarðarinnar fram til skatts, meðan hann átti hana, og varnaraðili hefur látið það ómótmælt, að stefnandi hafi aðeins talið fram ⅓ hluta.

Þá er sú spurning til úrlausnar, hvort stefnandi hafi unnið eignarhefð á hinum umdeilda jarðarpari og þá sérstaklega, hvort svo hafi verið orðið, þegar varnaraðili fær afsalið fyrir ½ jörðinni 1942. Það er upplýst og viðurkennt, að stefnandi hefur haft ⅔ hluta jarðarinnar til afnota frá því 1914 og að hann hefur haldið því fram, að hann hafi ekkert eftirgjald greitt síðan 1914, og viðurkennt er af varnaraðilja, að stefnandi hefur ekki greitt leigu, eftir að hann, þ. e. varnaraðili, eignaðist hluta af jörðinni. Ekki verður þó á eignarhefðina fallizt. Þótt ætla megi, að stefnandi hafi ekki greitt leigu eftir jarðarpartinn í meira en fullan hefðartíma, og það fyrir 1942, þykir hann ekki mega vinna hefð, sbr. 3. mgr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905, og verður sú málsástæða stefnanda því ekki tekin til greina. Samkvæmt þessu verður ekki fallizt á aðalkröfu stefnanda í málinu.

Um varakröfuna. Í fyrsta lagi er krafizt, að viðurkenndur verði fullur eignarréttur stefnanda að helmingi jarðarinnar, að undanskildum húsum og öðru, er úrskipt kann að vera, og endurgjaldslaus ábúðarréttur hans að einum sjötta hluta til viðbótar. Það er upplýst í málinu, eins og áður greinir, að stefnandi hefur þinglýst afsöl fyrir ⅓ hluta, og með erfðaskrá frá 1929 arfleiddi Sigurður Árnason stefnanda að ⅙ hluta, sem þó hefur ekki verið þinglýst. Samkvæmt þessu og því, að varnaraðili hefur viðurkennt í málinu, að stefnandi ætti ½ jörðina, verður viðurkennt, að stefnandi sé eigandi að ½ jörðinni. Þá er til úrlausnar, hvort stefnandi eigi rétt á endurgjaldslausri ábúð á ⅙ til viðbótar. Það er fram komið í málinu, eins og áður greinir, að stefnandi hefur búið á ⅔ hlutum jarðarinnar síðan 1914, og er ekki upplýst, að

hann hafi greitt leigu nema fyrir fyrsta árið. Engin breyting varð á þessu, eftir að varnaraðili fékk afsalið fyrir ½ jörðinni.

Svo gerðist það, eftir að deila kom upp milli málsaðilja um eignarhlutföllin, að varnaraðili skrifaði stefnanda bréf 21. desember 1962, þar sem hann byggði stefnanda út af ⅙ hluta jarðarinnar, og skyldi stefnandi samkvæmt því afhenda honum full umráð jarðarpartsins í síðasta lagi 1. janúar 1964, sbr. dskj. nr. 11. Bréfið er ekki ársett, en stefnandi hefur talið það vera frá 1962. Gildi þessarar útbyggingar hefur stefnandi vefengt og mótmælt. Hann kveðst hafa fengið ábúð á ⅓ hluta jarðarinnar 1914, eða þegar ábúðarlög nr. 1/1884 voru í gildi, og ábúðarlög, er gilda á hverjum tíma, séu partur af leigumálanum. Ekkert byggingarbréf fékk stefnandi fyrir þessum jarðarparti á sínum tíma. Samkvæmt því og með tilvísan til 2. og 3. gr. nefndra laga telur stefnandi, að þessi jarðarpartur sé byggður ævilangt og eftirgjaldslaust. Skírskotaði stefnandi um þetta til 55. gr., en á að vera 54. gr., ábúðarlaga nr. 36/1961. Þessu hefur varnaraðili mótmælt. Hann segir það meginreglu landbúnaðarlöggjafarinnar frá 1933, þ. e. í s.l. 33 ár, sbr. lög nr. 87/1933, lög nr. 8/1951, 9. gr., og lög nr. 36/1961, 9. gr., að landsdrottni sé rétt að taka jörð úr lífstíðarábúð til nota fyrir sjálfan sig eða ýmsa nánustu ættingja og vandamenn. Lögbundin skylda í þessu efni kynni ella að geta valdið tjóni landsdrottni og orðið honum óbætanleg tálmun fyrir því að geta notfært sér eign sína sjálfur. Telur varnaraðili, að einsætt sé að láta þessa meginreglu gilda beinlínis eða eftir lögjöfnun um uppsögn varnaraðilja á ábúð stefnanda á ⅙ hluta Krossavíkur og sýkna beri því varnaraðilja af kröfu stefnanda um viðurkenningu ábúðarréttar hans á þessum parti. Það er upplýst, að ekkert byggingarbréf er til fyrir ábúð stefnanda á ⅓ hluta jarðarinnar, sem hann hefur ábúð á frá 1914, og þá eru lög nr. 1/1884 í gildi og taka til þessarar ábúðar, sbr. 54. gr. laga nr. 36/1961. Fallast verður því á kröfu stefnanda um þetta atriði, enda verður ekki unnt að taka til greina kröfu varnaraðilja um lögjöfnun frá ofangreindum ákvæðum síðari ábúðarlaga, sbr. 54. gr. laga nr. 36/1961 og hliðstæð ákvæði tveggja fyrri ábúðarlaga. Samkvæmt því ber stefnanda lífstíðarábúðarréttur á þeim ⅙ hluta Krossavíkur, sem um er deilt, og endurgjaldslaust, svo sem verið hefur síðan 1914, svo sem upplýst má telja.

Þá skal vikið að þeim lið varakröfu stefnanda, að viðurkenndur verði réttur hans til að fá ⅔ af rekavið á jörðinni. Byggir stefn-

andi þetta einkum á því, að hann hafi alla þá tíð, er hann hafi haft ⅔ hluta jarðarinnar í ábúð, notið ⅔ hluta rekans.

Um þennan lið hefur lögmaður varnaraðilja sagt, að verði sýknað af varakröfu stefnanda um viðurkenningu á ábúðarrétti að ⅙ hluta jarðarinnar, beri einnig að sýkna umbjóðanda hans af kröfu um ⅔ rekans.

Þar sem telja verður, að reki tilheyri leiguliðaafnotum stefnanda af jörðinni, þar sem ekki er upplýst, að hann hafi verið undanskilinn, sbr. 14. gr. laga nr. 1/1884, og með tilvísun til þess, er að framan segir um leigurétt hans, leiðir af því, að taka ber einnig þessa kröfu stefnanda til greina.

Eftir þessar niðurstöður þykir rétt með hliðsjón af öllum málavöxtum að láta málskostnað falla niður.

Dóm þennan kvað upp Sigurður M. Helgason lögfræðingur, Akureyri, samkvæmt umboðsskrá, útgefinni af dómsmálaráðherra 30. ágúst 1965, en hinn reglulegi dómari hafði með úrskurði 27. júlí 1965 vikið sæti í málinu.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur stefnanda, Björgvins Þórarinssonar, að helmingi lands jarðarinnar Krossavíkur í Svalbarðshreppi og ábúðarréttur hans ævilangt á ⅙ hluta jarðarinnar til viðbótar og réttur hans til ⅔ hluta af óskiptum reka á jörðinni, meðan ábúð hans varir, hvort tveggja án endurgjalds.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 1. apríl 1968.

Nr. 82/1967. **Þorsteinn Þórarinsson**
f. h. Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f
gegn
Friðriki Adolfssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorsteinn Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Friðriki Adolfssyni, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. apríl 1968.

Nr. 39/1968. **Steingrímur Sigurðsson**
gegn
Kristjönu Ingibjörgu Stefánsdóttur.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Steingrímur Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Kristjönu Ingibjörgu Stefánsdóttur, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 1.500.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. apríl 1968.

Nr. 73/1967. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**
(Jón G. Tómasson hdl.)
gegn
Eddu Stefaníu Levý og
(Hallvarður Einvarðsson hdl.)
Edda Stefanía Levý
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1967, og krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hennar hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem er fædd 9. marz 1947 og hefur tekið við máli sínu hér fyrir dómi, hefur áfrýjað málinu samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 með stefnu 25. maí 1967. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda og stefnda verði dæmt að greiða henni óskipt skaðabætur að fjárhæð kr. 175.977.00 með 7% ársvöxtum frá 13. desember 1961 til 31. desember 1964, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hún hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og henni dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Málsatvikum er nægilega lýst í héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi sat í II. bekk bóknámsdeildar Gagnfræðaskóla Vesturbæjar, þegar slys þetta varð, enda skólaskyld, sbr. 11. gr. laga nr. 48/1946. Það verður að teljast skylda þeirra, er skóla reka, að sjá um, að viðhald skólahúsnæðis og búnaður allur sé með þeim hætti, að nemendum stafi eigi sérstök hætta af. Í vætti Óskars Magnússonar skólastjóra og Ingimars Benediktssonar umsjónarmanns kemur fram, að handfangsjárn það, er gagnáfrýjandi slasaðist á, hefur verið óvarið fyrir slysið og að þessum aðiljum var kunnugt um, að hlífarbúnaður var gallaður og eigi nægilega öruggur. Var óforsvaranlegt, að eigi skyldi úr þessu bætt, sem þó var auðvelt og eigi kostnaðarsamt. Samkvæmt þessu verður að telja, að þeir, sem ábyrgð bera á rekstri skólans að þessu leyti, séu fébótaskyldir gagnvart gagnáfrýjanda fyrir tjóni því, er hún varð fyrir vegna slyss þessa.

Aðaláfrýjandi hafði tekið umrætt húsnæði á leigu til skólahalds. Samkvæmt e-lið 10. gr. laga nr. 42/1946 ber skólanefnd að sjá um, að skólahúsi sé haldið við á fullnægjandi hátt og ríkissjóði að taka þátt í kostnaði vegna þess, sbr. 14. gr. laga nr. 41/1955, sbr. nú 20. gr. laga nr. 49/1967.

Skólastjóri, sem hefur yfirumsjón með rekstri skólans, tekur laun úr ríkissjóði, en umsjónarmaður er hins vegar launaður af aðaláfrýjanda. Að þessu athuguðu verður að telja, að aðaláfrýjandi og stefndi beri óskipt fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda, að því leyti sem hún á rétt á að fá það bætt.

Gagnáfrýjandi var 14 ára að aldri, er hún slasaðist. Hún hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hún muni ekki eftir hurðarhandfanginu öðruvísi en handfangsjárnið væri óvarið. Hið sama kemur fram í vætti nemandans Þórunnar Jónsdóttur. Gagnáfrýjanda mátti því vera ljóst, að hætta stafaði af handfangsjárninu. Þegar litið er til þessa og aldurs og þroska gagnáfrýjanda, þykir hún hafa sýnt gáleysi, er hún hljóp um dyrnar meðfram hurð þeirri, sem um var að tefla.

Samkvæmt því, sem að framan var greint, þykir aðaláfrýjandi og stefndi óskipt eiga að bæta tjón gagnáfrýjanda að hálfu, en hún sjálf bera tjón sitt að hálfu.

Kröfu sína hér fyrir dómi sundurliðar gagnáfrýjandi þannig:

1.	Örorkubætur	kr. 128.797.00
2.	Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 40.000.00
3.	Kostnaður á heimili vegna slyss gagnáfrýjanda	— 5.000.00
4.—6.	Lækniskostnaður o. fl.	— 2.180.00
		Kr. 175.977.00

Um 1. kröfulið. Með úrskurði Hæstaréttar 12. janúar 1968 var mál þetta lagt fyrir Læknaráð til umsagnar um örorku gagnáfrýjanda. Samkvæmt ályktun Læknaráðs 11. marz 1968 féllst það á álit Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis frá 24. marz 1965 um, að gagnáfrýjandi hefði hlotið varanlega örorku af slysi þessu og væri örorkan hæfilega metin 10%.

Kr. Guðmundur Guðmundsson tryggingafræðingur hefur 18. marz 1968 reiknað af nýju með líkindatölum fjárhagslegt tjón gagnáfrýjanda vegna slyssins. Er þá gætt þeirra kauplagsbreytinga, sem orðið hafa frá fyrri reikningi tryggingafræðingsins 28. júní 1965, sem í héraðsdómi er rakinn. Þá hefur tryggingafræðingurinn einnig reiknað tjónið miðað við 7% ársvexti, en í hinum fyrra reikningi var miðað við 6% ársvexti. Eru niðurstöðutölur tryggingafræðingsins þær, að miðað við slysdag og 6% ársvexti nemi fjárhagstjónið kr. 162.668.00, en kr. 139.654.00, sé miðað við 7% ársvexti.

Með hliðsjón af líkindareikningi þessum og þegar þess er gætt, að bætur þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þykir tjón gagnáfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið kr. 110.000.00, og hafa þá verið dregnir frá sjúkradagpeningar, sem gagnáfrýjandi hefur fengið frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, kr. 7.168.00.

Um 2. kröfulið. Sjúkrasaga gagnáfrýjanda er rækilega rakin í héraðsdómi og lýtum hennar lýst. Þykir tjón hennar samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið kr. 40.000.00.

Um 3. kröfulið. Með vísun til raka héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans, að því er þenna kröfulið varðar.

Um 4.—6. kröfulið. Fjárhæðir þessara kröfuliða hafa eigi sætt andmælum, og verða þeir því teknir til greina að fullu.

Samkvæmt þessu telst heildartjón gagnáfrýjanda af slysinu samtals kr. 157.180.00. Ber aðaláfrýjanda og stefnda að greiða gagnáfrýjanda óskipt þar af kr. 78.590.00 með vöxtum, svo sem í héraðsdómi greinir.

Gagnáfrýjandi hafði gjafsókn í máli þessu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Gjafsóknarkostnaður allur greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi, kr. 18.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, og stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Eddu Stefaníu Levý, óskipt kr. 78.590.00 með 7% ársvöxtum frá 13. desember 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar í héraði, Ármanns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, og skipaðs talsmanns hennar fyrir Hæstarétti, Hallvarðs Einvarðssonar héraðsdómslögmanns, kr. 18.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Atvik máls þessa gerðust í leiguhúsnæði Gagnfræðaskólans nr. 121 við Hringbraut í Reykjavík hinn 13. desember 1961. Handföng á hurðum skólans voru þannig gerð, að

hulstur, sem skrúfa mátti af, voru utan um handfangsjárnin. Gerðu nemendur sér leik að því að skrúfa hulstrin af, en kennarar, eftirlitsmaður skólans og ræstingarkonur skrúfuðu þau á aftur, þá er þau fundust.

Nefndan dag fór gagnáfrýjandi á spretthlaupi inn í skólastofu sína og rak þá hægri handlegg sinn í handfangsjárnið á gangahurð fyrir framan skólastofuna. Skaddaðist hún á handleggnum, svo sem lýst er í héraðsdómi. Handfangsjárn þau, sem hér er um að tefla, eru oddlaus og slétt fyrir endann. Virðast þau eigi sérstaklega hættuleg, ef viðhöfð er varúð og gát. Aðalorsök slyss gagnáfrýjanda má því rekja til ógætni hennar og spretthlaups og svo óhappatilviljunar. En þar sem viðbúið er, að ungmenni viðhafi skyndileg ógætnisviðbrögð, hefði eftirlitsmaður gagnfræðaskólans og skólastjóri átt að gera reka að því, að sett væru öruggari handföng á hurðir skólahússins. Athafnaleysi eftirlitsmanns, sem starfaði á vegum aðaláfrýjanda, Reykjavíkurborgar, og skólastjóra, sem er ríkisstarfsmaður og vann á ábyrgð ríkisins, er þess eðlis, að það leiðir til þess, að rétt er að leggja á nefnda almannaaðilja einn þriðja af tjóni gagnáfrýjanda.

Allir dómendur Hæstaréttar eru ásáttir um, að meta beri tjón gagnáfrýjanda kr. 157.180.00, svo sem rakið er í atkvæði meiri hlutans. Ber að dæma aðaláfrýjanda, borgarstjórann í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, og stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, til að greiða gagnáfrýjanda óskipt einn þriðja þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 52.393.33, ásamt vöxtum, svo sem síðar greinir.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, og stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Eddu Stefaníu Levý, óskipt kr. 52.393.33 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. desember 1961 til 1. janúar

1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns hennar í héraði, Ármanns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00, og málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar fyrir Hæstarétti, Hallvarðs Einvarðssonar héraðsdómslögmanns, kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um rétt gagnáfrýjanda til bóta.

Aðaláfrýjandi hafði tekið umrætt húsnæði á leigu til skólahalds samkvæmt 12. gr. laga nr. 41/1955, sbr. nú 1. mgr. 23. gr. laga nr. 49/1967. Samkvæmt e-lið 10. gr. laga nr. 48/1946 ber skólanefnd að sjá um, að skólahúsnæði sé haldið við á fullnægjandi hátt, en ríkissjóði bar hins vegar að taka þátt í kostnaði vegna þessa samkvæmt 14. gr. laga nr. 41/1955, sbr. nú 20. gr. laga nr. 49/1967. Ráðinn var maður, sem tók laun hjá aðaláfrýjanda, til að hafa umsjón með skólahúsnæðinu. Umsjónarmaður þessi, Ingimar Benediktsson, hefur borið fyrir dómi, að innan hans verkahrings hafi meðal annars verið að sjá um viðhald á hurðarhandföngum í skólanum. Aðaláfrýjandi og stefndi bera saman kostnað af rekstri skóla á barnafræðslu- og gagnfræðastigi hér í borginni, en aðaláfrýjandi hefur einn með höndum viðhald og hirðu um skólahúsnæði og ber ábyrgð á, að það sé fullnægjandi. Slys það, sem mál þetta er af risið, verður rakið til vanrækslu á viðhaldi og hirðu um húsnæðið. Samkvæmt þessu og með skírskotun til raka héraðsdóms um þetta efni verður aðaláfrýjanda því dæmd ábyrgð á tjóni gagn-

áfrýjanda, en stefnda sýkna af kröfum hennar. Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, að því er stefnda varðar.

Þá er ég sammála atkvæði meiri hluta dómenda um meðsök gagnáfrýjanda að slysinu og að heildarbætur til hennar séu ákveðnar kr. 78.590.00 auk vaxta, svo sem í héraðsdómi greinir.

Aðaláfrýjanda ber að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna hennar í héraði og fyrir Hæsarétti, kr. 18.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Eddu Stefaníu Levý, í máli þessu, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður, að því er hann varðar.

Aðaláfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði gagnáfrýjanda kr. 78.590.00 með 7% ársvöxtum frá 13. desember 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar í héraði, Ármanns Jónsson hæstaréttarlögmanns, og skipaðs talsmanns hennar fyrir Hæstarétti, Hallvarðs Einvarðssonar héraðsdómslögmanns, kr. 18.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. febrúar 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. janúar 1967, hefur stefnandi, Sigurbjörg E. Levý, Sólvallagötu 60, Reykjavík, f. h. ólögráða kjördóttur sinnar, Eddu Stefaníu Levý, sama stað, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 23. september 1966, á hendur borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu bóta vegna slyss, er kjördóttir hennar, Edda Stefanía, varð fyrir í Gagnfræðaskóla Vesturbæjar, Hringbraut 121, þann 13. desember 1961.

Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða henni kr. 175.977.00 með 7% ársvöxtum frá 13. desember 1961 til 31. desember 1964, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað að mati dómarans, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. maí 1966, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík krefst *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og honum verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins. *Til vara* krefst hann þess, að sök verði skipt varðandi orsök slyssins og afleiðingar og fébótum öllum, kostnaðarkröfum og málskostnaði skipt eftir því sakarhlutfalli.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst algerrar sýknu. Málskostnaðarkrafa er ekki gerð.

Málsatvik eru þessi:

Þann 13. desember 1961 varð kjördóttir stefnanda, Edda Stefanía Levý, þá 14 ára nemandi í II. bekk Gagnfræðaskólans við Hringbraut 121, fyrir því slysi að lenda með hægri handlegg utan í handfangsjárni á hurð í gangi framan við skólastofuna. Hulstur, sem vera átti utan um handfangið, hafði verið fjarlægt, svo að það var óvarið í hurðinni. Stakkst handfangsjárnið í olnbogabót Eddu og skildi eftir mikið sár á framhandlegg. Hefur hún ekki ennþá fengið fulla bót meina sinna, og er örorka hennar metin á 10%. Engin lögreglurannsókn fór fram af hálfu skólans í sambandi við slysið.

Tæpu ári síðar er tekin lögregluskýrsla af Eddu eftir tilmælum Ármanns Jónssonar lögfræðings, og 17. og 21. febrúar 1966 fara fram vitnaleiðslur í málinu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Edda Stefanía hefur skýrt svo frá atvikum: Slysið vildi til eftir hádegi þann 13. desember 1961 í síðustu eða næst síðustu

frímínútum. Hún hafi verið stödd frammi á stigapallinum, er hringt var í tíma, ásamt nokkrum öðrum nemendum. Til þess að komast inn í skólastofuna þurfti að fara í gegnum gang framan við hana. Hurð er fyrir ganginum, sem opnaðist inn og stóð opin. Þegar búið var að hringja í tíma, kveðst hún hafa brugðið við og hlaupið í átt til skólastofunnar. Próf hafi átt að vera í þessum tíma og hafi hún því viljað flýta sér til þess að geta litið yfir námsefnið, áður en kennarinn kæmi inn. Þegar hún kom á móts við ganghurðina, lenti hægri handleggur hennar á handfangsjárninu með svo miklu afli, að járnið gekk í gegnum peysu, sem hún var í, og inn í handlegg hennar.

Við árekstur inn missti hún fótanna og man óljóst, hvað gerðist næst á eftir. Hún telur sig þó muna, að sér hafi verið lyft upp og þá kippt að sér hendinni, er við það losnaði af handfanginu. Þegar hún lyfti upp peysuerminni hafi laus handleggsvöðvi oltið niður, og handleggurinn verið eitt gapandi sár. Hún var síðan færð inn á kennarastofu, þar sem sár hennar voru athuguð. Að þeirri athugun lokinni var hún flutt með sjúkrabifreið á slysavarðstofuna og þar gert að sárum hennar. Stóð sú aðgerð fram á kvöld.

Fyrir dómi var hún rækilega spurð um, hvort fleiri hefðu hlaupið samsíða henni í gegnum dyrnar og hvort henni hefði verið hrint, og kvað hún svo ekki hafa verið. Ekki sagði hún, að nein ærsl hefðu verið í skólabörnunum fyrir slysið eða um kapphlaup þeirra á milli inn í skólastofuna hefði verið að ræða. Hún hafi hlaupið nokkuð hratt í þetta sinn, en þó ekki hraðar en vejulega.

Skólastjórinn, Óskar Magnússon, hefur komið fyrir dóm. Skólastjóranum var sýnt hurðarhandfang, dskj. nr. 22, og segir hann, að það sé sams konar hurðarhandfang og olli slysinu. Skólastjórinn kveður nemendur hafa legið á því „lúalagi" að skrúfa hulstrin af handfangsjárnunum hvað eftir annað og jafnvel fjarlægt þau alveg, svo að umsjónarmaður og kennarar hafi ekki haft við að setja þau á. Ekki telur hann, að handfangsjárnið hafi verið lengi búið að vera óvarið, er slysið varð, og ekki kveðst hann vita, hver skrúfaði það af. Bekkur sá, sem hin slasaða stúlka var í, hafi ekki verið óvenjulega baldinn, en þó hafi þar ekki verið neinir fyrirmyndar unglingar.

Hann segir, að lögreglan hafi komið á vettvang eftir slysið og hafi hann því talið, að hún mundi hefja rannsókn í málinu, án þess að hann æskti þess. Viðhald á skólahúsnæðinu hafi farið

fram á vegum Áhaldahúss Reykjavíkur, en ekki vissi hann, hvort áhaldahúsið hefði annazt viðgerðirnar fyrir Reykjavíkurborg eða eigendur hússins. Hann hafi verið nýfarinn úr skólanum, er slysið varð. Þá segir skólastjórinn, að hurðarhandfang það, er slysinu olli, hafi verið að skólastofu þeirri, sem kennsla fór fram í. Virðist þar vera um misskilning hjá skólastjóranum að ræða, því að lögmenn aðilja eru sammála um, að umrætt hurðarhandfang hafi verið á hurð að ganginum fyrir framan skólastofuna, sbr. dskj. nr. 39.

Þórunn Jónsdóttir, bekkjarsystir hinnar slösuðu, hefur komið fyrir dóm.

Vitnið var sjónarvottur að slysinu. Það kveðst ásamt nokkrum stúlkum, þar á meðal Eddu Stefaníu, hafa verið statt á stigapalli þeirrar hæðar, sem skólastofan er á, er hringt var í tíma. Þær brugðu þá við og hlupu í átt til skólastofunnar. Þegar þær hlupu fram hjá hurð, sem er fyrir gangi framan við skólastofuna og opnaðist inn í ganginn, kræktist hurðarhandfangsjárn í handlegg Eddu Stefaníu. Við það varð henni fótaskortur, en féll þó ekki á gólfið, því að handfangsjárnið hafði gengið inn í handlegg hennar, og hékk hún á járninu, þar til hún var reist við. Kom þá í ljós, að hún var meidd, og blæddi úr handlegg hennar.

Vitnið kveðst ekki muna eftir þessu hurðarhandfangi öðruvísi en hulsturslausu og óvörðu. Oft hafi komið fyrir, að börnin festu föt sín á járni þessu og hafi það hent hana sjálfa. Ekki sagðist vitnið vita til, að kvartað hefði verið undan þessu við skólaumsjónarmanninn, en krakkarnir hafi verið búnir að ræða þetta sín á milli.

Ekki sagði vitnið, að nein ærsl hefðu verið í stúlkunum, er þær hlupu inn að kennslustofunni, og þær hafi ekki hlaupið hratt. Vitnið telur sennilegt, að nokkrar stúlkur hafi hlaupið í hóp inn ganginn auk Eddu Stefaníu, því að hún hafi gripið í einhverja stúlku, er slysið vildi til. Ekki mundi vitnið, hversu margar stúlkurnar voru.

Vitninu var sýnt hurðarhandfangið á dskj. nr. 22, og segir það vera sams konar handfang og olli slysinu.

Umsjónarmaður skólans, Ingimar Benediktsson, hefur komið fyrir dóm. Vitninu var sýnt hurðarhandfang á dskj. nr. 22, og sagði það, að Edda Stefanía hafi meitt sig á alveg sams konar hurðarhandfangi, en handfangsjárnið hafi verið hulsturslaust og óvarið, er slysið vildi til. Vitnið var ekki statt í skólahúsinu, er slysið vildi til, en kom, rétt eftir að búið var að flytja Eddu

Stefaníu á brott. Það kveðst þá þegar hafa spurzt fyrir um slysið, og kom þá í ljós, að mörg börn voru sjónarvottar að því, en ekki gat það þó nafngreint neitt þeirra. Aftur á móti mun enginn kennaranna hafa verið þar nærstaddur.

Vitnið upplýsti, að umrætt hurðarhandfang hafi verið á hurð skólahússins, er það var tekið á leigu. Talsverð brögð hafi verið að því, að börnin skrúfuðu hulstrið af handfangsjárninu, og hafi það stöðugt verið að týnast og finnast aftur. Vitnið, kennarar skólans, ræstingakona og skólastjóri sáu jafnan um að skrúfa hulstrið á aftur, en það hafi fremur lítinn árangur borið. Þó telur vitnið, að handfangsjárnið hafi ekki verið búið að vera lengi óvarið.

Vitninu ber saman við aðra um það atriði, að hurðarhandfang það, sem slysinu olli, hafi verið á hurð að gangi framan við skólastofuna. Aldrei áður hafi orðið slys í sambandi við hurðarhandföng þessi og ekki hafi hvarflað að sér, að af þeim gæti stafað slysahætta. Vitnið telur, að slys þetta hafi stafað af óhóflegum umgangsháttum, þar sem upplýst sé, að Edda Stefanía hafi verið hlaupandi, en slík umgengni sé á annan hátt en brýnt sé fyrir nemendum, enda hafi þessi bekkjardeild verið heldur fyrirferðarmikil.

Þá tók vitnið fram, að það hefði annazt að nokkru leyti viðhald skólahúsnæðisins og viðhald á umræddu hurðarhandfangi hafi verið í sínum verkahring. Stundum hafi það fengið menn frá Áhaldahúsi Reykjavíkur til þess að annast viðhald hússins.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að slysið hafi orsakazt af því, að vanrækt hafi verið að setja handfang á hurð að gangi framan við skólastofu þá, sem hin slasaða stúlka átti að vera í næstu kennslustund, en handfangsjárið verið óvarið í hurðinni. Hinum stefndu beri báðum og sameiginlega að sjá um og kosta framkvæmd skólamála hér í borginni, að því er varðar gangfræðastig skólakerfisins.

Skólastjóri og umsjónarmaður skólans hafi báðir vanrækt að skipta um handfang á umræddri hurð og forðast þannig slysahættu. Á þessari vanrækslu forráðamanna skólans séu stefndu ábyrgir og beri þeim því að bæta tjón það, sem af slysinu varð, fébótum.

Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík styður sýknukröfu sína þeim rökum, að meginorsök slyssins sé óvarkárni Eddu Stefaníu sjálfrar. Hún hlaupi inn um þröngar dyr ásamt öðrum, eða að minnsta kosti einni skólasystur sinni, án þess að gefa hurðar-

handfangsjárninu gaum, enda þótt hún vissi, að það var óvarið. Slíkt sé óforsvaranleg umgengni, sem hún verði sjálf að bera ábyrgð á.

Stefnandi byggir bótakröfu sína á almennu skaðabótareglunni. Hann verði því að sanna culpa fyrirsvarsmanna skólans, en það hafi honum ekki tekizt í málinu. Fari svo, að skólayfirvöldin verði talin bótaskyld, þá eigi sú ábyrgð að hvíla á ríkissjóði, þar sem skólastjórinn, Óskar Magnússon, sé starfsmaður ríkisins.

Til vara er því haldið fram, að bótagreiðslur eigi að skiptast milli ríkis og sveitarfélagsins í þeim hlutföllum, sem stofn- og rekstrarkostnaður deilist milli þessara aðilja.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs styður sýknukröfu sína þeim rökum, að umrætt slys verði að teljast hrein óhappatilviljun, sem engum verði sérstaklega um kennt. Þá er sýknukrafan byggð á því til vara, að ábyrgð á viðhaldi skólans, þótt talið yrði ófullnægjandi í þessu tilfelli, hvíli eingöngu á borgarsjóði, en sé ríkissjóði með öllu óviðkomandi. Umsjónarmaður skólans sé borgarstarfsmaður og starf hans að því leyti á vegum borgarsjóðs og ábyrgð.

Hafa nú verið rakin í meginatriðum tildrög slyssins og viðhorf aðilja til málsins, eins og þau liggja fyrir á skjölum málsins og komu fram í munnlegum málflutningi.

Eins og áður er fram komið, var hurðarhandfang það, sem slysinu olli, að dyrum fyrir gangi framan við skólastofu þá, sem kennsla fór fram í, og sést öll aðstaða glögglega á dskj. nr. 39. Húsnæði þetta hafði borgarsjóður á leigu, og bar honum samkvæmt leigusamningi á dskj. nr. 36, 7. gr., að annast viðhald á því húsnæði, sem kennnsla fór fram í. Hurðin var full opin, og mun handfangsjárið hafa verið nær lárétt samsíða hurðinni, ca. 5—6 cm frá henni. Virðist því handleggur hinnar slösuðu stúlku næstum hafa strokizt með hurðinni, ella hefði handfangsjárnið ekki náð til hennnar.

Handfangsjárnið er ca. 7½—8 cm á lengd með gengju eða skrúfgangi fremst. Það er ferstrent með hvössum hornum. Það er einróma álit dómsins, að eins og hér stóð á, hafi verið óvarlegt að hafa handfangsjárnið óvarið, þar sem jafnan mátti búast við þröng og troðningi í ganginum framan við skólastofuna. Bar því umsjónarmönnum skólans að skipta um hurðarhandfang og ganga tryggilega frá, svo að slysahætta gæti ekki af því stafað. Með því að vanrækja þessa varúðarskyldu hafa forsjármenn skólans fellt á sig skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda.

Þegar slysið bar að, var Edda Stefanía 14 ára. Hún vissi, að handfangið var óvarið. Eftir prófskírteini hennar að dæma, er ekki annað að sjá en hún hafi haft námsgáfur í góðu meðallagi. Verður því að telja, að hún hafi verið búin að taka út þann þroska, að henni hefði átt að vera ljós sú hætta, sem samfara því var að hlaupa fram með hurðinni, svo sem hún gerði. Hefur hún því með óvarkárni sinni sjálf átt nokkra sök á slysinu.

Þegar öll atvik þessa máls eru skoðuð, þykir rétt, að stefnandi beri sjálf tjón kjördóttur sinnar að ⅕, en fái það bætt fébótum að ⅘ hlutum.

Svo sem að framan greinir, hefur stefnandi krafizt, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða henni hinar umstefndu bætur. Áður en afstaða er tekin til þessarar kröfu, þykir rétt að rekja í stuttu máli hlutdeild hinna stefndu hvors um sig í framkvæmd lögboðinnar skólaskyldu í borginni, að því er viðkemur gagnfræðastiginu.

Þeim málum er skipað með lögum um gagnfræðanám nr. 48/1946, sbr. lög nr. 34/1946 og lög nr. 41/1955. Samkvæmt þessum lögum hvílir framkvæmd lögboðinnar skólaskyldu í landinu sameiginlega á ríki, bæjar- og sveitarfélögum. Í framkvæmd hefur sá háttur verið á hafður, að bæjar- og sveitarfélögin reisa skólahúsin og sjá þeim fyrir nauðsynlegum kennsluáhöldum og öðru því, er kennslunni viðkemur. Ríkissjóður endurgreiðir þeim síðan hluta af stofn- og rekstrarkostnaði, eftir því sem ákveðið er í lögum hverju sinni.

Fastir kennarar við skólana eru ríkisstarfsmenn og taka laun samkvæmt launalögum ríkisstarfsmanna. Laun annars starfsfólks skólanna, þar á meðal stundakennsla, greiða bæjar- og sveitarfélögin, en ríkið endurgreiðir hluta af þeim kostnaði.

Skólastjóri hvers skóla stjórnar allri starfsemi skólans, svo sem fyrir er mælt í lögum og reglugerðum á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á skólastjórninni gagnvart skólanefnd eða fræðsluráði og fræðslumálastjórn. Hér í borg fer fræðsluráð með störf skólanefnda gagnfræðastigsskóla. Fræðsluráði ber að sjá um, að skólahús eða annað húsnæði til skólahalds, þar á meðal leiguhúsnæði, sé svo hentugt sem kostur er á og það fullnægi þeim reglum um hollustu, sem heilbrigðismálastjórnin setur. Því ber einnig að sjá um, að engin slysahætta stafi af aðbúnaði skólans. Þá ber fræðsluráði enn fremur að sjá um í samráði við skólastjóra, að borgin annist nauðsynlegt viðhald skólahússins eða feli

öðrum að gera það, en viðhald skólahúsa hvílir að lögum á borgarsjóði.

Eins og áður segir, verða orsakir slyss þess, sem hér um ræðir, raktar til vanræsklu umsjónarmanns skólans, sem er fastráðinn starfsmaður hjá Reykjavíkurborg, á því að fjarlægja hið hættulega hurðarhandfang, sem telja verður, að falli undir eðlilegt viðhald á húsnæðinu.

Viðhaldsskylda borgarsjóðs á skólahúsnæði er einn þáttur í framkvæmd fræðslukerfisins, sem skólastjóranum ber að hafa eftirlit með. Að því er þennan þátt skólastjórastarfsins snertir, lýtur skólastjórinn yfirstjórn fræðsluráðs, sem launað er úr borgarsjóði og ber ábyrgð gagnvart honum. Þykja því efnisrök hníga að því, að borgarsjóður beri einn fébótaábyrgð á tjóni, sem rekja má til vanrækslu skólastjóra og umsjónarmanns á viðhaldsskyldu skólahúsnæðis, og breytir engu þar um, þótt skólastjórinn taki laun úr ríkissjóði.

Samkvæmt þessu ber að sýkna ríkissjóð í máli þessu og dæma borgarstjórann í Reykjavík f. h. borgarsjóðs til þess að bæta stefnanda tjón kjördóttur hennar að 4/5 hlutum.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1.	Tjón vegna varanlegrar örorku	kr. 128.797.00
2.	Þjáningabætur og bætur fyrir lýti ..	— 40.000.00
3.	Tap heimilis	— 5.000.00
4.	Læknishjálp	— 160.00
5.	Bifreiðakostnaður	— 520.00
6.	Læknisskoðun og læknisvottorð	— 1.500.00
		Samtals kr. 175.977.00

Um lið 1.

Strax eftir slysið var Eddu Stefaníu komið undir læknishendur á slysavarðstofunni.

Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur þann 16. nóvember 1963 metið örorku hennar. Í örorkumati hans segir svo:

„Edda Lvý, f. 19/3 1945, Vesturgötu 35, Reykjavík.

Samkvæmt vottorði Tryggva Þorsteinssonar, læknis á Slysavarðstofu, dags. 2. maí 1962, þá varð ofannefnd stúlka fyrir slysi hinn 13/12 1961, og var þá komið með hana til Slysavarðstofunnar til meðferðar.

Vottorð Tryggva Þorsteinssonar er svohljóðandi:

„Þann 13. 12. 1961, kl. 1730, kom Edda Levý, til heimilis Vesturgötu 35, R., hingað á Slysavarðstofuna vegna meiðsla á hægri handlegg. Frá tildrögum slyssins skýrði Edda svo, að hún hefði verið á hlaupum í skólastofu og rekið hæ. handlegg í öxul á hurðarhún, sem kræki st í olnbogabótina og reif upp mikið sár í framhandlegginn.

Við skoðun sást 12—13 cm langur, rifinn og tættur skurður lófamegin á framhandlegg, rétt neðan við olnbogafellinguna (plica cubiti). Skurðurinn nær í gegnum undirhúð (subcutis) og inn í vöðvalagið (M. brachioradialis).

Ekki sást skaði á stærri æðum og taugum. Neurologisk skoðun leiddi ekkert óeðlilegt í ljós. Sárið gapti mikið, húðkantar voru marðir og ljótir, en undirhúð (subcutis) óvenjuþykk.

Gert var að sárum Eddu á Slysavarðstofunni. Húðkantar excideraðir eins og þorandi þótti og undirhúð og húð saumuð í lögum á venjulegan hátt. Gefið var antibiotica og handleggurinn settur í gipsumbúðir. Edda kom til eftirlits á Slysavarðstofuna á tilsettum tímum, síðast 9. 1. 1962.

Vegna þess að húðkantar voru contunderaðir og subcutis væntanlega meira lederuð en í ljós kom við skoðun, greri sárið fremur seint, og kom dálítil necrosa í örið. Gekk þó eftir atvikum mjög vel og var gróið í byrjun janúar. Þegar Edda útskrifaðist voru hreyfingar í olnbogalið og úlnlið fríar og eðlilegar. Dofatilfinning (anesthesi) var volart í framhandlegg framan við örið. Aftur engar neurolog. truflanir í vöðvahreyfingum handar né fingra.

Edda kom til skoðunar á Slysavarðstofuna þ. 14. 4. '62 og hafði þá í huga skaðabótamál.

Skoðun. Útlit handleggs og handar eðlilegt (þ. e. tonus trophik og húðlitur). Lófamegin (volart) á framhandlegg er 12.5 cm langt bogadregið ör með convexitetið upp á við (proximalt). Efsti hluti bogans er 1.5 cm neðan við olnbogafellinguna (plica cubiti). Þumalfingurmegin (radialt) nær örið lengst út á móts við epicondylus humeri lat. 6.5 cm neðan við hann. Örið er ennþá rautt og þykkt, einkum um miðju, þar sem granulationsvöxtur hefur komið í það, og er það 1 cm breitt, þar sem það er breiðast.

Hreyfingar í olnbogalið eru alveg óhindraðar. Prosupination eðlileg. Ekki virðist anaesthesi í framhandlegg. En Eddu finnst þrótturinn minni í handleggnum en áður var. Kraftur í hendi og fingrum virðist þó ekki óeðlilega minnkað borið saman við vinstri hönd.

Hið tiltölulega þykka ör er til lýta á handleggnum, og hef ég ráðlagt Eddu að láta skera það burtu síðar, og vænti ég góðs cosmetisks árangurs af því. Varanlegt tjón eða örorku ætti hún ekki að hljóta af slysi sínu".

Stúlkan var síðan til meðferðar hjá Árna Björnssyni lækni á Landspítalanum, og segir hann svo í vottorði 31/10 1962:

„Edda Levý, f. 19. 3. 1945, til heimilis að Vesturgötu 35, Reykjavík, slasaðist að sögn hinn 13. 12. 1961, þannig að hurðarhúnn stakkst í olnbogabót hennar, og rifnaði húðin í olnbogabótinni allmikið.

Við skoðun í dag sást þykkt, áberandi ör, 12½ cm á lengd og rúmlega 2ja cm breitt, þar sem það er breiðast, neðan við olnbogabót á hægri handlegg. Sjúklingur kvartar um nokkuð máttleysi í handleggnum og verki í örinu og dofa framan við örið.

Ósennilegt er, að ör þetta breytist nokkuð úr því sem komið er, en til greina kemur að skera það burtu, og mætti þá vænta sæmilegs árangurs, hvað útlit snertir. Ef slík aðgerð færi fram, þyrfti hún helzt að gerast í svæfingu á sjúkrahúsi, og mundi þurfa að hafa gipsumbúðir á handleggnum í hálfan mánuð til þrjár vikur á eftir. Kostnaður við slíka aðgerð mundi þá greiðast af sjúkrasamlagi".

Stúlkan kom til viðtals hjá undirrituðum 11/11 1963. Hún skýrir frá tildrögum slyssins og meðferð, eins og lýst hefur verið, en því til viðbótar segir hún, að hún hafi legið á Landspítala á s.l. sumri og hafi þá Árni Björnsson gert aðgerð og numið burt örið. Hún hafði gips eftir aðgerðina í 1 mánuð.

Núverandi óþægindi: Kveðst bólgna upp á hægri handlim við áreynslu. Verkur í handleggnum við átök. Kvartar um dofatilfinningu í handleggnum.

Skoðun. Hægri handlimur: 16 cm hálfhringlaga ör er rétt neðan við hægri olnbogabót, örið er vel gróið, en nokkuð rautt og alláberandi. Nokkur dofatilfinning virðist í húðinni neðan við örið á þríhyrningssvæði, og nær toppur þríhyrningsins niður undir úlnlið. Kraftur í hægri handlegg er eðlilegur við mælingu. Nokkur hreyfingarminnkun er í hægri olnbogalið, og mælist hreyfing í hægri olnbogalið 170—50 (vinstri 175—50).

Stúlkan segist hafa unnið sumarið 1962 í fiskvinnu, en gat lítið sem ekkert unnið s.l. sumar vegna aðgerðar þeirrar, er gerð var. Hún er nú í gagnfræðaskóla verknáms.

Ályktun: Hér er um að ræða 18 ára gamla stúlku, sem slasaðist fyrir tæpum 2 árum og hlaut þá stóran skurð rétt neðan við oln-

bogabót, og náði skurðurinn gegnum undirhúð og inn í vöðvalag. Ekki fékk hún neina sköddun á stærri taugum eða æðum. Gerð var aðgerð á s.l. sumri til að reyna að minnka örið, en þrátt fyrir það er það allmikið áberandi og nokkur óþægindi í handleggnum, einkum dofatilfinning í húð, þreyta og stirðleiki í olnbogalið.

Þess er ekki að vænta, að breyting verði á þessu ástandi héðan af, og er því tímabært að meta telpunni varanlega örorku vegna þessa meiðslis, og telst sú örorka hæfilega metin 5%".

Þann 24. marz 1965 endurskoðar tryggingalæknirinn fyrra örorkumat sitt. Þar segir svo, sbr. dskj. nr. 6:

„Viðvíkjandi Eddu Levý, f. 19/3 1945, til heimilis að Vesturgötu 35, Rvík.

Ég vitna til örorkumats míns 16/11 1963 og þeirra upplýsinga, sem þar eru um sjúkdóm og meðferð þessarar stúlku.

Hún kom til viðtals hjá mér hinn 19/3 1965. Hún skýrir frá því, að hún hafi verið í skóla árið 1963 til '64, en síðan unnið í síld sumarið 1964, en um litla vinnu var að ræða, þar eð hún var á síldarsöltunarstöð, þar sem lítið barst að. Síðan hefur hún unnið ýmsa vinnu, t. d. í bókbandi, í brauðabúð og vinnur nú í fiski.

Núverandi óþægindi: Hún kvartar um sífellda verki í hægri handlegg öllum, segist þreytast fljótt við alla vinnu og hafa verki eftir vinnu. Kveðst bólgna upp á handlegg og hendi eftir áreynslu. Kvartar einnig um dofatilfinningu í húðinni á hægri framhandlegg og niður undir höndina. Kvartar einnig um kulsækni í handleggnum og fram í höndina, t. d. við vinnu, eins og hún vinnur núna.

Við skoðun er að finna svipað ástand og var við skoðunina í nóvember 1963. Örið í olnbogabótinni er þó enn meira áberandi en undirritaður hefði vænzt, það er allbreitt, nokkuð þykknað og rauðbláleitt. Hreyfing, kraftur og tilfinning er óbreytt frá því, er var við fyrri skoðun.

Ályktun: Stúlkan ber meiri menjar slyssins, sem hún hlaut 13/12 1961, en gert var ráð fyrir í örorkumati undirritaðs 16/11 1963. Einkum er örið mun meira áberandi og óþægindin meiri en undirritaður hafði gert ráð fyrir.

Af þessum sökum verður að telja, að örorkumat, er þá var gert, sé of lágt, og varanleg örorka stúlkunnar vegna slyssins er hæfilega metin 10%".

Með bréfi, dags. 15/2 1966, vekur lögmaður stefnda borgar-

sjóðs athygli á því, að Edda Stefanía sé sögð í örorkumötunum fædd 19/3 1945, en hinn rétti fæðingardagur hennar sé 9. marz 1947, sbr. dskj. nr. 32. Taldi hann, að hinn rangi fæðingardagur kynni að hafa áhrif á niðurstöðu örorkumatsins.

Í tilefni af þessu skrifaði lögmaður stefnanda tryggingalæknunum bréf, þar sem hann vakti athygli á þessu misræmi. Með bréfi til lögmanns stefnanda lýsir tryggingalæknirinn því yfir, að þessi skekkja breyti engu um örorkumatið.

Þann 28. júní 1965 reiknar K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur út vinnutap hinnar slösuðu stúlku og taldi það nema kr. 128.797.00. Í álitsgerð tryggingafræðingsins segir svo:

„Útreikningar varðandi slys ungfrú Eddu Levý, Vesturgötu 35, Reykjavík, þann 13. des. 1961.

Ungfrú Edda er talin fædd 9. marz 1947. Hún hefur því verið 14 ára, þegar hún varð fyrir ofangreindu slysi. Um tildrög slyssins vísast til lögregluskýrslu um málið.

Fyrir liggja tvö vottorð frá Páli Sigurðssyni, tryggingayfirlækni, um slys þetta, dagsett 16. nóv. 1963 og 24. marz 1965. Í því síðara metur hann varanlega örorku ungfrú Eddu af ofangreindu slysi 10%.

Þegar Edda slasaðist, var hún í unglingaskóla, 2. bekk. Síðar gekk hún í gagnfræðaskóla verknáms. Samkvæmt staðfestum ljósritum af framtölum hennar 1964 og 1965 hefur hún næstum engar tekjur haft 1963, enda lá hún á Landspítalanum nokkurn tíma það sumar til aðgerða vegna slyssins. Árið 1964 hefur hún hins vegar haft 36.305.00 kr. vinnutekjur, enda mun skólagöngu hennar hafa lokið þá um vorið.

Samkvæmt upplýsingum yðar hefur ungfrú Edda í hyggju að leggja fyrir sig verzlunarstörf. Með hliðsjón af því hef ég gert áætlun um vinnutekjur fram í tímann, byggða á kjarasamningum Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, og miðað við flokk afgreiðslustúlkna, sem ekki hafa verzlunarskólamenntun. Tvö fyrstu árin eftir slysið hef ég reiknað með fjögurra mánaða sumarvinnu hvort árið um sig, en 6 mánaða vinnu á þriðja ári eftir slysið og fullri ársvinnu eftir það. Ég geng út frá, að starfsaldur yrði talinn eitt ár að loknum tveimur fyrstu árunum og tvö ár í byrjun fjórða árs eftir slysið. Ég hef reiknað með lágmarkstaxta þeim, sem birtur er, og ekki gert ráð fyrir neinni yfirvinnu. Hins vegar hef ég reiknað með 6% lífeyrissjóðsgjaldi vinnuveitanda frá þeim tíma, sem reiknað er með samfelldri vinnu.

Vinnutekjuáætlunin er þannig:

1.	ár eftir slysið	kr. 9.176.00
2.	— — —	— 11.804.00
3.	— — —	— 35.748.00
4.	— — —	— 80.151.00
5.	— — —	— 86.039.00
6.	— — —	— 88.991.00
7.—10.	— — —	— 92.628.00
11.—15.	— — —	— 96.282.00
	Síðan	— 99.937.00

Væri nú áætlað, að tjón ungfrú Eddu af slysinu svaraði til jafn margra hundraðshluta af áætluðum vinnutekjum eins og örorka hennar er metin, þ. e. 10%, yrði verðmæti áætlaðs tjóns af örorkunni kr. 128.797.00 miðað við slysdag.

Reiknað er með 6% vöxtum p. a., dánarlíkum íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu á árunum 1951—60 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Vinnutekjurnar eru reiknaðar án frádráttar fyrir opinberum gjöldum".

Lögmaður stefnda borgarsjóðs hefur mótmælt þessum lið sem of hátt áætluðum og órökstuddum. Þá hefur hann krafizt þess, að sjúkradagpeningar, sem Sjúkrasamlag Reykjavíkur hefur greitt, verði dregnir frá þeirri upphæð, er dæmd kunni að verða samkvæmt þessum lið.

Við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið þykir í aðalatriðum rétt að leggja til grundvallar útreikning tryggingafræðingsins, og ber þá að hafa í huga, að reiknað er með 6% vöxtum p. a. og dánarlíkum íslenzkra kvenna.

Með hliðsjón af þessum útreikningi, og þegar þess er gætt, að bæturnar eru udanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þykir óbætt heildartjón samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið á kr. 100.000.00, og hafa þá verið frá dregnir sjúkrapeningar, er Sjúkrasamlag Reykjavíkur greiddi, kr. 7.168.00.

Um lið 2.

Hér að framan hefur sjúkrasaga Eddu Stefaníu verið rakin. Lögmaður stefnda borgarsjóðs hefur mótmælt þessum lið sem of háum.

Ljóst er eftir skjölum málsins, að hin slasaða hefur liðið miklar þjáningar í sambandi við slysið og að hún muni bera þess varan-

legar menjar. Þykja því bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 35.000.00.

Um lið 3.

Þessum lið hefur lögmaður borgarsjóðs mótmælt sem ósönnuðum og allt of háum.

Stefnandi, Sigurbjörg E. Levý, hefur komið fyrir dóm. Hún kveðst hafa starfað hjá Sjófangi h/f, er kjördóttir hennar slasaðist, og orðið að taka sér frí í hálfan mánuð vegna slyssins. Hún hafi þá ekkert kaup fengið, enda unnið í tímavinnu hjá fyrirtækinu. Óhjákvæmilegt hafi verið fyrir sig að hætta störfum og sinna kjördóttur sinni, meðan hún var ósjálfbjarga eftir slysið. Auk vinnutaps hennar sé innifalið í þessum lið lyfjakostnaður, sem hún hafi ekki hirt um að halda nótur yfir. Þá sé og innifalinn í þessum lið bifreiðakostnaður, sem hún hafi ekki hirt um að halda reikninga yfir. Þá upplýsti hún, að kjördóttir hennar hefði engar bætur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, og hefur dómurinn staðreynt, að þar er rétt frá skýrt.

Fyrir liggur á dskj. nr. 27 bréf frá Sjófangi h/f. Þar er staðfest, að stefnandi hafi verið fastráðin hjá fyrirtækinu og að hún hafi orðið að taka sér frí til að annast kjördóttur sína, sem slasaðist í desember. Eftirgrennslanir hjá starfsfólki hafi leitt í ljós, að það hafi verið a. m. k. 2—3 vikur. Áætlar forsvarsmaður Sjófangs, að tekjumissir stefnanda hafi verið a. m. k. 5.000.00—7.000.00 krónur.

Þegar til þess, sem hér að ofan greinir, er litið, þykir þessum kröfulið vera í hóf stillt, og ber því að taka hann til greina.

Kröfuliðum 4—6 hefur ekki verið mótmælt tölulega, og ber því að taka þá til greina.

Eftir þessum málalokum telst óbætt heildartjón stefnanda f. h. kjördóttur hennar vera kr. 100.000.00 + 35.000.00 + 5.000.00 + 160.00 + 520.00 + 1.500.00, samtals kr. 142.180.00. Ber borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs að bæta stefnanda það að ⅘ hlutum, eða með kr. 113.744.00, auk 7% ársvaxta frá 13. desember 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.500.00, þar af hljóti talsmaður stefnanda kr. 18.000.00, en ríkissjóður kr. 500.00.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Gunnari M. Guðmundssyni lögfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs greiði stefnanda, Sigurbjörgu E. Levý f. h. ólögráða kjördóttur hennar, Eddu Stefaníu Levý, kr. 113.744.00 auk 7% ársvaxta frá 13. desember 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og kr. 18.500.00 í málskostnað. Þar af hljóti skipaður talsmaður stefnanda kr. 18.000.00, en ríkissjóður kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. apríl 1968.

Nr. 204/1967. **Verzlun Jóns Ö. Bárðarsonar**
(Bárður Jakobsson hrl.)
gegn
Trausta Hermannssyni
(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 11. september 1967. Það áfrýjunarmál var fellt niður með útivistardómi 4. desember 1967. Áfrýjandi hefur samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjað málinu af nýju með stefnu 27. desember 1967. Hann krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Stefndi, sem sagt hafði upp starfa sínum hjá áfrýjanda, Verzlun Jóns Ö. Bárðarsonar, frá 31. janúar 1966, hvarf úr þjónustu áfrýjanda hinn 18. nóvember 1965 samkvæmt skipun nafngreinds verzlunarmanns, sem falin hafði verið „yfirumsjón í verzluninni" í fjarveru eigandans, Jóns Ö. Bárðarsonar, sem hefur staðhæft, að umræddur starfsmaður hafi enga heimild haft til að segja upp starfsfólki. Er stefndi, sem hafði talið sig verða að hlíta brottvikningunni, nokkru síðar innti Jón Ö. Bárðarson „eftir ástæðum fyrir uppsögninni", svaraði Jón að eigin sögn því til, „að hann hefði engin fyrirmæli gefið um það, að" stefnda „yrði sagt upp. Hins vegar hefði" stefndi „hagað sér svo í sínum störfum, að full ástæða væri til þess". Jafnframt bauð Jón stefnda að taka starf sitt upp af nýju og gegna því til loka uppsagnarfrests þess, er áður getur, en stefndi neitaði því vegna greindra ummæla Jóns. Ummæli þessi eru ósönnuð og svo móðgandi í garð stefnda, að honum var rétt að hafna því tilboði að hverfa aftur til starfa síns á vegum áfrýjanda, sbr. 4. tölulið 24. gr. laga nr. 22/1928. Að svo vöxnu þykir stefndi eiga rétt til fébóta úr hendi áfrýjanda.

Í héraði sundurliðaði stefndi kröfu sína þannig:

1. Föst laun tímabilið 18. nóvember 1965 til 31. janúar 1966 samkvæmt kjarasamningi kr. 18.240.00
2. Yfirvinnukaup nefnt tímabil .. .. — 10.900.00
3. Miskabætur .. .. — 10.000.00

Samtals kr. 39.140.00

Um 1. lið. Kröfulið þessum er eigi andmælt, að því er fjárhæð varðar, og ber að taka hann til greina að fullu.

Um 2. lið. Stefndi hefur lagt fram vottorð verzlunarmanns áfrýjanda, Finns V. Magnússonar, þess efnis, að honum hafi verið greiddar fyrir yfirvinnu frá 18. nóvember 1965 til 31. janúar 1966 kr. 10.900.00. Áfrýjandi hefur ekki andmælt vottorði þessu. Í varnarskjali í héraði kveður áfrýjandi kröfu stefnda um yfirvinnukaup hins vegar órökstudda, „því að það er ekki sönnun fyrir því, hver eftirvinna stefn-

anda hefði orðið, að annar starfsmaður fékk tiltekna upphæð fyrir yfirvinnu yfir það tímabil, sem hér um ræðir". Stefndi hefur eigi flutt fram frekari gögn til stuðnings þessum kröfulið en greint vottorð Finns verzlunarmanns, en eigi er í ljós leitt, að hann hafi verið staðgengill stefnda á vegum áfrýjanda. Þá er fram komið, að eigi hafi verið samið um fasta yfirvinnu. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til, að krafa stefnda samkvæmt þessum lið verði til greina tekin.

Um 3. lið. Hér fyrir dómi kemur kröfuliður þessi ekki til álita, þar sem héraðsdómi hefur eigi verið gagnáfrýjað.

Eigi er fram komið, hverjar tekjur stefndi hafði frá öðrum en áfrýjanda á uppsagnarfresti sínum. Þegar að svo vöxnu kemur lækkun bóta til handa stefnda af slíku efni eigi til álita.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda kr. 18.240.00 ásamt vöxtum, eins og síðar greinir, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Verzlun Jóns Ö. Bárðarsonar, greiði stefnda, Trausta Hermannssyni, kr. 18.240.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 16 ágúst 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 13. júlí 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 13. júlí, var á bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í borgarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta kveðinn upp dómur í máli þessu, sem þingfest var 5. september 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. júní s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Trausta Hermannssyni verkamanni, Pólgötu 6, Ísafirði, með stefnu, útgefinni 3. ágúst 1966, gegn Verzlun Jóns Ö. Bárðarsonar, Ísafirði, til heimtu á launum fyrir þriggja mánaðauppsagnarfrest, að frádregnum 18 dögum, að fjárhæð kr.

39.140.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 16. ágúst 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær dómkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda í málinu og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sáttatilraun reyndist árangurslaus.

Stefndi lýsti yfir, að hann gerði ekki athugasemdir við formhlið málsins.

Ákveðið var, að málið skyldi flutt skriflega.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi réðst 20. október 1964 til starfa í matvöruverzlun stefnda sem afgreiðslumaður. Hann vann þar til 18. nóvember 1965, að Rolf Kutscher, verzlunarstjóri stefnda, rak hann úr vinnunni. Áður hafði stefnandi sagt upp starfi sínu frá og með 1. nóvember s. á. með þriggja mánaða uppsagnarfresti, og bar honum samkvæmt því að vinna hjá stefnda til 31. janúar 1966. Stefnandi og stefndi eru sammála um það, að stefndi hafi sett Rolf Kutscher yfir matvöruverzlunina og sagði starfsfólkinu, að það ætti að hlýða honum í einu og öllu varðandi starfið. Rolf skýrði frá því, að hann hafi talið sig verzlunarstjóra og þess vegna haft vald til að ráða og reka starfsfólk, ef svo bæri undir.

Þegar stefnanda var sagt upp starfinu, var stefndi í Reykjavík, og fór stefnandi á hans fund, nokkru eftir að hann kom heim, til að inna hann eftir ástæðum fyrir brottvikningunni. Bauðst stefndi þá til að láta stefnanda vinna út uppsagnarfrestinn, en nefndi jafnframt, að hann væri slakur til vinnu. Taldi stefnandi eftir þessi ummæli sér ekki fært að hefja aftur vinnu hjá stefnda.

Höfðaði hann síðan mál þetta til bóta fyrir fyrirvaralausa brottvikningu úr starfinu. Nokkur vitni hafa verið leidd í málinu. Þeir Júlíus Guðmundsson, Gunnlaugur Magnús Einarsson og Finnur Veturliði Magnússon störfuðu samtímis stefnanda hjá stefnda. Þeir voru um það spurðir, hvort stefnandi hefði verið óstundvís til vinnu, hvernig störf hans og framkoma hefði verið og hvort kvartað hefði verið til stefnda um störf hans og hegðun. Öll vitnin svöruðu því til, að stefnandi hefði ekki verið óstundvísari en almennt gerðist og ekkert þeirra hefði kvartað undan hegðun eða störfum stefnanda til stefnda, og öll töldu þau, að stefnandi hefði ekki verið slakari til vinnu en almennt gerðist. Vitnið Finnur Veturliði Magnússon tók fram, að stefnandi hefði

leyst störf sín ágætlega af hendi, og kvaðst ekki minnast þess, að hann hefði verið sérstaklega óstundvís. Vitnið kvaðst aldrei hafa kvartað yfir stefnanda við stefnda.

Stefndi hefur fyrir dóminum viðurkennt, að hann hafi falið Rolf Kutscher, sem þá var verzlunarmaður hans, að hafa yfirumsjón með verzluninni, meðan hann væri í burtu, og sjá um rekstur hennar. Hins vegar hafi Rolf ekki haft prókúruumboð eða heimild til að segja upp starfsfólki og hann hafi ekki gefið nein fyrirmæli um að segja stefnanda upp. Engu að síður taldi stefndi, að full ástæða hafi verið til að segja stefnanda upp starfinu vegna hegðunar hans í því. Rökstuddi stefndi þá fullyrðingu sína með því, að stefnandi hefði mætt óstundvíslega til vinnu og ekki látið af því þrátt fyrir áminningar. Þá hafi stefnandi ekki sýnt ástundun við vinnu sína og starfsfólkið oft kvartað yfir því við stefnda. Einnig hafi stefnandi eitt sinn ásamt tveimur samstarfsmönnum sínum neytt áfengis í vinnunni. Stefndi heldur því enn fremur fram, að stefnandi eigi engan rétt til bóta, þar sem hann hafi unnið annars staðar og fengið laun þar og þess vegna ekki orðið fyrir sannanlegu tjóni og Rolf Kutscher hafi án nokkurrar heimildar vikið stefnanda úr starfi.

Eins og áður getur, taldi Rolf sig hafa haft fulla heimild sem verzlunarstjóri til að víkja stefnanda úr starfi og hafi hann gert það, þar sem hann taldi stefnanda ekki vinna verk sín nógu vel. Kvaðst hann hafa verið orðinn leiður á vinnubrögðum stefnanda og hafi þau farið síversnandi síðustu dagana.

Stefnandi hefur viðurkennt að hafa í eitt skipti neytt lítils háttar áfengis af sérstöku tilefni í starfstíma verzlunarinnar ásamt tveimur samstarfsmönnum sínum, en ekki fundið til áfengisáhrifa. Hann kvaðst ekki minnast þess að hafa nokkurn tíma verið áminntur um óstundvísi, og neitaði því eindregið að hafa látið fólk bíða eftir afgreiðslu og hafa verið slakur til vinnu.

Kröfugerð sína sundurliðar stefnandi þannig:

a. Mánaðarkaup kr. 7.600.00 í tvo mánuði, samtals kr. 15.200.00, og tíu dagar í nóvember 1965, hver dagur á kr. 304.00, alls kr. 3.040.00, eða samtals kr. 18.240.00.
b. Eftirvinnukrafa, kr. 10.900.00, byggð á dómsskj. nr. 5, yfirlýsingu samstarfsmanns hans um þá eftirvinnu, sem hann hafði þann tíma, sem um ræðir.
c. Miskabætur, kr. 10.000.00, vegna vansæmdar og álitshnekkis, sem verzlunarstjórinn og stefndi bökuðu honum með fyrirvaralausri brottvikningu úr starfinu.

Samtals nema því stefnukröfurnar auk vaxta og kostnaðar kr. 39.140.00.

Úrslit máls þessa velta á því, hvort litið verður svo á, að Rolf Kutscher hafi haft heimild til að víkja stefnanda úr starfi.

Eftir því sem að framan getur, verður að telja sannað, að stefndi hafi ráðið Rolf sem verzlunarstjóra að verzluninni og hafi stefnandi því haft fulla ástæðu til að telja, að hann yrði að hlíta uppsögninni.

Liggur þá fyrir að athuga, hvort stefnanda hafi verið vikið úr starfi án saka. Vitni þau, sem leidd hafa verið, hafa skýrt frá því, að stefnandi hafi ekki verið óstundvísari eða vanrækt starf sitt frekar en almennt gerist, og eitt vitnanna kvað hann hafa leyst störf sín ágætlega af hendi og ekki minnast þess, að hann væri sérlega óstundvís. Gegn neitun stefnanda og vætti vitna verður ekki talið sannað, að stefndi hafi áminnt stefnanda fyrir óstundvísi eða fundið að störfum hans.

Samkvæmt því, er að framan greinir, verður að telja, að stefnandi hafi ekki verið svo óstundvís eða sýnt svo vítaverða vanrækslu í starfi, að hann hafi gerzt brotlegur gagnvart vinnuveitanda sínum. Stefndi bauð stefnanda að hefja aftur vinnu og að vinna uppsagnarfrestinn á enda. Hafnaði hann því. Eins og á stóð, verður að líta svo á, að stefnandi hafi ekki af þeim sökum glatað rétti til bóta úr hendi stefnda.

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 91/1965, sem uppkveðinn var 7. 2. 1966, er að því vikið, að hafi starfsmanni verið vikið fyrirvaralaust og án saka úr starfi, að þá sé eigi efni til þess, að sá, sem víkur manni úr starfi og er því skaðabótaskyldur, hafi, hvernig sem á stendur, hag af því, þótt þeim, sem ranglega var upp sagt, takist á þeim uppsagnartíma, sem honum bar, að vinna sér nokkrar tekjur.

Verður að líta svo á, að það rýri ekki rétt stefnanda til bóta, þótt hann kunni að hafa haft tekjur annars staðar, meðan á uppsagnarfrestinum stóð.

Kröfufjárhæðinni hefur ekki verið mótmælt tölulega, hvorki mánaðarkaupinu né eftirvinnukaupinu, ef aðalkrafan væri á rökum reist. Hins vegar hefur stefndi mótmælt miskabótunum.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða máls þessa sú, að dæma ber stefnanda úr hendi stefnda bætur, sem svara til kaups þess, sem hann mundi hafa fengið, ef honum hefði ekki verið vikið úr starfi, en á hinn bóginn verður krafa stefnanda um miskabætur ekki tekin til greina, enda hefur hann ekki fært

líkur fyrir, að hann hafi beðið neitt frekara tjón af uppsögninni.

Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 29.140.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 16. ágúst 1966 til greiðsludags.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 4.000 krónur, og ber að dæma stefnda til að greiða hann.

Dómsorð:

Stefndi, Verzlun Jóns Ö. Bárðarsonar, greiði stefnanda, Trausta Hermannssyni, kr. 29.140.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 16. ágúst 1966 til greiðsludags og 4.000 krónur í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. apríl 1968.

Nr. 217/1966. **Einar Jónasson**
Guðmundur Stefánsson
Friðrik Á. Magnússon f. h.
dánarbús Magnúsar Ólafssonar
Valdimar Björnsson
Guðrún Þorsteinsdóttir
Björn Þorleifsson
Guðrún Þorleifsdóttir og
Bjarnfríður Sigurðardóttir
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Bæjarstjóra Keflavíkur f. h. bæjarins
og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Landsafnot. Hefð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1966 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði

dæmt að greiða þeim kr. 2.298.834.26 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. október 1966 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum aðaláfrýjenda og þeim verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hluti Keflavíkurbæjar hefur risið á landi, að stærð 71.4 ha, sem telst óskipt til jarða aðaláfrýjenda. Skikar lands þessa voru fyrr meir seldir á erfðaleigu, m. a. undir þurrkreiti og til túnræktar. Var erfðaleigutökum þá veitt heimild til að framselja erfðaleiguréttinn til erfðaleiguskika í heild, en venjulega eigi til hluta þeirra. Þá er fólki fjölgaði á þessum slóðum og þörf varð á því að skipta erfðaleigulendum í húsareiti, leyfðu landeigendur það með þeim skilyrðum, að erfðaleigan félli niður og landið félli til landeigenda aftur. En er byggðarlagið stækkaði, rak að því, að taka þurfti reiti og land undir skóla, ráðhús, leikvelli, íþróttasvæði og skrúðgarð. Í þessu skyni keypti gagnáfrýjandi af erfðaleiguhöfum hluta af erfðaleiguskikum og tók jafnframt svæði úr óskiptu og óleigðu landi aðaláfrýjenda bæði til gerðar á íþróttavelli og skrúðgarði. Þessar aðgerðir réttlætti gagnáfrýjandi með því, að hið tekna land væri nauðsynlegt til almannaþarfa eigi síður en götur í bænum. Almannamannvirki séu skilyrði þess, að aðaláfrýjendur geti haft fullan leiguarð af húsreitum sínum í bænum og beri þeim því að leggja fram land undir þessi mannvirki. Af þessum sökum kveðst gagnáfrýjandi vera undan því þeginn að inna af hendi gjald fyrir töku nefndra landskika.

Gagnáfrýjanda var rétt eftir skipulagsreglum að taka eignarnámi land innan bæjarmarka Keflavíkurkaupstaðar til almannamannvirkja. Við ákvörðun eignarnámsbóta fyrir slíkt land, sem numið var frá aðaláfrýjendum, var rétt að taka tillit til verðaukningar þeirrar, sem gerð almannamannvirkjanna hafði í för með sér á landi því, sem aðaláfrýjendur héldu eftir, sbr. 10. gr. laga nr. 61/1917 um framkvæmd eignarnáms og IV. kafla laga nr. 55/1921 um skipulag kaup-

túna og sjávarþorpa. Hald gagnáfrýjanda á 9.766 m² skrúðgarðslandsins hefur skapað hefðarrétt á því landi, svo sem í héraðsdómi greinir. Hald gagnáfrýjanda á öðrum landskikum, sem í máli þessu greinir og hann var eigi fyrr en á árinu 1961 krafinn um leigugjald fyrir, svo séð verði, hefði skapað honum eignarhefð, ef það hefði staðið hefðartíma fullan. Af því leiðir, að gagnáfrýjanda verður eigi dæmt að greiða aðaláfrýjendum leigu fram til þingfestingardags í máli þessu, hinn 22. september 1964, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1905 um hefð, en við hinn upphaflega stefnudag, 17. apríl 1962, verður hér eigi miðað, þar sem það mál var eigi rekið „með hæfilegum hraða", sbr. 4. gr. sömu laga.

Niðurstaðan er því sú, að dæma ber gagnáfrýjanda sýknu af kröfum aðaláfrýjenda í máli þessu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, bæjarstjórinn í Keflavík f. h. Keflavíkurbæjar, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjenda, Einars Jónassonar, Guðmundar Stefánssonar, Friðriks Á. Magnússonar f. h. dánarbús Magnúsar Ólafssonar, Valdimars Björnssonar, Guðrúnar Þorsteinsdóttur, Björns Þorleifssonar, Guðrúnar Þorleifsdóttur og Bjarnfríðar Sigurðardóttur í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 13. ágúst 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þessa mánaðar, hafa landeigendur Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatsnesi, þeir Einar Jónasson, Egill Jónasson, Guðmundur Stefánsson, Friðrik Á. Magnússon f. h. dánarbús Magnúsar Ólafssonar, Vildimar Björnsson, Guðrún Þorsteinsdóttir, Björn Þorleifsson, Guðrún Þorleifsdóttir, öll til heimilis í Ytri-Njarðvík, og Bjarnfríður Sigurðardóttir, til heimilis í Keflavík, höfðað með stefnu, dagsettri 22. september 1964, fyrir bæjarþingi Keflavíkur gegn bæjarstjórn Keflavíkur

f. h. bæjarsjóðs til greiðslu á leigugjöldum af lóðaspildum í Keflavíkurkaupstað.

Í stefnu hafa stefnendur gert þær dómkröfur *aðallega,* að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 2.656.384.63 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins, en *til vara* er þess krafizt, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 2.530.008.66 auk vaxta og málskostnaðar, eins og í aðalkröfu greinir.

Í þinghaldi 17. maí 1966 lækkuðu sóknaraðiljar kröfur sínar um 13.46%, og jafnframt var því lýst yfir, að stefnandinn Egill Jónasson hefði fallið frá málssókn sinni á hendur stefnda, þar sem hann hefði selt stefnda eignarhluta sinn í hinu umdeilda sameignarlandi, en eignarhluti Egils Jónassonar var 13.46% af sameignarlandinu.

Samkomulag er með málsaðiljum að fá efnisdóm um málið, þó að það sé komið í þennan farveg.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi þeirra. Stefndi hefur þó fallið frá málskostnaðarkröfu á hendur Agli Jónassyni.

Stefnendur skýra svo frá málavöxtum, að jarðirnar Ytri-Njarðvík I, Ytri-Njarðvík II, Höskuldarkot I—II, Höskuldarkot III, Bolafótur og Þórukot í Gullbringusýslu séu einu nafni nefndar Ytra-Njarðvíkurhverfi. Þessar jarðir ásamt jörðinni Vatnsnesi, sem nú teljist til Keflavíkurkaupstaðar, séu eign þeirra þannig, að Einar Jónasson og Egill Jónasson eigi jörðina Ytri-Njarðvík I, Guðmundur Stefánsson eigi jörðina Ytri-Njarðvík II, dánarbú Magnúsar Ólafssonar eigi jörðina Höskuldarkot I—II, Valdimar Björnsson eigi jörðina Höskuldarkot III, Guðrún Þorsteinsdóttir eigi jörðina Þórukot og Bjarnfríður Sigurðardóttir eigi Vatnsnesið. Öllum ofangreindum jörðum tilheyri stórt, óskipt land innan marka Keflavíkurkaupstaðar, um 70 hektarar að stærð. Sú venja hafi ríkt á undanförnum árum, að landeigendur hafi látið byggingarfulltrúa Keflavíkurkaupstaðar úthluta byggingalóðum á hverjum tíma eftir skipulagi og byggingarleyfum kaupstaðarins og í samráði við fulltrúa landeigenda. Síðan hafi landeigendur gefið út leigusamninga um hverja lóð til einstaklinga. Landeigendur hafi leigt lóðirnar, en ekki selt þær. Þá hafi landeigendur látið land undir götur og ekki krafið kaupstaðinn um endurgjald fyrir. Á undanförnum árum hafi Keflavíkurkaupstaður hins vegar tekið bæði undir byggingar og auð svæði mikið land í sínar þarfir án þess að sækja um leyfi til landeig-

enda um það. Hafi landeigendur gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá bæjarstjórn Keflavíkur til þess að ganga frá leigusamningum fyrir þessar lóðir, sem kaupstaðurinn hefur tekið til sinna nota, en þær tilraunir hafi verið árangurslausar. Einnig hafi bæjarstjórnin neitað að greiða leigu fyrir lóðir þessar og vilji landeigendur ekki una við svo búið.

Hafa landeigendur því höfðað mál þetta og gera kröfu til þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim lóðarleigu af eftirtöldum lóðum:

1. *Barnaskólalóð,* 12.100 fermetrar.
   Lóðarleiga 1. jan. 1949 til 1. jan. 1965 .. .. kr. 348.096.00
2. *Íþróttasvæði,* 42.000 fermetrar.
   Lóðarleiga 1. jan. 1956 til 1. jan. 1965 .. .. — 913.920.00
3. *Gagnfræðaskólalóð,* 14.700 fermetrar.
   Lóðarleiga 1. jan. 1960 til 1. jan. 1965 .. .. — 261.072.00
4. *Skrúðgarður,* 13.050 fermetrar.
   Lóðarleiga 1. jan. 1945 til 1. jan. 1965 .. .. — 388.368.00
5. *Ráðhúslóð,* 3.751 fermetrar.
   Lóðarleiga 1. jan. 1945 til 1. jan. 1965 .. .. — 111.629.76
6. *Leikvöllur við Hringbraut,* 1.850 fermetrar.
   Lóðarleiga 1. jan. 1957 til 1. jan. 1965 .. .. — 13.708.50

Kr. 2.036.694.26
Vextir .. .. — 619.690.37

Samtals kr. 2.656.384.63

Stefnendur telja sig eiga allar ofangreindar lóðir. Skýra þeir svo frá, að á þeim svæðum, sem hafa verið að byggjast undanfarin ár, hafi verið margar stórar lóðir, sem leigðar hafi verið á erfðafestu fyrir löngu undir þurrkreiti fyrir fisk og til túnræktar. Þeir aðiljar, sem höfðu lönd þessi á leigu, hafi smátt og smátt verið að skipta lóðunum og selja sinn erfðafesturétt og hafi það farið fram þannig, að leigutakar sóttu um leyfi til landeigenda um að mega skipta lóðinni og selja sinn erfðafesturétt. Hafi landeigendur leyft það með þeim skilyrðum, að landið félli til landeigenda aftur og erfðafestuleigan félli niður. Síðan hafi landeigendur gefið út nýja leigusamninga með þágildandi leigutaxta til viðkomandi leigutaka. Af þeim lóðum, sem stefndi hafi tekið í sínar þarfir, sé nokkur hluti lóðir, sem erfðafestuhafar hafi látið af hendi til stefnda. Erfðafestuhafarnir hafi mátt afsala

leigurétti sínum samkvæmt erfðafestusamningunum til þriðja manns, en þó með því sérstaka skilyrði, að þeim hafi samkvæmt brýnum ákvæðum erfðafestusamninganna verið óheimilt að afsala hluta af löndunum. Þeim hafi þannig aðeins verið heimilt að afsala löndunum í heild. Nú sé ljóst af gögnum málsins, að öll þau erfðafestulönd, sem Keflavíkurbær hafi fengið afsalað frá fyrri erfðafestuhöfum, séu partar af viðkomandi erfðafestulöndum samkvæmt gerðum erfðafestusamningum. Þetta hafi fyrirsvarsmenn stefnda, sem höfðu með skipulag bæjarins að gera, vitað eða mátt vita.

Stefnendur benda á, að þeir hafi gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá stefnda til að gera lóðarsamninga um lóðir þær, sem um er deilt, áður en til málssóknar þessarar kom, eins og um aðrar lóðir, sem bæjarfélagið hafði tekið á leigu. Í því sambandi benda stefnendur á, að stefndi hafi gert leigusamninga við stefnendur á árunum 1945—1962 um 9 lóðir og borgi stefndi venjulega lóðarleigu af lóðum þessum. Stefndi hafi hins vegar neitað að gera lóðarsamninga um lóðir þær, sem mál þetta fjallar um. Hafi stefnendur því höfðað mál á hendur stefnda með stefnu, birtri 17. apríl 1962, til greiðslu leigugjalda fyrir lóðirnar. Það mál hafi af formsástæðum verið fellt niður þann 4. janúar 1964 og nýtt mál því þingfest í febrúar 1964. Það mál hafi einnig verið fellt niður þann 22. sept. 1964 og hafi mál það, sem hér er til meðferðar, verið höfðað sama dag.

Stefndi hefur mótmælt öllum kröfum stefnenda. Telur stefndi engan grundvöll vera fyrir því, að hann eigi að greiða söknaraðiljum leigugjöld fyrir lönd þau, sem um ræðir í málinu, enda sé það sameiginlegt landsvæðum þessum, að þau séu ætluð til almenningsþarfa í skilningi skipulagslaga nr. 19/1964. Hefur stefndi í því sambandi sérstaklega vitnað í 30. gr. þeirra laga sýknukröfu sinni til stuðnings, en hún hljóðar svo:

„Nú er land í einkaeign og eigandi óskar, að því eða hluta þess verði breytt í byggingarlóðir, samkvæmt gildandi skipulagi, og skal sveitarstjórn slíkt heimilt, enda láti landeigandi endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið til almenningsþarfa, t. d. gatna, leikvalla o. s. frv., sem svarar ⅓ af heildarflatarmáli þeirra byggingarlóða, sem heimild sveitarstjórnar nær til. Ef landeigandi ræður ekki yfir nægu landi umfram lóð eða lóðir, getur sveitarstjórn heimilað, að hann leysi sig undan kvöð þessari með því að greiða andvirði þess, sem á vantar, samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sveitarstjórn getur frestað því að nota

heimild, samkvæmt 1. mgr., þar til gerðar hafa verið fullnægjandi götur og holræsi, þannig að lóðir séu byggingarhæfar. Hún getur bundið slíka heimild því skilyrði, að greitt verði tiltekið gjald í sveitarsjóð, og fer um upphæð gjaldsins eftir gjaldskrá, er sveitarstjórn semur og ráðherra staðfestir. Skal upphæðin við það miðuð, að landeigandi greiði allt að ⅘ áætlaðs kostnaðar við gerð gatna og holræsa. Þegar þeir, sem hlut eiga að máli, hafa greitt gjaldið, er sveitarstjórn skylt að hefja framkvæmdir og ljúka þeim innan hæfilegs tíma".

Stefndi bendir á í þessu sambandi, að sóknaraðiljar leigi út mikinn fjölda lóða undir íbúðarhús í þeim bæjarhluta, sem hinar umdeildu lóðir til almenningsþarfa eru. Hafi þeir því vissar skyldur gagnvart þeim einstaklingum, sem þegar hafa tekið á leigu lóðir undir íbúðarhús. Það sé nánast að koma aftan að lóðarleigjendum, þegar stefnendur krefji nú bæjarfélagið, sem í raun réttri sé samnefnari allra lóðarleigutaka á bæjarsvæðinu, um árlegt leigugjald af almenningssvæðum, sem skipulagið geri ráð fyrir. Stefndi hafi þannig byggt barnaskóla á árinu 1948 á lóð þeirri, er skipulagið ætlaðist til. Vitanlega hafi sú framkvæmd verið mikið hagsmunaatriði fyrir landeigendur. Því hvaða afstöðu, sem þeir kunni að hafa til nauðsynjar þess, að börn landseta þeirra hljóti almenna menntun, þá verði eigi synjað fyrir þá staðreynd, að á meðan almenn skólaskylda er lögboðin, muni ekki vera arðvænlegt að bjóða til leigu byggingalóðir á bæjarsvæðinu, þar sem ekki sé fyrir hendi barnaskóli eða ekki fyrirhugaður í náinni framtíð. Um íþróttasvæðið sé svipað að segja. Þannig megi áfram telja önnur landsvæði og lóðir til almenningsafnota. „Allt afmarkað á áratugagömlum skipulagsupdrætti og tekið til almenningsafnota, eftir því, sem geta bæjarfélagsins hefur leyft, til augljósra hagsbóta fyrir leigusala íbúðabyggingarlóða".

Þá heldur stefndi því fram, að stefnendur hafi fyrst nýlega krafið lóðarleigu fyrir almenningslandsvæði, enda þótt örlög þessara landsvæða væru ákveðin að loknu skipulagi á sínum tíma. Bæjarfélagið hafi alla tíð farið með lönd þessi og litið á þau sem sína eign og þannig unnið á þeim eignarhefð, eða a. m. k. þá tegund hefðar, að bæjarfélaginu ætti um aldur og ævi að vera heimil afnot landsvæða þessara án endurgjalds.

Stefndi mótmælir því, að þeir samningar, sem hann hefur gert við stefnendur um lóðir, séu á nokkurn hátt viðurkenning af hálfu stefnda um skyldu hans til að greiða leigugjöld fyrir lóðir til

almenningsafnota. Sé því tilgangslaust af sóknaraðiljum að vitna til þeirra, einnig hvað snertir leigugjaldsfjárhæðir, sem skammtaðar hafi verið af leigusala og stefndi vefengir, að séu í samræmi við almenna lóðarleigu á svæðinu. Í þessu sambandi bendir stefndi á, að lóðir, sem hann tók á leigu, hafi m. a. farið undir verkamannabústaði, sjúkrahús og læknisbústað, sem sé sameign nokkurra sveitarfélaga, og undir elliheimili, sem fórnfús einstaklingur gaf.

Stefndi heldur því fram, að samkvæmt afsölum, sem fyrir liggi í málinu á dómsskjölum nr. 43, 44 og 49, hafi hann fengið hrein eignarafsöl fyrir lóðum þeim, sem þar sé afsalað. Komi ekki til mála, að hann greiði leigugjöld fyrir þær lóðir. Þá sé viðurkennt, að aðrir tilteknir stórir hlutar af almenningssvæðunum séu innifaldir í gömlum erfðafestulöndum, sem stefndi hafi fengið erfðafestuafsöl fyrir. Ef stefnendur eigi rétt á einhverri leigu fyrir þau lönd, þá geti sú leiga ekki numið hærri fjárhæð en sem svari til erfðafestuleigugjalds.

Stefndi mótmælir öllum kröfum stefnenda sem niðurföllnum vegna fyrningar, að svo miklu leyti sem þær nái til lóðarleigu yfir tímabil fyrir 3. maí 1958, en það tímamark sé fjórum árum fyrr en málið var fyrst þingfest.

Að lokum mótmælir stefndi einstökum leigugjaldskröfum sem allt of háum.

Þá hefur stefndi mótmælt vaxtarkröfu stefnenda sem allt of hárri og vaxtagrundvellinum sem röngum.

Eins og atvikum er háttað, þykir rétt að taka til athugunar leigugjaldskröfur sóknaraðilja um hverja einstaka lóð.

Um 1. Barnaskólalóðin.

Það er óumdeilt, að stærð lóðar þessarar er 12.100 fermetrar. Kröfu sína um lóðarleigu fyrir þessa lóð sundurliða sóknaraðiljar þannig:

1. jan.	1949—1. jan.	1960, kr. 1.00 pr. m²	.. ..	kr. 133.100.00
1. —	1960—1. —	1962, — 3.10 — —	.. ..	— 75.020.00
1. —	1962—1. —	1963, — 3.46 — —	.. ..	— 41.866.00
1. —	1963—1. —	1964, — 3.90 — —	.. ..	— 47.190.00
1. —	1964—1. —	1965, — 4.20 — —	.. ..	— 50.820.00
				Kr. 348.096.00

Sóknaraðiljar hafa upplýst, að með samningum, dagsettum 18. des. 1923, 4. janúar 1926 og 20. des. 1929, hafi landeigendur gert

erfðafestusamninga um þrjár landspildur við Stefán M. Bergmann. Erfðafestusamningar þessir liggja frammi í málinu. Samkvæmt ákvæðum þeirra skyldi leigutaki greiða erfðafestugjöld af erfðafestulöndunum, ákveðna fjárhæð á ári hverju fyrir hvert land. Þá er svofellt ákvæði í erfðafestusamningnum frá 18. des. 1923:

„Með þessum skilmálum er heimiluð erfðafesta á ofangreindri landspildu, og má herra Stefán M. Bergmann eða hver sá, er hér eftir kann að verða eigandi hennar, nota hana sem sína eign, hvort heldur er til byggingar, ræktunar, sölu eða veðsetningar óaftalið af eigendum Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi, hverjir sem kunna að verða eigendur, þó má aldrei selja einstaka hluta af lóðinni, en hún skal alltaf haldast óskert, að því er stærð hennar snertir, sem erfðafestuland, hver sem síðar kann að verða eigandi".

Hliðstæð ákvæði eru í erfðafestusamningunum frá 4. janúar 1926 og 20. des. 1920.

Erfðafestusamningum þessum var þinglýst.

Með afsali, dagsettu 31. des. 1948, afsalaði Stefán M. Bergmann erfðafesturéttindum sínum að 12.400 fermetrum af áðurgreindum landspildum til Keflavíkurhrepps.

Í afsalinu stendur m. a.:

„Ég undirritaður Stefán M. Bergmann, ... sel hér með og afsala Keflavíkurhreppi til fullrar eignar erfðafesturéttindi á lóðinni milli Sólvallagötu og Hringbrautar. ...

Stærð lóðarinnar er 12.400 ... fermetrar að flatarmáli.

Kaupandi hefur greitt mér erfðafesturéttindin að lóðinni með kr. 20.000.00 ... og eftirstöðvarnar með skuldabréfi ...

Keflavíkurhreppur tók við afnotum lóðarinnar 1. jan. 1948 og greiðir skatta og skyldur af henni frá sama tíma.

Samkvæmt framanskráðu lýsi ég hér með Keflavíkurhrepp löglegan umráðanda framanskráðrar lóðar ...".

Afsali þessu virðist ekki hafa verið þinglýst.

Óumdeilt er, að barnaskólalóðin er hluti af landi því, sem ofangreint afsal Stefáns M. Bergmanns nær til. Af gögnum málsins er ljóst, að land þetta er samsett af pörtum af öllum þremur erfðafestulöndunum, sem áður er greint frá.

Stefnendur kveða afsalið löglaust gagnvart sér, þar sem Stefán M. Bergmann hafi ekki mátt afsala hluta af erfðafestuspildum þeim, sem hann fékk á leigu. Hann hafi aðeins haft heimild til að afsala spildunum óskiptum. Til þess að afsalið væri gilt að

lögum gagnvart landeigendum, hefði Stefán M. Bergmann þurft að fá samþykki þeirra fyrir að afsala landinu til Keflavíkurhrepps með þessum hætti. Það samþykki hafi Stefán M. Bergmann ekki fengið og geti stefndi því engan rétt byggt á afsalinu, enda hafi landeigendur jafnan búizt við og treyst því, að stefndi gerði leigusamning við þá um landspildu þessa, eins og tíðkazt hafi um aðrar lóðir landeigenda, sem teknar hefðu verið úr erfðafestu.

Það er upplýst í málinu, að stefndi hefur aldrei greitt stefnendum leigugjöld eða erfðafestugjöld af barnaskólalóðinni og ekki heldur af öðrum landspildum, sem mál þetta fjallar um.

Á þeim tíma, sem hér skiptir máli, voru í gildi lög nr. 55/1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa með nokkrum breytingum, sem síðar voru gerðar. Síðastgreind lög höfðu ekki að geyma samsvarandi ákvæði og 30. gr. laga nr. 19/1964.

Eins og fyrr er rakið, hefur stefndi vitnað í skipulagslög nr. 19/1964 máli sínu til stuðnings, einkum 30. gr. þeirra laga. Lög þessi tóku gildi 1. janúar 1965. Þykja þau ekki koma til álita um ágreiningsefni aðilja, hvorki beint né óbeint, enda gera síðastgreind lög ráð fyrir grundvallarbreytingu á skyldum einstakra landeigenda við sveitarfélög.

Við flutning málsins hefur stefndi tæpt á því í sambandi við matsbeiðni, sem hann hefur síðar fallið frá, að Keflavíkurkaupstaður kunni að eiga kröfur til skuldajafnaðar á hendur landeigendum, m. a. vegna gatnagerðar og annarrar þjónustu. Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um þau atriði, og verður því ekki frekar um þau fjallað.

Skipulagsuppdráttur af Keflavík var staðfestur 7. júní 1934 af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu. Hinn 1. marz 1944 staðfesti félagsmálaráðuneytið með skírskotun til laga nr. 55/1921 skipulagsbreytingu „til þess að gilda sem samþykkt um skipulag Keflavíkurkauptúns". Öll hin umdeildu lönd, sem málið fjallar um, að undanskilinni gagnfræðaskólalóðinni, eru innan þeirra marka, sem skipulagsbreytingin frá 1. marz 1944 nær til. Í málinu hafa verið lagðir fram tillöguuppdrættir að nýju skipulagi fyrir Keflavíkurkaupstað. Þær tillögur, sem þar koma fram varðandi breytt skipulag í Keflavík, hafa ekki, svo að séð verði, verið lagðar fyrir skipulagsnefnd ríkisins og félagsmálaráðuneytið til úrlausnar samkvæmt 19. og 20. gr. laga nr. 55/1921, sbr. 14. gr. sömu laga og 4. gr. laga nr. 64/1938.

Samkvæmt skipulagsuppdráttunum frá 7. júní 1934 og 1. marz

1944 er gert ráð fyrir íbúðarhúsum og einni götu á svæði því, sem stefndi hefur látið reisa barnaskólann á. Samkvæmt skipulagsuppdráttunum átti gatan að liggja í gegnum svæði þetta milli Skólavegar og Tjarnargötu, samhliða Hringbraut og Sólvallagötu. Það hefur ekki verið gert, heldur hafa tvær götur, Suðurtún og Norðurtún, verið lagðar yfir svæðið á milli Hringbrautar og Sólvallagötu. Er barnaskólinn reistur á lóð á milli þessara gatna. Stefndi hefur ekki leitt í ljós, að lögleg breyting á skipulagi Keflavíkurkaupstaðar hafi verið gerð til samræmis við framkvæmd þessa. Er þessi framkvæmd því brot á ákvæðum 3. málsgreinar 13. gr. laga nr. 55/1921, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1938.

Eins og fyrr er frá greint, er afsal Stefáns M. Bergmanns dagsett 31. des. 1948. Getur stefndi því tímans vegna hvorki hafa unnið eignar-né afnotahefð á landinu. Þá þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að hann hafi unnið „aðra tegund hefðar" á barnaskólalóðinni, sem heimili honum ævarandi notkun lóðarinnar án endurgjalds.

Kemur þá til álita, hvern rétt stefndi geti byggt á afsali Stefáns M. Bergmanns. Eins og fyrr er lýst, voru ákvæði í erfðafestusamningum landeigenda og Stefáns M. Bergmanns þess efnis, að óheimilt væri að selja einstaka parta landanna. Erfðafestusamningum þessum var þinglýst. Bæði af þeim ástæðum og af hinum tíðu samskiptum landeigenda og fyrirsvarsmanna stefnda í sambandi við úthlutun lóða hlaut fyrirsvarsmönnum stefnda að vera kunnugt um afstöðu landeigenda í þessu efni. Með hliðsjón af þessu og eins og atvikum öllum er háttað, verður því ekki talið, að afsalsgerningur Stefáns M. Bergmanns til stefnda svifti landeigendur rétti til að krefja stefnda um leigugjald af landinu án tillits til leigugjaldsákvæða erfðafestusamninga landeigenda og Stefáns M. Bergmanns, enda verður að fallast á það með sóknaraðiljum, að við skiptingu lóðanna án samþykkis landeigenda hafi forsendur verið brostnar fyrir útleigu lóðanna á hinu upphaflega erfðafestugjaldi, sem var mjög lágt. Stefndi neytti ekki heimildar laga til að taka landið eignarnámi. Samkvæmt framanskráðu og með því að stefndi hagnýtti sér landið án samráðs við landeigendur er grundvöllur fyrir því, að sóknaraðiljar krefji stefnda um leigugjald eftir lóðina.

Aðiljar málsins hafa lagt fram ýmsar upplýsingar um lóðarleigu í Keflavík. Af þeim upplýsingum má ráða, að á seinni árum hafi stefnendur og Keflavík h/f, sem á um 970.000 m^2 lands

innan núverandi takmarka Keflavíkurkaupstaðar, í mjög mörgum tilfellum leigt lóðir undir íbúðarhús með þeim leigugjaldsákvæðum að miða gjaldið við „laun verkamanna í Njarðvíkum og Keflavík, þannig að lagt er til grundvallar gildandi tímakaup í dagvinnu fyrir almenna verkamenn, eins og það er í júlíbyrjun ár hvert, og skal ársleigan fyrir hvern fermetra lóðarinnar vera 5% af kaupgjaldi karlmanns fyrir eins klukkutíma vinnu í venjulegri dagvinnu, án orlofs".

Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, verður að telja, að almennt hafi lóðarleigugjald fyrir íbúðarhúsalóðir í Keflavík á undanförnum árum miðazt við síðastgreint leigugjaldsákvæði, en iðnaðar- og verzlunarlóðir séu almennt leigðar með gjaldi, sem er mun hærra, þannig að oft virðist lóðargjald af slíkum lóðum miðað við 10%—20% af tímakaupi verkamanna.

Eins og fyrr er rakið, hefur stefndi mótmælt leigugjaldskröfum stefnanda sem allt of háum, en ekki óskað eftir því, að dómkvaddir matsmenn mætu hæfilegt leigugjald eftir lóðir þær, sem málið fjallar um. Sóknaraðiljar hafa ekki gert glögga grein fyrir grundvelli þeim, sem þeir byggja fjárhæðir leigugjaldskrafna sinna á, og er því ekki hægt að taka þær óbreyttar til greina. Sóknaraðiljar hafa heldur ekki látið meta leigugjaldið. Með hliðsjón af þessu og atvikum málsins að öðru leyti telur dómurinn rétt að miða gjaldkröfu sóknaraðilja við það leigugjald, sem upplýst er í málinu, að tíðkazt hefur milli landeigenda og íbúðarhúsaeigenda í Keflavík á undanförnum árum og einnig hefur verið beitt í leigumálum aðilja máls þessa, þ. e. 5% af tímakaupi karla, eins og fyrr hefur verið lýst.

Eins og kröfugerð sóknaraðilja og málavöxtum er háttað, verður að telja, að fyrningarfrestur leigugjaldskrafna sóknaraðilja sé fjögur ár, sbr. 2. tl. 3. greinar laga nr. 14/1905. Stefna til greiðslu gjalda þessara var fyrst birt 17. apríl 1962. Með tilliti til þess, á hvern hátt landið komst í vörzlur stefnda, verður að líta svo á, að krafa stefnenda um gjöld fyrir tímabilið fyrir 1. janúar 1958 sé fallin niður fyrir fyrningu.

Sóknaraðiljar hafa lagt fram lista yfir tímakaup verkamanna í Keflavík og Njarðvíkum. Hefur fjárhæð kaupsins samkvæmt listanum ekki sætt andmælum. Hér á eftir verður tímakaupið rakið eftir árum. Jafnframt verður reiknað út 5% af tímakaupinu, og kemur þá út sú fjárhæð, sem telst hæfilegt leigugjald miðað við einn fermetra lands.

1958	er tímakaupið	kr.	19.74	5%	þar af gera	kr. 0.99
1959	——	—	20.67	5%	——	— 1.03
1960	——	—	20.67	5%	——	— 1.03
1961	——	—	22.94	5%	——	— 1.15
1962	——	—	25.05	5%	——	— 1.25
1963	——	—	28.27	5%	——	— 1.41
1964	——	—	34.15	5%	——	— 1.71

Krafa sóknaraðilja fyrir árið 1959 nemur aðeins kr. 1.00 á m^2, eða kr. 12.100.00, og verður við það miðað.

Samkvæmt þessu verður krafa sóknaraðilja, að því er viðvíkur barnaskólalóðinni, tekin til greina þannig:

1958	12.100	fermetrar	á kr.	0.99	kr. 11.979.00
1959	12.100	—	- —	1.00	— 12.100.00
1960	12.100	—	- —	1.03	— 12.463.00
1961	12.100	—	- —	1.15	— 13.915.00
1962	12.100	—	- —	1.25	— 15.125.00
1963	12.100	—	- —	1.41	— 17.061.00
1964	12.100	—	- —	1.71	— 20.691.00

Kr. 103.334.00

Um 2. Íþróttasvæðið.

Það er óumdeilt í málinu, að stærð lóðarinnar undir íþróttasvæðinu er 42.000 fermetrar. Kröfu sína um lóðarleigu fyrir þessa lóð sundurliða sóknaraðiljar þannig:

1. jan.	1956—1. jan.	1960,	kr. 1.00	pr. m^2	kr. 168.000.00
1. —	1960—1. —	1962,	— 3.10	— —	— 260.400.00
1. —	1962—1. —	1963,	— 3.46	— —	— 145.320.00
1. —	1963—1. —	1964,	— 3.90	— —	— 163.800.00
1. —	1964—1. —	1965,	— 4.70	— —	— 176.400.00

Samtals kr. 913.920.00

Upplýst er í málinu, að mestur hluti landsins er tekinn úr óskiptu sameiginlegu landi landeigenda, en nokkur hluti þess er hluti af erfðafestulandi, sem Gunnar nokkur Einarsson tók á erfðafestu af landeigendum með leigusamningi, dagsettum 17.

desember 1934. Í þinghaldi 22. sept. 1965 varð samkomulag með aðiljum um það að leggja til grundvallar í máli þessu, að 13.000 fermetrar af landinu undir íþróttasvæðinu séu hluti úr erfðafestulandi Gunnars Einarssonar, en hinn hlutinn, 29.000 fermetrar, sé úr óskiptu sameignarlandi stefnenda, sem áður hafði ekki verið leigt.

Í leigusamningi stefnenda og Gunnars Einarssonar frá 17. des. 1934 segir m. a.:

„1. Lóðin er að flatarmáli 14.300 fermetrar. ...

2. Lóðin er leigð á erfðafestu óuppsegjanlega til óákveðins tíma með óhindraðan rétt fyrir leigutaka að selja eða veðsetja, svo sem væri lóðin hans einkaeign, óátalið af leigusala. Þó má leigutaki hvorki selja né veðsetja hluta af lóðinni, en aðeins heild. ...

3. Ársleigan af lóðinni skal vera kr. 100.00 í erfðafestugjald, og skal það greitt fyrsta sinni 31. des. 1935 og síðan árlega sama mánaðardag ...“.

Þann 12. desember 1958 gaf Gunnar Einarsson út afsal til stefnda, þar sem segir m. a.:

„Ég Gunnar Einarsson ... afsala hér með til Keflavíkurkaupstaðar leigurétti mínum að eftirtöldum hluta af „landi við Heiðaveg“ í Keflavík, sem er hluti úr Njarðvíkurlandi, þinglýstri eign minni samkvæmt lóðarleigusamningi, dags. 17. des. 1934. ...

Landið er alls 13.815 m^2.

Keflavíkurkaupstaður leiti eftir lóðarsamningi við landeigendur og greiði eftirgjald af landinu frá 1. janúar 1956.

Samkvæmt afsali þessu öðlast Keflavíkurkaupstaður leigurétt minn yfir áðurgreindum hluta landsins og tekur jafnframt á sig allar skyldur mínar varðandi hann auk þeirra, sem að framan eru taldar, hvort heldur er gagnvart landeigendum eða öðrum ...“.

Afsali þessu virðist ekki hafa verið þinglýst.

Íþróttasvæðið virðist staðsett samkæmt skipulagsbreytingu þeirri, sem staðfest var af félagsmálaráðuneytinu 1. marz 1944.

Stefndi hefur haldið því fram, að íþróttasvæðið hafi ekki nema að litlu leyti verið notað sem slíkt fram að þessu. Heldur stefndi því fram, að malarvöllur hafi verið starfræktur á þessu svæði í um það bil 15 ár og sé flatarmál hans ásamt umgerð og áhorfendasvæði um 13.000 fermetrar. Unnið hafi verið að byggingu grasvallar á áður ónotuðum hluta íþróttavallarins frá miðju ári 1959 og hafi tyrfingu vallarins verið lokið síðastliðið haust, en

eftir sé að ganga frá hlaupabrautum og áhorfendasvæðum. Megi þá segja, að íþróttasvæðið sé fullnýtt.

Í afsali Gunnars Einarssonar er gert ráð fyrir, að stefndi leiti eftir lóðarsamningi við landeigendur og greiði eftirgjald af landinu frá 1. janúar 1956. Með hliðsjón af því svo og með skírskotan til raka þeirra, sem fram komu um 1. kröfulið að framan, þykir bera að taka gjaldkröfu stefnenda til greina um þann hluta landsins, sem stefndi fékk afsal fyrir frá Gunnari Einarssyni, frá 1. janúar 1958 svo og fyrir þann hluta landsins, sem stefndi hefur tekið úr óskiptu landi stefnenda. Stefnendur hafa ekki hnekkt þeirri staðhæfingu af hálfu stefnda, að síðastgreindur hluti landsins hafi fyrst verið tekinn í notkun á árinu 1959. Með tilliti til þessa og staðsetningar lóðar þessarar þykir rétt að miða gjaldkröfu stefnenda við 1. janúar 1959, að því er þann hluta landsins varðar.

Með vísan til þess, sem rakið er um fjárhæð gjaldkröfunnar í kröfulið 1, verður hún miðuð við 5% af tímakaupi karla í almennri verkamannavinnu, eins og áður er lýst. Fyrir árið 1959 gera stefnendur kröfu um kr. 1.00 í leigugjald fyrir hvern fermetra. Verður við það miðað. Fjárhæð þessa kröfuliðar verður því tekin til greina þannig:

1958	13.000	fermetrar á kr.	9.00	kr. 12.870.00
1959	42.000	— - —	1.00	— 42.000.00
1960	42.000	— - —	1.03	— 43.260.00
1961	42.000	— - —	1.15	— 48.300.00
1962	42.000	— - —	1.25	— 52.500.00
1963	42.000	— - —	1.41	— 59.220.00
1964	42.000	— - —	1.71	— 71.820.00
				Kr. 329.970.00

Um 3. Gagnfræðaskólalóðin.

Þessi lóð er að stærð 14.700 fermetrar og er öll tekin úr óskiptu landi stefnenda. Leigugjaldskrafa stefnenda fyrir lóðina er sem hér segir:

1. jan.	1960—1. jan.	1962, kr.	3.10 pr. m^2	kr. 91.140.00
1. —	1962—1. —	1963, —	3.46 — —	— 50.862.00
1. —	1963—1. —	1964, —	3.90 — —	— 57.330.00
1. —	1964—1. —	1965, —	4.20 — —	— 61.740.00
				Kr. 261.072.00

Gagnfræðaskólalóðin er vestan Sunnubrautar gegnt íþróttasvæðinu. Þar hefur stefndi látið reisa gagnfræðaskóla, og kveður stefndi byggingarframkvæmdir hafa byrjað á árinu 1960. Stefndi hefur ekki leitt í ljós, að rétt stjórnvöld hafi staðfest staðsetningu gagnfræðaskólalóðarinnar á þessum stað. Að svo vöxnu máli er þessi framkvæmd brot á skipulagslögum, eins og rakið hefur verið undir kröfulið 1 hér að framan.

Með skírskotun til þess, sem rakið er hér að framan um kröfulið 1, verður gjaldkrafa stefnenda samkvæmt þessum lið tekin til greina þannig:

1960	14.700 fermetrar	á kr.	1.03	kr. 15.141.00
1961	14.700 —	- —	1.15	— 16.905.00
1962	14.700 —	- —	1.25	— 18.375.00
1963	14.700 —	- —	1.41	— 20.727.00
1964	14.700 —	- —	1.71	— 25.137.00
				Kr. 96.285.00

Um 4. Skrúðgarðslóðin.

Stærð skrúðgarðslóðarinnar er 13.050 fermetrar.

Kröfu sína samkvæmt þessum lið sundurliða stefnendur þannig:

1. jan. 1945—1. jan. 1951,	kr. 0.50 pr. m²	.. ..	kr.	39.150.00
1. — 1951—1. — 1960,	— 1.00 — —	.. ..	—	117.450.00
1. — 1960—1. — 1962,	— 3.10 — —	.. ..	—	80.910.00
1. — 1962—1. — 1963,	— 3.46 — —	.. ..	—	45.153.00
1. — 1963—1. — 1964,	— 3.90 — —	.. ..	—	50.895.00
1. — 1964—1. — 1965,	— 4.20 — —	.. ..	—	54.810.00
			Kr.	388.368.00

Stefndi kveðst hafa fengið umráð lands þessa á eftirgreindan hátt:

1.	Frá Eyjólfi Jóhannssyni	9.766 m²
2.	Frá Elíasi Þorsteinssyni	2.798 —
3.	Úr óskiptu landi stefnenda	486 —
		13.050 m²

Þann 19. desember 1924 seldu stefnendur Guðmundi H. Ólafssyni í Keflavík á erfðafestu landspildu að stærð 4.950 ferfaðma.

Skyldi leigutaki greiða 82.50 í erfðafestugjald árlega. Í erfðafestusamningnum voru og ákvæði um, að landeigendur skyldu hafa forkaupsrétt á landinu, og „svo má aldrei selja einstaka hluti af landinu. Það skal alltaf haldast óskert, að því er stærð þess snertir, sem erfðafestuland, hver sem síðar kann að verða eigandi".

Eyjólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri í Reykjavík, fékk afsal fyrir landi þessu í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu þann 11. nóvember 1932. Í afsalinu segir m. a.:

„Var þá tekið fyrir að afsala framkvæmdarstjóra Eyjólfi Jóhannssyni ... erfðafestulönd kaupmanns Guðmundar Helga Ólafssonar í Keflavík samkvæmt sölugjörð 22. f. m. En samkvæmt henni voru lönd þessi boðin upp og seld samkvæmt kröfu Búnaðarbanka Íslands til lúkningar á skuld samkvæmt veðskuldabréfi, dags. 8. marz 1927. Hæstbjóðandi á uppboðinu í eignir þessar varð velnefndur framkvæmdarstjóri fyrir kr. 2.800.00. ... Með því að kaupandinn hefur greitt ... ógreidd lóðargjöld og yfirhöfuð fullnægt söluskilmálum í öllum greinum, eru fyrrgreind erfðafestulönd, samkvæmt erfðafestubréfum, dags. ... 19/12-24 ... hér með afsöluð velnefndum kaupanda ... til fullrar eignar og umráða, er hann má hagnýta sér sem óátalda eign".

Guðmundur Guðmundsson, oddviti Keflavíkurhrepps, ritaði landeigendum Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi þann 14. júní 1934 svofellt erindi:

„Samkvæmt skipulagsuppdrættinum yfir Keflavík á miðhlutinn úr túni G. H. Ólafssonar, sem nú er eign hr. Eyjólfs Jóhannssonar, að fara undir íþróttavöll. Er það eina stykkið úr ykkar landareign, sem til þeirra hluta á að fara, en aftur á móti 3 barnaleikvellir á landi Keflavíkureignarinnar. Keflavíkurhreppur hefur ákveðið að kaupa vallarsvæðið af E. Jóhannssyni. Er það nálægt einum hektara að stærð. Mun Eyjólfur leita ykkar samþykkis til sölunnar, áður en kaup verða gerð. Með því að hér er um að ræða eign, sem aldrei gefur neinn arð, þá leyfi ég mér hér með að fara þess á leit við landeigendur í Ytri-Njarðvíkum með Vatnsnesi, að þeir láti niður falla lóðargjald af vellinum. Nái það fram að ganga, mun það á sínum tíma styrkja aðstöðu hreppsins gagnvart eigendum Keflavíkureignarinnar að gera slíkt hið sama með leikvellina, sem ákveðnir eru á þeirra landi".

Þessu bréfi munu landeigendur ekki hafa svarað.

Þann 25. maí 1935 ritaði Eyjólfur Jóhannsson landeigendum bréf, þar sem segir svo:

„Ég leyfi mér hér með að bjóða yður forkaupsrétt á hluta af leigulóð minni, sem gert er ráð fyrir, að fari undir leikvöll og götu eftir skipulagsuppdrætti fyrir Keflavíkurbæ, sem hreppsnefnd Keflavíkur hefur samþykkt, og þarf að fara að gera framkvæmdir á. Kaupverðið er kr. 1.400.00. ... Ef forkaupsrétti verður hafnað, þá bið ég hér með um leyfi til að mega skipta leigulandi mínu sundur og selja það í hlutum".

Þann 10. júní 1935 svöruðu landeigendur Eyjólfi Jóhannssyni með bréfi, þar sem m. a. er svo frá greint:

„Vér óskum ekki eftir að neyta forkaupsréttar á landspildu þeirri, er þér bjóðið okkur af leigulandi yðar, en höfum samþykkt að leyfa yður að skipta leigulandi yðar í sundur og selja það í hlutum með eftirfarandi skilyrðum:

1. Lóðarsamningur sá, sem þér hafið fyrir landspildu þá, sem hér um ræðir, fellur úr gildi og í staðinn fáið þér leyfi til að skipta landinu í sundur og selja það í pörtum.

2. Um leið og þér afsalið hverri landspildu fyrir sig, þá fellur landið til landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi aftur, og þeir gefa svo út aðra samninga til viðkomandi aðila.

3. Það lóðargjald, sem þér hafið greitt fyrir landið, færist að öllu leyti yfir á það land, sem þér eigið eftir, þar til að annað hvort hafið þér selt það allt eða hafa verið gerðir við yður aðrir samningar á því landi, sem þér óskið að leigja áfram".

Þrátt fyrir þessa afstöðu landeigenda gaf Eyjólfur Jóhannsson þann 20. júní 1935 út afsal til stefnda fyrir hluta af landspildu þessari. Í afsalinu segir m. a.:

„Ég ... Eyjólfur Jóhannsson, ..., sel hér með og afsala til Keflavíkurhrepps þeim hluta af landspildu minni í Njarðvíkurlandi austur af Tjarnargötu í Keflavík, er samkvæmt skipulagsuppdrætti Keflavíkur á að fara í væntanlegan leikvöll, merktan nr. 30 á skipulagsuppdrættinum. Ennfremur fylgir með í kaupunum land undir væntanlega götu austan vallarins. ...

Kaupverðið er kr. 1.400.00. ... Ennfremur ber kaupanda að greiða hlutfallslega skatta og gjöld af hinni seldu eign frá 1. júlí síðastliðið ár (1934). ...

Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en ég svara til vanheimildar ...".

Afsali þessu var þinglýst 21/6 1935 án athugasemda.

Þann 4. sept. 1944 gaf áðurgreindur Eyjólfur Jóhannsson út afsal til stefnda, þar sem m. a. segir:

„... ég sel hér með og afsala til handa Keflavíkurhreppi eign-

arlóð minni sunnan Tjarnargötu í Keflavík, eins og ég hefi eignast hana samkvæmt útlagningargjörð, að frádregnum landspildum, er ég á sínum tíma seldi til Stefáns Franklín í Keflavík, Keflavíkurhrepps og Skúla Skúlasonar á Framnesi í Keflavík, en lóð þessi er ætluð undir fyrirhugað sjúkrahús og barnaskóla, og er umsamið kaupverð hennar kr. 25.000.00. ...

Með því að kaupandi hefur þannig greitt kaupverðið, lýsi ég Keflavíkurhrepp réttan og löglegan eiganda ofangreindrar eignar óátalið af mér og mínum erfingjum.

Ég svara til vanheimildar, en kaupandi heldur kaupi sínu til laga".

Frammi liggur í málinu yfirlýsing frá áðurgreindum Eyjólfi Jóhannssyni, dagsett 22. maí 1957, svohljóðandi:

„Með tilvísun til afsals, er ég undirritaður gaf Keflavíkurhreppi hinn 4. október 1944, óskast eftirfarandi leiðrétt:

Í afsalinu stendur: „... að ég sel hér með og afsala til handa Keflavíkurhreppi eignarlóð minni, sunnan Tjarnargötu í Keflavík ...".

Í stað orðsins „eignarlóð" komi erfðafestulóð. Þetta óska ég, að verði leiðrétt og innfært í veðmálabækur kaupstaðarins".

Ekki er upplýst í málinu, hverjar ástæður lágu til yfirlýsingar þessarar, en hún var afhent til þinglýsingar 25. ágúst 1961.

Óumdeilt er í málinu, að löndin, sem afsöl Eyjólfs Jóhannssonar frá 20. júní 1935 og 4. sept. 1944 ná til, séu bæði hlutar af erfðafestulandi Guðmundar H. Ólafssonar, sem áður er lýst. Nákvæmar mælingar eru ekki fyrir hendi á löndum þessum. Sigurður Jónsson byggingarfulltrúi í Keflavík telur, að landið, sem Eyjólfur Jóhannsson afsalaði 20. júní 1936, sé nálægt einum hektara, eða um 10.000 m^2.

Stefndi heldur því fram, að 9.766 m^2 af skrúðgarðslandinu séu einmitt sá hluti landsins, sem Eyjólfur afsalaði stefnda 20. júní 1935. Telur stefndi, að afsalið frá 20. júní 1935 sé hreint eignarafsal til stefnda og þar sé ekkert minnzt á leigugjald. Engin mótmæli hafi verið borin fram af hálfu stefnenda gegn afsali þessu, sem hafi verið þinglýst. Geti stefnendur því ekki átt rétt á neinu leigugjaldi eftir land þetta, sem einnig hljóti að vera orðið eign stefnda fyrir hefð.

Land það, sem Eyjólfur Jóhannsson afsalaði stefnda þann 20. júní 1935, mun, eins og áður er sagt, ekki hafa verið mælt nákvæmlega, en var talið um einn hektari. Í afsalinu segir, að það sé sá hluti landsins, „er samkvæmt skipulagsuppdrætti Kefla-

víkur á að fara í væntanlegan leikvöll, merktan nr. 30 á skipulagsuppdrættinum". Samkvæmt þeim uppdráttum, sem fyrir liggja í málinu, virðast umræddir 9.766 m² skrúðgarðslandsins einmitt vera sá hluti af umræddu erfðafestulandi Guðmundar H. Ólafssonar, sem Eyjólfur Jóhannsson afsalaði þann 20. júní 1935. Síðastgreint afsal Eyjólfs Jóhannssonar er hreint afsal, sem þinglýst var strax daginn eftir útgáfudag þess án athugasemda þinglýsingardómarans. Sóknaraðiljar, sem telja sig réttan eiganda landsins, hófust ekki handa um málssókn á hendur stefnda út af afsali þessu, fyrr en liðin voru meir en 26 ár frá útgáfu þess og þinglýsingu. Stefndi hefur ekkert afgjald greitt af landinu allan þennan tíma og litið á landið, að því er virðist, sem sína eign og notað það þannig. Þegar þetta er virt svo og gögn málsins að öðru leyti, þá þykja sóknaraðiljar ekki hafa hnekkt gildi afsals þessa. Verður krafa sóknaraðilja um leigugjald fyrir nefnda 9.766 m² skrúðgarðslandsins því ekki tekin til greina.

Með erfðafestusamningi, dagsettum 15. febrúar 1910, fékk Ágúst nokkur Jónsson lóðarstykki á leigu af landeigendum. Mun lóð þessi hafa verið talin 480 ferfaðmar, eða 1.610 fermetrar. Lóð þessi er merkt nr. 5 á uppdrættinum, dómsskjali nr. 114.

Með erfðafestusamningi, dagsettum 4. janúar 1923, fékk Magnús nokkur Jónsson á leigu lóð við hliðina á lóð Ágústs Jónssonar, sbr. reit nr. 6 á uppdrættinum, dómsskjali nr. 114. Stærð lóðar Magnúsar var talin 1.125 fermetrar.

Báðar þessar lóðir fékk Elías nokkur Þorsteinsson í Keflavík síðar til umráða, en í málinu liggja ekki fyrir gögn varðandi kaup hans á þeim. En með afsali, dagsettu 11. nóvember 1950, afsalaði nefndur Elías Þorsteinsson Keflavíkurkaupstað „til fullrar eignar erfðafesturéttindum á lóðunum nr. 12 og 14 við Suðurgötu ...". Í afsalinu er stærð lóðarinnar talin vera 2.987 m².

Er óumdeilt í málinu, að lóðirnar nr. 12 og 14 við Suðurgötu séu lóðir þær, sem landeigendur leigðu áður þeim Ágústi Jónssyni og Magnúsi Jónssyni. En að því er stærðina snertir, er eftirfarandi skýring gefin af byggingarfulltrúanum í Keflavík: „Elías virðist hafa mælt lönd þessi að nýju, er hann afsalaði þeim til Keflavíkurkaupstaðar, því þá reiknast þau samtals 2987 m², þar af 2798 m² undir skrúðgarð".

Í afsali Elíasar segir m. a.: „Keflavíkurkaupstaður tók við afnotum lóðarinnar 1. jan. 1948, og greiðir hann skatta og skyldur af lóðinni frá sama tíma". Ekkert er fjallað í afsalinu um leigugjald til landeigenda sérstaklega, en samkvæmt erfðafestusamn-

ingnum, sem landeigendur gerðu við Ágúst Jónsson, skyldi erfðafestugjaldið vera kr. 10.00 á ári fyrir hans lóð, en kr. 11.25 fyrir lóð Magnúsar samkvæmt samningnum, sem gerður var við hann.

Eins og fram kemur af afsali Elísar Þorsteinssonar, afsalaði hann stefnda erfðafesturéttindum sínum að spildum þeim, sem landeigendur höfðu áður leigt þeim Ágústi Jónssyni og Magnúsi Jónssyni. Elías framseldi stefnda báðar lóðirnar í heilu lagi. Hefur stefndi hagnýtt þær báðar. Um þessar lóðir á því ekki við sú málsástæða sóknaraðilja, að löndum þessum hafi verið skipt án samþykkis þeirra. Þegar þetta er virt, og þar sem sóknaraðiljar hafa ekki sýnt fram á, að erfðafestugjöld eftir lóðirnar hafi breytzt frá því, sem gert er ráð fyrir í erfðafestusamningum þeirra Ágústs og Magnúsar, þá verður við það gjald miðað. Verður krafa sóknaraðilja fyrir lönd þessi því aðeins tekin til greina með kr. 21.25 á ári tímabilið 1958—1964, eða með samtals kr. 148.75.

Það er ágreiningslaust, að 486 fermetrar landsins, sem undir skrúðgarðinum eru, séu teknir úr óskiptu landi stefnenda. Ekki er upplýst, hvenær land þetta kom í vörzlur stefnda. Stefndi hefur hins vegar ekki sannað, að hann hafi unnið neina þá hefð á landinu, sem standi í vegi fyrir því, að sóknaraðiljar geti krafið hann um gjald fyrir afnot landsins. Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með skírskotun til þeirra raka, sem sett eru fram um kröfulið 1, verður gjaldkrafa sóknaraðilja, að því er þetta land varðar, tekin til greina þannig:

1958	486	fermetrar	á kr.	0.99	kr. 481.14
1959	486	—	- —	1.00	— 486.00
1960	486	—	- —	1.03	— 500.58
1961	486	—	- —	1.15	— 558.90
1962	486	—	- —	1.25	— 607.50
1963	486	—	- —	1.41	— 685.26
1964	486	—	- —	1.71	— 831.06
					Kr. 4.150.44

Krafa sóknaraðilja samkvæmt þessum kröfulið verður samkvæmt þessu tekin til greina með kr. 4.299.19 (148.75 + 4.150.44).

Um 5. Svokölluð ráðhúslóð.

Óumdeilt er í málinu, að stærð lóðarinnar sé 3.751 m^2.

Kröfu sína um leigugjald fyrir þessa lóð sundurliða sóknaraðiljar þannig:

1. jan. 1945—1. jan. 1951	á kr.	0.50	.. ..	kr.	11.253.00
1. — 1951—1. — 1960	- —	1.00	.. ..	—	33.759.00
1. — 1960—1. — 1962	- —	3.10	.. ..	—	23.256.20
1. — 1962—1. — 1963	- —	3.46	.. ..	—	12.978.46
1. — 1963—1. — 1964	- —	3.90	.. ..	—	14.628.90
1. — 1964—1. — 1965	- —	4.20	.. ..	—	15.754.20
				Kr.	111.629.76

Samkvæmt gögnum málsins er ljóst, að lóð þessi er hluti af landi því, sem Eyjólfur Jóhannsson afsalaði stefnda með afsalinu frá 4. september 1944, sbr. yfirlýsingu Eyjólfs, dags. 22. maí 1957. Er land þetta hluti af erfðafestulandi Guðmundar H. Ólafssonar, eins og rakið hefur verið undir kröfulið 4 hér að framan.

Samkvæmt hinum staðfesta skipulagsuppdrætti frá 1. marz 1944 er lóðin ætluð fyrir barnaskóla. En samkvæmt tillöguuppdrætti að nýju skipulagi, er áætlað að reisa ráðhús á lóðinni. Ekkert hefur enn verið byggt á lóðinni, og eins og fyrr greinir, hefur barnaskólahús verið reist á annarri lóð, sem samkvæmt hinum staðfesta skipulagsuppdrætti er ætluð fyrir íbúðarhús.

Lóð þessi hefur nýlega verið girt og ræktuð að mestu. Mun stefndi hafa annazt þær framkvæmdir. Engar upplýsingar liggja annars fyrir um, hvernig lóðin hefur verið nýtt á undanförnum árum.

Stefndi hefur haldið því fram, að afsalið frá Eyjólfi Jóhannssyni frá 4. sept. 1944 sé hreint eignarafsal. Því hafi verið þinglýst 16. október 1944 athugasemdalaust af þinglýsingardómara. Hafi stefndi því öðlazt fullan eignarrétt að landi þessu, enda hafi yfirlýsing Eyjólfs Jóhannssonar frá 22. maí 1957 komið allt of seint fram og því sé hún þýðingarlaus.

Upplýst er í málinu, að umrætt land er hluti af erfðafestulandi Guðmundar H. Ólafssonar og að Eyjólfur Jóhannsson hefur selt þetta land í pörtum andstætt ákvæðum hins þinglýsta erfðafestusamnings. Þá er einnig fram komið, að stefndi hefur gert leigusamning við stefnendur um hluta af erfðafestulandi Guðmundar H. Ólafssonar undir sjúkrahús, dags. 5. maí 1948. Þegar þetta er virt svo og yfirlýsing Eyjólfs frá 22. maí 1957 og að ekki var

liðinn fullur hefðartími, þegar stefnendur höfðuðu mál sitt fyrst þann 17. apríl 1962, svo og sú afstaða, sem stefndi hefur sýnt um umráð yfir landinu, þá þykir þrátt fyrir óvissuna um nýtingu landsins í framtíðinni verða að dæma stefnda til að greiða söknaraðiljum leigu af landinu. Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka þeirra, sem fram koma um kröfulið 1, verður krafa söknaraðilja samkvæmt þessum kröfulið ákveðin þannig:

1958	3.751	fermetrar á	kr. 0.99	kr. 3.713.49
1959	3.751	—	- — 1.00	— 3.751.00
1960	3.751	—	- — 1.03	— 3.863.53
1961	3.751	—	- — 1.15	— 4.313.65
1962	3.751	—	- — 1.25	— 4.688.75
1963	3.751	—	- — 1.41	— 5.288.91
1964	3.751	—	- — 1.71	— 6.414.21
				Kr. 32.033.54

Um 6. Leikvöllur við Hringbraut.

Stærð þessarar lóðar er 1.850 fermetrar. Hún er öll tekin úr erfðafestulöndum, sem Ólafur nokkur J. A. Ólafsson tók á leigu af stefnendum með erfðafestusamningum, dagsettum 20. september 1919 og 27. desember 1928. Í þeim erfðafestusamningum var ákvæði um, að óheimilt væri að selja einstaka hluta af lóðunum.

Þann 7. nóvember 1951 ritaði þáverandi erfðafestuhafi, Þórir Jónsson, landeigendum og bað um leyfi til að hluta lóðina sundur undir íbúðarhúsabyggingar, þar sem búið væri að skipuleggja landið undir íbúðarhús.

Landeigendur svöruðu þóri Jónssyni með bréfi, dagsettu 20. nóvember 1951, þar sem þeir samþykktu, að Þórir skipti leigulandinu og seldi það í hlutum með eftirfarandi skilyrðum:

„1. Lóðarsamningur sá, sem þér hafið fyrir landspildu þá, sem hér um ræðir, fellur úr gildi, og í staðinn fáið þér leyfi til að skipta landinu í sundur og selja það í pörtum.

2. Um leið og þér afsalið hverri landspildu fyrir sig, þá fellur landið til landeigenda ... aftur, og þeir gefa aðra samninga út til viðkomandi aðila.

3. Það lóðargjald, sem þér hafið greitt fyrir landið, færist að öllu leyti yfir á það land, sem þér eigið eftir, þar til að annað hvort hafið þér selt það allt eða hafa verið gerðir við yður aðrir samningar á því landi, sem þér óskið að leigja áfram".

Þann 27. júlí 1956 gaf Þórir Jónsson út afsal til stefnda, þar sem m. a. segir svo:

„Ég undirritaður ... lýsi því hér með yfir, að ég hefi selt Keflavíkurkaupstað erfðafesturétt minn að eftirtöldum hluta úr landi mínu vestan Hringbrautar í Keflavík:

... Lóð milli byggingalóða við Hringbraut, Miðtún, Sóltún, Tjarnargötu. ...

Samkvæmt framanrituðu lýsi ég því hér með yfir, að Keflavíkurhreppur er réttur og löglegur eigandi framanritaðra erfðafesturéttinda".

Stefndi, sem hefur viðurkennt að hafa starfrækt leikvöll á lóðinni frá því á árinu 1957, heldur því fram, að afsal Þóris Jónssonar sé hreint eignarafsal. Fær það ekki staðizt, samanber orðalagið „framanritaðra erfðafesturéttinda". Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með skírskotun til þeirra röksemda, sem fram koma undir kröfulið 1, verður stefnda dæmt að greiða leigu fyrir lóð þessa árin 1958—1964.

Sóknaraðiljar hafa gert eftirfarandi kröfur fyrir þau ár:

1958	1.850	fermetrar	á kr. 0.50	kr.	925.00
1959	1.850	—	- — 0.50	—	925.00
1960	1.850	—	- — 1.03	—	1.905.50
1961	1.850	—	- — 1.03	—	1.905.50
1962	1.850	—	- — 1.15	—	2.127.50
1963	1.850	—	- — 1.30	—	2.405.00
1964	1.850	—	- — 1.40	—	2.590.00
					Kr. 12.783.50

Verður krafa sóknaraðilja samkvæmt þessum lið tekin til greina með þeirri fjárhæð.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ákveðast gjaldkröfur fyrir öll löndin samtals kr. 578.705.23 (103.334.00 + 329.970.00 + 96.285.00 + 4.299.19 + 32.033.54 + 12.783.50).

Eins og áður er fram komið, hefur stefnandinn Egill Jónasson selt stefnda eignarhluta sinn, 13.46% af sameignarlandinu, og ber að lækka fjárhæð kröfunnar sem því nemur, eða um kr. 77.893.72. Verða kröfur sóknaraðilja því teknar til greina með kr. 500.811.51.

Eins og fyrr er rakið, hefur stefndi mótmælt vaxtakröfu sóknaraðilja, bæði vaxtagrundvellinum og vaxtahæðinni. Sóknaraðiljar

hafa látið tryggingafræðing gera vaxtareikning á tvennan hátt, þ. e. samsetta vexti, sem krafa er gerð um í aðalkröfu, kr. 619.690.37, og einfalda vexti, kr. 493.314.40. Er í útreikningi þessum reiknað með 6% eftir á greiddum ársvöxtum til og með 21. febrúar 1960, en 7% eftir á greiddum ársvöxtum eftir það. Auk þess hafa sóknaraðiljar gert kröfu um að fá tildæmda 7% ársvexti af leigugjaldskröfum að viðbættri vaxtafjárhæð samkvæmt gerðum útreikningum.

Rétt þykir að dæma stefnda til að greiða sóknaraðiljum einfalda vexti af tildæmdum leigugjaldskröfum, og reiknast vextirnir þannig: 6% ársvextir af kr. 25.953.24 frá 1. janúar 1959 til 1. janúar 1960, af kr. 77.256.96 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, en 7% ársvextir af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1961 og sömu vextir af kr. 144.026.78 frá þeim degi til 1. janúar 1962 og sömu vextir af kr. 218.381.34 frá þeim degi til 1. janúar 1963 og sömu vextir af kr. 299.248.64 frá þeim degi til 1. janúar 1964, sömu vextir af kr. 390.649.09 frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvextir af kr. 500.811.51 frá þeim degi til 1. janúar 1966, en 7% ársvextir af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum og með hliðsjón af atvikum öllum ber að dæma stefnda til að greiða sóknaraðiljum málskostnað, sem ákveðst kr. 70.000.00.

Bjarni K. Bjarnason, skipaður setudómari í máli þessu, hefur kveðið upp dóm þennan ásamt samdómendunum Guðmundi Jónssyni borgardómara og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórn Keflavíkur f. h. bæjarsjóðs, greiði sóknaraðiljum, þeim Einari Jónassyni, Guðmundi Stefánssyni, Friðriki Á. Magnússyni f. h. dánarbús Magnúsar Ólafssonar, Valdimar Björnssyni, Guðrúnu Þorsteinsdóttur, Birni Þorleifssyni, Guðrúnu Þorleifsdóttur og Bjarnfríði Sigurðardóttur, kr. 500.811.51 með 6% ársvöxtum af kr. 25.953.24 frá 1. janúar 1959 til 1. janúar 1960, af kr. 77.256.96 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, en 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1961, með sömu vöxtum af kr. 144.026.78 frá þeim degi til 1. janúar 1962, með sömu vöxtum af kr. 218.381.34 frá þeim degi til 1. janúar 1963, með sömu vöxtum af kr. 299.248.64 frá þeim degi til 1. janúar 1964, með sömu vöxtum af kr. 390.469.09 frá þeim degi til

1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum af kr. 500.811.51 frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 70.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. apríl 1968.

Nr. 174/1967. **Ásta Stefánsdóttir Björnsson**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Birni G. Björnssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjað lögtaks á lífeyrisgreiðslum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn fyrir Hæstarétti, hefur áfrýjað málinu með stefnu 6. nóvember 1967. Hún gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem í málinu greinir, og svo að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál þar.

Stefndi krefst staðfestingar fógetaúrskurðarins og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi áfrýjanda.

Hinn 26. maí 1948 gerðu aðiljar með sér samkomulag um skilnaðarkjör sín, þar á meðal um greiðslu lífeyris úr hendi stefnda áfrýjanda til handa. Í leyfisbréfi til lögskilnaðar aðilja 24. júní 1948 staðfesti dómsmálaráðuneytið ákvæði greinds samkomulags um lífeyrisgreiðslur stefnda. Með bréfi 25. janúar 1966 lýsti ráðuneytið því samkvæmt beiðni stefnda 14. desember 1965, „að meðlagsgreiðslan falli niður

frá 1. janúar 1966 að telja". Í þessari ákvörðun felst, að niður er felld staðfesting ráðuneytisins á lífeyrissamningi aðilja. Að svo komnu fylgir lífeyriskröfu áfrýjanda eigi lögtaksréttur, sbr. 6. tölulið 1. gr. laga nr. 29/1885. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir málavöxtum þykir málskostnaður fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Ástu Stefánsdóttur Björnsson, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hennar, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 14. ágúst 1967.

Gerðarbeiðandi, Ásta Stefánsdóttir Björnsson, Hávallagötu 38, hefur krafizt þess, að lögtak fari fram hjá gerðarþola, Birni G. Björnssyni, til tryggingar lífeyrisskuld að upphæð kr. 61.762.96 með 12% ársvöxtum frá 1. apríl 1967 til greiðsludags svo og til tryggingar kostnaði við lögtakið, þar á meðal málskostnaði við fógetarétt.

Í greinargerð gerðarþola var þess krafizt, að synjað verði um framgang lögtaks og að gerðarþola verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda. Ekki var mætt af hálfu gerðarþola, er málið skyldi munnlega flutt hinn 6. júlí s.l., og kom fram sóknarskjal af hálfu gerðarbeiðanda hinn 7. sama mánaðar, og var málið þá tekið til úrskurðar. Uppkvaðning úrskurðar hefur dregizt vegna annríkis við embættið.

Hjónin Ásta og Björn G. Björnsson fengu leyfi dómsmálaráðuneytisins til algerðs skilnaðar hinn 24. júní 1948, sjá rskj. 2 í máli þessu. Höfðu þau þá nýverið gert með sér samning um skilnaðarskilmála, sjá rskj. 4, og vísast til þess skajls um eigna-

skipti, en þar segir að auki, að maðurinn skuli greiða konunni kr. 700.00 á mánuði í lífeyri næstu 5 ár, en síðan kr. 400.00 á mánuði, hvort tveggja að viðbættri dýrtíðaruppbót. Síðastnefnt greiðslusamkomulag er í hverri grein staðfest í leyfisbréfinu og ákveðið, að greiðslur falli á 1. hvers mánaðar fyrir fram, í fyrsta skipti 1. júní 1948.

Gerðarþoli hefur snúið sér til dómsmálaráðuneytisins með bréfi, dags. 14. desember 1965, og óskað þess, að ráðuneytið felli niður framannefndar greiðslur af hans hálfu til gerðarbeiðanda frá og með 1. október þ. á. Getur hann þess í bréfi þessu, sem hefur verið lagt fram í máli þessu sem rskj. 7, að gerðarbeiðandi hafi fengið í sinn hlut mestan hluta eigna félagsbús þeirra, og bendir jafnframt á, að hann hafi stofnað heimili á ný.

Það liggur fyrir, að ráðuneytið sendi gerðarbeiðanda erindi þetta til umsagnar hinn 22. desember 1965, sjá rskj. 8. Enn fremur liggur fyrir, að gerðarbeiðandi lét undan fallast að segja álit sitt um það. Hinn 25. janúar 1966 svaraði ráðuneytið málaleitan gerðarþola á þann veg, að fallizt var á, að meðlagsgreiðslur af hans hendi skyldu falla niður frá og með 1. janúar 1966. Vísast þar til rskj. 9 í máli þessu.

Fram hefur komið í málinu sem rskj. 12 bréf umboðsmanns gerðarbeiðanda til dómsmálaráðuneytisins, dagsett 22. apríl 1966. Er þess beiðzt í bréfi þessu með tilvísun til málavaxta, að ráðuneytið fallist á, að málefni þetta verði endurupptekið til nýrrar ákvörðunar og að aflað verði gagna þar að lútandi, en málsútlistun gerðarþola á rskj. 7 er jafnframt mótmælt sem rangri.

Dómsmálaráðuneytið hefur ekki orðið við þessum tilmælum umboðsmanns gerðarbeiðanda.

Þannig hefur gerðarþoli ekki greitt geðarbeiðanda lífeyri frá og með 1. janúar 1966. Með bréfi til fógetaréttar Reykjavíkur, dags. 6. maí s.l., krefst gerðarbeiðandi lögtaks í eignum gerðarþola til tryggingar lífeyrisskuld, sem nú nemur, sbr. útreikning á rskj. 5, kr. 61.762.96 pr. 30. apríl 1967. Var tíðkanlegur lögtaksúrskurður ritaður á leyfisbréfið á rskj. 2 hinn 27. apríl 1967 og birtur fyrir gerðarþola daginn eftir. Krefst gerðarbeiðandi 12% ársvaxta af lögtaksupphæðinni frá og með 1. apríl 1967 til greiðsludags.

Af hálfu gerðarbeiðanda er rakinn gangur mála, frá því er gerðarþoli óskaði niðurfellingar á meðlagsskyldu. Málflutningur gerðarþola borinn fram við ráðuneytið hafi verið rangur varðandi hag hans. Bréf ráðuneytisins, rskj. 9, sé auk þess lögleysa,

og er vitnað til 79. gr. laga nr. 39/1921 í því sambandi, en þar segi, að samkomulagi um skilnaðarkjör geti dómstólar hrundið, ef það sé bersýnilega ósanngjarnt, og sé málshöfðunarfrestur 6 mánuðir frá lögskilnaði. Hafi þessi frestur runnið út 24. desember 1948, að því er aðilja máls þessa áhræri, en dómsmálaráðuneytið hafi alls enga heimild til að breyta samkomulagi um fjárhagsleg skilnaðarkjör.

Gerðarþoli vefengir, að lögtaksheimild sé fyrir hendi, enda sé svo, að framfærslueyrir sá, sem lögtaks er krafizt fyrir, hafi ekki hlotið staðfestingu yfirvalds, svo sem krafizt sé í 6. tl. 1. gr. laga nr. 29/1885. Þá hafi dómsmálaráðuneytið fellt niður greiðsluskyldu gerðarþola frá og með 1. janúar 1966 og hafi þar haft fyrir sér heimild í 78. grein laga nr. 39/1921 og sé fógetaréttur ekki bær um að hreyfa við þessari ákvörðun ráðuneytisins, þar eð það hljóti að hafa alveg frjálst mat um það, hvort hagur aðilja hafi breytzt nægilega, til þess að rétt sé að undanþiggja hann framfærsluskyldu. Raunar megi og telja, að gerðarbeiðandi hafi samþykkt þessa ráðstöfun með því að veita ekki umsögn sína um erindi gerðarþola, er ráðuneytið krafði hana þess.

Að öðru leyti minnir gerðarþoli á það, að gerðarbeiðandi hafi síður en svo verið vanhaldin í skiptum þeirra. Hún hafi fengið mestallar eignir félagsbúsins við skilnaðinn og hafi komizt mjög vel af síðan. En gerðarþoli skýrir svo frá, að tekjur hans hafi rýrnað og fjárhagur hans versnað og hagur hans sé ótryggur. Þá kveðst gerðarþoli hafa greitt gerðarbeiðanda alls kr. 456.032.00 í lífeyri, frá því er skilnaður þeirra varð, en ætti samkvæmt útreikningnum á rskj. 5 að hafa greitt annað hvort kr. 402.892.48 eða kr. 450.501.37. Áskilur hann sér allan rétt í þessu sambandi, þar á meðal til skuldajafnaðar, ef lögtakskrafan yrði tekin til greina. En að öðru leyti vefengir hann útreikning þennan.

Af hálfu gerðarbeiðanda er framangreindum rökstuðningi gerðarþola mótmælt í hverri grein. 78. grein laga nr. 39/1921 eigi hér ekki við, heldur 79. gr., 1. mgr., þar eð samningur hafi komizt á um lífeyri, og hafi dómsmálaráðuneytið því enga heimild til að fella samning þennan úr gildi. Um þetta eigi dómstólar úrskurð samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar. Lögtaksheimild fullnægi öllum skilyrðum laga og hafi dómsmálaráðuneytið ákveðið framfærslueyri í samræmi við þar um gerðan samning aðilja.

Eins og að framan getur, hefur dómsmálaráðuneytið látið svo um mælt, að greiðsluskylda gerðarþola skuli falla niður frá og

með 1. janúar 1966. Þessi ákvörðun ráðuneytisins hefur ekki verið tekin til nýrrar athugunar, svo að séð verði.

Í 78. grein laga nr. 39/1921 segir, að ef breytist kjör foreldra eða þörf barna, megi stjórnarráðið breyta ákvörðun um framfærslu foreldris á hinu eða börnunum, krefjist annað foreldra þess. Telja verður að hér sé dómsmálaráðuneytinu fengið frjálst mat þess, hvort kjör aðilja hafi breytzt á þann veg, að rétt sé að fella niður greiðsluskyldu þá, er það hefur ákveðið í leyfisbréfi, og að dómstólar eigi ekki úrskurð um lögmæti slíkrar ályktunar.

Þykir því ekki heimilt að láta umbeðið lögtak ná fram að ganga. Rétt er að málskostnaður falli niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan

Því úrskurðast:

Lögtaksgerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. apríl 1968.

Nr. 53/1968. **Ræsir h/f**
gegn
Valgeiri Helgasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 57/1962 til Hæstaréttar með kæru 26. febrúar 1968, er barst dóminum 19. f. m. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómi, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 31. janúar s.l., verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið af efni til. Þá krefst hann og kæru-

málskostnaðar úr hendi varnaraðilja. Sóknaraðili fékk vitneskju um frávísunardóminn hinn 15. febrúar s.l.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónsson hæstaréttardómara.

Í máli því milli sömu aðilja, sem dæmt var á bæjarþingi Reykjavíkur 18. nóvember 1964, krafði sóknaraðili varnaraðilja aðeins um greiðslu afborgana þeirra, er inna skyldi af hendi 13. maí og 13. ágúst 1964, og er sá dómur bæjarþingsins á því byggður. Krafa sóknaraðilja í máli því, sem hér er um fjallað, er um greiðslu afborgunar þeirrar, sem varnaraðili skyldi inna af hendi 13. febrúar 1964, og var eigi um þá kröfu dæmt í hinu fyrra máli. Bar héraðsdómara því, eins og atvikum var háttað, að leggja efnisdóm á kröfuna nú, sbr. 71. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnisdóms.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur. Er málinu vísað heim í hérað til efnisdóms um kröfur sóknaraðilja, Ræsis h/f, á hendur varnaraðilja, Valgeiri Helgasyni.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. janúar 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. þ. m., hefur Ræsir h/f, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 11. október 1967, gegn Valgeiri Helgasyni, Reykjanesvegi 12, Ytri-Njarðvík, til greiðslu á skuld að fjárhæð þýzk mörk 2.250 ásamt 7½% ársvöxtum frá 13. febrúar 1964 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómsins. Jafnframt er krafizt staðfestingar á 1. veðrétti í bifreiðinni G 353, Mercedes Benz, fyrir stefnufjárhæðinni.

Stefndi hefur krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hans hendi samkvæmt mati réttarins.

Leitazt hefur verið við að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Mál þetta er rekið hér fyrir dóminum samkvæmt ákvæði í síðargreindu veðskuldabréfi.

Að sögn stefnanda eru málavextir þeir, að á árinu 1963 keypti stefndi bifreið af stefnanda af gerðinni Mercedes Benz, árgerð 1963. Kaupverð bifreiðarinnar var kr. 251.416.00, og áætlað stimpil- og þinglýsingargjald skuldabréfs, sem stefndi gaf út fyrir hluta kaupverðsins, var kr. 1.907.00. Stefndi greiddi í peningum hinn 4. september 1963 kr. 75.000.00, hinn 9. september 1963 kr. 55.956.00 og hinn 18. september 1963 kr. 22.029.00. Eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 97.338.00, námu þýzkum mörkum 9.000 miðað við gengi kr. 1.081.53. Hinn 10. september 1963 gaf stefndi út handhafaveðskuldabréf að fjárhæð þýzk mörk 9.000.00. Í veðskuldabréfi þessu veðsetti hann bifreiðina, sem hann keypti hjá stefnanda, með 1. veðrétti jafnhliða kvöð ríkissjóðs að fjárhæð kr. 68.137.00. Skrásetningarnúmer bifreiðarinnar var G 353.

Veðskuldabréfið skyldi greiða með fjórum jöfnum afborgunum, þýzk mörk 2.250.00 hver afborgun, í gjalddögum 13. nóvember 1963, 13. febrúar 1964, 13. maí 1964 og 13. ágúst 1964. Stefnandi kveður stefnda hafa greitt af skuldabréfi þessu hinn 17. marz 1964 kr. 10.000.00 og hinn 31. marz 1964 kr. 14.334.50. Er frekari greiðslur hafi ekki borizt frá stefnda, hafi lögmanni stefnanda, Sigurði Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, verið falið að innheimta eftirstöðvar veðskuldabréfsins, sem stefnandi þá af mistökum hafi einungis talið nema þýzkum mörkum 4.500.00, það er að segja afborgununum pr. 13. maí og 13. ágúst 1964. Stefnandi segir, að stefndi hafi ekki sinnt greiðsluáskorun lög-

manns stefnanda, og var stefndi hinn 18. nóvember 1964 dæmdur á bæjarþingi Reykjavíkur til þess að greiða stefnanda þýzk mörk 4.500.00 ásamt vöxtum og kostnaði. Fjárnám var gert fyrir dómkröfunni hinn 18. janúar 1965. Greiddi stefndi kröfuna með samtals kr. 62.953.00. Af þeirri greiðslu voru kr. 48.418.20 greiðsla á meintum höfuðstóli og mismunurinn, kr. 14.534.80, til greiðslu á vöxtum og kostnaði.

Er í ljós hafi komið á árinu 1966, að stefndi skuldaði enn afborgun pr. 13. febrúar 1964, segir stefnandi, að stefndi hafi strax verið krafinn um greiðslu á þeirri afborgun, en greiðsluloforð hans hafi öll brugðizt.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telur stefnandi sig hafa fyllilega gert grein fyrir því, að stefndi hafi aldrei greitt af skuldabréfinu þá afborgun, sem honum hafi borið að greiða hinn 13. febrúar 1964. Verði að telja, að stefndi sé enn greiðsluskyldur þrátt fyrir það, að stefnanda hafi orðið það á að halda ranglega, að afborgun þessi væri greidd, er hann fól lögmanni sínum innheimtu skuldarinnar síðla árs 1964. Svo sem fyrr greini, þá nemi þessar eftirstöðvar þýzkum mörkum 2.250.00, og telur stefnandi rétt, að stefndi greiði vexti af fjárhæð þessari frá 13. febrúar 1964 til greiðsludags, eins og krafizt sé í stefnu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi þegar greitt veðskuldabréfið að fullu. Í greinargerð stefnda segir svo, að stefndi hafi greitt gjaldkera stefnanda fyrstu afborgun veðskuldabréfsins pr. 13. nóvember 1963, skömmu eftir gjalddaga, í peningum. Aðra afborgun pr. 13. febrúar 1964 kveðst hann hafa greitt í tvennu lagi og séu innborganirnar dagsettar 17. marz og 31. marz 1964. Geti því alls ekki verið um að ræða, að stefndi skuldi aðra afborgun bréfsins, eins og í stefnu og greinargerð stefnanda segi. Í stefnu sé aðeins krafizt vaxta frá 13. febrúar 1964, en það bendi til þess, að nú sé verið að krefjast í þessu máli þriðju afborgunar bréfsins pr. 13. maí 1964, en ekki annarar afborgunar pr. 13. febrúar 1964, svo sem gert sé í stefnu, þar eð vextir greiðist eftir á samkvæmt veðskuldabréfinu. Enn fremur bendir stefndi á, að í fyrra dómsmálinu, sem stefnandi hafi höfðað á hendur stefnda út af framangreindu veðskuldabréfi, hafi lögmaður stefnanda tekið fram í stefnu, útgefinni 13. október 1964, að tvær afborganir af veðskuldabréfinu hafi verið greiddar, samtals þýzk mörk 4.500.00. Stefnandi sé bundinn af þessari yfirlýsingu lögmanns síns samkvæmt 4. gr. laga nr. 61 frá 4. júlí 1942 um málflytjendur. Á þessum grundvelli hafi fyrra

dómsmálið verið dæmt milli aðiljanna og samkvæmt 195. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði hafi sá dómur res judicata verkanir gagnvart þessu máli og verði því krafa sú, sem sett er fram í þessu máli, eigi borin undir dómstólinn á nýjan leik.

Er stefnandi höfðaði fyrra málið á hendur stefnda vegna veðskuldabréfs þessa, en það var gert með stefnu, útgefinni 13. október 1964, segir í stefnu málsins, að það sé höfðað til greiðslu á skuld að fjárhæð 4.500.00 þýzk mörk ásamt 7½% ársvöxtum frá 13. febrúar 1964 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt mati dómsins. Síðan segir svo orðrétt í stefnunni: „Skuld þessi er skv. veðskuldabréfi, útgefnu af Valgeiri O. Helgasyni hinn 10. september 1963, og var það upphaflega að fjárhæð 9.000 vesturþýzk mörk, en tvær afborganir hafa verið greiddar, samtals 4.500 mörk, en afgangurinn hefur ekki fengizt greiddur þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, og er því gerð krafa sú, sem að ofan greinir ...".

Inn á sjálft veðskuldabréfið hafa eigi verið áritaðar neinar afborganir, svo sem stefnanda bar þó lögskylda til samkvæmt 1. gr. tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf frá 9. febrúar 1798.

Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið, þá verður að telja, að stefnandi sé bundinn af yfirlýsingum lögmanns síns í framangreindri stefnu, útgefinni 13. október 1964, samkvæmt 4. gr. laga nr. 61 frá 4. júlí 1942 um málflytjendur. Á grundvelli þessara yfirlýsinga var dómur uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 18. nóvember 1964 í máli milli sömu aðilja, er höfðað hafði verið til heimtu á eftirstöðvum framangreinds veðskuldabréfs. Getur stefnandi því eigi á nýjan leik höfðað mál á hendur stefnda til greiðslu eftirstöðva bréfs þessa. Ber því að vísa máli þessu frá dómi ex officio samkvæmt 196. gr., in fine, laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. apríl 1968.

Nr. 58/1968. **Rúnar Hallgrímsson**
gegn
Þrotabúi Friðriks Jörgensens.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. marz 1968 hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði uppboðsdóms Keflavíkur, sem Alfreð Gíslason bæjarfógeti kvað upp hinn 1. s. m. Barst málið Hæstarétti 28. s. m.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa til Hæstaréttar, sbr. d lið 4. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja samkvæmt kröfu hans kærumálskostnað fyrir Hæstarétti. sem ákveðst kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Rúnar Hallgrímsson, greiði varnaraðilja, þrotabúi Friðriks Jörgensens, kr. 2.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Keflavíkur 1. marz 1968.

Eftir kröfu margra uppboðsbeiðenda var efri hæð hússins nr. 30 við Smáratún, eign Rúnars Hallgrímssonar, auglýst til sölu á nauðungaruppboði í 57., 58. og 60. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1966. Í uppboðsrétti var málið fyrst tekið fyrir 1. desember 1966. Var uppboðinu síðan frestað alls 7 sinnum, þar til að eignin var seld á uppboði hinn 29. júní 1967 að undangengnum dagblaðaauglýsingum. Hæstbjóðandi varð Tómas Tómasson héraðsdómslögmaður, sem bauð í eignina kr. 570.000.00 f. h. 7. veðréttarhafa og krafðist útlagningar til umbjóðanda síns sem ófullnægðs veð-

hafa. Við uppboðið mætti Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður f. h. uppboðsþola.

Á þessu uppboði, 29. júní, mætti Einar Viðar hæstaréttarlögmaður f. h. handhafa veðskuldabréfs áhvílandi 6. veðrétti í eigninni og lagði fram handhafaveðskuldabréf að fjárhæð kr. 250.000.00, útgefið af uppboðsþola 17. janúar 1964, sem skyldi greiðast á næstu 5 árum í gjalddaga 12. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 12. janúar 1965. Krafðist lögmaðurinn, að fjárhæð þessi, kr. 250.000.00, yrði greidd umbjóðanda sínum af uppboðsverði eignarinnar.

Umboðsmaður uppboðsþola krafðist, að annað og síðasta uppboð yrði haldið á eigninni, en mótmælti jafnframt gildi handhafaskuldabréfsins áhvílandi 6. veðrétti, þar sem á það væri rituð fullnaðarkvittun fyrir greiðslu þess.

Undir þessi mótmæli tók hæstbjóðandi, Tómas Tómasson héraðsdómslögmaður, f. h. umbjóðanda síns, 7. veðréttarhafa.

Að undangengnum dagblaðaauglýsingum að nýju var annað og síðasta uppboð haldið á eigninni sjálfri hinn 13. júlí 1967.

Áður en boð yrðu gerð í eignina, ítrekaði umboðsmaður uppboðsþola og umboðsmaður 7. veðréttarhafa mótmæli sín gegn handhafa veðskuldabréfs 6. veðréttar á þeim forsendum, að bréfið væri greitt og veðrétturinn þar með niður fallinn. Umboðsmaður 6. veðréttarhafa taldi hins vegar, að bréfið héldi fullu gildi sínu þrátt fyrir áritaða kvittun um fullnaðargreiðslu. Var krafizt úrskurðar réttarins um atriðið.

Uppboðshaldari krafðist, að aðiljar skiluðu greinargerðum, og var uppboðinu því frestað að svo komnu.

Í uppboðsrétti hinn 25. júlí 1967 skiluðu þeir umboðsmenn uppboðsþola og 7. veðréttarhafa greinargerðum sínum. Taldi umboðsmaður uppboðsþola sér vera nauðsyn á því, að uppboðsþoli, Frederik Jörgensen, sem eigandi handhafaveðbréfsins, Valtýr Þorsteinsson og Erling R. E. Magnússon mættu fyrir dómi til skýrslugerðar og vitnaleiðslu.

Í uppboðsrétti 3. ágúst 1967 skilaði Einar Viðar hæstaréttarlögmaður greinargerð sinni f. h. eiganda þrotabús Friðriks Jörgensens sem eiganda handhafabréfs, áhvílandi 6. veðrétti.

Uppboðsréttinum var frestað til vitnaleiðslu, sem fór fram 19. sept. 1967, þar eð Einar Viðar hæstaréttarlögmaður var fjarvistum erlendis um mánaðartíma. Var þá leiddur fyrir dóminn eigandi handhafabréfsins, Friðrik Jörgensen. Var uppboðsrétti þá frestað um óákveðinn tíma til frekari vitnaleiðslu.

Hún fór ekki fram og önnur vitni ekki leidd fyrir dóm. Er umboðsmaður uppboðsþola taldi sig fallinn frá frekari vitnaleiðslu um ágreiningsatriðið, var flutningur málsins ákveðinn og fór fram fram 28. f. m. og atriðið tekið undir úrskurð réttarins að honum loknum.

Ágreiningsatriðið er risið út af því, að á handhafaveðskuldabréf 6. veðréttar er áritуð kvittun svohljóðandi: „Bréfið greitt að fullu“ og undirrituð af Valtý Þorsteinssyni í Reykjavík 6. des. 1966.

Umboðsmaður uppboðsþola segir, að er umbjóðandi hans hafi keypt helminginn af v/b Garðari, GK 61, á móti Faxafiski h/f, Hafnarfirði, hafi hann gefið seljanda bátsins, Valtý Þorsteinssyni, út handhafabréf 17. janúar 1964, tryggt með 6. veðrétti í íbúðareign sinni, Smáratúni 30, efri hæð. Hinn 12. janúar 1965 hafi umbjóðandi sinn selt Faxafiski h/f sinn helming í bát þessum með þeim skilyrðum, að Faxafiskur h/f losaði umræddan veðrétt á íbúð sinni eða útvegaði honum jafngott veð, en hvorugt hafi verið efnt þrátt fyrir margítrekuð tilmæli þar að lútandi. Það hafi fyrst verið 6. desember 1966, að Frederik Jörgensen, sem þá var orðinn allstór hluthafi í Faxafiski h/f, hafi greitt bréfið. Er því haldið fram, að bréfið sé greitt í þágu uppboðsþola og hafi greiðsla þess aðeins verið liður í að efna afsal uppboðsþola á helmingareign hans í v/b Garðari. Telur umboðsmaður uppboðsþola, að með ótvíræðri áritaðri fullnaðarkvittun Valtýs Þorsteinssonar á bréfið séu veðréttindin samkvæmt því niður fallin og beri því ekki að taka það til greina við uppboðið. Heldur hann því fram, að þegar kröfuhafi samkvæmt veðskuldabréfi fái fulla greiðslu, sé aðalreglan sú, að veðréttindum samkvæmt bréfinu sé þar með lokið. Eina undantekningin frá þessari reglu sé sú, að greiðandi hafi réttmætra hagsmuna að gæta, sem tengdir væru við veðbréfið sjálft, t. d. sem ábyrgðarmaður. Handhafabréf þetta hafi fyrst verið lagt fram, þegar endanleg sala átti að fara fram 29. júní 1967, og bendi það til vafa handhafa bréfsins um veðréttindi sín. Bréfið hafi verið greitt 6. desember 1966, eftir að eignin var auglýst til nauðungaruppboðs, og 3 afborganir hafi verið gjaldfallnar, þegar handhafi þess gekk inn í uppboðið 29. júní.

Umboðsmaður 7. veðréttarhafa, hæstbjóðandi á uppboðinu 29. júní, heldur því og fram, að þegar kröfuhafi fái greiðslu, falli þá almennt veðréttur niður, þótt kröfuréttarsamband milli skuldara og þess, sem greiðsluna innti af hendi, þurfi ekki að vera þar

með lokið. Telur hann og, að því aðeins geti veðrétturinn haldizt við greiðslu 3ja manns á veðskuldinni, að 3ji maður eigi hagsmuna að gæta, sem séu tengdir bréfinu sjálfu, en greiðandi þessa bréfs, Frederik Jörgensen, hafi engra hagsmuna að gæta í sambandi við þetta handhafabréf og hafi veðrétturinn því tvímælalaust fallið niður, en hins vegar hefði greiðandi e. t. v. fengið endurheimtukröfu á hendur uppboðsþola, veðréttindalausa.

Kröfu sína byggir 7. veðréttarhafi auk ofanritaðs á hinni skýlausu og skilyrðislausu áritun á skuldabréf þetta um fullnaðargreiðslu og að með áritun þessari sé krafan brott fallin og þar með veðréttindin, eins og að ofan greinir. Telur hann, að handhöfn bréfs, sem þannig sé áritað, geti gefið til kynna, að skuldasamband sé milli handhafa bréfsins og skuldara, en veðrétturinn sjálfur samkvæmt bréfinu falli tvímælalaust sjálfkrafa niður og endurvekist ekki nema með nýrri áritun skuldara á bréfið. Bréfið sé viðskiptabréf, að vísu handhafabréf, sem hafi notið ákveðinnar tryggingar. Það hafi verið greitt eiganda þess að fullu, en alls ekki framselt einum eða öðrum með öllum réttindum bréfsins. Hafi framsal þess verið meining aðilja, hefði það tvímælalaust verið ritað á bréfið, úr því að þeir fóru á annað borð að rita nokkuð á það, sem hefði verið ónauðsynlegt, ef um framsal hafi verið að ræða á öllum réttindum þess, þar sem hér hafi verið um handhafabréf að ræða. Að greiðsluyfirlýsing var áritуð, gefi ótvírætt til kynna, að ætlunin hafi alls ekki verið neitt framsal bréfsins, heldur einfaldlega að nema það úr gildi sem slíkt sem fullgreitt.

Báðir ofangreindir aðiljar krefjast þess, að veðrétturinn samkvæmt handhafabréfi þessu verði niður felldur og ekki tekinn til greina við uppgjör á uppboðsverði eignarinnar. Þá krefjast þeir hvor um sig málskostnaðar úr hendi handhafa bréfsins.

Umboðsmaður 6. veðréttarhafa, handhafa veðbréfsins, gerir þær kröfur, að umbjóðandi sinn fái fulla greiðslu á skuldabréfinu, þegar veðið verði endanlega selt, og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Lögmaðurinn segir það rétt vera, sem umboðsmaður uppboðsþola haldi fram, að það hafi komið til greina, að uppboðsþoli seldi Faxafiski h/f eignarhluta sinn í v/b Garðari gegn því, að hér umrætt skuldabréf yrði kvittað til aflýsingar eða gegn annarri álíka greiðslu. Hins vegar hafi aldrei verið gengið frá kaupum þessum og hafi uppboðsþoli nú leitað réttar síns gagnvart Faxafiski h/f á annan hátt, þar sem Faxafiskur virðist hafa nýtt hans

eignarhluta í bátnum. Hann telur, að umbjóðanda sínum beri fullur réttur samkvæmt hér umræddu handhafabréfi, enda hafi hann greitt fyrir það hinn 6. desember 1966. Hann mótmælir því, að áritunin á bréfið valdi brottfalli veðréttinda samkvæmt því. Bréfið sé að vísu áritað greitt, en þess sé ekki getið, hver greiðandinn sé, en handhöfn þess ætti að gefa næga vísbendingu um það. Telur lögmaðurinn, að ágreiningur þessi hefði aldrei orðið, hefði áritunin á bréfið getið um, hver hefði greitt það. Veðréttur falli ekki niður við eigendaskipti veðskuldabréfs og hér skipti handhöfn bréfsins höfuðmáli. Telur hann uppboðsþola skulda umbjóðanda sínum miklu meira en þessa veðskuld vegna viðskipta þeirra á undanförnum árum.

Frederik Jörgensen bar fyrir réttinum hinn 19. september 1967, að hann hefði keypt handhafaveðskuldabréf þetta af Valtý Þorsteinssyni hinn 6. desember 1966, sem þá hafi verið handhafi bréfsins. Bréfið hafi hann greitt með víxlum og ábyrgðum til tryggingar greiðslu bréfsins til Valtýs. Samþykkjendur víxlanna hafi verið ýmist Faxafiskur h/f, Erling R. E. Magnússon og hann sjálfur. Upplýsti Frederik Jörgensen, að uppboðsþoli hafi haft mikil viðskipti við sig persónulega og Frederik Jörgensen h/f og hafi vegna þessara viðskipta skuldað sér stórfé, allt að 400 þús. krónur. Skuldir uppboðsþola við Frederik Jörgensen h/f hafi hann (Fr. Jörgensen) ábyrgzt persónulega gagnvart fyrirtækinu. Bar Frederik Jörgensen fyrir réttinum, að hann hefði keypt handhafabréfið af Valtý Þorsteinssyni, m. a. til að tryggja það, að ekki yrði gengið að uppboðsþola vegna vanskila á því, fyrr en honum gæfist tóm til þess að ganga frá öðrum skuldum sínum við hann sjálfan. Sagði Frederik Jörgensen, að áritunin á bréfið um fullnaðargreiðslu hafi aðeins átt að undirstrika það, að Valtýr Þorsteinsson hefði ekki lengur ráðstöfunarrétt yfir bréfinu. Hins vegar upplýsti hann, að texta áritunarinnar hafi Sveinbjörn Dagfinnsson hæstaréttarlögmaður skrifað, en Valtýr undirritað. Þá sagði hann, að uppboðsþoli hefði ekki beðið sig að kaupa bréfið af Valtý, en hins vegar hafi sér verið kunnugt um, að uppboðsþoli hefði áhyggjur af veðskuld þessari.

Rétturinn telur að vísu rétt, að krafa og veðréttur séu oft tengd þannig saman, að krafan sé forsenda fyrir gildi veðréttarins, og brottfall kröfunnar leiði til þess, að veðrétturinn falli niður, en þetta gildi fyrst og fremst, ef það er skuldarinn sjálfur, sem innir greiðslu kröfunnar af hendi.

Hér er um handhafaveðskuldabréf að ræða, en slík bréf ganga

tíðum kaupum og sölum manna milli og fara eigendaskipti slíkra bréfa fram með ýmsum hætti. Þar sem handhöfn slíkra bréfa er talin nægilegur eignarréttur, er óþarfi að árita framsal á slík bréf. Oft er þó framsal ritað á slík bréf.

Það, sem hér greinir á og mótmæli gegn gildi veðbréfsins byggist á, er, að á bréfið hefur verið áritud kvittun fyrir handhafa þess um fullnaðargreiðslu bréfsins. Ber því að athuga sérstaklega, hvort áritun þessi hafi þær verkanir gagnvart þeim, sem greiddi bréfið, að krafan og veðrétturinn samkvæmt bréfinu sé hvort tveggja niður fallið.

Uppboðsþoli heldur því fram, að Frederik Jörgensen hafi greitt bréfið í því skyni að uppfylla skilyrði hans fyrir kaupum Faxafisks h/f á v/b Garðari. Það er hins vegar upplýst ómótmælt, að kaup þessi hafi aldrei komið til framkvæmda og uppboðsþoli leiti nú réttar síns gagnvart Faxafiski h/f á annan hátt. Greiðandi bréfsins og handhafi þess kveðst hafa keypt bréfið til þess að gæta hagsmuna sinna á þann hátt að koma í veg fyrir, að gengið verði að veðinu vegna vanskila á því og með því gefa uppboðsþola tóm til þess að geta gengið frá öðrum óveðtryggðum skuldum sínum við hann, en þær námu allverulegri fjárhæð. Áritunin á bréfið um greiðslu þess hafi aðeins átt að tákna, að fyrri handhafi þess, Valtýr Þorsteinsson, hefði ekki lengur ráðstöfunarrétt yfir bréfinu.

Það skal að vísu viðurkennt, að í ýmsum tilfellum fellur veðréttur niður, þegar þriðji maður greiðir veðtryggða kröfu, en rétturinn lítur svo á, að í þessu tilfelli hafi greiðandi verið að gæta hagsmuna sinna gagnvart uppboðsþola varðandi viðskiptaskuldir hans, og ber þá einnig að líta svo á, að hann hafi greitt bréfið í góðri trú á, að með kaupum hans á því fylgdu öll þau forréttindi, sem fylgdu hinni innleystu kröfu. Hafi hin áritaða kvittun á bréfið átt að gilda svo sem handhafi þess hafi greitt það fyrir uppboðsþola, hefði verið rétt að kvitta bréfið til aflýsingar. En svo er ekki gert.

Rétturinn lítur því svo á með vísun til framanritaðs, að í þessu tilfelli beri að líta á umrædda áritun á bréfið sem framsal til kaupanda þess með öllum réttindum samkvæmt efni þess og þar sem hér sé um handhafabréf að ræða, verði handhöfn þess að skoðast nægileg eignarheimild.

Verða því framkomin mótmæli gegn gildi kröfuréttinda og veðréttar handhafaveðskuldabréfsins á dskj. nr. 30 áhvílandi 6. veðrétti í Smáratúni 30, efri hæð, ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Því úrskurðast:

Mótmæli uppboðsþola og 7. veðréttarhafa í Smáratúni 30, efri hæð, gegn gildi kröfuréttinda og veðréttar samkvæmt handhafaveðskuldabréfi, áhvílandi 6. veðrétti í sömu eign, eru ekki tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 5. apríl 1968.

Nr. 110/1967. **Margrét Hjaltested vegna sjálfrar sín og ófjárráða barna sinna, Margrétar, Sigurðar Kristjáns og Karls Lárusar**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested og til réttargæzlu Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni vegna Markúsar Ívars Hjaltesteds og Sigríðar Hjaltesteds
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Erfðaskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1967, gera þessar dómkröfur:

„Að öllum eignum dánar- og félagsbús Sigurðar Hjaltesteds og eftirlifandi maka, Margrétar Hjaltesteds, verði skipt eftir almennum skiptareglum erfðalaga, enda verði taldar brostnar forsendur fyrir gildi og framkvæmd erfðaskrár Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds umfram það, er segir í

upphafi erfðaskrárinnar, svohljóðandi ... allar eignir mínar, fastar og lausar, skulu ganga að erfðum til Sigurðar Kristjáns Lárussonar Hjaltesteds ...". Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Hinn áfrýjaða úrskurð ber að staðfesta.

Eftir málavöxtum þykir málskostnaður fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Kópavogs 24. júlí 1967.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 15. þ. m., er risið í sambandi við opinbera skiptameðferð á dánarbúi Sigurðar Lárussonar Hjaltesteds og eftirlifandi konu hans, Margrétar Hjaltesteds.

Hinn reglulegi skiptaráðandi hefur vikið sæti við búskipti þessi, en með þau fer sem setuskiptaráðandi Unnsteinn Beck borgarfógeti, og kveður hann upp þennan úrskurð.

Arfláti, Sigurður Lárusson Hjaltested, bjó að Vatnsenda innan Kópavogskaupstaðar og andaðist 13. nóvember 1966. Hann kvæntist árið 1961 sóknaraðilja máls þessa, Margréti Hjaltested að Vatnsenda. Þau eiga tvo syni fædda í hjónabandi þeirra, Sigurð Kristján, fæddan 5. febrúar 1962, og Karl Lárus, fæddan 30. júní 1963. Þriðja barnið, sem er skráð dóttir Sigurðar, Margrét, er fædd 1. nóvember 1955, áður en slitið var hjónabandi Margrétar og fyrri eiginmanns hennar. Hefur faðerni eiginmannsins að barninu ekki verið vefengt að lögum. Barn þetta telst því ekki meðal erfingja að búinu.

Áður en þau arfláti og Margrét Hjaltested gengu í hjónaband, var arfláti kvæntur og á þrjú börn á lífi úr því hjónabandi, Magnús, varnaraðilja máls þessa, Markús Ívar og Sigríði. Hin síðastnefnda er ófjárráða sakir æsku. Hefur Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður verið skipaður réttargæzlumaður hennar við búskiptin, en hann er jafnframt lögmaður alsystkina hennar við skiptin. Skipaður réttargæzlumaður ófjárráða barna Margrétar

Hjaltesteds, sem ásamt móður sinni eru sóknaraðiljar að máli þessu, er Jón Einarsson, heimilismaður að Vatnsenda.

Ágreiningur sá, sem hér liggur fyrir til úrskurðar, varðar erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds, dagsetta 4. janúar 1938 og staðfesta að nýju með áritun arfleiðanda, dags. 29. október 1940. Staðfest endurrit af erfðaskránni úr notarialbók sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefur verið lagt fram sem dómskjal nr. 3. Nánar verður efni þessa gernings getið hér á eftir, að því leyti sem það snertir málsúrslit.

Í greinargerðinni gerðu sóknaraðiljar þær dómkröfur, að öllum eignum dánar- og félagsbús Sigurðar Hjaltesteds og eftirlifandi maka, Margrétar Hjaltesteds, verði skipt eftir almennum skiptareglum erfðalaga, enda verði taldar brostnar forsendur fyrir gildi og framkvæmd erfðaskrár Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds frekar en orðið er, þ. e. frá og með tölul. 3 og til loka erfðaskrárinnar. Einnig kröfðust þeir málskostnaðar. Við munnlegan flutning málsins breytti lögmaður sóknaraðilja kröfugerðinni á þá lund, að hann krafðist þess, að öllum eignum dánar- og félagsbús Sigurðar Hjaltesteds og eftirlifandi maka, Margrétar Hjaltesteds, verði skipt eftir almennum skiptareglum erfðalaga, enda verði taldar brostnar forsendur fyrir gildi og framkvæmd erfðaskrár Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds umfram það, er segir í upphafi erfðaskrárinnar, svohljóðandi: „... allar eignir mínar, fastar og lausar, skulu ganga að erfðum til Sigurðar Kristjáns Lárussonar Hjaltesteds ...". Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati dómara.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að hin umdeilda erfðaskrá verði tekin gild í öllum greinum og metin veita honum óskoraðan rétt til að taka við jörðinni Vatnsenda í Kópavogi með öllum gögnum og gæðum, þar á meðal rétt til leiguafgjalda af sumarbústaðalöndum jarðarinnar. Málskostnaðar krefst hann ekki.

Í þessu máli er enginn ágreiningur um aðrar eignir búsins en tilkall til Vatnsenda, enda því lýst yfir af hálfu varnaraðilja, að hann geri ekki erfðatilkall í lausafé búsins, þar með talinn búfénaður.

Af hálfu alsystkina varnaraðilja hefur réttargæzlumaður þeirra og málflytjandi lýst yfir því, að þau samþykki gildi hinnar umdeildu erfðaskrár í öllum greinum, enda hafa þau ekki gerzt aðiljar að máli þessu.

Magnús Einarsson Hjaltested úrsmiður eignaðist jörðina Vatns-

enda, sem þá var í Seltjarnarneshreppi, í september 1914. Hann mun hafa búið á jörðinni á tímabili, a. m. k. að einhverju leyti, samkvæmt því, sem upplýst var við munnlegan flutning málsins. Þó mun Lárus Pétursson Hjaltested hafa verið tekinn þar við búi að mestu eða öllu leyti, áður en Magnús dó. Hinn 4. janúar 1938 gerir Magnús, sem var ókvæntur og barnlaus, erfðaskrá, dskj. nr. 3 í máli þessu, þar sem hann arfleiðir bróðurson sinn, Sigurð Kristján Lárusson Hjaltested, sem er arfláti í búi þessu, að öllum eignum sínum, föstum og lausum, eftir sinn dag. Um jörðina Vatnsenda eru þó sett ákveðin skilyrði í erfðaskránni, og er helzta efni þeirra, sem hér skiptir máli, á þessa lund: Arftaki skal búa á eigninni sjálfur, þó með þeim fyrirvara, að föður hans, Lárusi Hjaltested, er áskilinn ábúðarrétturinn, svo lengi sem hann lifir. Arftaka er óheimilt að selja jörðina eða veðsetja hana fyrir meiru en nemur 50% af fasteignarmati jarðarinnar, og þó aðeins til greiðslu erfðafjárskatts, ef með þarf, eða til nauðsynlegra varanlegra endurbóta á jörðinni sjálfri eða húsum hennar. Arftaka er heimilt að selja á leigu lóðir úr óræktuðu landi jarðarinnar. Lárusi Hjaltested eða síðari ábúanda jarðarinnar er heimilt að semja um og krefja bætur fyrir bótaskyld landspjöll á jörðinni, sem orðin voru eða kynnu að verða. Þá er svo áskilið, að að Sigurði L. Hjaltested látnum skuli jarðeignin ganga að erfðum til elzta sonar hans og svo til niðja hans í beinan karllegg. „... Þannig að aðeins fær einn maður allan arfinn, sá elzti í þeim legg, er að réttu ber arfur samkvæmt því, er nú hefur sagt verið". Þá eru ákvæði um það, hvernig fara skuli, ef hinn arfborni karlleggur deyr út, en þá gengur jörðin til afkomenda næst elzta sonar Sigurðar og niðja hans í beinan karllegg, og tilsvarandi gildir, ef karlleggur frá Sigurði verður aldauða, þá taka við afkomendur þess bróður hans, sem næstur honum var að aldri, eftir sömu reglum.

Ákveðið er, að ef einhver erfingjanna hættir búskap á Vatnsenda, missi hann rétt sinn samkvæmt erfðaskránni, en sá, sem næstur er í röðinni, taki við. Enn er það tilskilið, að sérhver erfingi, sem fær erfðarétt samkvæmt arfleiðsluskránni, skuli skyldur til að halda öll þau skilyrði, sem Sigurði eru sett með henni, og gæta þeirra takmarkana, sem erfðaskráin setur honum, en vanræksla á því veldur tafarlausum réttindamissi fyrir hlutaðeigandi. Loks eru ákvæði um stofnun sjóðs fyrir andvirði eigna þeirra, sem arfleiðslugerningurinn tekur til, ef afkvæmi Lárusar Hjaltesteds í karllegg deyja út.

Ekki þykir ástæða til að rekja hér nánar efni margnefnds erfðagernings, en í máli þessu er upprunalegt gildi hans sem erfðaskrár ekki vefengt né heimild arfláta til að ráðstafa eftirlátnum eignum sínum á þann hátt, sem þar er gert. Hins vegar er því haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að forsendur séu brostnar fyrir því, að erfðagerningurinn, eða nánar til tekið ákveðnum ákvæðum hans, verði beitt í samræmi við ákvæði erfðaskrárinnar og tilgang arfleiðandans. Byggja sóknaraðiljar þetta á því, að jörðin Vatnsendi sé ekki bújörð lengur. Hún hafi verið skert svo með eignarnámum lands fyrir Rafveitu Reykjavíkur, Landssíma Íslands vegna útvarpsstöðva og Reykjavíkurborgar vegna friðlandsins í Heiðmörk svo og með leigu um eða yfir 400 landsspildna undir sumarbústaði, að á jörðinni verði ekki rekinn búskapur framar. Þá sé jörðin nú innan skipulagssvæðis Kópavogskaupstaðar og fullnægi því ekki lengur skilyrðum til að teljast jörð eða lögbýli samkvæmt 1. gr. ábúðarlaga nr. 36 frá 1961. Með því að jörðin geti nú ekki lengur talizt bújörð og að fyrirsjáanlegt sé, að þar verði ekki unnt að reka búskap í framtíðinni, geti varnaraðili eða aðrir ekki uppfyllt þau skilyrði a-liðs 1. gr., sbr. 4. og 6. gr. arfleiðsluskrárinnar, að búa á jörðinni, en það leiði til þess, að jörðin falli í arf eftir arflátann Sigurð Hjaltested á sama hátt sem aðrar eignir hans og eigi að deilast til erfingja hans samkvæmt venjulegum erfðareglum. Í annan stað hafa sóknaraðiljar haldið því fram, að tilgangur Magnúsar E. Hjaltesteds með erfðaskrá sinni hafi verið að gera jörðina að Vatnsenda að ættaróðali í merkingu óðalslaga, en af því leiði, að beita verði þeim ákvæðum óðalslaganna, að ekkja óðalsseta njóti ábúðar á óðalinu að maka sínum látnum. Þá hefur sóknaraðili hreyft því, að skilyrði margnefndrar erfðaskrár hafi ekki verið haldin af fyrri ábúendum og því þurfi að fara fram könnun á gildi hennar út frá því sjónarmiði og m. a. þurfi í því skyni að fara fram innköllun allra þeirra erfingja, sem hugsanlega komi til greina, ef svo yrði litið á, að erfðaskráin sé fallin niður af þessum ástæðum.

Varnaraðili, Magnús Sigurðsson Hjaltested, er elzti sonur arfláta, en hann tók fyrstur arf samkvæmt hinni umdeildu erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds. Kröfur hans eru byggðar á því, að erfðaskráin sé að öllu leyti í fullu gildi. Hann kveðst ætla að setjast að á Vatnsenda og taka þar upp búskap, þegar hann fær umráð jarðarinnar. Hann mótmælir því, að nokkuð sé því til fyrirstöðu að reka búskap á jörðinni Vatnsenda, enda

sé hún enn í tölu lögbýla samkvæmt gildandi fatseignamati. Núverandi áhöfn jarðarinnar sýni einnig, að hún framfleyti meiru en lágmarksáhöfn lögbýlis og að ekki séu líkur fyrir, að breyting verði á því í náinni framtíð, enda þótt land jarðarinnar kunni að teljast til skipulagssvæðis Kópavogskaupstaðar. Hann mótmælir því, að réttur sinn sem erfingja samkvæmt erfðaskránni sé niður fallinn vegna þess, að aðrir landsetar hafi rofið skilmála erfðaskrárinnar.

Því er ekki haldið fram, að arfláti Sigurður Hjaltested eigi eða kunni að eiga fleiri erfingja en þá, sem komið hafa fram við búskiptin, sem mál þetta rís af. Því er tilefnislaust að gefa út innköllun til erfingja í sambandi við úrlausn málsins, enda virtist þessi málsástæða sóknaraðilja byggjast á því, að til séu kvaddir aðiljar, sem ekki eru erfingjar að búinu, en það er ekki vettvangur skiptaréttarins að gefa út slíka innköllun. Verður þessi málsástæða því ekki tekin til greina.

Af hálfu sóknaraðilja er það ekki reifað, sem þó hefur verið drepið á, að ákvæðin í erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds varðandi jörðina Vatnsenda séu niður fallin vegna aðgerða fyrri landseta, og verður því ekki byggt á þeirri málsástæðu gegn mótmælum varnaraðilja.

Ekki eru efni til að vefengja, að varnaraðili ætli sér að setjast að á Vatnsenda og hefja þar búskap, ef hann fær umráð jarðarinnar. Landsnot jarðarinnar hafa að vísu verið skert verulega frá því sem var, þegar erfðaskráin var gerð, bæði með eignarnámum og útleigu á löndum. Þó er jörðin að fasteignamati talin lögbýli, og þar er enn rekinn búskapur í venjulegri merkingu þess orðs. Hafa ekki verið færð rök fyrir því gegn mótmælum varnaraðilja og gegn opinberu vottorði um skráningu jarðarinnar sem lögbýlis, að jörðin hafi verið rýrð svo, að þar verði ekki rekinn búskapur. Ekki verður fallizt á, að það útiloki búskap á jörðinni, þótt hún hafi fyrir aðgerðir hins opinbera verið dregin undir skipulagssvæði Kópavogskaupstaðar, enda er ekki sýnt, að neinar fyrirætlanir séu á prjónunum, sem útiloki eða rýri núverandi búskaparmöguleika á jörðinni. Það, sem gerast kann í óvissri framtíð, skiptir ekki máli í sambandi við úrlausn málsins.

Því verður ekki talið, að núverandi ástand jarðarinnar útiloki varnaraðilja frá að uppfylla þau skilyrði erfðaskrárinnar, að hann búi á jörðinni.

Ákvæðum erfðaskrárinnar varðandi jörðina Vatnsenda svipar

í ýmsu til reglnanna um ættaróðul, en heimildarlaust er að draga þá ályktun, að hér hafi verið um stofnun óðalsbýlis að ræða, enda vantar mikið á, að reglunum um þau sé fylgt í erfðaskránni. Því verður ekki ályktað gegn skýrum orðum erfðaskrárinnar, að eftirlifandi maka landseta samkvæmt erfðaskránni sé áskilin búseta á jörðinni eftir lát hans.

Niðurstaða málsins verður því sú, að varnaraðilja sé einum af erfingjum arflátans áskilinn réttur til umráða og búsetu á jörðinni Vatnsenda.

Málskostnaður fellur niður.

Því úrskurðast:

Varnaraðilja, Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested, er áskilinn réttur eftir látinn föður sinn til að taka við til ábúðar og hagnýtingar jörðina Vatnsenda í Kópavogskaupstað með þeim takmörkunum og skilmálum, sem settir eru í arfleiðsluskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds, dagsettri 4. janúar 1938.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 9. apríl 1968.

Nr. 33/1967. **Kristinn Jónsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Ingibjörgu Jóhönnu Hermannsdóttur og gagnsök (Magnús Thorlacius hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Gizur Bergsteinsson og Guðmundur Jónsson borgardómari og prófessor Þór Vilhjálmsson.

Hjónavígsla. Skipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1967. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður, sem kveðinn var upp í skiptarétti Suður-Múlasýslu

hinn 22. desember 1966, verði felldur úr gildi og synjað verði kröfu gagnáfrýjanda um, „að svonefnt bú“ aðilja verði tekið til opinberra skipta. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 2. maí 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hún staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og nánar er rakið í úrskurði skiptaráðanda, reisir aðaláfrýjandi kröfur sínar á því, að prófessor Björn Magnússon hafi skort vald til þess að gefa aðilja saman í hjónaband, þar sem hann hafi ekki verið prestur þjóðkirkjunnar á árinu 1962. Gagnáfrýjandi heldur því aftur á móti fram, að málsaðiljar hafi verið gefin saman í lögmætt hjónaband 15. september 1962, þar sem vígslumaður, prófessor Björn Magnússon, hafi hlotið prestvígslu í þjóðkirkjunni. Beri skiptarétti því að taka eignir aðilja til opinberra skipta.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsett 2. þ. m., til lögmanna málsaðilja. Þar segir, að lögmennirnir hafi borið fram „óskir um, að könnun yrði gerð um framkvæmdar hjónavígslur af öðrum prestvígðum mönnum en þjónandi prestum þjóðkirkjunnar innan kirkju sinnar“. Um það segir síðar í bréfinu:

„Ráðuneytið hefur átt viðræður við starfsmenn biskupsembættisins um möguleika á almennri könnun á framkvæmd á hjónavígslum með þessum hætti. Hefur biskupsembættið upplýst, að ekki muni unnt að upplýsa, svo að tæmandi verði talið, um fjölda slíkra embættisverka, þar sem ekki sé óyggjandi, að við skráningu vígslu sé ávallt getið vígslumanns, þótt hann sé annar en sá sóknarprestur, sem vígslu færir til bókar.

Ráðuneytið hefur gert nokkra könnun á færslum á hjónavígslum, þar sem athugasemd er gerð um slíkan vígslumann í ministerialbókum dómkirkjunnar í Reykjavík frá s.l. aldamótum. Kemur í ljós við þá athugun, að vígslur, þar sem slíkir vígslumenn eru skráðir, eru mjög fáar á 2 fyrstu áratugunum eftir aldamótin, þó koma þær fyrir öðru hvoru

allt árabilið, bæði fyrir og eftir útgáfu stjórnarráðsbréfs nr. 99 31. júlí 1911. Vígslumenn eru þá einkum biskupar þeir, sem í embættum eru á árabilinu (Hallgrímur Sveinsson, Þórhallur Bjarnarson, Jón Helgason), en einnig prestaskóla- og guðfræðideildarkennarar (Þórhallur Bjarnarson, Jón Helgason, Haraldur Níelsson). Einnig á þessu árabili koma til einstakar vígslur framkvæmdar af öðrum prestvígðum mönnum, utan sóknarprestsembætta (sr. Friðrik Friðriksson, sr. Kristinn Daníelsson). Þá kemur ennfremur í ljós, að upp úr 1920 fjölgar slíkum vígslum töluvert. Eru þær t. d. 21 árið 1925, 20 árið 1930, 12 árið 1935. Á þessu árabili fjölgar töluvert vígslum framkvæmdum af uppgjafaprestum, og má sjá við þá athugun, að svo sem vænta má, eru slíkar vígslur fleiri þau ár, er sóknarprestar í stórum prestaköllum hafa látið af störfum og eru ernir (dæmi: sr. Jóhann Þorkelsson 1925, sr. Ólafur Ólafsson fríkirkjuprestur 1930 (ekki meðt. í ofangr tölu). Allveruleg fjölgun á þess háttar vígslum hefur orðið á tímabilinu eftir 1950, og munu þær ástæður, eins og að ofan greinir, valda miklu rúman áratug. Á þessum áratugum eftir 1920 er jafnframt framhald á vígslum af hendi guðfræðideildarkennara og biskupa.

Sýnistalning hefur verið gerð af einu ári á síðastnefndu tímabili (1962) af Hagstofunni. Um þá talningu verður að hafa í huga fyrstnefndan fyrirvara um skráningu athugasemdar um vígslumann. Við þessa talningu kemur fram, að á því ári hafi á landinu verið 65 slíkar vígslur, þar af í Reykjavík 51. Hafa verður í huga, þegar bornar eru saman tölur frá þessu tímabili, að láta mun nærri, að tala hjónavígslna hafi þrefaldast frá 1920 til áranna um 1960".

Alkunna er, að menn, sem prestvígðir hafa verið í þjóðkirkjunni, hafa oftsinnis á síðustu áratugum gefið saman hjón, þótt þeir væru ekki þjónandi sóknarprestar. Það er einnig alkunna, að slíkar vígslur hafa verið taldar hafa sömu þýðingu að lögum og vígslur, sem þjónandi sóknarprestar hafa framkvæmt, og enginn greinarmunur hefur verið á þessu gerður við búskipti. Ber því að líta svo á, að það sé venjuhelguð íslenzk réttarregla, að menn, sem prestvígðir

hafa verið í þjóðkirkjunni, þótt ekki séu þjónandi sóknarprestar, geti löglega gefið saman hjónaefni. Prófessor Björn Magnússon hafði hlotið prestvígslu í þjóðkirkjunni. Aðiljar þessa máls voru því gefin saman í lögmætt hjónaband 15. september 1962. Ber því að taka bú þeirra til opinberra skipta samkvæmt 7. kafla laga nr. 20/1923 og 6. kapítula laga nr. 3/1878. Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Aðaláfrýjandi, Kristinn Jónsson, greiði gagnáfrýjanda, Ingibjörgu Jóhönnu Hermannsdóttur, kr. 30.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Gizurar Bergsteinssonar.

Í málinu hefur verið lagt fram svofellt leyfisbréf: „FORSETI ÍSLANDS gjörir kunnugt: að hann samkvæmt umsókn þar um leyfir hér með, að Ingibjörgu Hermannsdóttur, Háteigsvegi 22, Reykjavík, og Kristin Jónsson forstjóra, Víðivöllum, Eskifirði, megi án undanfarandi lýsingar gefa saman í heimahúsum af hverjum þeim presti, er þau þar til kjósa og þar til fá. En þjónandi prestum þjóðkirkjunnar er einum heimilt að framkvæma hjónavígsluna svo og löggiltum prestum eða forstöðumönnum annarra hérlendra trúfélaga.

. . . . . .

Vígslumenn eiga að ábyrgjast, að hjónavígslan fari löglega fram, og einnig sjá um, að ekkert það sé fyrir hendi, er hjónabandinu megi tálma að lögum.

. . . . . .

Eftir skipun forseta Íslands. F. h. r. Baldur Möller Dóms- og kirkjumálaráðuneytið Reykjavík". Á leyfisbréf þetta er ritað: „Gefin saman í háskólakapellunni 15. september 1962. Björn Magnússon". Hér mun vera um að tefla Björn Magnússon prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands.

Hinn 16. janúar 1963 undirrituðu málsaðiljar svohljóðandi skjal:

„Við undirrituð hjón, Kristinn Jónsson og Ingibjörg Hermannsdóttir, Víðivöllum, Eskifirði, sem gengum að eigast síðastliðið haust og höfum lifað saman í hjónabandi síðan og haft með okkur félagsbú að öllu leyti, gerum með okkur svolátandi

Kaupmála:

Allt hlutafé það, er við nú eigum í Hraðfrystihúsi Eskifjarðar h.f. og Jóni Kjartanssyni h.f., eins og það er á hverjum tíma, skal vera séreign mín, Kristins, og óviðkomandi öllum skuldbindingum félagsbús okkar, þeim er síðar verða til.

Að öðru leyti er algerlega um venjulega hjúskaparsameign að ræða.

Hlutafé þetta er kr. 250.000.00 í Hraðfrystihúsi Eskifjarðar h.f. og kr. 75.000.00 í Jóni Kjartanssyni h.f.". Skjal þetta var afhent til þinglýsingar 4. febrúar 1963.

Aðiljar slitu samvistir síðla árs 1963. Hinn 25. marz 1964 veitti dómsmálaráðherra þeim „leyfi til skilnaðar að borði og sæng". Uppskrift á búi aðilja fór fram í Reykjavík 18. marz 1964 og á Eskifirði 26. maí s. á. Hinn 30. ágúst 1965 fór lögmaður gagnáfrýjanda þess á leit við skiptaráðandann í Suður-Múlasýslu, að hann tæki bú aðilja til opinberra skipta. Aðaláfrýjandi hefur mótmælt þessari kröfu gagnáfrýjanda á þeim forsendum, að óbær vígslumaður, sem eigi hafi haft til þess þjóðfélagsvald, hafi gefið þau saman og því eigi verið að lögum stofnað til hjúskapar með þeim. Vísar hann um þetta efni til 29. gr. laga nr. 39/1921, en þar segir, að prestar þjóðkirkjunnar annist kirkjulega vígslu innan kirkju sinnar. Rök hans fyrir málstað sínum eru, að

það sé meginregla í lögum, að opinberir starfsmenn, sem látið hafi af starfa, hafi eigi vald til að framkvæma þau opinber verk, sem starfanum fylgja, nema þeir fái til þess sérstaka skipun. Eigi þetta ekki síður við um presta en héraðsdómara. Dóms- og kirkjumálaráðherra hafi og fyrr og síðar sett það skilyrði í hjónavígsluleyfi, að vígslan væri framkvæmd af þjónandi presti þjóðkirkjunnar. Þá skírskotar hann og til 36. gr. sömu laga, en þar segir: „Nú eru hjónaefni gefin saman af öðrum en lög standa til, að gefi saman hjón, og er sú athöfn þá ógild".

Í máli þessu er einungis leitað úrskurðar dómstóla um það, hvort taka skuli bú aðilja til opinberra skipta. Aðiljar lifðu í sambúð, er þau töldu vera hjúskap, um nokkurt skeið og skipuðu fjármálum sínum með samningi þeim frá 16. janúar 1963, er áður getur. Þá gerði aðaláfrýjandi sameiginlegt skattframtal fyrir þau aðiljana í janúarmánuði 1963. Að svo vöxnu máli verður að meta fyrrgreindan samning gildan um fjárskipti aðilja, og er það því utan marka þessa máls að skera úr því, hvort þau hafi verið „gefin saman af öðrum en lög standa til", sbr. 36. gr. laga nr. 39/1921.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og með tilvísun til 90. gr. laga nr. 3/1878, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilegur kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur. ,

Aðaláfrýjandi, Kristinn Jónsson, greiði gagnáfrýjanda, Ingibjörgu Jóhönnu Hermannsdóttur, kr. 30.000.00 í málskostað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Suður-Múlasýslu 22. desember 1966.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, ber þannig að, að umboðsmaður Ingibjargar J. Hermannsdóttur, áður Víðivöllum, Eskifirði, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, beiddist þess með bréfi, dags. 30. ágúst 1965, að skiptadómur Suður-Múlasýslu tæki til opinberra skipta bú skjólstæðings hans og Kristins Jónssonar útgerðarmanns, Víðivöllum, Eskifirði, en þau fengu leyfi dómsmálaráðherra til skilnaðar að borði og sæng þann 25. marz 1964.

Uppskrift á búi þeirra fór fram í Reykjavík 18. marz 1964 og á Eskifirði 26. maí s. á. Reynt hafði verið til þrautar að skipta búinu einkaskiptum, en það ekki tekizt.

Þá er þess krafizt, að 3 óvilhallir menn utan héraðs verði kvaddir til að meta eignir búsins, þar eð hætta sé á, að innanhéraðsmenn séu of kunnugir manninum til þess að vera óvilhallir.

Maðurinn, Kristinn Jónsson, tók til mótmæla gegn framgangi skiptanna, og varð því nauðsynlegt að kveða upp úrskurð um það. Gerði umboðsmaður konunnar þá þær dómkröfur, að mótmælum hans yrði hrundið og að umbjóðanda hans yrði tildæmdur málskostnaður úr hendi mannsins.

Aðiljar eru ekki sammála um, hvor þeirra sé sóknaraðili og hvor varnaraðili. Til þess að auðveldara verði að rekja málið, mun framvegis aðeins rætt um „konuna“ og „manninn“, þar sem hér er fjallað um hjúskaparskipti.

Af hálfu mannsins eru þær kröfur gerðar, að hin umbeðnu opinberu skipti nái ekki fram að ganga og að konan verði dæmd til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Maðurinn reisir kröfu sína um synjun framgangs skiptanna á þeirri staðreynd, að prófessor Björn Magnússon, Háskóla Íslands, gaf aðilja saman, en hann er ekki lengur sóknarprestur þjóðkirkjunnar. Maðurinn telur, að þetta samrýmist ekki því orðalagi í leyfisbréfinu til undanþágu frá lýsingu með hjónaefnum, þar sem segir, að „þjónandi prestar þjóðkirkjunnar“ megi einir framkvæma hjónavígsluna. Telur hann orðalag leyfisbréfsins vera í samræmi við orðalag 29. gr. laga nr. 39/1921, „prestur þjóðkirkjunnar“, sem á sama hátt megi einir framkvæma hjónavígslu á vegum þjóðkirkjunnar.

Af þessum sökum telur hann, að ekkert hjónaband hafi stofnazt milli sín og konunnar við athöfnina í Háskólakapellunni 15.

september 1962 og þar af leiðandi engin sameign með þeim.

Með vottorði Hagstofu Íslands á dskj. nr. 3 er sannað, að séra Björn Magnússon framkvæmdi téða athöfn á áðurgreindum stað og tíma. Með vottorði séra Jóns Auðuns dómprófasts frá 15. nóvember 1965 á dskj. nr. 9 er sannað, að prófessor Björn Magnússon hafði heimild til að vinna prestsverk í Reykjavík í umboði dómprófastsins.

Með leyfisbréfi á dskj. nr. 10 er sannað, að aðiljum máls þessa var veittur skilnaður að borði og sæng með leyfisbréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 25. marz 1964, og greiði maðurinn konunni lífeyri kr. 5.000.00 á mánuði frá 1. marz 1964, meðan skilnaður að borði og sæng varir.

Á dskj. nr. 11 er leyfisbréf til þess að gefa megi aðilja málsins saman án undanfarandi lýsingar í heimahúsum af hverjum þeim presti, er þau til kjósa og þar til fá. „En þjónandi prestum þjóðkirkjunnar er einum heimilt að framkvæma hjónavígsluna svo og löggiltum prestum eða forstöðumönnum annarra hérlendra trúfélaga". Leyfisbréfið er gefið út af sýslumanni Suður-Múlasýslu þann 10. september 1962, og á það er ritað hjónavígsluvottorð Björns Magnússonar þann 15. sama mánaðar.

Af dskj. nr. 12 sést, að kaupmáli hefur verið gerður milli aðiljanna þann 16. janúar 1963. Þar segir í upphafi svo: „Við undirrituð hjón, Kristinn Jónsson og Ingibjörg Hermannsdóttir, Víðivöllum, Eskifirði, sem gengum að eigast síðastliðið haust og höfum lifað í hjónabandi síðan og haft með okkur félagsbú að öllu leyti, gerum með okkur svolátandi kaupmála". Kaupmálinn er skráður til þinglýsingar þann 4. febrúar 1963.

Nú skulu raktar nokkuð hugleiðingar aðiljanna um málefnið.

Maðurinn telur, að samkvæmt 36. gr. laga nr. 39/1921 sé hjónaband hans og konunnar ógilt, þar eð vígslumann hafi brostið heimild til þess að gefa saman hjón. Sé þetta brostin forsenda fyrir viljayfirlýsingum gefnum í þeirri trú, að hann hafi verið í hjónabandi, og hafi því ekki stofnazt félagsbú með þeim. Maðurinn telur, að kennsla í fræðum þessum í Háskóla Íslands sé í samræmi við skilning hans á málinu. Hann leggur einnig fram bréf Stjórnarráðs Íslands nr. 99 frá 31. júlí 1911, þar sem hjónaband, stofnað fyrir fyrrverandi sóknarpresti, sem framkvæmdi vígsluna í heimildarleysi, er ógilt. Áður er getið hugleiðinga hans um orðalagið „þjónandi prestar þjóðkirkjunnar" og „prestur þjóðkirkjunnar". Hann telur, að heimild sóknarprests til að gefa saman hjón sé algert stöðuumboð og sé ekki framseljanlegt.

Þá mótmælir hann því, að venja hafi skapazt um það í yfir 40 ár, að fyrrum prestar megi framkvæma prestsverk með heimild þjónandi prests á staðnum. Hann telur, að til þess að lögvenja geti helgazt, þurfi hún að vera almenn, langvarandi og skýr, og mótmælir því, að þau skilyrði séu fyrir hendi, m. a. sé mjög lítið um þetta utan Reykjavíkur. Af konunnar hálfu hefði þurft að leggja fram vottorð þjóðskrárinnar um fjölda slíkra hjónavígsla, frá því að lögin nr. 39/1921 tóku gildi. Þá teflir hann fram blaðagrein dr. theol. séra Jakobs Jónssonar, sóknarprests í Reykjavík, sem lýkur með þessum orðum: „Aðalreglan á auðvitað að vera sú, að þjónandi embættismaður framkvæmi athöfnina, eins og lög gera ráð fyrir. En séu einhverjar þær ástæður fyrir hendi, sem gera það eðlilegt og nauðsynlegt, að annar prestur sé til þess kallaður, verður að kveða skýrt á um slíkt umboð. Venjan ein getur ekki gert út um slíkt atriði til lengdar ...“ gegn umsögn biskupsins yfir Íslandi á dskj. nr. 8, dags. 14. janúar 1966, en að henni verður vikið síðar.

Enn telur hann yfirlýsingu dómprófastsins í Reykjavík um heimild hans til handa prófessor Birni Magnússyni tortryggilega, þar sem hún sé gefin svo löngu eftir á.

Hann telur ákvæði laga nr. 39/1921 um ógildingu hjónabands ekki taka til máls þessa.

Loks bendir hann á, hve þunga áherzlu löggjafinn hefur lagt á það atriði, að gildir vígslumenn einir stofni til hjúskapar, að lagt er að jöfnu, að hjónaefni hafi ekki játazt og að ógildur vígslumaður framkvæmi vígsluna. Telur engan vafa á að prófessor Björn Magnússon hafi verið ógildur vígslumaður þann 15. september 1962, en af því leiði, að hjónaband aðiljanna og þar af leiðandi félagsbú þeirra hafi aldrei verið til.

Af konunnar hálfu er á það bent, að orðalagið „þjónandi prestur“ sé ekki í lögum nr. 39/1921. Þótt það sé í leyfisbréfi til undanþágu frá lýsingu og kirkjugiftingu, hafi það enga stoð í lögum. Heldur ekki hafi hið gamla stjórnarráðsbréf, sem gefið var 10 árum fyrir setningu laga nr. 39/1921, neina þýðingu fyrir mál þetta. Bent var á, að í 27. gr. laga nr. 39/1921 sé svo fyrir mælt, að hjónaband sé lögmætt, hvort heldur stofnað er fyrir presti eða veraldlegum valdsmanni. Og í 29. gr. sömu laga segir, að prestur þjóðkirkjunnar annist kirkjulega vígslu innan kirkju sinnar.

Umboðsmaður konunnar er þeirrar skoðunar, að prestur þjóðkirkjunnar, er eigi hefur verið dæmdur frá kjóli og kalli, haldi

áfram að vera prestur til dauðadags í krafti vígslu biskups til embættis. Þetta hafi verið skilið svo og framkvæmt svo í yfir 40 ár. Engin ástæða sé til að láta hæpna lögskýringu breyta þeim praxis, enda býsna afleiðingaríkt, ef ógilda ætti öll hjónabönd, er stofnuð eru fyrir slíkum vígslumönnum. Auk þess mætti furðu gegna, ef prestur ætti að missa rétt við að hljóta æðra embætti innan þjóðkirkjunnar.

Þá hefur hann borið málið undir biskup Íslands, og hefur hann látið í té bréf um það, sem lagt er fram á dskj. nr. 8. Bréfið er ítarlegt mjög, og segir þar m. a., að sá maður, sem hlotið hefur prestvígslu í þjóðkirkjunni, haldi þeim almenna rétti og ábyrgð, sem í vígslunni felst, nema sviptur sé með sérstökum dómi. Hann haldi hinu almenna umboði til að fremja kirkjulegar athafnir, þótt hann láti af embætti, en hann megi ekki láta til sín taka í verkahring annars prests nema samkvæmt vilja hans og eftir umboði hans. Biskup telur það vera gróna hefð hér í landi, að hjónavígslur, sem embættislausir prestar framkvæma með leyfi og í umboði viðkomandi prests, hafi fullt gildi að landslögum. Stjórnarráðsbréfið frá 1911 breyti efni sínu samkvæmt engu þar um.

Biskup fær ekki séð, að krafa um ógildi hjónabands af þeim sökum, sem hér um ræðir, hafi neina stoð í framkvæmd hjúskaparlaganna hingað til. Ekki sé kunnugt um athugasemdir úr neinni átt við gildi slíkra hjónabanda og eigi sé heldur vitað, að sóknarprestum hafi verið tilkynnt neitt um það, að þeir mættu ekki heimila prestum, sem hlotið hafa vígslu til þjónustu í þjóðkirkjunni, en látið af embætti, að framkvæma í sínu umboði prestsverk, hjónavígslur sem önnur.

Varðandi prestsverk prófessors Björns Magnússonar bendir biskup á hinar margvíslegu sömu skyldur og réttindi, sem prófessorarnir hafa eins og þjónandi prestar þjóðkirkjunnar embætti sínu samkvæmt, t. d. taka þeir þátt í og eru kjörgengir við biskupskjör o. fl.

Á það er bent af umboðsmanni konunnar, að heimild og umboð til að fremja prestsverk í Reykjavík til handa Birni Magnússyni lá fyrir, sbr. vottorð dómprófastsins í Reykjavík. Þá sé það alkunnugt og því óþarfi að sanna sérstaklega, að fjöldi uppgjafapresta hafi gefið saman hjón.

Umboðsmaður konunnar bendir einnig á, að bæði hjónin töldu sig vera að ganga í hjúskap með venjulegum og réttum lögfylgjum, þ. á m. að þau væru að stofna til venjulegs helminga-

félags um eignir sínar. Þetta verði ljóst af kaupmálanum og orðalagi hans.

Loks telur umboðsmaður konunnar, að um sé að ræða eitt af „öðrum búum en dánarbúum", sem mælt er um í lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. nr. 3/1878, 90. gr. En um skipti á slíkum búum fari sem um opinber skipti á dánarbúum með þeim breytingum, sem leiða af eðli þeirra.

Að framanskráðu virtu telur dómurinn, að öll atriði um stofnun hjúskapar milli aðilja máls þessa og skilnað að borði og sæng séu augljós, svo sem rakið var eftir skjölum málsins, nema að deilt er um, hvort hjúskapurinn var stofnaður fyrir vígslumanni, sem hafði heimild til þess, og að óútkljáð er um skipti á eignum aðiljanna.

Með vísun til þess, sem rakið hefur verið, er ljóst, að aðiljar töldu sig vera að ganga í hjónaband, þau gerðu ráðstafanir til þess að breyta lögfylgjum þess með kaupmála sínum, þau sóttu um og fengu leyfi dómsmálaráðherra til skilnaðar að borði og sæng, og þau gerðu tilraunir til að ná samkomulagi um skiptingu eigna sinna, þegar það kom til. Það er ekki fyrr en slíkar tilraunir stranda, sem farið er að vefengja gildi hjónabandsins.

Fallast verður á það með konunni, að það er alkunna, að fjöldi hjónabanda hefur verið stofnaður fyrir vígslumönnum innan þjóðkirkjunnar, sem ekki voru sóknarprestar.

Biskup Íslands staðfestir það í bréfi sínu og bendir á, að aldrei hafi gildi slíkra hjónabanda verið formlega vefengt, enda hafi komið til samþykki og umboð viðkomandi sóknarprests.

Hann bendir einnig á, að sóknarprestum hefur aldrei verið bannað að leyfa slíkt, og verður að fallast á, að þar sem um svo algengt tilvik er að ræða, þá verður ekki tekin til greina sú staðhæfing, að „stöðuumboð sóknarprests sé ekki framseljanlegt". Ekki er um venjulegt framsal umboðs að ræða, heldur umboð til þess að framkvæma á starfssvæði sóknarprests verk, sem vígður prestur hefur *almennt* umboð til að framkvæma.

Ótvírætt er, að prófessor Björn Magnússon hefur slíkt almennt umboð. Hann hefur einnig umboð og heimild dómprófastsins í Reykjavík til að framkvæma prestsverk í Reykjavík. Og honum má auk þess jafna til þjónandi presta þjóðkirkjunnar samkvæmt embætti sínu sem guðfræðiprófessor við Háskóla Íslands.

Dómurinn telur því, að hafna beri mótmælum af hálfu mannsins gegn hinum umbeðnu opinberu skiptum á félagsbúi aðilja, en

taka bú þetta til opinberra skipta samkvæmt 90. gr. laga nr. 3/1878.

Hæfilegt þykir, að maðurinn greiði konunni kr. 5.000.00 í málskostnað.

Axel V. Tulinius sýslumaður kvað upp úrskurð þennan.

Niðurlagsorð:

Hin umbeðnu opinberu skipti á félagsbúi aðilja máls þessa, Ingibjargar Jóhönnu Hermannsdóttur og Kristins Jónssonar, skulu fram fara.

Maðurinn greiði konunni 5.000.00 krónur í málskostnað.

Fullnægja má úrskurði þessum með aðför að lögum.

Mánudaginn 29. apríl 1968.

Nr. 203/1967. **Landhelgisgæzlan og skipshöfn v/s Þórs**
gegn
Skipaútgerð ríkisins og til réttargæzlu Samvinnutryggingum.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Af hendi áfrýjanda hefur verið lögð fyrir Hæstarétt álitsgerð Ingólfs Þórðarsonar stýrimannaskólakennara, dags. 24. apríl 1968, sem er andstæð niðurstöðu hinna sérfróðu héraðsdómenda, að því er varðar færi m/s Skjaldbreiðar á siglingu til Stykkishólms eftir strand skipsins hinn 16. janúar 1962. Eins og málinu er háttað, þykir samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 rétt að veita aðiljum kost á að afla álits þriggja dómkvaddra sérkunnáttumanna, er tveir séu siglingafróðir og einn vélfróður, um, þegar gögn málsins og atvik öll eru virt, möguleika á siglingu m/s Skjaldbreiðar af strandstað

til Stykkishólms eftir áfall það, er í héraðsdómi greinir, um stjórn- og siglingarhæfi skipsins, eins og það var á sig komið, og um hættur á nefndri siglingaleið. Þá er aðiljum og rétt að afla annarra gagna, eftir því sem efni verða til.

Alyktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla gagna, er að framan greinir.

Föstudaginn 3. maí 1968.

Nr. 88/1967. **Magnús Magnússon**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Einari Eysteinssyni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Líkamsáverkar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1967. Gerir hann þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 373.386.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. janúar 1961 til 31. desember 1964, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál að hluta í héraði.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eins og sönnunargögnum í máli þessu er háttað, þykir varhugavert að fullyrða, að stefndi hafi verið offari, er hann spratt upp úr stól þeim, er hann sat í, og rakst á áfrýjanda með þeim afleiðingum, sem í héraðsdómi greinir. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. marz 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. febrúar s.l., hefur Magnús Magnússon, Reynimel 46, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. júní 1965, gegn Einari Eysteinssyni, Háaleitisbraut 18, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 373.386.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. janúar 1961 til 31. desember 1964, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins var sú krafa gerð, að málskostnaður verði tildæmdur gjafsóknarhafa, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn í málinu 23. júlí 1965.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómarans, en *til vara*, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu, að hinn 23. janúar 1961, að kvöldi, hafi Einar Eysteinsson verið staddur í íbúð sinni, en stefnandi kveðst hafa leigt hjá honum. Stefnandi kveðst í umrætt sinn hafa verið nokkuð við skál og strítt Einari. Einar hafi þá ætlað að fara, en stefnandi kveðst hafa staðið í vegi fyrir honum við dyrnar að ganginum og ekki viljað láta hann fara, en þó ekki snert hann. Kveður stefnandi stefnda Einar þá hafa hrint sér úr dyrunum, og kveðst stefnandi hafa dottið aftur á bak í dyrunum og lent með hnakkann á þröskuldinum og brotnað á hægra fæti. Kveðst stefnandi hafa verið fluttur á Land-

spítalann og brotið spengt þar og lagt í gipsumbúðir. Stefnandi kveðst hafa dvalið á Landspítalanum í um það bil 2½ mánuð. Brotið hafi gróið seint, og kveðst stefnandi hafa verið algerlega óvinnufær til hausts 1962.

Stefnandi kveðst krefjast þess, að stefndi, Einar Eysteinsson, bæti sér tjón sitt, þar sem hann beri alla ábyrgð á því, og sundurliðar stefnandi tjón sitt þannig:

1.	Bætur vegna tímabundinnar örorku	kr. 101.586.00
2.	Bætur vegna varanlegrar örorku	— 219.300.00
3.	Bætur fyrir þjáningar og lýti o. fl.	— 50.000.00
4.	Útlagður kostnaður	— 2.500.00
		Samtals kr. 373.386.00

Af hálfu stefnda er málsatvikum lýst þannig, að stefnandi hafi verið leigutaki hjá honum veturinn 1960—1961. Stefnandi hafi verið allóreglusamur og muni það hafa verið hinn 23. janúar 1961 milli kl. 1930 og 2000, að stefndi heyrði mikinn hávaða og læti í íbúð stefnanda, en hann hafi búið í íbúð, sem var yfir íbúð þeirri, sem stefndi bjó í. Stefndi kveðst hafa farið upp og hitt stefnanda, en kona hans hafi ekki verið heima. Hafi stefnandi verið í illu skapi, en róazt, en verið nokkuð mikið ölvaður. Kveðst stefndi hafa ætlað að róa stefnanda og setzt á stól og rætt við hann, en í því hafi kona stefnanda komið þar inn og rokið á stefnanda og barið hann. Stefndi kveðst hafa verið að flýta sér og eftir stutta stund hafi hann ætlað að rísa upp úr stólnum, er hann sat í, en konan hafi þá verið gengin fram. Er stefnandi hafi séð þetta, hafi hann rokið upp og hlaupið að stefnda, þar sem hann sat, og sagzt ætla að berja hann eða sjá til þess, að hann kæmist ekki út. Kveðst stefndi þá hafa stokkið upp úr stólnum, en við það rekizt á stefnanda og hafi þeir báðir henzt til, stefnandi eiginlega beint aftur á bak og dottið aftur fyrir sig. Hafi stefnandi sagt, að hann væri fótbrotinn, og kveðst stefndi þá þegar hafa farið fram í eldhús til konu stefnanda og sagt henni frá þessu og beðið hana að athuga um stefnanda og talað um að hringja í lækni. Kveðst stefndi síðan hafa gengið niður og farið til starfa síns, svo sem honum var nauðsynlegt, en komið skjótt heim aftur. Hafi þá kona stefnanda komið niður til hans og sagt,

að stefnandi væri fótbrotinn og beðið um, að hringt yrði á sjúkrabifreið, þar sem sími þeirra væri brotinn. Kveðst stefndi síðan hafa hjlpað við að koma stefnanda í sjúkrabifreiðina.

Þannig lýsir stefndi málsatvikum í greinargerð.

Lögregluskýrsla liggur frammi í málinu, dags. 26. maí og 12. júní 1961, tekin að Nirði Snæhólm varðstjóra.

Efni skýrslunnar er á þessa leið:

„Í dag yfirheyrði ég á heimili hans, Reynimel 46, sími 32644, Magnús Magnússon járnsmið, 42 ára að aldri, en hann er fótbrotinn og bað um aðstoð heim. Með mér var Guðmundur T. Guðmundsson.

Magnús skýrir aðspurður svo frá:

Ég og kona mín, Guðmunda Þ. Eyjólfsdóttir, bjuggum að Mosgerði 8 til 14. maí s.l. Við leigðum hjá Einari Eysteinssyni og vorum búin að vera þarna í 3 ár. Við vorum uppi, en Einar niðri.

Mánudaginn 27. janúar s.l. um kl. 1900 var ég heima hjá mér og var þá búinn að drekka nokkuð áfengi og var nokkuð ölvaður, en ekki með nein læti. Áfengið var búið. Ég gekk svo fram í mjóan gang í íbúðinni, en þar var síminn minn á háu borði. Ég lenti utan í borðinu með þeim afleiðingum, að síminn datt niður, en af því hlauzt nokkur hávaði, sem heyrðist niður, því Einar kom upp til að tala við mig, og við settumst inn í stofu og fórum að ræða saman um hitt og annað, en ég stríddi Einari og æsti hann upp, því það var meðal annars rætt um loftnet, sem ég hafði, en Einar tók niður. Það var aðallega rifizt út af þessu. Einar var ódrukkinn.

Einar ætlaði svo að fara, en ég stóð í veginum fyrir honum innan við dyrnar að ganginum og var að röfla við hann og vildi ekki láta hann fara, án þess þó að ég tæki á honum eða gerði mig líklegan til þess, en hann var að flýta sér og hrinti mér allt í einu frá sér framanfrá, svo snöggt, að ég datt aftur á bak í dyrnar og lenti með hnakkann á þröskuldinum, enda hafði ég kúlu á hnakkanum lengi á eftir. Þegar ég ætlaði að standa upp, gat ég það ekki, því eitthvað var að mér í hægri fætinum, en hann hafði samt ekki lent undir mér og ekki slegizt utan í húsgögn. Einar bað mig þá fyrirgefningar og fór fram í eldhús til konunnar minnar, og svo komu þau bæði til mín, en síðan hringdi konan í sjúkrabíl, sem kom og sótti mig, en Einar aðstoðaði við að koma mér í sjúkrakörfuna, en ég hafði á meðan legið á sama stað, þannig að Einar komst ekki fram, nema fara

yfir mig. Það var farið með mig á Slysavarðstofuna og þaðan á Landspítalann, en þar kom í ljós, að ég var þríbrotinn á hægri fæti um mjóalegginn. Ég var 2½ mánuð á sjúkrahúsinu og hef legið heima síðan með fótinn í gipsi, og það er ómögulegt að segja um, hve lengi ég á í þessu.

Ég er bæklaður í fótunum frá fæðingu, og því er þetta verra en ella. Tryggingarnar telja, að ég sé með 70 til 80 prósent skerta starfsorku frá fæðingu, því ég fæddist með snúa fætur, og þurfti að rétta þá. Eftir mánaðarlegu á sjúkrahúsinu kom Einar til mín, og ætlaði ég þá að tala við hann, en hann vildi ekki tala við mig og fór strax aftur.

Ég áskil mér rétt til bóta vegna vinnutaps, sem ég hef af þessu, og miskabóta, þegar að kemur.

Magnús Magnússon.

Þá talaði ég við konu Magnúsar sama stað, Guðmundu Þ. Eyjólfsdóttur.

Hún skýrir aðspurð svo frá, áminnt um sannsögli:

Ég var frammi í eldhúsi, er atburður þessi gerðist, og sá því ekki, hvað skeði. Ég vissi hins vegar, að Einar kom upp og heyrði, að hann og Magnús voru að ræðast við inni í stofu, þó ég heyrði ekki, hvað þeim fór á milli. Þeir voru búnir að vera talsverða stund inni, þegar Einar kom fram í eldhús til mín og spurði, hvort ég vildi ekki fara og athuga, hvort Magnús hefði meitt sig, því hann hefði ýtt við honum, svo hann hefði dottið. Ég fór þá fram, og þá lá Magnús með höfuðið á þröskuldinum og fæturna inn í stofu, og hægri fóturinn var snúinn út á við, svo ég sá strax, að eitthvað hlaut að vera að, því ökklinn er stífur, svo ekki var hægt að snúa fætinum þannig á eðlilegan hátt. Ég hringdi því í sjúkrabíl, sem kom. Þegar mennirnir komu upp með körfuna, þá hjálpaði Einar þeim við að koma Magnúsi í hana, því hann er stór og þungur.

Fyrst í febrúar hringdi svo Einar til mín og spurði, hvort ég gæti ekki greitt húsaleiguna fyrir þann mánuð, en þá sagði ég, að það yrði að bíða, á meðan Magnús lægi á sjúkrahúsinu af hans, þ. e. Einars, völdum. Einar sagðist þá ekki skrifa undir, að Magnús væri þar af sínum völdum. Ég sagðist þá ekki hafa séð, hvað skeði, og ekki vita annað um það en það, sem hann hefði sagt mér sjálfur, er hann kom fram í eldhús til mín og bað mig að athuga Magnús.

Þessi framkoma Einars kom mér nokkuð undarlega fyrir

sjónir, þar sem hann var mikið aumari en Magnús út af þessu, strax eftir að óhappið skeði.

Guðmunda Þ. Eyjólfsdóttir.

N. Snæhólm.

Mánudaginn 12-6-1961. Þá er mættur í máli þessu Einar Eysteinsson, til h. Mosgerði 8, sími 32389, f. 30. marz 1917 í Litla-Langadal á Skógarströnd.

Mætta er birt tilefni yfirheyrslunnar. Hann skýrir aðspurður svo frá:

Það getur vel passað, að þetta atvik hafi skeð þann 27. janúar s.l. Ég hugsa, að það hafi verið einhvern tíma milli kl. 1930 og 2000, sem ég heyrði hávaða og læti uppi hjá Magnúsi og fór því upp til að athuga þetta, en þá var Magnús frammi á gangi og konan hans ekki heima. Ég spurði Magnús, hvað gengi á, en hann sagðist vera reiður. Við fórum svo að tala saman, og Magnús róaðist og bauð mér inn í stofu. Magnús virtist vera mikið ölvaður.

Ég sat í stól inni, og við vorum að ræðast við, er Guðmunda kom inn og rauk beint að Magnúsi og barði hann, er hún sá, í hvaða ástandi hann var, og sagði, að hann væri búinn að skemma, en síðan fór hún fram, en Magnús brosti þá og sagði, að svona létu þær.

Ég átti að vera mættur á fundi kl. 2030 og þurfti því að flýta mér, því ég var ekki búinn að skipta um föt, og því ætlaði ég að rísa upp úr stólnum, sem ég sat í, og fara, eftir að við höfðum ræðzt þarna við góða stund, eftir að konan fór fram. Þegar ég ætlaði að fara, þá rauk Magnús upp úr stól, sem hann sat í, og hljóp að mér, þar sem ég sat, og sagðist ætla að berja mig, en fram að þeim tíma hafði allt verið í bróðerni á milli okkar. Þegar ég sá þetta, stökk ég upp úr stólnum, en við það lentum við saman. Magnús lenti einhvern veginn á hliðinni á mér, svo ég hentist til hliðar, en hann eiginlega beint aftur á bak, og þegar ég var almennilega kominn á fæturna, þá var Magnús að detta aftur fyrir sig og gerði það, en ég man ekki, hvernig hann datt, þ. e. hvort hann kom í dyrnar eða hvort hann lenti upp að veggnum. Eftir að Magnús var dottinn, þá sagðist hann vera fótbrotinn. Ég fór þá fram í eldhús og sagði Guðmundu, að ég hefði ýtt við Magnúsi, er hann hefði ráðizt á mig í stólnum, og að hann hefði dottið, um leið og ég hefði sjálfur verið búinn að koma fótunum fyrir mig. Ég sagði konunni, að það væri bezt að

hringja á lækni, úr því að maðurinn teldi sig vera fótbrotinn, en síðan fór ég niður, klæddi mig um og fór á fundinn, og af honum kom ég aftur um kl. 2230, að ég gæti trúað. Guðmunda kom þá niður og sagði mér, að Magnús væri fótbrotinn, og bað mig að hringja á sjúkrabíl, því síminn þeirra væri svo illa farinn. Ég sagði henni, að hún skyldi hringja sjálf, og hún kom niður og gerði það. Þegar sjúkrabíllinn kom, þá fór ég upp, og þá lá Magnús ennþá nokkurn veginn þar, sem hann lá, er ég fór um kvöldið. Ég hjálpaði til við að koma Magnúsi niður.

Ég vil geta þess, að er Magnús stökk á mig í stólnum, og ég stökk upp úr honum, þá ýtti ég við honum með hendinni, um leið og ég skauzt undan, því það er annað en gaman að fá svona þungan mann yfir sig í þröngum stól. Þetta er því hrein óheppni og ekkert annað, að maðurinn skyldi detta og fótbrotna af því.

Það er ekki rétt, að Magnús hafi staðið fyrir framan mig innan við dyrnar og ekki viljað sleppa mér út og að ég hafi þá hrint honum frá með báðum höndum. Þetta skeði, alveg eins og ég hef sagt frá. Ég man hins vegar ekki, hvort Magnús sagðist skyldi slá mig, er hann kom að mér í stólnum, eða hvort hann sagði, að hann skyldi sjá um, að ég kæmist ekki út. Það var að minnsta kosti eitthvað í þá átt.

Upplesið, játað rétt. Einar Eysteinsson.

Eftir að hafa tekið skýrslu af Einari, fór ég ásamt Jóni Halldórssyni með skýrsluna vestur eftir til Magnúsar Magnússonar og lofaði honum að lesa hana. Hann sagði, að framburðurinn væri nokkurn veginn réttur, nema hvað hann sagðist aldrei hafa ætlað að ráðast á Einar í stólnum, því hann hefði staðið fyrir framan stólinn, sem Einar sat í, verið með hendur í vösum og verið að þvarga við hann, er Einar stökk allt í einu upp úr stólnum og hrinti honum, svo hann féll aftur á bak á gólfið. Þá sagði hann, að það gæti ekki passað, að hann hefði legið á gólfinu þann tíma, er Einar segir, eða þar til Einar kom af fundinum.

Guðmunda sagði það vera rétt, að hún hefði komið inn kl. 2000 og þá hefði Einar verið inni að tala við Magnús. Hún sagði, að Einar hefði farið niður, er hann var búinn að segja henni, að hann hefði hrint Magnúsi, og hann hefði stuttu seinna komið upp aftur, er sjúkrabíllinn kom. Sjálf sagðist hún ekki hafa farið niður til að hringja og sagði, að það gæti ekki verið og væri ekki rétt, að Magnús hefði legið svona lengi á gólfinu, áður en sjúkrabíllinn kom, þó sagðist hún ekki hafa verið með úr.

Ég fór þá niður á slökkvistöð til að athuga, um hvert leyti

Magnús var sóttur. Það kom í ljós, að tíminn var ekki bókaður, en það hefði örugglega verið eftir kl. 2000, eða eftir að næturvaktin tók við. Mánaðardagurinn var 23. janúar s.l., en ekki sá 27.

Ég fór þá upp á Slysavarðstofu, og þar var bókað, að Magnús hefði komið inn þann 23. janúar s.l., kl. 2247.

Rétt er að geta þess, að Magnús er enn óvinnufær heima með fótinn í gipsumbúðum.

N. Snæhólm".

Þá hafa og farið fram aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur í máli þessu. Hafa báðir málsaðiljar staðfest þar það, sem eftir þeim er haft í framanritaðri lögregluskýrslu, svo og vitnið Guðmunda Þuríður Eyjólfsdóttir, eins og nánar kemur fram síðar.

Stefnandi hefur skýrt svo frá við aðiljayfirheyrslu í máli þessu, að upphaf þessa máls sé það, að hann hafi verið staddur á heimili sínu að kvöldi 23. janúar 1961 og hafi hann verið nokkuð við skál. Stefndi í máli þessu hafi svo komið í íbúð sína og þeir verið að ræða saman. Hafi stefndi setið í stól, en stefnandi kveðst hafa staðið fyrir framan hann á gólfinu í rúmlega seilingar fjarlægð. Stefndi hafi þá skyndilega staðið upp og hafi svo atvikazt, að hann hafi lent á mottu með þeim afleiðingum, að stefnandi hafi skollið í gólfið, hlotið höfuðhögg og brotnað á hægra fæti.

Stefnandi kveðst hafa verið vel „slompaður", þegar atvik það, er hér um ræðir, gerðist. Hann hafi byrjað að drekka um hádegi, en þá hafi hann fengið frí úr vinnunni vegna lasleika, og kveðst hann hafa drukkið mestan hluta úr einni flösku af víni, rommi að því hann minnir. Stefnandi kveðst ekki hafa verið við drykkju kvöldið áður. Stefnandi kveðst samt nokkurn veginn hafa haft stjórn á hreyfingum sínum, en gangurinn í íbúðinni hafi verið þröngur og hafi ekki þurft mikið til, svo að hann, sem sé gildvaxinn, rækist í símann. Stefnandi kveðst hafa verið bæklaður frá fæðingu á báðum fótum. Hafi verið gerðar á sér aðgerðir í æsku, en hann hafi samt ekki notið neinnar læknisaðstoðar frá 7 ára aldri af því tilefni. Stefnandi kveðst hafa litla viðspyrnu í fótunum, hásinarnar hafi verið skornar í sundur í áðurnefndum aðgerðum, en hann telur sig þó ekki valtan á fótunum. Hann kveðst hafa unnið erfiðisvinnu allt sitt líf og ekki orðið tilfinnanlegur bagi af bækluninni. Stefnandi kveðst ekki hafa notið örorkubóta Tryggingastofnunar ríkisins nema á þeim tíma, er hann

var frá vinnu vegna atburðar þessa. Stefnandi segir, að þeir Einar hafi verið góðir kunningjar og farið vel á með þeim, en Einar sé uppstökkur og hafi komið fyrir áður, að þeir hafi lent í rimmu og hafi Einar þá skellt hurðum. Að gefnu tilefni frá lögmanni stefnda segir stefnandi, að hann hafi fengið leigt hjá stefnda fyrir tilstuðlan vinnuveitanda síns og að ekkert hafi verið minnzt á reglusemi í því sambandi. Stefnandi segir, að þegar stefndi hafi komið upp þarna um kvöldið, hafi þeir farið að ræða saman í hálfkæringi. Hafi tal þeirra mest snúizt um loftnet, sem stefnandi hafi sett upp, en stefndi tekið niður án þess að tala við hann, og einnig um stjórnmál og hafi þeir verið á öndverðum meiði. Segir stefnandi, að verið geti, að hann hafi verið orðljótari en ella vegna ölvunar sinnar. Hafi stefndi undir eins orðið reiður og hafi þar komið, að stefndi hafi rokið upp og henzt á stefnanda. Telur stefnandi, að stefndi hafi þá verið á leið út. Við þetta kveðst stefnandi hafa fallið með þeim afleiðingum, sem áður er getið, og kveðst hann hafa rankað við sér, þegar kona hans og stefndi voru að stumra yfir honum. Stefnandi segir, að kona hans hafi verið búin að berja smávegis í sig um kvöldið, en það geri hún stundum, þegar hann hafi smakkað vín. Stefnandi kveðst eftir fótbrotið hafa legið á sjúkrahúsi í 2 mánuði. Að því loknu hafi hann legið heima. Hann hafi verið í gipsi í 8 mánuði og átt í þessu á þriðja ár. Skömmu eftir að stefnandi kom af sjúkrahúsinu, kveðst hann hafa fengið bréf í ábyrgðarpósti frá stefnda, þar sem hann sagði honum upp íbúðinni. Stefnandi kveður það geta verið, að hann hafi verið í illu skapi, þegar stefndi kom upp um kvöldið, en hann hafi ekki verið með nein læti. Stefnandi kveður það rangt, sem standi í greinargerð stefnda, að hann hafi ætlað að varna honum útgöngu, og ítrekar, að hann hafi ekki ógnað stefnda á neinn hátt.

Stefndi hefur skýrt svo frá við aðiljayfirheyrslu, að þeir Magnús hafi nánast rekizt saman, er hann stóð upp úr stólnum, og við það hafi Magnús dottið. Magnús hafi þá verið búinn að varna stefnda að standa upp úr stól sínum. Að öðru leyti kveður stefndi skýrslu sína í lögregluskýrslu á dskj. nr. 3 sannleikanum samkvæma. Stefndi kveðst hafa farið upp til stefnanda Magnúsar, sökum þess að glögglega hafi heyrzt niður til stefnda, er bjó í íbúðinni fyrir neðan, að mikið gekk á uppi á loftinu. Segir stefndi, að þegar hann kom fram í forstofuna fyrir framan íbúð sína, hafi múrbrot og hluti af heyrnartóli af síma hrunið niður stigann. Hafi stefnandi þá staðið inni í ganginum uppi og lamið

í vegginn með símtólinu. Þegar stefndi kom upp, kveður hann stefnanda hafa verið hættan að lemja vegginn og búinn að leggja símtólið á. Hafi stefnandi gefið sig á tal við stefnda og róazt og setzt inn í stofu og þar hafi þeir setzt niður og tekið að ræða saman. Stefndi segir, að stefnandi hafi verið ölvaður, en hann kveðst ekki muna, hvort stefnandi hafi haft vín um hönd, eftir að stefndi kom upp. Stefndi kveður stefnanda hafa ausið yfir sig skömmum, meðan þeir voru frammi, en eftir að hann róaðist og þeir settust inn í stofu, hafi allt verið í mesta bróðerni milli þeirra. Stefndi kveður þá hafa verið að ræða pólitík, en vel geti verið, að loftnetsmál hafi borið á góma. Stefndi segir, að kona stefnanda hafi ekki verið í íbúðinni, þegar hann kom upp, en eftir að þeir voru setztir inni í stofu, hafi hún komið heim. Þegar hún hafi séð, hvernig umhorfs var, hafi hún komið inn í stofu, flutt þar smátölu og slegið stefnanda. Stefnandi hafi tekið því góðlátlega og hafi þá kona hans farið fram í eldhús. Stefndi segir, að liðið hafi stutt stund, þar til hann hafi ætlað að fara, en framundan hafi verið fundur í verkalýðsfélagi, sem hann var í. Stefndi kveður stefnanda hafa allan tímann setið í stól, en er stefndi hafi sýnt á sér fararsnið, hafi stefnandi rokið á fætur og ætlað að aftra honum að standa upp. Stefndi kveðst ekki hafa viljað láta aftra sér brottfarar og þegar stefnandi hafi verið kominn langleiðina til sín, hafi hann neytt síns viðbragðsflýtis og sprottið upp úr stólnum, en þeir hafi þá rekizt saman. Stefndi segir stefnanda hafa dottið, en ekki misst meðvitund. Hafi hann kallað upp, að hann væri fótbrotinn. Stefndi kveðst þá hafa farið fram og sagt Guðmundu, konu stefnanda, að þeir hefðu lent saman og stefnandi dottið og segðist vera fótbrotinn. Kveðst stefndi hafa tjáð Guðmundu, að bezt mundi vera að hringja í lækni, en Guðmunda svarað því til, að stefnandi mætti „bara liggja". Þegar að því búnu kveðst stefndi hafa farið á fundinn. Kveðst hann hafa komið heim aftur um kl. 2230. Hafi þá Guðmunda komið fram á stigaskörina og sagt, að stefnandi væri víst fótbrotinn, og beðið sig að hringja á sjúkrabíl, þar sem sinn sími væri ónothæfur. Stefndi kveðst þá hafa svarað því til, að Guðmunda mætti hringja í sinn síma. Skömmu seinna hafi sjúkrabíll komið, og kveðst stefndi hafa aðstoðað við að koma stefnanda út í bílinn. Stefndi kveðst ekki muna eftir því að hafa beðið stefnanda afsökunar, enda hafi sér fundizt það vera stefnanda að biðja afsökunar. Stefndi segir, að tildrög þess, að hann leigði stefnanda íbúðina, hafi verið þau, að hann hafi auglýst

íbúðina til leigu. Meðal tilboða, sem bárust, var tilboð frá stefnanda, þar sem hann taldi sig reglusaman. Stefndi kveðst hafa hringt í vinnuveitanda stefnanda, Harald Sigurðsson, og hafi hann lagt stefnanda góð orð og hafi það ef til vill riðið baggamuninn. Stefndi segir, að reglusemisyfirlýsing stefnanda hafi ekki reynzt á rökum reist. Stefndi kveðst hafa sagt stefnanda upp vegna vanskila á húsaleigu, en áður hafi verið óregla á greiðslu húsaleigu hans.

Vitnið Guðmunda Þuríður Eyjólfsdóttir hefur skýrt svo frá við vitnaleiðslu í málinu, að hún hafi komið heim til sín að Mosgerði 8 að kvöldi hins 23. janúar 1961. Hafi hún þá komið að þeim stefnda og stefnanda inni í stofu, þar sem þeir sátu og voru að rabba saman. Vitnið segir, að stefnandi sé orðljótur undir áhrifum víns og eigi hún það til að taka fyrir munninn á honum í slíkum tilfellum. Minnir vitnið, að svo hafi verið í þetta skipti. Vitnið kveðst svo hafa farið fram í eldhús. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt, þegar stefnandi datt, en það hafi heyrt, þegar stefndi fór niður og hafi hann þá rætt við sig. Vitnið segir, að þegar stefndi hafi komið fram, hafi hann kastað á sig kveðju og sagt sér að athuga sefnanda, þar eð hann hefði „ýtt við honum". Vitnið kveður stefnda ekki hafa nefnt það við sig, að stefnandi þyrfti læknismeðferðar. Vitnið kveðst hafa haldið, að stefnandi væri sofandi á gólfinu og því hafi hún látið hann liggja þar drykklanga stund. Þegar hún svo hafi litið inn til hans aftur, hafi hún séð við nánari athugun, að hann var fótbrotinn. Rétt á eftir hafi stefndi komið heim og hafi hún beðið hann að hringja á sjúkrabíl. Hafi stefndi þá boðið sér, að hún mætti nota síma hans. Vitnið segir, að stefnandi sé afar orðljótur og stríðinn við vín, en hins vegar sé hann ekki áflogagjarn.

Við samprófun stefnanda og stefnda hefur stefnandi skýrt svo frá, að þeir hafi setið hvor í sínum stól. Stefnandi kveðst svo í hita umræðnanna hafa staðið á fætur og verið geti, að hann hafi beðið stefnda að fara ekki, en hann kveðst ekki hafa ætlað að beita neinu ofbeldi. Stefndi kvað hins vegar stefnanda hafa ætt að sér og hafi hann sagzt ætla að aftra sér frá að fara. Varðandi það, hvort stefnandi hafi misst meðvitund við fallið, náðist ekki samræmi, og leiddi samprófunin ekki til frekara samræmis.

Hefur nú verið rakið það, sem fram kemur í málsatvikalýsingum aðiljanna svo og í yfirheyrslum, sem fram hafa farið í málinu.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að stefndi beri alla

ábyrgð á tjóni því, sem hann (stefnandi) hafi orðið fyrir vegna umrædds atburðar, og grundvallar bótafjárhæðin að mestum hluta á örorkumati Páls Sigurðssonar læknis frá 4. apríl 1963, sbr. dskj. nr. 4, og útreikningi Þóris Bergssonar tryggingafræðings frá 22. janúar 1965, sbr. dskj. nr. 5.

Af hálfu stefnda er hins vegar sýknukrafan studd þeim rökum, að stefnandi eigi sjálfur sök á því, hvernig fór, þar sem stefnandi hafi viljað meina sér að standa upp úr stólnum, er hann vildi fara, en er hann stóð upp úr stólnum eigi að síður, hafi viljað svo til, að þeir rákust saman með þeim afleiðingum, að stefnandi féll á gólfið og fótbrotnaði. Hafi því verið um hreina óheppni að ræða. Bendir stefndi á í því sambandi, að stefnandi hafi verið ölvaður, hann mjög feitur og þungur maður, og ætla verði, að fætur hans hafi verið verulega bilaðir fyrir slysið. Verði ekki fallizt á sýknukröfuna, er því af hálfu stefnda haldið fram, að ljóst sé, að hann beri aðeins að mjög litlu leyti fébótaábyrgð, og mótmælir hann bótakröfum öllum sem of háum og örorkumatinu sem allt of gömlu.

Viðurkennt er af stefnanda sjálfum, að hann hafi verið vel „slompaður", eins og hann orðar það, er umrætt atvik átti sér stað. Kveðst hann hafa byrjað að drekka um hádegi þann dag, sem hann varð fyrir slysinu, og kveðst hafa drukkið mestan hluta úr einni flösku af víni, rommi að því hann minnir. Jafnframt er upplýst í málinu, að stefndi var ódrukkinn.

Nokkurs ósamræmis gætir í framburði málsaðiljanna um atvik að slysi því, er stefnandi varð fyrir umrætt kvöld, 23. janúar 1961, og skal það nánar rakið hér á eftir.

Í stefnu greinir stefnandi svo frá málsatvikum orðrétt m. a.: „... Var ég nokkuð við skál og stríddi Einari" (þ. e. stefnda). „Einar ætlaði þá að fara, en ég stóð í vegi fyrir honum við dyrnar að ganginum og vildi ekki láta hann fara, en snerti hann þó ekki. Hrinti hann mér þá úr dyrunum, og datt ég aftur á bak í dyrunum og lenti með hnakkann á þröskuldinum og brotnaði á hægra fæti ...".

Í lögregluskýrslu á dskj. nr. 3 lýsir stefnandi atvikum efnislega eins og í stefnu. Í aðiljayfirheyrslu á bæjarþingi Reykjavíkur 4. nóvember 1965 greinir stefnandi hins vegar þannig frá málsatvikum, að stefndi í máli þessu hafi komið í íbúð sína og þeir verið að ræða saman. Hafi stefndi setið í stól, en stefnandi kveðst hafa staðið fyrir framan hann á gólfinu í rúmlega seilingar fjarlægð. Stefndi hafi þá skyndilega staðið upp og hafi

svo atvikazt, að hann lenti á mottu með þeim afleiðingum, að stefnandi skall í gólfið, hlaut höfuðhögg og brotnaði á hægra fæti. Síðar í sömu aðiljayfirheyrslu segir stefnandi m. a., „að verið geti, að hann hafi verið orðljótari en ella vegna ölvunar sinnar. Hafi Einar undir eins orðið reiður og hafi þar komið, að Einar rauk upp og hentist á mætta (stefnanda). Telur mætti, að Einar hafi þá verið á leiðinni út. Við það féll mætti með þeim afleiðingum, sem áður er getið".

Stefndi lýsir málsatvikum m. a. þannig í lögregluskýrslu á dskj. nr. 3 eftir að hafa lýst atvikum að því, að hann fór upp til stefnanda umrætt kvöld:

„Ég átti að vera mættur á fundi kl. 2030 og þurfti því að flýta mér, því ég var ekki búinn að skipta um föt, og því ætlaði ég að rísa upp úr stólnum, sem ég sat í, og fara, eftir að við höfðum ræðzt þarna við góða stund, eftir að konan fór fram. Þegar ég ætlaði að fara, þá rauk Magnús upp úr stól, sem hann sat í, og hljóp að mér, þar sem ég sat, og sagðist ætla að berja mig, en fram að þeim tíma hafði allt verið í bróðerni á milli okkar. Þegar ég sá þetta, stökk ég upp úr stólnum, en við það lentum við saman. Magnús lenti einhvern veginn á hliðinni á mér, svo ég hentist til hliðar, en hann eiginlega beint aftur á bak, og þegar ég var almennilega kominn á fæturna, þá var Magnús að detta aftur fyrir sig og gerði það, en ég man ekki, hvernig hann datt, þ. e. hvort hann kom í dyrnar eða hvort hann lenti upp að veggnum. Eftir að Magnús var dottinn, þá sagðist hann vera fótbrotinn ...".

Síðar í sömu lögregluskýrslu segir stefndi orðrétt:

„Ég vil geta þess, að er Magnús stökk á mig í stólnum, og ég stökk upp úr honum, þá ýtti ég við honum með hendinni, um leið og ég skauzt undan, því það er annað en gaman að fá svona þungan mann yfir sig í þröngum stól ...".

Í aðiljayfirheyrslu á bæjarþingi Reykjavíkur er bókað eftir stefnda, þar sem hann ræðir um atvik að slysi stefnanda, sem hér segir orðrétt:

„Mætti segir, að Magnús hafi allan tímann setið í stól, en er hann hafi sýnt á sér fararsnið, hafi Magnús rokið á fætur og ætlað að aftra honum að standa upp. Mætti kveðst ekki hafa viljað láta aftra sér brottfarar og þegar Magnús hafi verið kominn langleiðina til sín, hafi hann neytt síns viðbragðsflýtis og sprottið upp úr stólnum, en þeir hafi þá ekki rekizt saman ...".

Við samprófun málsaðiljanna hefur stefnandi sem fyrr greinir skýrt þannig frá, að þeir stefndi og hann hafi setið hvor í sínum stól, og hafi hann í hita umræðnanna staðið á fætur og verið geti, að hann hafi beðið stefnda um að fara ekki, en hann kveðst ekki hafa ætlað að beita neinu ofbeldi. Stefndi segir hins vegar, að stefnandi hafi ætt að sér og sagzt ætla að aftra sér frá að fara. Frekara samræmi náðist ekki.

Eins og sjá má af því, sem nú hefur verið rakið, liggja ekki atvik að slysi því, sem stefnandi varð fyrir í umrætt sinn, ljós fyrir af gögnum málsins, þar sem stefnandi heldur því fram annars vegar, að stefndi hafi hrint sér, en hins vegar, að stefndi hafi lent á mottu, er hann reis upp úr stól sínum, með þeim afleiðingum, að stefnandi skall í gólfið.

Stefndi hefur hins vegar haldið því fram, að hann hafi rekizt á stefnanda, er hann reis upp úr stólnum, og ýtt við honum með hendinni, um leið og hann (stefndi) skauzt undan.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, er það upplýst, að stefnandi var ölvaður, þegar umrætt atvik átti sér stað, en stefndi ekki. Þá er og upplýst, að stefnandi var óvenju feitlaginn og þungur og hafði bæklun á fótum frá fæðingu. Má því ætla, er allt þetta er haft í huga, að hann hafi verið óstöðugur á fótunum í umrætt sinn. Loks er upplýst, að stefnandi ætlaði að aftra stefnda að fara, þegar stefndi sýndi á sér fararsnið.

Eins og að framan er rakið, hefur stefnandi reynzt sjálfum sér ósamkvæmur í frásögn sinni af því, er fram fór milli hans og stefnda í umrætt sinn. Er því að sjálfsögðu minna leggjandi upp úr framburði hans en ella, að því er til úrlausnar málsins tekur.

Að þessu öllu athuguðu þykir ekki í ljós leitt í máli þessu og með öllu ósannað, að stefndi hafi sýnt af sér nokkra þá háttsemi gagnvart stefnanda í umrætt sinn, sem honum verði færð til sakar, eins og á stóð.

Þykir því með hliðsjón af reglunni in dubio pro reo bera að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eins og máli þessu er háttað, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns stefnanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Einar Eysteinsson, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Magnúsar Magnússonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns stefnanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 6. maí 1968.

Nr. 80/1967. **Flugsýn h/f** (Árni Halldórsson hrl.)
gegn
Flugtækni h/f (Árni Guðjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Fjárnám fellt úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst áfrýjandi sýknu af kröfum stefnda og að úr gildi verði fellt fjárnám það, sem gert var í flugvélinni TF-BAD 28. október 1966. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna, og fyrirsvarsmenn aðilja hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslur um málsatvik.

Framkvæmdastjóri áfrýjanda, Ragnar Jón Magnússon, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að um nokkurt skeið hafi

áfrýjandi haft á hendi afgreiðslu fyrir Eyjaflug h/f hér í Reykjavík. Bókhald og fjárvarzla félaganna hafi þó verið algerlega sundurgreind og áfrýjandi hafi aldrei lagt út fé fyrir Eyjaflug h/f. Síðar hafi þessum málum verið þannig fyrir komið, að Eyjaflug h/f hafi haft starfsmenn hér í Reykjavík til að sjá um hag þess félags hér, en menn þessir hafi haft starfsaðstöðu á skrifstofum áfrýjanda. Framkvæmdastjórinn kvaðst yfirleitt sjálfur hafa beðið um viðgerðir á flugvél Eyjaflugs h/f, en fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið fullkunnugt um samband félaga þessara. Framkvæmdastjóri stefnda, Lárus Geisli Gunnarsson, hefur skýrt svo frá, að honum hafi verið kunnugt um, að fulltrúar frá báðum félögunum, áfrýjanda og Eyjaflugi h/f, hafi starfað við sama borð og „haft sitt hvorn sjóðinn". Gjaldkeri stefnda, Stefán Ólafsson, kveður sér hafa verið kunnugt um, að flugvélin TF-EVM, sem um er fjallað í máli þessu, hafi verið eign Eyjaflugs h/f. Þá hafi viðgerðarreikningar þeir, sem hér er um að tefla, verið upphaflega stílaðir á Eyjaflug h/f að beiðni framkvæmdastjóra áfrýjanda.

Svo sem að framan er getið, var flugvél sú, TF-EVM, sem um ræðir í máli þessu, eign Eyjaflugs h/f, og var fyrirsvarsmönnum stefnda um það kunnugt. Þá voru viðgerðarreikningar þeir, sem um er að tefla í málinu, upphaflega stílaðir á það fyrirtæki eingöngu, enda verður helzt ráðið af gögnum málsins, að reikningana hafi átt að greiða með víxli, er Eyjaflug h/f skyldi samþykkja. Gegn andmælum fyrirsvarsmanna áfrýjanda hefur stefndi ekki sannað, að áfrýjandi hafi skuldbundið sig til að greiða reikninga þessa né að hann hafi mátt treysta því, að áfrýjandi greiddi þá. Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir þessum málsúrslitum ber að fella úr gildi fjárnám það, er stefndi lét gera 28. október 1966 í flugvél áfrýjanda, TF-BAD, til tryggingar kröfu þessari.

Áfrýjandi sótti eigi þing í máli þessu í héraði. Ber því að dæma hann til að greiða stefnda málskostnað hér fyrir dómi, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Flugsýn h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Flugtækni h/f, í máli þessu.

Hið áfrýjaða fjárnám er fellt úr gildi.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. september 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., hefur Flugtækni h/f, Reykjavíkurflugvelli, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 31. ágúst 1966, gegn Flugsýn h/f, Reykjavíkurflugvelli, og Eyjaflugi h/f, Vestmannaeyjum, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 27.283.00 með 8% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vegna vinnu við viðgerð og skoðun á flugvélinni TF-EVM, eign Eyjaflugs h/f, sem hafi verið framkvæmd í marz s.l. samkvæmt beiðni Flugsýnar h/f, er þá hafi séð um viðgerðarþjónustu o. fl. á TF-EVM-flugvélinni, sbr. sundurliðaða reikninga, sem málinu fylgi. Hafi stefnandi treyst því, að stefndi, Flugsýn h/f, sem beðið hafi um viðgerðina, greiddi sjálfur fyrir verkið, en báðir stefndu hafi neitað að greiða, er til kom, þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 5.200.00.

Björn Þ. Guðmundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Flugsýn h/f og Eyjaflug h/f, greiði in solidum stefnanda, Flugtækni h/f, kr. 27.283.00 með 8% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og kr. 5.200.00 í málskostnað

innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 28. október 1966.

Ár 1966, föstudaginn 28. október, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Reykjavíkurflugvelli (flugskýli Flugsýnar h/f) og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Hauki Davíðssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-2158/1966: Flugtækni h/f gegn Flugsýn h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 930/1966. *Nr. 1 og 2* fylgja með í endurriti, svohljóðandi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Þorsteinn Geirsson lögfræðingur vegna Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 27.283.00 með 8% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags, kr. 5.200.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola mætir Jón Magnússon, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola í flugvél (TF-BAD), sem er fyrir utan flugskýli Flugsýnar h/f á Reykjavíkurflugvelli. Fallið er frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Þriðjudaginn 7. maí 1968.

Nr. 64/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Pétri Ólafi Pálssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Lögreglumennirnir Agnar Angantýsson og Rögnvaldur Bjarnason, sem stóðu ákærða að bifreiðarakstri þeim, er í ákæru og héraðsdómi greinir, hafa eftir áfrýjun málsins komið fyrir dóm, og er vætti þeirra í samræmi við atvikalýsingu dómsins.

Ákærði ók bifreið sinni ökuréttindalaus sunnudaginn 26. nóvember 1967, en eigi fimmtudaginn 30. nóvember 1967, svo sem greint er í ákæru. Heimilt er þó samkvæmt 118. gr. laga nr. 82/1961 að leggja dóm á sakarefni þetta, eins og á stendur.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að refsing ákærða ákveðst samkvæmt 3. mgr. 80. gr. laga nr. 26/1958 varðhald 10 daga.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Ólafur Pálsson, sæti varðhaldi 10 daga.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun

verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 17. janúar 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn 17. janúar, var í sakadómi Vestmannaeyja, sem haldinn var í skrifstofu embættisins að Bárugötu 15 af Jóni P. Emils, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp svolátandi dómur í sakadómsmálinu nr. 981/1967: Ákæruvaldið gegn Pétri Ólafi Pálssyni:

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. þ. m., er að ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða „fyrir að aka fimmtudaginn og föstudaginn 30. nóvember og 1. desember 1967, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni V 482 um götur Vestmannaeyja.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Búðum, Fáskrúðsfirði, hinn 3. nóvember 1927. Hann hefur sætt kærum og refsingum, eins og nú skal greina:

„Í Vestmannaeyjum:

1956		Kærður fyrir brot á 142., sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað í 2 ár samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins frá 5. 9. 1956.
1956	9/10	Dómur: 1.000.00 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 19/4 1956 fyrir brot á 3. mgr. 24. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.
1966	28/1	Áminning fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.
1967	13/11	Sátt, 3.000.00 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 13. 11. 1967.
1967	20/11	Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þeir, að lögreglan í Vestmannaeyjum varð vör við, að ákærði ók bifreið sinni, V 482, eftir Hilmisgötu sunnudaginn 26. nóvember s.l. Enn fremur stóð lögreglan ákærða að því að aka eftir Skildingavegi föstudaginn 1. desember s.l. Þennan

akstur framkvæmdi ákærði, enda þótt hann hefði verið sviptur ökuleyfisréttindum í 4 mánuði hinn 13. nóvember s.l.

Þetta brot ákærða telst varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt í ríkissjóð.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Ólafur Pálsson, greiði 3.000.00 króna sekt í ríkissjóð. Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, skal ákærði sæta varðhaldi í 15 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. maí 1968.

Nr. 65/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Pétri Ólafi Pálssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Pétur Ólafur Pálsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 15. marz 1968.

Ár 1968, föstudaginn 15. marz, var í sakadómi Vestmannaeyja, sem haldinn var í skrifstofu embættisins að Bárugötu 15 af Jóni P. Emils, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp svolátandi dómur í sakadómsmálinu nr. 51/1968: Ákæruvaldið gegn Pétri Ólafi Pálssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þ. m., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða „fyrir að hafa þriðjudaginn 23. janúar 1968, sviptur ökuréttindum, ekið bifreiðinni V 482 um götur í Vestmannaeyjum, m. a. austur Hásteinsveg og suður Boðaslóð.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Búðum, Fáskrúðsfirði, hinn 3. nóvember 1927. Hann hefur sætt kærum og refsingum, eins og nú skal greina:

„Í Vestmannaeyjum:

1956 Kærður fyrir brot á 142., sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað í 2 ár samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins frá 5. 9. 1956.

1956 9/10 Dómur: 1.000.00 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 19/4 1956 fyrir brot á 3. mgr. 24. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

1966 28/1 Áminning fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

1967 13/11 Sátt, 3.000.00 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 13. 11. 1967.

1967 20/11 Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga.

1968 17/1 Dómur: 3.000.00 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga".

Málavextir eru þeir, að Þorvaldur Helgi Benediktsson lögreglumaður sá ákærða aka bifreið sinni, V 482, austur Hásteinsveg og síðan suður Boðaslóð þriðjudaginn 23. janúar s.l. Nefndur lögreglumaður hefur unnið eið að framburði sínum, enda hefur ákærði ekki mótmælt þessum framburði. Þennan akstur framkvæmdi ákærði, enda þótt hann hefði verið sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 13. nóvember 1967.

Þetta brot ákærða telst varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þar sem hér er um að ræða ítrekunarbrot, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Ólafur Pálsson, skal sæta varðhaldi í 45 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. maí 1968.

Nr. 89/1968. **Kristmann Þ. Einarsson**
gegn
Sigurði Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. apríl 1968, sem barst dóminum 30. s. m. og er fram komin innan lögmæts kærufrests, miðað við vitneskju umboðsmanns sóknaraðilja um uppsögu héraðsdóms, sbr.

22. gr. laga nr. 57/1962. Eru dómkröfur sóknaraðilja þær, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Með bréfi 20. apríl 1968 hefur héraðsdómari samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga nr. 57/1962 tilkynnt kæru máls þessa varnaraðilja, en frá honum hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. marz 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar 1968, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með sáttakæru, birtri 13. október 1967, af Kristmanni Þ. Einarssyni húsgagnasmið, Miðstræti 8 A, Reykjavík, gegn Sigurði Guðmundssyni málarameistara, Laugarnesvegi 67, Reykjavík, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 29.868.00 með 12% ársvöxtum frá 10. maí 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefna í málinu er birt þann 17. október 1967.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo orðrétt:

„Skuld þessi stafar af byggingargalla á íbúð o. fl.“.

Um málavexti segir svo í sáttakæru orðrétt:

„Herra málarameistari Sigurður Guðmundsson, Laugarnesvegi 67 hér í borg, skuldar mér kr. 29.862.00 vegna galla á íbúð o. fl. Tilraunir mínar og lögmanns míns til að fá skuldina greidda hafa reynzt árangurslausar“.

Í greinargerð stefnanda segir svo orðrétt:

„Málavextir eru þeir, umbjóðandi minn er eigandi að íbúð á þriðju hæð til hægri í húsinu nr. 198 við Hraunbæ hér í borg. Allir eigendur hússins rituðu yfirborgardómara 10. maí þ. á. beiðni um dómkvaðningu matsmanna til að meta galla á múrverki hússins. Daginn eftir voru dómkvaddir matsmenn. Þann 5. júní s. á. ritaði einn sameigenda, Arthúr K. Farestveit, matsmönnum greinargerð, og 29. s. m. kváðu matsmenn upp mat sitt.

Samkvæmt 1. lið reiknings umbjóðanda míns nema skaðabætur fyrir byggingargalla á hans íbúð kr. 26.000.00.

Samkvæmt 2. lið hefur umbjóðandi minn greitt matsmönnum að sínum hluta kr. 1.580.00.

Samkvæmt 3. lið eru skaðabætur til umbjóðanda míns vegna byggingargalla á stiga kr. 2.288.00, sbr. 7. lið matsg.

Áskilinn er réttur til að stefna múrarameistaranum, Sigmundi Lárussyni, inn í mál þetta".

Síðan kemur í greinargerðinni upptalning á framlögðum skjölum.

Svo sem fram kemur í greinargerð stefnanda, byggir hann alfarið fjárhæðir dómkröfu á framlagðri matsgerð, sbr. dómsskjal nr. 7.

Af hálfu stefnda var við þingfestingu málsins sótt þing. Fékk stefndi þá frest til að skila greinargerð í málinu. Engin greinargerð barst af hálfu stefnda, og þann 22. febrúar s.l., er mál þetta var tekið fyrir á reglulegu bæjarþingi, féll þingsókn af hans hálfu niður, án þess að nokkur andmæli kæmu fram frá honum, og var málið þá dómtekið að kröfu stefnanda.

Samkvæmt þessu verður að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, sbr. 118. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Eins og rakið er hér að framan með orðréttum úrdrætti úr stefnu, sáttakæru og greinargerð stefnanda varðandi lýsingu hans á málavöxtum, er málsreifun af hans hálfu mjög ábótavant.

Hvorki í stefnu né öðrum gögnum málsins, eins og það liggur fyrir héraðsdómara, er sýnt fram á, hvernig stefndi verði gerður ábyrgur fyrir umræddum göllum á íbúð stefnanda. Þegar vegna skorts á þessari meginmálsástæðu og þrátt fyrir útivist stefnda með þeim hætti, sem að framan greinir, verður ekki hjá því komizt samkvæmt 88. gr. laga nr. 85 frá 1936, sbr. meginreglu 105. gr. sömu laga, að vísa máli þessu ex officio frá dómi.

Málskostnaður dæmist eigi.

Dóm þennan kvað upp Björn Þ. Guðmundsson, fulltrúi yfirborgardómara.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Miðvikudaginn 8. maí 1968.

Nr. 67/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Daníel Willard Fiske Traustasyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Omerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Lögregluransókn í máli þessu fór fram dagana 24. og 25. ágúst 1967. Hinn 22. september 1967 kom ákærði fyrir sakadóm. Honum voru þá kynnt gögn málsins, en eigi var hann prófaður um sakarefni. Hinn 25. s. m. kom lögregluvarðstjóri fyrir dóm og staðfesti skýrslu sína.

Að svo komnu máli voru sakargögn með bréfi héraðsdómara 26. september 1967 send saksóknara ríkisins til meðferðar. Saksóknari ríkisins gaf því næst hinn 4. október 1967 út ákæru á hendur ákærða, án þess að frekari rannsókn en áður getur hefði fram farið.

Dómpróf hafa verið háð í málinu að tilhlutan saksóknara ríkisins, eftir að því var áfrýjað. Auk yfirheyrslu ákærða hafa sjö vitni verið dómprófuð og heitfest.

Í héraðsdómi er frá því greint, að Einar Guttormsson yfirlæknir hafi hinn 24. ágúst 1967 tekið ákærða til rannsóknar blóð, er hafi reynzt innihalda „reducerandi efni, sem svara til 2.61‰ af alkohóli". Er sú niðurstaða reist á skýrslu um blóðrannsókn, sem lögð var fram í sakadómi 22. september 1967 og er svohljóðandi:

„Alkóhólrannsókn 28/8 1967
Blóðsýnishorn merkt 38 Vm.
Í því fundust reducerandi efni
er samsvara 2.61‰ alkóhóli.
Rannsóknarstofa próf. Jóns Steffensen
Bjarni Konráðsson".

Af hendi saksóknara ríkisins hefur verið lagt fyrir Hæstarétt símskeyti til hans frá héraðsdómaranum, dags. 6. maí 1968, er hljóðar svo:

„Hér með viðurkennist að blóðsýnishorn númer VM 35 var tekið 24. ágúst 1967 úr Daniel Willard Fiske Traustasyni sýndi það 2.61 promille alkoholmagn stop blóðsýnishorn númer Vm 38 var tekið 6. september 1967 úr Bernhard Ingimundarsyni sýndi það 2.19 promille alkohol Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum Jón P Emils fulltrúi".

Eigi eru fram komnar skýringar á því ósamræmi, sem hér er um að tefla, né heldur nauðsynleg greinargerð um meðferð blóðsýnis þess, sem úr ákærða var tekið.

II.

Samkvæmt því, sem rakið var, er ákæra í máli þessu reist á rannsókn, sem fullnægði ekki, eins og á stóð, skilyrðum laga til málshöfðunar, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 16. október 1967.

Ár 1967, mánudaginn 16. október, var í sakadómi Vestmannaeyja, sem haldinn var af Jóni P. Emils, fulltrúa bæjarfógeta, í skrifstofu embættisins að Bárugötu 15, kveðinn upp svohljóðandi

dómur í sakadómsmálinu nr. 710/1967: Ákæruvaldið gegn Daníel Willard Fiske Traustasyni:

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þ. m., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Daníel Willard Fiske Traustasyni skipstjóra, Höfðavegi 1 hér í bæ, „fyrir að aka fimmtudaginn 24. ágúst 1967 undir áhrifum áfengis bifreiðinni V 11 frá Básaskersbryggju um götur Vestmannaeyja, þar til akstri lauk heima hjá ákærða.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Grímsey hinn 18. júní 1928. Hann var áminntur fyrir ölvun á dansleik í Reykjavík 30/1 1954 og gekkst hinn 11. febrúar 1962 undir 200 króna réttarsátt í Vestmannaeyjum fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. Öðrum kærum og refsingum hefur hann eigi sætt.

Fimmtudaginn 24. ágúst s.l. kl. 1750 var hringt á lögreglustöðina og skýrt frá því, að ákærði væri ölvaður að aka bifreið sinni, V 11, um götur bæjarins. Þeir Pétur Stefánsson lögregluvarðstjóri og Óskar Einarsson lögregluþjónn fóru strax að sinna þessu kalli. Þeir fóru víðs vegar um bæinn og m. a. heim til ákærða að Höfðavegi 1. Í ljós kom þá, að ákærði var ekki kominn heim, en bílskúr hans stóð opinn.

Lögreglumennirnir héldu enn áfram leitinni. Í þessari för komu þeir auga á ljósleita bifreið, sem ekið var suður Kirkjuveg. Héldu lögreglumennirnir þá rakleiðis heim til ákærða. Var þá búið að loka umræddum bílskúr ákærða. Pétur Stefánsson kvaddi dyra, og kom ákærði þá sjálfur til dyra. Hann bar þá öll einkenni ölvunar. Augun voru vot, málfar óskýrt og litarháttur í andliti rauðleitur. Lögregluvarðstjórinn bað ákærða að fylgjast með sér til lögregluvarðstöðvarinnar, þar sem hann væri grunaður um að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis. Ákærði neitaði að koma með lögreglunni.

Nú höfðu lögreglumennirnir verkaskiptingu. Óskar Einarsson hélt vörð um hús ákærða, en Pétur varðstjóri fór á fund Guðmundar Guðmundssonar yfirlögregluþjóns. Höfðu þeir samband við Jón P. Emils, fulltrúa bæjarfógeta, um væntanlegan handtökuúrskurð. Það varð strax að ráði, að nefndur fulltrúi færi

með lögreglumönnunum að Höfðavegi 1. Þá hafði bætzt við í hópinn lögreglumaður nr. 2, Ragnar Helgason.

Þegar nú var komið að húsi ákærða, gerði lögreglufulltrúinn honum það ljóst, að hann ætti aðeins um tvo kosti að velja, þ. e. fylgja lögregluvarðmönnunum af fúsum og frjálsum vilja eða að upp yrði þegar kveðin handtökuheimild. Valdi þá ákærði fyrri kostinn. Þegar á lögregluvarðstofuna kom, var Einar Guttormsson yfirlæknir fenginn til að taka úr ákærða blóðsýnishorn. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens reyndust í blóði ákærða reducerandi efni, sem svara til 2.61‰ af alkóhóli.

Ákærði skýrir svo frá, að miðvikudagskvöldið 23. ágúst s.l. hafi hann horft á sjónvarp heima hjá sér og jafnframt drukkið genever, þannig að hann hafi vel fundið á sér. Daginn eftir hafi hann drukkið þrjá pilsnera og hafi jafnan ekið bifreið sinni V 11. Um kl. 1700 hafi hann farið í skýlið á Básaskersbryggju. Þar drakk hann einn pilsner og átti tal við afgreiðslumanninn, Kristin. Þegar ákærði segist hafa verið að yfirgefa skýlið, hafi nokkrir strákar kallað til sín, en þeir voru að drekka við borð í skýlinu. Strákarnir buðu ákærða vín, sem hann þáði. Þeir réttu honum gosflösku, sem ákærði telur, að hafi verið vín, blandað gosi. Flaskan var í öxlunum, og lauk ákærði úr flöskunni. Hann segist hafa drukkið úr flöskunni í tveim eða þrem sopum. Hafi hann síðan ekið viðstöðulaust heim til sín að Höfðavegi 1. Ákærði viðurkennir að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hins vegar hafi hann viljað ljúka akstri, áður en hann yrði fyllri.

Þegar ákærði var nýlega kominn heim, barði lögreglan að dyrum. Ákærði segist hafa neitað að fara með lögreglunni, þar sem honum varð svo bilt við og einnig af því, að hann var farinn að finna töluvert á sér. Ákærði telur, að liðið hafi um 2—3 mínútur, frá því að hann kom heim, þar til lögreglan kom.

Eftir að lögreglan fór út af heimili ákærða til að afla sér handtökuheimildar, telur ákærði, að hann hafi drukkið úr einum bolla af genever og tvo til þrjá sopa af martini.

Um drykkju ákærða í skýlinu við Básaskersbryggju hafa nokkur vitni borið vætti. Þorleifur Ingólfsson, Sauðárkróki, kveður ákærða hafa setzt við borð hjá sér og hafi hann drukkið nokkra sjússa og verið orðinn greinilega ölvaður. Vitnið gizkar á, að 45 mínútur hafi liðið, frá því að ákærði hóf drykkjuna, þar til hann fór út og upp í bifreið sína. Þetta vitni bragaði ekki áfengi í þetta skipti.

Vitnið Sigurjón Sveinbjörnsson, Mið-Mörk, Vestur-Eyjafjöllum, Rangárvallasýslu, telur ákærða hafa greinilega verið undir áhrifum áfengis, er hann kom í skýlið. Vitnið segir ákærða hafa setzt við borð hjá því og fleiri strákum og neytt áfengis.

Vitnið Sigurður Jónsson sjómaður, Vestmannabraut 73, segist hafa setið við sama borð í skýlinu og ákærði. Hafi vitninu þá virzt ákærði undir áfengisáhrifum.

Vitnið Kristinn Magnússon, umsjónarmaður í skýlinu á Básaskersbryggju, skýrir svo frá, að ákærði hafi komið inn í skýlið um kl. 1700 fimmtudaginn 24. ágúst s.l. Virtist vitninu þá, að ákærði væri undir áhrifum áfengis.

Ákærði hefur sjálfur viðurkennt, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðar sinnar frá Básaskersbryggju og heim til sín. Fjögur vitni telja, að ákærði væri undir áhrifum áfengis, er hann dvaldi í skýlinu við Básaskersbryggju.

Pétur lögregluvarðstjóri Stefánsson sá greinilega ölvunarmerki á ákærða, rétt eftir að hann kom heim til sín eftir ökuferðina.

Áfengismagn í blóði ákærða er gífurlega mikið, eða 2.61‰. Enda þótt ákærði hafi drukkið eitthvað áfengi, á meðan lögregluvarðstjórinn var að afla sér handtökuheimildar, hefur sú drykkja aldrei getað verið meiri en sú, að fyrir í blóði ákærða hefur ávallt verið svo mikið áfengismagn, að brot hans heimfærist undir 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Verknaður ákærða telst varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 12 daga.

Með tilvísun til 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í eitt ár frá 22. september 1967 að telja.

Allan sakarkostnað ber ákærða að greiða.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Willard Fiske Traustason, sæti varðhaldi í 12 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í eitt ár frá 22. september 1967 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. maí 1968.

Nr. 29/1967. **Hestamannafélagið Fákur**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Samúel Kristbjarnarsyni
(Magnús Thorlacius hrl.)
og
Samúel Kristbjarnarson
gegn
Björgvin Schram
(Sigurður Sigurðsson hrl.)
Hestamannafélaginu Fáki
og
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
til réttargæzlu
(Benedikt Blöndal hrl.)
og svo
Björgvin Schram
gegn
Samúel Kristbjarnarsyni
og
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
til réttargæzlu.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, Hestamannafélagið Fákur, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1967 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda Samúel Kristbjarnarsyni verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Samúel Kristbjarnarson hefur áfrýjað mál-

inu með stefnu 27. febrúar 1967 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda, Hestamannafélaginu Fáki, og gagnáfrýjanda Björgvin Schram verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 211.400.80 með 9% ársvöxtum frá 8. maí 1960 til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Björgvin Schram hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. apríl 1967, áfrýjað málinu með stefnu 11. s. m. og krafizt þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um sýknu hans af kröfum gagnáfrýjanda Samúels Kristbjarnarsonar og að Samúel Kristbjarnarsyni verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Réttargæzlustefndi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, hefur sótt dómþing í Hæstarétti, en engar kröfur gert.

Það veldur eigi skaðabótaskyldu aðaláfrýjanda, Hestamannafélagsins Fáks, þótt fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda létu það við gangast, að förunautar í reiðför þeirri, sem í málinu greinir, teymdu lausa hesta, og yfirleitt er engin sú hegðun sönnuð á hendur fyrirsvarsmönnum aðaláfrýjanda, sem leiðir til skaðabótaskyldu aðaláfrýjanda í málinu. Ber því að dæma aðaláfrýjanda sýknu af kröfum gagnáfrýjanda Samúels Kristbjarnarsonar. Rétt er, að málskostnaður í máli þessara aðilja bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um skipti gagnáfrýjanda Samúels Kristbjarnarsonar og gagnáfrýjanda Björgvins Schrams. Rétt er, að málskostnaður í máli þeirra fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Hestamannafélagið Fákur, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda Samúels Kristbjarnarsonar í máli þessu.

Málskostnaður í máli þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um mál gagnáfrýjanda Samúels

Kristbjarnarsonar og gagnáfrýjanda Björgvins Schrams eiga að vera óröskuð.

Málskostnaður í máli þeirra fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. desember 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Samúel Kristbjarnarson, Hátúni 4 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 8. apríl 1961, á hendur Björgvin Schram, Sörlaskjóli 1 hér í borg, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 64.023.20 með 9% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Krafa stefnanda, sem hér var höfð uppi, var sundurliðuð þannig:

1.	Atvinnutjón frá 8. maí 1960 til 8. apríl 1961 ..	kr. 53.310.00
2.	Þjáningabætur ..	— 30.000.00
3.	Dvöl á heilsuhæli N. L. F. Í., Hveragerði ..	— 1.760.00
4.	Læknisvottorð ..	— 500.00
5.	Ferða- og bifreiðakostnaður ..	— 500.00
6.	Ýmis annar kostnaður ..	— 700.00
	Samtals	kr. 86.770.40

(sic).

Frá þessari fjárhæð voru dregnar eftirfarandi fjárhæðir í kröfugerðinni:

1.	Kaup frá Flugfélagi Íslands í 3 mánuði frá slysdegi ..	kr. 14.539.20	
2.	Dagpeningar frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur ..	— 8.208.00	kr. 22.747.20
	Samtals		kr. 64.023.20

Ekki var talið á þessum tíma, að endanlegar afleiðingar slyssins væru komnar fram. Var stefnanda áskilinn réttur til framhaldsstefnu til heimtu frekari bóta.

Með stefnu, útgefinni hinn 20. febrúar 1962, höfðaði stefnandi framhaldssök, og gerði hann nú þær dómkröfur í aðalsök og framhaldssök, að stefnda Björgvin yrði gert að greiða kr. 136.707.80 ásamt 9% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Er hin breytta kröfugerð hér byggð á örorkumati Stefáns Guðnasonar tryggingalæknis, dags. hinn 23. nóvember 1961, og örorkutjónsútreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings, dags. hinn 20. desember 1961. Einnig er hér krafizt greiðslu aukins útlagðs kostnaðar.

Með stefnu, útgefinni hinn 10. marz 1965, höfðaði stefnandi sakaukamál á hendur Hestamannafélaginu Fáki hér í borg og gerði nú þær dómkröfur, að félagið yrði dæmt in solidum með stefnda Björgvin til að greiða áður umstefnda fjárhæð, kr. 136.707.80, með 9% ársvöxtum frá 8. maí 1960 til 20. desember s. á., en með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar í málinu í heild.

Með framhaldsstefnu, útgefinni hinn 18. september 1966, höfðaði stefnandi enn framhaldssök í málinu og gerði nú þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 234.148.00 með 9% ársvöxtum frá 8. maí 1960 til 29. deseember s. á., en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar í málinu í heild.

Stefnandi hefur stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæzlu, en stefndi Hestamannafélagið Fákur hefur keypt ábyrgðartryggingu hjá því félagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og af hans hálfu eru engar kröfur gerðar í málinu.

Af hálfu stefnda Björgvins eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði með öllu sýknaður af dómkröfum stefnanda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn niður falla.

Af hálfu stefnda Hestamannafélagsins Fáks eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að hinn 8. maí 1960 var farin á vegum Hestamannafélagsins Fáks í Reykjavík skemmtiferð á hestum að Görðum á Álftanesi, og skyldi farið um Hafnarfjörð. 60—80 manns munu hafa tekið þátt í ferð þessari, og voru margir með tvo til reiðar. Var haldið eftir veginum að útvarpsstöðinni, yfir Rjúpnahæð og Kjóavelli, með Vífilsstaðavatni og hrauninu og síðan um Hafnarfjörð út á Álftanes. Sérstök fararstjórn stýrði ferðinni. Stefndi Björgvin tók þátt í ferð þessari og hafði tvo til reiðar. Félagar úr Hestamannafélaginu Sörla í Hafnarfirði

héldu til móts við félagana úr Fáki, og mættust hóparnir undir Vífilsstaðahlíð milli Vífilsstaða og Urriðakots, og var áð þar. Stefnandi, sem er félagi í Hestamannafélaginu Fáki, hafði ákveðið að taka þátt í ferð þessari, en þar sem hann átti hesta sína í Hafnarfirði, fór hann þangað í bifreið, en reið síðan ásamt hafnfirzkum hestamönnum til móts við félagana úr Fáki. Eftir stutta viðdvöl í áningarstaðnum var lagt af stað suður veginn austan við Urriðakot og Setberg niður undir Hafnarfjörð. Áður en haldið var í gegnum Hafnarfjarðarbæ, hafði verið leitað aðstoðar lögreglunnar í bænum til að stjórna för hópsins á ferð hans í gegnum bæinn. Reið Kristinn Hákonarson lögregluvarðstjóri fyrir hópnum á leiðinni um Hafnarfjörð. Þegar komið var vestur fyrir aðalbyggð bæjarins, vildi það til, að hestur sá, sem stefndi Björgvin teymdi, stakk við fótum og sló til stefnanda, sem reið næst á eftir. Kom höggið á hægri fótlegg stefnanda, sem brotnaði við það. Hlaut stefnandi af þessu varanlega örorku, sem metin var 25% samkvæmt mati Stefáns Guðnasonar tryggingalæknis.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að áður en lagt var af stað úr fyrrgreindum áningarstað undir Vífilsstaðahlíð, hafi hann heyrt þess óskað, að menn héldu hópinn, þar sem séð hefði verið fyrir því, að hópurinn nyti verndar gegn annarri umferð, er farið væri í gegnum Hafnarfjörð. Þegar komið var niður undir Hafnarfjörð, kveður stefnandi þá fremstu hafa hinkrað við eftir þeim, sem á eftir voru. Kveður stefnandi Kristin Hákonarson, lögregluvarðstjóra í Hafnarfirði, hafa riðið fremstan og kveðst hafa heyrt hann kalla til ferðafólksins og mælast til þess, að það reyndi að halda hópinn, á meðan farið væri í gegnum bæinn. Var síðan lagt af stað. Þegar hópurinn var kominn vestur úr aðalbyggð Hafnarfjarðar, kveður stefnandi heldur hafa tognað úr hópnum, enda hafi þá lítið gætt bifreiðaferða. Stefnandi kveðst hafa verið einn þeirra, sem haldið hafi tafarlaust áfram leiðina vestur úr, þegar byggðinni sleppir. Stefnandi kveður stefnda Björgvin hafa riðið á undan sér og hafa haft hest í taumi hægra megin, reiðtygjalausan. Stefnandi kveðst hafa riðið, að því er sér hafi fundizt, hæfilega langt frá stefnda Björgvin og kveðst hafa verið alveg fyrir aftan hann, þ. e. beint fyrir aftan hann. Kveðst hann hafa verið alls öruggur um, að sér stafaði engin hætta af hesti þeim, sem stefndi Björgvin teymdi, enda hafi hann verið það langt frá honum, að öllum venjulegum hestum hafi

ekki getað verið það til ama. Stefnandi kveðst nú hafa tekið eftir því, er þeir voru komnir vestur í hraun, sem þarna er, að svarti hesturinn, sem stefndi Björgvin teymdi, fór hægar en sá, sem Björgvin sat, og rétt í sömu andrá hafi hann slegið aftur undan sér. Kveður stefnandi höggið hafa lent á hægra fæti sínum með þeim afleiðingum, að fótleggurinn hafi brotnað. Stefnandi kveður þetta hafa skeð svo skyndilega, að ekki hafi verið hægt um vik að forðast hættuna, þó að hann hefði haft grun um hana, enda hafi hann á engan hátt mátt búast við þessum viðbrögðum hestsins. Ekki kveður stefnandi hestinn á neinn hátt hafa verið auðkenndan. Stefnandi kveður færið hafa verið svo langt, að hesturinn hafi verið búinn að rétta úr sér, er höggið lenti á fótlegg hans. Stefnandi kveður sér það vel kunnugt af margítrekaðri reynslu, að þegar hestar eru reknir og riðið er fast að þeim, geti þeim verið hætt til að slá, þó sé þetta ekki föst regla, en ef þeir slá, þá sé hættuminna að vera sem næst þeim.

Stefndi Björgvin hefur skýrt svo frá, að hann hafi keypt umræddan hest af Skúla bónda í Svignaskarði í Borgarfirði um jólaleitið 1959 og kveður hestinn hafa komið til bæjarins hinn 10. janúar 1960. Hann kveður hestinn hafa verið geymdan í hesthúsi í Kaplaskjóli ásamt tveimur öðrum hestum og hafi hann verið þar um veturinn. Kveður Björgvin Pétur Ingjaldsson hafa hirt um hestinn. Björgvin kveðst aldrei hafa orðið var við slægð í hestinum fyrr en í umræddri ferð. Hann kveður það hafa verið í fyrsta skipti, sem hann hafi farið með hestinn í hópferð. Ekki kveðst Björgvin hafa orðið var við, að hesturinn slægi í annað skipti í ferðinni en þegar slysið varð. Ekki kveðst hann heldur hafa orðið var við, að neinn af mönnum þeim, sem í ferðinni voru, hafi bent sér á, áður en slysið varð, að hesturinn hefði slegið til þeirra. Stefnandi kveðst síðar hafa orðið var við, að hesturinn ætti það til að slá, þegar riðið væri aftur undir hann, eða öllu heldur, að hann myndaði sig til að slá. Stefndi Björgvin kveður Björn Blöndal hafa fengið hestinn í ferð Fáks að Hellu, sem farin var árið eftir, og kveður hann hafa skýrt sér frá því, að hesturinn hefði verið óþægur í járningu. Ekki kveður Björgvin hafa borið á slægð í hestinum í þau fyrstu tvö skipti, sem hann var járnaður, eftir að hann fékk hestinn og þar til er umrædd ferð var farin. Hins vegar kveður Björgvin síðar hafa gengið illa að járna hestinn í eitt eða tvö skipti, en telur, að það hafi

stafað af því, að ekki sé sama, hver að því vinni. Ekki kveðst Björgvin telja útilokað, að hesturinn hafi slegið til annarra í umræddri ferð, þó að hann hafi ekki orðið var við það.

Vitnið Pétur Ingjaldsson hefur skýrt svo frá, að það hafi annazt hest þann, sem olli umræddu slysi, frá því að stefndi Björgvin hafi keypt hestinn síðla árs 1959 og fram að slysdegi. Kveður vitnið hestinn hafa reynzt hinn prúðasta og kveðst öðru hverju hafa reynt hann þennan vetur ásamt stefnda Björgvin og hafi það þá aldrei orðið þess vart, að hesturinn hafi slegið. Kveðst vitnið ekki hafa orðið vart neinna sérstakra bresta í fari hestsins utan þess, sem eðlilegt sé um ótamda fola. Vitnið kveðst einu sinni hafa verið viðstatt, er hesturinn var járnaður, og kveður hann þá hafa reynzt hinn sæmilegasta. Vitnið kveðst hafa verið einn af félögum Fáks í umræddri ferð og kveðst hafa komið úr Reykjavík. Á leiðinni til Hafnarfjarðar kveður það félagana hafa mætt félögum úr Hestamannafélaginu Sörla. Vitnið kveðst ekki muna eftir að hafa heyrt neinar fyrirskipanir í þá átt að ríða skipulega eða í þéttum hóp, en kveðst þó gera ráð fyrir, að einhver skipun í þá átt hafi verið gefin. Vitnið var ekki sjónarvottur að slysinu.

Vitnið Kristinn Hákonarson lögregluþjónn hefur skýrt svo frá, að það hafi verið fengið af báðum hestamannafélögunum til þess að hafa á hendi stjórn hópsins sem lögregluþjónn, og kveðst það hafa haft fullt samþykki yfirmanna sinna til þess að vera í einkennisbúningi í umrætt sinn. Kveðst vitnið hafa tekið við stjórn hópsins Hafnarfjarðar megin við Vífilsstaðalæk. Vitnið kveðst hafa látið þá ósk í ljós við hestamennina, að þeir héldu hópinn. Vitnið kveðst hafa tekið eftir því, þegar komið var að þeim stað, er svonefndur Flóttamannavegur kemur á Kaldárselsveg, að nokkrir félagar höfðu dregizt aftur úr hópnum. Eftir að hópurinn var kominn saman aftur, kveðst vitnið hafa látið í ljós svofellda ósk: „Ég ætla að biðja ykkur um að halda hópinn í gegnum bæinn". Kveðst vitnið hafa mælzt til í þessu sambandi, að menn riðu tveir og tveir saman í gegnum bæinn. Ekki kveður vitnið nein fyrirmæli hafa verið gefin um það, hversu þétt menn skyldu ríða. Kveðst það hafa lagt það undir skynsemi hvers og eins. Vitnið kveðst síðan hafa riðið í fararbroddi ásamt öðrum manni, er farið var í gegnum Hafnarfjörð, og kveðst ekki hafa fylgzt með þeim, sem aftarlega voru, enda hafi lestin verið löng. Vitnið kveðst ekki hafa séð, er slysið varð, en kveður sér síðar hafa verið sagt, hvaða hestur það var, sem slysinu olli. Ekki

kveðst vitnið muna, hvort það hafi veitt hestinum athygli, áður en slysið varð, en það kveðst síðar hafa séð hestinn í ferðinni og þá litið á hann, en kveðst ekki hafa séð, að hann væri merktur, þannig að um hættulegan hest hafi verið að ræða. Kveðst vitnið hafa komið á slysstaðinn og kveður stefnanda þá hafa setið þar. Vitnið kveðst telja, að hópurinn hafi verið farinn að dreifast, áður en á slysstaðinn kom.

Vitnið Ólafur Jónsson hefur skýrt svo frá, að það hafi riðið samsíða stefnanda, er slysið varð. Ekki kveðst vitnið muna eftir að hafa heyrt skipanir um sérstakt reiðlag, en kveður lögregluþjón hafa stjórnað hópnum og kveður sér hafa virzt hópurinn ríða eftir settum reglum. Vitnið kveður sig minna, að það og stefnandi hafi riðið tveir samsíða í umrætt sinn. Það kveður það hafa komið sér mjög á óvart, hversu snögglega slysið varð. Kveðst það hafa talið þá félaga í hæfilegri fjarlægð frá hestinum, en hann hafi skyndilega stungið við fótum, lyft afturendanum og teygt ótrúlega langt úr sér, að því er vitninu virtist, og greitt stefnanda högg. Vitnið kveður sig jafnan gæta þess að ríða aldrei of nærri hestum, sem á undan eru, og kveður svo hafa verið í þetta skipti. Vitnið kveður menn hafa riðið fyrir aftan þá félagana og hafi það því getað skapað hættu að breikka bilið. Vitnið kveðst hvorki hafa veitt hesti þeim, sem slysinu olli, sérstaka athygli, áður en slysið varð, né tekið eftir því, að hann væri sérstaklega merktur.

Vitnið Gunnar Steinsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið í umræddri hópferð. Það kveður það hafa skeð í ferð þessari, er hópurinn var á leið niður í Hafnarfjörð, að brúnn hestur, sem maður hafði í taumi, hafi slegið til sín. Kveður vitnið þetta hafa skeð tvisvar sinnum, er það var statt fyrir aftan þennan hest. Vitnið kveðst hafa haft orð á þessu við mann þann, sem teymdi hestinn, en hann hafi engu svarað. Vitnið kveður sér hafa verið sagt, að maður þessi væri Björgvin Schram. Vitnið kveður þennan sama hest skömmu síðar hafa slegið Samúel Kristbjarnarson.

Vitnið Árni Sigurjónsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið í umræddri hópferð. Kveður vitnið þau fyrirmæli hafa verið gefin, að hópurinn slitnaði ekki í sundur, á meðan riðið væri í gegnum Hafnarfjörð. Er hópurinn fór yfir hraunhæðina næst fyrir vestan Vífilsstaði, kveðst vitnið hafa riðið skammt frá manni, sem riðið hafi bleikum hesti, að því er það minnir, en teymt brúnan hest eða svartan. Kveðst vitnið hafa veitt hesti þessum sérstaka athygli, því að hann hafi skvett upp afturend-

anum í áttina til þess, sýnilega til að slá til hesta þeirra, sem það reið, en hesturinn hafi ekki náð til þeirra. Vitnið kveðst hafa spurzt fyrir um það, hver væri með þennan hest, og hafi sér þá verið sagt, að hann héti Björgvin Schram. Litlu síðar kveður vitnið þennan sama hest hafa slegið til Samúels Kristbjarnarsonar og fótbrotið hann. Ekki kveðst vitnið hafa orðið vart við, að hesturinn hafi slegið í önnur skipti en það hefur skýrt frá, enda kveðst það ekki hafa fylgzt með honum sérstaklega.

Vitnið Gísli Gíslason kveðst hafa tekið þátt í ferð Hestamannafélagsins Fáks að Hellu á árinu 1961. Það kveðst ekki þekkja mikið til Brúns og Björgvins Schrams, en kveður Björn Blöndal hafa verið með hestinn í ferð þessari. Það kveður hestinn hafa týnt undan sér skeifu á milli Búrfells og Klausturhóla. Vitnið kveður, að reynt hafi verið að járna hestinn á frjálsum velli, en ekki hafi verið við það komandi, vegna þess hve klárinn hafi verið erfiður. Þá segir vitnið, að farið hafi verið með hestinn í fjós á Klausturhólum og hann bundinn þar við stoðir og hafi járningin farið þar fram að klárnum liggjandi. Kveður vitnið hestinn hafa brotizt svo hart um, að hann hafi skollið í flórinn. Vitnið kveður hestinn sér vitandi ekki hafa sýnt önnur óknytti í ferðinni en þau, sem komu fram, er hann var járnaður. Ekki kveðst það hafa fylgzt með hestinum sérstaklega í ferðinni að undanskildu því atviki, er hann var járnaður. Vitnið kveður rautt hættumerki hafa verið bundið í tagl hestsins.

Jón Brynjólfsson, sem var einn af stjórnarmönnum Hestamannafélagsins Fáks á þeim tíma, er slysið varð, og forstöðumaður skrifstofu félagsins, hefur skýrt svo frá, að áður en haldið var úr næsta áningarstað, áður en komið var til Hafnarfjarðar, hafi verið gefin út sú fyrirskipun af fararstjóra, að menn skyldu ríða þétt í gegnum bæinn. Kveður hann fyrirskipun þessa hafa verið gefna til þess að koma í veg fyrir það, að hægt væri að aka bifreið í gegnum hópinn með lítilli forsjálni. Áður en komið var í næsta áfangastað, kveður hann slys það hafa orðið, sem hér er fjallað um. Jón kveðst hafa séð fleiri hesta slá í ferðinni, þó að ekki kæmi það að sök í þeim tilvikum. Jón kveðst þegar í stað hafa tilkynnt réttargæzlustefnda slysið munnlega og hafi ábyrgð félagsins ekki verið neitað. Er ljóst varð, að skaðabótakrafa mundi koma fram frá stefnanda, kveðst Jón hafa ásamt formanni félagsins sent réttargæzlustefnda lýsingu á atvikum að

slysinu. Jón kveður fulltrúa réttargæzlustefnda síðar hafa tjáð sér, að atvikið félli undir ábyrgðartrygginguna og að réttargæzlustefndi teldi sig eiga að mæta kröfum þeim, sem beint yrði að Hestamannafélaginu Fáki vegna slyssins.

Kröfur stefnanda á hendur stefnda Björgvin eru byggðar á því, að eðlilegast sé, að eigandi dýrs beri ábyrgð á tjóni, sem hlýzt af þess völdum, hvort sem honum verði gefin sök á því eða ekki. Í tilvik því, sem hér ræðir, hafi auk þess verið um hættulegt dýr að ræða, þar sem hesturinn hafi verið slægur, og hljóti því að verða að leggja á stefnda Björgvin sök á slysi því, sem stefnandi varð fyrir.

Kröfur stefnanda á hendur Hestamannafélaginu Fáki eru byggðar á því, að fyrirsvarsmenn félagsins hafi skipulagt umrædda ferð og stjórnað henni. Þeir hafi gefið fyrirskipun um, að riðið skyldi í þéttum hnapp í gegnum Hafnarfjarðarbæ, og hafi þeirri fyrirskipun verið fylgt eftir með aðstoð lögreglu. Þessi ráðstöfun hafi verið hættuleg, því að alltaf megi búast við því, að einhverjir þátttakenda séu með slæga hesta og hvorki gæti þeirra né vari við þeim. Af þessum sökum hljóti félagið að bera fébótaábyrgð á tjóni, sem hlýzt af þessum sökum. Auk þess er því haldið fram, að félagið hafi keypt ábyrgðartryggingu hjá réttargæzlustefnda. Fyrirsvarsmenn félagsins hafi síðar tilkynnt réttargæzlustefnda slysið og hafi þar með verið viðurkennd ábyrgð Hestamannafélagsins Fáks á tjóni stefnanda af völdum slyssins, enda hafi réttargæzlustefndi viðurkennt að eiga að mæta tjóni stefnanda.

Sýknukrafa stefnda Björgvins er í fyrsta lagi byggð á því, að ábyrgð án sakar á slysi eins og því, sem stefnandi varð fyrir, verði að íslenzkum lögum ekki lögð á eiganda hestsins, nema vitað sé, að hesturinn sé stórlega hættulegur mönnum og að tjónið sé eðlileg afleiðing þeirrar hættu. Þá er því haldið fram, að stefnda Björgvin verði á engan hátt gefin sök á slysinu. Hann verði ekki með neinu móti sakaður um gálausa reiðmennsku eða taumhald á hestum sínum og honum verði heldur ekki gefið að sök að hafa ekki gefið nægilega gaum að samferðamönnum sínum. Er því haldið fram, að viðbrögð hestsins hafi ekki stafað af eðliságalla, heldur af reiðlagi stefnanda sjálfs, sem riðið hafi fast á hæla stefnda Björgvins, og hafi viðbrögðin ekki verið önnur en þau, sem við megi búast af hestum yfirleitt. Er því haldið fram í þessu sambandi, að slysið megi rekja til þeirrar

ráðstöfunar manna þeirra, sem stjórnuðu ferðinni, að menn skyldu halda hópinn og ríða þétt saman. Þá er því að lokum haldið fram, að ef talið verði, að hlutlæg ábyrgð á tjóni stefnanda verði lögð á stefnda Björgvin, þá eigi sú ábyrgð að falla niður, þar sem stefnandi hafi sjálfur átt sök á slysinu.

Sýknukrafa stefnda Hestamannafélagsins Fáks er byggð á því, að félagið beri enga ábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins, þótt félagið hafi skipulagt ferðina, þá hafi ekkert gjald verið tekið af þátttakendum og enginn hafi verið skyldaður til að taka þátt í henni. Þeir, sem þátt taki í slíkum ferðum, verði sjálfir að taka á sig þá áhættu, sem því er samfara. Er því haldið fram, að fébótaábyrgð á tjóni stefnanda verði ekki á lögð, nema um sök hafi verið að ræða hjá stefnda Björgvin, en það sé ósannað með öllu. Verði ekki á þessi sjónarmið fallizt, þá er því haldið fram, að stefnandi, sem tekið hafi þátt í ferð þessari af eigin hvötum, hafi riðið svo nálægt hesti þeim, er stefndi Björgvin teymdi, að varhugavert megi teljast og megi rekja slysið til þess. Er því haldið fram, að af þessum sökum beri að sýkna stefnda Hestamannafélagið Fák. Er því mótmælt, að fyrirsvarsmenn félagsins hafi með því að tilkynna réttargæzlustefnda slysið viðurkennt greiðsluskyldu á tjóni stefnanda. Einnig er því mótmælt, að réttargæzlustefndi hafi viðurkennt fébótaábyrgð sína á tjóni stefnanda, þótt talið hafi verið rétt, að stefnandi beindi kröfugerð til réttargæzlustefnda, er svo tæki afstöðu til hennar með samþykki, synjun eða samningstilboði.

Stefnandi og stefndi Björgvin tóku báðir þátt í umræddri hópferð, sem var þáttur í ástundun þeirrar íþróttar eða þess tómstundagamans, sem hestamennska kann að vera hjá hverjum og einum. Þykir því ekki hægt að fallast á það, að leggja beri á stefnda Björgvin sem eiganda hests þess, sem sló stefnanda, hlutlæga ábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir við það, enda er eigi í ljós leitt, að hesturinn hafi verið slíkur skaðræðisgripur, að hann hafi almennt verið hættulegur umhverfi sínu. Þá verður að telja, að ekki hafi verið leitt í ljós, að hesturinn hafi verið haldinn öðrum eiginleikum en þeim, sem almennt geta komið fram hjá hestum, er þeir koma margir saman. Þá þykir eigi fram komið, að stefndi Björgvin hafi sýnt af sér gálaust reiðlag eða taumhald á hestum sínum. Þykir því ekki verða felld á stefnda Björgvin fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins.

Gegn andmælum af hálfu stefnda Hestamannafélagsins Fáks

verður að telja ósannað, að viðurkennd hafi verið fébótaábyrgð og greiðsluskylda réttargæzlustefnda.

Í umræddri hópferð var farið um Hafnarfjörð, norður- og vesturhluta bæjarins. Þegar hópur reiðmanna fer um þéttbýli, er þörf sérstakrar aðgæzlu í sambandi við umferð gangandi fólks og ökutækja til að koma í veg fyrir hættu, sem slíkri reið er samfara. Er reglum þeim, sem fram koma í ákvæði 63. gr. umferðarlaga ætlað að koma í veg fyrir slíka hættu. En einnig er ljóst, að þegar hópur reiðmanna fer um þéttbýli, eins og í því tilviki, sem hér um ræðir, hafa menn ekki eins mikið svigrúm til að haga ferð sinni með tilliti til samferðarmanna sinna og þegar farið er um bersvæði. Það er því ljóst, að við slíkar aðstæður skapast sérstök hætta af hestum, sem teymdir eru. Það verður því að telja, að það hafi verið óvarlegt af fyrirsvarsmönnum Hestamannafélagsins Fáks, sem stofnuðu til ferðarinnar, réðu leiðinni og stjórnuðu ferðinni, að leyfa þátttakendum að teyma lausa hesta. Þótt slysið hafi að vísu orðið fyrir vestan aðalbyggð Hafnarfjarðar og eftir að svigrúm þátttakenda jókst, þá verður að telja, að rekja megi orsakir slyssins meðal annars til þessa ágalla við skipulagningu ferðarinnar að leyfa lausa hesta. Þykir það leiða til þess, að leggja verði á stefnda Hestamannafélagið Fák fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins. Verður eigi talið, að það leiði til sýknu félagsins, þótt stefnandi hafi tekið þátt í ferðinni sem ástundun íþróttar eða tómstundagamans án þess að greiða endurgjald fyrir. Hins vegar verður að telja, að stefnandi hafi ekki gætt þess sem skyldi, eftir að komið var út fyrir aðalbyggð Hafnarfjarðar, að halda sig í hæfilegri fjarlægð frá stefnanda og hestum hans, sem voru næst á undan. Þykir hann því sjálfur eiga að bera að hluta ábyrgð á tjóni því, sem hann varð fyrir.

Eftir atvikum þykir rétt að leggja á Hestamannafélagið Fák að hálfu fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, sem helming tjónsins þykir stefnandi eiga að bera sjálfur.

Verður nú afstaða tekin til endanlegra dómkrafna stefnanda, en þær hefur hann sundurliðað þannig:

1. Útlagður kostnaður ..... kr. 13.335.00
2. Bætur fyrir atvinnutjón ..... — 145.813.00
3. Bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum ..... — 75.000.00

Kr. 234.148.00

Um 1. Af hálfu stefnda Hestamannafélagsins Fáks hefur fjárhæð kröfuliðar þessa ekki sætt andmælum að öðru leyti en því, að mótmælt er kostnaði við síðasta útreikning á örorkutjóni stefnanda á þeim grundvelli, að sá útreikningur hafi verið óþarfur, þar sem nauðsynlegar upplýsingar hafi átt að liggja fyrir, þegar næsti útreikningur á undan var gerður. Með hliðsjón af mótmælum þessum þykir eftir atvikum rétt að taka kröfulið þennan til greina með kr. 12.335.00.

Um 2. Strax eftir slysið var stefnandi fluttur á slysavarðstofuna í Reykjavík. Var þar tekin röntgenmynd af brotinu og búið um það til bráðabirgða. Daginn eftir var stefnandi fluttur í handlæknisdeild Landspítalans. Í vottorði Friðriks Einarssonar, dr. med., dags. hinn 14. 11. '61, segir svo um meiðsli stefnanda og aðgerðir:

„... Sjúkl. skýrði svo frá, að hann hefði verið á útreiðartúr daginn áður, er hestur hafði slegið hann, og kom höggið framanvert á hægri fótlegg. Sjúkl. fann strax mikið til í fætinum og gat ekki stigið í hann. Honum var ekið á Slysavarðstofuna og kom þar á 6. tímanum þann 8. 5. Röntgenmyndir þar sýndu brot á hægri sköflung og einnig sár yfir brotinu (opið beinbrot — fractura complicata tibiae dx.). Búið var um fótinn til bráðabirgða og sjúkl. dvaldi á Slysavarðstofunni um nóttina, en var svo fluttur á Handlæknisdeild Landspítalans.

Við skoðun hér á deildinni fannst opið beinbrot um miðjan hægri sköflung, með gómstóru sári yfir brotinu. Sárið var ekki hreint og nokkuð langt um liðið frá því slysið varð, svo ekki þótti rétt að gera tilraun til að spengja beinið, þar sem ígerðarhætta hefði verið svo mikil, heldur var gert að sárinu og gipsumbúðir lagðar á gangliminn. Sjúkl. lá á Handlæknisdeildinni til 20. maí 1960, en var þá sendur heim til sín með fótinn í gipsumbúðum og átti að koma til athugunar við og við á deildina.

Sjúkl. var aftur innlagður á Handlæknisdeild 6. sept.—28. sept. 1960. Hann hafði þá um nokkurt skeið gengið við tvær hækjur, en með fótinn í gipsumbúðum, en brotið greri seint, og 8. sept. 1960 voru því í svæfingu gerðar beinboranir (Inforatio a. m. Beck), þar sem borað er í kringum og gegnum brotstaðinn til þess að auka næringu og flýta fyrir að bein grói. Aftur lagðar gipsumbúðir. Sjúkl. var útskrifaður af deildinni 28. sept. 1960 með fótinn í umbúðum, en mátti þá ganga og reyna á hann eftir getu.

25. febr. 1961 voru teknar röntgenmyndir af hægra fótlegg. Sýndu þær, að brotið var gróið, en mikil úrkölkun í beinum.

Sjúkl. kom til mín til skoðunar 6. nóvember 1961. Hann kveðst hafa verið frá vinnu alveg í eitt ár, en hóf þá fyrri störf (afgreiðslustörf). Hann vinnur nú fulla vinnu.

Kvartanir: Sjúkl. finnst mun minni kraftur og þróttur í hægri ganglim en vinstri.

Hann segir, að hægra hné sé miklu stífara, hann getur t. d. ekki gengið upp stiga, nema með því að setja vinstri fót á undan upp í tröppuna fyrir ofan.

Hægri ökli er bæði stífur og sár, hvort sem sjúklingurinn stendur eða gengur, einkum þó við gang, og sérstaklega ef ekki er alveg slétt undir fæti.

Verkir og vanlíðan í hægra ganglim á nóttunni.

Hægri fótur og fótleggur þrútna allaf á daginn, en þessi þroti (bjúgur) rennur aftur af á nóttunni.

Sjúkl. kvartar um, að hann hafi þreytuverk í hægri hönd og hún sé máttminni og að einnig sæki kulda að hægri hendi. Sjúkl. segir, að er hann gekk með hækjur, hafi hann fengið verk og stirðleika í hægri öxl og hönd. Öxlin hafi smám saman lagazt, en höndin sé enn eins og að framan er greint.

Verkur og þreyta vinstra megin í spjaldhrygg og í vinstri mjöðm. Sjúkl. telur þetta stafa af því, að hann gangi skakkur og reyni því meira á vinstri hlið heldur en vera ætti.

Skoðun: Útlit hraustlegt, frekar yngra en svarandi til aldurs.

Gangur: Stingur við á hægra fæti, sýnilega vegna þess, að hægri öklaliður hreyfist ekki eðlilega.

Við skoðun á ganglimum sést 15 cm langt, vel gróið ör framan og innanfótar á hægri fótlegg nærri miðju. Er það eftir skurðaðgerðina 8. sept. 1960. Um miðju þessa örs gómstór dæld og ör, þar sem hið opna beinbrot var. Um þetta svæði allt er talsverður bjúgur. Nokkur roði er á hægri fótlegg umhverfis þetta svæði, en að öðru leyti er húðlitur eðlilegur á ganglimnum.

Báðir ganglimir mælast jafn langir.

Liðir: Mjaðmir eðlilegar.

Hnjáliðir: Ekki er sýnileg eða finnanleg bólga í hnjánum og ekki heldur vökvaaukning, en hægra hné mælist ½ cm grennra en vinstra. Bæði hné réttast eðlilega, en hægra hné vantar 30° í fulla beygju, miðað við vinstri. Mikið brak er í hægra hné við hreyfingar, en ekkert í vinstra.

Öklaliðir: Hægri ökli er sýnilega gildari og mælist 1½ cm gildari en vinstri. 15° vantar í dorsal flexion og plantar flexion, hvora um sig í hægri ökla, og pro- og supi-nation er aðeins 50% í hægri ökla, móts við þann vinstri.

Tær hreyfast eins á báðum fótum.

Fkki eru sýnilegar vöðvarýrnanir, en hægri lærleggur er einum cm grennri en vinstri, mælt 16 cm ofan við efri brún hnéskeljar. Ummál kálfa er eins á hægri og vinstri. Rétt fyrir ofan öklalið er hægri leggur 1 cm gildari en vinstri.

Sársauka- og snertiskyn virðist eins á báðum ganglimum. Djúpir reflexar eru framkallanlegir, en daufir báðum megin. Babinski er neikvæður á báðum.

26. okt. 1961 voru teknar röntgenmyndir af báðum hnjám, fótleggjum og öklaliðum. Í hægra sköflungsbeini er gróið beinbrot í góðum stellingum. Nokkur úrkölkun er fyrir neðan beinbrotið og á öklasvæðinu. Í hægra hné er talsverð úrkölkun og dálítil þrenging á liðbili. Hægri ökli er með mjög blettóttum beinum vegna úrkölkunar, og þar eru talsvert miklar gigtarbreytingar (arthrosur) með totumyndun á liðbrúnum og þrengingu á liðbili. Í vinstra hné kemur fram sveskjusteinsstór liðmús".

Hinn 17. nóvember 1961 mat Stefán Guðnason tryggingalæknir örorku stefnanda af völdum slyssins. Auk þess sem fram kemur í vottorði Friðriks Einarssonar, segir svo í örorkumatinu um grundvöll þess og niðurstöðu:

„... Slasaði mætir til örorkumats 17/11-61 og fyrir liggur læknisvottorð dr. med. Friðriks Einarssonar.

Kvartanir. Slasaði kvartar um, að afl í hægri ganglim sé minna en það var fyrir meiðslið og minna en í þeim vinstri. Hægri fótur og fótleggur bólgna á daginn, en sá þroti rennur að mestu af á nóttunni. Hann hefur verki og vanlíðan í hægra ganglim um nætur.

Hann kvartar um stirðleika í hægra hné, svo að hann getur t. d. ekki gengið upp stiga með þeim venjulega hætti að stíga fótum upp á víxl, heldur verður hann alltaf að stíga vinstra fæti upp á undan og draga hægri fót á eftir.

Stirðleiki og sársauki eru í hægri öklalið, er hann stendur eða gengur, einkum þó við gang, ef ekki er slétt undir fæti.

Slasaði kvartar um þreytuverk í hægri hendi, að hún sé máttminni en hún áður var og samanborið við þá vinstri og að á hana sæki óeðlilegur kuldi. Hann segist hafa fengið verk og

stirðleika í hægri öxl og hönd, meðan hann gekk við hækjur. Öxlin hafi smám saman lagazt, en höndin sé enn eins og nú var lýst.

Þá segist slasaði finna til verkjar og þreytu í spjaldhryggnum vinstra megin og vinstri mjöðm. Telur hann það stafa af því, að hann gangi skakkur og reyni því meira á vinstri hlið en eðlilegt sé.

Skoðun. Frekar hraustlegur maður, fremur yngri útlits en svarar til aldurs. Hann er stinghaltur og gengur við staf.

Hægri ganglimur. Framan á hægri fótlegg er um 15 sm langt bogið ör eftir skurðaðgerðina 8/9 '60. Húðin umhverfis örið með roðablæ og nokkur bjúgur í kring. Í miðju örinu er gómstór dæld, þar sem sárið og hið opna beinbrot var.

Hægra læri mælist 1 sm grennra en það vinstra, mælt 15 sm fyrir ofan efri brún hnéskeljar, og hægri fótleggur 1 sm gildari en vinstri, mælt rétt fyrir ofan öklaliðinn.

Hægri hnéliður. Allmikið marr er við hreyfingar í hægri hnélið. Hnéð réttist til fulls, en um 30 gráður vantar á fulla beygju, samanborið við vinstra hné.

Hægri öklaliður. Allar hreyfingar, bæði aktivar og passivar, eru takmarkaðar í hægri öklalið. Vantar um 20 gráður á ristarbeygju, 15 gráður á ilbeygju og um helming á hverfingu, samanborið við vinstri öklalið.

Um röntgenmyndir, sem voru teknar af báðum hnjám, fótleggjum og öklaliðum 26. okt. 1961, segir dr. Friðrik Einarsson: Í hægra sköflungsbeini er gróið beinbrot í góðum stellingum. Nokkur úrkölkun er fyrir neðan beinbrotið og á öklasvæðinu. Í hægra hné er talsverð úrkölkun og dálítil þrenging á liðbili. Hægri ökli er með mjög blettóttum beinum vegna úrkölkunar, og þar eru talsvert miklar gigtarbreytingar (arthrosur) með totumyndun á liðbrúnum og þrengingu á liðbili. Í vinstra hné kemur fram sveskjusteinsstór liðmús.

Ályktun. Hér er um að ræða kvæntan afgreiðslumann, sem er fæddur 4. okt. 1892, sem hestur sló á útreiðartúr 8. maí 1960 með þeim afleiðingum, að hinn slasaði maður hlaut opið beinbrot á hægra fótlegg.

Slasaði lá í sjúkrahúsi vegna afleiðinga slyssins frá slysdegi 8/5 1960 til 20/5 1960.

Eftir það var slasaði heima, fyrst alveg rúmliggjandi mánaðartíma, en síðan staulaðist hann um í gipsumbúðum við 2 hækjur til 6/9 '60.

Hinn 6. sept. 1960 er hann á ný lagður í sjúkrahús, þar sem beinbrotið var þá enn ógróið, og þar lá hann þá til 28/9 '60.

Frá þeim degi er hann aftur heima, með fótinn í gipsumbúðum til 7. nóvember 1960, er hann losnar endanlega við þær. Hækju og staf getur hann ekki sleppt, fyrr en kemur fram á vor 1961.

Á tímabilinu nóvember 1960 til apríl 1961 er slasaði 6 vikur til lækninga í heilsuhæli í Hveragerði og 4 vikur hjá nuddlækni vegna afleiðinga slyssins, auk þess sem hann er á þessu sama tímabili þrívegis undir læknishendi vegna ígerðar í leggsárinu, sem ekki greri endanlega fyrr en í febrúarlok.

Frá slysdegi, 8. maí 1960, er slasaði alveg frá vinnu vegna meiðslisins og afleiðingar þess í eitt ár, eða til 9. maí 1961, er hann hóf á ný sín fyrri störf.

Er slasaði fór að vinna aftur, þoldi hann illa stöður og gang vegna sársauka, stirðleika og þrota í fætinum. Einnig kenndi hann þreytuverks og máttleysis í hægri hendi eftir notkun hækjunnar, að ætla má, auk óþæginda í spjaldhrygg og vinstri mjöðm. Fóru þessi óþægindi lítið og seint batnandi, og mun heilsufarsástand slasaða, að því er til afleiðinga slyssins tekur, vera litlu betra nú en það var, er hann byrjaði aftur að vinna í maí s.l.

Telja verður útséð um, að ekki verði hér eftir um frekari bata á afleiðingum meiðslisins að ræða og að slasaði hafi náð sér eftir slysið, svo sem vænta má að orðið geti. Þykir því tímabært að meta nú örorku slasaða af völdum þessa slyss.

Frá slysdegi og þangað til beinbrotið og sárið á leggnum er með vissu gróið, er slasaði alveg óvinnufær. Eftir það og þangað til slasaði hverfur aftur til sinnar fyrri vinnu, verður vinnugeta hans að teljast mjög lítil. Upp frá því er um varanlega örorku að ræða.

Örorka slasaða telst því hæfilega metin sem hér segir:

Frá 8. maí 1960 til 25. febr. 1961 .. .. 100%
— 26. febr. 1961 til 9. maí 1961 .. .. 80%
— 9. maí 1961 .. .. 25%".

Á grundvelli örorkumats þessa reiknaði Guðjón Hansen tryggingafræðingur hinn 20. desember 1961 verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda á slysdegi. Um grundvöll útreikningsins að öðru leyti og niðurstöðu segir svo í bréfi tryggingafræðingsins:

„... Samúel er sagður fæddur 4. október 1892 og hefur samkvæmt því verið 67 ára að aldri, er hann slasaðist. Samkvæmt

skattframtölum fyrir starfsárin 1957—1959 hafa vinnutekjur hans þau ár einvörðungu verið fyrir störf hjá Flugfélagi Íslands, og í örorkuvottorðinu kemur fram, að hann hefur hafið þar störf að nýju, er hann varð til þess fær. Umrædd þrjú ár fyrir slysið hafa vinnutekjurnar verið sem hér segir:

Árið 1957 .. .. kr. 61.305.00
— 1958 .. .. — 64.008.00
— 1959 .. .. — 64.417.00

Ef tekjur þessar eru umreiknaðar með tilliti til kauplagsbreytinga, og miðað er við breytingar á kauptaxta Verzlunarmannafélags Reykjavíkur (afgreiðslumenn með þriggja ára starfsreynslu), reiknast mér umreiknaðar meðalárstekjur vera sem hér segir:

Frá slysdegi til júníloka 1961 .. .. .. kr. 64.771.00
Frá 1/7 1961 til 31/5 1962 .. .. — 71.896.00
og eftir þann tíma .. .. — 74.772.00

Hér hefur verið reiknað með þeirri 4% hækkun frá 1. júní 1962, sem kveðið er á um í núgildandi kjarasamningum verzlunarmanna og fjölmargra annarra stétta.

Miðað við þann tekjugrundvöll, er hér hefur verið lýst, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi vera sem hér segir:

Vegna tímabundinnar örorku til 9/5 1961 .. .. kr. 57.792.00
Vegna varanlegrar örorku eftir þann tíma .. — 63.078.00

Samtals kr. 120.870.00

Reiknað er með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1941—1950. Í því sambandi má geta þess, að hættara hlýtur að vera við, að starfsorkulíkurnar, sem styðjast við erlenda reynslu, henti illa íslenzkum staðháttum, eins og þeir eru nú, þar sem um háan aldur er að ræða. Um íslenzka reynslu er hins vegar ekki að ræða í þessum efnum".

Hinn 25. janúar 1965 skoðaði Stefán Guðnason tryggingalæknir stefnanda á ný. Um skoðun þessa segir svo í vottorði læknisins, dags. hinn 1. febrúar 1965:

„... Slasaði kom til skoðunar 25/1 1965.

Hann kvartar um svipuð óþægindi og áður í hægra fótlim og

á svipuðu stigi. Þreytuverk í fótleggnum og stirðleika í hnélið. Óþægindanna verður sem fyrr vart bæði á degi og nóttu, og þau eru verri eftir áreynslu og gang að ráði. Telur sig ómögulegan til gangs á ósléttu, einkum vegna stirðleikans í hné og ökla, máttleysis og öryggisleysis fótarins. Þá kvartar hann og um þreytuverk í vinstri mjöðm, svipað og áður. Óþægindin í hægri úlnlið eru enn til staðar, og ber mest á þeim á kvöldin og nóttunni.

Hægri fótlimur: Slasaði gengur við staf. Gangur öruggur á gólfi inni, og hann stingur lítið við, en það er misjafnt að sögn eftir aðstæðum. Holdslitur yfir brotstaðnum og skurðörinu eðlilegur. Læri mælist 2 sm grennra en vinstra 15 sm fyrir ofan hnéskel og kálfi 1 sm grennri en sá vinstri. Stytting fótarins lítil, um 1 sm. Hreyfingar í hnélið og öklalið aktivar og passivar, svipaðar og áður er lýst.

Ástand slasaða vegna afleiðinga slyssins hefur ekki breytzt svo neinu nemi, og telst ekki ástæða til að breyta áður gerðu örorkumati frá 23/11 1961 um tímabundið og varanlegt slysaörorkumat slasaða, og vísast til þess".

Að ósk lögmanns stefnanda reiknaði Guðjón Hansen tryggingafræðingur hinn 22. júní 1966 að nýju út verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda af völdum slyssins. Um grundvöll útreiknings þessa, að því leyti sem breyting hafði orðið frá fyrri útreikningi og niðurstöðu, segir svo í örorkumatinu:

„... Töflur þær um starfsorkulíkur, sem nú eru notaðar, eru samræmdar eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1951—1960 í stað áranna 1941—1950. Hér á eftir verður reiknað með hinum nýrri töflum, og veldur sú breyting tæplega 1% hækkun niðurstöðu.

Frá árslokum 1961 hafa sex sinnum átt sér stað grunnkaupshækkanir hjá verzlunarmönnum, og auk þess hefur verið tekin upp greiðsla verðlagsuppbótar, er nemur nú 13.42%. Þegar tillit er tekið til þessara hækkana, reiknast mér umreiknaðar meðalvinnutekjur Samúels 1957—1959 verða sem hér segir:

Frá	slysdegi	til	30/6	1961	.....	kr.	64.771.00
—	1/7	1961	til 31/5	1962	.....	—	71.896.00
—	1/6	1962	- 30/6	1963	.....	—	78.367.00
—	1/7	1963	- 30/9	1963	.....	—	84.245.00
—	1/10	1963	- 30/11	1964	.....	—	97.800.00
—	1/12	1964	- 28/2	1965	.....	—	104.255.00
—	1/3	1965	- 31/5	1965	.....	—	107.435.00

Frá 1/6	1965	til 14/7	1965	kr.	108.071.00
—15/7	1965	- 31/8	1965	—	112.393.00
— 1/9	1965	- 30/11	1965	—	113.716.00
— 1/12	1965	- 28/2	1966	—	116.362.00
— 1/3	1966	- 31/5	1966	—	124.263.00
— 1/6	1966			—	129.124.00

Miðað við þann tekjugrundvöll, sem hér hefur verið greint frá, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundinnar örorku til 9/5 1961	kr.	57.848.00
Vegna varanlegrar örorku eftir þann tíma	—	82.910.00
Samtals	kr.	140.758.00

Vegna aldurs Samúels fara starfsorkulíkur ört lækkandi, og hækkar því niðurstöðutala ekki meira en raun ber vitni þrátt fyrir hinar miklu kauphækkanir.

Tekið skal fram, að með kjaradómi verzlunarmanna, er gilti frá 1. október 1963, breyttist fyrri flokkaskipan. Hef ég hér að framan miðað við, að Samúel hafi farið í 5. flokk (afgreiðslum. eftir þrjú ár) og tekið hámarkslaun þess flokks. Til samanburðar skal þess getið, að sé miðað við 7. flokk (fyrir menn við vandasöm afgreiðslustörf), verða launin frá og með 1. okt. 1963 um 19% hærri en að framan getur, og nema þá árstekjur frá 1. júní 1966 kr. 153.681.00. Við þá breytingu mundi heildarverðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi hækka um kr. 9.913.00, þ. e. í kr. 150.671.00.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, skírskotast til fyrri útreiknings".

Hinn 23. júlí 1966 endurskoðaði tryggingafræðingurinn þennan síðari útreikning sinn með tilliti til nýrra upplýsinga, sem fram höfðu komið af hálfu stefnanda. Um grundvöll þessa endurskoðaða útreiknings og niðurstöðu segir svo í bréfi tryggingafræðingsins, dags. hinn 23. júlí 1966:

„Í framhaldi af útreikningi mínum frá 22. júní 1966 í sambandi við örorkutjón Samúels Kristbjarnarsonar, Hátúni 4, Reykjavík, af völdum slyss 8. maí 1960 hafið þér aflað þeirra viðbótarupplýsinga, að Samúel hafi hinn 1. maí 1963 tekið að starfa við bókhald hjá Flugfélagi Íslands h/f. Með tilliti til þessara upplýsinga hafið þér sent mér ljósrit af skattframtölum hans fyrir starfsárin 1963—1965 og óskað eftir nýrri endurskoðun útreikninganna.

Samkvæmt ofangreindum skattframtölum hafa vinnutekjur Samúels starfsárin 1963—1965 verið sem hér segir:

Árið 1963	kr. 104.110.00
— 1964	— 97.323.00
— 1965	— 111.414.00

Samkvæmt kjarasamningi verzlunarmanna eru bókarar í 5. og 7. launaflokki. Þótt miðað sé við 5. flokk (hámark), eru tekjurnar fremur lágar 1964 og 1965, en allháar 1963. Séu tekjur þessara þriggja ára lagðar til grundvallar útreikningi á tapi vinnutekna eftir 1. maí 1964 og við umreikning til breytts kauplags ekki gert ráð fyrir, að Samúel eigi eftir að fá neinar hækkanir við lengri starfsaldur (um raunverulegan launaflokk eða launastig innan flokks hef ég ekki upplýsingar), reiknast mér árstekjur þær, sem tilgreindar eru í áðurnefndum útreikningi, hækka um tæp 8.9% (miðað við kauplag nú kr. 140.580.00). Reiknast mér þá verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi verða sem hér segir:

Vegna tímabundins orkutaps	kr. 57.848.00
Vegna varanlegs orkutaps	— 87.965.00
Samtals	kr. 145.813.00

Þess skal getið, að ef stuðzt hefði verið við fyrri grundvöll með þeirri breytingu, að reiknað hefði verið með hlutfallshækkun 1. maí 1963, sem svarar tilfærslu úr 4. í 5. launaflokk núgildandi skipunar, reiknast mér heildarverðmæti tapaðra vinnutekna mundi hafa numið kr. 146.141.00, þ. e. nær sömu fjárhæð.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, skírskotast til fyrri útreikninga í máli þessu".

Endanleg fjárhæð þessa kröfuliðar er byggð á niðurstöðu þessa síðasta útreiknings tryggingafræðingsins.

Af hálfu stefnda Hestamannafélagsins Fáks hefur fjárhæð þessa kröfuliðar verið mótmælt sem of hárri. Er á það bent, að eftir slysið hafi stefnandi tekið við starfi með hærri launum en hann hafði áður haft. Þá er því og haldið fram, að við ákvörðun bóta beri að hafa í huga, að bætur sem þessar séu undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari. Er og á það bent, að stefnandi hafi fengið greidd laun frá vinnuveitanda sínum, á meðan hann var frá vinnu vegna slyssins.

Þegar athugað er það, sem hér hefur verið rakið, og hliðsjón höfð af atriðum, sem hafa ber í huga við ákvörðun bóta sem þessara, þá þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 100.000.00. Er þá tekið tillit til greiðslna, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, og einnig þess, að stefnandi fékk greidd samningsbundin laun frá vinnuveitanda sínum fyrstu þrjá mánuðina eftir slysið. Þótt vinnuveitandi stefnanda hafi greitt honum afturkræf laun umfram skyldu frá 15. ágúst til ársloka 1960, þykir það ekki eiga að hafa áhrif á bætur þær, sem stefnanda verða dæmdar.

Um 3. Af hálfu stefnda Hestamannafélagsins Fáks hefur fjárhæð þessa kröfuliðar verið mótmælt sem of hárri. Er einnig á það bent, að í hinni upphaflegu kröfugerð stefnanda sé krafizt kr. 30.000.00 í þjáningabætur, og geti stefnandi nú ekki sett fram hærri kröfu. Eftir að upphafleg krafa stefnanda um þjáningabætur kom fram, kom í ljós, að stefnandi hafði orðið fyrir varanlegri örorku af völdum slyssins. Með hliðsjón af því þykir stefnandi ekki vera bundinn af hinni upphaflegu kröfugerð að þessu leyti. Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin og lýst varanlegum áverkum, sem stefnandi ber eftir slysið. Dómurinn hefur kynnt sér áverka þá, sem stefnandi ber eftir slysið. Að því athuguðu þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 50.000.00.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi Björgvin verður sýknaður af kröfum stefnanda, en málskostnaður gagnvart honum verður látinn niður falla. Stefnda Hestamannafélaginu Fáki verður gert að greiða stefnanda helming af kr. 162.335.00 (12.335.00 + 100.000.00 + 50.000.00), eða kr. 81.167.50, og vexti, sem reiknast 9% frá 8. maí 1960 til 29. desember s. á., 7% frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Hauki Ragnarssyni tilraunastjóra og Kristni Jónssyni héraðsráðunaut.

Dómsorð:

Stefndi Björgvin Schram skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Samúels Kristbjarnarsonar, í máli þessu, og fellur niður málskostnaður þeirra í milli.

Stefndi Hestamannafélagið Fákur greiði stefnanda, Samúel

Kristbjarnarsyni, kr. 81.167.50 með 9% ársvöxtum frá 8. maí 1960 til 29. desember s. á., með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. maí 1968.

Nr. 74/1967. **Landsbanki Íslands** (Stefán Pétursson hrl.)
gegn
Verzluninni Breiðabliki og Þorsteini N. Halldórssyni (Vilhjálmur Þórhalsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. maí 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. apríl s. á. Krefst hann þess, að „héraðsdóminum verði breytt á þá leið, að niður verði felldur sjóveðréttur í v/b Gulltoppi, KE 29, fyrir hinum tildæmdu kröfum". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndi Verzlunin Breiðablik krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Þorsteinn N. Halldórsson hefur ekki sótt þing og engar kröfur gert fyrir Hæstarétti.

Mál þetta höfðaði stefndi Verzlunin Breiðablik gegn stefnda Þorsteini N. Halldórssyni með héraðsdómsstefnu 28. júní 1966 til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 30.118.30 vegna vörukaupa til v/b Gulltopps, KE 29, á árinu 1965. Þá var Þórði Þórðarsyni, Miðstræti 11, Vestmannaeyjum, stefnt til

að þola viðurkenningu á sjóveðrétti í v/b Gulltoppi, KE 29, til tryggingar dómkröfunum, en Þórður var þá talinn eigandi og útgerðarmaður þess skips. Hvorki Þorsteinn né Þórður sóttu þing í héraði, og var málið dæmt þar eftir kröfum Verzlunarinnar Breiðabliks.

Áfrýjandi kveður v/b Gulltopp, KE 29, hafa verið seldan á nauðungaruppboði 8. desember 1966 og hafi hann orðið hæstbjóðandi í bátinn. Hafi hann krafizt þess, að báturinn yrði lagður sér út sem ófullnægðum veðhafa.

Samkvæmt vottorði bæjarfógetans í Keflavík, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er Þorsteinn N. Halldórsson enn þinglesinn eigandi v/b Gulltopps, KE 29. Af hendi aðilja hefur því verið lýst hér fyrir dómi, að á þeim tíma, er mál þetta var höfðað í héraði, hafi Þórður Þórðarson verið eigandi og útgerðarmaður bátsins.

Hér fyrir dómi krefst áfrýjandi þess eins, að sjóveðréttur í v/b Gulltoppi, KE 29, verði niður felldur. Málinu hefur ekki verið áfrýjað, að því er varðar Þórð Þórðarson, og breytir þingsókn af hans hendi, að liðnum áfrýjunarfresti og án áfrýjunarleyfis, engu þar um. Ber því þegar af þessari ástæðu að vísa málinu frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Verzluninni Breiðabliki málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Landsbanki Íslands, greiði stefnda Verzluninni Breiðabliki málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Keflavíkur 17. september 1966.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið 2. þ. m., hefur Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður f. h. Verzlunarinnar Breiðabliks, Keflavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 30. júní s.l., gegn Þórði Þórðarsyni, Miðstræti 11, Vestmanna-

eyjum, og 1. september s.l., gegn Þorsteini N. Halldórssyni, Faxabraut 34 D, Keflavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 30.118.30 með 1% vöxtum á mánuði frá 30. júní 1965 til greiðsludags og málskostnaðar, en Þórði til að þola sjóveðrétt í v/b Gulltoppi, KE 29, fyrir tildæmdum kröfum, en hann er talinn núverandi eigandi skipsins.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera fyrir útteknar matvörur fyrir mötuneyti skipverja á v/b Gulltoppi í maí og júní 1965 og einnig til að birgja skipið með matarforða, áður en skipið fór á síndveiðar fyrir Austurlandi sumarið 1965. Stefndi hafi dregið fæðiskostnað frá kaupi skipverja við uppgjör, eins og venja er, en hafi ekki greitt þá fjárhæð til stefnanda og sé krafan því tryggð með sjóveði í skipinu. Stefnandi segir, að hann hafi lýst kröfu þessari við nauðungaruppboð á v/b Gulltoppi s.l. vetur og með því slitið fyrningu sjóveðréttarins, eins og stefnt hefði verið. Krefst stefnandi sjóveðréttar í v/b Gulltoppi, KE 29, til tryggingar kröfum sínum, en meðstefndi Þórður Þórðarson sé nú eigandi skips þessa.

Stefndu hafa hvorki sótt þing né sækja látið, og er þeim þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Þar sem engir þeir gallar eru á málatilbúnaði, er frávísun varða, og framlögð gögn eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öðru leyti en því, að eftir atvikum þykir rétt, að vextir verði 9% á ári.

Málskostnaður tildæmist kr. 5.665.00.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti kvað upp dóm þennan ásamt skipuðum meðdómsmönnum, Ragnari Björnssyni hafnarstjóra og Árna Þorsteinssyn skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Þorsteinn N. Halldórsson, Faxabraut 34 D, Keflavík, greiði stefnanda, Verzluninni Breiðabliki, Keflavík, kr. 30.011.00 með 9% ársvöxtum frá 30. júní 1965 til greiðsludags og kr. 5.665.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í v/b Gulltoppi, KE 29, fyrir tildæmdum kröfum.

Föstudaginn 10. maí 1968.

Nr. 75/1967. **Landsbanki Íslands** (Stefán Pétursson hrl.)
gegn
Guðmundi Víglundssyni og Þorsteini N. Halldórssyni (Vilhjálmur Þórhalsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. maí 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. apríl s. á. Krefst hann þess, að „héraðsdóminum verði breytt á þá leið, að niður verði felldur sjóveðréttur í v/b Gulltoppi, KE 29, fyrir hinum tildæmdu kröfum". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndi Guðmundur Víglundsson krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Þorsteinn N. Halldórsson hefur ekki komið fyrir Hæstarétt og engar kröfur gert.

Mál þetta höfðaði stefndi Guðmundur Víglundsson gegn stefnda Þorsteini N. Halldórssyni með héraðsdómsstefnu 27. júní 1966 til greiðslu launa að fjárhæð kr. 17.888.00 fyrir vinnu við v/b Gulltopp, KE 29, um sumarið 1965, en Þorsteinn var þá eigandi og útgerðarmaður bátsins. Þá var Þórði Þórðarsyni, Miðstræti 11, Vestmannaeyjum, stefnt til að þola viðurkenningu á sjóveðrétti í v/b Gulltoppi, KE 29, til tryggingar dómkröfunum, en Þórður var þá talinn eigandi og útgerðarmaður þess skips. Hvorki Þorsteinn né Þórður sóttu þing í héraði, og var málið dæmt þar eftir kröfum Guðmundar.

Áfrýjandi kveður v/b Gulltopp, KE 29, hafa verið seldan á nauðungaruppboði 8. desember 1966 og hafi hann orðið hæstbjóðandi í bátinn. Hafi hann krafizt þess, að báturinn yrði lagður sér út sem ófullnægðum veðhafa.

Samkvæmt vottorði bæjarfógetans í Keflavík, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er Þorsteinn N. Halldórsson enn þinglesinn eigandi v/b Gulltopps, KE 29. Af hendi aðilja hefur því verið lýst hér fyrir dómi, að á þeim tíma, er mál þetta var höfðað í héraði, hafi Þórður Þórðarson verið eigandi og útgerðarmaður bátsins.

Hér fyrir dómi krefst áfrýjandi þess eins, að sjóveðréttur í v/b Gulltoppi, KE 29, verði niður felldur. Málinu hefur ekki verið áfrýjað, að því er varðar Þórð Þórðarson, og breytir þingsókn af hans hendi, að liðnum áfrýjunarfresti og án áfrýjunarleyfis, engu þar um. Ber því þegar af þessari ástæðu að vísa málinu frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Guðmundi Víglundssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Landsbanki Íslands, greiði stefnda Guðmundi Víglundssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Keflavíkur 17. september 1966.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið 2. þ. m., hefur Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður f. h. Guðmundar Víglundssonar vélstjóra, Hafnargötu 53, Keflavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 30. júní og 1. sept. 1966, gegn Þorsteini N. Halldórssyni útgerðarmanni, Faxabraut 34 A, Keflavík, og Þórði Þórðarsyni, Miðstræti 11, Vestmannaeyjum.

Þorsteini Halldórssyni er stefnt til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 17.888.00 með 1% vöxtum á mánuði frá 31. desember 1965 til greiðsludags og málskostnaðar, en Þórði er stefnt til að þola sjóveðrétt í v/b Gulltoppi, KE 29, fyrir tildæmdum kröfum.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera, að stefnandi hafi verið skráður II. vélstjóri á v/b Gulltopp, KE 29, frá 4. júní til 20. desember 1965, eign stefnda Þorsteins, og sé stefnufjárhæðin eftirstöðvar af aflahlut og kaupi stefnanda, sem samtals námu

kr. 64.172.24, og fyrir vinnu við v/b Gulltopp, kr. 17.888.00, eða samtals kr. 82.060.24. Upp í skuld þessa hafi stefndi Þorsteinn greitt sér alls kr. 64.172.24, en eftirstöðvarnar, kr. 17.888.00, sé stefnufjárhæðin í máli þessu. Innborgun stefnda hafi verið upp í alla skuld hans, og telur stefnandi, að hin umstefnda skuld sé eftirstöðvar af aflahlut sínum. Þórður Þorsteinsson sé hins vegar núverandi eigandi að v/b Gulltoppi, KE 29, og verði því að þola sjóveðrétt í skipinu fyrir kröfum sínum.

Stefndu hafa hvorki sótt þing né sækja látið, og er þeim þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Þar sem engir þeir gallar eru á málatilbúnaði, er frávísun varða, og framlög gögn eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir þykja hæfilega tildæmdir 9% á ári.

Málskostnaður tildæmist kr. 3.400.00.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti kvað upp dóm þennan ásamt skipuðum meðdómsmönnum, Ragnari Björnssyni hafnarstjóra og Árna Þorsteinssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Þorsteinn N. Halldórsson, Faxabraut 34 D, Keflavík, greiði stefnanda, Guðmundi Víglundssyni, Hafnargötu 53, Keflavík, kr. 17.888.00 með 9% ársvöxtum frá 31. des. 1965 til greiðsludags og kr. 3.400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í v/b Gulltoppi, KE 29, fyrir tildæmdum kröfum.

Föstudaginn 10. maí 1968.

Nr. 52/1966. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs** (Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Bókmenntafélaginu Máli og menningu og gagnsök (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. apríl 1966. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 4. maí 1966. Dómkröfur hans eru, að aðaláfrýjandi beri óskerta fébótaábyrgð á tjóni, sem varð vegna vatnságangs á vörum gagnáfrýjanda hinn 13. og 14. marz 1962 í kjallara hússins að Laugavegi 18 í Reykjavík. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi hafði tekið á leigu húsnæði í kjallara hússins að Laugavegi 18, en eigandi þess var Vegamót h/f. Reisir gagnáfrýjandi kröfur sínar á hendur aðaláfrýjanda eingöngu að því leyti sem starfsmenn aðaláfrýjanda eigi sök á tjóni hans, en þá telur hann eiga alla sök á tjóninu. Haustið 1959 barst Vatnsveitu Reykjavíkur „tengibeiðni" af hálfu eiganda hússins. Var þess farið á leit, að vatn til hússins mætti taka úr aðalæð í Vegamótastíg. Vatnsveitan varð við þessari beiðni, en jafnframt var ákveðið, að húseigandi skyldi loka fyrir rennsli úr gamalli heimæð, sem tengd var við aðalæð, sem lá í norðanverðum Laugavegi. Verkfræðingur vatnsveitunnar hefur skýrt svo frá, að slík lokun sé gerð á þann

hátt að krana við leiðslumótin sé lokað og jafnframt sé settur fastur skrúfaður tappi í hinn enda heimæðarinnar. Vatnið, sem rann inn í kjallara hússins hinn 13. og 14. marz 1962, kom úr þessari gömlu heimæð. Krananum hefur því ekki verið lokað haustið 1959 eða umbúnaði hans hefur verið áfátt. Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 39/1959 fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur eru allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum að húsi eign húseiganda, og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi. Hins vegar bar starfsmönnum vatnsveitunnar að hafa eftirlit með því, að tryggilega væri gengið frá lokun kranans, en sú eftirlitsskylda var vanrækt. Samkvæmt þessu og með skírskotun til þess, sem segir í forsendum héraðsdóms um vanrækslu eiganda hússins að koma upp dæluútbúnaði við safnvatnsgryfjuna og vangæzlu starfsmanna vatnsveitunnar, er lekans varð vart, þykir rétt, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hans að hálfu.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 20.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, er fébótaskyldur gagnvart gagnáfrýjanda, Bókmenntafélaginu Máli og menningu, að því er varðar helming þess tjóns, sem gagnáfrýjandi beið vegna vatnságangs hinn 13. og 14. marz 1962 í kjallara hússins að Laugavegi 18 í Reykjavík og í málinu greinir.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 20.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. marz s.l., hefur Kristinn E. Andrésson f. h. firmans Máls og menningar, Laugavegi 18, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni og birtri 11. apríl 1964, gegn Geir Hallgrímssyn borgarstjóra f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 364.917.14

með 7% ársvöxtum frá 14. marz 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Af hálfu stefnda hafa þær dómkröfur verið gerðar *aðallega,* að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómarans. *Til vara* hefur stefndi krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Samkvæmt heimild í 5. mgr. 71. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 varð um það samkomulag með málsaðiljum og dómurum, að mál þetta skyldi nú flutt og dæmt aðeins að því leyti, er til skaðabótaábyrgðarinnar tekur.

Samkvæmt því voru af hálfu stefnanda við munnlegan flutning málsins aðeins gerðar þær dómkröfur, að fébótaábyrgð vegna tjóns þess, er í máli þessu getur, verði lögð óskipt á stefnda, borgarsjóð Reykjavíkur, og honum gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Á sama hátt voru af hálfu stefnda gerðar þær dómkröfur við munnlegan flutning málsins *aðallega,* að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður að mati dómsins úr hendi stefnanda, en *til vara,* að honum verði dæmd sök aðeins að litlum hluta og málskostnaður látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að miðvikudaginn 14. marz 1962 voru starfsmenn Rafmagnsveitu Reykjavíkur að vinna við uppgröft í gangstéttinni fyrir hús Vegamóta h/f nr. 18 við Laugaveg hér í borg. Á götuhæð hússins er bókabúð Máls og menningar, en í kjallaranum eru geymdar vörubirgðir verzlunarinnar. Starfsmenn rafmagnsveitunnar urðu þess varir, að gamalt rör, sem lá úr aðalvatnsæð götunnar, var bilað, og seytlaði vatn með rörinu og út í holuna, sem verið var að grafa. Vatnsveitu Reykjavíkur var gert aðvart um lekann, og athugaði Sveinn Kristjánsson, starfsmaður vatnsveitunnar, staðhætti í götunni kl. 1100 og kl. 1500 sama dag, en taldi ekki hættu á ferðum. Næsta morgun kom í ljós, að lekinn hafði aukizt svo mjög, að vatn hafði runnið upp að húsinu nr. 18 við Laugaveg og seytlað inn í kjallarann, þar sem vörubirgðir stefnanda voru geymdar, og urðu á þeim miklar skemmdir.

Vitnaleiðslur hafa farið fram í máli þessu 11. og 19. maí 1965.

Vitnið Ásgrímur Gunnar Egilsson kveðst hafa verið pípulagningameistari við bygginguna að Laugavegi 18. Kveðst vitnið fyrst hafa komið að verkinu, eftir að búið var að steypa húsið upp. Kveður vitnið þá hafa verið búið að fylla grunninn að hús-

inu. Segir vitnið, að vatnsveitan hafi ákveðið, að vatn til hússins skyldi taka úr aðalleiðslu í Vegamótastíg. Segir vitnið, að ein heimæð hafi verið úr þeirri aðalleiðslu inn í húsið í salerni og hafi verið grafið með þeirri leiðslu út í aðalleiðsluna. Heimæðin, sem fyrir var, hafi verið tekin úr sambandi og lokað fyrir hana. Um aðrar vatnsleiðslur að húsinu kveðst vitnið ekkert hafa vitað.

Vitnið kveður vatnsveituna gera kröfu til þess, er hún samþykkir tengibeiðni, að lokað sé fyrir eldri heimæð. Kveðst vitnið hafa gert það, svo sem að ofan greinir, og segir það ekki aðrar heimæðar hafa verið að húsinu en þá leiðslu.

Vitnið segir, að í kjallaragólfi hússins hafi verið safngryfja og hafi verið tilætlunin að hafa dælu þar til að dæla burtu vatni, sem safnaðist fyrir. Dælan hafi hins vegar ekki verið komin, er umræddur atburður gerðist, en hún hafi verið í pöntun. Vitnið segir, að gryfjan hafi verið ósteypt í botninn og hafi henni verið ætlað að taka við grunnvatni. Segir vitnið, að reynsla hafi sýnt, að grunnvatn hafi ekki verið það mikið, að það fyllti gryfjuna.

Vitnið Gunnar Moritz Steinsen segir, að vatnsveitan bendi sérstaklega á það, þegar nýbyggingar eru reistar, þar sem áður voru gömul hús, að nauðsyn sé að loka fyrir eldri heimæðar, sem ekki verða notaðar í nýbygginguna. Vitnið segir, að vatnsveitan geri kröfu til þess, að heimæðar séu teknar úr sambandi við aðalleiðslu í götunni, og sé það þannig framkvæmt, að krana, sem við leiðslumótin er, sé lokað og jafnframt sé lokað með föstum tappa skrúfuðum. Vitnið segir, að Ásgrímur G. Egilsson hafi óskað eftir því að fá að taka heimæðina úr aðalleiðslunni í Vegamótastíg. Segir vitnið, að er það hafi verið samþykkt, hafi það sérstaklega bent Ásgrími á, að það leysti hann ekki undan því að ganga frá heimæðinni frá Laugavegi. Vitnið segir, að reiknað sé með því, að veggir og gólf kjallara í húsum séu held grunnvatni. Ef um slíkar aðstæður sé að ræða, að grunnvatn sé mikið eða erfitt að koma því frá, þá séu kjallarar varðir gegn því með ýmsum tilfæringum, þar á meðal með safnþró, eins og í hér umræddu húsi, svo og með dælu. Vitnið segir, að vatnsveitan annist ekki um framkvæmdir eða viðhald á heimæðum nema eftir sérstakri skriflegri beiðni og húseigandi þá krafinn um greiðslu eftir reikningi.

Vitnið Sveinn Kristjánsson kveðst af langri reynslu sinni ekki hafa talið neina hættu af lekanum frá rörinu fyrir nærliggjandi hús. Því hafi það ekki talið ástæðu til að gera sérstakar ráðstafanir þess vegna. Segir vitnið, að lítið sem ekkert vatn hafi

verið í holunni. Getur vitnið þess, að svo langt hafi verið á milli holunnar og hússins, að það hafi meðal annars styrkt þá skoðun vitnisins, að engin hætta væri fyrir hendi. Aðspurt kveður vitnið sér hafa verið ljóst, að vatnið hafi komið með heimæðinni, sem í holuna lá. Vitnið segir, að er það hafi verið á staðnum, hafi komið starfsmaður í bókaverzluninni í húsinu, og kveðst vitnið hafa sagt honum, að heimæðin að húsinu væri biluð. Þá kveðst vitnið hafa skýrt verkstjóra sínum frá því, hvað um væri að vera. Hafi það annað hvort verið Ingvar Grímsson eða Eyjólfur Halldórsson.

Vitnið Einar Guðnason, verkstjóri hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, kveðst ekki hafa snúið sér að eigendum hússins eða fyrirsvarsmönnum þess vegna vatnsins í holunni, enda kveðst vitnið ekki hafa talið neina hættu vera fyrir hendi fyrir skemmdum á húsinu. Segir vitnið, að algengt sé, að vatn safnist fyrir í slíkar holur, sem hér um ræðir. Þó taldi vitnið rétt að láta vatnsveituna vita um þetta, enda kveður vitnið það vera venju þeirra að tilkynna henni um slíkt. Vitnið kveður holuna hafa verið grafna með handverkfærum. Segir vitnið, að heimæðarrörið hafi ekki komið í ljós, fyrr en eftir að vatn komst í holuna og ruddi jarðvegi frá því, og ekki kveðst vitnið hafa orðið þess vart, að starfsmenn rafveitunnar hafi rekið verkfæri í rörið.

Öll framangreind vitni nema hið fyrst nefnda hafa gefið skriflegar skýrslur, sem lagðar hafa verið fram sem dómsskj. nr. 18, 19 og 22 í máli þessu, og hafa þau fyrir dómi staðfest efni þeirra og viðurkennt nafnritanir sínar undir þau.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína svo í greinargerð:

1.	Skemmdir á vörubirgðum	kr. 334.863.64
2.	Bætur fyrir óþægindi og röskun ..	— 25.000.00
3.	Útlagður kostnaður	— 5.053.50
		Kr. 364.917.14

Stefnandi styður skaðabótakröfu sína þeim rökum, að stefndi beri ábyrgð á tjóni því, er hlauzt af völdum umrædds vatnsflóðs, þar sem orsök tjónsins verði rakin til framkvæmda á vegum stefnda, en eins og áður greini, hafi starfsmenn Rafmagnsveitu Reykjavíkur verið að vinna við uppgröft í gangstétt, og verði ekki annað séð en lekinn á vatnsrörinu hafi byrjað af völdum þeirra framkvæmda. Þá hafi og Vatnsveitu Reykjavíkur verið gert aðvart um lekann, en starfsmaður hennar hafi látið undir

höfuð leggjast að stöðva hann, en það hljóti að hafa þurft að gera, áður en umræddur skurður yrði fylltur. Eftir að vart var orðið við lekann, hljóti sérhver dráttur á að gera við hann að vera á ábyrgð stefnda. Þá tekur stefnandi og fram, að hvorki honum né stjórn Vegamóta h/f hafi verið gert aðvart um leka þennan og engar framkvæmdir hafi verið í götunni á vegum þeirra.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að tjón það, er stefnandi kann að hafa orðið fyrir, verði á engan hátt kennt starfsmönnum hans. Ljóst sé, að ástæðan til tjónsins sé vanræksla og vanbúnaður af hendi húseiganda. Húseigandinn hafi vanrækt að ganga frá hinni fornu heimæð, þegar hin nýja var lögð. Það hafi verið skylda hans að ganga frá slíku og verði hann sjálfur að bera halla af því, ef þess hafi eigi verið gætt. Þá verði að telja, að umbúnaður í kjallaranum sjálfum hafi verið með öllu óforsvaranlegur, þar sem eigi hafi verið hirt um að ganga forsvaranlega frá safnvatnsgryfju þeirri, sem þar var. Með hliðsjón af því, verði einnig að telja óforsvaranlegt af stefnanda að hlaða bókum í kjallara, sem þannig var um búinn.

Þá kveður stefndi það ljóst vera, að starfsmenn hans eigi hér enga sök á. Fái hann ekki séð, að Rafmagnsveitu Reykjavíkur verði hér á nokkurn hátt um kennt. Starfsmenn hennar hafi verið að nauðsynjastörfum og hafi þeir hagað sér fullforsvaranlega við verk sitt. Starfsmenn Vatnsveitu Reykjavíkur hafi athugað mál þetta, en ekki getað séð þess nein merki, að hætta gæti verið af vatnsseitli því, er þeir sáu í holunni. Hafi þeir eigi haft ástæðu til annars en ætla, að vatn þetta rynni út í götuna og engin hætta væri á, að það rynni inn í hús, enda hafi þeir mátt treysta því, að kjallarar nýrra húsa væru svo þéttir, að þeir þyldu vatn að utan.

Það er ágreiningslaust í málinu, að vatn það, sem rann inn í kjallara umrædds húss að Laugavegi 18, kom frá gamalli heimæð, sem tekin hafði verið úr sambandi við aðalæð í Laugavegi. Þá er og upplýst, að starfsmenn Vatnsveitu Reykjavíkur hafi ekki lagt hönd að verki við að taka úr sambandi heimæð þessa, enda kveður reglugerð fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur svo á, að allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum að húsi og í því séu eign húseiganda og beri hann allan kostnað af lögn þeirra og viðhaldi og beri honum skylda til að láta gera við leka, þegar er hans verður vart, sbr. 1. og 7. mgr. 9. gr. áðurnefndrar reglugerðar.

Loks er það staðreynd í máli þessu, að í kjallarahorni umræddS

húss að Laugavegi 18 er safnvatnsgryfja, og er því ómótmælt haldið fram, að hvorki hafi verið í henni steyptur botn né heldur dæluútbúnaður, er vatnið rann inn í kjallarann, og gat því utanað komandi vatn óhindrað runnið þar inn. En í 44. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur segir, að þannig skuli gengið frá útveggjum, annað hvort með gerð (samsetningu) steypu eða rakavarnarlagi, t. d. múrhúðun, að viðkomandi bygging sé vatns- og rakaheld, enn fremur, að frá grunni skuli ganga þannig, að vatn safnist ekki undir neðsta gólf eða við útvegg í kjallara, og skuli frágangi á grunnlögnum hagað samkvæmt gildandi reglugerð um holræsi og að neðsta gólf og kjallaraveggi skuli gera úr vatnsheldri steinsteypu eða öðru rakaheldu efni o. s. frv.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, líta dómendur svo á, að stefnandi eigi að verulegum hluta sjálfur sök á tjóni sínu. Hins vegar ber einnig á það að líta, að starfsmaður Vatnsveitu Reykjavíkur var kallaður til, þegar er umræddS leka varð vart, en hann lætur hjá líða að gera nokkrar ráðstafanir til að stöðva hann, þar sem hann áleit ekki hættu vera á ferðum. Þykir hann ekki hafa gengið nógu rækilega úr skugga um, hversu alvarleg orsökin til lekans var, né heldur kynnt sér nógu vel aðrar aðstæður með tilliti til hugsanlegs tjóns. Þá hafa starfsmenn stefnda ekki, að því er séð verður, tilkynnt forráðamönnum húseignarinnar Laugavegar 18 um vatnsleka þennan.

Þykir af þessum ástæðum einnig verða að leggja hluta sakarinnar á stefnda.

Þegar allt það er virt, sem að framan greinir, svo og gögn málsins í heild, þykir hæfilegt að skipta sök þannig, að stefnandi beri sjálfur ¾ hluta sakar, en stefndi ¼ hluta hennar.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin við endanlegan dóm í málinu.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Óskari Smith pípulagningameistara.

Lítils háttar dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa vegna nýliðinnar páskahelgi.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, beri ¼ hluta sakar í máli þessu.

Miðvikudaginn 15. maí 1968.

Nr. 201/1967. **Jónas Guðlaugsson**
(Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Kristjáni Júlíussyni og gagnsök
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Víxilmál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. desember 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með 11. marz 1967 verði dæmd ómerk „og lagt verði fyrir héraðsdómarann að veita frest þann, sem beðið var um. Þá er krafizt ómerkingar á úrskurði fógetaréttar Sauðárkróks uppkv. 8. ágúst 1967. *Til vara* er krafizt sýknu og synjunar um framgang fógetagerðar. *Málskostnaðar* samkvæmt mati Hæstaréttar er krafizt í báðum tilvikum".

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 22. marz 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. sama mánaðar. Gerir hann þær dómkröfur, að hinar áfrýjuðu dómsathafnir, dómur og fjárnámsgerð, verði staðfestar og svo að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Engin efni eru til að sinna aðalkröfu aðaláfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Jónas Guðlaugsson, greiði gagnáfrýj-

anda, Kristjáni Júlíussyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. marz 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður, Laugavegi 27, Reykjavík, f. h. Kristjáns Júlíussonar smiðs, Hrísateigi 13, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. f. m., gegn Jónasi Guðlaugssyni verksmiðjustjóra, til heimilis að Smáragrund 3, Sauðárkróki, til greiðslu víxilskuldar að fjárhæð kr. 150.000.00.

Fyrir bæjarþinginu hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 150.000.00 með 9% ársvöxtum frá 1. október 1962 til 5. júní 1965 og 1% dráttarvöxtum (vanskilavöxtum) á hverjum mánuði frá þeim tíma til greiðsludags, kr. 360.00 í stimpilkostnað. Svo er krafizt sakarkostnaðar að mati dómsins. Þá er og krafizt viðurkenningar á 3. veðrétti og uppfærslu á eftirtöldum verðmætum í vörzlu stefnda:

1. Bandsög, Umf. Ruhla m/rafh., hö. 1.4, nr. 63164.
2. Hefli, T. S. 58-4814 m/rafh. Mez., hö. 4.5, nr. 6190123.
3. Borvél, T. S. 601143 m/rafh. Mez., nr. 8437011.
4. Rennibekk, Andry Chowka.
5. Rennibekk, D. L. Z. 355-3692 m/rafh., hö. 4.5.
6. Vélsög, Emil Schutz 38/377/5262 m/rafh., hö. 0.75.
7. Rennibekk, Niensted & Co., m/rafh. Meg., hö. 4.
8. Höggpressu, sjálfsmíði, 20 tonn m/rafh., nr. 17171613.
9. Höggpressu, sjálfsmíði, 20 tonn m/rafh. Vem., nr. 171717/60.
10. Pressu, sjálfsmíði, hydróliskri, sjálfskiptri, 200 tonn m/rafh. Veb., hö. 15 og 0.25, nr. 57/55396 og 103339/58.
11. Herzluofni, gaskyntum, ásamt 2 gashylkjum.
12. Málmhúðunartæki, m/6 baðkerum og sérstakri húðunarvél.
13. Höggpressu, sjálfsmíði, 25—30 tonn m/rafh. Vem., 2.2 hö.
14. Höggpressu, special, sjálfsmíði, 10 tonn m/rafh. Vem., hö. 5.5.
15. Höggpressu, Benkmaster, m/rafh. Vem., hö. 1.5.
16. Púnktsuðuvél, B. IV.

Umræddur víxill er, svo sem fyrr segir, að fjárhæð kr. 150.000.00. Víxillinn er útgefinn 29. september 1961 af stefnanda, en samþykktur til greiðslu af stefnda hinn 1. október 1962.

Greiðslustaður víxilsins er Búnaðarbanki Íslands í Reykjavík. Á gjalddaga var víxillinn eigi greiddur og hefur eigi fengizt greiddur síðar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í þá átt.

Samkvæmt tryggingarbréfi, útgefnu 29. september 1961 af stefnda, var greiðsla víxilsins tryggð með 3. veðrétti og uppfærslurétti í ofangreindum tækjum.

Mál út af víxli þessum var fyrst höfðað með stefnu, birtri 17. júlí 1965, til þingfestingar 2. sept. 1965. Dómur gekk í málinu í héraði hinn 14. maí 1966. Í þeim dómi voru allar kröfur sóknaraðilja teknar til greina. Varnaraðili áfrýjaði dómi þessum til Hæstaréttar, og gekk dómur þar hinn 1. febrúar 1967. Með þeim dómi var málinu vísað frá héraðsdómi og héraðsdómurinn ómerktur.

Stefnandi kveður víxilréttinn enn í fullu gildi, því að með stefnubirtingunni hinn 17. júlí 1965 hafi fyrningu víxilréttar gagnvart varnaraðilja verið slitið og fyrning hafi eigi hafizt að nýju fyrr en að gengnum dómi Hestaréttar. Stefna í máli þessu var birt 6. febrúar 1967, svo sem áður greinir, og var þá fyrningu slitið á ný, sbr. 11. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Er mál þetta var þingfest hinn 28. febrúar 1967, var sótt þing af hálfu stefnda. Fékk umboðsmaður stefnda viku frest til ritunar greinargerðar.

Er málið kom fyrir á nýjan leik hinn 7. þ. m., óskaði umboðsmaður stefnda enn eftir viku fresti í sama skyni. Því var neitað af hálfu umboðsmanns stefnanda, og var það atriði því tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefnda.

Með úrskurði, uppkveðnum 11. marz 1967, var frestbeiðninni synjað. Var málið síðan dómtekið 14. þ. m., og var þá ekki sótt þing af hálfu stefnda.

Samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 er mál þetta dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins svo og tryggingarbréfsins, sem koma heim við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina, enda voru varnir þær, er umboðsmaður stefnda byggði á í fyrra málinu hér fyrir dóminum, ekki þess eðlis, að þær yrðu hafðar uppi í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Málskostnaður ákveðst kr. 17.900.00.

Magnús Thoroddsen, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreindur veðréttur er staðfestur.

Stefndi, Jónas Guðlaugsson, greiði stefnanda, Kristjáni Júlíussyni, kr. 150.000.00 með 9% ársvöxtum frá 1. október 1962 til 5. júní 1965 og 1% dráttarvöxtum (vanskilavöxtum) á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 360.00 í stimpilkostnað og kr. 17.900.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Sauðárkróks 8. ágúst 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 8. ágúst, var fógetadómur Sauðárkróks settur í skrifstofu embættisins og haldinn af Halldóri Þ. Jónssyni, fulltrúa bæjarfógeta, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið nr. 19/1967: Kristján Júlíusson gegn Jónasi Guðlaugssyni.

Fyrir gerðarbeiðanda sækir þing Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður og leggur fram: nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit af dómi bæjarþings Reykjavíkur.

Skjölin eru svohljóðandi.

Varnaraðili sækir sjálfur þing.

Aðiljar samþykkja, að gerðin fari fram hér í skrifstofunni.

Lögmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að fjárnám fari fram í eignum þeim, sem veðréttur er viðurkenndur í samkvæmt dóminum, til tryggingar dómskuldinni, kr. 150.000.00, með 9% ársvöxtum frá 1. október 1962 til 5. júní 1965 og 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 360.00 í stimpilkostnað og kr. 17.900.00 í málskostnað auk kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Fógeti skoraði á gerðarþola að greiða kröfuna, en það kvaðst hann eigi gera, enda telji hann kröfuna þegar greidda.

Fógeti lýsti því yfir, að fjárnám væri gert til tryggingar framangreindum kröfum í eftirtöldum eignum gerðarþola, sem veðréttur er viðurkenndur í samkvæmt dómi fyrir kröfunni:

1. Bandsög, Umf. Ruhla m/rafh., hö. 1.4, nr. 63164.
2. Hefli, T. S. 58-4814 m/rafh. Mez., hö. 4.5, nr. 6190123.
3. Borvél, T. S. 601143 m/rafh. Mez., nr. 8437011.
4. Rennibekk, Andry Chowka.
5. Rennibekk, D. L. Z. 355-3692 m/rafh., hö. 4.5.
6. Vélsög, Emil Schutz 38/377/5262 m/rafh., hö. 0.75.

7. Rennibekk, Niensted & Co., m/rafh. Mez, hö. 4.
8. Höggpressu, sjálfsmíði, 20 tonn m/rafh., nr. 17171613.
9. Höggpressu, sjálfsmíði, 20 tonn m/rafh. Vem., nr. 171717/60.
10. Pressu, sjálfsmíði, hydróliskri, sjálfskiptri, 200 tonn m/rafh. Veb., hö. 15 og 0.25, nr. 57/55396 og 103339/58.
11. Herzluofni, gaskyntum, ásamt 2 gashylkjum.
12. Málmhúðunartæki, m/6 baðkerum og sérstakri húðunarvél.
13. Höggpressu, sjálfsmíði, 25—30 tonn m/rafh. Vem., 2.2 hö.
14. Höggpressu, special, sjálfsmíði, 10 tonn m/rafh. Vem., hö. 5.5.
15. Höggpressu, Benkmaster, m/rafh. Vem., hö. 1.5.
16. Púnktsuðuvél, B. IV.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti bryndi þýðingu gerðarinnar fyrir gerðarþola.

Gerðarþoli upplýsti, að munir þessir væru geymdir í verksmiðju hans hér á Sauðárkróki.

Miðvikudaginn 15. maí 1968.

Nr.6/1968. **Jósafat Arngrímsson og Áki Gränz**
(Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Jóni Sveinssyni og Birgi Þorvaldssyni og gagnsökn
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. janúar 1968 og gert þær dómkröfur, að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða þeim óskipt kr. 3.116.742.02 með 7% ársvöxtum frá 21. október 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 22. marz 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Krefjast gagnáfrýjendur þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjendur dæmdir til greiðslu málskostnaðar bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Málsaðiljar gerðu með sér samning 31. marz 1964, þar sem aðaláfrýjendur lofa að selja gagnáfrýjendum hlutabréf sín í Ísfélagi Keflavíkur h/f. Er samningur þessi rakinn í heild í héraðsdómi. Á nauðungaruppboði 21. október 1964 var selt frystihús Ísfélags Keflavíkur h/f ásamt tækjum. Póst- og símamálastjórnin var hæstbjóðandi í eignir þessar og fékk þær útlagðar sem ófullnægður veðhafi á uppboðsþingi 27. október 1964. Í útlagningargerðinni er talið, að eftirstöðvar kröfu póst- og símamálastjórnarinnar á hendur Ísfélagi Keflavíkur h/f nemi kr. 948.392.02 og að upp í kröfu Anthony Gibbs & Sons Ltd., kr. 2.168.350.00, hafi engin greiðsla komið við uppboðið. Eru það þessar tvær fjárhæðir, sem aðaláfrýjendur krefja gagnáfrýjendur um í máli þessu. Bú Ísfélags Keflavíkur h/f var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 11. desember 1964, en skiptum er enn eigi lokið.

Samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. kaupsamnings aðilja frá 31. marz 1964 skulu gagnáfrýjendur „semja um og greiða" skuldir Ísfélags Keflavíkur h/f við póst- og símamálastjórnina og Anthony Gibbs & Sons Ltd. Hins vegar er þar ekki áskilið, að gagnáfrýjendur skuli greiða aðaláfrýjendum fé, ef eigi verði staðið í skilum við þessa kröfuhafa, og engin gögn hafa komið fram í málinu um, að aðaláfrýjendur hafi greitt skuldir þessar að meira eða minna leyti. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber aðaláfrýjendum að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilegur kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Jósafat Arngrímsson og Áki Gränz,

greiði gagnáfrýjendum, Jóni Sveinssyni og Birgi Þorvaldssyni, kr. 40.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 31. október 1967.

Mál þetta var þingfest 7. maí 1965, en dómtekið 18. júlí s.l. Hinn 4. ágúst var það síðan endurupptekið vegna ófullnægjandi upplýsinga og síðan dómtekið að nýju í gær. Málið hafa höfðað Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, og Áki Gränz, Heimakletti, Ytri-Njarðvík, með stefnu, dagsettri 26. apríl 1965, gegn Jóni Sveinssyni rafvirkjameistara, Óðinsgötu 9, Reykjavík, og Birgi Þorvaldssyni, Hjarðarhaga 29, Reykjavík, til greiðslu skuldar in solidum að upphæð kr. 3.116.742.02 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. október 1964 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja svo og málskostnaðar in solidum úr hendi þeirra að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 31. marz 1964 gera stefnendur og stefndu með sér samning um kaup á hlutabréfum Ísfélags Keflavíkur. Þykir rétt að taka samning þennan upp, en hann er svohljóðandi:

„Vér undirritaðir, Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík og Áki Gränz, Heimakletti, Ytri-Njarðvík, eigendur hlutabréfa í Ísfélagi Keflavíkur h/f, Keflavík, í samningi þessum nefndir seljendur, og vér undirritaðir, Jón Sveinsson og Birgir Þorvaldsson, í samningi þessum nefndir kaupendur, gerum með oss svohljóðandi samning um kaup á hlutabréfum Ísfélags Keflavíkur:

KAUPSAMNINGUR

1. Seljendur lofa að selja kaupendum hlutabréf sín í Ísfélagi Keflavíkur h/f, eins og nánar greinir hér á eftir:

2. Verð hins selda skal vera í samræmi við efnahagsreikning, dagsettan 17. marz 1964, en niðurstöðutölur hans eru kr. 9.652.973.95, enda yfirtaka kaupendur eignir og skuldir fyrirtækisins, sem nema framangreindri fjárhæð, þar á meðal kaup á hlutabréfum á nafnverði, kr. 22.000.00, er greiðast núverandi eigendum.

3. Í yfirtöku skulda felst, að kaupendur taka m. a. að sér að semja um og greiða skuld fyrirtækisins við Póst- og símamála-

stjórnina, að fjárhæð c. a. kr. 2.659.000.00, ásamt vöxtum og öðrum kostnaði af þeirri skuld, þar á meðal innheimtulaunum.

4. Í yfirtöku skulda felst sömuleiðis að semja um og greiða skuld við Messrs. Anthony Gibbs Ltd., London, að fjárhæð kr. 2.168.350.00 (£ 18.000), ásamt vöxtum og kostnaði, og semja við Brekkes Ltd. og Pétur Einarsson í samræmi við samninga við þá aðila, þ. e. við Brekkes Ltd., vegna sölusamnings fyrir framleiðslu ársins 1964, og við Pétur Einarsson, vegna umboðslauna, er hann kynni að eiga kröfu til vegna sölusamningsins við Brekkes Ltd.

5. Kaupendur lofa að losa seljendur með samningum við skuldheimtumenn fyrirtækisins úr persónulegum ábyrgðum og veðum vegna skulda fyrirtækisins. Ef fjárnám eða löghald verður gert í persónulegum eignum seljenda vegna einhverra hinna yfirteknu skulda Ísfélags Keflavíkur h/f á tímabilinu fram að 25. maí 1964, er samningur þessi þegar úr gildi fallinn.

6. Kaupendur lofa ennfremur að yfirtaka Kassagerð Suðurnesja h/f og Prentsmiðju Suðurnesja h/f samkvæmt efnahagsreikningi þeirra fyrirtækja til dagsins í dag, þó þannig, að kaupverð þeirra fyrirtækja fari ekki fram úr kr. 850.000.00, allt eftir nánara samkomulagi, en kaupendur lofa að losa seljendur undan persónulegum ábyrgðum vegna þeirra fyrirtækja, er nema c.a. kr. 200.000.00.

Sem greiðslu á kaupverði þeirra fyrirtækja taka kaupendur að sér að semja um og greiða skuld við Messrs. Clark Built Williams Ltd. fyrir frystitæki, sem koma ekki fram á efnahagsreikningi Ísfélags Keflavíkur h/f, dags. 17. marz 1964, og losa seljendur undan persónulegum ábyrgðum og veðsetningum í því sambandi. Skal þetta gert fyrir 25. maí 1964.

Hugsanlegur mismunur á kaupverðinu og hinni yfirteknu skuld skal gerður upp sérstaklega eftir nánara samkomulagi.

7. Seljendur skuldbinda sig til að greiða alla áfallna reikninga, sem kunna að hafa gleymzt við uppgjör, án innkallana, sé til skuldarinnar stofnað fyrir 13. febrúar 1964, en kaupendur skuldbinda sig til að greiða allar skuldir, er til hefur verið stofnað frá og með sama degi að telja, þar á meðal kostnað við að ganga frá lánum við Framkvæmdabanka Íslands og Fiskimálasjóð, er féllu í gjalddaga hinn 28. febrúar 1964, svo og alla áfallna vexti og opinber gjöld, er á kunna að verða lögð vegna rekstursins fram til dagsins í dag.

8. Kaupendur taka að sér greiðslur launa til fastráðinna starfs-

manna frá og með 13. febrúar 1964, að undanteknum þeim Albert K. Sanders og Aðalsteini Sigurðssyni.

9. Trésmíðaherbergi Aðalsteins Sigurðssonar í húsi fyrirtækisins verður rýmt með viku fyrirvara frá undirritun þessa samnings.

10. Tryggingariðgjöld vegna Ísfélags Keflavíkur h/f eftir 13. febrúar 1964 greiðast af kaupendum, miðað við gjalddaga iðgjalda.

11. Við undirskrift samnings þessa skal ákveðið, hvort endurskoðunarskrifstofa Þorgeirs Sigurðssonar og Verzlunin Kyndill verða áfram í húsnæði Ísfélags Keflavíkur h/f eða eigi, enda skal gerður leigusamningur sama dag, ef þessir aðilar verða áfram í húsnæðinu.

12. Undanskilið við sölu eru afgreiðsluborð og lausar innréttingar í verzlunarhúsnæðinu, er tilheyra verzluninni Kyndli h/f.

13. Ef kaupsamningur þessi af einhverjum ástæðum eigi verður endanlega bindandi fyrir seljendur hinn 25. maí 1964, skulu kaupendur greiða seljendum leigu fyrir afnot af eignum fyrirtækisins frá deginum í dag til þess tíma. Skal gerður um þetta sérstakur leigusamningur, er undirrita skal á sama degi og þennan samning, en sá leigusamningur kemur eigi til framkvæmda, ef af endanlegum kaupum verður.

14. Engar frekari veðsetningar, aðrar en fram koma á nefndum efnahags- og rekstrarreikningi, nema til tryggingar þeim skuldum, er ófrágengið er nú, skulu heimilaðar nema í samráði við og með samþykki lögfræðinga seljenda á tímabilinu fram til 25. maí 1964. Ríkistryggð bréf, er kunna að fást út á eignir Ísfélagsins, skulu eingöngu notuð til greiðslu á skuld við Póst- og símamálastjórnina, og skal óheimilt að ráðstafa þeim á annan hátt nema með samþykki lögfræðinga seljenda.

15. Aðilar hafa komið sér saman um, að á tímabilinu fram til 25. maí 1964 skuli Þorgeir Sigurðsson endurskoðandi, Keflavík, einn hafa prókúru fyrir Ísfélag Keflavíkur h/f.

16. Um útborganir af hálfu kaupenda til seljenda er samkvæmt framanskráðu ekki að ræða. Greiðslu fyrir hlutabréf og tryggingariðgjöld, sem greidd kunna að hafa verið fyrirfram, verður samið um við yfirtöku Kassagerðar Suðurnesja h/f og Prentsmiðju Suðurnesja h/f svo og reikninga, er seljendur kunna að hafa greitt, en kaupendur hefðu átt að greiða samkvæmt efnahags- og rekstrarreikningi Ísfélags Keflavíkur h/f, sem að framan er vísað til.

17. Skilyrði fyrir því, að samkomulag þetta sé endanlega bindandi fyrir seljendur, er, að samningar um skuldir við framangreinda skuldheimtumenn og lausn seljenda frá persónulegum ábyrgðum og veðsetningum hafi tekizt eigi síðar en 25. maí 1964.

18. Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir bæjarþingi Keflavíkur án atbeina sáttamanna.

19. Samningur þessi er gerður í 2 samhljóða eintökum og halda seljendur öðru og kaupendur hinu.

Reykjavík, 31. marz 1964.

Seljendur: Jósafat Arngrímsson (sign).
Seljendur: Áki Gränz (sign).
Kaupendur: B. Þorvaldsson (sign).
Kaupendur: Jón Sveinsson (sign).

Vitundarvottar:
Örn Clausen (sign).
Ragnar Ingólfsson (sign).

Samhljóða sýndu frumriti.
Skrifstofu bæjarfógetans í Keflavík 28/10 1964.
Haraldur Henrýsson (sign)
ftr.".

Mál þetta er sprottið vegna 3. og 4. greinar ofangreinds samnings. Telja stefnendur, að stefndu hafi keypt hlutabréfin í Ísfélagi Keflavíkur h/f persónulega og skuldbundið sig enn fremur þar með persónulega til að greiða þær skuldir, sem um ræðir í 3. og 4. gr.

Hafi stefndu báðir setzt í stjórn hlutafélagsins og hafið rekstur. Einnig muni stefndi Jón, er varð formaður hinnar nýju stjórnar, hafa hafið samninga við kröfuhafa félagsins. Svo hafi þó farið, að þetta sama haust hafi Ísfélag Keflavíkur h/f orðið gjaldþrota, og hið síðara uppboð farið fram á eignum félagsins hinn 21. okt. 1964.

Urðu kröfur þær, sem uppboðsandvirðið hrökk ekki til að greiða: 1) af kröfu póst- og símamálastjórnarinnar kr. 948.392.02 og 2) krafa Messrs. Anthony Gibbs Ltd., London, kr. 2.168.350.00, eða samtals stefnukrafan í málinu.

Stefndu rökstyðja kröfu sína um sýknu með þessum rökum: Í fyrsta lagi sé sú ráðstöfun sóknaraðilja á hlutabréfum Ísfélagsins, sem gerð var með áðurgreindum kaupsamningi, ógild og

hrein markleysa. Sóknaraðiljar hafi þar komið fram sem einka-eigendur hlutabréfa í félaginu, en ekki hirt um að afla samþykkis annarra hluthafa, en það sé ófrávíkjanleg regla, sbr. 31. gr. hlutafélagalaga.

Í öðru lagi hafi sóknaraðiljar ekki orðið fyrir neinu fjártjóni. Hafi þeir aldrei verið krafðir persónulega af póst- og símamálastjórninni né af Messrs Anthony Gibbs Ltd. Hér sé heldur ekki um að ræða persónulegar skuldir, heldur skuldir Ísfélags Keflavíkur h/f. Hafi sóknaraðiljar ekki greitt skuldir þessar og því ekki um neinar fjárkröfur á hendur varnaraðiljum til að dreifa.

Í þriðja lagi hafi veruleg forsenda brostið fyrir gildi áðurgreinds kaupsamnings. Í efnahagsreikningi, dags. 17. marz 1964, sem vitnað er til í 2. gr. ofannefnds kaupsamnings og lagður er fram í málinu á réttarskjali nr. 4, sé Ísfélagið talið eiga fasteignirnar nr. 57—59 við Hafnargötu í Keflavík. En af afsals- og veðmálabókum Keflavíkur sjáist, að fasteignin nr. 59 við Hafnargötu hafi verið seld Verzlunarbanka Íslands h/f þann 10. nóvember 1962 og sóknaraðiljar undirritað afsalið f. h. Ísfélagsins.

Í fjórða lagi telja stefndu stefnendur hafa fallið einhliða frá greindum kaupsamningi. Hafi sóknaraðiljar m. a. auglýst til sölu Kassagerð Suðurnesja h/f og Prentsmiðju Suðurnesja h/f.

Í fimmta lagi, að stefnendur séu eigi réttir aðiljar þessa máls. Haustið 1964 hafi Ísfélag Keflavíkur h/f orðið gjaldþrota og ef um einhverjar kröfur væri að ræða, væri þrotabúið aðili þess máls.

Skuldin við póst- og símamálastjórnina samkvæmt 3. lið kaupsamningsins er til orðin vegna innstæðulausra tékka, sem pósthúsið á Keflavíkurflugvelli keypti. Er lögð fram í málinu á réttarskjali nr. 18 greinargerð póst- og símamálastjórnarinnar, ódagsett, um tékkamál þetta. Í henni segir m. a.: „Hinir 11 misnotuðu tékkar eru allir útgefnir af Albert H. Sanders f. h. Ísfélags Keflavíkur á reikning nr. 40 í Sparisjóðnum í Keflavík".

Verður ekki séð af þessari tilvitnun né af öðrum skjölum málsins, að stefnendur hafi ábyrgzt tékka þessa persónulega, heldur virðist hér eingöngu um að ræða skuldbindingu Ísfélagsins.

Að því er viðkemur skuldinni við Messrs. Anthony Gibbs Ltd., London, þ. e. stefnukröfunni, byggðri á 4. gr. áðurgreinds kaupsamnings, er hún vegna víxla, sem útgefnir voru og ábektir af Albert K. Sanders f. h. Ísfélags Keflavíkur h/f vegna láns, sem hið erlenda firma veitti Ísfélaginu. Víxlar þessir hafa verið lagðir fram í málinu á réttarskjali nr. 24.

Hvorki hinir framlögðu víxlar né önnur gögn málsins bera með sér, að stefnendur hafi persónulega ábyrgzt þá eða greitt.

Með tilvísun til framanritaðs verður að telja hinar umstefndu skuldir skuldir Ísfélags Keflavíkur h/f.

Með úrskurði hinn 11. desember árið 1964 var Ísfélag Keflavíkur h/f tekið til gjaldþrotaskipta. Er þeim skiptum ekki lokið, eins og fram kemur í vottorði skiptaráðanda, Valgarðs Kristjánssonar, á réttarskjali nr. 31.

Við gjaldþrot tekur þrotabúið við öllum réttindum gjaldþrotaaðilja. Eru því stefnendur ekki réttir aðiljar þessa máls, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu af kröfum stefnenda í málinu.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna ber stefndu af kröfum stefnenda í máli þessu. Stefnendur greiði stefndu málskostnað, sem þykir hæfilegur kr. 9.000.00.

Ásgeir Thoroddsen, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Sveinsson og Birgir Þorvaldsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, Jósafats Arngrímssonar og Áka Gränz, í máli þessu. Stefnendur greiði stefndu í málskostnað kr. 9.000.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. maí 1968.

Nr. 167/1967. **Bjarni Guðmundsson**
Sigfús Tryggvason
Eðvarð Björnsson
Árni Hallgrímsson
Aðalgeir Jónsson
Ólafur Jónsson
Friðrik Kristjánsson
Hermann Stefánsson
Helgi K. Helgason
Sigurður Sigurjónsson
Klement Johannesen
Ebbi Rasmussen
Petur Lyngvej
Oli Joensen
Konrad Lauritsen
og
Jörmund Zachariasen
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu
(Sigurður Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögveð. Sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1967 og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að við úthlutun uppboðsandvirðis v/s Vonarstjörnunnar, GK 26, sem seld var á nauðungaruppboði 19. apríl 1967, verði sjóveðkröfur þeirra greiddar af uppboðsandvirðinu á undan kröfum stefndu, Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbáta-

ábyrgðarfélagsins Gróttu, svo og að stefndu verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjendum verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Tryggð eru lögveði um 2 ár frá gjalddaga í vátryggðum skipum iðgjöld fyrir skylduvátryggingu samkvæmt 10. gr. laga nr. 23/1921 um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip og 3. gr. laga nr. 24/1958 um viðauka við fyrrnefnd lög, sbr. nú 7. gr. laga nr. 47/1967 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og samkvæmt 30. gr. laga nr. 61/1947 um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, sbr. nú 17. gr. laga nr. 41/1967 um bátaábyrgðarfélög. Í 216. gr., 1.—6. tl., siglingalaga nr. 66/1963 eru taldar upp kröfur, sem sjóveðrétt eiga í skipi og farmgjaldi. Samkvæmt 1. tl. nefndrar lagagreinar hafa m. a. forgangsrétt: „Lestargjöld, vitagjöld, hafnargjöld og önnur slík opinber gjöld, sem greiða ber af skipi". Telja stefndu, að iðgjaldalögveð samkvæmt upptöldum vátryggingarlögum falli hér undir og hafi því lögveð þeirra gengið fyrir sjóveði áfrýjenda í v/s Vonarstjörnunni, GK 26. Sjóveðréttur áfrýjenda stofnaðist samkvæmt 2. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963, en með því ákvæði eru tryggðar sjóveðrétti í skipi og farmgjaldi kröfur til launa og annarrar þóknunar, sem stofnazt hafa til handa skipstjóra, skipshöfn og öðrum, sem útgerðarmaður eða skipstjóri hafa ráðið á skip.

Vátryggingarstofnanir samkvæmt upptöldum vátryggingarlögum eru að vísu reknar fyrir atbeina ríkisins að meira eða minna leyti, og vátryggingariðgjöld til þeirra njóta lögveðs í vátryggðum skipum, en vátryggingariðgjöld þessi falla allt að einu eigi undir nefnt ákvæði í 1. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963: „... og önnur slík opinber gjöld sem greiða ber af skip". Væri og óeðlilegt, að vátryggingariðgjöld gengju fyrir björgunarlaunum, sem tryggð eru sjóveðrétti samkvæmt 3. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 og standa því að baki sjóveðtryggðum kröfum samkvæmt 1. tl. 216. gr. og launakröfum skipverja samkvæmt 2. tl. 216. gr., sbr. og 218. gr. laga nr. 66/1963.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að taka kröfur áfrýjenda til greina, en málið er ekki flutt um fjárhæð krafna.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Við úthlutun á uppboðsandvirði v/s Vonarstjörnunnar, GK 26, sem seld var á nauðungaruppboði 19. apríl 1967, greiðist á undan iðgjaldakröfum stefndu, Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu, áður sjóveðrétti tryggðar launakröfur áfrýjenda, Bjarna Guðmundssonar, Sigfúsar Tryggvasonar, Eðvars Björnssonar, Árna Hallgrímssonar, Aðalgeirs Jónssonar, Ólafs Jónssonar, Friðriks Kristjánssonar, Hermanns Stefánssonar, Helga K. Helgasonar, Sigurðar Sigurjónssonar, Klements Johannesens, Ebba Rasmussens, Peturs Lyngvejs, Ola Joensens, Konrads Lauritsens og Jörmunds Zachariasens, ásamt vöxtum og kostnaði.

Stefndu greiði áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 21. september 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 21. september, var í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var á skrifstofu embættisins af Einari Ingimundarsyni sýslumanni, kveðinn upp úrskurður í uppboðsmálinu: Bjarni Guðmundsson, Sigfús Tryggvason, Edvarð Björnsson, Árni Hallgrímsson, Aðalgeir Jónsson, Ólafur Jónsson, Friðrik Kristjánsson, Hermann Stefánsson, Helgi K. Helgason,

Sigurður Sigurjónsson, Klement Johannesen, Ebbi Rasmussen, Petur Lyngvej, Oli Joensen, Konrat Lauritsen og Jörmund Zachariasen gegn Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu.

Í máli þessu, er tekið var til úrskurðar þann 8. ágúst s.l., hefur umboðsmaður sækjenda gert þær kröfur, að við úthlutun uppboðsandvirðis v/s Vonarstjörnunnar, GK 26, sem seld var á nauðungaruppboði í Grindavík þann 19. apríl 1967, verði kröfur þeirra, sem allir eiga sjóveðrétt í skipi og farmgjaldi samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963, látnar ganga fyrir lögveðskröfum Samábyrgðar Íslands og Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu. Þá er af hálfu sækjenda krafizt hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins.

Kröfur umboðsmanns verjenda eru þær, að við úthlutun uppboðsandvirðis v/s Vonarstjörnunnar, GK 26, verði kröfur þeirra látnar ganga fyrir kröfum annarra sjóveðhafa, enda teljist kröfur þeirra til „annarra slíkra opinberra gjalda, sem greiða ber af skipi" í merkingu 216. gr. laga nr. 66/1963.

Af hálfu verjenda hefur ekki verið gerð krafa um málskostnað.

Málavextir eru þeir, sem nú verður lýst:

Svo sem áður segir, fór fram nauðungaruppboð á v/s Vonarstjörnunni, GK 26, sem var þinglesin eign Sigurðar Sigurjónssonar og Borgþórs Sigfússonar, en talin eign Kópaness h/f, þann 19. apríl s.l., og var uppboðið háð í Grindavík, þar sem skipið lá þá við bryggju.

Áður en uppboðið fór fram, höfðu áðurnefndir sjóveðréttarhafar, sækjendur í máli þessu, 16 að tölu, lýst kröfum sínum í væntanlegt uppboðsandvirði skipsins. Námu kröfur þeirra samtals kr. 776.587.37 auk vaxta og kostnaðar og stöfuðu af vist þeirra á skipinu á vetrarvertíðum 1966 og 1967. Einnig höfðu lýst kröfum sínum í uppboðsandvirði skipsins verjendur í máli þessu, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta. Námu kröfur Samábyrgðarinnar upphaflega kr. 207.290.66, en samkvæmt síðari leiðréttingu kr. 214.879.13 auk vaxta og kostnaðar. Kröfur þessar stöfuðu af ógreiddum iðgjöldum vegna bráðafúatryggingar árin 1964 til 1967, og munu iðgjöld 1964 og 1965 hafa verið tryggð með lögtaksgerð í skipinu, áður en lögtaksréttur fyrir þeim fyrntist.

Lýstar kröfur Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu námu samtals kr. 250.880.52 auk vaxta og kostnaðar og stöfuðu af ógreiddum vátryggingariðgjöldum vegna skipsins árin 1966 og 1967.

Á áðurnefndu uppboði varð hæstbjóðandi í skipið Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, og var boð hans kr. 510.000.00. Innan ákveðins frests tilkynnti hann uppboðshaldara, að hann treystist ekki að standa við boð sitt, en til þess var næsthæstbjóðandi, Sigurður Sigurðsson hæstaréttarlögmaður f. h. Samábyrgðar Íslands, hins vegar reiðubúinn, en boð hans nam kr. 500.000.00. Þegar gefa skyldi út uppboðsafsal fyrir hinu selda skipi þann 8. júní s.l., lýsti umboðsmaður næsthæstbjóðanda yfir því, að hann framseldi Áka Jakobssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Fiskverkunarstöðvarinnar Varir s/f í Grindavík boð sitt, og var því uppboðsafsal áðurnefndan dag gefið út til fyrrnefndrar fiskverkunarstöðvar, eftir að umboðsmaður þess fyrirtækis hafði greitt þær lögveðskröfur, hvílandi á hinu selda skipi, sem enginn ágreiningur var um, og auk þess greitt það, sem á vantaði uppboðsandvirðið, kr. 467.010.50.

Þegar við nauðungaruppboðið sjálft var sýnt, að koma mundi til ágreinings milli aðilja þeirra, sem eru sækjendur í máli þessu annars vegar og verjanda í málinu hins vegar, um úthlutun uppboðsandvirðisins, og er mál þetta af þeim ágreiningi risið.

Kröfur sínar hefur umboðsmaður sækjenda rökstutt með því, *að* iðgjaldakröfur verði ekki flokkaðar með þeim kröfum, sem taldar eru í 1. tölul. 1. málsgr. 216. gr. laga nr. 66/1963, en ljóst sé með hliðsjón af 1. málsgr. 218. gr. siglingalaganna, að því aðeins að iðgjaldakröfurnar verði taldar til þeirra gjalda, sem talin eru í 1. tölul. 1. málsgr. 216. gr. siglingalaganna, skuli þær ganga fyrir kröfum samkvæmt 2. tölul. sömu greinar, að gjöld þau, sem talin eru í 216. gr., 1. málsgr., 1. tölul., séu ekki þess eðlis, að vátryggingariðgjöldum til Samábyrgðar og bátaábyrgðarfélaga verði jafnað til þeirra, enda sé ekki unnt að telja, að það eigi að hafa áhrif á forréttindi tryggingarfélaga í uppboðsandvirði skipa, að tryggingarfélagið sé stofnað af ríkinu með ábyrgð ríkissjóðs, og verði tryggingariðgjöld af skipinu því ekki talin til „annarra opinberra gjalda" í skilningi siglingalaganna og beri því sjóveðkröfur samkvæmt 2. tölul. 1. málsgr. 216. gr. siglingalaganna að ganga fyrir iðgjaldakröfum Samábyrgðar Íslands og Bátaábyrgðarfélagsins Gróttu.

Kröfur sínar hefur umboðsmaður verjenda rökstutt með því, *að* augljóst sé, að í siglingalögunum nr. 66/1963 sé samkvæmt greinargerð, sem fylgdi frumvarpinu, er það var lagt fram, ætlazt til, að hugtakið „opinber gjöld" í 1. tölul. 216. gr. laganna merki það sama og hugtakið opinber gjöld í 235. gr. siglingalaga frá

1914, en sú grein nefndra laga hafi verið túlkuð nokkuð víðtækt og hafi iðgjöld til Samábyrgðar Íslands og bátaábyrgðarfélaganna verið talin falla undir þá grein (þ. e. 235. gr. laga nr. 56/1914), *að* Samábyrgð Íslands og bátaábyrgðarfélögin verði að teljast til opinberra stofnana, enda séu um stofnanir þessar sett lög á Alþingi, *að* tryggingar hjá bátaábyrgðarfélögunum og Samábyrgð Íslands séu lögboðnar skyldutryggingar og séu tryggingariðgjöldin því gjöld, sem greiða beri af viðkomandi skipi samkvæmt 1. tölul. 216. gr. siglingalaganna. Leiði af því, að óheimilt sé að fella skip úr tryggingu, þótt vanskil verði á iðgjaldagreiðslum. Þrátt fyrir þetta nái sjóveðréttur fyrir launum skipverja til vátryggingarfjárhæðarinnar. Sé því bersýnilega ósanngjarnt, að kröfur Samábyrgðar Íslands og vélbátaábyrgðarfélaga eigi að þoka fyrir launakröfum skipverja við úthlutun uppboðsandvirðis. Telur umboðsmaður verjenda af því, sem hér að framan er rakið, vera augljóst, að umbjóðendur hans (þ. e. Samábyrgð Íslands og Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta) teljist vera opinberar stofnanir og kröfur þeirra í máli þessu „opinber gjöld" í skilningi 1. tölul. 216. gr. siglingalaganna.

Fallizt verður hér á þau rök umboðsmanns verjenda í máli þessu, að iðgjöld tryggjenda til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og bátaábyrgðarfélaga séu þess eðlis, að rétt sé að telja þau falla undir „önnur slík opinber gjöld" samkvæmt 1. tölul. 1. málsgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Leiðir af því, að kröfur, sem sprottnar eru af vanskilum á greiðslu umræddra iðgjalda, skuli við úthlutun uppboðsandvirðis ganga fyrir öðrum kröfum, sem síðar eru taldar í áðurnefndri lagagrein, þar á meðal launakröfum skipverja. Af 1. málsgr. 10. gr. laga nr. 23/1921 um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, sbr. lög nr. 24/1958, og 3. málsgr. 30. gr. laga nr. 61/1947 um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip virðist hins vegar leiða, að slíkur forgangsréttur krafna vegna vangoldinna iðgjalda nái ekki til annarra iðgjalda en þeirra, sem féllu í gjalddaga á næstu 2 árum áður en úthlutun andvirðis hins vátryggða getur farið fram, þ. e. í þessu tilviki úthlutun uppboðsandvirðist v/s Vonarstjörnunnar, GK 26, sem seld var á nauðungaruppboði þann 19. apríl s.l.

Samkvæmt framansögðu teljast því vangoldin vátryggingariðgjöld af v/s Vonarstjörnunni, GK 26, til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu, sem féllu í gjalddaga á næstu 2 árum fyrir 19. apríl 1967, hafa við úthlutun uppboðsandvirðis nefnds skips forgangsrétt fram yfir aðrar lýstar

kröfur í uppboðsandvirðið, sem taldar eru í 2. tölul. 216. gr. laga nr. 66/1963, þar á meðal launakröfur skipverja á skipinu.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu úrskurðar þessa, og stafar hann af önnum dómarans.

Því úrskurðast:

Vangoldin vátryggingariðgjöld af v/s Vonarstjörnunni, GK 26, til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu, sem féllu í gjalddaga á næstu 2 árum fyrir 19. apríl 1967, skulu við úthlutun uppboðsandvirðis nefnds skips hafa forgangsrétt fram yfir aðrar lýstar kröfur í uppboðsandvirðið, sem taldar eru í 2. tölul. 216. gr. laga nr. 66/1963, þar á meðal launakröfur skipverja á skipinu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 17. maí 1968.

Nr. 141/1967. **Asa Film Production A/s**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Gunnari Indriðasyni og gagnsök
(Hörður Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Vinnulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1967. Eru dómkröfur hans þær, að honum verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 21.945.35 án vaxta og kostnaðar. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu, útgefinni 8. febrúar 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag.

Hann krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 7.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Asa Film Production A/s, greiði gagnáfrýjanda, Gunnari Indriðasyni, kr. 7.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Gunnar Indriðason, Lindarbrekku, Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Asa Film Production A/s, Lyngby, Danmörku, og Just Betzer, sem einnig mun eiga heimili í Danmörku, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 29.496.35 með 7% ársvöxtum frá 4. september 1966 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi stefnukröfuna í kr. 30.356.10, en féll jafnframt frá kröfu um staðfestingu kyrrsetningar, sem gerð hafði verið í stefnu.

Stefndi Asa Film Production A/s hefur í greinargerð krafizt sýknu að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur í málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins. Við munnlegan málflutning krafðist stefndi sýknu gegn greiðslu á kr. 21.945.35, án vaxta og kostnaðar, svo og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Stefndi Just Betzer hefur í greinargerð krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og svo málskostnaðar úr hans hendi eftir mati dómsins.

Við munnlegan málflutning féll stefnandi frá kröfum á hendur stefnda Just Betzer, en sá síðarnefndi hélt fast við málskostnaðarkröfu sína.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1966 var hér á landi unnið að töku kvikmyndar á vegum hins stefnda félags. Fóru kvik-

myndatökur aðallega fram í Vesturdal vestan Jökulsár á Fjöllum og í Hafurstungum austan Jökulsár. Starfsmenn stefnda hófu framkvæmdir til undirbúnings kvikmyndatöku kringum 10. júní, en myndatökur hófust um 20. júlí og var lokið um miðjan ágúst. Á þessum tíma leysti stefnandi af hendi ýmis störf í þágu stefnda, sem auk þess fékk hjá stefnanda ýmsar vörur og þjónustu. Er ágreiningslaust, að stefnanda hafi borið endurgjald að fjárhæð kr. 111.817.35 að viðbættum kr. 859.75, sem gögn voru lögð fram fyrir við munnlegan málflutning, en stefndi telur hins vegar, að stefnandi eigi ekki rétt til vaxta og innheimtukostnaðar af kröfu þessari. Til að hafa umsjón og stjórn framkvæmda vegna ofangreindrar kvikmyndatöku réð stefndi til sín Benedikt Árnason. Skyldi honum samkvæmt ráðningarsamningi heimilt að gera hvers konar fjárhagslegar ráðstafanir, er þörf væri á vegna töku kvikmyndarinnar hér á landi. Samt átti þegar að bera það undir „instruktören", Gabriel Axel, eða þann, er stjórn hins stefnda félags fengi til að vera í fyrirsvari fyrir framleiðanda myndarinnar, ef farið væri fram úr þeirri fjárhæð, er ætluð væri til kostnaðar hérlendis og/eða fyrirframgerðri fjárhagsáætlun. Hefur Benedikt skýrt m. a. svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekki haft prókúru fyrir hið stefnda félag, en hann hafi haft rétt til ráðstöfunar á fé, sem honum hafi verið fengið hverju sinni. Kveðst hann hafa annazt greiðslur fyrir norðan, meðan sjóður entist og nokkru lengur, en eftir að hlaupareikningi hafði verið lokað, hafi það komið í hlut Justs Betzers, sem þá hafi verið kominn til landsins og tekið við fjárreiðum stefnda. Enn fremur hefur Benedikt lýst því, að eigi hafi jafnan verið fyrir hendi nægilegt fé til greiðslu reikninga, enda hefði þá ekki verið farinn bónarvegur um greiðslufrest á launum og reikningum.

Maður er nefndur Örnólfur Árnason. Hafði hann afskipti af ofangreindum kröfum á hendur stefnda. Hann var ráðinn til starfa hjá stefnda af Benedikt Árnasyni, sem hefur lýst starfsviði Örnólfs á þá leið, að hann hafi verið hægri hönd sín við alls konar útréttingar og almenn störf. Hafi Örnólfur, þegar hann sjálfur var ekki við, verið ábyrgur fyrir því að sjá um, að starfsfólk gerði það, sem það átti að gera, sérstaklega framan af, meðan Just Betzer var ókominn norður.

Meðan á töku umræddrar kvikmyndar stóð, varð missætti með þeim Just Betzer og Örnólfi Árnasyni. Var Örnólfi vikið frá störfum, en eftir að sá flokkur manna, sem unnið hafði að töku kvikmyndarinnar á vegum stefnda, var kominn suður til Reykja-

víkur, fékk Just Betzer Örnólf samt til að fara norður til að ganga frá og koma til skila ýmsum munum, er stefndi hafði haft að láni eða til leigu. Hefjast um það leyti fyrrgreind afskipti Örnólfs. Örnólfur hefur m. a. skýrt svo frá fyrir dómi, að hinn 23. ágúst, sama dag og hann lagði af stað norður aftur, hafi hann hringt til Þórarins Haraldssonar í Laufási. Hafi Þórarinn sagt, að þolinmæði hans og fleirri þeirra, sem kröfur ættu á hendur stefnda, væru á þrotum. Hafi Þórarinn kveðið Björn bróður sinn þegar hafa afhent Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni nokkuð af kröfum, samtals um 60 þúsund krónur, til innheimtu og marga bændur vera fylgjandi því að hafa þann hátt á, þar sem hvert loforð á fætur öðru um greiðslu hefði verið svikið. Kveðst Örnólfur hafa beðið Þórarin um að hefjast ekki handa um slíkt og bíða, a. m. k. þar til hann kæmi norður. Hafi hann sagt, að þá yrði hann búinn að fá einhverjar upplýsingar frá fyrirsvarsmönnum stefnda um, hvenær uppgjör mundi fara fram. Segist Örnólfur síðan hafa átt tal við Just Betzer og skýrt honum nákvæmlega frá þessu samtali. Hafi hann beðið Just Betzer að gefa sér einhverjar upplýsingar til að færa bændum og Just Betzer þá sagzt ætla að tala við skrifstofur stefnda í Kaupmannahöfn síðar þann dag og ítreka beiðni sína um, að fé yrði sent án tafar. Hafi Just Betzer tjáð honum að þeim tíma liðnum, sem hann hefði tiltekið, að peningar mundu væntanlegir, en að hann vissi ekki nákvæmlega, hvenær það yrði. Þá skýrir Örnólfur svo frá, að þegar hann hafi hitt Þórarin daginn eftir að Laufási, hafði Þórarinn sagzt hafa stöðvað nokkra kröfuhafa, sem ætlað hefðu að láta reikninga sína í innheimtu hjá lögfræðingum, og fengið umboð til að fjalla um kröfur þessar. Hafi Þórarinn sagt þennan sama morgun, að hann hefði átt símtal við Guðlaug Rósinkranz, sem lofað hefði að tala við forstjóra stefnda, Bent Christensen. Segir Örnólfur, að síðar um daginn hafi Guðlaugur hringt til Þórarins og kveðið Christensen hafa lofað að senda nægilega fjárhæð til að greiða allar skuldir stefnda í Kelduhverfi eigi síðar en föstudaginn 26. ágúst. Kveðst Örnólfur einnig hafa talað við Guðlaug, sem hafi viðhaft við sig sömu ummæli. Hafi Guðlaugur beðið Þórarin að bíða með að senda reikninga þessa til innheimtu og Þórarinn fallizt á það. Hafi Þórarinn jafnframt tekið fram við Guðlaug, að umræddur föstudagur væri alger lokafrestur og að hann mundi biðja hann (Örnólf) fyrir kröfurnar, sem hefði umboð og fyrirmæli um að setja þær í innheimtu eftir þennan tiltekna tíma. Ekki segist

Örnólfur hins vegar hafa tekið við neinum fylgiskjölum, þar sem honum hafði verið tjáð, að þau væru flest í höndum Inga R. Jóhannssonar endurskoðanda, en til hans hafi bændur verið beðnir að senda þá reikninga, sem ekki hefðu þegar verið í fórum Justs Betzers, er kvikmyndaflokkurinn fór suður. Segir Örnólfur, að þegar hér var komið sögu, hafi Þórarinn fengið honum í hendur nafnalista yfir kröfuhafa ásamt upphæðum og sundurliðun á þeim. Þennan lista hafi hann síðar lesið fyrir Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni. Hefur Örnólfur skýrt svo frá, að fyrir norðan hafi verið um það rætt, að Herði Ólafssyni yrði falið að innheimta kröfurnar, ef til innheimtuaðgerða með aðstoð lögfræðings kæmi, og hefði hann stungið upp á Herði. Örnólfur segir enn fremur, að hann hafi skýrt Just Betzer frá því, að hann hefði verið beðinn fyrir umræddar kröfur. Einnig hafi hann sagt honum frá samkomulaginu við Guðlaug Rósinkranz og fyrirmælunum um að afhenda kröfurnar til innheimtu á umræddum tíma. Kveðst Örnólfur hafa átt símtal við Guðlaug Rósinkranz skömmu eftir lokunartíma banka föstudaginn 26. ágúst og spurt hann, hvort peningarnir væru komnir. Hafi Guðlaugur sagt, að svo væri ekki og að hann gæti ekki sagt nákvæmlega til um, hvenær þeirra væri von, en að hann teldi, að það yrði mjög bráðlega. Hafi Guðlaugur beðið hann að reyna að fresta aðgerðum. Kveðst Örnólfur þá hafa átt símtal við Þórarin Haraldsson og skýrt honum frá málavöxtum. Hafi orðið að samkomulagi með þeim að fresta enn aðgerðum, en að hann (Örnólfur) hefði að sinni fullan ákvörðunarrétt um innheimtuaðferðir. Kveðst Örnólfur hafa haft um helgina samband við Just Betzer, sem ekki hafi getað sagt nákvæmlega, hvenær peninga væri von, en kveðizt hafa átt símtal við aðalskrifstofuna í Kaupmannahöfn og enn reynt að herða á peningasendingum. Segist Örnólfur enn hafa átt tal við Guðlaug Rósinkranz síðla mánudags 29. ágúst, sem þá hafi sagt, að skeyti hefði komið frá stefnda þá um morguninn þess efnis, að peningar væru á leiðinni, en að þeir hefðu hins vegar ekki verið komnir til hans, er bankarnir lokuðu þennan dag. Hafi Guðlaugur ekki getað upplýst, hvort þeir væru komnir til banka. Hafi Guðlaugur enn beðið hann að reyna að fresta aðgerðum, og kveðst Örnólfur hafa sagt, að hann mundi gera það, svo framarlega sem Þórarinn Haraldsson samþykkti það. Hins vegar hafi honum borizt vitneskja um, meðan hann beið eftir símtali við Þórarin, að Þórarinn hefði snúið sér beint til Harðar Ólafssonar. Hafi þetta komið

fram í símtali við Hörð Ólafsson. Hafi Þórarinn verið búinn að leggja fyrir Hörð að láta til skarar skríða um innheimtu krafnanna. Segist Örnólfur hafa látið Herði í té fyrrnefndan kröfulista. Örnólfur hefur að gefnu tilefni tilgreint ástæður fyrir ofangreindum afskiptum sínum. Kveðst hann í fyrsta lagi hafa miðað að því að afstýra málssókn, ef þess væri kostur, og að bændur fengju kröfur sínar greiddar, án þess að til hennar kæmi. Í öðru lagi hafi honum ekki þótt hann geta neitað bændum um aðstoð við að innheimta kröfur, sem rætur sínar hafi átt að rekja til þjónustu eða framlaga, sem hann hefði ýmist beðið um sjálfur eða á annan hátt haft afskipti af.

Þegar hæstaréttarlögmaður Hörður Ólafsson hafði fengið ofangreindar kröfur til innheimtu, hóf hann strax aðgerðir í því skyni. Hafa umboðsmenn aðilja rakið í munnlegum málflutningi, hvernig þeim aðgerðum var háttað, en um það er hins vegar með þeim ágreiningur í nokkrum veigamiklum atriðum.

Hinn 29. ágúst ritaði Hörður Ólafsson stefnda hraðbréf, sem hann lét senda Just Betzer, er um þær mundir bjó á Hótel Holti í Reykjavík. Er þar krafið um greiðslu á kröfum níu aðilja á hendur stefnda ásamt vöxtum og kostnaði, og er stefnandi meðal þeirra. Hörður Ólafsson kveðst síðan næsta dag, 30. ágúst, hafa gengið á fund Justs Betzers, sem þá hafi sagt, að hann hefði ekki fengið síðastgreint bréf. Varð úr, að efnt yrði til fundar á skrifstofu Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns daginn eftir, 31. ágúst.

Á síðastgreindum fundi voru þeir Hörður Ólafsson, Ólafur Þorgrímsson, Just Betzer og Ingi R. Jóhannsson, sem fyrr er nefndur. Segir Hörður Ólafsson, að Ingi R. Jóhannsson hafi haft undir höndum reikninga, samtals að fjárhæð kr. 223.859.00, frá ofangreindum 9 kröfuhöfum, en kröfur þeirra hafi hins vegar numið samtals kr. 435.178.45 án vaxta og kostnaðar. Hafi Just Betzer greitt eftir nokkurt þóf samtals kr. 142.405.55 upp í kröfur fimm þessara níu kröfuhafa. Hafi virzt, að greitt væri af handahófi og að greiðslur réðust fyrst og fremst af því, að til ráðstöfunar væru ca. 150 þúsund krónur. Kvittaði Hörður Ólafsson fyrir umræddri fjárhæð með fyrirvara, enda kveðst hann ekki hafa vitað, hverja reikninga verið væri að greiða né verið boðið að sjá reikningana. Er ekki um það deilt, að af þessari fjárhæð hafi kr. 90.214.50 gengið upp í kröfu stefnanda, og er einnig ágreiningslaust, að í umræddri fjárhæð hafi ekki verið falin nein innheimtulaun. Segir Hörður, að Just Betzer

hafi sagzt hafa fyrirmæli um að greiða ekki innheimtulaun. Enn fremur segir Hörður, að í veðri hafi verið látið vaka á þessum fundi af hálfu þeirra Justs Betzers, Ólafs Þorgrímssonar og Inga R. Jóhannssonar, að frekari greiðslur fengjust, ef reikningum væri framvísað. Kveðst Hörður hafa sagt, að hann kæmi, þegar hann væri búinn að fá skjöl að norðan, en hann hafi hins vegar ekki sagt, að það yrði þá um kvöldið, þ. e. 31. ágúst.

Ólafur Þorgrímsson segir, að á umræddum fundi 31. ágúst hafi Herði Ólafssyni verið tjáð, að hann gæti fengið greiðslu daginn eftir gegn framvísun reikninga, en í stað þess að koma, svo sem hann hefði lofað, hafi Hörður látið leggja löghald á eignir stefnda hinn 1. september. Kveðst Ólafur hafa mælt með því á fundinum hinn 31. ágúst, að greidd yrðu hálf innheimtulaun. Hafi Just Betzer hringt til Kaupmannahafnar þann sama dag gagngert í því skyni að bera það undir fyrirsvarsmenn stefnda þar, en þeir hafi ekki getað fallizt á að greiða innheimtulaun.

Ingi R. Jóhannsson hefur í vottorði skýrt svo frá, að um leið og greiðslan fór fram á fundinum 31. ágúst, hafi Hörður tjáð þeim, að hann ætti von á skjölum viðvíkjandi kröfum umbjóðanda síns þá um kvöldið með pósti og að hann mundi þá reyna að hafa samband „við okkur" til að fá frekari greiðslu.

Svo sem fram er komið, lét umboðsmaður stefnanda hinn 1. september leggja löghald á ýmsa muni í eigu stefnda til tryggingar greiðslu krafna þeirra níu aðilja, sem að framan greinir, þar á meðal stefnanda. Var löghald þetta framkvæmt í fógetarétti Reykjavíkur, sem haldinn var að Hótel Holti. Var enginn af fyrirsvarsmönnum stefnda viðstaddur. Löghald þetta var fellt niður í fógetaréttinum þriðjudaginn 6. september, en þá lagði umboðsmaður fram yfirlýsingu Búnaðarbanka Íslands um, að bankinn tækist á hendur ábyrgð á allt að 420 þúsund króna kröfum Harðar Ólafssonar á hendur stefnda vegna fyrrnefndra löghaldskrafna, og sætti Hörður Ólafsson sig við þessa bankatryggingu.

Að sögn Harðar Ólafssonar kom Þórarinn Haraldsson, bóndi í Laufási, sem fyrr er um getið, til Reykjavíkur fimmtudaginn 1. september, en að ráði hafi orðið, að hann kæmi til Reykjavíkur með þau gögn, sem hann hefði í höndum. Hafi þeir Þórarinn kannað þessi gögn föstudaginn 2. og laugardaginn 3. september. Hafi nú bætzt við kröfur 17 manna auk þeirra níu aðilja, sem ræðir um hér að framan. Hörður Ólafsson kveðst hafa ritað

lögmanni stefnda, Ólafi Þorgrímssyni, tvö bréf, sem hann hafi afhent Ólafi Þorgrímssyni á skrifstofu hans að morgni laugardagsins 2. september. Í öðru bréfinu er m. a. yfirlit yfir kröfur áðurnefndra níu aðilja, þ. á m. stefnanda. Er tilgreint, að kröfufjárhæðin sé kr. 34.496.35, sem eru eftirstöðvar fyrrgreindrar kröfu stefnanda að við bættum málskostnaði. Segir Hörður, að hverri kröfu hafi fylgt yfirlitsreikningur. Hörður Ólafsson skýrir svo frá, að staddir hafi verið á skrifstofu Ólafs Þorgrímssonar, þegar hann afhenti framangreind gögn, þeir Ingi R. Jóhannsson, Just Betzer og Michaelsen, fjármálaframkvæmdastjóri stefnda, en í fylgd með sér hafi verið Þórarinn Haraldsson. Telur Hörður, að Ólafur hafi sennilega afhent þeim Betzer og Michaelsen umrædd gögn til athugunar yfir helgina. Enn segist Hörður hafa hitt Ólaf Þorgrímsson að máli síðari hluta laugardaginn 3. september. Hafi Þórarinn einnig þá verið í fylgd með honum, enda hafi þeir ætlað að fá fregnir hjá Ólafi, þar sem Þórarinn hefði verið á förum norður. Ólafur Þorgrímsson hefur ekki kannazt við að hafa fengið þau bréf í hendur, sem ræðir um hér að framan, fyrr en mánudaginn 5. september.

Í málflutningi aðilja hefur verið á því byggt, að eftirstöðvar af upphaflegri kröfu stefnanda nemi kr. 21.945.35. Að öðru leyti er í kröfu stefnanda falin innheimtulaun, sem hann telur sig eiga rétt á að fá greidd úr hendi stefnda af þeim hluta kröfunnar, er samkvæmt framansögðu fékkst greiddur hinn 31. ágúst. Telur stefnandi, að eigi hafi verið gripið til róttækari innheimtuaðgerða en efni stóðu til. Er því haldið fram af stefnanda, að stefndi, sem verið hafi kunnugt um skuldina, hafi átt að bjóða fram greiðslu. Þess í stað hafi sá flokkur manna, sem vann að kvikmyndatöku á vegum stefnda norðanlands, haldið þaðan á brott mjög skyndilega án þess að gera nokkrum héraðsmanna viðvart. Hafi því ótvírætt verið um vanskil að ræða. Telur stefnandi, að fyllilega hafi verið réttmætt að fá löghald lagt á eignir stefnda hérlendis, þar sem brottför af landinu hafi staðið fyrir dyrum og löghaldið því nauðsynlegt til að tryggja bæði aðfararandlag og varnarþing hér á landi. Andmæli sín gegn málskostnaðarkröfu stefnda Justs Betzers styður stefnandi fyrst og fremst þeim rökum, að Just Betzer hafi staðið fyrir stofnun mikilla vanskilaskulda á hendur hinu stefnda félagi og hafi leikið fullkominn vafi á, hvort hið stefnda félag mundi fást til að greiða þær. Hafi það heldur ekki viðurkennt aðild sína fyrr en í greinargerð. Hafi stefnanda því verið vorkunn, að hann til öryggis beindi kröfum

sínum fyrst í stað einnig gegn Just Betzer. Þá telur stefnandi, að Just Betzer hafi ekkert tjón beðið vegna málshöfðunar þessarar.

Stefndi Asa Film Production A/s rökstyður kröfur sínar með því, að innheimtuaðgerðir stefnanda hafi verið gersamlega að ófyrirsynju. Umrædd krafa hafi verið afhent til innheimtu, áður en stefnda gæfist tóm til að greiða hana. Þegar lögmaður stefnanda hafi komið á skrifstofu lögmanns stefnda hinn 31. ágúst til að fá uppgjör, hafi hann engin gögn haft í höndum. Hafi lögmaður stefnanda sagt, að hann fengi öll gögn send að norðan þá um kvöldið. Hafi lögmaðurinn lofað að koma til að fá uppgert, þegar hann væri búinn að fá reikningana í hendur. Þess í stað hafi hann hins vegar látið leggja löghald á eignir stefnda hinn 1. september, svo sem áður er fram komið. Er lögð á það rík áherzla af hálfu stefnda, að stefndi hafi ætíð verið reiðubúinn að gera upp skuld sína við stefnanda, enda hafi stefnda hvorki brostið greiðslugetu né skort á um greiðsluvilja af hálfu stefnda. Hafi stefnandi hafið málssókn með framangreindu löghaldi, þótt hann hefði ekki neitt í höndum, hvorki reikninga né önnur gögn. Hafi því ekki legið fyrir neinar löglegar kröfur á hendur stefnda. Er því og haldið fram, að stefnanda hafi verið í lófa lagið að stefna án löghalds, þar sem starfsflokkur stefnda hafi verið hér á landi til 10.—12. september.

Stefndi Just Betzer styður kröfur sínar fyrst og fremst með því, að málssókn á hendur honum hafi verið gersamlega tilefnislaus. Hafi aldrei leikið á því neinn vafi, hver væri staða stefnda Justs Betzers. Hafi hann aðeins verið starfsmaður stefnda Asa Film Production A/s. Hafi jafnan legið ljóst fyrir, að síðastgreint fyrirtæki stæði að umræddri kvikmyndatöku og að það bæri eitt ábyrgð á skuldbindingum, sem Just Betzer og aðrir hefðu gengizt undir í því sambandi fyrir þess hönd. Þá er tekið fram, að Just Betzer hafi ekki einu sinni verið vörzlumaður þeirra muna, sem kyrrsettir voru, heldur Gabriel, leikstjóri hjá hinu stefnda félagi.

Um það leyti, sem krafa stefnanda var fengin lögmanni til innheimtu, hafði erlent starfslið og fyrirsvarsmenn stefnda Asa Film Production A/s haldið brott af Norðurlandi, og var eigi annað vitað en að fyrir dyrum stæði brottför af landinu. Hafði því eigi verið gerð að því nein gangskör af hálfu hins stefnda félags að ná samningum um greiðslu þeirra skulda, sem stefnandi og ýmsir aðiljar aðrir töldu til á hendur stefnda, né sett nein viðhlítandi trygging fyrir greiðslu þeirra, svo sem telja

verður þó, að því hafi verið skylt. Að svo vöxnu máli var stefnanda rétt að leita aðstoðar lögmanns við innheimtu kröfu sinnar á hendur hinu stefnda félagi, sem samkvæmt framansögðu var í vanskilum. Með hliðsjón af þessum atvikum verður heldur ekki litið svo á, að lögmaður stefnanda hafi gripið til róttækari aðgerða um innheimtu en efni stóðu til, sbr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 18/1949. Þar sem óttast mátti, að fyrirsvarsmenn og starfslið hins stefnda félags héldu þá og þegar úr landi með muni félagsins, varð þess eigi krafizt af stefnanda, að af hans hálfu væri þegar í upphafi lagðir fram reikningar fyrir stefnukröfunni eða sundurliðun á henni, enda um vanskil að ræða af hálfu stefnda, svo sem að framan greinir. Er og ekki vefengt, að af hálfu stefnanda hafi verið gerð krafa um greiðslu ákveðinnar fjárhæðar, sem síðan reyndist vera því sem næst rétt tilgreind. Þá þykir varhugavert að fullyrða, að lögmaður stefnanda hafi með yfirlýsingum eða með framkomu sinni á annan hátt veitt fyrirsvarsmönnum stefnda ástæðu til að ætla, að ekki yrði til þeirra innheimtuaðgerða gripið, sem samkvæmt framansögðu var beitt. Undanfærsla stefnda undan greiðslu kröfu stefnanda og kostnaðar af henni var því ekki á rökum reist og málssókn stefnanda þess vegna ekki að ófyrirsynju. Ber að dæma hið stefnda félag til að greiða stefnanda málskostnað, en ekki þykir rétt að dæma til greiðslu innheimtukostnaðar sérstaklega. Þykir málskostnaður eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 14.000.00. Þá ber stefnanda vextir, svo sem krafizt hefur verið.

Málssókn á hendur stefnda Just Betzer hefur ekki verið nægilega réttlætt. Verður þess vegna að dæma honum málskostnað úr hendi stefnanda, sem ákveðst kr. 1.500.00.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Asa Film Production A/s greiði stefnanda, Gunnari Indriðasyni, kr. 21.945.35 með 7% ársvöxtum frá 4. september 1966 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi, Gunnar Indriðason, greiði stefnda Just Betzer kr. 1.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. maí 1968.

Nr. 143/1967. **Asa Film Production A/s**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Örnólfi Árnasyni og gagnsök
(Hörður Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Vinnulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1967. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu, útgefinni 8. febrúar 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms, að því er aðaláfrýjanda varðar, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi sundurliðaði kröfur sínar fyrir héraðsdómi þannig:

1.	Laun tímabilið frá 10. júní til 5. september 1966	kr. 62.143.23
2.	6% orlofsfé	— 3.728.59
3.	Innheimtulaun af kr. 3.546.05	— 887.00
4.	Útgjöld vegna aðaláfrýjanda	— 3.441.80
5.	Kostnaður við dvöl á Akureyri 8.—19. ágúst 1966, ferðakostnaður o. fl.	— 6.379.00
	Samtals	kr. 76.579.62
	Til frádráttar greiðsla aðaláfrýjanda í reiðufé	— 29.546.05
		Kr. 47.033.57
	Ennfremur til frádráttar greiðsla aðaláfrýjanda á kröfum á hendur gagnáfrýjanda	— 8.966.00
		Kr. 38.067.57

Héraðsdómur, sem gagnáfrýjandi krefst, að staðfestur verði, taldi 3. kröfulið til málskostnaðar og lækkaði 5. kröfulið í kr. 5.000.00, en tók að öðru leyti kröfur gagnáfrýjanda til greina.

Aðaláfrýjandi reisir sýknukröfu sína á því, að af kröfum gagnáfrýjanda beri einungis að taka til greina kröfu hans um laun frá 10. júní til 7. ágúst 1966, samtals kr. 41.400.00, en þessa fjárhæð hafi hann innt af hendi með greiðslu ýmissa reikninga á hendur gagnáfrýjanda, samtals kr. 11.853.95 (15.295.75 ÷ 3.441.80), og með kr. 29.546.05 í reiðufé.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að fallast á úrlausn hans um kröfuliði 1—4. Krafa gagnáfrýjanda samkvæmt 5. kröfulið er fyrir útgjöld, sem stofnað var til, eftir að honum var sagt upp starfi. Eigi hefur hann sýnt fram á, að hann eigi rétt til þeirra. Verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina. Aðilja greinir á um reikninga, sem aðaláfrýjandi kveðst hafa greitt, en gagnáfrýjanda hafi borið að greiða. Samtals eru reikningar þessir að fjárhæð kr. 15.295.75. Frá þessari fjárhæð hefur aðaláfrýjandi dregið kr. 3.441.80 (3.263.80 + 178.00), en það eru útgjöld, sem gagnáfrýjandi innti af hendi og viðurkennt er, að aðaláfrýjandi átti að standa skil á (4. kröfuliður). Af heildarfjárhæðinni, kr. 15.295.75, hefur gagnáfrýjandi viðurkennt kr. 8.966.00, en gegn andmælum hans hafa eigi verið færðar sönnur á frekari greiðsluskyldu.

Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 30.801.57 (62.143.23 + 3.728.59 + 3.441.80 ÷ 29.546.05 ÷ 8.966.00) ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Asa Film Production A/s, greiði gagnáfrýjanda, Örnólfi Árnasyni, kr. 30.801.57 með 7% ársvöxtum frá 6. september 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júlí 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 23. júní s.l., hefur Örnólfur Árnason, Ljósheimum 12, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Asa Film Production A/s, Lyngby, Danmörku, og Just Betzer, sem einnig mun eiga heimili í Danmörku, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 35.195.75 með 7% ársvöxtum frá 4. september 1966 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá öllum kröfum sínum á hendur stefnda Just Betzer, en hækkaði hins vegar kröfur sínar á hendur stefnda Asa Film Production A/s upp í kr. 41.067.57. Í munnlegum málflutningi kom þó fram af hálfu stefnanda viðurkenning á greiðslu úr hendi stefnda, er draga bæri frá síðastgreindri fjárhæð, að upphæð kr. 3.000.00, þannig að fjárhæð sú, sem krafizt er, nemur samtals kr. 38.067.57. Í stefnu er krafizt staðfestingar á kyrrsetningu, sem gerð var í eignum hins stefnda félags til tryggingar þeirri fjárhæð, er í stefnu greinir, en við munnlegan málflutning var fallið frá staðfestingarkröfunni, enda hafði kyrrsetningunni verið aflétt.

Stefndi Asa Film Production A/s krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Stefndi Just Betzer hefur í greinargerð krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins. Við munnlegan flutning málsins hélt stefndi Just Betzer fast við kröfu sína um málskostnað.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1966 var hér á landi unnið að töku kvikmyndar á vegum hins stefnda félags. Fóru kvikmyndatökur aðallega fram í Vesturdal vestan Jökulsár á Fjöllum og í Hafurstungum austan Jökulsár, en starfslið stefnda, sem að kvikmyndagerðinni vann, hafði aðsetur í skóla- og samkomuhúsi Keldhverfinga, Skúlagarði. Framkvæmdir til undirbúnings kvikmyndatökunni hófust 10. júní, og myndatökur norðanlands byrjuðu síðan um 20. júlí. Var þeim lokið um miðjan ágúst.

Til að hafa umsjón og stjórn framkvæmda vegna ofangreindrar kvikmyndatöku réð stefndi til sín Benedikt Árnason leikstjóra. Skyldi honum samkvæmt ráðningarsamningi heimilt að gera hvers konar fjárhagslegar ráðstafanir, er þörf væri á vegna töku kvikmyndarinnar hér á landi. Samt átti þegar að bera það undir „instruktören", Gabriel Axel, eða þann, er stjórn hins stefnda félags fengi til að vera í fyrirsvari fyrir framleiðanda myndarinnar, ef farið væri fram úr þeirri fjárhæð, er ætluð væri til

kostnaðar hérlendis og/eða fyrirframgerðri fjárhagsáætlun. Hefur Benedikt skýrt m. a. svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekki haft prókúru fyrir hið stefnda félag, en hann hafi haft rétt til ráðstöfunar á því fé, sem honum hafi verið fengið hverju sinni. Kveðst hann hafa annazt greiðslur fyrir norðan, meðan sjóður entist og nokkru lengur, en eftir að hlaupareikningi hafði verið lokað, hafi það komið í hlut Justs Betzers, sem þá hafi verið kominn til landsins og tekið við fjárreiðum stefnda.

Stefnandi máls þessa var ráðinn til starfa af Benedikt Árnasyni. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda, en í vottorði, sem Benedikt hefur undirritað og lýst rétt fyrir dómi, segir, að hann hafi ráðið stefnanda „til að starfa við upptöku kvikmyndarinnar „Den röde kappe" frá 10. júní s.l. og allt til þess, að upptökum væri lokið hér á landi". Segir enn fremur í vottorðinu, að umsamin laun stefnanda hafi verið kr. 5.000.00 á viku. Fyrir dómi hefur Benedikt skýrt svo frá, að við ráðningu stefnanda hafi ekki verið minnzt á orlof. Hafi kr. 5.000.00 á viku átt að vera heildarlaun til stefnanda.

Stefnandi hefur fyrir dómi lýst ráðningarkjörum sínum á þá leið, að hann hafi átt að fá kr. 5.000.00 á viku auk fæðis, húsnæðis og alls ferðakostnaðar. Hins vegar hafi ekki verið minnzt á orlof. Hefur stefnandi aftur á móti skýrt svo frá, að um hafi verið talað, að á sunnudögum yrði frí, sem þá gilti fyrir alla starfsmenn, eða einhvern annan dag vikunnar, ef t. d. svo viðraði, að upptaka væri ekki möguleg þann dag, en aldrei kveðst stefnandi hafa fengið frí á sunnudögum fremur en aðra daga.

Benedikt Árnason hefur lýst starfssviði stefnanda á þá leið, að hann hafi verið sín hægri hönd við alls konar útréttingar og almenn störf. Hafi stefnandi, þegar hann sjálfur (Benedikt) var ekki við, átt að sjá um, að starfsfólk gerði það, sem það átti að gera, sérstaklega framan af, meðan Just Betzer var ókominn norður. Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi verið ráðinn sem aðstoðarmaður Benedikts Árnasonar frá því fyrstu framkvæmdir til undirbúnings kvikmyndatökunnar hæfust og þar til upptöku kvikmyndarinnar lyki hér á landi.

Just Betzer, sá er fyrr er nefndur, kom norður um það leyti, sem kvikmyndatakan hófst. Vék Just Betzer stefnanda frá störfum hinn 7. ágúst, og skal hér á eftir það rakið, sem fram hefur komið um það efni og máli getur skipt.

Stefnandi skýrir svo frá, að Just Betzer hafi sagt sér upp störfum sunnudaginn 7. ágúst. Um hádegisbilið daginn áður hafi

hann farið með filmur til Akureyrar, en filmurnar hafi átt að senda til Kaupmannahafnar. Með fullu samþykki Benedikts Árnasonar kveðst stefnandi hafa fengið leyfi til að koma ekki aftur fyrr en daginn eftir, enda hafi verið fullskipað í bílinn til baka á laugardaginn. Segist stefnandi hafa sent áðurnefndar filmur með flugvél kl. 0900 um kvöldið. Skýrir stefnandi svo frá, að hann hafi komið til baka um klukkan hálf eitt (þ. e. sunnudaginn 7. ágúst) ásamt leikaranum Gísla Alfreðssyni. Hafi Just Betzer verið sér mjög reiður fyrir að hafa verið í burtu. Hafi Just Betzer tekið fram, að hann væri „produktionsleder" fyrir alla kvikmyndina, en Benedikt aðeins „produktionsleder" á Íslandi, og stefnandi þess vegna átt að fá leyfi hjá honum. Stefnandi segist þá hafa bent Just Betzer á, að hann (Just Betzer) hefði ekki verið í Skúlagarði, heldur í Konungsgarði, og talstöðvarsamband auk þess verið óvenju slæmt á þessum tíma. Að öðrum kosti hefði hann (stefnandi) látið hann vita af því, að hann mundi gista á Akureyri, en annars hefði honum (stefnanda) fundizt fullnægjandi að fá leyfi hjá yfirmanni sínum, þ. e. Benedikt Árnasyni, sem hafi ráðið hann til starfsins.

Benedikt Árnason segir, að stefnandi hafi aldrei farið til Akureyrar án samþykkis hans, en stefnandi hafi aftur á móti fengið tvisvar leyfi til að fara til Akureyrar seinni part laugardags og þá komið til baka um hádegisbil á sunnudag. Segist Benedikt ekki hafa haft samráð við Just Betzer um þessi leyfi stefnanda, enda hafi hann talið sig geta staðið fyrir þeim sjálfur. Ber Benedikt og stefnanda að öllu leyti saman um tilefni fyrrgreindrar farar stefnanda til Akureyrar hinn 6. ágúst og dvöl hans þar. Hefur Benedikt tekið fram, að síðastnefnd för stefnanda til Akureyrar hafi ekki gefið tilefni til uppsagnar stefnanda. Hafi hann talið ástæðuna til uppsagnarinnar vera fyrst og fremst þá, að skaplyndi stefnanda og Justs Betzers hafi ekki átt saman. Segist Benedikt hafa f. h. Justs Betzers beðið stefnanda að fara og hafi sér skilizt, að ástæðan væri hreinlega „Jeg kan ikke tåle ham".

Eftir uppsögnina kveðst stefnandi hafa farið til Akureyrar og dvalið þar að beiðni Benedikts, sem hafi vitað um uppsögnina, og beðið fyrirmæla til 19. ágúst. Fór stefnandi þá suður til Reykjavíkur, þar sem honum höfðu þá borizt fregnir af því, að starfsmenn stefnda væru farnir suður.

Eftir að stefnandi var samkvæmt framansögðu kominn til Reykjavíkur, gekk hann á fund þeirra Justs Betzers og Benedikts Árnasonar. Fól sá fyrrnefndi stefnanda að fara norður og

inna þar af hendi nokkur störf fyrir hið stefnda félag. Segir stefnandi, að Just Betzer hafi beðið hann að fara norður til að ganga frá og koma til skila ýmsum hlutum, sem stefnandi hefði sjálfur fengið að láni eða leigða, svo og öðrum þeim hlutum, sem væru í reiðuleysi í Skúlagarði. Ekki kveðst stefnandi hafa lokið þessum störfum. Hafi þær ástæður legið til þess, að nær öllum munum hafi verið komið fyrir í einu herbergi í Skúlagarði. Hafi umsjónarmaður á staðnum, Kári Þórarinsson, lokið herberginu upp, og segist stefnandi hafa tekið föt nokkurra starfsmanna, en aðra muni hafi Kári neitað að láta af hendi, þar sem hann hafði lagt hald á þá til tryggingar kröfum sínum á hendur hinu stefnda félagi. Kveðst stefnandi hafa skrifað upp þá muni, sem hann hefði fengið að láni eða kannazt við að öðru leyti. Segir stefnandi, að hann hafi látið Kára í té nægilegar upplýsingar, til að hann gæti komið munum til skila. Segist stefnandi hafa geymt listann um hríð, en eigi vita, hvar hann væri niður kominn. Þá hefur stefnandi rakið afskipti sín af þvotti, er var í þvottahúsi á Húsavík. Enn fremur skýrir stefnandi svo frá, að hann hafi skýrt Just Betzer nákvæmlega frá árangri ferðarinnar og afhent þá muni, sem hann hafi fengið fyrir norðan.

Í síðari norðanferð sinni hafði stefnandi afskipti af kröfum, sem ýmsir aðiljar töldu til á hendur hinu stefnda félagi. Tók stefnandi meira að segja þátt í heimtu þeirra úr hendi stefnda. Að gefnu tilefni hefur stefnandi tilgreint þær ástæður fyrir þessum afskiptum sínum, að hann hafi í fyrsta lagi viljað afstýra málssókn, ef þess væri kostur, og að bændur fengju kröfur sínar greiddar, án þess að til hennar kæmi. Í öðru lagi hafi honum ekki þótt hann geta neitað bændum um aðstoð við að innheimta kröfur, sem rætur sínar hafi átt að rekja til þjónustu eða annarra framlaga, er hann hefði ýmist beðið um sjálfur eða á annan hátt haft afskipti af.

Kröfur stefnanda má sundurliða þannig:

1.	Laun tímabilið frá 10. júní til 5. september 1966	kr. 62.143.23
2.	6% orlofsfé	— 3.728.59
3.	Innheimtulaun af kr. 3.546.05	— 887.00
4.	Útgjöld vegna stefnda Asa Film Production A/s	— 3.441.80
5.	Kostnaður við dvöl á Akureyri 8.—19. ágúst 1966, ferðakostnaður o. fl.	— 6.379.00

eða samtals kr. 76.579.62

Frá ofangreindri fjárhæð viðurkennir stefnandi, að beri að draga kr. 29.546.05, sem hann hefur fengið greitt úr hendi stefnda Asa Film Production A/s í reiðufé, svo og kr. 8.966.00, en síðastgreind fjárhæð stafar af því, að stefndi hefur greitt ýmsar kröfur á hendur stefnanda. Nemur sú fjárhæð, sem stefnandi þannig viðurkennir, að koma eigi til frádráttar, samtals kr. 38.512.05. Fæst þá fram fjárhæð sú, sem krafizt er, kr. 38.067.57.

Um 1. Kröfur sínar undir þessum lið byggir stefnandi á því, að hann hafi verið ráðinn til starfa hjá stefnda Asa Film Production A/s frá 10. júní að telja, unz kvikmyndagerð var lokið, eða 5. september 1966. Er því jafnframt mótmælt af hálfu stefnanda, að stefnandi hafi með vanrækslu eða á annan hátt brotið af sér í starfi. Komi því ekki til greina frádráttur launa vegna lögmætrar uppsagnar né brots gegn starfsskyldum.

Að því er tekur sérstaklega til þessa kröfuliðar, reisir stefndi Asa Film Production A/s kröfur sínar einkum á því, að stefnanda hafi með lögmætum hætti verið sagt upp starfinu hinn 8. ágúst vegna framkomu hans og fjarvistar frá starfi. Leiki ekki neinn vafi á því, að Just Betzer hafi verið heimilt að segja stefnanda upp störfum, en Just Betzer hafi verið fulltrúi stefnda á Íslandi, svo sem óbeint sé viðurkennt af stefnanda. Þá er því mótmælt, að Benedikt Árnasyni hafi verið heimilt að gera tímabundinn samning við stefnanda. Sé og á það að líta, að stefnandi hafi ekki mátt víkja frá nótt né dag án samþykkis Justs Betzers, ef um fastráðningu hefði verið að ræða. Um síðari ferð stefnanda norður er tekið fram af hálfu stefnda, að stefnandi hafi í þeirri ferð lítið sem ekkert gert af því, sem honum hafði verið falið. Beri honum því tæplega laun fyrir þessa ferð. Telur stefndi, að stefnanda beri þess vegna aðeins laun fyrir þann tíma, er stefndi þáði vinnu stefnanda, þ. e. frá 10. júní til 7. ágúst.

Ágreiningslaust er, að Benedikt Árnason hafi við ráðningu starfsmanna í þágu umræddrar kvikmyndagerðar komið fram í umboði hins stefnda félags. Meðal þeirra manna, sem Benedikt réð, var stefnandi máls þessa, og er ekki vefengt, að hann hafi verið ráðinn frá 10. júní 1966 og allt til þess tíma, er upptökum væri lokið hér á landi. Verður ekki séð, að Benedikt Árnason hafi þarna farið út fyrir umboð sitt, þótt einhver vafi kunni að leika á heimild hans gagnvart hinu stefnda félagi. Er og ekki komið fram, að stefnanda hafi verið kunnugt um takmarkanir á umboði Benedikts. Samkvæmt þessu verður að telja hið stefnda

félag hafa verið bundið við þann ráðningartíma, er hér um ræðir.

Svo sem fram hefur komið, er því haldið fram af hálfu hins stefnda félags, að stefnandi hafi eigi mætt til starfa, þótt hann hafi ekki haft leyfi réttra aðilja til fjarvista sinna. Benedikt Árnason hefur aftur á móti borið, að hann hafi veitt stefnanda til þess leyfi, og telur Benedikt sig hafa verið bæran um það. Verður ekki fullyrt, að af hálfu hins stefnda félags hafi stefnanda verið gert nægilega ljóst, að ekki væri nægilegt að fá leyfi Benedikts, sem félagið hafði falið að vera á ýmsan hátt í fyrirsvari fyrir það hér á landi. Verður þegar af þessum sökum ekki lagt til grundvallar, að stefnandi hafi vegna fjarvista vanrækt störf sín, svo að uppsögn eða lækkun launa hafi verið heimil. Ekki verður heldur talin næg ástæða til að svipta stefnanda launum þann tíma, er gekk til síðari ferðar hans norður. Á stefnandi því laun fyrir þann tíma, er ráðning hans tók til. Ber samkvæmt því, sem áður hefur verið rakið, að telja 10. júní 1966 marka upphaf þess tímabils, en 5. september s. á. lok þess, enda virðist mega telja málflutning aðilja á því byggðan, að kvikmyndatökum hafi verið lokið þann dag. Er launakrafa stefnanda samkvæmt þessum lið því ekki of hátt reiknuð.

Um 2. Kröfulið þessum er mótmælt af hálfu stefnda. Ekki verður lagt til grundvallar, að aðiljar hafi gengið út frá því í samningum sínum, að í umsömdum launum væri falið orlofsfé. Þar sem ekki verður á því byggt, að stefnandi hafi tekið orlof á þeim tíma, er honum samkvæmt framansögðu ber laun úr hendi stefnda, á hann rétt á 6% orlofsfé af launum sínum. Verður þessi liður því tekinn til greina.

Um 3. Hér er um innheimtulaun að ræða af fjárhæð, sem greidd var stefnanda, eftir að til innheimtuaðgerða kom. Verður höfð hliðsjón af því við ákvörðun málskostnaðar.

Um 4. Lið þessum er ekki mótmælt, og verður hann því tekinn til greina.

Um 5. Stefnandi rökstyður kröfur sínar samkvæmt þessum lið með því, að hann hafi eftir ráðningarsamningi sínum átt að fá greitt fæði og húsnæði og enn fremur greiddan ferðakostnað. Er einnig tekið fram af hálfu stefnanda, að hann hafi að beiðni Benedikts Árnasonar beðið átekta á Akureyri, eftir að Just Betzer sagði honum upp störfum hinn 7. ágúst, þar sem ætlunin hafi verið, að stefnandi kæmi til skila ýmsum munum, sem fengnir höfðu verið að láni til starfsemi hins stefnda félags.

Stefnandi hefur lagt fram gögn til stuðnings þessum kröfulið. Í fyrsta lagi er að geta ókvittaðs reiknings, dskj. nr. 3, „Frá Heimavist MA“ á hendur „A.S.A. Film, c/o Örnólfur Árnason“. Er reikningstímabilið tilgreint vera frá 7. til 19. ágúst, og sundurliðast reikningsfjárhæðin kr. 4.647.00 þannig, að kr. 3.360.00 eru taldar vera leiga fyrir eitt eins manns herbergi, kr. 907.00 vegna símtala við Skúlagarð og Reykjavík og kr. 380.00 fyrir mat. Í öðru lagi er lagður fram kvittaður reikningur frá „Heimavist M.A.“ á hendur stefnanda að fjárhæð kr. 603.00. Í reikningnum er tilgreint, að hann taki til daganna 23.—25. ágúst 1966, og sundurliðast reikningsfjárhæðin, kr. 603.00, þannig, að kr. 560.00 eru fyrir „1x1 m herbergi“, kr. 10.00 fyrir „1 gos“ og kr. 33.00 fyrir símtal „v/Lindabrk“. Þá er í þriðja lagi lagður fram reikningar að fjárhæð kr. 516.00, sem eru fyrir akstur með leigubifreiðum bæði á Akureyri og í Reykjavík. Í fjórða lagi leggur stefnandi fram reikninga fyrir fargjaldi, sem hann segir vera fyrir ferð „Akureyri/Skúlagarður“, og er reikningsfjárhæðin kr. 190.00. Í fimmta lagi eru lagðir fram tveir reikningar, samtals að fjárhæð kr. 132.00, fyrir símtal stefnanda við Just Betzer og Jóhannes Eiríksson. Loks eru í sjötta lagi lagðar fram 4 staðgreiðslunótur Hótels Húsavíkur og KEA, dags. 13., 17., 18. og 24. ágúst 1966, fyrir mat og aðrar veitingar. Um röksemdir af hálfu stefnda gegn þessum lið má vísa til þess, sem fram er komið af hans hálfu hér að framan varðandi kröfulið 1. Auk þess er af hálfu stefnda tekið fram, að reikningurinn á dskj. nr. 3 beri ekki með sér, að hann sé greiddur og auk þess sé hér um að ræða ýmsar staðgreiðslunótur, er séu stefnda óviðkomandi.

Ekki er vefengt, að stefnandi hafi samkvæmt ráðningarsamningi átt að fá ferðakostnað sinn greiddan og auk þess frítt fæði og húsnæði. Stefnandi átti og dvöl á Akureyri frá 7. til 19. ágúst 1966 að beiðni fyrirsvarsmanns hins stefnda félags, Benedikts Árnasonar. Samkvæmt því og að öðru leyti með tilvísun til þeirra raka, sem greind eru varðandi kröfulið 1, má telja ljóst, að stefnandi krefur hér um kostnað, sem hann hefur haft og á að verulegu leyti að fá endurgreiddan. Í þessu sambandi er rétt að fjalla hér um kröfur, sem stefndi hefur uppi til skuldajafnaðar. Þær kröfur, sem hér er um að ræða, eru samkvæmt reikningum á dskj. nr. 32 (að undanskildum reikningi frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, reikningi BSR fyrir akstur og reikningi fyrir símtal) fyrir ýmsar veitingar, sem stefnandi hefur fengið, meðan hann samkvæmt framansögðu dvaldi á Akureyri, en stefndi hefur

greitt. Er fjárhæð þessi samtals kr. 1.479.75. Er hér um að ræða kostnað, sem stefndi á að miklu leyti að standa straum af samkvæmt þeim rökum, er áður greinir. Verður þessi hluti af skuldajafnaðarkröfum stefnda því ekki tekinn til greina. Með hliðsjón af því, að þessi hluti af gagnkröfum stefnda er ekki viðurkenndur til skuldajafnaðar, og með hliðsjón af þeim gögnum, sem stefnandi hefur fært fram, þykir hæfilegt að taka 5. kröfulið til greina með kr. 5.000.00.

Ágreiningslaust er, að til frádráttar kröfum stefnanda eigi að koma greiðslur í reiðufé, samtals að fjárhæð kr. 29.546.05. Þá er og óumdeilt með aðiljum, að einnig eigi að koma til frádráttar kr. 8.966.00, sem gengið hafi til greiðslu ýmissa reikninga á hendur stefnanda og stefndi hefur innt af hendi. Hins vegar telur stefndi, að þessi fjárhæð eigi að vera hærri, eða samtals kr. 15.295.75. Nemur mismunur sá, sem um er deilt, því kr. 6.329.75.

Stefndi vísar um útreikning á hinni umdeildu skuldajafnaðarkröfu til dskj. nr. 13, sem er svohljóðandi:

„Örnólfur Árnason

1966

15/8 an:

40 fl. gos á 8/—	kr.	320.00
48 pk. Viceroi á 38/—	—	1.680.00
Hótel K.E.A. skv. reikn.	—	2.528.75
Sími skv. nótum	—	483.00
Þvottur	—	405.00
2 áfengi á 420/—	—	840.00
12 áfengi á 280/—	—	3.360.00
1 áfengi á 420/—	—	420.00
÷ Greitt af Örnólfi v/Ása	—	3.263.80
+ Greitt af B.A. v/Örnólfs skv. fskj.	—	5.259.00
	Kr.	12.031.95
÷ Útlagt af Örnólfi	—	178.00
	Kr.	11.853.95“.

Stefndi kveður útreikning þennan gerðan af Inga R. Jóhannssyni endurskoðanda, er starfaði á vegum stefnda, og Benedikt Árnasyni að viðstöddum stefnanda og í samráði við hann. Hafi

lögmaður stefnanda veitt fylgiskjölum þessa útreiknings viðtöku og kvittað fyrir móttöku þeirra, svo sem fram kemur á dskj. nr. 29. Lögmaður stefnanda synjar fyrir að hafa veitt viðtöku öðrum fylgiskjölum en þeim, sem lögð eru fram sem dskj. nr. 32 og 33. Hafi dskj. nr. 13 verið fyrsta fylgiskjal með dskj. 29 og því ekki verið óeðlilegt, að hann kvittaði á dskj. 29 fyrir að hafa veitt viðtöku fylgiskjölum fyrir kr. 11.853.95. Beri dskj. nr. 13 það og með sér, að því fylgi ekki öll undirskjöl.

Af þeim gögnum, sem rakin hafa verið hér að framan, má sjá, að hin umdeilda skuldajafnaðarkrafa stefnda á rætur sínar að rekja til þess, að stefndi telur sig hafa greitt reikninga á hendur stefnanda fyrir ýmsar vörur og þjónustu, er honum beri að endurgreiða.

Hina umdeildu skuldajafnaðarkröfu stefnda má sundurliða þannig: 1. reikningur frá Hótel KEA, kr. 1.479.75. 2. 15 flöskur af áfengi, samtals kr. 4.620.00. 3. greiðsla, innt af hendi fyrir stefnanda af Benedikt Árnasyni, kr. 230.00.

Þegar hefur verið fjallað um fyrsta liðinn í skuldajafnaðarkröfum stefnda og gögn varðandi hann rakin, sbr. 5. kröfulið stefnanda hér að framan. Kemur hann því ekki til álita hér. Um áfengiskaup þau, sem greinir í öðrum lið skuldajafnaðarkrafna stefnda, er það að segja, að umboðsmaður stefnanda hefur kvittað fyrir móttöku fylgiskjala með þeim lið, en hann hefur hins vegar synjað fyrir að hafa fengið þau í hendur. Ætla má þó, að viðurkennd sé móttaka reiknings fyrir 1 flösku áfengis, sem stefnandi hefur lagt fram og er hluti dskj. nr. 33. Stefnandi hefur mótmælt þessum skuldajafnaðarkröfum stefnda. Þar sem eigi hefur verið leitað skýrra skýrslna vitna, er ætla má að gætu veitt upplýsingar varðandi þennan lið, þykja ekki nægileg rök til að taka hann til greina þrátt fyrir kvittun lögmanns stefnanda fyrir móttöku fylgiskjala með honum. Þriðji liðurinn á rætur sínar að rekja til þess, að stefndi telur þá greiðslu, sem Benedikt Árnason innti af hendi af fé stefnda vegna stefnanda, nema litlu hærri upphæð en stefnandi fellst á og umboðsmaður hans viðurkennir að hafa tekið á móti fylgiskjölum fyrir. Gegn þessum andmælum af hálfu stefnanda þykir ekki fært að taka þennan lið til greina, enda er um óverulega fjárhæð að ræða.

Samkvæmt ofanrituðu verða úrslit máls þessa þau gagnvart stefnda Asa Film Production A/s, að dæma ber félagið til að greiða stefnanda samtals kr. 35.801.57 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, frá 6. september 1966 að telja. Þá verður

stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 6.000.00. Er þar litið til þess, að af hálfu stefnanda hefur kröfugerð og málflutningi verið mjög áfátt, þótt ekki hafi hins vegar verið talin alveg næg ástæða til að vísa málinu ex officio frá dómi af þeim sökum.

Málssókn stefnanda á hendur stefnda Just Betzer hefur ekki verið réttlætt. Ber því að dæma stefnanda til að greiða honum málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.500.00.

Hákon Guðmundsson yfirborgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Asa Film Production A/s greiði stefnanda, Örnólfi Árnasyni, kr. 35.801.57 með 7% ársvöxtum frá 6. september 1966 til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi, Örnólfur Árnason, greiði stefnda Just Betzer kr. 1.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. maí 1968.

Nr. 11/1968. **Hreppsnefnd Rauðasandshrepps f. h. hreppsins** (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Hreppsnefnd Patrekshrepps f. h. hreppsins (Birgir Ísl. Gunnarsson hrl.) og
Guðmundi Benóný Aðalsteinssyni (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögheimili.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1968. Krefst hann þess aðallega, að lögheimili stefnda Guðmundar Benónýs Aðalsteinssonar hinn 1. desember 1964 verði talið að Húsabæ I, Hvallátrum, Rauða-

sandshreppi, en til vara, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann þess, að stefndu verði óskipt dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi hreppsnefnd Patrekshrepps krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Guðmundur Benóný Aðalsteinsson hefur hvorki sjálfur né nokkur fyrir hans hönd komið fyrir Hæstarétt, og eru engar kröfur gerðar hér fyrir dómi af hans hálfu.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar hefur stefndi Guðmundur Benóný Aðalsteinsson af nýju gefið skýrslu fyrir dómi, og nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti, sem fela í sér staðfestingu á málavaxtalýsingu úrskurðar héraðsdóms.

Með skírskotun til hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann um, að lögheimili stefnda Guðmundar Benónýs Aðalsteinssonar var hinn 1. desember 1964 að Túngötu 15 á Patreksfirði.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Lögheimili stefnda Guðmundar Benónýs Aðalsteinssonar var hinn 1. desember 1964 að Túngötu 15 á Patreksfirði.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður sakadóms Barðastrandarsýslu 21. nóvember 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 21. nóvember, var í sakadómi Barðastrandarsýslu, sem haldinn var af Ásbergi Sigurðssyni, kveðinn upp úrskurður um lögheimili Guðmundar Benónýs Aðalsteinssonar, fædds 5. október 1936, talinn til heimilis að Húsabæ, Hvallátrum, Rauðasandshreppi.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi sveitarstjóra Patrekshrepps, dags. 21. júní 1965, var beiðzt dómsrannsóknar og úrskurðar um lögheimili Guðmundar

Benónýs hinn 1. desember 1964 samkvæmt 14. gr. laga nr. 35/1960.

Við rannsókn málsins hefur eftirfarandi komið fram:

Guðmundur Benóný Aðalsteinsson er fæddur 5. október 1936 að Breiðuvík í Rauðasandshreppi, en flyzt með foreldrum sínum, Aðalsteini Sveinssyni og Sigríði Steinunni Traustadóttur, að Túngötu 15, Patreksfirði, síðla sumars 1947, þá tæplega 11 ára gamall. Að Túngötu 15 hefur Guðmundur Benóný síðan búið alla tíð hjá foreldrum sínum. Vorið 1963 gerðist Guðmundur II. vélstjóri á m/s Hannesi Hafstein, EA 345, Dalvík, og er enn. Skip þetta kom til landsins 1963 og var fyrst nær eingöngu mannað Patreksfirðingum, en skipstjóri hefur frá upphafi verið Jón Magnússon frá Patreksfirði. Einnig hefur I. stýrimaður verið búsettur Patreksfirðingur.

Í greinargerð oddvita Rauðasandshrepps kemur fram, að honum hafi 22. nóvember 1964 borizt aðseturstilkynning, undirrituð af Guðmundi Benóný Aðalsteinssyni 25. maí s. á., þar sem hann tilkynnir, að hann flytji aðsetur sitt og lögheimili frá Túngötu 15, Patreksfirði, að Húsabæ á Hvallátrum í Rauðasandshreppi. Aðseturstilkynningu þessa framsendi oddviti svo Hagstofu Íslands, þjóðskrá.

Á manntali 1. desember 1964 var Guðmundur Benóný talinn eiga lögheimili að Húsabæ, Hvallátrum, Rauðasandshreppi.

Með bréfi til Hagstofu Íslands, dags. 4. marz 1965, var umræddum flutningi mótmælt af hálfu Patrekshrepps og lögð á það áherzla, að Guðmundur hafi átt lögheimili á Patreksfirði samfleytt síðan 1947, þ. e. í 17 ár, og enn fremur, að hann hafi dvalizt á heimili foreldra sinna, Túngötu 15, hin síðari ár, eftir að hann gerðist skipverji á m/s Hannesi Hafstein, þegar skip hans hefur komið til Patreksfjarðar. Var því mótmælt, að nokkur dvöl, búseta eða annað varðandi hagi Guðmundar hafi átt sér stað, er leitt gæti til breytinga á lögheimili hans samkvæmt ákvæðum laga nr. 35/1960. Var því haldið fram, að tilkynning um flutning að Hvallátrum í Rauðasandshreppi hefði ekki við rök að styðjast og fengi ekki staðizt samkvæmt lögum um lögheimili, enda hefði raunverulegur flutningur ekki átt sér stað.

Mótmæli Patrekshrepps voru ekki tekin til greina af Hagstofu Íslands, sem í tilkynningu, dags. 11. júní 1965, úrskurðaði: „Krafa 4603 um flutning á íb. þess sveitarfélags ekki tekin til greina haldist á íb. 4602, sem mótmælir flutningi þaðan. 4603 tekur

fram: „Er vélstjóri á skipi frá Dalvík. Foreldrar hans telja hann fluttan með lh. frá Patreksfirði“.“

Fyrir sakadómi 11. júlí 1966 hefur vitnið Þórður Jónsson hreppstjóri, Húsabæ I, Hvallátrum, Rauðasandshreppi, m. a. skýrt frá því, að hann hafi leyft Guðmundi að eiga heimili hjá sér, „en hann gæti ekki látið hann hafa fast herbergi, en hins vegar gæti hann fengið að dvelja þar, þegar hann vildi“. Og enn fremur: „að Guðmundur eigi enga húsmuni á Húsabæ, enda þurfi hann ekki á því að halda, þar sem mættur bauð honum vist án herbergis sérstaklega eða húsmuna“. Og loks: „að Guðmundur hafi aldrei til þessa dvalið til langframa að Húsabæ og aldrei verið þar um nætursakir“.

Fyrir sakadómi 25. janúar 1967 hefur Guðmundur Benóný Aðalsteinsson skýrt m. a. frá því, að hann hafi „ekki tryggt sérstakt herbergi að Húsabæ og hafi enga húsaleigu greitt húseiganda. Aðspurður segist mætti ekki hafa átt þar neina húsmuni, fatnað eða aðra persónulega muni. Aðspurður um, hvort mætti hafi dvalizt þar í leyfum sínum, segir mætti, að hann muni alltaf eða oftast hafa komið að Húsabæ í leyfum sínum, en ekki dvalizt þar um nætursakir“. Og enn fremur: „Aðspurður segist mætti eiga dívan og borð á heimili foreldra sinna og sofi hann í því herbergi, sem þessir munir eru geymdir í, þegar hann sé hér staddur“.

Fyrir sakadómi 9. nóvember s.l. hefur Aðalsteinn Sveinsson, Túngötu 15, Patreksfirði, faðir Guðmundar Benónýs, m. a. skýrt svo frá: „. . . . að Guðmundur Benóný hafi komið á heimili foreldra sinna, Túngötu 15, Patreksfirði, um allar stórhátíðir og í flestum fríum sínum og dvalið á heimili þeirra allt að hálfum mánuði, en hann er og hefur verið II. vélstjóri á m/s Hannesi Hafstein, EA 345, allt frá því að skipið kom hingað til landsins 1963. Mætti segir, að íbúðin að Túngötu 15 sé 5 herbergi, eldhús og bað og heimilisfólk þau hjónin og sonur þeirra, Sigurgeir Árni, 17 ára gamall, og hafi svo verið, frá því að Guðmundur Benóný flutti að heiman“.

Og enn fremur: „Aðspurður segir mætti, að Guðmundur Benóný eigi lítið sófaborð á heimili sínu og einnig dívan í herbergi því, er hann sefur alltaf í, er hann dvelur þar í fríum sínum“.

Guðmundur Benóný upplýsir einnig í sakadómi 25. janúar 1967, „að hann muni hafa verið í leyfi ásamt öðrum skipverjum frá því um miðjan nóvember 1964 og fram yfir áramótin 1964—

1965 og hafi hann þann tíma dvalizt á heimili foreldra sinna að Túngötu 15, Patreksfirði", eða á þeim tíma, er hann telur sig fluttan með lögheimili að Húsabæ í Rauðasandshreppi, þ. e. 1. desember 1964.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, þykir sannað, að Guðmundur Benóný Aðalsteinsson hafi ekki með lögmætum hætti flutt aðsetur sitt og lögheimili að Húsabæ í Rauðasandshreppi 1. desember 1964 samkvæmt 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 35/1960.

Að Húsabæ hefur hann ekki tryggt sér sérstakt herbergi, ekki greitt þar húsaleigu, ekki dvalizt þar svo mikið sem næturstund í leyfum sínum og tómstundum og ekki átt þar þá hluti, sem honum eru persónulega tengdir, svo sem fatnað eða húsmuni.

Hins vegar þykir dvöl Guðmundar Benónýs Aðalsteinssonar frá miðjum nóvember 1964 og fram yfir áramótin 1964—1965 á heimili foreldra hans, Túngötu 15, Patreksfirði, og jafnan síðan í leyfum hans og tómstundum falla undir 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 35/1960, og ber því að úrskurða lögheimili hans að Túngötu 15, Patreksfirði.

Dregizt hefur að kveða upp úrskurð þennan sökum mikilla anna við embættið.

Ályktunarorð:

Lögheimili Guðmundar Benónýs Aðalsteinssonar var 1. desember 1964 og er að Túngötu 15, Patreksfirði.

Mánudaginn 20. maí 1968.

Nr. 204/1965. **Jakob Þorvaldsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Andrési Hannessyni
(Árni Guðjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, Jakob Þorvaldsson, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. desember 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. nóvember s. á. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 74.557.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 16. ágúst 1963 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Andrés Hannesson, hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 19. janúar 1966 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eigi verður af skjölum málsins ráðið, að stefndi hafi gagnáfrýjað málinu á þeim þriggja vikna fresti, sem segir í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962, og hann hefur eigi aflað sér áfrýjunarleyfis. Verður að svo vöxnu máli að vísa gagnsökinni frá Hæstarétti og skýra kröfur hans þannig, að hann krefjist staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við kaup sín á v/b Barða, ST 33, ásamt tækjum og veiðarfærum, sem fram fóru samkvæmt gögnum, framlögðum í Hæstarétti, hinn 29. janúar 1960, tókst stefndi á hendur að greiða sem hluta af kaupverði vélbátsins skuld við Útvegsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 50.000.00, samkvæmt víxli, útgefnum 29. janúar 1959. Víxilskuld þessa hefur stefndi

eigi greitt. Voru víxilskuldarar, seljandi v/b Barða, ST 33, Samvinnufélagið Björg, sem var samþykkjandi víxilsins, og ábekingar hans, þar á meðal áfrýjandi, dæmdir til greiðslu hans ásamt vöxtum og kostnaði með dómi bæjarþings Reykjavíkur 23. júlí 1960. Hefur áfrýjandi greitt dómskuld þessa og fengið framsal Útvegsbanka Íslands á henni hinn 16. ágúst 1963. Sækir áfrýjandi nú stefnda í máli þessu til endurgreiðslu fjárhæðar þessarar. Stefndi telur sig, að því er ætla verður, eiga rétt til afsláttar af kaupverði nefnds vélbáts, sem víxilskuldinni nemur, vegna galla á tækjum og veiðarfærum vélbátsins og svo vegna annarra vanefnda á kaupsamningnum um vélbátinn.

Í málinu hefur verið lögð fram kvittun Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 14. júní 1960, svohljóðandi: „Ég undirritaður hefi í dag tekið á móti frá Garðari Viborg tveim veðskuldabréfum:

1) kr. 40.000.00, útg. 28/1 '60 af Gunnari Waage, með 3. veðrétti í Val m/b — V.E. 279
2) kr. 50.000.00 **do.**

Skuldabréfum þessum tek ég á móti vegna Andrésar Hannessonar upp í greiðslur þær, sem hann hefur orðið að inna af hendi vegna kaupa á m/b Barða, ST 33, utan þess er ákv. var í afsali".

Enn hefur verið lögð fram í Hæstarétti svohljóðandi **„Kvittun fyrir sjóveðskröfu.** Hólmavík, 19/11 1960
hr. útgerðarm. Andrés Hannesson hefur í dag lýst kröfu skv. þrem sjóveðsdómum (framseld)
Sjö þúsund fimm hundruð þrjátíu og fjórar 06/100
og kvittast hér með fyrir.
Kr. 7.534.06.

Björgvin Bjarnason".

Gögn þau, sem fyrir hendi eru, veita eigi glöggva vitneskju um, hvernig reikningar standa í réttarsambandi Samvinnufélagsins Bjargar og stefnda, og eigi hefur verið gerð fullnægjandi gangskör að því að leiða þetta í ljós með aðilja- og vitnaskýrslum svo og yfirlitsreikningi. Það þykir því varhugavert að staðhæfa, hvort og ef því er að skipta, þá

að hve miklu leyti stefndi var skyldur til að standa við það ákvæði í kaupsamningnum um v/b Barða, ST 33, að greiða Útvegsbanka Íslands áminnztan 50.000 króna víxil. Af þessu leiðir aftur, að ekki verður fullyrt að svo komnu, að áfrýjandi hafi með greiðslu nefnds víxils innt af hendi framlag fjár, er hann kunni síðan að geta framkrafið stefnda um. Málið er af þessum sökum svo vanreifað af hendi áfrýjanda, að ómerkja ber hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa því frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. maí 1965.

Mál þetta var tekið til dóms 14. apríl s.l. Það var höfðað með stefnu, sem út var gefin 11. nóvember 1963. Þingfesting fór fram 14. sama mánaðar. Stefnandi málsins er Jakob Þorvaldsson, Drangsnesi, Strandasýslu, sem stefnir Andrési Hannessyni útgerðarmanni, Birkihlíð 3, Vestmannaeyjum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 74.557.00. Þá krefst stefnandi 8% vaxta p. a. af þessari fjárhæð frá 16. ágúst 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir.

Með samningi, dagsettum 29. febrúar 1960, seldi Samvinnufélagið Björg, Drangsnesi, stefnda í málinu, vélbátinn Barða, ST 33, ásamt ýmsum tækjum og veiðarfærum. Verð hins selda var alls kr. 500.000.00, og er sagt í samningnum, hvernig það skuli greiða. M. a. segir, að stefndi hafi: „Tekið að sér að greiða skuld við Útvegsbanka Íslands, Rvík, samkvæmt 2 rekstrarlánsvíxlum, útgefnum 29/1 og 26/5 1959, og afurðavíxli, útgefnum 27/11 1959. Samtals kr. 50.000.00".

Ekkert liggur fyrir í máli þessu um skráningu réttinda yfir bátnum. Hinn 23. júlí 1960 var kveðinn upp dómur á bæjarþingi

Reykjavíkur í máli nr. 282/1960. Stefnandi þess máls var Útvegsbanki Íslands, en varnaraðiljar Samvinnufélagið Björg, Garðar Víborg, Andrés Magnússon, Magnús Guðmundsson, Jakob Þorvaldsson (stefnandi í máli þessu) og Magnús B. Andrésson. Var krafizt greiðslu víxils, sem gefinn hafði verið út 29. janúar 1959 af Garðari Víborg, samþykkts af Samvinnufélaginu Björg og ábekts af útgefanda og öðrum mönnum, sem stefnt var í málinu. Gjalddagi víxils þessa var 31. maí 1959 og eftirstöðvar hans kr. 50.000.00. Úrslit málsins urðu þau, að því var vísað frá, að því er varðar Garðar Víborg. Aðrir varnaraðiljar voru dæmdir in solidum til að greiða bankanum kr. 50.000.00 auk vaxta og kostnaðar. Á endurrit dómsins, sem lagt hefur verið fram, hefur verið ritað:

„Framangreinda dómkröfu, sem nemur með öllum kostnaði í dag kr. 74.557.00, framselst hér með til hr. Jakobs Þorvaldssonar, Drangsnesi, án ábyrgðar af hálfu bankans.

Reykjavík, 16/8 1963
Útvegsbanki Íslands
Lögfræðingadeild
Axel Kristjánsson".

Svo sem sjá má af framanskráðu, er loforð það, sem stefndi gaf um greiðslu til Útvegsbankans með samningnum 29. febrúar 1960, ekki um greiðslu víxils þess, sem dæmt var um á bæjarþinginu 23. júlí 1960. Engu að síður eru aðiljar máls þessa sammála um, að hér sé um eina og sömu fjárskröfu að ræða, og var gerð bókun þess efnis á bæjarþingi 5. febrúar s.l.

Bú Samvinnufélagsins Bjargar var tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota 25. september 1960. Skiptum er ekki lokið. Hinn 5. marz s.l. sendi málflutningsumboðsmaður stefnanda í máli þessu sýslumanninum í Strandasýslu símskeyti og lýsti kröfu þeirri, sem gerð er í málinu, í þrotabúið í varúðarskyni, en innköllunarfrestur var þá löngu liðinn. Ekki er fram komið, að Útvegsbanki Íslands hafi á sínum tíma lýst í búið neinni skuld, sem varðar þetta mál. Því er haldið fram af hálfu stefnda í máli þessu, að Samvinnufélagið Björg hafi á sínum tíma vanefnt samninginn um sölu vélbátsins Barða. Af hálfu stefnanda er því andmælt, að um vanefnd hafi verið að ræða.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi málsins byggir kröfu sína á því, að með samningi stefnda og Samvinnufélagsins Bjargar 29. febrúar 1960 hafi stefndi

lofað að greiða skuld félagsins við Útvegsbanka Íslands að fjárhæð kr. 50.000.00. Þessa skuld hafi stefnandi síðar orðið að greiða, þar sem hann hafi á sínum tíma ábyrgzt greiðslu samvinnufélagsins. Hljóti hann að geta byggt rétt á samningnum frá 29. febrúar 1960 og krafizt greiðslu á þeirri fjárhæð, sem hann greiddi bankanum. Sé ljóst, að stefndi hafi vanefnt samninginn, og sé það eðli máls samkvæmt, að stefnandi fái þann rétt, sem Samvinnufélagið Björg mundi hafa átt á hendur honum, ef það hefði greitt skuldina við bankann. Því er í þessu sambandi mótmælt, að samvinnufélagið hafi vanefnt sínar skyldur. Til vara er því haldið fram, að ekki hafi verið kvartað um slíkar vanefndir í tæka tíð.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á aðildaskorti. Hann hafi að sönnu gefið loforð um greiðslu á hinni umstefndu skuld með samningi við Samvinnufélagið Björg 29. febrúar 1960. En það loforð hafi hann gefið félagi þessu, en ekki stefnanda, og geti því enginn nema félagið byggt á því rétt. Þá er því einnig haldið fram, að stefndi eigi gagnkröfu á félagið vegna vanefnda á samningnum frá 29. febrúar 1960, sem fyrr segir, en ekki hefur fjárhæð þeirrar gagnkröfu komið fram í máli þessu. Til vara er því haldið fram af hálfu stefnda, að honum geti undir engum kringumstæðum orðið gert að greiða vexti og annan kostnað, sem féll á víxilskuldina í Útvegsbanka Íslands og stefnandi greiddi bankanum.

Niðurstaða.

Loforð það, sem stefndi gaf 29. febrúar 1960 um að greiða Útvegsbanka Íslands skuld Samvinnufélagsins Bjargar, var gefið þessu samvinnufélagi, en ekki bankanum. Gildi þess var háð skiptum stefnda og félagsins, og vafalaust geta þau skipti einnig haft áhrif á, hverja greiðslu stefndi er að lokum skyldur til að inna af hendi vegna loforðsins. Eðli málsins samkvæmt verður því að telja, að sérstakar ástæður þurfi að liggja því til grundvallar, ef viðurkenna á gildi þriðja manns loforða, þ. e. loforða, sem fela í sér, að þriðji maður eignist með þeim sjálfstæðan rétt á loforðsgjafa. Loforð stefnda 29. febrúar skapaði ekki Útvegsbanka Íslands rétt samkvæmt neinni reglu setts réttar, og slíkur réttur verður ekki heldur talinn verða reistur á öðrum reglum. Er þess sérstaklega að geta, að dómarinn telur hann ekki verða byggðan á fordæmi. Þvert á móti verður að telja það í beztu samræmi við almennar reglur um loforð, að Útvegsbankinn verði

ekki talinn hafa öðlazt rétt með loforðinu 29. febrúar 1960. Fyrst svo var ekki, getur framsalið frá bankanum til stefnanda 16. ágúst 1963 ekki skapað stefnanda rétt. Athuga þarf sérstaklega, hvort stefnandi hafi með því að greiða skuldina öðlazt sjálfstæðan rétt á hendur stefnda, sem óháður sé rétti Útvegsbankans. Þessari spurningu verður einnig að svara eftir eðli máls og meginreglum um loforð og ábyrgðir. Verður niðurstaðan sú, að slíkur réttur hafi ekki skapazt, enda mundi réttarsamband stefnda og Samvinnufélagsins Bjargar einnig hafa skapað óvissu um efni slíks réttar.

Samkvæmt ofanskráðu verða úrslit málsins þau, að krafa stefnanda verður ekki tekin til greina. Það er álit dómarans, að stefnandi kunni síðar að eignast kröfu á hendur stefnda vegna margnefndrar víxilskuldar, og ber því eftir 69. grein laga nr. 85/1936 að sýkna stefnda að svo stöddu. Telja verður verulegan vafa um úrslit máls þessa, og ber því samkvæmt 178. grein laga nr. 85/1936 að láta málskostnað falla niður.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Andrés Hannesson, skal að svo stöddu vera sýkn af kröfum stefnanda, Jakobs Þorvaldssonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 22. maí 1968.

Nr. 199/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Magnúsi Jóhannssyni
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta er svo vaxið, að héraðsdómari hefði átt að dæma það ásamt sérfróðum samdómendum, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 82/1961, enda ber dómi að kanna sjálfstætt og meta sakaratriði, þótt skattstjórnvöld hafi áður þar um fjallað. Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Kostnað af áfrýjun málsins skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. október 1967.

Ár 1967, föstudaginn 13. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 401/1967:

Ákæruvaldið gegn Magnúsi Jóhannssyni, sem tekið var til dóms 1. september s.l.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 19. apríl s.l., gegn Magnúsi Jóhannssyni kaupmanni, Sunnubraut 18 í Kópavogi, fæddum 24. desember 1928 á Patreksfirði, „fyrir að hafa með eftirgreindum hætti gerzt sekur um skattsvik og bókhaldsbrot í sambandi við rekstur húsgagnaverzlunar sinnar — Skeifunnar — að Laugavegi 59 í Reykjavík:

I. *Skattsvik.*

Ákærða er gefið að sök að hafa:

1. Á árunum 1963, 1964 og 1965 dregið undan við framtal til söluskatts verulegan hluta af vörusölu verzlunar sinnar, Skeifunnar að Laugavegi 59 í Reykjavík. Er sala þessi og undandreginn söluskattur talin nema eftirtöldum fjárhæðum:

Ár	Sala	Söluskattur
1963	3.100.000.00	90.290.00
1964	4.800.000.00	241.035.00
1965	2.355.825.00	164.358.00
	10.255.825.00	495.683.00

2. Við framtal til tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárin 1963 og 1964 dregið undan álagningu hreinar tekjur fyrra árið allt að kr. 504.500.00, sem leiddi til lægri tekjuskattsálagningar en vera átti, sem nam allt að kr. 152.864.00, og síðara árið hreinar tekjur allt að kr. 526.400.00, sem leiddi til lægri tekjuskattsálagningar en vera átti, sem nam allt að kr. 143.549.00.

3. Dregið á skattárunum 1963 og 1964 tekjur undan álagningu útsvars allt að kr. 504.500.00 fyrra árið og hið síðara allt að kr. 526.400.00, sem leiddi til lægri tekjuútsvarsálagningar en vera átti fyrir bæði árin, sem nam allt að kr. 250.000.00.

4. Á skattárunum 1963 og 1964 dregið undan skattstofn við álagningu aðstöðugjalds, að fjárhæð allt að kr. 6.500.000.00 bæði árin, sem leiddi til lægri álagningar aðstöðugjalds en vera átti fyrir bæði árin, sem nam allt að kr. 45.500.00.

Telst ákærði með fyrrgreindum sakarefnum, svo sem rakin eru í liðum 1—4 incl. hafa gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, er hér greinir: Með 1. lið við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 26. gr., sbr. 25. gr., laga um söluskatt nr. 10/1960 og 31. gr., sbr. 30. gr. reglugerðar nr. 15/1960 um sama efni, með

2. lið við 1., sbr. 5. mgr. 48. gr. laga nr. 55/1964 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. áður 1. og 4. mgr. 48. gr. laga nr. 70/1962, en nú 1. og 5. mgr. 48. gr. laga nr. 90/1965 um sama efni, sbr. 1. og 3. mgr. 112. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um sama efni, en með 3. og 4. lið við 2. og 5. mgr. 61. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1965 um breytingu á þeim lögum. Ennfremur þykir sakarefni allra fyrrgreindra fjögurra liða varða við 145. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 146. gr. eða 147. gr. sömu laga.

II. *Bókhaldsbrot.*

1. Ákærða er gefið að sök að hafa í blekkingarskyni vanfært í bókhaldi sínu vörukaup á tímabilinu apríl til desember 1964 frá Trésmiðju Birgis Ágústssonar um allt að kr. 1.236.734.00 eftir röngum reikningum, sem að neðan greinir:

Reiknings-númer	Dag-setning	Rétt verð	Rangt verð
915	9/4	kr. 51.180.00	kr. 1.500.00
983	20/4	— 39.465.00	— 600.00
1020	28/4	— 27.760.00	— 750.00
1088	13/5	— 48.320.00	— 1.180.00
1094	13/5	— 20.470.00	— 300.00
1119	21/5	— 30.240.00	— 1.700.00
1145	26/5	— 17.520.00	— 850.00
1150	27/5	— 31.600.00	— 600.00
1204	9/6	— 24.720.00	— 1.180.00
1206	10/6	— 21.845.00	— 300.00
1222	12/6	— 21.040.00	— 2.360.00
1262	25/6	— 55.560.00	— 4.720.00
1283	30/6	— 21.520,00	— 1.500.00
1306	6/7	— 42.100.00	— 2.180.00
1313	7/7	— 30.060.00	— 3.360.00
1332	14/7	— 35.445.00	— 2.320.00
1341	15/7	— 103.040.00	— 7.120.00
1369	23/7	— 67.320.00	— 1.880.00
1411	31/7	— 32.620.00	— 2.180.00
1436	7/8	— 50.700.00	— 2.680.00
1454	12/8	— 76.070.00	— 7.760.00
1519	26/8	— 80.000.00	— 10.880.00
1535	31/8	— 39.980.00	— 1.500.00

Reiknings-número	Dag-setning	Rétt verð	Rangt verð
1540	1/9	kr. 32.880.00	kr. 1.580.00
1554½	3/9	— 18.900.00	— 3.760.00
1585	9/9	— 48.520.00	— 7.760.00
1711	24/9	— 10.220.00	— 1.880.00
1737	28/9	— 21.980.00	— 2.180.00
1776	2/10	— 52.900.00	— 2.560.00
1857	8/10	— 21.860.00	— 2.680.00
1891	13/10	— 33.160.00	— 940.00
1892	13/10	— 18.480.00	— 150.00
1914	16/10	— 39.185.00	— 390.00
1928	19/10	— 44.360.00	— 4.980.00
1953	22/10	— 20.330.00	— 2.680.00
1992	27/10	— 57.860.00	— 2.560.00
1995	27/10	— 39.900.00	— 2.560.00
2076	5/11	— 18.480.00	— 1.880.00
2107	10/11	— 15.120.00	— 1.880.00
2176	19/11	— 14.640.00	— 1.500.00
2223	24/11	— 94.000.00	— 9.420.00
2244	27/11	— 24.684.00	— 1.800.00
2303	4/12	— 52.050.00	— 1.880.00
2334	8/12	— 63.490.00	— 1.595.00
2352	10/12	— 42.180.00	— 9.620.00
2521	22/12	— 22.320.00	— 1.460.00
		Kr. 1.776.074.00	Kr. 127.095.00
Mismunur			— 1.648.979.00
÷ 25% afsláttur frá útsöluverði			— 412.245.00
Undandregin vörukaup apríl—desember			kr. 1.236.734.00

2. Ákærða er gefið að sök að hafa á árunum 1963 og 1964 vanrækt að færa í bókhaldi sínu vörukaup frá eftirgreindum viðskiptamönnum sínum:

a. Á árinu 1963 vörukaup frá Eini h/f, húsgagnavinnustofu, Kaupvangsstræti 19, Akureyri, Valbjörk h/f, Glerárgötu 28, Akureyri, Lárusi Sigurgeirssyni, Fálkagötu 30, Reykjavík, Óla Þorbergssyni, Dunhaga 13, Reykjavík, og Bjarna Guðlaugssyni, Reykjavík, allt að kr. 1.015.951.00.

b. Vörukaup á árinu 1963 frá Trésmiðju Birgir Ágústssonar, Brautarholti 6, Reykjavík, Húsgagnavinnustofu Ingvars og Gylfa, Bogahlíð 15, Reykjavík, Sveini Guðmundssyni, Sogavegi 192, Reykjavík, Árna Guðjónssyni, Háaleitisbraut 49, Reykjavík, Benedikt Björnssyni, Köldukinn 18, Hafnarfirði, Flugmó h/f, Selási 3, Reykjavík, Guðbrandi Benediktssyni, Reykjavík, Jóni J. Jakobssyni, Skipasundi 42, Reykjavík, Ragnari Haraldssyni, Langagerði 58, Reykjavík, og Steinari Jóhannessyni, Skógargerði 6, Reykjavík, að fjárhæð allt að kr. 1.730.851.00.

c. Vörukaup á árinu 1964 frá Ásbirni Ólafssyni h/f, Grettisgötu 2, Reykjavík, Dúnu h/f, Auðbrekku 49, Kópavogi, Eini h/f, húsgagnavinnustofu, Kaupvangsstræti 19, Akureyri, Híbýlaprýði, Hallarmúla, Reykjavík, Húsgagnaverkstæði Þorsteins Sigurðssonar, Grettisgötu 13 A, Reykjavík, Íslenzkum húsgögnum h/f, Auðbrekku 53, Kópavogi, Ólafi R. Kristjánssyni, Skipasundi 77, Reykjavík, Pétri Snæland h/f, Vesturgötu 71, Reykjavík, Ragnari Björnssyni h/f, Dalshrauni 6, Hafnarfirði, Edwin Árnasyni, Lindargötu 25, Reykjavík, Trésmiðjunni Víði h/f, Laugavegi 166, Reykjavík, og Valbjörk h/f, Glerárgötu 28, Akureyri, að fjárhæð allt að kr. 1.834.638.00.

d. Vörukaup á árinu 1964 frá Sveini Guðmundssyni, Sogavegi 192, Reykjavík, Árna Guðjónssyni, Háaleitisbraut 49, Reykjavík, Benedikt Björnssyni, Köldukinn 18, Hafnarfirði, Dagbjarti Stígssyni, Þingholtsstræti, Reykjavík, Flugmó h/f, Selási 3, Reykjavík, Guðbrandi Benediktssyni, Reykjavík, Magnúsi Guðmundssyni, Langholtsvegi 62, Reykjavík, Ragnari Haraldssyni, Langagerði 58, Reykjavík, og Steinari Jóhannssyni, Skógargerði 6, Reykjavík, að fjárhæð allt að kr. 1.384.007.00.

3. Ákærða er og gefið að sök að hafa í blekkingarskyni á árunum 1963 og 1964 rangfært í bókhaldi sínu vörusölu verzlunar sinnar Skeifunnar, Kjörgarði, Reykjavík, svo að vanfærð sala á árinu 1963 nam allt að kr. 3.100.000.00 og á árinu 1964 allt að kr. 4.800.000.00.

4. Þá er ákærða ennfremur gefið að sök að hafa á árunum 1963 og 1964:

a. Ekki haldið í bókhaldi sínu neina sjálfstæða sjóðbók aðra en dálk í sjóðdagbók, sem var ótölusett lausblaðabók, og að hafa ekki í bókhaldinu haldið viðskiptamannabók og löggilta aðal- og efnahagsbók.

b. Að hafa vanrækt að láta færa í bókhaldinu viðskipti sín við hlaupareikning nr. 229 hjá Verzlunarbanka Íslands h/f og

hlaupareikning nr. 743 í Iðnaðarbanka Íslands h/f, að því undanskildu að færður er reikningsmunur á hinum síðarnefnda reikningi miðað við árslok 1964.

c. Að hafa ekki í bókhaldinu fært yfirlitsreikninga yfir víxlaviðskipti eða einkaúttekt og lánsviðskipti ekki nema að nokkru.

d. Að hafa eigi fært sjóðgreiðslur í bókhaldinu, fyrr en löngu eftir að þær áttu sér stað, og fært bókhaldið löngu eftir á að öðru leyti.

e. Að hafa ekki varðveitt og geymt í skipulegri röð ýmis fylgiskjöl og gögn um viðskipti sín, svo sem gögn varðandi bankaviðskipti, samninga um sölu og afborganir á húsgögnum, miða þá eða lista, sem talið er, að frumskráning vörusölunnar hafi verið gerð á, svo og gögn um talningu og verðlagningu vörubirgða, að undanteknum tveim stílabókum, sem höfðu að geyma nokkurn hluta birgðanna við árslok 1964.

f. Að hafa vanrækt að færa í bókhaldinu ýmsar skuldir, sem við árslok 1964 námu samtals kr. 1.316.865.02, og eignir á sama tíma að fjárhæð samtals kr. 677.745.24, og er þá þar meðtalin séreign konu, kr. 371.990.00.

Bókhaldsbrot ákærða, svo sem rakið er hér að framan, þykja í einstökum liðum varða við þau lagaákvæði, er hér greinir: 1. liður við 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 8. gr., sbr. 19. gr. og 20. gr. bókhaldslaga nr. 62/1938, 2. liður, stafliður a—d, við 8. gr., sbr. 19. gr. og 20. gr. bókhaldslaganna, 3. liður við 158. gr. hegningarlaganna og 6. gr. og 8. gr., sbr. 19. gr. og 20. gr. bókhaldslaganna, og stafliðir 4. liðar við eftirgreind ákvæði bókhaldslaganna: a-liður við 6., 7., 8. og 10. gr., b-liður við 7. gr., c-liður við 8. gr., d-liður við 6. gr., e-liður við 14. og 15. gr. og f-liður við 11. gr., allt sbr. 19. og 20. gr. Þá þykja og bókhaldsbrot ákærða í heild sinni varða við 262. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafizt, að ákærði verði sviptur öllum verzlunarleyfum samkvæmt 2. mgr. 68. gr. hegningarlaganna og 19 gr. bókhaldslaganna".

I.

Ákærði hefur um árabil rekið verzlanir hér í borg undir firmanu Skeifan. Honum hafa hinn 13. október 1953 og 19. október

1956 verið veitt smásöluleyfi og heildsöluleyfi hinn 5. janúar 1954. Ákærði verzlaði áður með matvörur og um skeið með vefnaðarvörur. Fyrir um það bil 8 árum kveðst ákærði hafa tekið að verzla með húsgögn, og hefur hann síðan rekið húsgagnaverzlun sem einkaeigandi með ótakmarkaðri ábyrgð. Verzlunin er í verzlunarhúsinu Kjörgarði við Laugaveg, en skrifstofa ákærða á Hverfisgötu 82. Í sambandi við verzlunina hefur ákærði rekið bólstrunarverkstæði.

Rannsóknardeild ríkisskattstjóra hóf könnun á skattframtölum ákærða, og í sambandi við þá rannsókn var í janúar 1966 leitað til sakadóms Reykjavíkur, til þess að aflað yrði bókhaldsgagna, er nauðsynleg þóttu vegna rannsóknarinnar. Hinn 25. janúar 1966 var gerð húsleit í verzluninni Skeifunni í Kjörgarði og skrifstofunni að Hverfisgötu 82 og hald lagt á margs konar gögn. Leit þessi var gerð með samþykki ákærða. Rannsóknardeildin tók gögnin í sínar hendur og hélt rannsókn áfram og sendi dóminum heildarskýrslu um hana 15. júní 1966. Var dómsrannsókn síðan hafin hinn 29. júní, og var saksóknara ríkisins sent endurrit af rannsókninni með bréfi 2. desember. Var mál þetta síðan höfðað hinn 19. apríl s.l., eins og áður segir.

Hér á eftir verður fyrst gerð grein fyrir þeim gögnum, sem fram hafa komið í máli þessu og skipt geta máli um úrlausn á kröfum ákæruvaldsins í máli þessu (II). Þá verður (í III) skýrt frá endurskoðun á álagningu söluskatts á ákærða fyrir árin 1963, 1964 og 1965 og álagningu tekjuskatts fyrir gjaldárin 1964 og 1965 og aðstöðugjalds fyrir sömu ár, en endurálagning þessi fór fram 8 febrúar 1967. Í samhengi við það greinir frá rökstuðningi ákæruvaldsins fyrir kröfum sínum í málinu og vörnum af hálfu ákærða. Loks verður í IV gerð grein fyrir niðurstöðu dómsins.

II.

A. Við rannsókn þá, sem rannsóknardeild ríkisskattstjóra gerði á bókhaldi og framtölum ákærða, komu fram gögn, sem bentu til þess, að ákærði hefði ekki bókfært eða talið fram að fullu vörukaup né vörusölu verzlunar sinnar.

Ákærði kannast við það í skýrslu, sem hann gaf rannsóknardeildinni 31. janúar 1966, að einhverjar fjárhæðir mundi vanta í bókfærð og framtalin vörukaup og vörusölu á árum þeim, sem hér skipta máli. Hins vegar kvaðst hann ekki vita um, hve háar

fjárhæðir væri að ræða, og hefði hann engin gögn um það í sínum fórum.

Ákærði hefur við dómsrannsókn málsins einnig viðurkennt, að nokkuð hafi kveðið að því, að vanrækt hafi verið að bókfæra vörukaup til verzlunarinnar í því skyni að sýna veltu hennar lægri en hún var í raun og veru.

Verða nú rakin gögn þau, sem rannsóknardeildin hefur aflað um þessi atriði og komið hafa fram í máli þessu, svo og framburðir ákærða og vitna, sem að þeim lúta.

Rannsóknardeildin leitaði eftir upplýsingum um vörusölu frá mörgum viðskiptamönnum ákærða (húsgagnaframleiðendum) til hans á árunum 1963 og 1964 og bar þær upplýsingar, sem fengust á þann hátt, saman við það, sem í bókhaldi ákærða er fært um vörusölu frá þessum aðiljum. Kom við þetta í ljós, að í bókhaldi ákærða voru ýmist ekki bókfærð nein vörukaup frá þeim eða þá mun minni en þeir töldu verið hafa.

Þá kannaði rannsóknardeildin víxlaspjaldskrá banka yfir keypta víxla, samþykkta af ákærða, á árunum 1963 og 1964. Bar deildin síðan gögn þau, sem þannig fengust, saman við bókfærða vörukaupareikninga í bókhaldi ákærða. Telur rannsóknardeildin, að með þessum samanburði megi fá upplýsingar um óbókfærð vörukaup, og er þá gert ráð fyrir, að útgefandi víxils sé seljandi vöru, þ. e. að ákærði hafi samþykkt víxilinn til greiðslu á vöru, er hann hafi keypt af útgefandanum, sem síðan hafi selt víxilinn í banka.

Hér fara á eftir töflur yfir þær upplýsingar, er rannsóknardeild ríkisskattstjóra hefur aflað með þeim hætti, sem nú var frá greint. Í töflu 1 greinir frá vörukaupum á árinu 1963. Eru fyrst (A) tilgreindir vöruseljendur til ákærða samkvæmt upplýsingum seljenda, athugun á bókhaldi þeirra og óbókfærðum reikningum í fórum ákærða. Er getið nafns seljanda, hve mikil vörukaupin hafi verið samkvæmt bókhaldi ákærða, hve mikil samkvæmt öðrum upplýsingum og loks mismunar þessa tveggja. Síðan (B) eru tilgreindir víxlar, samþykktir af ákærða samkvæmt spjaldskrám banka, nafn útgefanda, hve mikil vörukaup frá útgefanda ákærði hefur bókfært, síðan samanlögð fjárhæð víxlanna og loks mismunurinn.

Tafla 2 sýnir samsvarandi samanburð um árið 1964. Þar er enn fremur tekinn inn einn liður af öðru tagi, varðandi viðskiptin við Svein Birgi Ágústsson. Þeim viðskiptum verður lýst síðar.

Tafla 1

Árið 1963.

A. Samanburður á vörukaupum samkvæmt upplýsingum seljenda og bókfærðum vörukaupum framteljanda.

Seljendur:	Vörukaup skv. bókhaldi	Vörukaup skv. seljendum	
Einir h/f, húsg.vst., Kaupvangsstr. 18, Ak.	kr. 0.00	kr. 341.907.00	kr. 341.907.00
Valbjörk h/f, Glerárgötu 28, Ak.	— 0.00	— 200.819.00	— 200.819.00
Lárus Sigurgeirsson, Fálkagötu 30, Rvík	— 0.00	— 56.275.00	— 56.275.00
Óli Þorbergsson, Dunhaga 13, Rvík	— 0.00	— 336.700.00	— 336.700.00
Bjarni Guðlaugsson, Rvík	— 0.00	—	— 80.250.00
			Kr. 1.015.951.00

B. Samþykktir víxlar (vöruvíxlar) af framteljanda samkvæmt víxlaspjaldskrám bankanna og bókfærð vörukaup hjá framteljanda, sbr. nánar hér að framan.

Seljandi/útgefandi:	Vörukaup skv. bókhaldi	Samþ. víxlar af framtelj.	
Birgir Ágústsson, Brautarholti 6, Rvík	kr. 343.001.00	kr. 946.840.00	kr. 603.839.00
Húsg.vst. Ingvars og Gylfa, Bogahl. 15, Rvík	— 15.050.00	— 46.725.00	— 31.675.00
Sveinn Guðmundsson, Sogavegi 192, Rvík	— 232.201.00	— 575.178.00	— 342.977.00
Árni Guðjónsson, Háaleitisbraut 49, Rvík	— 0.00	— 14.125.00	— 14.125.00
Benedikt Björnsson, Köldukinn 18, Hf.	— 0.00	— 59.850.00	— 59.850.00
Flugmó h/f, Selási 3, Rvík	— 0.00	— 127.989.00	— 127.989.00
Guðbrandur Benediktss., Rvík	— 0.00	— 12.425.00	— 12.425.00
Jón J. Jakobsson, Skipasundi 42, Rvík	— 0.00	— 47.852.00	— 47.852.00
Ragnar Haraldsson, Langagerði 58	— 0.00	— 247.030.00	— 247.030.00
Steinar Jóhannesson, Skógargerði 6, Rvík	— 0.00	— 243.089.00	— 243.089.00
			Kr. 1.730.851.00
			Kr. 2.746.802.00

Tafla 2

Árið 1964.

A. Samanburður á vörukaupum samkvæmt upplýsingum seljanda og bókfærðum vörukaupum framteljanda.

Seljendur:	Vörukaup skv. bókhaldi	Vörukaup skv. seljendum	Mismunur
Ásbjörn Ólafsson, Grettisg. 2, Rvík	kr. 55.809.00	kr. 81.334.00	kr. 25.525.00
Dúna h/f, Auðbrekku 49, Kópavogi	— 327.078.00	— 448.598.00	— 121.520.00
Einir h/f, húsg.vst. Kaupvangsstr. 19, Ak.	— 0.00	— 247.557.00	— 247.557.00
Híbýlaprýði h/f, Hallarmúla, Rvík	— 92.437.00	— 386.267.00	— 293.830.00
Húsg.verkst. Þorst. Sig., Grettisg. 13 A, Rvík	— 20.750.00	— 43.750.00	— 23.000.00
Íslenzk húsgögn h/f, Auðbrekku 53, Kópav.	— 221.796.00	— 239.546.00	— 17.750.00
Ólafur L. Kristjánsson, Skipasundi 77, Rvík	— 0.00	— 11.600.00	— 11.600.00
Pétur Snæland h/f, Vesturgötu 71, Rvík	— 262.811.00	— 337.022.00	— 74.211.00
Ragnar Björnsson, Dalshrauni 6, Hf.	— 0.00	—	— 82.200.00
Sólargl., Edwin Árnason, Lindarg. 25, Rvík	— 0.00	— 5.293.00	— 5.293.00
Trésmiðjan Viðir h/f, Laugavegi 166, Rvík	— 0.00	— 348.810.00	— 348.810.00
Valbjörk h/f, Glerárgötu 28, Ak.	— 0.00	— 583.342.00	— 583.342.00
			Kr. 1.834.638.00
Birgir Ágústsson, Brautarholti 6, mismunur á endurrituðum sölunótum og frumnótum, sbr. meðfylgjandi skrá		—	— 1.236.734.00
			Kr. 3.071.372.00

B. Samþykktir víxlar (vöruvíxlar) af framteljanda skv. víxlaspjaldskrám bankanna og bókfærð vörukaup hjá framteljanda, sbr. nánar hér að framan.

Seljandi/útgefandi:	Vörukaup skv. seljendum	Samþ. víxlar af framtelj.	Mismunur
Sveinn Guðmundsson, Sogavegi 92, Rvík	kr. 43.280.00	kr. 383.580.00	kr. 340.300.00
Árni Guðjónsson, Háaleitisbraut 49, Rvík	— 0.00	— 47.840.00	— 47.840.00
Benedikt Björnsson, Köldukinn 18, Hf.	— 0.00	— 45.150.00	— 45.150.00
Dagbjartur Stígsson, Þingholtsstr., Rvík	— 0.00	— 5.520.00	— 5.520.00
Flugmó h/f, Selási 3, Rvík	— 0.00	— 170.992.00	— 170.992.00
Guðbrandur Benediktss., Rvík	— 0.00	— 17.325.00	— 17.325.00
Magnús Guðmundsson, Langholtsv. 62, Rvík	— 0.00	— 15.600.00	— 15.600.00
Ragnar Haraldsson, Langagerði 58, Rvík	— 0.00	— 273.620.00	— 273.620.00
Steinar Jóhannsson, Skógargerði 6, Rvík	— 0.00	— 467.660.00	— 467.660.00

Mismunur á bókf. vöruk. og víxlum kr. 1.384.007.00

Heildarmismunur skv. framanrituðu kr. 4.455.379.00

Ákærði hefur verið spurður um þau atriði, sem fram koma í töflum 1—2. Hann hefur kannazt við það, að hann hafi á árinu 1963 átt viðskipti við aðilja þá, er í töflu 1 A greinir. Ekkert kveðst hann muna um það, hve miklum fjárhæðum viðskipti þessi hafi numið, en ekki sér hann ástæðu til þess að vefengja hinar framkomnu upplýsingar um það. Einungis hefur hann getið þess um viðskiptin við mann þann, sem í töflunni er nefndur Bjarni Guðlaugsson, að þar sé um að ræða mann að nafni Björn Kjartansson, og kveðst ákærði aldrei hafa fengið nema helming af þeirri vöru, sem um var að ræða. Hins vegar hafi hann orðið að greiða víxil, sem hann hafði samþykkt fyrir kaupverði allrar vörunnar, og síðar orðið að leita aðstoðar lögmanns til þess að fá hlut sinn réttan gagnvart Birni.

Samkvæmt framburði Björns Kjartanssonar húsgagnasmiðs, Meðalholti 17, er hér um að ræða viðskipti við hann, en undirskrift hans á reikningi til Skeifunnar hefur verið mislesin. Kveðst Björn hafa selt ákærða vöru þá, sem í reikningnum greinir.

Viðskiptin við Eini h/f eru í töflu 1 A tilfærð samkvæmt reikn-

ingsyfirliti, sem rannsóknardeildin hefur haft undir höndum. Viðskiptin við Valbjörk h/f, Lárus Sigurgeirsson og Óla Þorbergsson eru tilgreind samkvæmt skriflegum upplýsingum, sem aðiljar þessir létu rannsóknardeildinni í té úr bókhaldi sínu.

Um vörukaup þau á árinu 1964, sem talin eru í töflu 2 A, segir ákærði, að hann kannist við þá aðilja, sem þar eru taldir, og að hann hafi keypt af þeim vörur. Hins vegar telur hann sig ekkert vita, hversu mikil þau viðskipti hafi verið, og getur hann ekkert um þær tölur sagt, sem taflan geymir. Hann hefur getið þess eins, að viðskiptin við Víði h/f muni hafa farið fram í árslok 1964 og eigi verið bókfærð fyrr en á árinu 1965, enda hefði greiðsla ekki farið fram fyrr.

Um upplýsingar þær, sem tafla 2 A er reist á, er það að segja, að viðskiptin á árinu 1964 við Ásbjörn Ólafsson, Dúnu h/f, Eini h/f, Húsgagnaverkstæði Þorsteins Sigurðssonar, Íslenzk húsgögn h/f, Ólaf L. Kristjánsson, Pétur Snæland h/f, Edwin Árnason, Trésmiðjuna Víði h/f og Valbjörk h/f eru tilgreind samkvæmt skriflegum upplýsingum, sem þessir aðiljar létu rannsóknardeildinni í té, viðskiptin við Ragnar Björnsson eru tilfærð samkvæmt óbókfærðum reikningum, sem fundust meðal bókhaldsgagna ákærða, og viðskiptin við Híbýlaprýði h/f samkvæmt athugun rannsóknardeildarinnar á bókhaldi þess fyrirtækis.

Þegar ákærði var spurður um víxlaviðskipti þau, sem í töflum 1—2 (B) greinir, kannaðist hann við víxla þessa og kvað yfirleitt hægt að gera ráð fyrir, að þeir væru greiðsla fyrir keyptar vörur. Þó væri ekki svo í öllum tilvikum. Sumir víxlarnir kynnu að vera framlengingarvíxlar. Þá hefði komið fyrir, að hann hefði skipzt á víxlum við einhverja af þessum aðiljum, þ. e. fyrir víxil, sem hann hefði samþykkt og afhent aðilja, hefði hann í staðinn fengið víxil, sem sá aðili hefði samþykkt. Báðir hefðu síðan selt víxlana og fengið þannig lánsfé í hendur. Enn nefndi ákærði eitt atriði um, að víxill sýndi ekki vörukaup. Hann hefði t. d. samið um kaup á húsgögnum fyrir 200 þús. kr. og samþykkti 100 þús. kr. víxil sem fyrirframgreiðslu upp í kaupin. Þegar varan hefði svo verið afhent, hafi hann svo samþykkt víxil fyrir allri fjárhæðinni, en seljandi sjálfur séð um greiðslu á fyrri víxlinum.

Ákærði hefur ekki tilgreint nein ákveðin dæmi um framlengingarvíxla, skiptivíxla eða þess konar tilvik, er frá var greint í næstu málsgrein hér að ofan. Hann hefur skýrt svo frá í dómi, að hann geti fallizt á, að yfirleitt sýni víxlar þessir vörukaup frá útgefendum víxlanna.

Útgefendur víxlanna hafa komið fyrir dóm og borið vitni, og verða nú vætti þeirra rakin.

Vitnið Ingvar Þorsteinsson, sem rekur húsgagnavinnustofu í félagi við Gylfa Einarsson, telur, að víxlaviðskiptin 1963 (tafla 1 B) sýni greiðslur frá Skeifunni fyrir vörur, keyptar af vinnustofunni. Hann kveðst þó ekki geta fortekið, að ákærði hafi ekki einhvern tíma samþykkt víxil handa honum í greiðaskyni við hann, en altítt sé í þessari starfsgrein, að menn skiptist þannig á víxlum til að afla sér rekstrarfjár. Ingvar minnist þess þó ekki, að hann hafi skipzt þannig á víxlum við ákærða.

Vitnið Sveinn Guðmundsson húsgagnasmiður, Sogavegi 192, kveðst hafa umrædd ár selt ákærða töluvert af vörum, sérstaklega annað árið. Hann kveður þó víxilfjárhæðir þær, sem töflurnar tilgreina, ekki gefa rétta hugmynd um vörusölu hans til ákærða. Hann og ákærði hafi gert töluvert að því að skiptast á víxlum til þess að afla sér rekstrarfjár. Sveinn kveður víxla þá, er hann fékk frá ákærða, yfirleitt hafa verið til skamms tíma og verið endurnýjaðir aftur og aftur. Ekki hefur Sveinn getað tilgreint neinar tölur um vörusölu sína til ákærða, enda kveðst hann ekkert bókhald hafa haft.

Vitnið Árni Guðjónsson húsasmiður, Sólvallagötu 41, virðist vera sá maður, sem tilgreindur er í töflum 1 og 2 sem Árni Guðjónsson, Háaleitisbraut 49. Árni Björn Guðjónsson húsgagnasmiður, Háaleitisbraut 49, kveðst aldrei hafa átt nein viðskipti við ákærða og aldrei selt í banka víxil, samþykktan af honum. Árni Guðjónsson, Sólvallagötu 41, kveðst dálítið hafa fengizt við húsgagnasmíð og hafa selt ákærða vörur. Hann kveðst hafa selt í bönkum víxla, samþykkta af ákærða. Hann man ekki fjárhæð víxla þessara, en neitar ekki, að þær séu rétt tilgreindar í töflunum. Árni kveðst einvörðungu hafa fengið víxla frá ákærða sem greiðslu fyrir vörur.

Vitnið Benedikt Björnsson húsgagnasmiður, Goðatúni 32 í Garðahreppi, kveðst hafa selt ákærða vörur og fengið þær greiddar með víxlum, svo sem tíðkanlegt sé. Hann kveðst hafa selt víxla frá ákærða í bönkum og vefengir ekki, að töflurnar séu réttar að þessu leyti. Kveður hann víxla þessa að miklu leyti hafa verið greiðslu fyrir vörur, en þó hafi komið fyrir, að hann og ákærði hafi skipzt á víxlum. Ekki hefur Benedikt þó talið sig vita, hve oft það hafi komið fyrir né hversu mikilli fjárhæð slíkir víxlar hafi numið. Hann hefur ekki getað tilgreint, hversu mikil viðskipti hann hafi átt við Skeifuna árin 1963 og 1964.

Vitnið Pétur Filippusson, Bugðulæk 6, framkvæmdastjóri fyrir Flugmó h/f, sem hefur m. a. með höndum framleiðslu á húsgögnum, segir fyrirtæki sitt hafa átt viðskipti við Skeifuna, m. a. 1963, en árið 1964 telur hann ekki hafa verið um viðskipti að ræða og hafi það stafað af ágreiningi um afslátt. Er Pétri var bent á sölu Flugmó h/f á víxlum, samþykktum af ákærða, sagði hann, að hann hefði gert talsvert að því að skiptast á víxlum við ákærða og muni víxlasalan 1964 svo til komin, en einnig geti verið, að Flugmó h/f hafi eignazt víxla frá ákærða í öðrum viðskiptum. Þrátt fyrir áskoranir og loforð um að kanna í bókum fyrirtækis síns, hversu miklu vörusala til Skeifunnar hafi numið umræddd ár, hefur Pétur ekki fengizt til að gefa neinar skýrslur um þetta.

Vitnið Guðbrandur Benediktsson iðnverkamaður, Gnoðavogi 50, kveðst hafa starfað á húsgagnaverkstæði, en gripið í það í tómstundum sínum að smíða sjálfur húsgögn og selja. Kveðst hann hafa átt nokkur viðskipti við ákærða og sé öruggt, að víxlar þeir, samþykktir af ákærða, sem hann hefur selt í bönkum, hafi verið greiðsla frá ákærða fyrir vörur.

Vitnið Jón Jörunds Jakobsson húsasmíðameistari, Laugarnesvegi 102, kveðst hafa selt Skeifunni vörur, m. a. á árinu 1963. Kveður Jón vafalaust, að víxlar þeir, sem hann seldi í bönkum það ár og samþykktir eru af ákærða, hafi í öllum tilvikum verið greiðsla fyrir vörur, en ekki kveðst hann nú geta sagt um, hve miklu vörusala hans til ákærða það ár hafi numið. Hann kveðst aldrei hafa skipzt á víxlum við ákærða. Hann hefur tekið fram, að það sé hugsanlegt, að hann hafi tekið við víxlum sem greiðslu fyrir vörur, þótt víxlarnir hafi verið samþykktir af öðrum en greiðanda.

Vitnið Ragnar Haraldsson húsgagnasmiður, Langagerði 58, telur, að víxlar þeir, sem hann hefur selt í bönkum 1963 og 1964 og samþykktir eru af ákærða, hafi að mestu leyti verið „skiptivíxlar". Hann hafi staðið í byggingu 1963 og ákærði hafi af greiðasemi við hann samþykkt víxla, sem hann kveðst svo hafa getað selt í bönkum. Á móti kveðst Ragnar hafa samþykkt víxla, er ákærði hafi fengið í hendur sem tryggingu. Ragnar kveðst hafa séð um greiðslu á víxillánum þessum. Ragnar kveðst hafa selt ákærða vörur árið 1964 fyrir eitthvað á annað hundrað þúsund krónur. Ekki hafa fengizt neinar greinilegri skýrslur af Ragnari um viðskipti hans við ákærða, þótt honum væri gefinn frestur til að kanna í gögnum sínum viðskiptin við ákærða.

Vitnið Steinar Jóhannsson vélvirki, Skógargerði 6, framleiðir húsgögn úr stáli. Hann kveðst hafa selt ákærða talsvert af vörum. Víxlar þeir, sem hann hafi selt í bönkum og ákærði hefur samþykkt, séu að mestu leyti vöruvíxlar, sem ákærði hafi greitt vörur með. Þó kveður hann það hafa komið fyrir, að hann hafi skipzt á víxlum við ákærða. Ekki getur hann þó tilgreint, hversu oft það hafi komið fyrir né hve mikilli fjárhæð slíkir víxlar hafi numið. Þá hefur Steinar borið það, að fyrir hafi komið, að hann hafi fengið greiðslu frá öðrum aðiljum en ákærða með víxlum, sem ákærði hafði samþykkt. Loks segir Steinar, að það hafi borið við, að ákærði framlengdi víxilskuldir, fengið Steinar til að gefa út nýjan víxil, sem hann (ákærði) hafði samþykkt, og notað hann til að greiða eldri víxilskuld eða hluta hennar. Ekki hefur Steinar getað gefið greinilegri skýrslur um vörusölu sína til ákærða né viðskipti við hann að öðru leyti, en hann kveður bókhald sitt hafa verið mjög ófullkomið á þessum tíma. Hann segir, að eftir að ákærði varð að afhenda bókhald sitt, hafi hann beðið sig að eyðileggja allar nótur yfir vörusölu til sín, og hann kveðst af kjánaskap hafa orðið við þeirri beiðni. Ákærði hefur mótmælt þessum framburði Steinars.

Vitnið Dagbjartur Stígsson húsgagnasmiður, Stykkishólmi, kveðst hafa selt ákærða dálítið af listiðnaðarvörum úr tré og muni víxill sá, sem hann hefur selt í banka 7. nóvember 1964 og ákærði hefur samþykkt, að fjárhæð kr. 5.520.00, vera greiðsla fyrir þær vörur, enda séu þetta einu viðskiptin, sem hann hafi átt við ákærða.

Vitnið Magnús Guðmundsson húsgagnasmiður, Langholtsvegi 62, kveðst hafa átt lítils háttar viðskipti við ákærða, en kveðst þó ekki muna sérstaklega eftir viðskiptum árið 1964. Um þá tvo víxla, samþykkta af ákærða, sem hann er talinn hafa selt í bönkum 1964, segir hann, að þar sé sennilega um vöruvíxla að ræða. Hann aftekur, að hann hafi nokkru sinni samþykkt víxil í greiðaskyni við ákærða, sem hann kveðst ekki þekkja að ráði.

Ákærði átti mikil viðskipti við Svein Birgi Ágústsson húsgagnasmíðameistara, sem rekur trésmiðju að Brautarholti 6 hér í borg. Er það samhljóða framburður ákærða og Sveins Birgis, að á árinu 1964 var sá háttur hafður á í viðskiptum þeirra, að þegar vara var afhent til ákærða, var ritaður sölureikningur, þar sem verð vörunnar var skráð með smásöluverði. Mánaðarlega fékk ákærði reikning yfir úttekt sína og greiddi reikninginn, þ. e. smásöluverðið að frádregnum 25%. Eftir það fékk Sveinn Birgir

aftur í hendur mánaðarreikninginn ásamt sölureikningum þeim, sem honum fylgdi. Lét hann svo rita nýjan mánaðarreikning og sölureikninga, sem sýndu miklu minni viðskipti en hinir réttu reikningar. Þessa nýju reikninga fékk ákærði svo og færði bókhaldið samkvæmt þeim. Báru hinir nýju reikningar sömu númer og hinir fyrri, en Sveinn Birgir kveðst í ársbyrjun 1964 hafa látið prenta í tveimur upplögum reikninga með númeraröðinni 0001 til 4000 í því skyni að nota þá við tvenns konar skráningu, sem nú var lýst. Rannsóknardeildinni tókst að hafa upp á töluverðu af hinum upprunalegu sölureikningum frá febrúar til desember 1964, og virðast allir reikningar frá tímabilinu apríl til desember hafa fundizt. Þegar þessir upprunalegu sölureikningar eru bornir saman við reikninga þá, sem fundust í bókhaldi ákærða, sést, að hve miklu leyti vörukaup ákærða frá Sveini Birgi Ágústssyni á tímabilinu apríl—desember 1964 eru rangfærð. Er samanburð um þetta að finna á töflu 3.

Tafla 3

Viðskipti verzl. Skeifunnar og trésmiðju Birgis Ágústssonar apríl—desember 1964.

Nóta nr.	Dags.	Upphæð frumnótu	Upphæð endurritunarnótu í bókh. Skeifunnar
915	9/4	kr. 51.180.00	kr. 1.500.00
983	20/4	— 39.465.00	— 600.00
1020	28/4	— 27.760.00	— 750.00
1088	13/5	— 48.320.00	— 1.180.00
1094	13/5	— 20.470.00	— 300.00
1119	21/5	— 30.240.00	— 1.700.00
1145	26/5	— 17.520.00	— 850.00
1150	27/5	— 31.600.00	— 600.00
1204	9/6	— 24.720.00	— 1.180.00
1206	10/6	— 21.845.00	— 300.00
1222	12/6	— 21.040.00	— 2.360.00
1262	25/6	— 55.560.00	— 4.720.00
1283	30/6	— 21.520.00	— 1.500.00
1306	6/7	— 42.100.00	— 2.180.00
1313	7/7	— 30.060.00	— 3.360.00
1332	14/7	— 35.445.00	— 2.320.00
1341	15/7	— 103.040.00	— 7.120.00
1369	23/7	— 67.320.00	— 1.880.00

Nóta nr.	Dags.	Upphæð frumnótu	Upphæð endurritunar-nótu í bókh. Skeifunnar
1411	31/7	kr. 32.620.00	kr. 2.180.00
1436	7/8	— 50.700.00	— 2.680.00
1454	12/8	— 76.070.00	— 7.760.00
1519	26/8	— 80.000.00	— 10.880.00
1535	31/8	— 39.980.00	— 1.500.00
1540	1/9	— 32.880.00	— 1.580.00
1544	3/9	— 18.900.00	— 3.760.00
1585	9/9	— 48.520.00	— 7.760.00
1711	24/9	— 10.220.00	— 1.880.00
1737	28/9	— 21.980.00	— 2.180.00
1776	2/10	— 52.900.00	— 2.560.00
1857	8/10	— 21.860.00	— 2.680.00
1891	13/10	— 33.160.00	— 940.00
1892	13/10	— 18.480.00	— 150.00
1914	16/10	— 39.185.00	— 390.00
1928	19/10	— 44.360.00	— 4.980.00
1953	22/10	— 20.330.00	— 2.680.00
1992	27/10	— 57.860.00	— 2.560.00
1995	27/10	— 39.900.00	— 2.560.00
2076	5/11	— 18.480.00	— 1.880.00
2107	10/11	— 15.120.00	— 1.880.00
2176	19/11	— 14.640.00	— 1.500.00
2223	24/11	— 94.000.00	— 9.420.00
2244	27/11	— 24.684.00	— 1.800.00
2303	4/12	— 52.050.00	— 1.880.00
2334	8/12	— 63.490.00	— 1.595.00
2352	10/12	— 42.180.00	— 9.620.00
2521	22/12	— 22.320.00	— 1.460.00
		Kr. 1.776.074.00	Kr. 127.095.00
Mismunur			— 1.648.979.00
÷ 25% afsláttur frá útsöluverði . .			kr. 412.245.00
Undandregin vörukaup apríl—des.			kr. 1.236.734.00
Bókfærð vörukaup á sama tíma . .			— 450.650.00
Heildarvörukaup apríl—des. 1964 sem næst			kr. 1.687.384.00

Auk reikninga þeirra, sem taldir eru á töflu 3, en það eru þeir reikningar, sem ákæra tekur til, hafa komið fram 3 endurritaðir reikningar frá því í febrúar og marz 1964 og 7 endurritaðir reikningar frá tímabilinu janúar—apríl 1965. Ekki verður hér gerð frekari grein fyrir þessum reikningum, þar sem ákæra tekur ekki til þeirra.

Fram hefur komið, að eldsvoðar höfðu orðið í trésmiðju Sveins Birgis Ágústssonar, og höfðu skjöl farið þar forgörðum. Hafa ekki fundizt gögn, er sýni það, að reikningar hafi verið endurritaðir með framangreindum hætti fyrir 1964.

Mánaðarreikningar Sveins Birgis Ágústssonar til Skeifunnar árið 1963 sýna vörukaup að fjárhæð kr. 343.001.00 (sbr. töflu 1), en þar kemur einnig fram, að Birgir hefur á árinu selt í banka víxla, samþykkta af ákærða, að fjárhæð samtals kr. 946.840.00, og bendir það til þess, að vörukaupin hafi verið miklu meiri en bókhaldið sýnir. Áður var frá því greint, hvað ákærði hafði að segja um víxla þá, sem hann hafði samþykkt, og hvað ráða mætti af þeim um vörukaup ákærða frá seljendum víxlanna. Sakir sjúkleika Sveins Birgis Ágústssonar við rannsókn máls þessa var ekki hægt að taka af honum rækilega vitnaskýrslu, og hefur þetta atriði ekki verið borið undir hann. Hins vegar hefur Sveinn Birgir í skýrslu, sem hann gaf rannsóknardeildinni og hann hefur fyrir dómi lýst rétta, viðurkennt, að hann hafi látið rita tvenns konar reikninga um vörusölu sína til ákærða 1964 og fram á árið 1965, sem áður hefur verið lýst.

Í bókhaldi ákærða finnst ekkert bókað um erlend vörukaup verzlunar ákærða, en fram hefur komið, að hann muni eitthvað hafa flutt inn af vörum. Ákærði segir, að innflutningur hans á þessum árum hafi verið mjög óverulegur. Kveðst hann muna eftir tveimur vörusendingum, er hann hafi fengið að utan, lömpum frá Ítalíu og skrautvörum frá Danmörku. Ákærði segir sig minna, að kaupverð vörunnar frá Danmörku hafi verið um 2 þúsund danskar kr., en að öðru leyti hefur hann ekkert getað sagt um verðmæti þeirra vara, er hann flutti inn.

Ákærði hefur viðurkennt, að vörusala í verzlun hans hafi ekki verið bókfærð að fullu. Hann hefur hins vegar vikizt undan því að segja neitt ákveðið um það, hversu mikið hafi kveðið að undanskoti á vörusölu, og er hann var um það spurður, hvort því hefði verið hagað með hliðsjón af þeim undandrætti á vörukaupum, er lýst hefur verið hér að framan, kvað hann þetta allt hafa verið óskipulagt og laust í reipunum.

Samkvæmt skýrslu rannsóknardeildarinnar kom í ljós við könnun á bókhaldi og gögnum ákærða, að undan hafði verið fellt að bókfæra 1963 sölu frá 2 umboðsmönnum ákærða að fjárhæð samtals kr. 243.075.00, og 1964 hafði ekki verið fært í bækur uppgjör yfir 2 söluferðir út á land, en sala samkvæmt þeim nam kr. 457.884.00. Í skýrslunni er á það bent, að undanskot á vörusölu hljóti að hafa verið miklu meira, og sjáist það á vörukaupum þeim, sem haldið hafi verið utan við bókhald. Hljóti vörusölu að hafa verið skotið undan bókhaldi að sama skapi.

Við könnun rannsóknardeildarinnar á gögnum þeim, sem fundust hjá ákærða, kom í ljós, að í dagbók Skeifunnar árið 1965 var bókfærð sala kr. 10.197.207.00, en í sölubók, sem einungis hafði verið færð til loka septembers, var bókfærð sala kr. 6.081.885.00. Enn fremur fundust gögn um söluferðir út á land, og hafði vörusala í þessum ferðum numið samtals kr. 4.678.753.00, og hafði hún ekki verið bókfærð. Samkvæmt þessu hafði sala 1965 numið kr. 10.197.207.00 + 4.678.753.00, eða samtals kr. 14.875.960.00. Á söluskattskýrslu 1965 hafði ákærði gefið upp þessa sölu:

1.	ársfjórðungur	kr.	1.863.035.00
2.	——	—	2.206.430.00
3.	——	—	2.012.420.00
4.	——	—	6.438.250.00
		Alls 1965 kr.	12.520.135.00

Ákærði hefur haft hlaupareikning nr. 229 í Verzlunarbanka Íslands. Hann hefur raunar haft reikning í fleiri bönkum, en kveðst ekki hafa notað neinn, svo að teljandi sé, nema reikning 229. Inn á þann reikning kveður ákærði hafa runnið alla vörusölu, þar á meðal innheimta víxla samkvæmt afborgunarsamningum, en mjög mikið af vörum hefur verið selt þannig. Verzlunarbankinn hefur annazt innheimtu þessara víxla. Samkvæmt skýrslu rannsóknardeildarinnar námu innborganir á reikning þennan 1963 kr. ca. 15.200.000.00 og árið 1964 kr. 17.900.000.00. Til samanburðar er þess að geta, að á rekstrarreikningi, sem fylgir skattframtali ákærða 1964, er vörusala 1963 talin hafa numið kr. 6.631.379.98 (þar með talin sala til endurseljenda, kr. 986.787.98), og á rekstrarreikningi, er fylgir framtali 1965, er vörusala 1964 talin kr. 10.395.112.00. Sýna innborganir á hlaupareikning 229 þannig mun hærri innborganir en ákærði telur

vörusölu sína þessi ár. Ákærði hefur gefið þær skýringar á þessu, að inn á reikninginn hafi runnið auk vörusölunnar skyndilán, sem hann hefur þó ekki gert nánari grein fyrir. Einnig hefur hann getið þess, að árið 1964 hafi það stundum komið fyrir, að hann hafi skipzt á tékkum við kunningja sinn í greiðaskyni við hann, þannig að hann hafi látið hann hafa tékka á hlaupareikning 229 og fengið á móti innstæðulausan tékka frá kunningjanum og þann tékka hafi hann mátt sýna til greiðslu eftir einhvern tiltekinn tíma. Ekki hefur ákærði gert neina grein fyrir, hversu mikið hafi að þessu kveðið, og færzt undan að nefna nafn manns þess, sem hér hafi átt hlut að máli.

Af söluskattskýrslum ákærða 1963—1965, en þær eru gerðar ársfjórðungslega, kemur fram, að samkvæmt þeim hefur sala verið langsamlega mest síðasta fjórðung hvers árs. Hefur ákærði kannazt við það, að hann hafi yfirleitt gefið upp of litla sölu framan af ári. Til dæmis hafi greiðslur frá umboðsmönnum úti á landi ekki verið gefnar upp fyrr en á skýrslu síðasta ársfjórðungs, enda þótt þær bærust fyrr. Þá segir ákærði, að hann hafi haft bifreið í förum um landið með vörur og hafi vörusala, sem þannig fór fram, ekki verið færð til bókar né gefin upp til söluskatts fyrr en á síðasta ársfjórðungi. Þannig kveðst ákærði hafa skapað sér nokkurn frest á greiðslu söluskatts.

Ákærði kannast einnig við það, að heildarvörusalan, eins og hún kemur fram í bókhaldi og söluskattskýrslum, hafi af ásettu ráði verið sýnd of lítil, og standi það í sambandi við vantalin vörukaup, sem áður var lýst.

Um skeið fékkst ákærði við að taka í umboðssölu notuð húsgögn. Fundust hjá ákærða nokkur gögn um þá starfsemi. Af þeim sást, að brúttósala á notuðum húsgögnum 1964 hafði numið um 300 þús. kr., og náðu nótubækur þær, sem leiddu þetta í ljós, þó ekki nema yfir rúmlega hálft árið. Rannsóknardeildin kveður þessi viðskipti hvergi koma fram í bókhaldi ákærða. Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi tekið 20% í sölulaun af notuðum húsgögnum. Þegar slík húsgögn hafi verið seld, hafi söluverðið runnið inn í hina almennu vörusölu. Seljandinn hafi svo fengið vottorð í verzluninni um söluna og hafi hann svo í skrifstofu verzlunarinnar fengið söluverðið greitt að frádregnum umboðslaunum.

Eins og áður var nefnt, taldi ákærði á skattframtali árið 1964, að hann hefði selt vörur til endurseljenda á árinu 1963 að fjárhæð kr. 986.787.98. Segir ákærði, að það hafi komið fyrir, að

hann hafi stundum látið öðrum verzlunum í té vörur til endursölu. Samkvæmt skýrslu rannsóknardeildar kom í ljós, að ákærði taldi meðal vöru til endurseljenda vörur, sem sendar höfðu verið umboðsmönnum ákærða úti á landi, og var verð vara þessara kr. 417.197.00. Er þetta atriði var borið undir ákærða, kvaðst hann ekkert geta um það sagt.

Í skýrslu rannsóknardeildar greinir frá því, að grunsamleg sé færsla á víxlaeign ákærða í efnahagsreikningum hans. Var framtalin víxlaeign hans miðuð við 31. desember 1962 kr. 702.604.00, 31. desember 1963 sama tala, þ. e. kr. 702.604.00, og 31. desember 1964 kr. 1.026.320.00. Er á það bent, að víxlaeignin hafi verið óeðlilega lág, og eftirtektarvert, ef hún hafi staðið nákvæmlega í stað árið 1963. Þá er þess getið, að víxlarnir séu ekki bókfærðir nema birgðabreytingin um áramót.

Ákærði getur enga skýringu gefið á þessu. Hann hefur einungis getið þess, að sleppt hafi verið að telja víxla, sem komnir voru í vanskil, en auk þess hafi 20% verið dregin frá víxilfjárhæðinni til þess að ætla fyrir vanskilum.

Samkvæmt skýrslu rannsóknardeildarinnar var innstæða á hlaupareikningi ákærða nr. 743 í Iðnaðarbanka Íslands hinn 31. desember 1963, kr. 261.096, ekki bókfærð.

Þá er þess getið, að óbókfærðar skuldir, sem nokkuð örugg vitneskja hafi fengizt um, hafi 31. desember 1963 numið kr. 508.097.00 og 31. desember 1964 kr. 751.221.00.

Í skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra er grein gerð fyrir bókhaldi ákærða og hvernig færslu þess hefur verið háttað. Þykir hér verða að taka upp í heild þessa lýsingu á bókhaldinu:

„Framteljandi er bókhaldsskyldur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 62/1938 um bókhald. Samkvæmt því, sem vitað er, hefur hann notað eftirtaldar bækur við bókhald sitt:

1. Sölubók. Bók þessi er innbundin og tölusett. Í hana er færð vörusalan, en ekki daglega. Sjá síðar.
2. Sjóðdagbók. Bókin er lausblaðadálkabók (Kalamazoo) með ótölusettum blöðum. Fyrirsagnir dálkanna, reikninganna, eru þessar: Sjóður, vörureikningur, bólsturverkstæðið, kostnaður, samþ. víxlar, viðskiptamenn, vextir og söluskattur.
3. Aðalbók, innbundin og tölusett.
4. Viðskiptamannabók.

1. Sölubók. Í hana er færð dagleg sala í verzluninni gegn staðgreiðslu svo og víxilinnheimtur og önnur innheimt sala gegn gjaldfresti. Framteljandi hefur talið, að bókin sé færð eftir á,

1—2 mánuði, en þar til hún sé færð, sé salan skráð á lausa miða. Þegar bókin var afhent um 10. janúar s.l., hafði aðeins verið í hana færð sala til septemberloka 1965. Aðrar innborganir í sjóð svo og allar útborganir úr sjóði eru hvergi skráðar jafnóðum og þær eiga sér stað daglega. Niðurstaða sölubókar fyrir hvern mánuð sér er síðan færð í sjóðdagbók.

Samkvæmt því, sem fram kemur annars staðar í skýrslu þessari og viðurkennt er af framteljanda, þá er salan ranglega tilfærð í sölubókinni. Virðist augljóst, að þar skakki verulegum fjárhæðum.

2. *Hlaupareikningar.* Framteljandi hafði hlaupareikning nr. 229 við Verzlunarbankann h/f. Hann hefur upplýst, að nær allar greiðslur vegna verzlunarinnar hafi farið fram með ávísunum á þennan reikning. Virðist þetta koma vel heim við útskrift bankans af reikningnum, en útskriftin fyrir árið 1964 er 48 bls. og fyrir árið 1963 44 bls. Á hverri bls. útskriftarinnar eru á að gizka 40 færslur úttektarmegin. Ennfremur hafði framteljandi hlaupareikning nr. 743 í Iðnaðarbankanum h/f. Þennan reikning notaði framteljandi aftur á móti lítið. Hvorugur þessara reikninga er færður í bókum framteljanda að því undanskildu, að færður er, miðað við árslok 1964, reikningsmunur á hlaupareikningi nr. 743, sem er skuld reikningshafa að fjárhæð kr. 302.083.04. Látið er hjá líða að færa innistæðu á hlr. 743 í árslok 1963, kr. 261.096.00. Eru því hvorki færðar sérstaklega innborganir né útborganir af þessum reikningum.

Af framanskráðu er ljóst, að framteljandi hefur ekki haldið neina sjálfstæða sjóðbók aðra en sjóðreikninginn í sjóðdagbókinni, sem er ótölusett lausblaðabók, eins og fyrr greinir. Engin skráning á sjóðgreiðslum fer fram samtímis því, sem þær eiga sér stað. Sleppt er að bókfæra sérstaklega inn- og útborganir af hlaupareikningunum. Þessi háttur, að viðhafa ekki réttar umbókunarreglur, að því er snertir greiðslureikninga, er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að unnt sé að framkvæma undandrátt slíkan, sem á sér stað í þessu máli. Verður vart lögð of mikil áherzla á þýðingu þess, að haldnar séu reglur bókhaldslaga og góðrar bókhandsvenju um rétta bókun inn- og útborgana.

3. *Víxlareikningur.* Eins og fram kemur annars staðar í greinargerð þessari, er vörusölu framteljanda svo háttað, að hún fer ýmist fram gegn staðgreiðslu eða selt er gegn gjaldfresti og með eignarréttarfyrirvara, og samþykkir þá kaupandi jafnframt víxil eða víxla fyrir eftirstöðvum söluverðsins. Salan gegn gjaldfresti

og víxlanir eru þá eigi bókfærðir, fyrr en þeir greiðast. Framteljandi hefur talið, að um áramót séu víxlabirgðirnar taldar og bókfærðar, sbr. þó nánar sem áður segir um þetta. Breyting á víxlabirgðunum — aukning þeirra eða rýrnun — kemur þannig aðeins fram um áramót. Þessi háttur á færslu víxlareikningsins virðist ekki samrýmast bókhaldslögum, en hann er einn af þeim yfirlitsreikningum, sem talinn er í 8. gr.

4. *Einkaúttekt* framteljanda á árinu 1963 er tilfærð á höfuðstólsreikningi kr. 52.188.00, og er þá meðtalin áætluð einkaafnot af bifreið, kr. 10.500.00. Árið 1964 var úttektin uppfærð á kr. 116.452.00. Á árinu 1963 er úttektin færð ársfjórðungslega eftir á í sjóðdagbók samkvæmt miðum, sem tilbúnir virðast vera í sambandi við færsluna. Útektin 1964 er færð í sjóðdagbók eftir árið og sundurliðast þannig:

Opinber gjöld	kr.	41.703.00
Sama	—	28.249.00
Þátttaka í rekstri bifr.	—	11.500.00
Úttekið af eiganda	—	35.000.00
Samtals	kr.	116.452.00

Fyrir færslunni „Úttekið af eiganda" er ekkert fylgiskjal. Úttektarfjárhæðirnar virðast sumar hverjar a. m. k. einungis byggðar á ágizkun, enda t. d. engar skráningar farið fram á einkaúttekt framteljanda af hlaupareikningi nr. 229, sbr. skýrslu hans þar um.

Þess ber að gæta, að ýmis viðskipti framteljanda eru ekki færð í bókhald hans, svo sem t. d. húsbygging, húsakaup og sölur og lántökur ýmsar.

5. *Viðskiptamannabók.* Auk þess sem getið hefur verið um sölufyrirkomulag framteljanda hér að framan, þá hefur hann haft á nokkrum stöðum utan Reykjavíkur umboðsmenn, sem selt hafa fyrir hann í umboðssölu. Viðskipti sín við þessa aðila auk sölu til einnar verzlunar hefur hann fært í sérstaka bók, sem ætlazt mun til, að gegni hlutverki viðskiptamannabókar. Bók þessi er ekki í neinum tengslum við bókhaldið, hvorki sem undirbók sjóðdagbókar né sem hluti hennar. Afleiðing þessa er m. a. sú, að hluti af sölu viðskiptamanna, sem skráður er í bók þessa, hefur ekki verið færður í sjóðdagbók.

Viðskipti þau, sem hér ræðir um, er skylt að færa í viðskipta-

mannabók, svo sem tilætlunin hefur verið, þótt svona tækist til með hana.

6. *Vörukaup og vörusala.* Eins og boðið er í 1. tölul. 8. gr. laga nr. 62/1938, eru í sjóðdagbók og aðalbók færðir reikningar yfir keyptar og seldar vörur. Um reikninga þessa er það að segja, að fellt hefur verið undan að bókfæra vörukaup og vörusölu í stórum stíl að segja má.

Nokkur grein hefur verið gerð fyrir því á öðrum stað í greinargerð þessari, um hve háar fjárhæðir megi ætla, að þar sé að ræða. Rekstrarreikningur sýnir því alranga mynd af þessum atriðum og þar af leiðandi tekjum framteljanda, að ætla verður. Álíta verður, að þannig sé bókfært til að villa um við álagningu þeirra gjalda, sem á þessa gjaldstofna eru lögð, og ennfremur við álagningu tekjuskatts og útsvars.

7. *Vöntun bókhaldsgagna.* Ljóst er af þeim gögnum, sem framteljandi afhenti til endurskoðunar, svo og þeim gögnum, sem fram komu við húsleit, að nokkuð virðist hafa skort á, að fylgiskjölum hafi verið haldið saman og þau varðveitt, svo sem vera ber.

Má nefna í því sambandi kjölstúfa úr ávísanaheftum, útskriftir af bankareikningum, innleggsnótur á hlaupareikningana, skilagreinir um innheimtu víxla, en nær engin gögn hafa komið fram viðvíkjandi bankaviðskiptum framteljanda.

Svo sem fyrr var sagt, fer vörusalan í verzluninni fram með gjaldfresti, og eru gerðir samningar með eignaréttarfyrirvara um húsgagnasöluna. Mjög lítið af slíkum samningum koma fram. Í sambandi við skráningu vörubirgða komu aðeins fram 2 stílabækur, sem höfðu að geyma nokkurn hluta birgðanna við árslok 1964. Aðrar heimildir um birgðatalningu komu ekki fram.

Þá er þess að geta hér, að miðar þeir, sem frumskráning sölunnar er sögð gerð á, hafa ekki verið varðveittir.

8. *Viðskiptin við Birgi Ágústsson.* Því er lýst á öðrum stað í greinargerð þessari, hvernig viðskiptin við Trésmiðju Birgis Ágústssonar fóru fram. Endurrituðu sölunóturnar voru notaðar sem fylgiskjöl fyrir færslum í sjóðdagbókina, sbr. nánar meðfylgjandi skrár.

9. *Eignir og skuldir utan bókhalds.* Í upphafi 11. gr. laga nr. 62/1938 segir:

„Á efnahagsreikningi séu tilfærðar allar eignir og skuldir hlutaðeiganda, eins og þær eru í lok reikningsins". Í árslok 1963 koma fram á framtali framteljanda skuldir og eignir, sem eigi

eru færðar í bókum hans, svo sem íbúð, Austurbrún 4, að fasteignamati kr. 38.713.00, peningar kr. 60.000.00, hlutabréf í 3 hlutafélögum, kr. 112.500.00, og ennfremur skuldir að fjárhæð kr. 667.179.00.

Á árinu 1964 selur framteljandi íbúðina að Austubrún 4 og byggir hús að Sunnubraut 18, Kópavogi, að kostnaðarverði kr. 1.159.588.64, kaupir auk þess hlutabréf í 2 hlutafélögum að nafnverði kr. 40.000.00 og eignast skuldakröfu að fjárhæð kr. 30.000.00. Engra þessara viðskipta né eigna í árslok er getið í bókhaldi eða efnahagsreikningi. Þá aukast skuldir gjaldanda utan bókhalds um kr. 649.686.02 og eru í árslok kr. 1.316.865.02. Innifalin í skuldum utan bókhalds er skuldin á hlr. 229 við Verzlunarbankann h/f, og er hún tilfærð í árslok 1964 kr. 693.425.02 og í árslok 1963 kr. 563.140.20.

Að áliti rannsóknardeildar bar gjaldanda að færa þessi viðskipti og eignir og skuldir í bækur sínar. Bókhaldsskyldan er bundin við hann sem einstakling, en ekki verzlunina sem fyrirtæki. Ekki er í lögunum heldur að finna heimild að fella þessi viðskipti undan skráningu í bókhaldi, enda hér verið að breyta einni eign í aðra. Getur þetta því ekki fallið undir venjulegri úttekt á einkareikningi, sem svarar til einkaeyðslu hlutaðeiganda.

10. Rekstrar- og efnahagsreikningar eru ekki færðir í löggilta efnahagsbók, enda slík bók ekki til hjá framteljanda. (10. gr. l. nr. 62/1938)".

Ákærði hefur greiðlega kannast við það, að bókhald hans hafi ekki verið eins og vera bar. Hafi hann gert sér það fullkomlega ljóst, að svo var og haft lengi hug á að bæta úr því. Það hafi hins vegar dregizt á langinn og hafi það ekki verið fyrr en um áramót 1965—66, sem hann hafi fengið viðskiptafræðing til þess að koma lagi á bókhaldið, og telur hann það síðan hafa verið fært lögum samkvæmt.

Ákærði hefur tekið fram, að í þau 13 ár, sem hann hafi rekið verzlun, hafi það aldrei komið fyrir fyrr en nú, að skattayfirvöld forvitnuðust um það, hvernig bókhaldi hans væri háttað. Hafi það leitt til þess, að ákærði hafi orðið hirðulaus um bókhaldið.

III.

Eins og áður segir, gekk ríkisskattanefnd hinn 8. febrúar s.l. frá endurskoðun á álagningu tekju- og eignarskatts á ákærða fyrir gjaldárin 1964 og 1965, aðstöðugjalds fyrir sömu gjaldár og enn fremur álagningu söluskatts fyrir árin 1963, 1964 og 1965.

Er I. kafla ákæru í máli þessu hagað í samræmi við niðurstöður ríkisskattanefndarinnar. Verður nú greint frá nefndum niðurstöðum nefndarinnar og jafnframt greint frá rökstuðningi ákæruvaldsins fyrir ákæruatriðum þeim, sem hér er um að ræða.

Söluskattur. Á árinu 1963 taldi ákærði fram söluskattskylda vörusölu að fjárhæð kr. 5.644.592.00, og nam söluskattur af þeirri fjárhæð kr. 164.984.00. Ríkisskattanefnd úrskurðaði, að á þessu ári væri vantalin vörusala kr. 3.100.000.00 og að söluskattur af henni næmi kr. 90.290.00.

Á árinu 1964 taldi ákærði fram vörusölu kr. 10.104.289.19 og söluskatt af henni kr. 517.875.00. Ríkisskattanefnd telur undandregna sölu hafa numið kr. 4.800.000.00 og söluskatt af fjárhæð þeirri kr. 241.035.00.

Á árinu 1965 taldi ákærði fram söluskattskylda vörusölu kr. 12.520.135.00 og söluskatt af henni kr. 873.491.00. Ríkisskattanefnd telur undandregna sölu á þessu ári hafa numið kr. 2.355.825.00 og þar af leiðandi undandreginn söluskatt kr. 164.358.00.

Af hálfu ákæruvaldsins er því haldið fram, að þetta mat ríkisskattanefndarinnar sé óhætt að leggja til grundvallar, þegar meta skal atferli ákærða til refsingar. Er á það bent, að sönnuð hafi verið óbókfærð vörukaup ákærða, og vísað auk viðurkenningar ákærða til þess, sem fram hafi komið um óbókfærð vörukaup frá tilteknum aðiljum og um víxla, samþykkta af ákærða, sem seldir hafa verið í bönkum, og um viðskiptin við Birgi Ágústsson 1964 samkvæmt skjölum, er hafzt hafi upp á. Þá er vikið að innflutningi þeim á vörum, sem ákærði hefur kannazt við, en ekki hefur verið færður til bókar. Þá er bent á, að ekkert finnist í bókhaldinu um umboðssölu þá með notaðar vörur, sem ákærði hefur kannazt við, og loks, að þó að nokkur könnun hafi farið fram á viðskiptamannahóp ákærða, sé þess ekki að vænta, að hún hafi verið tæmandi, og ekki sé við því að búast, að fengizt hafi upplýsingar um öll þau vörukaup, sem undan hafi verið skotið. Skrárnar yfir óbókfærð vörukaup samkvæmt upplýsingum frá tilteknum aðiljum og skrárnar yfir víxlaviðskiptin (töflur 1 og 2 hér að framan) sýni niðurstöðutölur samtals ca. 7.2 millj. kr. Í úrskurðum ríkisskattanefndar og í ákæru sé gert ráð fyrir, að óbókfærð vörukaup þessi 2 ár hafi ekki numið nema 6.5 millj. kr. og sé þannig í öryggisskyni dregin frá ofangreindri tölu um 10% og ekki gert neitt álag fyrir innfluttum vörum eða óbókfærðum vörukaupum frá öðrum en í nefndum skrám greinir.

Þegar ríkisskattanefnd hefur áætlað vörusölu 1963 kr. 3.100.000.00 og 1964 kr. 4.800.000.00, komi í ljós, að gert sé ráð fyrir meðalálagningu á seldar vörur 1963 ca. 28% og 1964 ca. 29%. Í úrskurði ríkisskattanefndar um tekjuskatt ákærða er frá því greint, að á rekstrarreikningi, sem fylgdi framtali ákærða fyrir skattárið 1963, sé kostnaðarverð seldra vara í verzlun og verkstæði tilfært kr. 4.973.314.44 á móti heildarsölu kr. 6.631.379.98 og komi þannig fram meðalálagning á seldar vörur um 33%. Samsvarandi tölur fyrir skattárið 1964 séu kr. 7.389.767.13 og 10.395.112.65 og meðalálagning um 40%.

Þannig sé í úrskurði ríkisskattanefndar og í ákæru af varúðarástæðum gert ráð fyrir lægri álagningu en sennilega hafi verið. Hafi ákærði verið látinn njóta fyllsta hagræðis af hugsanlegum vafa við ákvörðun gjaldstofnanna. Ákæran fyrir undanskot á vörusölu 1965 er studd við gögn, sem rakin voru í II. kafla hér að framan, þ. e. að þegar framtalin sala á því ári sé dregin frá hinni bókfærðu sölu, að viðbættri sannaðri sölu í söluferðum út á land, komi út vantalin sala að fjárhæð kr. 2.355.825.00.

Af hálfu ákæruvalds er til styrktar ákærunum um undandregna vörusölu bent á bankareikning ákærða nr. 229 og að hann bendi til mun meiri sölu en ákærði hefur talið fram, jafnvel þótt gert sé ráð fyrir, að ýmislegt annað en vörusala hafi runnið inn á reikninginn, sbr. það, sem ákærði hefur haft um þetta að segja.

Tekjuskattur. Skattstofa lagði tekjuskatt á ákærða fyrir skattárið 1963 samkvæmt framtali ákærða á hreinar tekjur, að fjárhæð kr. 155.500.00, og varð tekjuskattur samkvæmt því kr. 11.463.00. Ríkisskattanefnd hefur talið, að hreinar tekjur ákærða hafi á því ári numið kr. 660.000.00 og að tekjuskattinn beri því að ákveða kr. 164.327.00. Þannig hafi ákærði skotið undan framtali hreinum tekjum að fjárhæð kr. 504.500.00 og tekjuskattur því orðið kr. 152.864.00 lægri en átt hefði að vera.

Fyrir skattárið 1964 var lagður á ákærða tekjuskattur, kr. 28.251.00, á hreinar tekjur, kr. 248.600.00 samkvæmt framtali ákærða. Ríkisskattanefndin úrskurðaði, að hreinar tekjur á því ári hefðu numið kr. 775.000.00 og að tekjuskattur ætti því að nema kr. 171.800.00. Hefði þannig verið skotið undan framtali hreinum tekjum að fjárhæð kr. 526.400.00 og skattur því orðið kr. 143.549.00 lægri en átt hefði að vera.

Í úrskurði ríkisskattanefndar er lýst vanköntum þeim, sem hafi verið á bókhaldi ákærða, og telur nefndin, að það og framtöl ákærða hafi verið haldin þvílíkum annmörkum, að þau verði

ekki lögð til grundvallar álagningu á ákærða. Þá er skírskotað til viðurkenningar ákærða á því, að vanrækt hafi verið að bókfæra vörukaup og vörusölu, og til þess, er fram hefur komið í málinu um vanrækslu á að bókfæra vörukaup frá tilteknum aðiljum og til víxilviðskipta þeirra, sem áður hefur verið lýst. Þá er tekið fram, að þegar hreinar tekjur hafi verið ákveðnar, hafi hækkanir þær á söluskatti og aðstöðugjaldi, sem jafnframt hafi verið ákveðnar, verið reiknaðar til frádráttar.

Tekjuútsvar. Svo sem áður var sagt, hefur ekki farið fram nein endurálagning á tekjuútsvari ákærða fyrir umrædd ár. Er ákæran að þessu leyti miðuð við sams konar undanskot á hreinum tekjum og ákæran fyrir undanskot á hreinum tekjum til tekjuskatts, en þegar í ákæru segir, að undanskotið hafi leitt til lægri tekjuútsvarsálagningar en átt hefði að vera fyrir bæði árin, allt að kr. 250.000.00, þá er sú tala miðuð við það, sem ætla megi samkvæmt álagningarstigum, að viðbótarálagning mundi nema, og sé þó af varúðarástæðum farið nokkru lægra en álagningarstigar segi til um.

Aðstöðugjald. Í úrskurði ríkisskattanefndar segir, að vantalinn gjaldstofn gjaldárið 1964 teljist kr. 3.500.00 og 1965 kr. 5.300.000.00. Nemi hækkun gjaldsins miðað við gjaldstiga 0.7% fyrsta árið kr. 24.500.00 og síðara árið kr. 37.000.00. Í úrskurðinum segir, að hækkunin sé ákveðin með rökum, er leitt hafa til hækkana á tekjuskatti, en einnig verði að hækka gjaldið vegna þess, að fellt hafi verið undan að leggja á millifært verðmæti húsgagna frá bólstrunarverkstæði til smásöluverzlunar ákærða.

Á rekstrarreikningum ákærða fyrir árin 1963 og 1964 (framtöl 1964 og 1965) er kostnaður við bólstrunarverkstæðið fyrra árið tilfærður kr. 1.014.477.29 og síðara árið kr. 1.336.976.85, eða samtals bæði árin kr. 2.351.454.14.

Af hálfu ákæruvaldsins er krafa þess varðandi refsiábyrgð fyrir undandrátt á skattstofni við álagningu aðstöðugjalds skýrð þannig, að kostnaðurinn við bólstrunarverkstæðið sé dreginn frá gjaldstofninum og einungis krafizt ábyrgðar fyrir mismuninn, sem sé um kr. 6.500.000.00, en undanskot þeirrar fjárhæðar hafi leitt til lægra aðstöðugjalds, kr. 45.500.00.

Í sóknarskjali ákæruvalds er loks á það bent, að í skattframtali ákærða á þessu ári telji hann hreina eign verzlunarinnar Skeifunnar hinn 1. janúar 1966 kr. 2.426.344.00. Á efnahagsreikningi, sem fylgir framtali 1965, sé hrein eign í árslok talin kr.

25.255.24. Samkvæmt því ætti hrein eign að hafa aukizt á árinu 1965 um sem næst 2.400.000.00. Enga skýringu hafi ákærði gefið á þessu. Sé ljóst, að hér sé ákærði að telja fram eignir, sem hann hafi skotið undan við framtöl fyrri ára, og sé þannig komin fram lokasönnun fyrir undandrætti þeim á gjaldstofnum, sem I. kafli ákæru lýtur að.

Af hálfu ákærða er í fyrsta lagi krafizt sýknu vegna þess, að þegar rannsókn máls þessa hófst, hafi verið í gildi ákvæði um allsherjarsakaruppgjöf fyrir atferli slíkt, sem um ræði í máli þessu, þ. e. 48. gr. laga nr. 90/1965 um tekjuskatt og eigna, lokaákvæði 1. málsgreinar þeirrar greinar. Hafi ákærði ætlað sér að „gefa sig upp" af sjálfsdáðum fyrir þann tíma, sem tilgreindur sé í ákvæði þessu, 1. marz 1966, en aðgerðir rannsóknardeildar hafi hafizt í janúar 1966 og hafi með því verið loku skotið fyrir „uppgjöf" ákærða. Í ákvæði þessu sé að vísu einungis rætt um tekju- og eignarskatt, en eðli máls samkvæmt og fyrir lögjöfnun nái þetta ákvæði yfir allt misferli ákærða. Í framkvæmd hafi ákvæði þessu verið beitt af hálfu hins opinbera, svo sem um allsherjarsakaruppgjöf (amnesti) væri að ræða.

Til vara er þess krafizt, að ákærði verði samkvæmt nefndu ákvæði sýknaður af ákærum samkvæmt 1. kafla ákæru, og ef ekki af þeim öllum, þá a. m. k. af þeim hluta ákæru, sem lýtur að tekjuskatti og hluta af söluskatti.

Í annan stað er af hálfu ákærða krafizt sýknu á grundvelli þeirrar hefðar, sem áratugum saman hafi ríkt á þessu landi um meðferð skattaundandráttarmála, þ. e. að ávallt hafi verið látið við það sitja að færa skatta til rétts vegar og e. t. v. að beita einhverjum skattsektum, án þess að kært væri til refsingar. Þá er þess krafizt af hálfu ákærða til vara, ef sýknukrafa verði ekki tekin til greina, að ákærða verði aðeins refsað með sekt, en verði refsivist beitt, verði hún ákveðin skilorðsbundin.

IV.

Með ákvæði laga nr. 90/1965, 48. gr., 1. mgr. i. f., var heimild veitt til þess að fella niður skattsektir vegna brota á þeim lögum með vissum skilyrðum, og með ákvæði 6. mgr. sömu greinar var einnig heimilað að fella á sama hátt niður sektir samkvæmt lögum nr. 10/1960 um söluskatt til 1. júlí 1965. Hér er um heimildarákvæði að ræða, og fer því fjarri, að ákvæðin feli í sér neina almenna sakaruppgjöf vegna slíkra brota. Er óskert vald

saksóknara til höfðunar máls þessa. Verður ákærði þannig ekki sýknaður vegna ofangreindra ákvæða.

Verður þá tekin afstaða til þess, hvað sannað megi telja af hinum einstöku ákæruatriðum.

Skattsvik. Sýnt hefur verið fram á, að á árinu 1963 bókfærði ákærði ekki vörukaup frá 5 aðiljum, sem töldu sig hafa selt honum vörur að fjárhæð kr. 1.015.951.00, og á sama hátt 1964 vörur frá 12 aðiljum, samtals kr. 1.834.638.00. Ákærði hefur ekki gert aðrar athugasemdir við þetta en að hann hafi ekki fengið nema helming af vörum, sem einn seljandinn kveðst hafa selt honum 1963, kr. 80.250.00, og að vörukaup frá einum aðilja 1965, kr. 348.810.00, hafi verið bókfærð 1965.

Þá er fram komið samkvæmt víxlaspjaldskrám, að á árinu 1963 hafa 10 viðskiptamenn ákærða selt í bönkum víxla, samþykkta af ákærða, sem nema kr. 1.730.851.00 umfram þau vörukaup, sem ákærði hefur bókfært frá þessum aðiljum. Á sama hátt voru á árinu 1964 upplýstar sölur 9 viðskiptamanna ákærða á víxlum, samþykktum af honum, að fjárhæð samtals kr. 1.384.007.00 umfram bókfærð vörukaup. Ákærði hefur borið því við, að sumir víxla þessara kunni að hafa verið „skiptivíxlar", og hafa sumir af þessum viðskiptamönnum einnig borið það, að svo hafi verið, en hvorki ákærði né þeir hafa þó gert neina grein fyrir, hversu mikið hafi kveðið að slíkum skiptivíxlum. Hefur ákærði sagt, að yfirleitt megi treysta því, að víxlar þessir hafi verið greiðsla frá honum á vörum.

Leitt er í ljós af ótvíræðum gögnum og framburði ákærða sjálfs og Birgis Ágústssonar, að í apríl—desember 1964 voru vörukaup ákærða frá Birgi kerfisbundið bókfærð lægri en þau voru samkvæmt röngum reikningum, sem gerðir voru í því skyni. Nemur sú fjárhæð, sem þannig var skotið undan bókhaldi, kr. 1.236.734.00.

Þessi gögn benda til, að ákærði hafi skotið undan bókhaldi á árinu 1963 vörukaupum að fjárhæð kr. 2.746.802.00 (þ. e. kr. 1.015.951.00 + 1.730.851.00) og á árinu 1964 kr. 4.455.379.00 (þ. e. kr. 1.834.638.00 + 1.384.007.00 + 1.236.734.00). Samanlögð fjárhæð bæði árin er samkvæmt þessu kr. 7.202.181.00.

Enda þótt fullt tillit sé tekið til þeirra athugasemda, sem ákærði hefur gert við ofanskráðar tölur, en það hefur hann einkum gert við víxlaviðskiptin, verður þó að telja sannað, að þær sýni að langmestu leyti vörukaup. Þykir fyllilega mega

treysta því, að undandregin vörukaup hafi ekki verið minni en í ákæru er talið, sbr. I. kafla, 4. lið, þ. e. kr. 6.500.000.00 bæði árin 1963 og 1964, en eins og fyrr var frá greint, eru þar dregin nær 10% frá tölunni 7.202.181.00, miðað við, að ekki hafi verið um nein erlend vörukaup að ræða, en víst er, að þau voru nokkur, þótt ekki hafi fengizt ákveðnar tölur um þau og varlegast þyki að ætla, að þau hafi ekki verið veruleg.

Þannig verður tekinn til greina 4. liður I. kafla ákæru um, að ákærði hafi á skattárunum 1963 og 1964 dregið undan álagningu aðstöðugjalds kr. 6.500.000.00. Er rétt, að þannig hefur ákærði skotið sér undan greiðslu aðstöðugjalds kr. 45.500.00, þ. e. 0.7% af framangreindri fjárhæð. Heimild til álagningar aðstöðugjalds er í III. kafla laga nr. 61/1964.

Á þeirri niðurstöðu verður svo einnig byggð niðurstaða um það, hversu mikilli vörusölu ákærði hafi skotið undan bókhaldi og framtali á þessum árum. Svo sem fyrr greinir, er nefnd tala um vörukaupin (kr. 6.500.000.00) lögð til grundvallar við ákæru um undanskot á vörusölu á framtölum ákærða til söluskatts, þannig að bætt er við 28—29% og vörusalan talin sú tala, sem þá kemur út. Hafa verið færð rök að því, að meðalálagning á þessum árum hafi sennilega verið mun hærri. Þá er á það að líta, að ákærði hefur afdráttarlaust játað, að vörusala hafi verið dregin undan bókhaldi, að umboðssala á vörum kemur ekki fram í bókhaldinu og að velta á bankareikningi ákærða bendir eindregið til þess, að miklu meiri tekjur af vörusölu hafi runnið inn á reikninginn en ákærði hefur talið í bókhaldi sínu. Loks ber að hafa í huga þá miklu eignaaukningu, sem fram kemur á skattframtali ákærða á þessu ári og ekki verður skýrð á annan hátt en þann, að þar komi fram undandráttur á framtölum fyrri ára. Þykir samkvæmt þessu fyllilega óhætt að telja sannað, að undandregin vörusala árin 1963 og 1964 hafi að minnsta kosti numið þeim fjárhæðum, sem í 1. lið I. kafla ákæru greinir.

Um undandregna vörusölu 1965 þykir verða að leggja til grundvallar þau gögn, sem fram komu við bókhaldskönnunina og sýndu, að mismunur á bókfærðri og sannanlega óbókfærðri vörusölu annars vegar og framtalinni vörusölu hins vegar nam kr. 2.355.825.00.

Vangreiddan söluskatt árið 1963 á að reikna samkvæmt 2. gr. laga nr. 10/1960, en í henni er söluskattur ákveðinn 3% af andvirði seldrar vöru eða þjónustu. Í reynd var skattur þó einungis

reiknaður 2.9126% (sbr. eyðublöð fyrir söluskattskýrslur), og eftir þeim hundraðshluta hefur vangreiddur söluskattur ákærða 1963 numið kr. 90.290.00, eins og í ákæru greinir.

Með 5. gr. laga nr. 1/1964 var söluskattur hækkaður í 5½%, en var í reynd reiknaður 5.2133%. Samkvæmt þeim hundraðshluta nam vangreiddur söluskattur ákærða 1964 kr. 241.035.00, eins og í ákæru greinir.

Samkvæmt lögum nr. 61/1964 skyldi söluskattur frá ársbyrjun 1965 nema 7½%. Í reynd var innheimtur 6.9767% skattur. Samkvæmt þeim hundraðshluta nam vangreiddur söluskattur ákærða 1965 kr. 164.358.00, eins og í ákæru segir.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður 1. liður I. kafla ákæru tekinn til greina að öllu leyti.

Ákæran varðandi tekjuskatt fyrir skattárin 1963 og 1964 (2. liður I. kafla) er reist á niðurstöðum samkvæmt 1. og 4. lið, og samkvæmt því, sem rakið hefur verið næst hér á undan, verður þessi liður tekinn til greina, enda verður ekki annað séð en að gætt hafi verið þeirra atriða við ákvörðun hreinna tekna, sem ákærða voru í hag.

Tekjuskattur sá, sem lagður var á hreinar tekjur ákærða skattárið 1963 samkvæmt útreikningi ríkisskattanefndar nam samkvæmt 25. gr. laga nr. 55/1964 kr. 162.700.00 að viðbættu 1% samkvæmt 3. gr. laga nr. 42/1957, þ. e. samtals kr. 164.327.00, svo sem í úrskurði nefndarinnar segir. Þegar frá þeirri tölu er dreginn sá tekjuskattur, sem lagður hafði verið á ákærða fyrir þetta ár, kr. 11.463.00, kemur út talan kr. 152.864.00, sem í ákæru er talið, að vangreiddur tekjuskattur sé fyrir skattárið 1963.

Tekjuskattur fyrir skattárið 1964 hefur verið ákveðinn samkvæmt 25. gr. laga nr. 90/1965 og 3. gr. laga nr. 42/1957 kr. 171.800.00, og þegar frá er dreginn sá skattur, sem upphaflega hafði verið lagður á ákærða, kr. 28.251.00, kemur út sú tala, sem í ákæru er talin vangreiddur tekjuskattur fyrir skattárið 1964, þ. e. kr. 143.549.00.

Ákæran um undandrátt undan álagningu tekjuútsvars er byggð á öldungis sömu rökum og ákæran varðandi tekjuskattinn. Ber þannig að taka 3. lið I. kafla til greina að öllu leyti. Skiptir það engu máli hér, þótt endurálagning tekjuútsvars hafi ekki farið fram. Í ákæru er undandregið tekjuútsvar bæði árin talið kr. 250.000.00, þ. e. tæplega 24.4% af hinum vantalda gjaldstofni. Er álagning þessi innan þeirra marka, sem álagningarstigi 32. gr. laga nr. 51/1964 heimilar (sbr. 3. gr. laga nr. 67/1965).

Er þá komið að því að færa til refsiákvæða þrot þau gegn skattalöggjöf, sem nú hafa verið rakin.

Fyrir að tilgreina ranglega vörusölu sína á söluskattskýrslum hefur verið krafizt refsiábyrgðar samkvæmt 247. gr. hegningarlaga, 26. gr. laga um söluskatt, 31. gr. reglugerðar nr. 15/1960 og 145. eða til vara 146. eða 147. gr. hegningarlaga.

Í 2. gr. laga nr. 10/1960 segir, að sá, sem selji eða afhendi vörur eða verðmæti, skuli „innheimta söluskatt skv. 1. málsgr. og standa skil á honum í ríkissjóð". Kemur samkvæmt þessu til mála að líta svo á, að þegar kaupmaður hefur selt og fengið greidda vöru, sé ríkissjóður eigandi að söluskatti þeim, sem kaupmaður hefur tekið við, og að vanskil kaupmanns á fjárhæðinni beri að teljast fjárdráttur samkvæmt 247. gr. hegningarlaga. Hins vegar er á að líta refsiákvæði 25. og 26. gr. laga nr. 10/1960. Segir í 25. gr., að sekt skuli söluskattskyldur aðili greiða, sem „af ásetningi eða gáleysi" skýrir „rangt frá því, sem máli skiptir um söluskatt hans". Í 26. gr. er mælt fyrir um viðurlög við sams konar broti, þegar því er að skipta, að þau eru ákveðin með dómi. Segir þar, að brot varði sektum í ríkissjóð, allt að kr. 100.000.00, eða varðhaldi, „nema þyngri refsing liggi við skv. öðru lögum".

Telja verður, að með þessum greinum laga nr. 10/1960 hafi verið sett refsiákvæði um undandrátt undan söluskatti, er ætlazt hafi verið til, að tæma skyldu sök að þessu leyti. Þrátt fyrir orðalagið „nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum" verður ekki talið, að löggjafinn hafi ætlazt til þess, að 247. gr. hegningarlaga yrði beitt um umrætt atferli. Hefðu ákvæði 25.—26. gr. laga nr. 10/1960 verið öldungis marklaus, ef svo hefði verið.

Refsiákvæði reglugerðar nr. 15/1960, sem vitnað er til í ákæru, eru samhljóða refsiákvæðum 25. og 26. gr. laga nr. 10/1960, og hafa þau ekki sjálfstætt gildi.

Samkvæmt þessu ber að refsa ákærða samkvæmt 26. gr. laga nr. 10/1960 fyrir brot það, sem greinir í 1. lið I. kafla ákæru. Þess er að gæta, að eins og ákvæði 25. og 26. gr. laga nr. 10/1960 eru orðuð, verður hinum rúmu sektarákvæðum 25. gr. einungis beitt, þegar stjórnvöld ákveða sekt, en dómstóll er bundinn við refsimörk 26. gr. (sektir allt að 100 þús. kr. eða varðhald). Er orðalag greinanna ótvírætt í þessu efni, og verður að hlíta því, þótt óeðlilegt virðist að hámark sektar sé lægra, þegar dómstóll ákveður viðurlög.

Þá hefur ákærði með því að afhenda skattayfirvöldum rangar

söluskattskýrslur unnið til refsingar samkvæmt 146. gr. almennra hegningarlaga.

Með röngum framtölum til tekju- og eignarskatts hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 1. og 5. mgr. 48. gr. laga nr. 90/1965, sbr eldri lög, 1. og 4. mgr. 48. gr. laga nr. 70/1962 og 1. og 5. mgr. 48. gr. laga nr. 55/1964. Útsvar og aðstöðugjald er lagt á samkvæmt sömu framtölum, og hefur ákærði þannig einnig unnið til refsingar samkvæmt 2. og 5. mgr. 61. gr. laga nr. 51/1964, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1965. Með því að ákærði hefur vottað að viðlögðum drengskap, að framtöl þessi séu gefin eftir beztu vitund, þykir ákærði enn fremur hafa brotið gegn 145. gr. alm. hegningarlaga.

Næst er að taka afstöðu til þess, hvort ákærði hafi framið þau bókhaldsbrot, sem hann er ákærður fyrir (II. kafli ákæru).

1. Af því, sem rakið var í II. kafla A, hafa komið fram gögn um það, að ákærði hefur í bókhaldi sínu fært í sambandi við vörukaup sín af Sveini Birgi Ágústssyni þær 46 röngu færslur, sem taldar eru í 1. lið II. kafla ákæru. Er sannað með játningu ákærða, að hér var um vísvitandi rangar færslur að ræða. Með færslum þessum í bækur, sem honum var skylt að rita (sbr. lög nr. 62/1938), hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 159. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 og 19. og 20. gr. laga nr. 62/1938.

2. Svo sem áður greinir, færði ákærði ekki í bókhaldi sínu 1963 vörukaup frá þeim 5 aðiljum, sem í 2. lið greinir. Um vörukaup frá Birni Kjartanssyni (sem í ákæru er rangnefndur Bjarni Guðlaugsson) er þess eins að geta, að ekki er fullvíst, að raunveruleg vörukaup frá honum hafi numið kr. 80.250.00, heldur kann að vera um lægri tölu að ræða.

Þá er fullvíst, að ákærði bókfærði ekki til fulls vörukaup frá þeim aðiljum, sem í 2. lið B segir. Eins og áður var rakið, verður að telja, að óbókfærð vörukaup frá þessum aðiljum hafi verið meginhluti víxilfjárhæða þeirra, samtals kr. 1.730.851.00, sem í ákæruliðnum eru tilgreindar, en ekki sú tala að fullu.

Ákærði færði ekki til fulls í bókhaldi sínu 1963 vörukaup sín frá þeim 12 aðiljum, sem í 2. lið c eru taldir, og verður að telja sannað, að kaup þau, sem vanrækt var að bókfæra, hafi numið þeirri fjárhæð, sem talin er í þessum lið, kr. 1.834.638.00. Ákærða bar að bókfæra viðskiptin við Trésmiðjuna Víði á þessu ári, og er því um brot að ræða að þessu leyti, þótt ákærði kunni að hafa bókfært þau síðar, en um það er raunar ekkert upplýst.

Þá bókfærði ákærði ekki til fulls vörukaup frá þeim 9 viðskiptamönnum sínum, sem taldir eru í 2. lið d. Vörukaup frá þessum aðiljum hafa numið meginhluta þeirra kr. 1.384.007.00, sem í ákæruliðnum segir, en þó verður að gera ráð fyrir, að talan hafi verið nokkru lægri, sbr. það, sem sagt hefur verið um 2. lið b, en talan verður ekki sannreynd til fulls.

Með bókhaldsvanrækslu þeirri, sem 2. liður, a—d, tekur til, hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 262. gr. alm. hegningarlaga og 19. og 20. gr. bókhaldslaga.

3. Áður hefur verið komizt að þeirri niðurstöðu, að ákærði hafi vanrækt að bókfæra af vörusölu sinni 1963 a. m. k. kr. 3.100.000.00 og af vörusölu 1964 a. m. k. kr. 4.800.000.00. Fyrir það atferli ber að refsa honum samkvæmt 262. gr. alm. hegningarlaga og 19. og 20. gr. bókhaldslaga, en 158. gr. hegningarlaga verður ekki beitt um þetta atriði.

4. Samkvæmt skýrslu þeirri um bókhald ákærða, sem áður var gerð grein fyrir (II. kafla B), er sannað, að þeir annmarkar voru á færslu sjóðbókar, sem í 4. lið a segir, og að hann hélt ekki neina efnahagsbók né heldur viðskiptamannabók í skilningi bókhaldslaga. Hefur ákærði með þessum brotum gegn 2., 7. og 10. gr. bókhaldslaga unnið til refsingar samkvæmt 19. og 20. gr. bókhaldslaga og 262. gr. alm. hegningarlaga.

Refsa ber ákærða samkvæmt sömu ákvæðum fyrir að hafa ekki fært í bókhaldinu viðskipti sín á hlaupareikningum þeim, sem í 4. lið b greinir, en það þykir honum hafa borið að gera samkvæmt 7. gr. bókhaldslaga.

Þá hefur ákærði, svo sem í 4. lið c greinir, vanrækt að færa yfirlitsreikning um víxlaviðskipti, einkaúttekt sína og að nokkru um lánsviðskipti. Varðar þetta við 8. gr. bókhaldslaga, og verður ákærða því refsað samkvæmt 19. og 20. gr. bókhaldslaga og 262. gr. alm. hegningarlaga.

Sannað er, að mikill misbrestur var á, að sjóðgreiðslur væru færðar samkvæmt ákvæðum 6. gr. bókhaldslaga, heldur voru þær færðar löngu síðar. Hefur ákærði einnig með þeirri háttsemi bakað sér refsiábyrgð samkvæmt 262. gr. alm. hegningarlaga og 19. og 20. gr. bókhaldslaga.

Þá hefur í skýrslunni um bókhald ákærða verið grein gerð fyrir því, að mjög skorti á, að ákærði hefði varðveitt fylgiskjöl, svo sem honum bar samkvæmt 15. gr. bókhaldslaga. Þannig hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 262. gr. alm. hegningarlaga og 20. gr. bókhaldslaga.

Með því að vanfæra í bókhaldinu skuldir þær og eignir, sem í 4. lið f segir, hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 20. gr. bókhaldslaga og 262. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingum að öðru leyti en því, að hann hefur 24 sinnum sætzt á greiðslu sekta, oftast fyrir umferðarbrot.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga. Þá ber við refsiákvörðun að líta til þess annars vegar, að um samfellda og verulega brotastarfsemi var að ræða, og hefur ákærði skotið sér undan greiðslu verulegrar fjárhæðar opinberra gjalda. Í bókhaldi ákærða var bæði um að ræða skipulegar rangfærslur og margs konar óreiðu, og veitir það engan veginn þær upplýsingar um rekstur og hag fyrirtækis ákærða, sem það á að gera. Hins vegar ber að hafa í huga, að ákærði hefur ekki fyrr sætt refsingum, er hér skipta máli, að ákærði hefur komið vel fram við rekstur máls þessa og að opinbert mál hefur ekki fyrr verið höfðað út af skattsvikabrotum.

Rétt þykir, eins og efni máls þessa er háttað, að dæma ákærða bæði refsivist og sekt, sbr. 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði og sekt, kr. 1.250.000.00, er afplánist fangelsi 8 mánuði, ef sekt verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 62/1938 og 2. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961, ber að svipta ákærða verzlunarleyfum sínum (stórsölu- og smásöluleyfum).

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 35.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Hauks Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Jóhannsson, sæti fangelsi 6 mánuði. Hann greiði einnig sekt til ríkissjóðs, kr. 1.250.000.00, og komi fangelsi 8 mánuði fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal vera sviptur heildsölu- og smásöluleyfum.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 35.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Hauks Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. maí 1968.

Nr. 61/1968. **Steingrímur Sigurðsson**
(Hallvarður Einvarðsson hdl.)
gegn
Kristjönu Ingibjörgu Stefánsdóttur
(Birgir Ísl. Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn Thorarensen, borgarfógeti í Reykjavík, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1968. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu innsetningargerð og afhenda áfrýjanda bifreiðina R 18632 og olíumálverkið „Hún". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Lögð hafa verið nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta úrlausn hans, að því er varðar bifreiðina R 18632.

Áfrýjandi hefur málað olíumálverkið „Hún", og samkvæmt gögnum málsins var það til sölu á málverkasýningu þeirri, er hann hélt á Akureyri um sumarið 1967. Gegn eindregnum mótmælum áfrýjanda hefur stefndi engar sönnur leitt að þeirri staðhæfingu sinni, að áfrýjandi hafi gefið henni málverk þetta. Á hann því rétt til að fá það afhent með innsetningargerð.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað er staðfest. Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Fógeta ber að framkvæma innsetningu í olíumálverkið

„Hún". Að öðru leyti eru ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 23. febrúar 1968.

Gerðarbeiðandi, Steingrímur Sigurðsson, Stekkjarkinn 5 í Hafnarfirði, hefur krafizt þess, að bifreiðin A 322 (Vauxhall Viva de luxe, model 1965) svo og olíumálverk, sem hann nefnir „Hún", verði tekin úr umráðum gerðarþola, Kristjönu Ingibjargar Stefánsdóttur, Laufásvegi 26, og honum verði fengin umráð þeirra. Hann hefur og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að innsetningargerð þessi nái fram að ganga. Hún hefur krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram hinn 16. þessa mánaðar.

Það liggur fyrir í máli þessu, að aðiljar máls þessa tóku upp sambúð upp úr 25. júní 1967, er gerðarbeiðandi fluttist í húsakynni gerðarþola að Laufásvegi 26, enn fremur að þeirri sambúð var slitið hinn 10. desember sama ár.

Með bréfi til fógetaréttar Reykjavíkur, dags. 20. desember s.l., krafðist gerðarbeiðandi innsetningar í bifreiðina A 322, hjónarúm úr eik ásamt dýnum, olíumálverkið „Hún", dekklitamynd, „Party Girl", og svartlitamynd, „19. júní í Reykjavík". Kvaðst gerðarbeiðandi vera eigandi þessara eigna allra.

Undir rekstri málsins varð samkomulag um afhendingu á nokkrum þessara muna, en gerðarþoli hefur neitað að afhenda bifreiðina og málverkið „Hún" og ber fyrir sig eignarrétt fyrir gjöf af hálfu gerðarbeiðanda.

Það liggur fyrir í máli þessu, að bifreiðin A 322 er á opinberum skrám sögð eign gerðarþola, Kristjönu Ingibjargar Stefánsdóttur.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að þau aðiljarnir hafi dvalizt á Akureyri á s.l. sumri, meðan stóð á málverkasýningu hans þar í bæ, sjá rskj. 25. Hann kveðst um þetta leyti hafa haft hug á að fá sér bifreið, enda sé sér nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar að hafa eigið farartæki. Hafi orðið úr, að hann keypti bifreiðina A 322 af Gunnari Þórssyni vegna dánarbús Þórs O. Björnssonar, sbr. rskj. 2 í máli þessu, og greitt út andvirði hennar, kr. 100.000.00, af eigin fé. Hann kveðst hafa látið skrá bifreið þessa á nafn gerðarþola þegar í stað án þess þó að hafa samráð við hana um

þá tilhögun. Alls ekki hafi verið ætlun sín að gefa gerðarþola bifreiðina, en hann hafi aðeins látið framkvæma skráningu þessa á þennan hátt af hagkvæmnisástæðum, eins og hann orðar það, og hafi fjármál sín útilokað aðra tilhögun. Að þessum atriðum frágengnum kveðst gerðarbeiðandi hafa farið á fund gerðarþola og sagt við hana í gamansömum tón, að hún væri orðin bíleigandi, og sýnt henni þar að lútandi skilríki og hafi gerðarþola virzt koma þetta á óvart.

Gerðarbeiðandi segir svo frá, að hann hafi alltaf ekið þessari bifreið, er þau aðiljarnir voru á ferð, og gerðarþoli hafi aldrei fengið lykla, enda ekki eftir þeim gengið. Þá segir hann, að eftir að hann flutti af Laufásvegi 26, hafi hann hinn 12. desember s.l. lánað gerðarþola bílinn, meðan rannsakað væri, hvort þeirra væri hinn rétti eigandi, en til að tryggja, að bíllinn yrði ekki notaður, kveðst hann hafa haft með sér varahluti og negld snjódekk.

Gerðarþoli heldur fast við þá staðhæfingu, að hinn umdeildi bíll sé sín eign fyrir gjöf frá gerðarbeiðanda.

Hún kveðst hafa dvalizt á Akureyri með gerðarbeiðanda, meðan á málverkasýningu hans stóð, og starfað við sýninguna. Hann hafi einn dag, er á sýningunni stóð, komið með skjöl viðvíkjandi bílnum A 322, frágengnum á hennar nafn og afhent henni að gjöf og muni Steingrími hafa verið ljóst, að hann átti henni mikið upp að unna á ýmsan veg, og hafi hún litið svo á, að um væri að ræða endurgjald eða vinargjöf. Hún segir, að ekki hafi borizt í tal þeirra á milli að útvega bíl og sér hafi komið þetta á óvart. Hann hafi aðallega ekið bílnum, en hún sjálf kveðst hafa setzt undir stýri líklega 2—3 sinnum, enda hafi þau yfirleitt verið saman á ferð, er bíllinn var notaður.

Nú hafi komið að því, eins og áður er getið, að gerðarbeiðandi hafi orðið á brott af heimili þeirra hinn 10. desember s.l. og hafi hann þá haft bifreiðina á brott með sér, en 2 dögum síðar, hinn 12. desember, hafi hann komið til þess að skila bifreiðinni og sækja ýmsar föggur sínar. Hann hafi beðið um að fá að taka nagladekk og varahluti, sem hann hafði lagt til bifreiðarinnar, gegn því að skila hjólbörðum þeim, sem á voru, er bifreiðin var keypt, og kveðst gerðarþoli hafa fallizt á það. Hafi þau ekið í bílnum á verkstæði, þar sem hjólbarðaskipti fóru fram, og síðan að Laufásvegi 26 og hafi gerðarbeiðandi þar afhent bíllyklana án nokkurra athugasemda eða fyrirvara, en haft á brott með sér ýms málverk, er hann átti, og nagladekkin. Hann hafi síðar

þennan sama dag komið með sendiferðabifreið til að hirða það af eignum sínum, sem eftir voru.

Gerðarþoli hefur neitað að afhenda myndina „Hún“ og beri þar hvort tveggja til, að gerðarbeiðandi hafi gefið sér þessa mynd og auk þess sé myndin af henni sjálfri og kæri hún sig því ekki um, að þessi mynd fari lengra , eins og málum þeirra aðiljanna sé nú komið.

Gerðarþoli vísar til vottorða um, að Steingrímur hafi lýst því yfir, að hann hefði gefið henni hinn nú umdeilda bíl.

Hjónin Margrét Gunnlaugsdóttir og Ketill Axelsson, Mánabraut 3, Sigurdís Kaprasíus, Njálsgötu 59, og Karítas Þórðarson, Garðastræti 43, báðar starfandi í verzlun gerðarþola, Bertha Konráðsdóttir, Rofabæ 31, Vigdís Schram Árnason, Jörfa v/Vesturlandsveg, og hjónin Jón Gunnarsson og Gunnhildur Guðjónsdóttir, Efstasundi 83, hafa gefið vottorð í málinu, sjá rskj. 13, 12, 16, 14 og 15. Þessir vottorðsgefendur skýra svo frá, að gerðarbeiðandi hafi sagt þeim, að hann hefði gefið gerðarþola hina umræddu bifreið.

Þá hefur mætt sem vitni Jóhanna Tryggvadóttir, Kirkjuvegi 4 í Hafnarfirði, og segir svo frá, að gerðarbeiðandi hafi sagt sér, að hann hefði gefið gerðarþola þessa bifreið, og eiginmaður vitnisins, Jónas Bjarnason, staðfestir þetta í vottorði á rskj. 23. Þá liggur fyrir vottorð hjónanna Sigurlaugar Lárusdóttur og Jóns Stefánssonar, Glerárgötu 14, Akureyri, og fjallar vottorðið um endurteknar yfirlýsingar gerðarbeiðanda um gjöf þessa til gerðarþola.

Þessum vottorðum og framburðum öllum er mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda sem röngum og eftir atvikum vilhöllum, og á gerðarbeiðandi þar sérstaklega við vottorðin á rskj. 12, 13 og 15. Hefur gerðarbeiðandi fastlega neitað að hafa gefið slíkar yfirlýsingar sem hér um ræðir. Hann hefur lagt fram sem rskj. 18 og 19 vottorð Grétars Melsteds og Hjálmars Helgasonar, og segja báðir vottorðsgefendur, að þeir hafi hitt gerðarbeiðanda á Akureyri og hann þá sagt, að hann hefði keypt bifreiðina A 322.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, albróðir gerðarbeiðanda, hefur mætt sem vitni í réttinum. Hann skýrir svo frá, að gerðarþoli hafi komið til fundar við sig og hafi hún að gefnu tilefni játað það rétt vera, að gerðarbeiðandi ætti bifreiðina. Hann getur þess, að gerðarbeiðandi hafi aldrei sagt sér, að hann hefði gefið gerðarþola hina margumræddu bifreið.

Gerðarþoli viðurkennir, að Guðmundur Ingvi hafi látið svo

ummælt, að hún vissi það eins vel og hann, að Steingrímur ætti bifreiðina, en hún kveðst ekki hafa játað því og alls ekki gefið neitt út á þetta. Af hálfu gerðarþola er framburði Guðmundar Ingva Sigurðssonar mótmælt sem röngum og vilhöllum.

Á það er bent af hálfu gerðarbeiðanda, að fyrir liggi í málinu, að hann hafi keypt þessa umdeildu bifreið. Almennt sé ótrúlegt, að sú hafi verið ætlun hans, að gerðarþoli skyldi eignast bifreiðina, gerðarbeiðandi sé ekki auðugur maður og hafi, er hér var komið sögu, verið 3ja barna faðir. Aftur á móti hafi þannig verið í pottinn búið, að er hann tók upp sambúð við gerðarþola, hafi hann yfirgefið sambýliskonu sína, Margréti Ásgeirsdóttur, og þegar af þessari ástæðu hafi honum af fjárhagslegum ástæðum verið afar óhagkvæmt að teljast sjálfur eigandi bifreiðarinnar. Skráning bifreiðar veiti enga sönnun fyrir réttu eignarhaldi. Ef svo yrði litið á, að gerðarþoli hafi raunverulega eignazt bifreiðina fyrir gjafagerning, þá beri að líta á almennar reglur um gjafir. Svo megi telja, að festar hafi stofnazt með aðiljum máls þessa og er upp úr þeim slitnaði, hafi úrslitaforsenda gjafar fallið niður. Er gerðarbeiðandi svo skilaði bifreiðinni, eftir að sambandi hans og gerðarþola var slitið, hafi hann að vísu gert það algerlega utan skyldu, en fyrir honum hafði vakað, að rétt væri, að gerðarþoli hefði sem skráður eigandi vörzlur bifreiðarinnar, meðan skorið væri úr um eignarrétt, en í þessu hafi engin viðurkenning fólgist um eignarrétt hennar.

Varðandi hið umdeilda málverk er því fyrst og fremst neitað, að gerðarbeiðandi hafi gefið gerðarþola það, og sé það eign hans, hvert sem mótív þess kunni að vera, en höfundarrétturinn sé hans, enda þótt málverkið kunni að hafa verið af gerðarþola.

Af hálfu gerðarþola er sérstaklega bent á nafnskráningu hinnar umdeildu bifreiðar sem grundvallaratriði í málinu. Þegar þar við bætist fjöldi vitnisburða um óskoraðar yfirlýsingar gerðarbeiðanda um, að hann hafi gefið gerðarþola þessa bifreið, þá sé fram komin sönnun um réttleysi gerðarbeiðanda í þessu máli. Þar við bætist svo, að eftir að slitnaði upp úr sambúð aðilja, hafi gerðarbeiðandi skilað gerðarþola bifreiðinni algerlega fyrirvaralaust, og meira að segja hirt úr henni persónulega muni sína. Verði þessi framkoma hans ekki skilin á annan hátt en að hann hafi viðurkennt eignarrétt gerðarþola. Svo mikið sé í öllu falli víst, að gerðarbeiðandi hafi langt í frá svo augljósan rétt til bifreiðarinnar, að hún verði frá vörzluhafa tekin með beinni fógetagerð. Því er mótmælt, að hagkvæmnisástæður hafi hér verið

að verki, engin gögn styðji slíka staðhæfingu og sé ekki hagkvæmt og í meira lagi hæpið fyrir aðilja, sbr. 11. grein umferðarlaga, að skrá bifreið á 3ja mann. Eins og sambandi aðilja var háttað á þessum tíma, hafi gjöf þessi verið eðlileg. Því megi sjálfsagt hreyfa, að forsendur kunni að hafa brostið, er upp úr sambandi aðilja slitnaði, en þá sé málið ákaflega vanreifað af hálfu gerðarbeiðanda og yrði að rannsaka tildrög og atvik að sambandsslitum. En það gæti ekki orðið fógetamál, þar eð fógetaréttur geti ekki riftað gjafagerningi.

Sú athugasemd kom fram af hálfu umboðsmanns gerðarbeiðanda við munnlegan flutning málsins, að verði talið, að gerðarbeiðandi málsins hafi í raun og veru gefið gerðarþola bifreiðina, þá sé úrslitaforsenda slíks gernings niður fallin, þar eð „festar" hafi slitnað með aðiljum. Þetta atriði er öldungis vanreifað í málinu, og gagnasöfnun af hálfu gerðarbeiðanda og annað, sem fram hefur komið í málinu, lýtur ekki að atriðum, sem liggja ættu fyrir, svo að gert verði út um þessa málsástæðu. Þykir því ekki unnt að sinna þessari málsástæðu og ekki heldur ástæða til að endurupptaka gagnaöflun hennar vegna, enda ekki fram á það farið af aðiljum.

Gerðarbeiðandi hefur látið skrá hina umdeildu bifreið á nafn gerðarþola. Hann hefur fengið gerðarþola umráð bifreiðarinnar, eftir að sambúð þeirra lauk, og hefur ekki komið fram, að hann hafi viðhaft nokkurn fyrirvara í því sambandi. Þykir því ekki fært að svifta gerðarþola vörzlum bifreiðarinnar með beinni fógetagerð.

Gerðarþoli hefur vörzlur málverks þess, sem um er deilt, og heldur því fram, að gerðarbeiðandi hafi gefið sér málverkið. Því er ómótmælt af gerðarbeiðanda, að gerðarþoli sé fyrirmynd málverks þessa. Eftir atvikum þykir varasamt að svifta gerðarþola vörzlum þessarar myndar, einnig þegar á það er litið, að ekki verður séð, að gerðarbeiðandi hafi gert tilkall til þess, er hann hirti sjálfur ýmsa muni sína úr húsakynnum gerðarþola.

Þannig er synjað um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar. Rétt er, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 29. maí 1968.

Nr. 75/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Þorsteini Þorsteinssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta er svo vaxið, að héraðsdómari hefði átt að fara með það ásamt sérfróðum samdómendum, sbr. 4. mgr. 5. gr. og 110. gr. laga nr. 82/1961. Samkvæmt þessu ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Kostnað af áfrýjun málsins skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 70.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Kostnaður af áfrýjun sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 70.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. marz 1968.

Ár 1968, þriðjudaginn 5. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 114/1968: Ákæruvaldið gegn Þorsteini Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms 16. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 18. apríl 1967, höfðað á hendur Þorsteini Þorsteinssyni sælgætisgerðarmanni, Nönnugötu 8, Reykjavík, fæddum 6. janúar 1905 á Seyðisfirði, fyrir brot gegn lögum nr. 60/1939 um gjald af innlendum tollvörutegund-

um, lögum nr. 25/1962 um aðstoð til fatlaðra og reglugerð nr. 9/1935 um innlenda tollvörugerð, í sambandi við rekstur Lakkrísgerðarinnar Póló að Fífuhvammsvegi í Kópavogi, með því að hafa:

I. Á árunum 1961, 1962, 1963 og 1964 sagt rangt til um lakkrísgerð sína og sölu með því að telja fram í því sambandi aðeins 18.900 kg., en miðað við magn keyptra hráefna og sölu af hans hálfu hefði framleiðslan átt að nema allt að 188.282 kg., þannig að samkvæmt þessu nam óframtalið og undandregið framleiðslumagn af hans hálfu á nefndu tímabili allt að 169.382 kg., er hann greiddi ekkert gjald af samkvæmt lögum nr. 60/1939, né heldur greiddi hann gjald samkvæmt lögum nr. 25/1962 af 132.020 kg. af lakkrísframleiðslu sinni árin 1962, 1963 og 1964. Telst þetta varða við 2. gr., 7. tölulið, 1. kafla, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1939, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1947, og 6. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. enn fremur 1. og 2. gr. laga nr. 25/1962.

II. Á árunum 1961 til 1964 eigi fært né haldið lögskipað bókhald um rekstur lakkrísgerðar sinnar í samræmi við 1. mgr. 4. gr., sbr. 1. gr. og 5. tölulið 2. gr. bókhaldslaga nr. 62/1938 né heldur fært dagbók um framleiðslu, sölu og afhendingu vöru sinnar samkvæmt ákvæðum 5. gr. reglugerðar nr. 9/1935. Varðar þetta refsingu samkvæmt 19. gr. bókhaldslaganna og 8. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1939. Enn fremur teljast bókhaldsbrot þessi varða við 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Krafizt er:

1. Að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt framangreindum refsiákvæðum.
2. Að ákærði verði dæmdur til að greiða ríkissjóði hið undandregna tollvörugjald, allt að kr. 21.128.710.68, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 60/1939.
3. Að ákærði verði dæmdur til greiðslu undandregins gjalds samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 25/1962 frá árunum 1962—1964 að upphæð kr. 396.060.00 til Styrktarsjóðs fatlaðra.
4. Að ákærði verði sviptur leyfisbréfum til iðju og tollvörugerðar samkvæmt 2. mgr. 68. gr. hegningarlaganna og 8. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. 19. gr. bókhaldslaganna.
5. Að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærði hvorki sætt ákæru né refsingu, sem áhrif gætu haft á refsimat í máli þessu.

Málsatvik eru svofelld:

I.

Snemma á árinu 1965 hóf rannsóknardeild ríkisskattstjóra athugun á viðskiptum nokkurra verzlana við Sælgætisgerðina Póló í Kópavogi. Við rannsóknina kom í ljós, að fyrirtækið virtist lítið bókhald hafa fært, og einnig taldi rannsóknardeild, að það hefði ekki staðið réttilega skil á opinberum gjöldum, einkum gjaldi af innlendum tollvörutegundum. Í bréfi, sem ákærði ritaði rannsóknardeild ríkisskattstjóra til skýringar hinn 26. febrúar 1965 og hann síðar staðfesti í dómi, segir meðal annars: „... Lakkrísgerð mín, þ. e. Sælgætisgerðin Póló, framleiðir eingöngu LAKKRÍS. — Jeg hefi ekki haldið bókhald yfir kúnnana, þar sem mjer ber ekki að greiða söluskatt. — Jeg hefi ekki ráð á að hafa skrifstofu fyrir þennan lítilfjörlega iðnað minn, enda bæri hann ekki skrifstofumann, gæti þá eins lokað og hætt starfsemi minni, en hæpið, að jeg gæti útvegað mjer og fólki mínu aðra atvinnu. — Vegna þessarar atvinnu hefi jeg greitt tolla og skatta, sem gengið hafa svo nærri mjer, að tvísýnt hefir horft til mannsæmandi lífsafkomu ...". Rannsóknardeild ríkisskattstjóra aflaði nokkurra gagna um hráefniskaup Sælgætisgerðarinnar Póló á árunum 1961—1964, og kom þá í ljós, að ákærði hafði í rekstrarreikningum sínum mjög vantalið þessi hráefniskaup. Var málið síðan sent sakadómi Reykjavíkur til meðferðar vegna gruns um, að ákærði hefði eigi greitt til ríkissjóðs lögskipað gjald af framleiðsluvöru sinni samkvæmt lögum nr. 60/1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum, en í 8. gr. laganna segir, að mál vegna þeirra skuli rekin sem almenn lögreglumál, sbr. 202. gr. laga nr. 82/1961.

Á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var hinn 14. maí 1965, skýrði ákærði svo frá, að hann hefði stofnað fyrirtækið Póló árið 1951 og frá þeim tíma verið einkaeigandi þess. Kvaðst ákærði hafa fengið leyfi réttra yfirvalda til sælgætisgerðar, skráett fyrirtækið á sínum tíma í Reykjavík, en flutt reksturinn í Kópavogskaupstað fyrir um 6 árum. Við fyrirtækið hefði hann sjálfur starfað, kona hans og einn fastur starfsmaður auk lausráðins starfsfólks, eftir því sem þörf var hverju sinni. Ákærði kvað framleiðslu fyrirtækisins á árunum 1961—1964 eingöngu hafa verið fólgna í lakkrísgerð, lakkrísinn verið unninn í vélum og mótaður í 8 eða 9 mismunandi form, en sjálft efnið í honum ætíð verið hið sama og í sömu blöndu, en ekki vildi ákærði skýra frá, hvernig samsetning hennar væri.

Ákærða voru kynnt gögn þau, sem rannsóknardeild ríkisskatt-

stjóra hafði aflað um hráefnakaup áranna 1961—1964 frá fyrirtækjunum H. Ólafsson & Bernhöft og Sig. Þ. Skjaldberg h/f, og vildi hann ekki rengja réttmæti þeirra, enda hefði hann eða starfsfólkið kvittað fyrir móttöku varanna. Ekki sagðist ákærði hafa keypt hráefni frá öðrum aðiljum nema eitthvað af „essensum" frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Ákærði kvað hér einasta um að ræða hráefnakaup til lakkrísgerðarinnar, en tók þó fram, að hann hefði selt nokkurt magn af sykri og hveiti til kunningja sinna. Gengið var á ákærða um að skýra frá, hverjir þessir kunningjar hans væru, en hann neitaði að gefa upp nöfn þeirra. Ekki kvaðst hann ítrekað aðspurður geta sagt, hversu mikið magn hefði verið um að ræða, og vildi ekki gizka á neinar tölur í því sambandi. Ákærði kvað þessa kunningja sína hafa komið í lakkrísgerðina og náð þar í vöruna, en söluskatt hefði hann engan greitt vegna þessara viðskipta.

Ákærði sagði, að í sjálfri framleiðslunni hefði ekki verið um að ræða rýrnun eða eyðileggingu á efni. Hann kvaðst ætíð hafa reiknað með að fá sama magn af fullunnum lakkrís úr sama magni af hráefnum.

Um sölu fyrirtækisins sagði ákærði, að um helmingur hennar hefði farið fram gegn staðgreiðslu, en hitt verið lánsviðskipti. Þá er um staðgreiðslu var að ræða, ritaði ákærði staðgreiðslunótu í einriti, sem hann lét kaupanda fá. Þegar lánsviðskipti áttu sér stað, skrifaði ákærði reikning á kaupanda, sem kvittaði á hann fyrir móttöku vörunnar, og fékk ákærði svo reikninginn greiddan síðar. Ákærði kvaðst hafa þurft að taka aftur allmikið af lakkrís, sem harnað hefði hjá kaupendum. Taldi hann, að magn þetta hefði getað farið upp í allt að 25% af heildarframleiðslu, en í slíkum tilvikum hefðu kaupendur fengið sama magn af nýjum lakkrís í stað þess gamla. Komið hefði fyrir, að gamli lakkrísinn væri bræddur upp, en slíkt ekki ætíð verið unnt, svo sem ef mygla hefði verið komin í hann.

Ákærði sagði, að verðlagsákvæði hefðu verið á lakkrísvörum þar til fyrir um 2 árum, að því er hann minnti, og hugði ákærði, að heildsöluverð hefði þá verið um kr. 60.00 kg., en eftir að verðlagsákvæðin voru niður felld, kvaðst ákærði hafa selt lakkrískílóið á kr. 130.00.

Ákærði játaði, að bókhald hans væri ekki í lögskipuðu formi. Hann kvaðst einasta hafa fært bækur yfir daglega framleiðslu fyrirtækisins að magni til og samkvæmt þeim sjálfur samið mán-

aðarskýrslur til réttra yfirvalda vegna gjalds af innlendum tollvörutegundum. Ákærði var að því spurður, hvort hann hefði ekki undir höndum nefndar framleiðslubækur, en hann svaraði því svo til, að eitthvað lítið mundi vera til af þeim.

Dómara þótti nauðsyn til bera að kanna bókhaldsgögn þau, sem ákærði kynni að hafa undir höndum. Ákærði vildi ekki fallast á, að húsleit færi fram, og var því samstundis kveðinn upp úrskurður á dómþinginu um leit á heimili ákærða og í húsakynnum fyrirtækisins. Húsleitir samkvæmt úrskurðinum fóru þegar fram, og önnuðust þær rannsóknarlögreglumennirnir Magnús Eggertsson aðalvarðstjóri, Jón Halldórsson varðstjóri og Vernharður Kristjánsson, en einnig voru þeir ákærði og Einar Hjaltason frá rannsóknardeild ríkisskattstjóra viðstaddir leitirnar. Í húsakynnum fyrirtækisins fannst ekkert, sem að gagni mætti koma við rannsókn máls þessa, en á heimili ákærða fannst allmikið af bókhaldsgögnum, sem tekin voru í vörzlur dómsins.

Ákærði kom aftur fyrir dóm og var inntur nánar eftir framleiðslubókum þeim, sem hann sagðist hafa fært, en engar slíkar bækur höfðu fundizt. Ákærði kvaðst ekki geta bent á frekari gögn, þar sem dómurinn hefði nú fengið í hendur öll þau gögn, sem hann hefði haft varðandi framleiðsluna.

Ákærði játaði, að rétt mundi vera, að hráefnakaup lakkrísgerðarinnar Póló árin 1961—1964 hefðu verið of lágt tilfærð sem og framleiðsluvörur og framleiðslugjald, en ekki kvaðst hann geta sagt um, hversu munaði á þessu og á því, sem raunverulega hefði verið framleitt og selt hjá fyrirtækinu á nefndum árum.

Hinn 17. maí 1965 voru gögn þau, sem tekin höfðu verið úr vörzlum ákærða, send Ragnari Ólafssyni, hæstaréttarlögmanni og löggiltum endurskoðanda, til frekari rannsóknar. Beindist rannsókn hans að því að finna grundvöll að álagningu tollvörugjalds á framleiðslu fyrirtækisins árin 1961—1964. Í ítarlegri álitsgerð, sem lögð var fram í dómi hinn 4. janúar 1966, segir Ragnar Ólafsson, að grundvöll þenna megi finna annars vegar með því að reikna út það framleiðslumagn, sem hefði átt að nást úr innkeyptum hráefnum, og hins vegar með því að reikna út framleiðslumagnið í hlutfalli við söluna.

Samkvæmt skýrslu Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns reyndust hráefnakaup ákærða samkvæmt innkaupareikningum, sem fundust við húsrannsókn, og samkvæmt þeim gögnum, sem rannsóknardeild ríkisskattstjóra hafði áður aflað, þessi:

1961 HRÁEFNAINNKAUP

Seljandi:	Vörutegund:	Stykkjafj.	Sykur kg.	Hveiti kg.	Mjólkurs. kg.	Ýmis efni kg.	Magn alls kg.	Upphæð kr.
Sig. Þ. Skjaldberg	Strásykur	155 sk.	7.518				7.513	39.065.25
do.	Hveiti	173 —		8.650			8.650	43.015.95
H. Ólafsson & Bernhöft	Glucose	6 tnr.				1.800	1.800?	23.661.70
Edda h/f	Strásykur	52 sk.	2.359				2.359	12.091.90
do.	Flórsykur	15 —	680				680	5.609.25
do.	Cubasykur	23	1.043				1.043	5.074.95
Stefán Thorarensen h/f	Ammon. Chlorid					100	100	2.295.20
do.	Acidum lacticum				50		50	4.570.00
do.	Axtr. Glycyrrh. crud.					1.356	1.356	65.223.60
Guðni Ólafsson	Mjólkursýra				30		30	2.700.00
Afgr. smjörlíkisgerðanna	Cocos	1 tn.				300	300	5.834.24
Áfengisverzlun ríkisins	Anisolía filtr.					10	10	4.665.00
do.	Acidum lacticum				10		10	989.50
do.	Brilliant Rose					3.75	3.75	1.121.25
			11.600	8.650	90	3.569.75	23.909.75	215.917.79

1962

Sig. Þ. Skjaldberg	Hveiti	200 sk.		9.945			9.945	55.455.00
do.	Strásykur	270 —	13.291				13.291	62.626.75
do.	Flórsykur	25 —	1.134				1.134	9.275.00
H. Ólafsson & Bernhöft	Liquorice Juice					998	998	60.006.00
do.	Cocosmjöl	16 ks.				406	406	16.894.40
do.	Food Colour					25	25	7.117.00
do.	Glucose	4 tnr.				1.100	1.100	16.526.00

do.	Liquorice paste						4	4	808.45
Stefán Thorarensen h/f	Ammon. Chlorid						200	200	4.950.00
do.	Acid. lacticum					10		10	1.050.00
Edda h/f	Strásykur	15 sk.	750					750	3.600.00
Garðar Gíslason h/f	Flórsykur	15 —	750					750	4.830.00
Áfengisverzlun ríkisins	Anise Truetype						5	5	2.941.00
Afgr. smjörlíkisgerðanna	Cocos	1 tn.					300	300?	4.453.65
			15.925	9.945		10	3.038	28.918	250.533.25
1963									
Sig. Þ. Skjaldberg	Hveiti	305 sk.		15.250				15.250	88.867.50
do.	Strásykur	308 —	15.886					15.886	164.408.00
do.	Flórsykur	31 —	1.800					1.800	21.406.00
H. Ólafsson & Bernhöft	Liquorice Juice	40 ks.					978	978	48.556.80
do.	Lakkrísblokkir	20 —					489	489	23.522.40
do.	Cocosmjöl	20 —					508	508	20.434.00
do.	Food Colour						70	70	12.966.00
do.	Glucose	4 tnr.					1.200	1.200	13.622.00
Stefán Thorarensen h/f	Ammon. Chlorid						625	625	14.293.75
Áfengisverzlun ríkisins	Col. Powder						10	10	3.000.00
do.	Anise Truetype						10	10	5.880.00
H. Benediktsson & Co.	Hveiti	20 sk.		1.000				1.000	5.795.00
Holts Apótek	Lakkrís						30	30	1.620.00
Reykjavíkur Apótek	Lakkrís						43	43	1.806.00
Afgr. smjörlíkisgerðanna	Cocos	1 tn.					250	250?	4.377.60
M.R.-búðin	Flórsykur	1 sk.	50					50?	635.00
			17.736	16.250			4.213	38.199	431.190.05

Seljandi:	Vörutegund:	Stykkjafj.	Sykur kg.	Hveiti kg.	Mjólkurs. kg.	Ýmis efni kg.	Magn alls kg.	Upphæð kr.
Sig. Þ. Skjaldberg	Strásykur	375 sk.	18.750				18.750	185.010.00
do.	Bl. ávextir					12.5	12.5	836.00
do.	Hveiti	340 —		17.000			17.000?	114.225.00
do.	Flórsykur	41 —	2.050				2.050	28.345.00
H. Ólafsson & Bernhöft	Liquorice Juice	80 ks.				1.960	1.960	100.958.40
do.	Glucose	2 tnr.				600	600	7.482.00
do.	Food Colour					25	25	4.712.50
do.	Caramel	6 —				1.800	1.800	11.292.00
Chemía h/f	Lakkrísblokkir					(Hluti af kaupv.)?		20.000.00
Garðar Gíslason h/f	Strásykur	130 sk.	6.500				6.500	58.580.00
do.	Hveiti	60 —		3.000			3.000	19.060.00
Afgr. smjörlíkisgerðanna	Cocos	2 tnr.				500	500?	9.919.50
Áfengisverzlun ríkisins	Acidum Lacticum				10		10	1.485.50
do.	Ictoline Black					1	1	213.50
do.	Anise Truetype					13	13	4.875.00
do.	Brillante Red					2	2	813.20
do.	Aniseed Oil filtr.					12	12	6.852.00
Edda h/f	Strásykur	28 sk.	1.400				1.400	13.196.00
Stefán Thorarensen h/f	Ammon Chlorid					1.187	1.187	23.200.00
			28.700	20.000	10	6.112.5	54.882.5	611.055.60

Um sölu fyrirtækisins segir í bókhaldsrannsókn Ragnars Ólafssonar m. a. svo: „Á fylgiskjölum 6—10 er sala Lakkrísgerðarinnar Póló árin 1961 til 1964 og janúar og febrúar 1965, að svo miklu leyti sem hægt er að rekja hana eftir þeim gögnum, sem fyrir hendi eru. Gögnin, sem farið er eftir, eru „stílabækur", sem meginhluti sölu, önnur en sala gegn staðgreiðslu, virðist hafa verið færð inn í daglega, svo og laus blöð, þar sem staðgreiðsla virðist hafa verið færð inn á daglega, einnig innkomnar greiðslur í peningum og víxlum fyrir aðra sölu. Mætti kalla þessi blöð innborgunarblöð. Sala til Mjólkursamsölunnar og sala til Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis er ekki færð inn í „stílabækurnar". En á innborgunarblöðunum eru greiðslur frá þessum fyrirtækjum, og hægt er að rekja, fyrir hvaða mánuði hver greiðsla er, sjá fskj. 11. Á innborgunarblöðunum eru afslættir, sem gefnir hafa verið, færðir, og er það einnig talið upp. Þetta er fært eftir árum inn á fskj. 6—10.

Af fylgiskjölunum sést, að öll sala Lakkrísgerðarinnar Póló nefnt tímabil er ekki fyrir hendi. T. d. vantar sölu gegn staðgreiðslu mánuðina janúar—apríl 1961, og sala fáeina mánuði til Mjólkursamsölunnar og Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis er ekki færð, sjá fskj. 11. Það getur stafað af því, að týnzt hafi innborgunarblaðið fyrir þann dag, sem innborgun frá þessum fyrirtækjum vegna viðkomandi mánaðaruttekta átti sér stað.

Innfærslurnar í „stílabækurnar" eru heillegar. Innborgunarblöðin eru nokkuð heilleg, en þó kann að vera, að eitthvað af þeim hafi glatazt, og er þá sala gegn staðgreiðslu þá daga ekki talin.

Í skjölunum, sem tekin voru við húsrannsókn, var stílakompa með skrá yfir víxla, sem Lakkrísgerðin Póló virðist hafa eignazt. Meðal þessara víxla eru allmargir samþykktir af Ásbirni Ólafssyni, sjá fskj. 12. Af öðrum gögnum sést ekki, að viðskipti hafi átt sér stað við Ásbjörn Ólafsson, og sala til hans er ekki innifalin á fskj. nr. 6—10.

Upplýsingar um, hvaða söluverð hafi verið á hverju framleiddu kílói af lakkrís á hverjum tíma, liggja ekki fyrir annar en framburður kærða, og Kristjáns Sigtryggssonar, í sakadómi 14. maí s.l. En mér virðist þeir ekki nógu nákvæmir, til að unnt sé að reikna út framleiðslumagn í hlutfalli við sölu samkvæmt þeim upplýsingum".

Samkvæmt rannsókninni reyndust sala og kostnaður árin 1961

—1964 eftirfarandi, en yfirlitin eru mjög saman dregin frá því, sem er í skýrslu Ragnars Ólafssonar:

	1961:	Gjöld:	Tekjur:
Sala samkvæmt „stílabókum“	1.135.817.00		
Sala gegn staðgreiðslu, skortir gögn fyrir fyrstu 4 mánuði ársins	171.085.00		
Sala til KRON, skortir gögn fyrir 7 mánuði ársins	16.210.00		
Sala til Samsölunnar, skortir gögn fyrir 7 mánuði ársins	85.357.50		1.395.843.50
Ýmis kostnaður		207.541.24	
Framleiðslugjald, samkvæmt framtali		177.879.24	
Hráefni samkvæmt fyrirliggjandi nótum	192.256.09		
Hráefni að auki samkv. uppgjöf H. Ólafsson & Bernhöft	23.661.70	215.917.79	
		601.338.27	
Mismunur		794.505.23	
		Kr. 1.395.843.50	1.395.843.50

	1962:	Gjöld:	Tekjur:
Sala samkvæmt „stílabókum“	1.318.557.50		
Sala, staðgr. samkvæmt „dagbókarblöðum“	407.194.00		
Afslættir	36.329.50		
Sala til KRON	72.351.00		
Sala til Samsölunnar, vantar í júnímánuð	173.712.25		1.935.485.25
Ýmis kostnaður		304.680.96	
Framleiðslugjald samkvæmt framtali		187.171.74	

		Gjöld:	Tekjur:
Hráefni samkvæmt fylgiskjölum	197.087.60		
Hráefni að auki samkvæmt uppgjöf Sig. Þ. Skjaldberg	36.551.25		
Hráefni að auki samkvæmt uppgjöf H. Ólafsson & Bernhöft	16.894.40	250.533.25	
		742.385.95	
Mismunur		1.193.099.30	
		Kr. 1.935.485.25	1.935.485.25

	1963:	Gjöld:	Tekjur:
Sala samkvæmt „stílabókum“	1.710.999.00		
Sala, staðgr. samkvæmt „dagbókarblöðum“ .. .	520.121.50		
Afslættir	78.100.45		
Sala til KRON	78.955.00		
Sala til Samsölunnar, vantar nóvember og desember	207.881.75		2.439.856.80
Ýmis kostnaður		350.063.05	
Framleiðslugjald samkvæmt framtali		213.716.52	
Hráefni samkvæmt fylgiskjölum	392.368.65		
Hráefni að auki, samkvæmt uppgjöf Sig. Þ. Skjaldberg	15.300.00		
Hráefni að auki, samkvæmt uppgjöf H. Ólafsson & Bernhöft	23.522.40	431.191.05	
		994.970.62	
Mismunur		1.444.886.18	
		Kr. 2.439.856.80	2.439.856.80

	1964:	Gjöld:	Tekjur:
Sala samkvæmt „stílabókum“	2.473.535.75		
Sala, staðgreitt samkvæmt „dagbókarblöðum“	757.718.40		
Afslættir	147.600.75		
Sala til KRON	74.585.00		
Sala til Samsölunnar, vantar júnímánuð . ..	328.443.50		3.486.681.90
Ýmis kostnaður		449.886.23	
Framleiðslugjald samkvæmt framtali		246.304.50	
Hráefni samkvæmt fylgiskjölum	518.992.10		
Hráefni að auki samkvæmt uppgjöf Sig. Þ. Skjaldberg	34.091.00		
Hráefni að auki samkvæmt uppgjöf H. Ólafsson & Bernhöft	57.972.00	611.055.10	
		1.307.245.83	
Mismunur		2.179.436.07	
		Kr. 3.486.681.90	3.486.681.90

Samkvæmt uppgjöri frá Heildverzlun Ásbjarnar Ólafssonar h/f hefur ákærði á árunum 1961—1964 selt því fyrirtæki lakkrísvörur fyrir eftirtaldar fjárhæðir, en sala þessi kemur ekki fram í skýrslu Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns: árið 1961: kr. 123.690.00; árið 1962: kr. 111.710.00; árið 1963: kr. 175.240.00; og árið 1964: kr. 268.705.00.

Leitað var upplýsinga verðlagsstjóra um verð á lakkrísvörum áranna 1961—1964. Í svarbréfi sínu, dags. 4. janúar 1966, segir Kristján Gíslason verðlagsstjóri m. a. svo: „... Um nokkur undanfarin ár, eftir að almennt var dregið úr opinberum afskiptum af verði vöru og þjónustu, hefur ekki verið fylgzt með eða tak-

markað verð á lakkrísvörum fremur en ýmissi annarri smærri iðnaðarframleiðslu. Fyrir því hefur skrifstofan ekki undir höndum nein gögn um söluverð umrædds aðila á framleiðsluvörum hans á þeim tíma, sem um er að ræða ...".

Ákærði bar fyrir dómi hinn 14. maí 1965, að heildsöluverð á lakkrís hefði verið um 60 krónur þar til fyrir um tveim árum, enda lakkrísverð þá verið háð verðlagsákvæðum. Eftir það kvaðst hann hafa selt lakkrískílóið á 130 krónur. Þessi framburður ákærða er í algerri mótsögn við áðurnefnt bréf verðlagsstjóra. Kristján Sigtryggsson, bókara ákærða, minnti, að verð á hverju lakkrískílógrammi hefði verið kr. 110.00—130.00 á árunum 1961—1964. Loks kemur fram í skilagrein frá Heildverzlun Ásbjarnar Ólafssonar h/f, að verðið hafi verið mismunandi pr. kíló, eftir því um hverja hinna 9 tegunda lakkrísvörunnar var að ræða. Engin bókhaldsgögn eru fyrir hendi um, hversu miklu vörusala ákærða nam árin 1961—1964 að magni til. Vörusala virt til fjárverðmætis nefndan tíma er og eigi viðhlítandi, og vitneskja fékkst ekki um ákveðið einingarverð framleiðslunnar á hverjum tíma. Örðugt virðist því að finna hæfan grundvöll að álagningu tollvörugjalds ákærða með því að byggja á þeim upplýsingum, sem fyrir hendi voru um söluna.

Á dómþingi hinn 4. janúar 1966 voru því dómkvaddir tveir sérfróðir menn, efnaverkfræðingarnir Aðalsteinn Jónsson og Jóhann Jakobsson, til þess að rannsaka eins ítarlega og auðið væri, hvert framleiðslumagn fullunninnar vöru lakkrísgerðarinnar árin 1961—1964 hefði átt að vera með hliðsjón af keyptum hráefnum fyrirtækisins á sama tíma.

Í álitsgerð sinni, sem dagsett er hinn 13. apríl 1966, segja efnaverkfræðingarnir m. a.: „Á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir liggja, verður samsetning framleiðslunnar á einstökum árum, svo sem sýnt er á töflu hér á eftir. Aðalefni framleiðslunnar eru hveiti og sykurefni. Þessi efni eru nokkuð breytileg hvort um sig, en summa þeirra er hins vegar tiltölulega jöfn. Það má því gera ráð fyrir, að samsetning vörunnar hafi verið nokkuð breytileg að þessu leyti, án þess að það rýri gæði framleiðslunnar. Samkvæmt upplýsingum framleiðanda, dskj. 7, er samsetning sú sama fyrir framleiðsluna alla, þ. e. hvort sem um er að ræða rör, bita, rúllur, reimar, staura eða borða. Kremstangir munu þó hafa sérstöðu að þessu leyti.

Samsetning framleiðslu í % miðað við efniskaup einstakra ára:

Hráefni:	1961	1962	1963	1964
Hveiti	36.17	34.39	42.54	36.22
Sykurefni[1])	56.04	58.86	49.57	56.32
Hrálakkrís	5.67	3.46	4.03	4.25
Kokosmjöl	1.25	1.40	1.32	0.91
Kokosfeiti		1.03	0.65	
Amm.kloríð	1.41	0.69	1.75	2.13
Mjólkursýra	0.37	0.03		0.02
Anísolía	0.04	0.02	0.03	0.05
Matarlitur	0.02	0.09	0.20	0.05
Blandaðir ávextir				0.02

Við athugun þessarar töflu og með hliðsjón af innkaupanótum er ljóst, að nokkur flutningur milli ára á sér stað á hinum smærri efnisþáttum. Rétt þykir því að miða samsetningu við heildarmagn innkeyptra efna á árunum 1961—1964.

Samkvæmt ofanskráðu er samsetning, reiknuð út frá heildarinnkaupum ('61—'64), þessi:

Hveiti	37.50%		
Sykurefni	55.02%	Sykur	50.57%
		Glukos	3.21%
		Karamel	1.23%
Hrálakkrís	4.27%		
Önnur efni	3.20%		
Samtals	99.99%		

Sykurefni og hveiti samtals 92.52%.

Samkvæmt töflu um samsetningu framleiðslu einstakra ára, miðað við innkaup, eru sykurefni og hveiti samtals í % sem hér segir:

1961	92.21
1962	93.25
1963	92.11
1964	92.54

Um framleiðslu á lakkrís.

Lakkrísvörur eru að jafnaði gerðar úr hveiti, sykri og svo miklu af hrálakkrís, að bragðið sé greinilegt lakkrísbragð

[1]) Sykurefni innifela sykur, glukos, karamel.

(2—6%). Enn fremur er bætt í öðrum efnum, bragðefnum, litarefnum og bindiefnum (gelatín). Efnin eru blönduð vatni, hituð upp, hrærð og hnoðuð. Síðan eru efnin mótuð í bita, rör, borða o. s. frv. og þurrkuð við vægan hita. Raki í fullunninni vöru verður þó ætíð allmiklu hærri en í hráefnunum.

Þetta sést greinilega við samanburð hér á eftir.

Hráefni 1961—1964	Magn kg.	Þurrefni %	Þurrefni kg.
Sykur	73.961	100	73.961
Hveiti	54.845	85[1])	46.618
Glukos	4.700	85	3.995
Karamel	1.800	66	1.188
Hrálakkrís	6.246	83	5.184
Kokosmjöl	1.214	96.6	1.173
Kokosfeiti	1.050	100	1.050
Amm. kloríð	2.112	100	2.112
Mjólkursýra	110	96	106
Anísolía	50	100	50
Matarlitur	136	100	136
Samtals	143.224		135.573

Meðalraki í hráefni er þannig:

$$\frac{(146.224 - 135.573)\ 100}{146.224} = 7.3\%$$

Til að finna réttan raka í framleiddum lakkrísvörum voru tekin sýnishorn af hverri tegund framleiðslunnar, eins og hún er nú, tvisvar sinnum, dags. 22/2 '66 og 4/3 '66. Sýnishornin voru rannsökuð á Rannsóknarstofnun Iðnaðarins. Niðurstöður voru þessar (sjá einnig meðfylgjandi skýrslu stofnunarinnar):

Raki í lakkrísvörum %	Dags. 22/2	Dags. 4/3
Reimar	28.22	32.65
Bitar	29.65	32.27
Borðar	29.64	28.89
Staurar	29.19	32.52
Rör	25.98	28.30
Rúllur	27.89	29.88
Kremstengur	17.89	20.97

[1]) Talan 15% raki er tekin úr bókinni: Beythien, Einführung in die Lebensmittelchemie.

Samkvæmt þessum mælingum er meðalraki framleiðslunnar 28.07%, hér reiknað með 28.00%, þ. e. þurrefni 72%.

Þessi þurrefnishlutföll, þ. e. 92.7 í hráefni og 72.0 í framleiddri vöru, má nú nota til að reikna þunga framleiddrar vöru pr. þungaeiningu hráefna þannig:

$$\text{Hráefni} \quad \frac{\text{Framleiðsla} \quad 1 \text{ kg.}}{\dfrac{1 \times 0.927}{0.72}} = 1.2875$$

Framleiðsla	Hráefni, kg.	Unnin vara, kg.
1961	23.909	30.782
1962	28.918	37.231
1963	38.199	49.181
1964	55.214	71.088
		188.282

Sé reiknað með, að enginn tilflutningur á efni milli ára hafi átt sér stað, fæst samt sama heildartala, eða 188.28 tonn, en svo lítill munur verður á framleiðslunni einstök ár, hæst 1962 370 kg., eða sem hér segir:

1961	30.688 kg.
1962	37.601 —
1963	49.030 —
1964	70.958 —

Í öllum ofanskráðum framleiðslutölum er ekki tekið tillit til rýrnunar á hráefnum. Einhver rýrnun er þó óhjákvæmileg. Hana verður að áætla við endanleg uppgjör málsins".

Samkvæmt lögum nr. 60/1939, sbr. lög nr. 26/1947, 4/1960, 79/1960, 104/1961, 90/1962 og 73/1963 bar ákærða að greiða vörumagnsgjald kr. 41.58 af hverju lakkrískílógrammi, „áður en varan er látin burt, seld eða send til umboðssölu". Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti í Kópavogi, hefur með bréfi, dagsettu 8. desember 1966, látið dóminum í té skýrslu um gjöld þau, sem Lakkrísgerðin Póló hefur greitt af innlendum tollvörum fyrir tímabilið 1961—1964, og eru gjöldin byggð á eigin framtali ákærða sjálfs:

1961:

Fyrir janúar	396	kg. á	41.58	16.465.68
— febrúar	396	— -	—	16.465.68
— marz	378	— -	—	15.717.24
— apríl	378	— -	—	15.717.24
— maí	387	— -	—	16.091.46
— júní	386	— -	—	16.049.88
— ágúst	398	— -	—	16.548.84
— september	386	— -	—	16.049.88
— október	398	— -	—	16.548.84
— nóvember	386	— -	—	16.049.88
— desember	389	— -	—	16.174.62
	4.278	kg.		177.879.24

1962:

Fyrir janúar	386	kg. á	41.58	16.049.88
— febrúar	389	— -	—	16.174.62
— marz	389	— -	—	16.174.62
— apríl	389	— -	—	16.174.62
— maí	398	— -	—	16.548.84
— júní	389	— -	—	16.174.62
— ágúst	389	— -	—	16.174.62
— september	389	— -	—	16.174.62
— október	389	— -	—	16.174.62
— nóvember	398	— -	—	16.548.84
— desember	398	— -	—	16.548.84
	4.303	kg.		178.918.74

1963:

Fyrir janúar	389	kg. á	41.58	16.174.62
— febrúar	389	— -	—	16.174.62
— marz	389	— -	—	16.174.62
— apríl	398	— -	—	16.548.84
— maí	389	— -	—	16.174.62
— júní	398	— -	—	16.174.62
— ágúst	398	— -	—	16.548.84
— september	398	— -	—	16.548.84
— október	404	— -	—	16.798.32
— nóv. og des.	1.251	— -	—	52.016.58
	4.794	kg.		199.334.52

1964:

Fyrir janúar	445 kg.	á	41.58	18.503.10
— febrúar	453	—	- —	18.835.74
— marz	458	—	- —	19.043.64
— apríl	460	—	- —	19.126.80
— maí	465	—	- —	19.334.70
— júní	480	—	- —	19.958.40
— ágúst	484	—	- —	20.124.72
— september	530	—	- —	22.037.40
— október	530	—	- —	22.037.40
— nóvember	560	—	- —	23.284.80
— desember	660	—	- —	27.442.80
	5.525 kg.			229.729.50

Ákærði hefur samkvæmt þessari skrá bæjarfógeta á árunum 1961—1964 greitt tollvörugjald af samtals 18.900 kg., þ. e. kr. 785.862.00. Samkvæmt álitsgerð efnaverkfræðinganna Aðalsteins Jónssonar og Jóhanns Jakobssonar hefði ákærði hins vegar átt að greiða af 188.282 kg., þ. e. kr. 7.828.765.56, og munar því greiðslu fyrir 169.382 kg., þ. e. kr. 7.042.903.56.

Efnaverkfræðingarnir Aðalsteinn Jónsson og Jóhann Jakobsson voru dómkvaddir til að láta í té álit sitt um eðlilega rýrnun vegna framleiðslu ákærða. Í matsgerð þeirra, sem dagsett er hinn 29. ágúst 1967, segir m. a. svo: „. . . Í fyrri matsgerð undirritaðra, dags. 13. apr. 1966, er vikið almennt að framleiðslu á lakkrís (bls. 2). Varan, fullunnin, byggist á blöndun allmargra efnisþátta og síðan meðhöndlun blöndunnar, mótun og þurrkun. Slík meðhöndlun hlýtur ætíð að leiða til rýrnunar, reiknað á „basis" þurrefni. Þætti rýrnunar má gróft tekið flokka í tvennt. Annars vegar rýrnun í framleiðslu, hér nefnd Rýrnun I, og hins vegar í rýrnun í dreifingu, hér nefnd Rýrnun II.

Rýrnun I felst í eftirtöldum þáttum:

1. Afgangur í umbúðum (sekkjum, kössum, dósum, dunkum, flöskum) og vegna smærri tapa í meðhöndlun.
2. Töp á blöndunni í meðhöndlun, viðloðun við vélar og tæki, sem blandan fer í gegnum.
3. Úrgangur vöru á lokastigi framleiðslu, endar og mismótuð stykki.

Við framleiðslu á sælgæti almennt, súkkulaði, brjóstsykri o. fl.,

taka tollyfirvöld þetta til greina, og samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa tollstjórans í Reykjavík, hr. Gunnari Eggertssyni, er miðað við, að rýrnunin geti numið 6—7% af hráefni.

Rýrnun II felst í eftirtöldum þáttum:

1. Langri geymslu á dreifingarstöðum (verzlunum) og innþornun vörunnar af þeim sökum (lakkrís er viðkvæmari að þessu leyti en t. d. súkkulaði eða brjóstsykur. Varan inniheldur tiltölulega mikið vatn og er ekki í sérstökum umbúðum stykki fyrir stykki, lakkrísborðar, stengur, bitar o. s. frv.).
2. Beinar skemmdir á vörunni (aðrar en innþornun) vegna slæmra geymsluskilyrða og/eða mjög langrar geymslu (hátt rakainnihald í lakkrísvörum gerir þær viðkvæmari fyrir myglu en margar aðrar sælgætisvörur).

Varðandi rýrnunarþætti I-3 og II-1, endar, mismótun og innþornun í geymslu, er bein rýrnun fyrirbyggð með endurvinnslu vörunnar. Í dskj. nr. 7, bls. 19, er vikið að þessu og staðfest af framleiðanda, enda hafi ekki verið um aðrar skemmdir að ræða. Við slíka endurvinnslu má gera ráð fyrir smávægilegri rýrnun vegna breytinga á eiginleikum. Endursoðin efni halda síður raka en ný framleiðsla. Hér getur þó aðeins verið um óverulegan þátt að ræða, sbr. rannsóknir á rakainnihaldi, dskj. nr. 30.

Sé um myglu að ræða, verður varan, m. a. af heilbrigðis- og hreinlætisástæðum, ekki endursoðin. Að jafnaði munu skemmdir af völdum myglu vera lítill hluti dreifingarskemmda. Miðað við hámark talið innþornað, dskj. nr. 7, bls. 19, þykir eðlilegt að meta myglað 20% af innþornuðu, þ. e. 5% af framleiðslu.

Niðurstöður:

Á grundvelli framangreindra þátta rýrnunar og með skýrskotun til ályktana um hugsanlega rýrnun telja undirritaðir rýrnun á framleiðslu sem hér segir:

Rýnun I 7% af hráefni.
Rýnun II 5% af framleiðslu.

Samkvæmt þessu sundurliðast heildarrýrnunin (I og II) á framleiðslu sem hér segir (sjá greinargerð, dags. 13. apr. 1966):

Hráefni, alls	146.224 kg.
Rýrnun, 7%	10.236 —

Hráefni	135.988 kg.	
Framleiðsla (135.988 x 1.2875)	175.085 —	
Rýrnun v/hráefnistaps (I)	13.197 —	13.197 kg.
Rýrnun v/geymsluskemmda (II)		8.754 —
Samtals	188.282 kg.	21.951 kg.

$$\text{Heildarrýrnun } \% = \frac{21.951 \times 100}{188.282} = 11.6\%\text{“.}$$

Matsmenn komu fyrir dóm og staðfestu matsgerðir sínar. Þeir kváðust hafa farið í lakkrísgerðina, kynnt sér starfrækslu þar eftir föngum, en ekki talið sér heimilt að fá vitneskju um hana í einstökum atriðum, þar sem þeir töldu slíkt framleiðsluleyndarmál.

Í bréfi til dómsins, dagsettu 12. júlí 1967, nafngreindi skipaður verjandi ákærða allmarga aðilja, sem hann kvað ákærða hafa látið í té hráefni, sykur og hveiti, og óskaði verjandi frekari rannsóknar varðandi þetta atriði. Kom ákærði fyrir dóm dagana 4. og 5. október 1967 og var þá inntur nánar eftir afhendingum þessum.

Ákærði kvaðst hafa selt Friðþjófi Þorsteinssyni bæði sykur og hveiti á árunum 1961—1964, sem Friðþjófur hefði notað við framleiðslu í efnagerð sinni, Val. Ítrekað aðspurður sagðist ákærði ekki geta borið um, hversu mikið magn af hvorri vörutegund hefði verið að ræða, en Friðþjófur fengið afhenta nokkra 50—60 kg. poka, bæði af sykri og hveiti, öðru hverju allt nefnt tímabil. Gat ákærði ekki greint þetta nánar, en sagði, að afhendingar hefðu að jafnaði verið nokkrar á mánuði og farið þannig fram, að Friðþjófur hefði komið í sendiferðabifreið, sem hann ók, fengið vörurnar hjá ákærða persónulega, en síðan sjálfur borið varninginn út í bifreiðina. Ákærði kvað Friðþjóf ætíð hafa fengið vörurnar lánaðar í bili, en greitt þær í peningum, venjulega 1—2 mánuðum eftir móttöku. Ekkert var um viðskiptin skráð og söluskattur ekki af þeim greiddur. Ástæðuna til viðskiptanna kvað ákærði hafa átt rót sína að rekja til skorts á vörunni, og þó einkum sykri. Sagði ákærði, að iðulega hefði verið erfitt að fá sykur hjá heildsölum tíma og tíma, sem staðið hefði í sambandi við flutning vörunnar til landsins. Hins vegar taldi ákærði, að ekki hefði verið skortur á hveiti. Öðrum þræði kvaðst ákærði og hafa afhent Friðþjófi vörurnar í greiðaskyni við hann og til stuðnings honum fjárhagslega, enda fjárhagur Friðþjófs

verið bágborinn. Ákærði var að því spurður, hvers vegna hann hefði ekki fyrr við rannsókn málsins greint frá viðskiptum þeirra, og svaraði ákærði því á þann veg, að hann hefði hvorki viljað koma Friðþjófi né öðrum í nein vandræði, en Friðþjófur væri gamall starfsmaður sinn.

Vitnið Friðþjófur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Efnagerðarinnar Vals, Kársnesbraut 124, Kópavogi, kvaðst aldrei hafa fengið hveiti frá ákærða. Hins vegar sagðist vitnið hafa fengið sykur afhentan hjá ákærða af og til, en framburður vitnisins um viðskipti þeirra ákærða var mjög óljós. Þó hugði vitnið, að það hefði á árunum 1961—1964 einu sinni til tvisvar í mánuði fengið afhenta 4—5 sykursekki, en sekkurinn væri 50 kg. að þyngd. Vitnið kvaðst hafa pantað sendiferðabifreiðar og látið bifreiðarstjóra þeirra ná í sykurinn til ákærða, en fyrir hefði komið, að ákærði hefði sjálfur flutt sykurinn til vitnisins. Vitnið sagðist hafa fengið vöruna lánaða við afhendingu, en síðar greitt ákærða, sem væri gamall húsbóndi vitnisins, hana í reiðufé. Vitnið var beðið um að gera nánari grein fyrir lengd gjaldfrestsins. Svör vitnisins voru óljós, en það taldi þó, að liðið hefðu nokkrir mánuðir. Ekkert var um viðskiptin ritað, og kvaðst vitnið því engin gögn hafa í höndum varðandi þau. Verðið sagði vitnið, að hefði verið hið sama og hjá heildsölum, og um vexti var ekki að ræða. Ástæðurnar til viðskiptanna kvað vitnið að nokkru fjárhagsörðugleika þess, en að nokkru tímabundin ekla á sykri hjá heildsölum, en sykurskortur hefði verið oft á ári nefnt tímabil.

Ákærði kvaðst hafa selt Valgerði Magnúsdóttur sykur og hveiti á heildsöluverði allt það tímabil, sem um ræðir í málinu. Valgerður væri dóttir konu hans og fósturdóttir sín, gift kona, og ættu þau hjón 4 börn. Ekkert gat ákærði sagt til um magn, en eiginmaður Valgerðar hefði ætíð sótt vörurnar til ákærða, greiðsla ýmist farið fram við móttöku eða síðar, og ekkert verið um viðskiptin skráð.

Vitnið Valgerður Magnúsdóttir húsfrú, Stigahlíð 28 hér í borg, kvaðst vera dóttir konu ákærða, en hefði ekki alizt upp hjá þeim og væri ekki fóstur- eða kjördóttir hans. Vitnið sagðist vera gift og hefðu verið 3 börn á heimilinu árin 1961—1964, en á því tímabili var keypt bæði sykur og hveiti af ákærða til heimilishaldsins. Ekki gat vitnið greint nákvæmlega frá magni, en gizkaði á, að um 2—3 poka hefði verið að ræða af hvorri tegund árlega. Maður vitnisins sótti vöruna til ákærða, og mundi hún hafa verið borguð eftir hendinni, en ekkert um viðskiptin bókað.

Vitnið Þorgeir Jóhannsson verzlunarmaður, Stigahlíð 28, Reykjavík, eiginmaður vitnisins Valgerðar Magnúsdóttur, kvað þau hjónin hafa fengið sykur og hveiti hjá ákærða árin 1961—1964. Ekki gat vitnið sagt til um magn, en gizkaði á 25 lbs. af hveiti á viku og annað eins eða meira af sykri. Náði vitnið í varninginn til ákærða, greiðsla fór ýmist fram við móttöku eða síðar, verðið var hið sama og hjá heildsölum, en ekkert var um viðskiptin skráð. Vitnið sagðist oft hafa hjálpað ákærða á kvöldin og minntist þess að hafa oftlega farið á þessum árum með sykur og hveiti, m. a. til systur ákærða og konu, sem bjó í sama húsi og hann, en ekki treystist vitnið til að bera um magn það, er hann afhenti.

Ákærði kvað Einar Magnússon hafa fengið hjá sér sykur og hveiti til heimilishalds á heildsöluverði á árunum 1961—1964, en þrennt var þar í heimili. Ákærði sagði, að þeir Einar væru kunningjar og hefðu búið í sama húsi um nokkurra ára skeið. Ekki gat ákærði borið um magn, en það hefði ekki verið mikið. Einar náði í vöruna til ákærða, greiddi að jafnaði við móttöku, en aldrei var um viðskiptin bókað.

Vitnið Einar Magnússon verzlunarmaður, Bergstaðastræti 48 hér í borg, sagði, að þeir ákærðu væru vinir og hefðu verið sambýlismenn um langt skeið. Vitnið kvaðst árin 1961—1964 hafa fengið hjá ákærða sykur og hveiti til heimilishaldsins, en þrennt verið þá á heimili vitnisins. Vitnið gat ekkert sagt til um magn, en vörurnar sótti það til ákærða og fékk þær gegn staðgreiðslu á heildsöluverði.

Ákærði kvaðst hafa selt Magnúsi Oddssyni, kunningja sínum, sykur og hveiti á árunum 1961—1964, en vissi ekki hversu mikið. Magnús sótti vöruna til ákærða og greiddi hana við móttöku. Ekkert var um viðskiptin skráð, en verðið var hið sama og í heildsölu.

Vitnið Valdimar *Magnús* Oddsson bifreiðarstjóri, Kleppsvegi 6, Reykjavík, kvað þá ákærða vera kunningja. Á árunum 1961—1964 var þrennt í heimili vitnisins, en auk þess mikil gestakoma, m. a. dvalarfólk utan af landi. Ákærði seldi vitninu á þessum árum sykur og hveiti með heildsöluverði, sem það sótti til hans og greiddi að jafnaði við móttöku. Vitnið var spurt um magn. Það kvaðst alloft hafa fengið einn poka af hvorri vörutegund hjá ákærða, en treysti sér ekki til að svara nánar um þetta atriði.

Ákærði kvaðst hafa selt kunningja sínum og sambýlismanni, Þorbergi Jóhannssyni, bæði hveiti og sykur á nefndum árum

gegn staðgreiðslu og á heildsöluverði, en Þorbergur sótt vöruna til ákærða, og ekkert verið um viðskiptin ritað.

Sökum sjúkleika var ekki hægt að yfirheyra nefndan Þorberg Jóhannsson fyrir dómi.

Ákærði kveðst hafa selt Valdísi Tryggvadóttur, systur sinni, sykur og hveiti árin 1961—1964, og hugði hann, að 6 manns hefðu verið á heimili hennar þau árin. Ákærði gat ekki sagt um magn, en tengdasonur hans hefði að jafnaði flutt varninginn til Valdísar. Ekkert var um viðskpitin skráð, en venjulega var um staðgreiðslu að ræða.

Með vísan til 89. gr. laga nr. 82/1961 óskaði vitnið Valdís Tryggvadóttir húsmóðir, Skúlagötu 56 hér í borg, ekki eftir að bera vætti í málinu.

Ákærði kvaðst hafa selt kunningja sínum, Þórarni Jónssyni, sem ætti konu og 2—3 börn, sykur og hveiti á árunum 1961—1964, en ekki gat hann sagt til um magn. Sótti Þórarinn vöruna til ákærða, sem hann greiddi heildsöluverði við móttöku, en ekkert var um viðskiptin ritað.

Vitnið Þórarinn Jónsson bifreiðarstjóri, Álfamýri 42 hér í borg, kvaðst vera kunningi ákærða. Á árunum 1961—1964, en þá voru 5—6 manns í heimili vitnisins, sagðist það hafa keypt hveiti og sykur af ákærða til heimilisnota. Fór vitnið til ákærða og náði í vörurnar, en þær fékk það á heildsöluverði og greiddi við móttöku. Ítrekað aðspurt sagðist vitnið ekkert geta sagt til um magn það, sem keypt var.

Ákærði kvaðst hafa selt bræðrunum Böðvari, Eyvindi og Gunnari Árnasonum sykur og hveiti með heildsöluverði og gegn staðgreiðslu og hefðu þeir sjálfir farið heim með varninginn, en þeir ráku á nefndu tímabili verksmiðju í sama húsi og ákærði rak sælgætisgerð sína. Ákærði sagði, að þeir bræður væru allir kvæntir, og taldi hann, að um 25 manns væru í heimilum þeirra. Ekkert var um viðskiptin skráð, og ákærði gat ekkert um magn vörunnar borið.

Vitnið Böðvar Árnason iðnaðarmaður, Reynihvammi 38, Kópavogi, sagðist hafa unnið á sama stað og ákærði á tímabilinu 1961—1964 og nokkrum sinnum fengið hveiti og sykur hjá honum til heimilisnota, en 6 voru þá í heimili þess. Vitnið kvaðst hafa keypt einn 50 kg. sekk í senn, en gat ekki greint nánar til um magn, en minnti þó, að það hefði fegið minna af hveiti en sykri. Vitnið sótti vöruna til ákærða, greiddi stundum við móttöku, en stundum síðar.

Vitnið Eyvindur Árnason iðnaðarmaður, Löngubrekku 3, Kópavogi, starfaði og á sama stað og ákærði. Vitnið sagði, að í heimili þess hefðu verið 7 manns á árunum 1961—1964. Keypti vitnið þá sykur og hveiti af ákærða til heimilisþarfa öðru hverju, en gat ekki skýrt nánar frá magni. Vitnið fékk vöruna á heildsöluverði, greiddi við móttöku og sótti sjálft vöruna til ákærða. Nánar aðspurt kveðst vitnið einasta hafa fengið einn sekk í einu, gat ekki sagt, hversu oft þetta var, en taldi, að það hefði verið alloft.

Vitnið Gunnar Árnason verkamaður, Digranesvegi 101, Kópavogi, kvaðst á árunum 1961—1964 hafa unnið á sama stað og ákærði rak lakkrísgerð sína og á þeim tíma keypt af honum hveiti og sykur til heimilisnota eftir þörfum, en á heimili vitnisins voru þá 5 manns og stundum fleiri. Vitnið gat ekki sagt nánar um, hversu mikið magn var að ræða. Vitnið tók varninginn hjá ákærða og greiddi hann við móttöku eða stuttu síðar. Verðið var heildsöluverð, og ekkert var um viðskiptin bókað.

Ákærði kvaðst hafa látið Ragnhildi Magnúsdóttur, fóstursystur konu sinnar, í té til heimilisþarfa bæði sykur og hveiti árin 1961—1964 á heildsöluverði og gegn staðgreiðslu. Ákærði sagði, að fernt væri í heimili Ragnhildar, tengdasonur hans hefði flutt varninginn til hennar, en ekki vissi ákærði um, hversu mikið magn var að ræða, og ekkert var um viðskiptin bókað.

Vitnið Ragnhildur Magnúsdóttir, Njarðargötu 41 hér í borg, kvaðst vera fóstursystir konu ákærða. Vitnið fékk á árunum 1961—1964, en þá voru 4—5 í heimili þess, sykur og hveiti til heimilisnota hjá ákærða, og kom Þorgeir Jóhannsson með vörurnar. Vitnið gat ekki sagt nákvæmlega til um magn, giskaði á 2—3 sekki af hvorri tegund árlega.

Ákærði kvað Þorbjörgu Sigurðardóttur, sem byggi í sama húsi og hann ásamt systur sinni, hafa fengið sykur og hveiti hjá sér, en þær systur fengust við heimabakstur, þótt sá rekstur væri ekki í miklum mæli. Ákærði sagði tengdason sinn hafa flutt vörurnar til Þorbjargar, þær verið greiddar við afhendingu, verðið verið hið sama og hjá heildsölum, en ekkert verið um viðskiptin skráð. Ekki sagði ákærði, að um mikið vörumagn hefði verið að ræða.

Vitnið Þorbjörg Sigurðardóttir, Nönnugötu 8, Reykjavík, sagðist ásamt systur sinni leggja stund á heimabakstur og byggju þær systur í sama húsi og ákærði. Á árunum 1961—1964 fengu þær sykur og hveiti hjá ákærða til bakstursins. Sagði vitnið, að um býsna mikið magn hefði verið að ræða, en gat ekki tiltekið

það nánar. Vitnið kvað Þorgeir Jóhannsson ætíð hafa flutt vöruna heim til þeirra systranna, og var hún greidd við móttöku. Nánar aðspurt kvaðst vitnið hafa fengið 2—3 sekki hverju sinni. Vitnið sagði, að þá er þær systur bökuðu sem mest, en það hefði verið á árunum 1961—1964, hefði komið fyrir, að þær eyddu einum sekk af hveiti og öðrum af sykri á einni viku. Vitnið sagði, að það hefði einu sinni fengið 8 poka í einu, en stundum aðeins 1 poka.

Ákærði sagði, að Sverrir Jónsson, sem kvæntur væri systurdóttur hans og ætti tvö börn, hefði fengið hjá sér bæði sykur og hveiti árin 1961—1964 á heildsöluverði, en ekki gat ákærði sagt hversu mikið. Sverrir sótti vörurnar sjálfur, greiddi gegn staðgreiðslu, en ekkert var um viðskiptin skráð.

Vitnið Sverrir Jónsson afgreiðslustjóri, Fellsmúla 13 hér í borg, kvað konu sína vera systurdóttur ákærða. Á árunum 1961—1964 var fernt í heimili þeirra hjóna, en á þeim tíma keyptu þau af ákærða sykur og hveiti eftir þörfum. Vitnið gat ekki greint nákvæmlega frá magni, það hefði náð í vöruna til ákærða, greitt hana við móttöku á heildsöluverði.

Ákærði kvað Braga Lárusson, sem væri sonur konu sinnar, kvæntur og ætti tvö börn, hafa fengið bæði hveiti og sykur á árunum 1961—1964, en um lítið magn hefði verið að ræða. Bragi sótti vöruna til ákærða, greiddi hana við móttöku á heildsöluverði, en ekkert var um viðskiptin bókað.

Vitnið Bragi Lárusson skrifstofumaður, Stigahlíð 28, Reykjavík, kvaðst vera sonur konu ákærða, en hvorki kjör- né fóstursonur hans. Vitnið fékk á árunum 1961—1964 hveiti og sykur hjá ákærða. Hugði vitnið, að þetta hefði verið tvisvar sinnum, og samtals hefði það fengið 200 kg. af varningnum. Vitnið kvaðst þó ekki alveg öruggt um fyrrgreint magn, en taldi, að ekki gæti miklu munað.

Ákærði kvaðst hafa selt Magnúsi Matthíassyni bæði hveiti og sykur á árunum 1961—1964. Ákærði sagði, að Magnús væri mágur vitnisins Braga Lárussonar, kvæntur og ætti tvö börn. Magnús sótti vöruna til ákærða og greiddi við móttöku á heildsöluverði. Ekkert var um viðskiptin skráð, og ekki gat ákærði sagt um magn.

Vitnið Magnús Matthíasson, starfsmaður í lakkrísgerð ákærða, Hraunbæ 142 hér í borg, kvaðst hafa unnið hjá ákærða um hálfs árs skeið, þeir ákærði hefðu þekkzt lengi, enda tengdir. Vitnið sagði, að á árunum 1961—1964 hefði þrennt verið í heimili þess.

Kvað vitnið ákærða á þeim árum hafa gefið því hveiti, en vitnið hjálpaði ákærða þá öðru hverju á kvöldin. Ekki sagðist vitnið hafa fengið sykur hjá ákærða, en hins vegar lakkrís við og við. Vitnið gat ekki sagt til um magnið á hveitinu, en það hefði fengið það, sem það þurfti til heimilisins.

Ákærði lýsti yfir því fyrir dómi, að á tímabili því, sem hér er um að ræða, hefði hann ekki selt fleirum en að ofan greinir hveiti eða sykur.

Vitnið Aðalheiður Dís Þórðardóttir húsmóðir, Flókagötu 58 hér í borg, kvaðst hafa starfað í lakkrísgerð ákærða öðru hverju á árunum 1961—1964 og þá búið í sama húsi og ákærði að Nönnugötu 8. Vitnið kvaðst á þessum tíma hafa orðið vart við, að ákærði hefði afhent kunningjum sínum poka og poka af sykri og hveiti, en ekki gat vitnið sagt nánar um magn né um greiðslu í því sambandi, og sjálft sagðist vitnið aldrei hafa afhent nokkrum aðilja hráefni frá lakkrísgerðinni.

Fulltrúi saksóknara og skipaður verjandi ákærða lýstu yfir því í dóminum, að þeir óskuðu ekki eftir, að frekari vitnaleiðslur færu fram né að vitni yrðu samprófuð við ákærða, en svo sem af framburðum sést hér að framan, ber þeim allmjög á milli í ýmsum greinum.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf, dags. 3. nóvember 1967, frá Klemenz Tryggvasyni hagstofustjóra, svohljóðandi: „Til svars bréfi yðar 2. þ. m. skal það upplýst, að sykurneyzla launþegafjölskyldu í Reykjavík samkvæmt neyzlurannsókn 1964—1965 er talin vera sem hér segir, á ársgrundvelli:

Strásykur	70.91 kg.
Molasykur	12.35 —
Flórsykur	5.20 —
Púðursykur	6.64 —

Í fjölskyldu þeirri, er hér um ræðir, eru hjón og 2 börn undir 16 ára aldri".

Leitað var álits Verzlunarráðs Íslands á því, hvort um skort á sykri og/eða hveiti hefði verið að ræða hjá heildsölum á árunum 1961—1964, og hefði svo verið, í hve ríkum mæli. Í svari ráðsins, sem dagsett er 24. nóvember 1967, segir m. a.: „... Samkvæmt þeim upplýsingum, sem Verzlunarráðið hefur aflað sér, var ekki um að ræða skort á hveiti og sykri á umræddu tímabili ...". Verzlunarráð sendi dóminum samhljóða álit Sambands

íslenzkra samvinnufélaga og Innflytjendasambandsins, þar sem ekki var talið, að um skort hefði verið að tefla, en í álitsgerð hins síðarnefnda segir þó, að hugsanlegt væri, að einhverjar tegundir af nefndum vörum hefðu verið útseldar fáa daga milli skipaferða, en jafnvel þótt svo hefði verið, sem þá ræki ekki minni til, yrði slíkt að teljast alger undantekning.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að á árunum 1961—1964 hafi hann í mánaðarlegum skýrslum til skattayfirvalda vantalið lakkrísvarning þann, sem hann framleiddi. Með því þannig að segja rangt til um vörugerð sína hefur hann brotið gegn ákvæðum 2. gr., 7. tl. 1. kafla laga nr. 60/1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1947 og 6. gr. reglugerðar nr. 9/1935, enda er játning ákærða í samræmi við önnur gögn málsins og réttilega lýst í ákæru. Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 7. gr. laga nr. 60/1939. Þar sem um framhaldsbrot er að ræða, samkynja og samfellda brotaröð, verður ekki talið, að atferli ákærða sé að hluta fyrnt, svo sem verjandi hans hefur haldið fram, en dómsrannsókn hófst í málinu hinn 14. maí 1965.

Í 7. gr. laga nr. 60/1939 segir meðal annars svo: „. . . . , og auk þess (þ. e. sektar) ber að greiða þrefalda upphæð gjalds þess, sem reynt hefur verið að draga undan. Nú verður eigi sannað, hve há sú upphæð hefir verið, og skal þá ákveða hið þrefalda gjald eftir málavöxtum".

Svo sem að framan er rakið, hefur ákærði á árunum 1961—1964 goldið lögboðin tollgjöld af 18.900 kg. með krónum 785.862.00, en samkvæmt álitsgerð efnaverkfræðinganna Aðalsteins Jónssonar og Jóhanns Jakobssonar hefði gjaldskyld framleiðsla hans á lakkrís, miðað við keypt hráefni, átt að nema á nefndu tímabili 169.328 kg. meira magni og honum því borið að greiða kr. 7.042.903.56 auk fjárhæðar þeirrar, kr. 785.862.00, sem hann í raun galt, en ákærði hefur ekki borið brigður á gögn þau, sem geyma upplýsingar um hráefnakaup og lögð hafa verið til grundvallar í máli þessu. Ljóst er, að hér er um að ræða hámark undandregins gjalds eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu. Við ákvörðun rétts tollvörugjalds þykir verða að taka tillit til eðlilegrar rýrnunar samkvæmt álitsgerð áðurnefndra efnaverkfræðinga, enda þótt ákærði hafi sjálfur borið fyrir dómi, að engin rýrnun hefði orðið í framleiðslu hans. Þá þykir og rétt að taka nokkurt tillit til framburða ákærða og vitna varðandi hráefnasölu, enda þótt framburðir þessir séu mjög óljósir og sjálfum sér

ósamkvæmir, en ákærði neitaði að láta í té efnasamsetningu fullunninnar vöru sinnar og kom þannig í veg fyrir, að unnt hefði verið að komast nánar að raun um sölu hans á vissum hráefnategundum. Loks þykir við ákvörðun gjaldsins rétt að hafa hliðsjón af þeim gögnum, sem lúta að sölu ákærða á fullunninni vöru nefnt tímabil, enda þótt þau gögn séu, svo sem að framan er rakið, hvergi nærri tæmandi.

Hið undandregna tollvörugjald verður samkvæmt framansögðu og eftir málavöxtum talið hæfilega ákvarðað krónur 4.930.032.49, og ber að dæma ákærða til að greiða þrefalda þá fjárhæð, eða krónur 14.790.097.47, til ríkissjóðs Íslands. Eins og orðan 7. gr. laga nr. 60/1939 er háttað, verður gjald þetta ekki talið sekt í skilningi almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og verður vararefsing samkvæmt V. kafla þeirra laga því eigi ákvörðuð, og af sömu sökum kemur krafa skipaðs verjanda ákærða um beitingu 81. gr. laganna ekki frekar til úrlausnar.

II.

Með lögum nr. 25 frá 16. apríl 1962 um aðstoð til fatlaðra, sem öðluðust þegar gildi, var lakkrísframleiðendum gert að greiða í Styrktarsjóð fatlaðra kr. 3.00 af hverju kílógrammi af fullunnum lakkrís. Hóf ákærði greiðslur þessar frá og með maímánuði 1962 og greiddi þær til ársloka 1964 af sama magni og hann gaf upp til tollvörugjalds. Samkvæmt upplýsingum Sigurgeirs Jónssonar, bæjarfógeta í Kópavogi, hefur ákærði þannig goldið fyrir 13.069 kg. með krónum 39.207.00 á nefndu tímabili. Félagsmálaráðuneytið, sem hefur með höndum vörzlur Styrktarsjóðs fatlaðra, hefur krafizt þess, að ákærða verði gert að greiða vangoldið gjald til sjóðsins, allt að krónum 396.000.00 (sic), og er þá byggt á matsgerð efnaverkfræðinganna Aðalsteins Jónssonar og Jóhanns Jakobssonar um vantalið framleiðslumagn, 132.020 kg. frá 1. maí 1962—31. desember 1964. Skipaður verjandi ákærða hefur haldið því fram, að þessum lið ákæru bæri að vísa frá, þar sem lög nr. 25/1962 væru „lex imperfecta", refsiheimild skorti í lögin, og væri sakadómur af þeim sökum ekki fær um að dæma um gjaldskylduna. Fallizt verður á þá skoðun skipaðs verjanda, að lög nr. 25/1962 séu algerlega sjálfstæð og óháð lögum nr. 60/1939 sem og að ákærði hafi ekki gerzt sekur um refsiverða háttsemi með vangreiðslu á gjaldi til Styrktarsjóðs fatlaðra. Ber samkvæmt því að sýkna ákærða af ákæru saksóknara að þessu leyti. Hins vegar er fram komið, að Styrktarsjóður

fatlaðra hefur beðið tjón vegna annarrar refsiverðrar háttsemi ákærða í máli þessu, þ. e. sökum þess, að ákærði hefur í blóra við lög nr. 60/1939 sagt rangt til um vörugerð sína. Samkvæmt 145. gr. laga nr. 82/1961 gat því félagsmálaráðuneytið sem fyrirsvarsaðili sjóðsins komið að bótakröfu sinni í málinu. Krafan var borin undir ákærða, sem fól verjanda sínum að taka afstöðu til hennar, en svo sem fyrr greinir, hefur hann mótmælt henni. Rétt þykir að taka bótakröfu þessa til greina að nokkru, og verður í þeim efnum byggt á sömu viðmiðunarreglum og þá er vangreitt tollvörugjald var ákvarðað í I hér að framan, þ. e. kröfuupphæð að frádregnum 30 af hundraði. Verður ákærði samkvæmt því dæmdur til að greiða Styrktarsjóði fatlaðra bætur samtals að fjárhæð kr. 277.200.00.

III.

Ákærði var bókhaldsskyldur samkvæmt 5. tl. 2. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 62/1938. Ákærði játaði fyrir dómi, að bókhald hans væri eigi í lögskipuðu formi. Við húsleit komu ekki fram önnur gögn, sem ákærði hafði fært, en „stílabækur" með hluta af innfærðri sölu og „laus blöð", sem sala var einnig færð á. Ákærði hefur þannig vanrækt að halda bækur þær og reikninga, sem boðið er í lögum nr. 62/1938 um bókhald, og því ekki fært þá tvíhliða skráningu á viðskiptum sínum, sem boðið er í 1. mgr. 4. gr. laganna. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. 6. gr. laga nr. 60/1939, bar ákærða að færa dagbækur um framleiðslu, sölu og afhendingu vöru sinnar. Á dómþingi hinn 14. maí 1965 kvaðst ákærði hafa fært slíkar bækur yfir daglega framleiðslu fyrirtækisins að magni til. Við húsleit fundust þær bækur ekki, og þá er hann var inntur nánar eftir þeim síðar á dómþinginu, kvað hann dóminn hafa fengið í hendur öll þau gögn, sem hann hefði haft varðandi framleiðsluna, og gat ekki bent á nein frekari bókhaldsgögn. Verður því að telja, að ákærði hafi einnig vanrækt bókhald þetta. Samkvæmt framansögðu hefur ákærði þannig unnið til refsingar samkvæmt 19. gr. laga nr 62/1938, 8. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1939, og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða samkvæmt lagaákvæðum þessum sem og fyrir brot hans gegn 7. gr. laga nr. 60/1939, sem fjallað er um í I hér að framan, þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 20 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

IV.

Lögð hafa verið fram í málinu leyfisbréf til ákærða frá tollstjóranum í Reykjavík, þar sem honum er heimilað að reka vörugerð á innlendum tollvörutegundum, sem og iðjuleyfi, útgefið til ákærða af lögreglustjóranum í Reykjavík.

Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 8. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. 6. gr. laga nr. 60/1939 og 19. gr. laga nr. 62/1938, þykir verða að svipta ákærða leyfisbréfum þessum ævilangt, svo sem krafizt er í ákæruskjali.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 50.000.00, en málið flutti Hallvarður Einvarðsson, aðalfulltrúi saksóknara ríkisins, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.00.

Skrifleg sókn og vörn fór fram í máli þessu samkvæmt ákvæðum 131.—136. gr. laga nr. 82/1961 að ósk saksóknara ríkisins.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Þorsteinsson, greiði 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 20 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði ríkissjóði kr. 14.790.097.47.

Ákærði greiði Styrktarsjóði fatlaðra kr. 277.200.00.

Ákærði er ævilangt sviptur leyfisbréfum til iðju og tollvörugerðar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 50.000.00, en málið flutti af hálfu ákæruvalds Hallvarður Einvarðsson, aðalfulltrúi saksóknara ríkisins, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. maí 1968.

Nr. 45/1967: **Sigurbjörn Eiríksson**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Ragnari Þórðarsyni og gagnsök
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, er rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og 58. gr. laga nr. 57/1962 að veita aðiljum kost á því að leiða í ljós, eftir því sem kostur er, m. a. með álitsgerð dómkvaddra manna:

1. Verðmæti innanbúnaðar þess í Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, sem samningur aðilja frá 13. og 15. maí 1963 tók yfir, og skal miða verðmætisákvörðunina við nefnt tímamark.
2. Verðmæti nefnds innanbúnaðar fyrir áframhaldandi rekstur aðaláfrýjanda og réttartaka hans á Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni eftir uppsögu hins óáfrýjaða útburðarúrskurðar frá 8. ágúst 1964, og skal miða verðmætisákvörðunina við þetta tímamark.
3. Hagsmuni aðaláfrýjanda og réttartaka hans af áframhaldandi notkun starfsheitanna Glaumbæjar, Næturklúbbsins og Káetunnar eftir 8. ágúst 1964 og svo ágóða þeirra af viðskiptavild (good will), tengdri nefndum starfsheitum.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á því að afla framangreindra gagna.

Föstudaginn 31. maí 1968.

Nr. 62/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Arne Börge Jedig Andersen og
(Örn Clausen hrl.)
Werner Magnússyni (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skírlífisbrot. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi, og er afterli ákærðu fært þar til réttra refsiákvæða.

Refsing ákærðu hvors um sig þykir hæfilega ákveðin fangelsi tvö ár og sex mánuði. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærðu greiði hvor um sig laun verjanda síns hér fyrir dómi, kr. 25.000.00. Annan kostnað af áfrýjun málsins greiði ákærðu óskipt, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Arne Börge Jedig Andersen og Werner Magnússon, sæti hvor um sig fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði Arne Börge Jedig Andersen greiði laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Ákærði Werner Magnússon greiði laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Annan kostnað af áfrýjun málsins greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 35.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. febrúar 1968.

Ár 1968, þriðjudaginn 20. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 88—89/1968: Ákæruvaldið gegn Arne Börge Jedig Andersen og Werner Magnússyni, sem tekið var til dóms 9. sama mánaðar.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 29. f. m., er opinbert mál höfðað á hendur Arne Börge Jedig Andersen sjómanni, Lækjarkinn 26, Hafnarfirði, og Werner Magnússyni trésmið, Grenimel 16, Reykjavík, en nú gæzluföngum í hegningarhúsinu hér í borg, fyrir eftirgreind brot.

„I. Skírlífisbrot.

1. Ákærðu báðum er gefið að sök að hafa gerzt sekir um nauðgunarbrot fimmtudagskvöldið 23. nóvember 1967 með því að hafa með líkamlegu ofbeldi og frelsissviptingu þröngvað stúlkunni X, fæddri 24. maí 1951, til holdlegra samfara í herbergi ákærða Werners Magnússonar á 2. hæð hússins nr. 16 við Grenimel í Reykjavík eftir að hafa í félagi ráðizt þar að henni, afklætt hana og liðsinnt síðan hvor öðrum við framkvæmd brota þessara.

Teljast ákærðu með fyrrgreindu atferli hafa gerzt brotlegir við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og við nefnt ákvæði, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, en til vara þykir atferli ákærða Werners Magnússonar varða við nefnt ákvæði 1. mgr. 194. gr. hegningarlaganna, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga, sem tilraun með því að hafa lagzt allsnakinn hjá stúlkunni, farið höndum um líkama hennar og kysst hana, m. a. kynfæri hennar, í því skyni að hafa við hana kynmök, eða við 202. gr. sömu laga sem önnur kynferðismök en samræði með fyrrgreindum hætti og hlutdeild ákærða Arne Börge Jedig Andersen þá að því leyti við hin sömu hegningarlagaákvæði, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

2. Þá er ákærðu einnig gefið að sök að hafa síðar þetta sama kvöld og greinir í 1. lið og í sama herbergi leitað á stúlkuna B, fædda 27. september 1951, með lostugu hátterni, er hún kom þangað að leita vinstúlku sinnar, fyrrgreindrar X, og reynt að hefta för hennar þaðan. Tók ákærði Arne B. J. Andersen þá m. a. svo niður um sig buxurnar, að kynfæri hans urðu ber í augsýn B.

Telst þetta varða við 209. gr. hegningarlaganna og 45. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna.

II. Fjársvik.

Loks er ákærða Arne Börge Jedig Andersen gefið að sök að hafa gerzt sekur um ökugjaldssvik laugardaginn 25. nóvember 1967 með því að hafa nokkru eftir hádegi þann dag tekið á leigu bifreiðina R 4194 L frá bifreiðastöðinni Hreyfli, bifreiðarstjóri Kári Gunnarsson, og látið aka sér frá Garðaflöt 15 í Garðahreppi að Hverfisgötu 16 í Reykjavík, en stungið þar bifreiðarstjórann af til þess að komast hjá að greiða áfallið ökugjald, kr. 320.00.

Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu bóta og alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafizt, að ákærðu verði með væntanlegum refsidómi gert að verða af landi burt, er þeir hafa þolað refsingu samkvæmt dóminum, sbr. 13. gr. laga nr. 45/1965 um eftirlit með útlendingum".

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Arne Börge Jedig Andersen er fæddur 23. janúar 1948 í Kaupmannahöfn og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1966 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá birtingardegi (s. s. 2/1966). (Birt 12/3 1966).

1966 17/11 í Reykjavík: Dómur: 5.000 kr. sekt fyrir brot á 25. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði. (Dómur nr. 530/1966).

1967 17/10 í Hjörring í Danmörku: Brot gegn 276. og 278. gr., 1. mgr., danskra hegningarlaga. Ákvörðun refsingar frestað í 2 ár.

Ákærði Werner Magnússon er fæddur 6. ágúst 1924 í Kaupmannahöfn og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1958 7/5 í Kaupmannahöfn: Brot gegn 244. gr., 1. mgr., danskra hegningarlaga. 20 dagsektir á 10 kr.

1959 24/8 í Kaupmannahöfn: Brot gegn umferðarlögum. 10 daga varðhald.

Samkvæmt framburðum vitna svo og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, eru málavextir þessir:

I. *Skírlífisbrot.*

A.

Nokkru eða laust fyrir kl. 1800 fimmtudaginn 23. nóvember s.l. voru fjórar vinstúlkur, þær X, nemandi í ..., ..., Kópavogi,

fædd 29. febrúar 1952, og A, ... hér í borg, fædd 17. febrúar 1951, staddar í Hressingarskálanum við Austurstræti hér í borg. Þar hittu þær ákærða Arne Börge Jedig Andersen (hér á eftir kallaður ákærði Arne), sem A kannaðist við. Hann talar íslenzku, og tóku þau tal saman. Hann kveðst hafa spurt þær að því, hvað þær væru gamlar, og þær þá sagzt allar vera 16 ára. Hann hafði í fórum sínum fjórar flöskur af erlendum bjór og tvær flöskur af genever. Bauð hann þeim stúlkunum upp á bjór vestur á Grenimel 16, þar sem danskur vinur hans ætti heima, og þáðu þær það. Þau héldu síðan fimm vestur á Grenimel 16, og þegar þau höfðu dokað þar við lítið eitt, kom vinur ákærða Arnes að húsinu utan úr borginni. Þetta var ákærði Werner Magnússon. Sáu þær stúlkurnar þá, að þessi vinur ákærða Arne var ekki á svipuðum aldri og hann, heldur mun eldri maður, eða um fertugt. Ákærði bauð þeim upp á herbergi sitt á annari hæð í greindu húsi, og fóru þau þá þangað upp. Ákærði Werner kveðst hafa haldið, að stúlkurnar væru á aldrinum 16—18 ára, og hann rámar í, að ákærði Arne hafi sagt honum, að stúlka sú, sem varð eftir hjá þeim, sbr. það sem síðar segir, væri 16 ára.

Telja má upplýst, að stúlkurnar drukku úr tveimur bjórflöskum og ákærðu úr hinum tveimur. Síðan var drukkinn genever, blandaður með gosdrykk, og þáðu stúlkurnar sitt hvert glasið. Kveðst X hafa drukkið um hálft glas og fundið til vægrar breytingar af neyzlu áfengisins. Þau röbbuðu saman um daginn og veginn, hlustuðu á útvarp, og ákærði Arne lék á gítar. Ákærði Werner kvaðst hafa átt erfitt með að taka þátt í samtali, þar eð hann talar ekki íslenzku, og hafi hann því neytt þeim mun meira af áfengi.

Ákærðu sýndu stúlkunum hvorki ágengni né atlot. Ákærði Arne hefur þó borið, að hann hafi vísað einni stúlkunni á salerni uppi á 3. hæð hússins og farið með henni þangað inn. Þau hafi dvalizt þar 5—6 mínútur og hafi hann þá þrýst henni að sér og káfað á henni innan klæða, og virtist honum hún ekkert hafa á móti því, en þau hafi farið út, þegar einhver karlmaður opnaði hurðina. Ákærði Arne kveðst síðan hafa setzt á stól í herbergi ákærða Werners og stúlkan á hné hans og þá hafi hann kysst hana. X kveður, að ákærði Arne hafi vísað henni á salerni á 3. hæð hússins og hafi hann ruðzt þangað inn á eftir henni, en hún hafi þá strax farið þaðan út og niður á 2. hæð og hafi ekki komið til þess, að hann þrýsti hana eða káfaði á henni innanklæða. Þá hefur hún mótmælt því, að hann hafi kysst hana eða að hún hafi setzt

á hné hans í herbergi ákærða Werners, heldur hafi hún setzt hjá C. C minnist þess, að X fór út úr herberginu í því skyni að fara á salerni á næstu hæð fyrir ofan og að ákærði Arne hafi farið út um leið, en þau hafi komið aftur inn samtímis að vörmu spori og hafi þau verið úti of skamman tíma til þess, að þau hafi getað verið saman í einhverju „keleríi". Eftir þetta fékk X þær C og A til að fara með sér aftur upp á salernið.

B fékk að hringja heim til sín úr síma uppi á 3. hæð hússins, og heldur hún, að klukkan hafi þá verið um 1900—1930. Hún kveður, að maðurinn, sem hafði símann, hafi gefið sig lítillega á tal við hana, en eftir 5—6 mínútur hafi hún farið aftur niður í herbergi ákærða Werners. C notaði síðan símann, og var A þá með henni. Þær B og C bera, að ákærði Werner hafi fundið að því, að þær hefðu farið að tala við manninn, sem hafði símann, og eitthvað dvalizt í herbergi hans. Þær hafi svarað ákærða Werner og hann þá sagt við þær „shut up" og „hold mund". A kveður, að hann hafi farið að reyna að taka utan um B eða að klappa henni, en hún hafi ekki viljað það. Kveðst A þá hafa sagt við hann, að hann væri allt of gamall og gæti hann verið faðir þeirra. Hann hafi orðið reiður og sagt við hana „shut up". B vildi fara, og þar sem þær A og C töldu, að þær væru ekki lengur velkomnar í herberginu, fóru þær þrjár á brott. Hinar tvær síðarnefndu halda, að klukkan hafi þá verið um 2030. Áður en þær fóru, sagði B við X, sem var kyrr og hafði ekki tekið þátt í orðaskiptunum, að hún mundi koma aftur síðar um kvöldið, og var þá ætlun hennar að sækja X.

Ákærði Arne kveður, að ákærði Werner hafi haldið, að B hefði hringt í unnusta sinn og að hún hefði setið inni í herbergi mannsins, sem hafði símann. Hafi ákærði Werner atyrt hana út af þessu, en hún sagðist hafa hringt til ömmu sinnar. Ákærði Werner hafi þá beðið hana um að fara á brott og það hafi hún gert ásamt tveimur öðrum stúlkum. Ákærði Arne getur ekki sagt um, hvað klukkan var, þegar þær fóru burt.

Ákærði Werner kveðst hafa fundið að því við eina stúlkuna, að hún hefði farið að tala við Íslending þarna á hæðinni, en einstök orð muni hann ekki. Hann kveðst ekki hafa rekið stúlkurnar þrjár út, en heldur, að þær hafi farið fyrr en ella, af því að þær hafi haldið, að hann væri yngri maður en hann er. Hann kveður, að þær muni hafa verið farnar klukkan 2000.

X heldur, að klukkan hafi verið orðin 2000, þegar vinstúlkur hennar fóru á brott, en hún hafi verið kyrr í herberginu, þar

sem þær ætluðu að koma brátt aftur. Hún kveður, að þær hafi alls ekki verið reknar út og að ekki hafi komið til neins rifrildis milli þeirra og ákærðu, en hana rámar þó í, að ákærði Werner fann að einhverju við B.

Ákærði Arne kveður, að eftir þetta hafi ákærðu og X talað saman og leikið hafi verið á gítar. Hann kveðst hafa þrýst X og kysst og hafi hún verið jafn áköf og hann að gera það. Eftir um eina klukkustund hafi hún staðið á fætur, farið í kápuna og ætlað brott, en þá hafi ákærði Werner og hún rifizt í um eina mínútu. Hafi hún sagt að hann væri „Bauni". Ákærði Werner kveður, að ákærðu hafi haldið áfram að neyta áfengis og hafi X skálað við þá í geneverblöndu. Leikið hafi verið á gítar og sungið, en þeir hafi ekki verið áleitnir við stúlkuna. Hann kvaðst hafa verið mikið ölvaður og muni hann aðeins óljóst, hvað gerðist eftir þetta. Hann minnist þess þó, að X og hann fóru eitthvað að rífast og hafi hún kallað hann „Bauna", en hann man ekki eftir því, að hún væri þá búin að standa upp og fara í kápuna. X kveður, að næstu klukkustund hafi hún haldið áfram samtali við ákærðu og hafi þá hvorugur þeirra sýnt henni ágengni eða atlot. Hún kveður það vera rangt, að ákærði Arne hafi þrýst hana og kysst. Hún minnist þess ekki að hafa kallað ákærða Werner „Bauna" eða öðrum niðrandi orðum eða að komið hafi til rifrildis milli þeirra. Hún kveður, að sér hafi svo leiðzt biðin eftir vinstúlkum sínum, staðið upp og farið í kápuna.

Allt í einu réðst ákærði Werner á X og sló hana í andlitið. Ákærðu bera, að hann hafi gert það, eftir að hún hafði kallað hann „Bauna", en hún kveður, að hann hafi ráðizt á hana og slegið alveg að tilefnislausu, þegar eftir að hún var komin í kápuna. Þykir gleggst að rekja framburði X og ákærðu um, hvað gerðist síðan, hvern fyrir sig.

X hefur borið það, að ákærði Werner hafi þrifið í hana og hrundið henni á vegg í herberginu. Síðan hafi hann slegið höfði hennar við vegginn og slegið hana tvö eða fleiri högg í andlitið, að því er henni fannst með krepptum hnefa. Hún hafi fengið miklar blóðnasir og orðið ofsalega hrædd og rugluð. Því næst heldur hún, að henni hafi verið hrundið með nokkrum hrindingum á dívan og svo hafi ákærðu klætt hana úr öllum fötunum. Hún hafi vitað, að fólk var í íbúðinni á þessari hæð í húsinu, en hún hafi verið svo yfir sig komin af hræðslu, að hún þorði ekki að hrópa á hjálp af ótta við ennþá verri meðferð af hálfu ákærðu. Ákærði Arne hafi síðan klætt sig úr fötunum og lagzt ofan á

hana. Hún hafi reynt að klemma fæturna saman, en hann hafi skilið þá í sundur með höndunum. Hann hafi síðan rekið getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar og haft samfarir við hana. Hún getur ekki sagt um, hve lengi þær stóðu, en máske 3—4 mínútur og máske eitthvað lengur, og hún getur heldur ekki sagt um, hvort ákærða Arne varð sáðfall. Hún staðhæfir, að samfarirnar hafi verið gegn vilja hennar og hafi hún beitt mótspyrnu, eins og áður greinir, en hins vegar ekki hrópað á hjálp eða beitt öllu afli gegn honum af ótta við, að hann eða ákærði Werner mundu lemja hana enn meira en orðið var, og hafi hún hreinlega gefizt upp. Hún kveður, að ákærði Werner hafi farið snöggvast út úr herberginu, á meðan þetta gerðist, en hann hafi verið þar inni hluta af þeim tíma, sem ákærði Arne hafði samfarir við hana, og hafi hann ekkert gert til að koma í veg fyrir, að ákærði Arne fremdi þann verknað. Síðan hafi maður, sem hún heldur, að hafi verið ákærði Werner, lagzt á dívaninn hjá henni, en dimmt hafi verið í herberginu og því erfitt að greina manninn. Hann hafi kysst hana, og minnir hana, að hann hafi kysst kynfæri hennar, en er þó „ekki alveg 100%“ örugg um það, svo að notað sé orðalag hennar. Hún kveðst ekki muna til þess, að hann snerti líkama hennar með getnaðarlim sínum, og hún getur ekki sagt um, hvort hann fór úr fötunum. Hún minnist þess, að ákærði Arne kyssti hana einnig, en hvar, man hún ekki. Hún kveður, að áður en hún fór í föt sín, hafði hún spurt ákærða Arne, hvort hún mætti fara, og hafi hann þá sagt, að ákærði Werner vildi ekki leyfa það. Eftir dálitla stund hafi henni dottið í hug að segja við ákærðu, að hún mundi hitta þá daginn eftir í Hressingarskálanum, og hafi þeir þá samþykkt, að hún mætti fara. Hún hafi svo klætt sig og farið burt.

Ákærði Arne kveður, að ákærði Werner hafi ráðizt á X og slegið hana 3—4 högg í andlitið með lófa og handarbaki. Hún hafi ekki fallið á gólfið og hann hafi ekki séð, að ákærði Werner slægi höfði hennar við vegg eða að höfuð hennar félli á vegg, en við vegg hafi hún staðið. Þá kveðst ákærði Arne ekki hafa orðið var við, að hún fengi blóðnasir eða að hún yrði dösuð eða rugluð við höggin, en séð, að hún komst í geðshræringu. Ákærði Werner hafi svo tekið um axlir hennar og hún gengið að dívani í herberginu og lagzt út af á hann, eftir að ákærði Arne sagði henni að gera það. Hann hafi farið til hennar og kysst hana. Hún hafi farið sjálf úr peysunni, en ákærði Werner hafi fært hana úr buxunum og öðrum fötum nema brjóstahaldaranum, sem var

það fast kræktur, að ákærði Arne skar hann í sundur með brauðhníf á baki hennar, og lá hún þá á maganum. Ákærðu hafi ekkert talazt við, meðan á þessu stóð, en tilgangur þeirra hafi verið sá að hafa samfarir við X. Hún hafi ekkert gert til að koma í veg fyrir, að hún yrði afklædd, og hún hafi hvorki hljóðað né kallað á hjálp. Ákærði Werner hafi síðan farið úr öllum fötum sínum og haft orð á því, að hann ætlaði að hafa samfarir við stúlkuna á undan honum, en áður en til þess kom, hafi hann þurft að fara fram á salerni. Á meðan hann var úti, kveðst ákærði Arne hafa klætt sig úr fötunum og lagzt ofan á X og haft samfarir við hana. Hafi honum orðið sáðfall og sæðið fallið í kynfæri hennar og hafi hann ekkert gert til að koma í veg fyrir, að hún yrði þunguð. Meðan á samförunum stóð, hafi ákærði Werner komið inn í herbergið og slökkt loftljósið, en ljós hafi logað á borðlampa. Hann hafi fengið sér áfengi að drekka og rétt ákærða Arne glas með áfengi í og hafi hann drukkið af því, meðan á samförunum stóð. Ákærði Arne neitar því eindregið að hafa tekið X nauðuga og hafi hún verið jafn áfjáð í samfarirnar og hann. Hún hafi kysst hann, svarað vinalegum orðum hans, eins og t. d. „lille skat", með sams konar orðum, skilið fætur sína sundur og lagt þá upp á bak hans. Hann hafi svo farið af dívaninum og ákærði Werner lagzt á hann hjá X og beðið hann um teppi. Ákærði Arne kveðst hafa breitt teppi yfir þau og lagzt síðan á gólfið og neytt áfengis og hafi hann ekki fylgzt með því, hvað þeim fór á milli. Þau hafi verið um hálfa klukkustund á dívaninum, en þegar ákærði Werner fór af honum, hafi hann séð, að ákærði Werner var blóðugur á vinstri handlegg. Hafi hann þá látið klút um handlegg hans. Síðan hafi ákærðu kysst X um allan líkamann, þar sem hún lá á dívaninum. Ákærði Werner hafi kysst m. a. kynfæri hennar, en ákærði Arne kveðst ekki hafa gert það. Hún hafi síðan klætt sig og spurt hann (ákærða Arne) að því, hvort hún mætti fara á brott, og hafi ákærði Werner neitað því af einhverjum ástæðum. Hún hafi þá lofað því að hitta hann daginn eftir í Hressingarskálanum og hafi hann þá samþykkt, að hún færi burt. Áður en hún fór í kápu sína, hafi hún beðið ákærðu um „áfengissjúss' og fengið hann. Því næst hafi hún farið á brott.

Ákærði Werner hefur borið það, að hann hafði slegið X 3—4 högg í andlitið með lófa og baki hægri handar. Hún hafi ekki fallið á gólfið og hann hafi ekki slegið höfði hennar við vegg. Dívan og húsgögn hafi verið við vegginn, þar sem hún stóð, og

hafi húsgagnaskipun að öðru leyti verið þannig, að mjög ósennilegt sé, að höfuð hennar hafi lent á vegg. Hann kveður, að hún hafi ekki fengið blóðnasir, og hann kveðst ekki hafa orðið var við, að hún hafi orðið rugluð við höggin eða hrædd, og bætir því við, að bæði ákærðu og hún hafi verið ölvuð. Hún hafi svo legið á dívaninum, en hann kveðst ekki hafa borið hana þangað og heldur einna helzt, að þau þrjú hafi fylgzt þangað. Hún hafi svo klætt sig sjálf úr fötunum nema nærbuxunum, sem ákærði Werner kveðst hafa fært hana úr, svo og brjóstahöldunum, sem ákærði Arne hafi skorið sundur með brauðhníf á baki hennar. Hún hafi hvorki veitt mótspyrnu gegn þessum verknaði ákærðu né torveldað hann. Síðan hafi þeir farið út fötum sínum. Hvorugur hafi mælt orð af munni og muni hann ekki til þess, að hann hefði orð á því við ákærða Arne, að hann vildi hafa samfarir við X á undan honum. Í lokaframburði kveðst hann aldrei hafa haft orð á þessu. Hann kveður, að tilgangur sinn hafi ekki verið sá að hafa samfarir við X og hafi hann verið orðinn of ölvaður til þess, en ætlun hans hafi verið að kyssa hana hér og þar um líkamann. Hann geti hins vegar ekki sagt um hug og ætlun ákærða Arne. Ákærði Werner kveðst síðan hafa farið fram á salerni og komið inn í herbergið eftir um 10—15 mínútur. Ákærði Arne og X hafi þá verið í samförum á dívaninum, og virtist honum, að þær væru ekki að óvilja hennar, heldur hafi hún tekið þátt í þeim, því að hún hafi haft annan fót sinn eða þá báða upp um bak ákærða Arnes. Ákærði Werner minnist þess, að hann slökkti loftljósið, en kveikt var á borðlampa. Hann kveðst hafa að eigin frumkvæði rétt ákærða Arne glas með áfengisblöndu í, á meðan hann hafði samfarirnar við X, en setzt svo í stól og drukkið einn „áfengissjúss“ á 5—6 mínútum, en þá höfðu þau ákærði Arne og X lokið samförunum. Þau hafi síðan legið fáeinar mínútur áfram á dívaninum, en hann farið síðan af honum. Ákærði Werner kveðst nú hafa lagzt á dívaninn hjá X. Hann hafi ekki haft samfarir við hana og heldur ekki þrýst getnaðarlim sínum að kynfærum hennar eða öðrum hluta líkama hennar og hafi honum ekki orðið sáðfall, en hann hafi kysst hana um allan líkamann og þar á meðal kynfæri hennar. Hún hafi verið hlutlaus eða „passiv“ á meðan. Ákærði Arne hafi breitt teppi yfir þau, en hann hafi fleygt því í höfuðið á honum, þar sem hann lá á gólfinu. Hann hafi svo risið af dívaninum og séð þá, að hann var með skrámu á vinstri handlegg, en hann geti ekki sagt um, hvernig hann hlaut hana. Ákærði Arne hafi bundið vasaklút

utan um skrámuna. Ákærði Werner minnist þess ekki að hafa reynt að hindra X í að fara á brott eftir þetta eða að talað væri um, að hann hitti hana daginn eftir, en minnir, að hann hafi sagt, að hún ætti ekki að fara, fyrr en þau þrjú hefðu fengið sér „áfengissjúss". Hann minnist þess ekki, að hún bæði um áfengi eða neytti þess, áður en hún fór burt.

X kveður það vera rangt, að hún hafi klætt sig sjálf úr peysunni og annarri flík, og neitar því að hafa kysst ákærða Arne, sagt við hann vinaleg orð eða skilið sjálf fætur sína í sundur og lagt þá upp um bak hans, þegar hann hafði samfarir við hana. Hún kveðst ekki muna eftir sérstökum orðaskiptum ákærðu, annars eða beggja, eftir að ákærði Werner sló hana eða á meðan þeir afklæddu hana eða á meðan ákærði Arne hafði samfarir við hana. Þá kveðst hún ekki hafa beðið ákærðu um áfengi eða neytt þess, áður en hún fór burt frá þeim, og hún man ekki sérstaklega eftir því að hafa valdið ákærða Werner skrámu á handlegg, en hún kveðst hafa nokkuð langar neglur. Hún segir, að ákærðu hafi ekki verið sérstaklega ölvaðir. Hún kveðst ekki hafa haft áður samfarir við karlmann.

Það hefur ekki tekizt að fá frekara samræmi milli framburða ákærðu og X þrátt fyrir samprófun þeirra.

Vinstúlkurnar þrjár, A, C og B, héldu af Grenimel 16 niður í borgina, og fóru hinar tvær fyrstnefndu á plötukynningu í Breiðfirðingabúð, en hin síðastnefnda ekki sökum fjárskorts. Hún hitti tvo pilta, sem höfðu bifreið til umráða. Fór hún í ökuferð með þeim um borgina og hætti við að fara heim til sín. Um kl. 2300 var plötukynningunni lokið, og hitti hún þá fyrrgreindar tvær vinstúlkur sínar fyrir utan Breiðfirðingabúð. Voru þá í fylgd með þeim tveir piltar, þeir D nemandi, ..., 15 ára, og E verkamaður, ..., 16 ára, báðir hér í borg. Stúlkurnar þrjár og piltarnir tveir héldu síðan í leigubifreið, sem ekki er upplýst um, hver stjórnað hefur, vestur á Grenimel 16, því að B ætlaði að ná í X. Hún fór ein út úr bifreiðinni við húsið, en hin biðu inni í henni.

B kveðst hafa bankað á útidyrahurð hússins. Ákærði Arne hafi komið til dyra og opnað þær og hafi hann þá ekki verið í öðrum fötum en stuttum nærbuxum. Hún hafi spurt hann að því, hvort X væri stödd í herbergi ákærða Werners, en hann svaraði því engu. Hún hafi þá farið upp á 2. hæð og bankað á dyrnar hjá ákærða Werner. Hann hafi opnað dyrnar og hafi hann þá verið í síðbuxum og inniskóm, en ber að ofan. Hún hafi spurt

hann að því, hvort X væri inni í herberginu, en hann svarað því engu. Hann hafi síðan þrifið í hana, þar sem hún stóð í dyragættinni, og togað hana inn í herbergið, en ákærði Arne hafi lokað dyrunum og læst þeim og falið lykilinn. Hún hafi þá heimtað að fá að fara út, en þeir hafi ekki anzað því. Þegar hér var komið, hafi ákærði Arne togað nærbuxur sínar niður fyrir hné, þannig að kynfæri hans hafi verið ber. Hún hafi þá sagzt mundu hrópa á lögreglu, ef þeir hleyptu henni ekki tafarlaust út. Ákærði Arne hafi þá dregið lykilinn fram undan gólfteppinu, opnað dyrnar og hleypt henni út, en sagt um leið og hún fór, að hún skyldi bíða hans fyrir utan. Hún hafi flýtt sér út í bifreiðina og sagt stúlkunum og piltunum frá því, hvað gerzt hafði. Hún heldur, að hún hafi verið læst inni í herberginu í tæpar 10 mínútur. Hún kveður, að á gólfinu þar hafi verið dökkir blóðblettir og hvít tuska öll blóðug.

Ákærði Arne kveður, að einhvern tíma seinna um kvöldið hafi ein af stúlkunum komið aftur í herbergið til ákærðu og spurt um vinstúlku sína. Hann hafi læst herberginu, þegar hún var komin inn í það, og falið lykilinn undir teppinu, en hann gat ekki greint frá því, hvers vegna hann gerði þetta, og aðspurður um, hvort hann hafi haft hug á því að hafa samfarir við stúlkuna, kveðst hann hafa verið orðinn of ölvaður til að hafa samfarir. Ákærðu hafi sagt stúlkunni, að vinstúlka hennar væri farin. Hún hafi þá heimtað að fá að fara í burtu og hafi hann þá sagt ákærða Werner að opna fyrir henni. Hafi hann gert það. Ákærði Arne kveðst hafa verið á nærbuxunum og hafi þær skýlt kynfærum hans, og neitar hann því eindregið að hafa togað þær niður á hné, þannig að þau hafi orðið ber. Hann hafi beðið stúlkuna um að bíða eftir sér fyrir utan og síðan klætt sig, en hún hafi verið farin, þegar hann kom út.

Ákærði Werner kveðst ekki muna til þess, að ein af stúlkunum þremur, sem farið höfðu burt fyrr um kvöldið, kæmi aftur inn í herbergi hans, en tekur fram, að seinast um kvöldið hafi hann verið orðinn mjög ölvaður.

C kveður, að B hafi komið aftur út í bifreiðina eftir um 10 mínútur og hafi hún þá virzt bæði hrædd og reið. A kveður, að B hafi verið inni í húsinu að minnsta kosti í 10 og máske allt að 15 mínútur og þegar hún kom aftur, hafi hún verið í geðshræringu, æst og reið. Báðum stúlkunum ber saman um, að hún hafi sagt, að blóðug tuska hefði verið á gólfinu í herbergi ákærðu,

að annar þeirra hefði tekið niður um sig buxurnar, að þeir hefðu læst herberginu og neitað að hleypa henni út, að hún hafi þá hótað því að hrópa á lögreglu og að þeir hefðu þá opnað herbergið og sleppt henni út. D kveður, að B hafi komið aftur í bifreiðina eftir 10—15 mínútur, og E gizkar á, að hún hafi verið 5—10 mínútur inni í húsinu. Framburðir þeirra eru annars efnislega samhljóða greindum framburðum C og A að því frátöldu, að þeir minnast þess ekki, að B hefði orð á því, að annar Daninn hefði tekið niður um sig buxurnar.

Þau héldu síðan fimm í leigubifreiðinni niður í Lækjargötu. Þar skildu stúlkurnar við piltana, og héldu þær inn í Hressingarskálann.

X kveðst hafa farið í strætisvagni niður í borgina og gengið inn í Hressingarskálann. Þar hafi hún setzt við borð, ein síns liðs, án þess að fá veitingar. Eftir þó nokkra stund hafi hún gengið frá borðinu og fram í veitingasalinn og séð þá pilt, sem hún kannaðist við og heitir F, sitja þar við borð. Hafi hún gefið sig á tal við hann stutta stund og sagt honum, að hún hefði verið slegin í andlitið.

F nemandi, ... hér í borg, 15 ára, kveðst hafa setið við borð í fremri sal Hressingarskálans í umrætt skipti, þegar X hafi komið inn í veitingahúsið og gengið inn í innri sal. Síðan hafi hún komið aftur út í fremri salinn og gengið að borði hans. Hún hafi strokið hárið frá andliti sínu og sagt við hann hálfgrátandi: „Sjáðu, hvað þeir gerðu við mig“, eða eitthvað á þá leið. Hann hafi séð, að önnur augnabrún hennar var bólgin og blá og spurt hana þá að því, hver hefði gert þetta, en hún hafi svarað því engu. Í þessu hafi hún komið auga á stúlkur og farið til þeirra.

Þetta voru vinstúlkur hennar þrjár, B, C og A. X kveðst hafa verið búin að vera um það bil hálfa klukkustund á veitingastaðnum, þegar þær hittust þar, og hafi hún sagt B sér og hinum saman frá því, að ákærði Arne hefði tekið hana nauðuga.

Stúlkurnar þrjár hafa staðfest þennan framburð X. C kveður, að hún hafi sagt þeim, að mennirnir á Grenimel 16 hefðu slegið hana í andlitið og höfði hennar við vegg og síðan hefði ákærði Arne tekið hana nauðuga. Hún hafi verið í mikilli geðshræringu, hálfgrátandi og rauð í andliti, og virtist annað auga hennar vera bólgið.

A kveður, að X hafi sagt þeim, að ákærði Werner hefði ráðizt á hana og slegið hana upp við vegg í herberginu, en ákærði

Arne tekið hana síðan með valdi. Henni hafi verið mikið niðri fyrir og verið erfitt að skilja hana, því að hún hafi verið í uppnámi. Daginn eftir hafi hún séð, að X var með glóðarauga.

B kveður, að X hafi talað við hana einslega í húsasundi við veitingastaðinn og verið mikið niðri fyrir og æst. Hafi hún sagt henni, að ákærði Werner hefði ráðizt á hana og slegið hana og síðan hefði ákærði Arne nauðgað henni. Hún hafi verið grátandi og sokkalaus, annað auga hennar hafi verið sokkið og blóð í því og enn fremur hafi mar verið niður á aðra kinn hennar. B kveðst hafa ætlað að aka henni heim til sín, en í því hafi tvær vinstúlkur hennar borið að og þær þrjár tekið leigubifreið saman heim.

Daginn eftir hittust þær X, B og C heima hjá hinni síðastnefndu og ræddu um það, hvort rétt væri að kæra verknað ákærðu. Varð úr, að þær leituðu ráða hjá G nemanda, ... hér í borg, 15 ára, en C þekkir hann. Hringdi hún til hans og bað hann um að koma heim til hennar, og gerði hann það.

G kveður, að X hafi sagt honum, að daginn áður hefði hún verið stödd í herbergi einu í vesturbænum með tveimur karlmönnum. Hefðu þeir ráðizt á hana og tekið hana nauðuga. Hann hafi séð, að í andliti hennar bar hún merki þess, að hún hefði verið slegin. Stúlkurnar hafi spurt hann að því, hvort X ætti að kæra málið til lögreglunnar, og áleit hann, að hún ætti að gera það. Næsta morgun sá hann X á förnum vegi, og bauðst hann þá til að hitta hana, þegar hann væri búinn í skólanum þann dag. Þau mæltu sér svo mót eftir hádegi sama dag, og fylgdist hann með henni á lögreglustöðina, þar sem hún kærði verknað ákærðu, en faðir hans gegndi þá varðstjórastarfi á stöðinni. Lögreglumenn óku X í skrifstofur rannsóknarlögreglunnar, þar sem tekin var frumskýrsla af henni. Síðan skýrði hún foreldrum sínum frá atburðum.

Dómurinn hefur hlutazt til um, að tæknideild rannsóknarlögreglunnar gerði flatarteikningu af herbergi ákærða Warners á Grenimel 16 með húsgögnum svo og tæki ljósmyndir þar. Gögn þessi hafa verið sýnd X svo og ákærðu og þau spurð að því, hvar hún og ákærði Werner voru og hvernig þau sneru í herberginu, þegar hann sló hana.

X kveðst hafa verið stödd milli skáps og bókahillu við vegginn, sem dyr herbergisins eru á, og hafi hún snúið andlitinu út í herbergið, en ákærði Werner hafi staðið fyrir framan hana. Höfuð hennar hafi skollið á þennan vegg.

Ákærði Werner kveður, að hann og X hafi bæði staðið í herberginu miðju, þegar hann sló hana í andlitið.

Ákærði Arne kveður, að X hafi staðið milli skáps og bókahillu, sem er við vegginn, þar sem herbergisdyrnar eru, og hafi hún snúið andlitinu að skápnum. Ákærði Werner hafi staðið hjá henni og snúið baki í átt til lampa, sem er við herbergisgluggann. Ákærði Arne kveðst sjálfur hafa setið á stól fyrir framan borð, sem er fyrir framan svefnbekkinn.

Þegar X var kunngerður þessi framburður ákærða Arne, kveður hún, að hann geti vel verið réttur, en hún muni ekki nánar um þetta atriði.

Í tilefni af þeim framburði X, að hún hafi fengið blóðnasir við, að ákærði Werner sló hana, og að blóð hafi farið í peysu hennar svo og af þeim framburði hans, að hún hafi ekki fengið blóðnasir, hlutaðist dómurinn til um, að rannsóknarlögreglan fengi peysuna til athugunar 28. desember s.l. Ragnar Vignir, aðalvarðstjóri tæknideildar lögreglunnar, Laugavegi 20 B hér í borg, rannsakaði peysuna, og segir í skýrslu hans, sem dagsett er 2. f. m. og staðfest er fyrir dómi næsta dag, meðal annars svo:

„Nokkrir mjög daufir blettir eru í peysunni framanverðri, og var hægt að ná nokkrum ögnum úr tveim þeirra, sem voru á miðri peysunni um 26 cm fyrir neðan hálsmál. Voru agnirnar settar á filtpappír til þess að vita, hvort hér gæti verið um blóð að ræða.

Var pappírinn vættur með efnum, A, B og C (Faurot blood test), *en þessi prófun leiddi í ljós, að agnirnar úr peysunni, sem á pappírinn náðust, voru ekki blóð*".

X hefur verið kunngerð þessi niðurstaða. Hún hefur haldið fast við það, að hún hafi fengið blóðnasir, þegar ákærði Werner sló hana í andlitið, og kveðst hún hafa haldið, að við það hefði blóð farið í peysuna.

I frú, ... hér í borg, er eigandi annarar hæðar í nefndu húsi, og hefur hún leigt ákærða Werner eitt herbergi á þeirri hæð. Hún kveðst hafa komið heim til sín um kl. 1830 hinn 23. nóvember s.l., og sagði móðir hennar, sem var í íbúðinni, henni, að gestir væru hjá ákærða Werner. Hún kveðst hafa útbúið kvöldverð, sem þær mæðgur neyttu, og farið síðan að strauja í eldhúsinu. Máske um kl. 2100 hafi hún heyrt nokkurn hávaða og samtal karla og kvenna úr herbergi ákærða Werners, en hún hafi ekki lagt eyrun að því eða gefið því frekari gaum og hafi hún ekki eftir það orðið vör við neinn sérstakan hávaða úr her-

berginu. Síðar um kvöldið og máske um kl. 2300 heyrði hún, að útidyrahurðinni var skellt, og þegar hún leit út um glugga, sá hún, að ung stúlka gekk frá húsinu, og sýndist henni hún fara út í leigubifreið, sem síðan var ekið burt.

H endurskoðandi, ... hér í borg, hefur á leigu íbúð á þriðju hæð í greindu húsi og hefur leyft ákærða Werner aðgang að síma. Hann kveður, að milli kl. 1800 og 1900 hinn 23. nóvember s.l. hafi gestir verið heima hjá honum. Sá hann þá í gegnum opnar dyr tvær ungar stúlkur koma upp á þriðju hæð og fara inn á salerni þar, en hann veitti þeim enga sérstaka athygli og lokaði hurðinni fram á ganginn. Hann og gestir hans fóru milli kl. 1900 og 2000 burt úr húsinu, og heyrði hann þá raddir karlmanna innan úr herbergi ákærða Werners. Hann kom eigi aftur heim til sín fyrr en klukkan að ganga 2400. Hann hefur ekkert getað borið um afnot af síma hans þetta kvöld.

Kl. 1630 25. nóvember s.l. skoðaði Andrés Ásmundsson, sérfræðingur í kvensjúkdómum, Sunnubraut 33, Kópavogi, X. Í vottorði hans, sem dagsett er sama dag og hann hefur staðfest fyrir dómi, segir meðal annars svo:

„Við skoðun fann ég litla kúlu hægra megin í hársverði. Hún hafði allstórt glóðarauga vinstra megin og eymsl yfir kinnbeini vinstra megin. Hún hafði eymsl yfir enni hægra megin, en engan marblett þar. Hún hafði litla marbletti á eftirtöldum stöðum: Aftan og framan á hægri öxl, á h. upphandlegg, á h. framhandlegg, utan á v. olnboga, innan á vinstra læri (5 litlir marblettir) innan á v. kálfa og á báðum þjóhnöppum. Hún kvaðst auðveldlega fá marbletti. Við skoðun á kynfærum fann ég óverulegan roða í forgarði (vestibulum) sitt hvorum megin. Meydómshimna var án sýnilegrar rifu, en mjög eftirgefanleg, því auðvelt var að stinga fingri inn í fæðingarveginn og því ekkert, sem mælir gegn því, að haft hafi verið við hana samræði umrætt kvöld, og það geti hafa verið í fyrsta sinn. Hún hafði litla hvíta útferð, og sáust ekki sáðlar í smásjá".

Hinn 6. desember s.l. skoðaði Ólafur Ingibjörnsson, læknir í Slysavarðstofu Reykjavíkur, Háteigsvegi 12 hér í borg, fyrrgreindan áverka ákærða Werners á vinstri handlegg. Í vottorð læknisins, sem dagsett er sama dag, og hann hefur staðfest fyrir dómi, segir meðal annars svo:

„Við skoðun finnst á vinstri upphandlegg gróin húðrispa ca. 10 cm ofan við opicondylus á laterala fleti upphandleggs í stefnu ca. 45 gráður og gengur niður og fram. Stærð húðrispunnar er

4½ cm efst, mjókkar síðan og verður ógreinilegri í 7 cm fjarlægð frá upphafi. Breiddin er mest efst 9 mm og mjókkar jafnt og þétt niður eftir, þar sem hún endar eiginlega í engu. Þessi áverki gæti verið ca. viku gamall og gæti vel verið eftir naglrispu".

B.

Kemur þá til athugunar hvort ákærðu hafa gerzt sekir um atferli það og brot gegn lagagreinum þeim, sem í I. kafla ákæru greinir.

Um ákærulið I 1.

Verjendur ákærðu hafa í munnlegum flutningi málsins bent á ýmis atriði, sem þeir telja, að styðji það og sýni, að kynmök ákærðu og X hafi eigi verið að henni nauðugri, heldur að vilja hennar og því beri að sýkna þá af ákærulið 1 í I. kafla ákæru.

Atriðin eru einkum þessi:

1) Að dráttur sá, sem hafi orðið á því, að X kærði til yfirvalda út af nauðgun, dragi úr sönnunargildi framburðar hennar.

2) Að hún hafi ásamt vinstúlkum sínum samþykkt að fara með ókunnugum pilti til bjórdrykkju heim til ókunnugs kunningja hans.

3) Að ákærði Arne hafi þrýst henni að sér og káfað á henni innan klæða uppi á salerni og eftir það hafi hún orðið ein eftir hjá ákærðu og neytt áfengis með þeim.

4) Að hún hafi ekki hrópað á hjálp, þó að hún hafi vitað, að fólk var í íbúð á sömu hæð í húsinu.

5) Að hún hafi hvorki í verki sýnt ákærðu mótþróa né í orði sýnt, að hún væri mótfallin hegðun þeirra.

6) Að hún hafi þvert á móti svarað atlotum ákærða Arnes og tekið þátt í samförum þeirra.

7) Að hurð herbergisins hafi aldrei verið læst.

8) Að X hafi klætt sig, án þess að ákærðu hafi reynt að koma í veg fyrir það.

9) Að jafnvel þó að hún hefði í rauninni ekki verið samþykk því, að ákærði Arne hafði við hana samfarir, hafi hann haft fulla ástæðu til að ætla, að hún væri þeim samþykk, og hafi ákærði Werner heldur ekki haft ástæðu til að ætla annað en að samfarirnar væru með fullum vilja hennar.

Málið hefur þó aðrar og fleiri hliðar en þessar, eins og nú verður rakið nánar:

1) Telja verður eftir á, að X hefði átt að fara frá Grenimel

16 rakleitt á lögreglustöðina og kæra þar atferli ákærðu, en í stað þess fór hún á veitingastað, þar sem hún hitti vinstúlkur sínar þrjár. Á hitt er að líta, að hún skýrði þeim frá því þegar í stað, að ákærði Arne hefði nauðgað henni. Daginn eftir ræddi hún við tvær af vinstúlkunum um það, hvort rétt væri að kæra verknað ákærðu, og leituðu þær ráða hjá pilti, sem ein þeirra þekkti. Eftir hádegi næsta dag kærði X ákærðu fyrir lögreglunni. Samkvæmt þessu og með tilvísun til þess, sem að framan greinir um málsatvik, þykir ekki sá dráttur hafa orðið á því, að X kærði atferli ákærðu til yfirvalda, að dregið geti úr sannleiksgildi framburðar hennar.

2) Það var óvarlegt af X og þremur vinstúlkum hennar að samþykkja að fara með pilti, sem aðeins ein vinstúlknanna kannaðist við, til bjórdrykkju heim til ókunnugs kunningja hans og neyta síðan áfengisblöndu hjá þeim, og það var enn óvarlegra, sem og raunin varð, af X að verða ein eftir hjá þeim. Hins vegar er ósannað, að ákærði Arne hafi þrýst X að sér og káfað á henni innan klæða uppi á salerninu og síðan setið undir henni og kysst hana niðri í herberginu. Þá hefur ekkert það komið fram í málinu, sem sýni eða bendi til þess, að hún hafi sýnt ákærðu, öðrum eða báðum, blíðuatlot eða hagað sér með nokkrum öðrum hætti á þann veg, að þeir mættu ætla, að hún væri fús til kynmaka við þá, annan eða báða.

3) Ákærði Arne kveður, að hún hafi verið jafn áfjáð í samfarirnar og hann, og nefnir, að hún hafi kysst hann, svarað vinalegum orðum hans með sams konar orðum, skilið fætur sína í sundur og lagt þá upp á bak hans. Ákærði Werner kveður, að honum hafi virzt samfarir ákærða Arnes og X ekki vera að óvilja hennar, heldur hafi hún tekið þátt í þeim, því að hún hafi haft annan fót sinn eða þá báða upp um bak hans. Öllu þessu hefur X neitað.

Á hinn bóginn hefur X viðurkennt að hafa ekki hrópað á hjálp, þó að hún vissi, að fólk var í íbúð á sömu hæð í húsinu, og að hafa ekki beitt öllu líkamlegu afli sínu gegn ákærða Arne, en reynt aðeins að klemma fæturna saman til að koma í veg fyrir, að hann hefði samfarir við hana. Skýring hennar á þessu er sú, að hún hafi ekki þorað að hrópa á hjálp eða beita öllu afli gegn ákærða Arne af ótta við, að ákærðu mundu lemja hana meira en orðið var, og hafi hún hreinlega gefizt upp. Þykir verða að kanna nokkru nánar sannindi eða sennileika þessarar skýringar hennar.

4) Ákærði Arne og X eru sammála um, að hún hafði staðið á fætur og farið í kápuna og að hún ætlaði á brott, þegar ákærði Werner sló hana í andlitið, en þeir segja, að hún hafi þá verið búin að kalla hann „Bauna".

5) X kveður, að ákærði Werner hafi þrifið í hana og hrundið henni í vegg í herberginu. Síðan hafi hann slegið höfði hennar við vegginn og slegið hana tvö eða fleiri högg í andlitið, að því er henni fannst með krepptum hnefa. Hún hafi orðið ofsalega hrædd og rugluð.

Ákærðu bera, að ákærði Werner hafi slegið hana 3—4 högg í andlitið með lófa og handarbaki og hafi hún ekki fallið í gólfið. Ákærði Werner kveðst ekki hafa slegið höfði hennar við vegg og sé mjög ósennilegt, að það hafi lent á vegg, og ákærði Arne kveðst ekki hafa séð, að ákærði Werner slægi höfði hennar við eða að höfuð hennar félli á vegg. Ákærði Arne og X eru sammála um, að hún hafi staðið milli húsgagna við vegg, en ákærði Werner kveður, að hún hafi staðið úti á miðju gólfi, þegar hann sló hana í andlitið. Ákærðu segjast ekki hafa orðið varir við, að hún hafi orðið rugluð eða hrædd (ákærði Werner) eða dösuð eða rugluð (ákærði Arne) við höggin, en hinn síðarnefndi kveðst hafa séð, að hún komst í geðshræringu.

6) X kveður, að því næst hafi henni verið hrundið með nokkrum hrindingum á dívan.

Ákærði Arne kveður, að ákærði Werner hafi svo tekið um axlir hennar og hún gengið að dívaninum og lagzt út af á hann, eftir að hann (ákærði Arne) sagði henni að gera það.

Ákærði Werner heldur einna helzt, að þau þrjú hafi fylgzt að dívaninum og svo hafi hún legið á honum.

7) X kveður, að ákærðu hafi síðan klætt hana úr öllum fötunum.

Ákærði Arne kveður, að hún hafi sjálf klætt sig úr peysunni og ákærði Werner hafi fært hana úr buxunum og öðrum fötum nema brjóstahaldaranum, sem ákærði Arne kveðst hafa skorið í sundur með brauðhníf á baki hennar.

Ákærði Werner kveður, að hún hafi klætt sig sjálf úr fötunum nema nærbuxunum, sem hann hafi fært hana úr, svo og brjóstahaldaranum, sem ákærði Arne hafi skorið í sundur með brauðhníf á baki hennar.

8) Ákærði Arne kveður, að ákærðu hafi ekkert talazt við, meðan á þessu stóð, en tilgangur þeirra hafi verið sá að hafa samfarir við X. Ákærði Werner hafi síðan farið úr fötunum og

haft orð á því, að hann ætlaði að hafa samfarir við hana á undan honum, en á meðan ákærði Werner hafi farið út á salerni, hafi hann (ákærði Arne) afklætt sig og haft samfarir við hana.

Ákærði Werner kveður, að ákærðu hafi síðan farið úr fötunum og hafi hvorugur mælt orð af munni. Hann kveðst ekki hafa haft orð á því, að hann vildi hafa samfarir við X á undan ákærða Arne, og kveður, að tilgangur sinn hafi eigi verið sá að hafa samfarir við hana.

X kveðst ekki muna eftir sérstökum orðaskiptum ákærðu.

9) Eftir að ákærði Arne hafði lokið samförunum við X og farið af dívaninum, lagðist ákærði Werner á hann hjá henni. Ákærðu viðurkenna báðir, að þeir hafi síðan kysst hana um allan líkamann, og ákærði Werner kveðst meðal annars hafa kysst kynfæri hennar og hafi hún þá verið hlutlaus eða „passiv".

10) X og ákærði Arne eru sammála um, að hún hafi spurt hann að því, hvort hún mætti fara, og kveðst hún hafa gert það, áður en hún klæddi sig, en hann kveður, að það hafi verið eftir það. Ákærði Werner hafi þá neitað því af einhverjum ástæðum. Hún hafi þá lofað honum því að hitta hann daginn eftir í Hressingarskálanum og hafi hún þá fengið að fara burt. Ákærði Werner kveðst ekki minnast þessa atviks.

11) F og hinar þrjár vinstúlkur X hafa borið um útlit hennar og ástand í nefndum veitingastað um kvöldið. F kveður, að hún hafi sagt við hann hálfgrátandi: „Sjáðu, hvað þeir gerðu við mig", eða eitthvað á þá leið og hafi önnur augnabrún hennar verið bólgin og blá. C kveður, að hún hafi verið í mikilli geðshræringu, hálfgrátandi og rauð í andliti, og virtist annað auga hennar vera bólgið. A kveður, að henni hafi verið mikið niðri fyrir og verið erfitt að skilja hana, því að hún hafi verið í uppnámi. Daginn eftir hafi hún séð, að hún var með glóðarauga. B kveður, að henni hafi verið mikið niðri fyrir og æst. Hún hafi verið grátandi og sokkalaus, annað auga hennar hafi verið sokkið og blóð í því og enn fremur hafi mar verið niður á aðra kinn hennar.

12) Andrés Ásmundsson læknir kveður, að 25. nóvember s.l. hafi lítil kúla verið hægra megin í hársverði X og hafi hún verið með allstórt glóðarauga vinstra megin. Hún hafi haft eymsl yfir kinnbeini vinstra megin og yfir enni hægra megin. Enn fremur hafi hún haft litla marbletti á hægri öxl, upphandlegg og framhandlegg, utan á öðrum olnboga, innan á vinstra læri (5 litla marbletti), innan á vinstri kálfa og á báðum þjóhnöppum. Þegar

athygli ákærða Werners var vakin á kúlunni í hársverði X, sagði hann ekki neitt við því nema það, að ákærði Arne hefði viðurkennt fyrir honum að hafa slegið hana, að því er honum skildist síðar, en X minnist þess ekki, að hann slægi hana, og er ekkert komið fram þessum orðum ákærða Werners til stuðnings.

13) Samkvæmt framansögðu verður að telja upplýst,

að X var komin í kápuna og var að fara á brott, þegar ákærði Werner sló hana 3—4 högg í andlitið, svo að hún fékk glóðarauga,

að höfuð hennar lenti á vegg, og fékk hún við það, að því er ætla má, kúlu á höfuðið,

að í beinu framhaldi af þessu létu ákærðu X á dívaninn eða létu hana fara á hann, og síðan afklæddu þeir hana með þeim hætti meðal annars, að ákærði Arne skar í sundur brjóstahaldara hennar með brauðhníf,

að ákærðu afklæddu sig báðir í þeim tilgangi að hafa samfarir við hana,

að reyndin varð sú, að aðeins ákærði Arne hafði, og að nokkru í viðurvist ákærða Werners, samfarir við hana,

að ákærðu kysstu hana síðan um allan líkamann og ákærði Werner meðal annars kynfæri hennar,

að eftir þetta neitaði ákærði Werner henni um leyfi til að fara á brott og að hún varð að gefa honum loforð til að fá að fara burt,

að hún var hálfgrátandi, í miklum hugaræsingi og blá og bólgin í andliti, þegar hún hitti vinstúlkur sínar síðar um kvöldið, og

að tveimur dögum síðar hafði hún marbletti víða um líkamann, en eigi sást rifa á meydómshimnu hennar.

14) Þau atriði, sem nú hafa verið rakin, styrkja mjög þann framburð X, að hún hafi ekki þorað að hrópa á hjálp eða beita öllu afli gegn ákærða Arne af ótta við, að ákærðu mundu lemja hana meira en orðið var, og að hún hafi hreinlega gefizt upp fyrir þeim, enda verður að hafa í huga, að hér áttust við annars vegar tveir karlmenn, annar 43 ára og hinn 19 ára, en hins vegar stúlka, aðeins 16 ára gömul. Þá þykir meðferðin á X, árásin á hana og áverkar hennar, umsvifalaus flutningur hennar á dívan, berháttun hennar og beiting hnífs við það verk svo og háttur sá, sem ákærðu höfðu á mökunum við hana, styrkja það, að ákærðu skipti engu máli vilji hennar, heldur öllu máli að fá fullnægt kynfýsn sinni, eftir því sem geð þeirra og geta var til.

Hlaut ákærðu að vera ljóst, að kynferðismökin við X voru ekki að frjálsum vilja hennar, heldur framin með því að þröngva henni til þeirra með ofbeldi.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með tilvísun til málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, þykir lögfull sönnun vera fram komin fyrir því, að ákærði Arne þröngvaði X til holdlegs samræðis með ofbeldi í umrætt skipti og að ákærði Werner veitti honum liðsinni í verki til þess verknaðar. Ákærði Arne hefur með því atferli gerzt brotlegur gegn 194. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og ákærði Werner hefur með atferli sínu brotið gegn 194. gr., 1. mgr., sbr. 22. gr., 1. mgr., sömu laga. Enn fremur þykir sannað, að ákærði Werner gerði tilraun til að þröngva X til holdlegs samræðis með ofbeldi og að ákærði Arne veitti honum liðsinni til verknaðarins. Ákærði Werner hefur með því atferli sínu gerzt brotlegur gegn 194. gr., 1. mgr., sbr. 20. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og ákærði Arne með atferli sínu brotið gegn þeim lagagreinum, sbr. 22. gr., 1. mgr., laganna.

Litið verður á háttsemi ákærðu gagnvart X sem eina heild, og því verður hegðun þeirra gagnvart henni, eftir að ákærði Arne lauk samförum við hana, ekki færð sérstaklega til hegningarlagaákvæða, heldur þykja fyrrgreind lagaákvæði tæma sök þeirra í þessu efni.

Um ákærulið I 2.

Telja verður ósannað gegn eindreginni neitun ákærða Arnes, að hann hafi tekið niður um sig buxurnar, svo að kynfæri hans urðu ber í augsýn B, eða að ákærðu hafi með öðrum hætti sært blygðunarsemi hennar, þegar hún kom aftur á Grenimel 16 umrætt kvöld. Ber því að sýkna ákærðu af ákæru ákæruvaldsins fyrir brot gegn 209. gr. hegningarlaganna, en með því að aflæsa herberginu og fela lykilinn og hefta þannig för hennar burt þaðan um stundarsakir hafa þeir brotið gegn 45. gr. laga nr. 53 13. maí 1966 um vernd barna og ungmenna.

II. *Fjársvik.*

Eftir hádegi laugardaginn 25. nóvember s.l. var ákærði Arne staddur heima hjá ákærða Werner á Grenimel 16. Um kl. 1430 fóru þeir í leigubifreið þaðan suður að Garðaflöt 15 í Garðahreppi, og greiddi ákærði Werner ökugjaldið þangað. Bifreiðarstjórinn var Kári Gunnarsson, Háaleitisbraut 43 hér í borg.

Ákærði Werner varð eftir þarna suður frá, en ákærði Arne tók bifreiðina á leigu inn til Reykjavíkur aftur. Samkvæmt ósk hans var ekið að Hverfisgötu 16, og nam bifreiðin þar staðar. Ákærði Arne bað bifreiðarstjórann um að bíða stutta stund og fór svo út úr bifreiðinni. Var tilgangur hans að yfirgefa bifreiðina án þess að greiða ökugjald hennar. Fór hann á bak við fyrrgreint hús og yfir vegg þar og komst í burtu, án þess að bifreiðarstjórinn yrði þess var. Ákærði Arne kveðst ekki hafa vitað, hvað ökugjaldið var orðið hátt, þegar hann fór úr bifreiðinni, og heldur ekki, hve lengi bifreiðarstjórinn beið eftir honum þarna, en ökugjaldið er ennþá ógreitt. Hann kveðst hafa haft í vasa sínum nægilegt fé í þetta skipti til að greiða ökugjaldið, en hann hafði í huga að nota peningana til að fara á dansleik um kvöldið, þó að ekki yrði af því. Bifreiðarstjórinn kveðst hafa beðið eftir ákærða Arne við Hverfisgötu 16 um eina klukkustund og nemi hið ógreidda ökugjald kr. 320.00.

Framangreint atferli ákærða Arnes varðar við 248. gr. hegningarlaganna.

III.

Hinn 23. desember s.l. gekk úrskurður í sakadómi meðal annars um, að sérfræðingur í geðsjúkdómum skyldi rannsaka geðheilbrigði og sakhæfi ákærðu, og með bréfi, dags. 30. sama mánaðar, var Grími Magnússyni lækni, Langholtsvegi 66 hér í borg, falið verkið. Niðurstöður í skýrslum læknisins, sem dagsettar eru 22. f. m. og staðfestar fyrir dómi 24. f. m., eru þessar:

„Af framansögðu verður ráðið, að Arne hafi vanþroskaða siðgæðisvitund og ábyrgðartilfinningu, og bendir það á, að hann sé að einhverju leyti geðveill, en engin einkenni um geðveiki finnast hjá honum, heldur ekki umrætt kvöld, þegar hann framdi þann verknað, sem hann er ákærður fyrir. Hann telst því að öllu leyti sakhæfur".

„Samkvæmt framansögðu er augljóst, að telja verður Werner heilbrigðan á geði og að hann einnig þetta umrædda kvöld hafi verið með fulla meðvitund þrátt fyrir nokkra ölvun og ekkert af því, sem hann aðhafðist, hafi verið gert í þokuvitund eða óminni. Hann telst því að öllu leyti sakhæfur".

Ákærðu eru báðir danskir ríkisborgarar.

Foreldrar ákærða Arnes voru danskir, en seinni kona föður hans er íslenzk. Ákærði Arne hefur komið nokkrum sinnum hingað til lands. Samkvæmt upplýsingum útlendingaeftirlitsins

kom hann hingað í fyrsta skipti 4. desember 1948 og fór héðan 20. janúar 1949. Í annað skipti kom hann hingað 2. maí 1958 og dvaldist hér til 15. sama mánaðar. Í þriðja skipti kom hann hingað 2. júní 1965, en ekki er vitað, hvenær hann fór héðan. Hann kom hingað í fjórða skipti 9. marz 1966, en ekki er vitað, hvenær hann fór héðan. Hann hafði dvalizt stuttan tíma hér á landi, þegar atburðir þeir, sem ákært er út af, gerðust.

Faðir ákærða Werners var íslenzkur, en móðir hans dönsk. Samkvæmt upplýsingum útlendingaeftirlitsins dvaldist hann hér á landi frá 29. janúar 1947 til 1. júlí sama ár, og samkvæmt framburði hans sjálfs kom hann aftur hingað til lands í júní 1966 og hefur dvalizt hér síðan, þegar frá eru taldar tvær utanferðir vegna fría. Hann kveðst eiga dóttur, sem er nú 19 ára, með danskri eiginkonu sinni, en þau eru nú skilin að borði og sæng.

Með skírskotun til allra atvika í máli þessu, eins og þau hafa verið rakin hér að framan, svo og með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár.

Ákærðu hafa verið í gæzluvarðhaldi síðan 26. nóvember s.l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir þessi vist þeirra í varðhaldi mega koma með fullri dagatölu refsingu þeirra til frádráttar.

Kári Gunnarsson hefur krafizt þess, að ákærði Arne greiði honum kr. 320.00, sbr. II. kafla. Ákærði Arne hefur samþykkt bótakröfu þessa, og verður hún tekin til greina að fullu.

Aðrar fébótakröfur hafa ekki verið gerðar í málinu.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 45 12. maí 1965 um eftirlit með útlendingum skulu ákærðu verða héðan af landi burt, þegar þeir hafa þolað refsingu samkvæmt dómi þessum.

Ákærða Arne ber að greiða skipuðum verjanda sínum í málinu, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, í réttargæzlu- og málsvarnarlaun, kr. 15.000.00.

Ákærða Werner ber að greiða skipuðum verjanda sínum í málinu, Gísla Ísleifssyni hæstaréttarlögmanni, í réttargæzlu- og málsvarnarlaun kr. 15.000.00.

Ákærðu ber að greiða in solidum annan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Arne Börge Jedig Andersen og Werner Magnússon, sæti hvor um sig fangelsi 2 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærðu síðan 26. nóvember 1967 komi með fullri dagatölu refsingu þeirra til frádráttar.

Ákærðu skulu verða héðan af landi burt, þegar þeir hafa þolað refsingu samkvæmt dómi þessum.

Ákærði Arne Börge Jedig greiði Kára Gunnarssyni kr. 320.00.

Ákærði Arne Börge Jedig Andersen greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, í réttargæzlu- og málsvarnarlaun kr. 15.000.00.

Ákærði Werner Magnússon greiði skipuðum verjanda sínum, Gísla Ísleifssyni hæstaréttarlögmanni, í réttargæzlu- og málsvarnarlaun kr. 15.000.00.

Ákærðu greiði in solidum annan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. júní 1968.

Nr. 55/1966. **Kristinn Friðriksson**
gegn
Laufeyju Gunnarsdóttur og Sigurði Pálssyni og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristinn Friðriksson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 5. júní 1968.

Nr. 197/1967. **Auðbjörg h/f**
gegn
Valgeiri Magnússyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Auðbjörg h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 5. júní 1968.

Nr. 33/1968. **G. Albertsson**
gegn
Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, G. Albertsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 2.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. júní 1968.

Nr. 57/1968. **Sigurbjörn Eiríksson**
gegn
Þorbirni Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurbjörn Eiríksson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 5. júní 1968.

Nr. 76/1968. **Þorsteinn Þórarinsson f. h. Sokkaverksmiðjunnar Evu**
gegn
Friðriki Adolfssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorsteinn Þórarinsson f. h. Sokkaverksmiðjunnar Evu, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Friðriki Adolfssyni, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 1.500.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. júní 1968.

Nr. 91/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Edwin James Marsh
(Sveinn Snorrason hrl.)
John Thomas Brogan
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
Jimmie Charles Thornton
(Jón Finnsson hrl.)
og
Kolbeini Sigurðssyni
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn valdstjórninni, sbr. 110. og 111. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Atferli ákærðu er í ákæru og héraðsdómi fært til réttra refsiákvæða.

Refsing á hendur ákærða Edwin James Marsh ákveðst fangelsi 7 mánuði, en refsing annarra ákærðu hvers um sig fangelsi 6 mánuði.

Gæzluvarðhald ákærða Kolbeins Sigurðssonar frá 4. til 10. janúar 1968 þykir eiga að koma til frádráttar refsivist hans, sbr. 75. gr. laga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Verjendur ákærðu, annarra en ákærða Kolbeins Sigurðssonar, hafa hafnað málsvarnarlaunum hér fyrir dómi úr hendi ákærðu.

Ákærði Kolbeinn Sigurðsson greiði laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00. Annan áfrýjunarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu sæti fangelsi, Edwin James Marsh 7 mánuði, en John Thomas Brogan, Jimmie Charles Thornton og Kolbeinn Sigurðsson 6 mánuði hver um sig.

Gæzluvarðhald ákærða Kolbeins Sigurðssonar frá 4. til 10. janúar 1968 komi til frádráttar refsivist hans.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eru staðfest.

Ákærði Kolbeinn Sigurðsson greiði laun verjanda síns fyrir Hæsarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 9.000.00. Annan áfrýjunarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. apríl 1968.

Ár 1968, mánudaginn 1. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 216—219/1968: Ákæruvaldið gegn Edwin James Marsh, John Thomas Brogan, Jimmie Charles Thornton og Kolbeini Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 21. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 22. febrúar 1968, höfðað á hendur:

1. Edwin James Marsh refsifanga, fæddum 2. desember 1942 í Oregonfylki, Bandaríkjum Norður-Ameríku.
2. John Thomas Brogan refsifanga, fæddum 24. febrúar 1941 í Boston, Massachusettsfylki, Bandaríkjum Norður-Ameríku.
3. Jimmie Charles Thornton refsifanga, fæddum 3. júlí 1941 í Alabamafylki, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og
4. Kolbeini Sigurðssyni kennara, Gnoðarvogi 86, Reykjavík, fæddum 20. apríl 1947 í Reykjavík.

I. Málið er höfðað gegn þeim Edwin James Marsh, John Thomas Brogan og Jimmie Charles Thornton fyrir að hafa í öndverðum desembermánuði 1967 sammælzt um að strjúka úr klefa sínum nr. 7 í hegningarhúsinu á Skólavörðustíg, Reykjavík, með leynd hjálpazt að við að saga smám saman í sundur rimla í klefa-

glugga og farið síðan allir út fimmtudagsnóttina 21. desember, ákærði Marsh heim til meðákærða Kolbeins, en ákærðu Brogan og Thornton aðeins út í fangelsisgarðinn, en allir sneru ákærðu aftur til klefa síns nokkru síðar.

Teljast brot þeirra varða við 110. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Gegn ákærða Kolbeini Sigurðssyni er málið höfðað fyrir að hafa í desembermánuði 1967 hvatt og hjálpað meðákærðu Marsh, Brogan og Thornton til að losna úr fangavistinni í hegningarhúsinu með því að lauma til þeirra járnsagarblöðum, aðstoða ákærða Marsh, meðan á útivist hans stóð umrædda fimmtudagsnótt, og með því að smíða stiga og koma honum þannig fyrir, að tiltækilegur væri fyrir meðákærðu, ef þeir vildu síðar komast yfir fangelsismúrinn.

Telst brot þetta varða við 111. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða Edwin James Marsh hljóðar svo:

1966 25/8 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1967 14/8 á Keflavíkurflugvelli: Dómur: Fangelsi í 3 mánuði fyrir brot gegn 209. gr. hegningarlaga.

Sakavottorð ákærða John Thomas Borgan hljóðar svo:

1967 31/3 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 500 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1967 14/8 á Keflavíkurflugvelli: Dómur: Fangelsi í 6 mánuði fyrir brot gegn 194. gr., sbr. 2. mgr. 22. gr. hegningarlaga.

Sakavottorð ákærða Jimmie Charles Thornton hljóðar svo:

1967 14/8 á Keflavíkurflugvelli: Dómur: Fangelsi í 15 mánuði fyrir brot gegn 194. gr. hegningarlaga.

Sakavottorð ákærða Kolbeins Sigurðssonar hljóðar svo:

1967 24/11 í Reykjavík: Dómur: Varðhald í 10 daga fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 24. 11. 1967. (Dómur nr. 481/1967).

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 30. desember 1967 tilkynnti yfirfangavörður hegningarhússins við Skólavörðustíg hér í borg rannsóknarlögreglunni, að sagaðir hefðu verið í sundur rimlar í einum klefaglugga hússins. Lögreglan fór á staðinn, en þar höfðu verið

sagaðir í sundur þrír járnrimlar í klefa nr. 7 við opnanlegan glugga og við það myndazt op, sem auðvelt var fyrir fullorðinn mann að komast í gegnum. Í sagarsárinu hafði verið smurt sápukremi, sem var eins á litinn og málningin á rimlunum. Lögreglan fann fjögur járnsagarblöð í rúmi þar í klefanum og þrjú sagarblöð brotin í tvennt í tannburstahylki. Einnig fann lögreglan um 5½ metra langt reipi, sem fléttað hafði verið saman úr sundurskornum teppum. Í klefa nr. 7 voru á þessum tíma þrír Bandaríkjamenn, ákærðu Edwin James Marsh, John Thomas Brogan og Jimmie Charles Thornton, allir að afplána refsivistardóma, ákærði Marsh þriggja mánaða dóm, ákærði Brogan sex mánaða dóm og ákærði Thornton fimmtán mánaða dóm. Síðar fann lögreglan einnig stiga uppi á þaki útisalernis, sem byggt er fast við vegg hegningarhússins. Var stigi þessi samsettur þannig, að í annan endann voru boruð göt fyrir bolta og því unnt að skrúfa hann saman, og varð hann þá um 10 feta langur.

Ákærði Edwin James Marsh hefur skýrt svo frá við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að hann hafi í desembermánuði 1967 verið í klefa nr. 7 í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg ásamt meðákærðu Brogan og Thornton. Hann kvaðst hafa haft hug á að brjótast út úr fangelsinu og flýja land, talið meðákærða Kolbein á að færa sér járnsagarblöð, reyndar undir því yfirskini, að þau væru ætluð til viðarvinnu, en þess í stað hefðu þeir klefafélagarnir hjálpazt að við að saga sundur rimla fyrir glugganum með sagarblöðunum. Þegar leið hafði opnazt til undankomu, fóru þeir allir klukkan um 0100 að nóttu til út í fangelsisgarðinn, meðákærðu Brogan og Thornton sneru þó aftur við til klefa síns, en ákærði Marsh kvaðst hafa farið yfir fangamúrinn með hjálp reipis, sem þeir félagar hefðu hnýtt saman úr teppi. Hélt hann heim til meðákærða Kolbeins, sem keypti fyrir hann flösku af víni, en síðan fóru þeir að hegningarhúsinu, þar sem ákærði Marsh komst yfir vegginn með aðstoð meðákærða Kolbeins og skreið inn í klefa sinn að nýju. Ákærði Marsh kvaðst að mestu hafa drukkið áfengið sjálfur, en þó gefið klefanautum sínum lítillega að dreypa á því. Ákærði Marsh viðurkenndi tvívegis í yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði beðið meðákærða Kolbein að smíða fyrir sig stiga til að auðvelda honum för yfir fangamúrinn, en á dómþingi hinn 29. febrúar s.l. synjaði hann fyrir þessa beiðni og hélt fast við þann framburð, þótt honum væru kynntir gagnstæðir framburðir hjá rannsóknarlögreglu. Ákærði kvaðst hafa verið látinn laus úr

hegningarhúsinu um s.l. áramót, en verið handtekinn aftur innan sólarhrings og þá verið láinn ljúka afplánun refsidóms síns. Á dómþingi hinn 29. febrúar s.l. var ákærða bönnuð brottför af varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar og sú ákvörðun birt honum samstundis í dóminum að viðstöddum fulltrúa frá bandaríska varnarliðinu og Hilmari Foss, löggiltum dómtúlki. Hinn 4. marz s.l. tilkynnti Björn Ingvarsson, lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, dóminum, að ákærði Marsh hefði horfið úr landi með flugvél þá um morguninn í blóra við nefnd fyrirmæli og í banni varnarliðsins.

Ákærði John Thomas Brogan skýrði svo frá, að hann hefði verið í klefa með meðákærðu Marsh og Thornton. Ræddu þeir um að komast út, og aflaði ákærði Marsh járnsagarblaða í því skyni. Ákærði Brogan kvað meðákærða Kolbein hafa komið með sagarblöðin til ákærða Marsh og hefðu þau verið innpökkuð í myndablöð. Fljótlega eftir að þeir fengu sagarblöðin í hendur, sagði ákærði Brogan, að þeir klefafélagarnir hefðu hafið að saga sundur rimlana fyrir glugganum og allir að því unnið í um vikutíma frá klukkan um 2300 til morguns, en nýtt raksápu til að hylja sárin. Taldi ákærði Brogan, að þeir hefðu lokið verkinu um viku fyrir jól og þá allir farið út um gatið sömu nóttina, þeir meðákærði Thornton gengið um fangelsisgarðinn stundarkorn og síðan farið inn í klefann aftur, en ákærði Marsh hins vegar klifrað yfir vegginn klukkan um 0100 og ekki komið aftur í klefann fyrr en klukkan um 0600. Var hann þá með áfengisflösku í fórum sínum, gaf klefafélögum sínum aðeins að bragða á víninu, en drakk það að mestu einn. Ákærði Brogan sagði, að þeir félagarnir hefðu unnið að því til skiptis að flétta kaðal þann, sem í klefanum fannst. Framanritað er byggt á frásögn ákærða Brogan hjá rannsóknarlögreglu. Með vísan til ákvæðis 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961 neitaði hann að svara spurningum fyrir dómi, staðfesti þó skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu rétta með þeim athugasemdum, að það hefði einkum verið hann, sem sögunina annaðist, en þeir meðákærðu Marsh og Thornton aðallega talað um flóttann, sem og að hann gæti ekki staðfest, að meðákærði Kolbeinn hefði komið með sagarblöðin, en þau hefðu komið í kassa, sem ákærði Marsh kvað meðákærða Kolbein hafa komið með.

Ákærði Jimmie Charles Thornton skýrði rannsóknarlögreglu þannig frá, að ákærði Kolbeinn hefði komið með sagarblöðin til þeirra félaga og afhent meðákærða Marsh þau, er hann kom í

heimsókn til hans um tveim vikum fyrir jól. Fóru þeir þá þegar að saga sundur járnrimlana fyrir glugganum, og tók verkið nokkrar nætur. Ákærði Thornton kvað þá meðákærða Brogan einasta hafa farið út í garðinn, en meðákærða Marsh yfir vegginn og hefði hann verið á brott í um fimm klukkustundir, komið með hálfa flösku af áfengi til baka, gefið þeim félögum sínum lítils háttar að dreypa á víninu, en drukkið mest af því sjálfur. Ákærði Thornton sagði, að þetta hefði verið í eina skiptið, sem þeir hefðu farið út úr klefanum. Með vísan til 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961 neitaði ákærði Thornton að svara spurningum fyrir dómi, en staðfesti skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu rétta með þeirri breytingu, að hann hefði ekki sjálfur séð meðákærða Kolbein afhenda meðákærða Marsh járnsagarblöðin, en ákærði Marsh hefði nefnt meðákærða Kolbein í sambandi við öflun þeirra.

Ákærði Kolbeinn Sigurðsson hefur fyrir dómi játað að hafa tvívegis í desembermánuði síðastliðnum með leynd komið nokkrum járnsagarblöðum til meðákærða Marsh. Hann kvaðst haf verið nákunnugur meðákærða Marsh í mörg ár, komið að heimsækja hann í hegningarhúsið og hann þá beðið sig að afla sagarblaða til viðarvinnu. Ákærði Kolbeinn kvaðst hafa fært meðákærða Marsh pakka með ýmsum varningi og smeygt tveim járnsagarblöðum milli bylgju og ytra byrðis. Þegar hann kom með kassann, hefði fangavörður spurt, hvað í honum væri, ákærði Kolbeinn verið á hraðri ferð og því sagt fangaverði að skoða í hann. Ákærði Marsh bað meðákærða Kolbein um fleiri sagarblöð, og fékk hann þrjú járnsagarblöð í viðbót afhent í heimsóknartíma, en ákærða Kolbeini kvaðst ekki hafa komið til hugar, að blöð þessi yrðu notuð til að saga sundur rimla fangelsins með árangri. Ákærði Kolbeinn sagði, að meðákærði Marsh hefði komið heim til hans nótt eina og sagzt hafa sagað sig út úr fangelsinu. Ákærði Kolbeinn kvaðst hafa bent honum á, hversu hættulegt þetta gæti verið, þar sem hann væri að fá náðun á dómi sínum og auðvelt væri að rekja feril sagarblaðanna til hans. Aflaði ákærði Kolbeinn strokufanganum einnar flösku af áfengi, sem hann drakk nokkuð af, taldi hann síðan á að koma með sér að hegningarhúsinu og hjálpaði honum þar til að klífa vegginn. Ákærði Kolbeinn sagði, að meðákærði Marsh hefði nokkru síðar beðið sig um að smíða fyrir sig stiga, þannig að hann ætti auðveldara með að komast inn í hegningarhúsið. Varð hann við beiðninni og kom stiganum fyrir í næstu grennd. Ákærði Kolbeinn tók fram, að framanritað

hefði hann eingöngu gert í vináttuskyni, en engan hagnað haft í huga, og er ekkert fram komið í málinu, sem hnekkir þeim framburði hans. Ákærði Kolbeinn neitaði fyrst í stað að tjá sig um málsatvik bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, og sat hann í gæzluvarðhaldi vegna máls þessa frá 3.—10. janúar 1968.

Vitnið Valdimar Guðmundsson, yfirfangavörður við hegningarhúsið, Sigtúni 27 hér í borg, kvað fangaverði ekki hafa orðið vara við sagarhljóð í Hegningarhúsinu né vitað um för refsifanga út um glugga klefa nr. 7. Við skoðun klefans laugardaginn 30. desember 1967 kvaðst vitnið hafa tekið eftir lítils háttar missmíði á rimlunum, komizt að raun um, að þeir voru sundur sagaðir, en sápu smurt yfir sagarförin, og lét vitnið rannsóknarlögregluna vita um þetta þegar í stað. Vitnið kvað ákærða Kolbein í desembermánuði s.l. hafa komið með pappakassa til meðákærða Marsh. Vitnið spurði ákærða Kolbein, hvað í pakkanum væri, og svaraði ákærði því til, að hann væri að flýta sér og vitnið gæti sjálft hugað að því. Vitnið kvaðst hafa leitað í pakkanum á venjulegan hátt, en ekkert fundið óeðlilegt í honum. Vitnið sagði, að ákærða Marsh hefði verið sleppt úr hegningarhúsinu að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins hinn 30. desember s.l., en komið þangað aftur hinn 1. janúar og þá lokið við að taka út refsingu samkvæmt dómi sínum.

Með eigin játningum hinna ákærðu og að öðru leyti með vísan til gagna málsins, sem rakin hafa verið hér að framan, telst nægilega sannað, að þeir hafi gerzt sekir um háttsemi þá, sem í ákæru er rakin og þar rétt færð til refsiákvæða. Með hliðsjón af því, að ákærðu Marsh, Brogan og Thornton sneru allir af sjálfsdáðum aftur til klefa síns, en þeir tveir, sem enn eru hér á landi, fóru aldrei út fyrir lóð hegningarhússins, þykir mega ákveða, að ákvörðun refsingar þeirra skuli fresta, og hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlag nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Refsing ákærða Kolbeins þykir hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði, en eftir atvikum og með tilliti til þess, að hann hefur eigi áður orðið sekur um hegningarlagabrot, þykir mega ákveða, að refsingu hans skuli fresta, og hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, enda haldi hann almennt skilorð 57. gr. hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi

ákærða Marsh, Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi ákærða Brogan, og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi ákærða Thornton, hafa afsalað sér málsvarnarlaunum.

Dæma ber ákærða Kolbein Sigurðsson til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 8.000.00, en allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, greiðist af hinum ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Fresta skal ákvörðun um refsingu ákærðu Edwins James Marsh, John Thomas Brogan og Jimmie Charles Thornton, og fellur refsiákvörðun niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Kolbeinn Sigurðsson sæti fangelsi 6 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar hans, og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Kolbeinn Sigurðsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, greiði hinir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júní 1968.

Nr. 203/1967. **Pétur Sigurðsson f. h. Landhelgissjóðs og áhafnar varðskipsins Þórs**
(Gunnar J. Möller hrl.)
gegn
Guðjóni Teitssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins og til réttargæzlu Samvinnutryggingum
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Björgun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. desember 1967. Hann áfrýjaði málinu með stefnu 13. nóvember 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. október 1967, en útivistardómur gekk í því máli hinn 4. desember 1967. Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að stefndi verður dæmdur til að greiða honum kr. 1.000.00.00 með 7% ársvöxtum frá 21. janúar 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Atvikum máls þessa er rækilega lýst í héraðsdómi.

Lögð hefur verið fram í Hæstarétti álitsgerð Ingólfs Þórðarsonar, kennara í siglingafræði við Stýrimannaskóla Íslands. Er hún dagsett 23. apríl 1968 og var gerð að tilhlutan lögmanns áfrýjanda. Álitsgerðin er svohljóðandi:

„Fyrirspurnum yðar um álit mitt á aðstæðum, þegar Skjaldbreið hlekktist á á Breiðafirði í janúar 1962, og ályktun dómenda í sjó- og verzlunardómi svara ég á þessa leið:

Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að talsverðar líkur séu til þess, að tilraun af hálfu Skjaldbreiðar til að ná höfn án aðstoðar hefðu getað mistekizt. Færi ég fyrir henni þessi rök:

1. Skipstjóri Skjaldbreiðar, sem vafalaust þekkir skipið betur en aðrir, taldi, að eins og á stóð, myndi hafa reynzt mjög erfitt að sigla skipinu, þó að hann teldi sig ekki geta sagt með vissu, hvernig sigling hefði tekizt, hefði hún verið reynd, en hann hefði ekki reynt hana nema sem neyðarúrræði.
   Ég tel, að mikið verði að leggja upp úr dómi skipstjóra um þetta og þurfa sterk rök til þess að ganga gegn honum.

2. Líkur eru til, að Skjaldbreið hafi verið mjög sigin, sérstaklega að framan og því létt að aftan og há í sjó, en það þýðir minni stjórnmöguleika með stýri skipsins. Vegna áhrifa norðaustlægs vinds, sem verið hefir 4—6 stig að styrkleika, lét skipið mjög illa að stjórn á drættinum, svo illa, að það lá alltaf 30—40 gráður til bakborða við dráttarskipið, sem gefur til kynna erfiða stjórn á skipinu. Hljóta þó Skjaldbreiðarmenn að hafa reynt, eins og þeir gátu, að halda skipinu meira til stjórnborða með stýrinu eða beint á eftir dráttarskipinu. Að vísu er það rétt, að áhrifin frá stýri Skjaldbreiðar hefðu verið meiri á siglingu undir afli eigin vélar heldur en á drætti. Hins vegar tel ég mjög hæpið, að þrýstingur skrúfuvatnsins á stýrið hefði haft eins mikil áhrif á stýringu skipsins, eins og átakið frá dráttartauginni hefir haft í áðurgreindri afstöðu milli skipanna, og alls ekki, nema siglt hefði verið með mun meiri ferð. Ég tel því, að sigling skipsins hefði í bezta falli orðið mjög krókótt og líkur til, að ekki hefði tekizt að halda skipinu frá vindi, miðað við þann vindstyrkleika, sem var, hvað þá heldur ef vindur hefði aukizt.

3. Alltaf getur komið fyrir á siglingu, að grípa þurfi til að snarvenda vél, t. d. vegna annarra skipaferða. Í þessu tilfelli er og hugsanlegt, að frekar hefði þurft að grípa til slíks vegna hættu á því, að skipið héldi ekki stefnu. En að reyna innsiglingu á Stykkishólmshöfn án þess að geta snarvent vél eftir þörfum, sérstaklega

þegar mjög erfitt er að stjórna skipinu, myndi ég telja hættuspil.

Ég get ekki sagt um, hversu mikið ræsiloft hefði getað safnazt á leiðinni að Stykkishólmshöfn, en þykir a. m. k. ekki líklegt, að það hefði nægt til margra gangsetninga. Að sigla skipinu í keðjuna, eins og þarna stóð á, tel ég, að hefði haft nokkra áhættu í för með sér, ef skipið hefði fengið keðjuna undir kjölinn.

4. Ég er ekki á því, að dráttur hafi reynt meira á umrædd þil en þótt siglt hefði verið fyrir eigin vélarafli. Samkvæmt framansögðu tel ég, að það hefði verið með öllu óforsvaranlegt af skipstjóra Skjaldbreiðar að reyna að sigla skipi sínu í stað þess að nota sér þá hjálp, sem til reiðu var, ekki sízt þegar þess er þar að auki gætt, að þetta var á þeim árstíma, þegar allra veðra er von. Þótt hugsanlegt sé, að sigling hefði lánazt með heppni í batnandi veðri, hefði það verið vonlaust, ef veður hefði versnað að nokkru marki".

Samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 29. apríl 1968 var aðiljum gefinn kostur á að fá dómkvadda þrjá sérfróða menn til þess að segja álit sitt um ýmis atriði málsins. Voru þeir Björn Magnússon vélstjóri, Guðmundur Guðjónsson skipstjóri og Guðmundur Jörundsson fyrrum skipstjóri hinn 16. maí 1968 dómkvaddir til þessa starfs. Sömdu þeir álitsgerð, sem er dagsett 25. maí 1968. Segir þar svo:

„Eftir að hafa kynnt oss málsskjöl, athugað á sjókortum siglingaleið til Stykkishólms frá strandstað og aðstæður um borð í m/s Herðubreið, sem er systurskip m/s Skjaldbreiðar, viljum vér draga eftirfarandi ályktun.

1. Stýri skipsins virðist hafa verið í nothæfu ásigkomulagi, með því að nota handstýri, ef eigið vélarafl hefði verið notað, þá hefði stýring orðið léttari, þar sem straumur frá skrúfuvatninu hefði unnið á stýrisfjöðrina.
2. Ef reynd hefði verið sigling skipsins með eigin vélarafli, þá hafði skipstjórinn þann möguleika að fá fylgdarskip til öryggis á leiðinni til Stykkishólms.

3. Þótt líta beri svo á að dómi sérfróðra manna, að skilrúm á milli II. lestar og olíugeyma hafi verið nægilega sterkt til að þola þrýsting frá II. lest sjófullri, þá sé eðlilegt að hafa í huga áhættuna af leka, sem hefði getað orðið á öðrum stöðum á skipsbotninum, eftir að skipið fór að erfiða undir eigin vélarafli. Eftir slíkt strand sem þetta var ekki óeðlilegt, að gera mætti ráð fyrir skemmdum víðar á skipinu en í II. lestinni.

4. Líta verður svo á, að greindur strandstaður sé allótryggt svæði, hvað veður snertir, og hafi meðal annars ýtt undir skipstjórann á m/s Skjaldbreið að biðja um aðstoð annarra skipa. Þó ber að hafa í huga veðurspá Veðurstofunnar fyrir 17. janúar, sem gerði ráð fyrir minnkandi veðri.

5. Þar sem m/s Skjaldbreið hefur verið seld úr landi, var ekki hægt að kanna aðstæður, en að sögn kunnugra er m/s Herðubreið alveg eins og m/s Skjaldbreið, og var því haft samband við vélstjóra þar um borð. 2 loftþjöppur eru í vélarrúmi. Sú stærri er drifin af rafmagnsmótor og er staðsett bakborðsmegin í vélarrúmi. Hin loftþjappan er framan á aðalvélinni og drifin af sveifarásnum. Þetta er bulludæla, og er því sama, hvort aðalvélin snýst áfram eða afturábak. Dælan dælir alltaf, þegar aðalvélin gengur, og er algjörlega sjálfvirk. Eins og kemur fram í sjóprófi, þarf þessi dæla töluverðan snúningshraða til þess að þjappa lofti á loftkútana, og ekki þótti óhætt að keyra aðalvélina mjög hratt áfram vegna akkeriskeðjunnar, sem lá undir skipið. Er þá eðlilegt að álíta, að auðvelt hefði verið að ná upp hægum snúningshraða með því að keyra vélina afturábak og toga akkerisfestina, á meðan verið var að hlaða upp nægu lofti. Að sögn kunnugra er hægt að beita vél sem þessari þó nokkuð oft með fullum loftkútum og hægt að skjóta á vélina allt niður í 18 ato, en hámarksþrýstingur er 25 ato. Þar sem sjór komst í rafmagnstöfluna og tók allt rafmagn af skipinu, var ekki hægt að keyra

neinar rafdrifnar vélar. Þegar skipið kom til Stykkishólms, var framkvæmd bráðabirgðaviðgerð á töflunni og eftir það hægt að dæla austri og hafa ljós. Verður að álíta, að eins hefði verið hægt að framkvæma þessa bráðabirgðaviðgerð, þar sem skipið lá fyrir akkeri við lágboða, eftir að það tók niðri, eða að minnsta kosti að tengja beint inn á rafmagnsmótor fyrir loftþjöppu og hlaða þannig upp nægu lofti.

6. Með tilliti til þess, sem að ofan greinir, og allra aðstæðna, viljum vér líta svo á, að m/s Skjaldbreið hafi verið í verulegri hættu stödd, eftir að óhappið vildi til, og það verði að taka með í reikninginn, þegar rætt er um þá hjálp, er varðskipið Þór veitti m/s Skjaldbreið, sem að voru mati mætti kalla „sterka aðstoð". Hins vegar viljum vér álíta, að m/s Skjaldbreið hafi haft allverulega möguleika til að komast af eigin rammleik til Stykkishólms frá strandstaðnum hinn 17. janúar, ef það hefði verið reynt, en þó með talsverðri áhættu".

Þá segir enn fremur svo í viðbót við álitsgerðina, sem er dagsett 27. s. m.

„Í þeim réttarskjölum, sem vér höfum athugað varðandi strand m/s Skjaldbreiðar, höfum vér kannað vottorð Veðurstofunnar, dagsett 27/2 1967, er sýnir veðurhæð hinn 17. janúar, sem mun eiga að vera 1962, NNA 6—3 vindstig, og höfum við miðað allar vorar ályktanir við þær aðstæður.

Ef veður hefði versnað eða haldizt, eins og það var, þegar m/s Skjaldbreið strandaði, þá er það álit vort, að ekki hefði verið gerlegt að sigla skipinu af eigin rammleik til Stykkishólms, en veðurhæð var þá 8—9 vindstig".

Þegar litið er til þeirrar óvissu um örlög m/s Skjaldbreiðar, ef það hefði siglt á eigin spýtur, eins og það var á sig komið, þykir rétt að meta, að hjálp sú, er áhöfn varðskipsins veitti með drætti m/s Skjaldbreiðar til Stykkishólms, hafi verið björgunarstarf í merkingu 229. gr. siglingalaga nr. 56/1914, sbr. nú 199. gr. laga nr. 66/1963. Héraðsdómi er eigi áfrýjað, að því er varðar eigendur farms. Verðmæti m/s Skjaldbreiðar kemur því eingöngu til álita,

en það var kr. 4.455.000.00 samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Eins og rakið er í héraðsdómi, veittu varðskipsmenn margvíslega aðstoð í þágu m/s Skjaldbreiðar, eftir að björgunarstarfinu lauk. Varðskipið tafðist af þessum sökum í Stykkishólmi og dró síðan m/s Skjaldbreið til Reykjavíkur, en þangað var komið um miðjan dag hinn 21. janúar 1962. Þegar þessa er gætt og þeirra atriða, sem hafa ber hliðsjón af samkvæmt 230. gr. siglingalaga nr. 56/1914, þegar fjárhæð björgunarlauna er ákveðin, þykja þau og önnur þóknun til áfrýjanda í heild hæfilega ákveðin kr. 330.000.00. Ber að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda þessa fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 100.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Guðjón F. Teitsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins, greiði áfrýjanda, Pétri Sigurðssyni f. h. Landhelgissjóðs og áhafnar varðskipsins Þórs, kr. 330.000.00 með 7% ársvöxtum frá 21. janúar 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 100.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 29. júní 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Pétur Sigurðsson forstjóri höfðað fyrir hönd Landhelgissjóðs og áhafnar varðskipsins Þórs fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 1. nóvember 1962, gegn Guðjóni Teitssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 1.000.000.00 með 8% ársvöxtum frá 21. janúar 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Samvinnutryggingum g/t hefur verið stefnt til réttargæzlu í

málinu. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar sjálfstæðar kröfur gert.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 0700 að morgni hins 16. janúar 1962 hélt m/s Skjaldbreið, sem er eign stefnda, frá Stykkishólmi áleiðis til Flateyjar á Breiðafirði. Vindur var allhvass, 6—9 stig af austnorðaustri og fjúk. Farþegar í umræddri ferð voru þrír, en skipverjar samtals 15. Um stundarfjórðungi fyrir klukkan níu þennan sama morgun tók skipið niðri allt í einu. Lét skipstjóri þá stöðva aflvél skipsins. Skipið rann áfram, eftir að það hafði tekið niðri, en tók þegar að slá undan vindi. Var þá sett á hálfa ferð áfram, en í sömu andrá steytti skipið á skeri á nýjan leik. Var þá sett á hæga ferð og stýrið sett hart til stjórnborða til þess að ná skipinu upp í vindinn, en þá tók skipið að halla á stjórnborða. Þegar skipið var að byrja að snúast, breytti skipstjóri ákvörðun sinni og setti stýrið hart til bakborða, þar sem hann óttaðist, að skipið mundi e. t. v. að öðrum kosti lenda á skerinu aftur. Beygjunni til bakborða var haldið áfram, en áður en tekizt hafði að fá skipið rétt fyrir vindi, var stöðvun gefin til kynna úr vélarrúmi með hringingu, og í sama bili slokknuðu öll ljós á skipinu. Var þá bakborðsakkeri látið falla og gefnir út að minnsta kosti 7 liðir af keðju. Á meðan á þessu stóð, hafði hallinn aukizt til muna, svo að flaut upp á hádekk að aftan. Lét skipstjóri kalla út alla menn, sem voru um borð í skipinu, og gaf II. stýrimanni fyrirmæli um að setja á flot gúmmíbjörgunarbát og hafa hann til taks við síðu skipsins. Enn fremur skipaði hann II. stýrimanni að kalla upp Reykjavíkurradíó og biðja um aðstoð. Eftir að akkerið var látið falla, kom skipið fljótlega upp í vindinn og rétti sig. Í ljós kom nú, að skipið hafði tekið niðri á svonefndum Lágaboða við Bjarnareyjar á Breiðafirði.

Eftir að m/s Skjaldbreið var orðin rétt fyrir vindi, þar sem hún lá fyrir akkeri, tók áhöfnin að kynna sér ástand skipsins. Kom þá í ljós, að enginn sjór var í skipinu framan II. lestar, en hún var aftur á móti full af sjó. Enginn sjór var hins vegar fyrir aftan skilrúm II. lestar og vélarrúms. Aftur á móti kom strax í ljós leki um rör, sem lá upp undir loft í áðurnefndu skilrúmi. Orsök þess, að ljós slokknuðu, reyndist sú, að leki hafði orðið um rafmagnsrör. Komst sjór í raftöflu skipsins og olli skammhlaupi. Kviknaði eldur í töflunni, sem fljótlega varð slökktur, en taflan varð óvirk.

Þegar þess varð vart, að leki var kominn í II. lest, gaf skip-

stjóri fyrirmæli um, að austurdælur yrðu settar í gang og byrjað að dæla úr lestinni. Brátt kom þó í ljós, að lekinn var það mikill, að dælur höfðu ekki undan. Efti að ljós slokknuðu, var gripið til neyðarsendistöðvar skipsins, og gekk greiðlega að ná sambandi við Reykjavíkurradíó. Áður en skipið var orðið rétt fyrir vindi, varð gúmmíbjörgunarbátur laus frá skipinu. Voru í honum 9 menn, 8 skipverjar og 1 farþegi. Vegna lekans um fyrrnefnt rör reyndist nauðsynlegt að setja aflvél skipsins í gang til þess að dæla sjó úr vélarrúmi. Var það gert kl. 1350, og var vélin látin ganga, unz vélarrúm var þurrausið.

Skip og bátar komu fljótlega á vettvang, eftir að m/s Skjaldbreið hafði orðið fyrir framangreindu áfalli. Fyrst kom m/b Baldur, og kom hann um kl. 1100. Næst kom m/b Svanur, og var hafnsögumaður þar um borð. M/b Sigurfari frá Grundarfirði bjargaði mönnum þeim, sem voru í gúmmíbjörgunarbátnum, og bátnum sjálfum. Kl. 1530 þennan sama dag kom m/s Jökulfell á vettvang og loks varðskipið Þór um kl. 1750. Hafði varðskipið legið fyrir akkeri á Önundarfirði, er skeyti kom frá stefnanda um að halda á vettvang. Er varðskipið kom að m/s Skjaldbreið, var vindur níu—tíu stig af norðaustri og talsverður sjór. Var því ekki viðlit að flytja dælur milli skipanna, eftir því sem segir í skýrslu skipherra á varðskipinu. Eigi þótti heldur ráðlegt vegna veðurs að freista þess að draga m/s Skjaldbreið í var. Var því afráðið að bíða átekta, og varpaði varðskipið akkerum í nánd við m/s Skjaldbreið.

Skipin lágu um kyrrt aðfaranótt hins 17. janúar, og bar eigi til tíðinda. Nokkur leki var í vélarrúmi Skjaldbreiðar af sömu ástæðum og áður. Var aflvél skipsins því sett í gang kl. 1900 að kvöldi hins 16. janúar og sjó dælt úr vélarrúmi. Var vélin síðan látin ganga alla nóttina, þar sem vafasamt þótti, hvort ella mundi reynast unnt að koma henni í gang aftur vegna skorts á ræsilofti, og enn fremur vegna þess, hve hvasst var.

Um sexleytið að morgni hins 17. janúar var veður farið að lægja. Var ákveðið kl. 0800 að draga m/s Skjaldbreið til Stykkishólms. Var komið fyrir dráttartaugum milli skipanna, og um stundarfjórðungi fyrir klukkan níu var haldið af stað. Siglt var með fremur hægri ferð í fyrstu, líklega 3—5 mílum miðað við klukkustund. Var dregið úr þeirri ferð, er skipin voru stödd þar, sem suðurflóinn tekur að opnast, þar sem þá fór að gæta meiri hreyfingar og vinds og m/s Skjaldbreið að síga neðar. Nokkrum erfiðleikum olli, að m/s Skjaldbreið, sem stýrt var með handstýri,

þar sem rafmagn vantaði, leitaði til bakborða við varðskipið. Tvívegis var stytt í dráttartauginni á leið til Stykkishólms, í annað skiptið eftir að taugin hafði festst í botni. Höfðu skipin, meðan svo var ástatt, rekið undan vindi og komizt allnærri grunni, að sögn skipherra á varðskipinu. Kl. 1105 kom hafnsögumaður um borð í varðskipið. Var þá haldið upp undir Súgandisey, og lagðist varðskipið þar fyrir akkeri. Var m/s Skjaldbreið tekin þar að bakborðssíðu varðskipsins og bundin föst. Kl. 1224 var akkerum létt á ný og haldið að bryggju. Var lokið að binda skipið við bryggju kl. 1245.

Þegar kl. 1300 hinn 17. janúar var hafizt handa um að koma dælum varðskipsins um borð í m/s Skjaldbreið. Um kl. 1430 voru samtals 4 dælur komnar í gang til að dæla úr II. lest, en sjór virtist samt lítið minnka við það í lestinni.

Kl. 1610—1710 kafaði Þorvaldur Axelsson, III. stýrimaður á varðskipinu Þór, við Skjaldbreið til að athuga skemmdirnar. Kom þá í ljós m. a., að veltikjölur var rifinn frá stjórnborðsmegin að nokkru leyti. Þá var botn skipsins dældaður, bæði stjórnborðsmegin og bakborðsmegin. Tvær rifur voru í hvorri dæld, önnur 60 cm á lengd, hin um 150 cm. Þá var vængur stjórnborðsmegin á stýri allmikið beyglaður og þrjú skrúfublöð köguð og dálítið rifið upp í þau. Að kvöldi hins 17. janúar kafaði III. stýrimaður á ný og rak fleyga í rifuna stjórnborðsmegin. Eftir það tók að hríðlækka í II. lest. Dagana 18.—20. janúar var unnið samfleytt áfram að því að þétta og lagfæra m/s Skjaldbreið og búa hana undir drátt til Reykjavíkur. Að þessu starfi unnu varðskipsmenn ásamt skipverjum af m/s Skjaldbreið og múrara úr landi. Hefur verið upplýst í málinu, að eftirvinnugreiðslur til skipverja á varðskipinu vegna vinnu þeirra við þéttingu m/s Skjaldbreið hafi numið samtals kr. 21.619.15.

Kl. 2000 að kvöldi hins 20. janúar var undirbúningi að drætti lokið, og var þá haldið af stað. Dró varðskipið m/s Skjaldbreið til Reykjavíkur, og gekk sú ferð vel. Á leiðinni voru tveir varðskipsmenn um borð og auk þess 4 dælur frá varðskipinu. Kl. 1420 hinn 21. janúar voru dráttartaugar milli skipanna leystar á ytri höfninni í Reykjavík, og hélt m/s Skjaldbreið að svo búnu að bryggju í Reykjavík.

Fyrir sjódómi Reykjavíkur skýrði skipstjórinn á m/s Skjaldbreið, Högni Jónsson, m. a. svo frá, að erfitt hafi reynzt að stýra skipinu með handstýri, en það hafi þó stýrt þannig. Taldi hann orsakir þeirra erfiðleika hafa verið þær, að ferð á skipinu á

leiðinni frá strandstaðnum til Stykkishólms hafi verið hæg og vindáhrif þar af leiðandi verið meiri en ella. Fyrir sjódóminum lýsti skipstjórinn enn fremur áliti sínu, að undir umræddum kringumstæðum *mundi hafa reynzt mjög* erfitt að sigla skipinu, en kvaðst hins vegar ekki geta sagt með vissu um, hvernig sigling hefði tekizt, ef hún hefði verið reynd. Sagði hann, að hann mundi aldrei hafa reynt siglingu nema sem algert neyðarúrræði. Hann kvað þó engum vafa bundið, að m/s Skjaldbreið hefði komizt frá akkerisstaðnum með eigin vélarafli, þar sem vélin var í gangi, en um annað kvaðst hann ekki geta sagt.

I. vélstjóri á m/s Skjaldbreið, Lárus Jónsson Scheving, skýrði m. a. svo frá fyrir sjódómi Reykjavíkur, að erfiðleikar hafi verið á að ræsa ljósavélina sökum skorts á ræsilofti. Enn fremur kvað hann, að ógerningur hefði verið, eins og á stóð, eftir að skipið hafði lagzt við akkeri og unz það kom til Stykkishólms, að beita aðalvélinni, ef taka hefði þurt skipið á víxl aftur á bak eða áfram. Hins vegar taldi hann, að nægilegt ræsiloft myndaðist með því að láta aðalvélina ganga hraðar, en til þess verði skipið að sigla. *Tók hann aðspurður fram, að með hálfri ferð hlæði vélin mjög hægt. Þá segir vitni þetta, að skipstjórinn hafi ekki talið fært að sigla skipinu, eins og ásigkomulag þess var á strandstaðnum.*

Stefnandi reisir kröfur sínar fyrst og fremst á því, að hjálp varðskipsins Þórs hafi verið björgun í skilningi siglingalaganna. Telur stefnandi, að björgunarstarf hafi byrjað, er varðskipið hélt af stað frá Önundarfirði, og eigi verið lokið, fyrr en drætti lauk á ytri höfninni í Reykjavík hinn 21. janúar 1962, eða a. m. k. ekki fyrr en bráðabirgðaviðgerð var lokið í Stykkishólmi. Stefnandi telur augljóst, að skip stefnda hafi verið í hættu statt, er varðskipið kom til hjálpar. Vísar hann í því sambandi til þess, að skipið hafi legið með fulla lest af sjó á innanverðum Breiðafirði, þar sem siglingar séu allar varasamar vegna strauma og skerja. Ekki hafi verið öruggt, að þilið milli II. lestar og vélarrúms mundi halda, og alls ekki vogandi að láta skipið erfiða. Þá hafi verið rafmagnslaust um borð og stýrisvél óvirk auk þess sem stýri og skrúfa hafi verið skemmd. Ljóslaust hafi verið um borð og ekki unnt að stöðva leka í vélarrúmi, sem engan veginn hafi verið hættulaust. Vegna rafmagnsskorts hafi ekki verið unnt að nota akkerisvindur. Þá hafi aflvélar skipsins ekki notið nema að nokkru leyti, þar sem ekki hafi verið unnt að grípa til þess að láta hana ganga aftur á bak, hvað sem við hefði legið, þar

sem skort hafi ræsiloft til að ræsa hana á ný. Enn fremur telur stefnandi, að ekki hafi komið til greina að freista þess að sigla til hafnar. Auk framangreindra atriða tekur hann í því sambandi fram, að erfitt mundi hafa reynzt að stýra skipinu, þar sem notazt hefði orðið við handstýri og skipið hlotið að láta illa að stjórn, þar sem ekki hefði komið til greina að sigla nema með hægri ferð, en skipið auk þess verið sigið að framan og vindur þá staðið í skut skipsins. Hafi skipstjórinn og sjálfur verið þeirrar skoðunar, að eigi væri hættandi á að koma skipinu fyrir eigin vélarafli til hafnar.

Um fjárhæð björgunarlaunanna tekur stefnandi sérstaklega fram, að björgunarstarfið hafi verið greiðlega af hendi leyst, en verið tímafrekt og kostnaðarsamt. Þá telur stefnandi, að skipin hafi komizt í nokkra hættu á leiðinni til Stykkishólms, er dráttartaugin festist í botni. Telur stefnandi með hliðsjón af framangreindum atvikum og verðmæti hins bjargaða, sem metið hefur verið á kr. 4.570.000.00 af dómkvöddum matsmönnum, að stefnufjárhæðin sé hæfileg björgunarlaun sér til handa.

Stefndi reisir kröfur sínar fyrst og fremst á því, að hjálp varðskipsins Þórs hafi ekki verið björgun í skilningi siglingalaganna, og eigi stefnandi því aðeins rétt til þóknunar fyrir aðstoð. Telur stefndi, að m/s Skjaldbreið hefði tvímælalaust getað komizt af eigin rammleik til hafnar, fyrst og fremst í Stykkishólmi. Því til stuðnings vísar stefndi til þess, að aflvél skipsins hafi verið í fullkomnu lagi og að ræsiloft mundi hafa myndazt við siglingu. Þá hafi verið unnt að stýra skipinu með handstýri, enda láti skipið betur að stjórn, er það sigli fyrir eigin vélarafli en þegar það sé dregið. Veður og sjólag hafi verið orðið gott að morgni hins 17. janúar og haldizt svo næstu dægur. Sæta hafi mátt lagi að sigla skipinu til hafnar á þeim tíma dags, er strauma gætti lítið. Skammt hafi verið til Stykkishólms og sigling þangað tiltölulega greið. Eigi hafi skemmdir á stýri komið að sök, þar sem aðalstýrisblaðka hafi með öllu verið óskemmd. Þá telur stefndi, að ekki hafi verið nokkur hætta á því, að þil II. lestar brystu, þar sem þilin eigi að þola þunga sem þann, þegar lest sé full af sjó. Hafi og komið í ljós, að þilið hafi þolað þennan þunga, þar sem þau hafi ekki gefið sig á leiðinni til Stykkishólms, en sá dráttur hafi reynt meira á m/s Skjaldbreið en orðið hefði, ef skipið hefði siglt fyrir eigin vélarafli. Um þetta atriði vísar stefndi sérstaklega til matsgerðar þeirra Benedikts Gröndals og Hjálmars R. Bárðarsonar, en sérfræðingar þessir voru dómkvaddir

til að láta uppi skoðun á því, hvort eða hverjar líkur þeir teldu á því, að þil II. lestar hefðu þolað þá raun, að skipið hefði af eigin rammleik og í því ástandi, sem það var þá í, siglt til næstu hafnar (væntanlega Stykkishólms). Í umræddri matsgerð segir m. a. orðrétt á þessa leið:

„Svo hagar til, að afturþil II. lestar er um leið fremra þil í olíugeymum skipsins, þannig að 2 vatnsþétt þil eru milli II. lestar og vélarrúms, og eru þessi þil styrkt vegna langskiptingar. Að framan er II. lestin takmörkuð með vatnsþéttu þverskipsþili á bandi nr. 56. Framan við það þil er kælilest, og eru styrktarvinklar framan á þilinu. Ekki varð komizt til að mæla á staðnum vinklastærðina, og varð því að fara eftir teikningum skipsins og kröfum flokkunarfélagsins og þá gengið út frá vinklum L 150x75 x9 mm á þili. Bil milli vinkilskífa 760 mm, og plötuþykkt í þili 10 mm.

Það er álit okkar, að hægt sé að fullyrða, að þil II. lestar þoli sjófyllta lest, og styðjumst þar við venjulega styrktarútreikninga svo og kröfur flokkunarfélaga til vatnsþéttra þila í skipum".

Þá telur stefndi kröfu stefnanda allt of háa, jafnvel þótt um björgun hefði verið að ræða. Telur stefndi, að hjálp varðskipsins hafi aðeins tekið 4 klukkustundir og ekki komi til greina að taka tillit til tíma þess, er gekk til siglingar varðskipsins frá Önundarfirði til slysstaðarins, og björgun hafi undir öllum kringumstæðum verið lokið, er skipin voru komin til hafnar í Stykkishólmi. Telur stefndi að ekki komi til greina að telja viðgerðarstarfið í Stykkishólmi til björgunar eða aðstoðar á sjó. Fráleitt telur stefndi, að drátturinn frá Stykkishólmi til Reykjavíkur verði talinn björgun. Þá telur stefnandi, að hætta sú, sem skipin kunni að hafa komizt í á leiðinni til Stykkishólms, hafi eingöngu verið áhöfn varðskipsins að kenna. Loks telur stefndi, að ekki komi til greina að hafa hliðsjón af meðalrekstrarkostnaði varðskipsins á dag, þar sem kostnaður hljóti að hafa verið miklum mun minni, meðan skipin lágu um kyrrt í Stykkishólmi.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var vindur í Flatey orðinn 6 stig af norðaustri kl. 0800 að morgni hins 17. janúar 1962. Á sama tíma var vindur í Stykkishólmi norðnorðaustan 6, og sjór fór síðan enn minnkandi. Var vindur kominn niður í 4 stig í Stykkishólmi og Flatey þegar kl. 1400 hinn 17. janúar, og var þá dálítill sjór í Stykkishólmi. Næsta dag var vindur hægur og sjór lítill.

Eigi liggur samkvæmt gögnum málsins neitt fyrir um, að

neinar þær skemmdir hafi verið á stýrisvæng eða skrúfu m/s Skjaldbreiðar, að þær hefðu hindrað siglingu skipsins. Hins vegar voru ekki not af rafknúinni stýrisvél þess vegna rafmagnsskorts, en handstýri var í lagi. Telja verður, að óhætt hafi verið að byggja á því, að þil II. lestar þyldu þunga þann, sem á þeim hvíldi. Er það stutt af gögnum málsins, m. a. matsgerð dómkvaddra manna, svo og af því, að eigi hefur komið neitt fram, er bent geti til þess, að þilin hafi gefið sig við dráttinn til Stykkishólms, en hann hefur haft í för með sér meiri áreynslu á skrokk skipsins og umrædd þil en orðið hefði, ef skipið hefði siglt af eigin rammleik til hafnar.

Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja, að ekki hafi verið sérstökum erfiðleikum bundið að sigla m/s Skjaldbreið fyrir afli eigin vélar til hafnar í Stykkishólmi að morgni hins 17. janúar 1962 eða síðar þann dag. Telja þeir, að vænlegast hefði verið að sigla skipinu á hálfri ferð, en óhætt að fara hraðar. Miðað við hálfa ferð hefði eigi tekið nema 4—5 klukkustundir að sigla skipinu til hafnar í Stykkishólmi, enda siglingaleið frá slysstað til Stykkishólms eigi nema 10—15 sjómílur. Hinir sérfróðu meðdómsmenn eru enn fremur sammála um, að ótti við skort á ræsilofti hafi verið ástæðulaus, þar sem nægilegt ræsiloft hefði myndazt við siglingu skipsins og sigla hefði mátt skipinu í keðjuna, áður en höggvið væri á akkerisfestar, í því skyni að afla nægilegs ræsilofts, áður en haldið væri af stað. Þá telja þeir, að ekki hafi verið vandkvæðum bundið að hafa stjórn á skipinu með handstýri á leiðinni til hafnar, enda sé siglingaleiðin frá slysstað til Stykkishólms tiltölulega greið. Telja þeir, að miðað við ásigkomulag skipsins hefðu hvorki straumur né þrengsli torveldað stjórn skipsins eða siglingu þess að öðru leyti á siglingaleiðinni til Stykkishólms. Mátti og velja þann tíma til siglingarinnar, er strauma gætti lítið. Samkvæmt því, er að framan hefur verið rakið, verður eigi talið, að m/s Skjaldbreið hafi á þeim tíma, sem máli skiptir, verið stödd í neyð, og samkvæmt því verður eigi litið svo á, að varðskipið Þór hafi í umrætt skipti innt af hendi björgun í merkingu siglingalaga. Ber samkvæmt því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda áhafnar varðskipsins Þórs, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður að því leyti falli niður. Hins vegar á stefnandi Landhelgissjóður rétt til þóknunar fyrir margvíslega hjálp, er leyst var af hendi í þágu skips stefnda og fólgin var í drætti skipsins til Stykkishólms, viðgerð-

um þar og síðan drætti þaðan og til Reykjavíkur, eins og nánar hefur verið lýst hér að framan.

Stefndi hefur eigi greitt stefnanda Landhelgissjóði neitt fyrir framangreinda hjálp, en hins vegar mun stefndi hafa lagt til efni til viðgerðarinnar í Stykkishólmi og auk þess greitt múrara, er vann að viðgerðum þar, fyrir störf hans. Upplýst hefur verið, að rekstrarkostnaður v/s Þórs nam árið 1961 samtals kr. 7.796.814.04 án afskriftar, en það ár voru starfsdagar skipsins samtals 303. Með hliðsjón af málsatvikum öllum þykir þóknun til stefnanda Landhelgissjóðs fyrir framangreinda aðstoð og hjálp, er m/s Skjaldbreið var veitt dagana 16.—21. janúar 1962, hæfilega ákveðin kr. 200.000.00, og ber stefnda að greiða 7% ársvexti af þeirri fjárhæð frá 21. janúar 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags og auk þess málskostnað, sem ákveðst kr. 36.000.00.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Bjarna Jónssyni vélstjóra og Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda Pétri Sigurssyni f. h. Landhelgissjóðs kr. 200.000.00 með 7% ársvöxtum frá 21. janúar 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 36.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndi á að vera sýkn af kröfum stefnanda Péturs Sigurðssonar f. h. áhafnar varðskipsins Þórs í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 10. júní 1968.

Nr. 94/1968. **Karl Lúðvíksson**
gegn
Friðriki Bertelsen.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. b 21. gr. laga nr. 57/1962 hinn 30. apríl 1968 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, er barst dóminum 17. maí 1968, og krafizt þess, að hinn kærði frávísunardómur, sem var birtur sóknaraðilja 22. apríl 1968, verði úr gildi felldur, að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á mál aðilja og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Sóknaraðili, Karl Lúðvíksson, greiði varnaraðilja, Friðriki Bertelsen, kærumálskostnað, kr. 3.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. marz 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 18. þ. m., hefur Karl Lúðvíksson, Háteigsvegi 10, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 10. ágúst 1967, gegn Friðriki Bertelsen stórkaupmanni, Álfheimum 33, Reykjavík, til greiðslu skuldar að

fjárhæð kr. 350.000.00 auk 8% ársvaxta frá 15. apríl 1966 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Í stefnu er málavöxtum lýst þannig: „Skuldin er samkv. skuldarviðurkenningu (greiðslu-viðurk.), dagsettri 15. 4. 1966, en þann dag lánaði stefnandi stefnda kr. 350.000.00. Frá því á miðju sumri 1966 hafi öðru hvoru staðið yfir samningaviðræður um endurgreiðslu þessarar skuldar, en stefndi hefur þó enn eigi fengizt til að greiða skuldina".

Af gögnum málsins má ráða, að vorið 1966 stóð til, að stefnandi og/eða sonur hans, Lúðvík Karlsson, og stefndi stofnuðu með sér félag um rekstur heildverzlunar með ákveðnar vörutegundir, sem stefndi hafði umboð fyrir. Var hér um að ræða Johnson & Johnson umboðið. Félag það, sem stofna átti á grundvelli þessa umboðs, átti að bera nafnið Bertelsen og Karlsson h/f. Aldrei var þó formlega gengið frá stofnun þessa félags, enda missti stefndi nefnt umboð. Er hér var komið, var sonur stefnanda, Lúðvík Karlsson, byrjaður að vinna við nefnt fyrirtæki. Stefnandi afhenti syni sínum, Lúðvíki Karlssyni, kr. 350.000.00, sem stefnandi heldur fram, að hafi átt að vera bráðabirgðalán, þar sem stefnda var mjög fjárvant. Lúðvík Karlsson afhenti síðan þessa fjárhæð stefnda, og gaf stefndi út kvittun fyrir þessari fjárhæð. Var kvittun þessi stíluð á stefnanda, undirrituð af stefnda og dagsett 15. 4. 1966. Stefndi hefur hins vegar haldið því fram, að framlag þetta hafi átt að vera framlag stefnanda sem stofnfé til nefnds fyrirtækis, þ. e. Bertelsens & Karlssonar h/f.

Skömmu eftir að nefnd fjárhæð hafði verið lögð fram, var Johnson & Johnson umboðið tekið af stefnda. Hófust nú miklar samningaviðræður um það, hvernig stefndi gæti endurgreitt fjárhæðina, eftir því sem haldið er fram af stefnanda. Kom þá meðal annars til umræðu, að stefndi seldi stefnanda og/eða syni hans, Lúðvíki Karlssyni, og þriðja manni hlutabréf í Friðriki Bertelsen & Co. h/f, sem stefndi er aðaleigandi að. Umræðum þessum lauk þannig, að 12. maí 1966 skuldbatt stefndi sig til að selja syni stefnanda, Lúðvíki Karlssyni, og Árna Árnasyni verzlunarmanni hlutabréf í nefndu hlutafélagi að fjárhæð kr. 157.000.00 til hvors og til firmans kr. 2.000.00, eða samtals kr. 316.000.00, og skyldi verðið miðað við tvöfalt nafnverð, eða kr. 632.000.00. Hlutabréf-

unum skyldi skilað skuldlausum miðað við 11. maí 1966, og skyldi salan miðast við þann dag og kaupendur hirða arð af hlutunum frá þeim tíma. Þeim Lúðvík og Árna var frjálst að ganga að kaupum þessum eða hafna þeim. Var samkomulag þetta gert á skrifstofu lögmanns stefnanda og undirritað af stefnda 12. maí 1966. Stefndi heldur því fram, að þeir Lúðvík og Árni hafi gengið að kaupum þessum, og afhenti stefndi hlutabréfin í skrifstofu lögmanns stefnanda. Þeir Lúðvík og Árni byrjuðu þá að starfa við hlutafélagið Friðrik Bertelsen & Co. h/f og höfðu öll fjárráð og viðskipti þess í hendi sér, enda hafði stefndi skuldbundið sig með nefndum samningi að skuldbinda ekki hlutafélagið án samþykkis þeirra Lúðvíks og Árna.

Þar sem Friðrik Bertelsen & Co. h/f var fjárþurfi, var það að sögn stefnda forsenda fyrir kaupunum, að stefnandi útvegaði rekstrarfé, sem hann hafi og gert, meðal annars með fé því, sem nefnd kvittun var gefin fyrir. Kveður stefndi allt þetta fé hafa runnið til hlutafélagsins til ráðstöfunar fyrir son stefnanda, sem tekið hafi við félaginu eftir samkomulagið frá 12. maí 1966, svo sem fyrr greinir.

Stefnandi hefur lagt fram meira fé til Friðriks Bertelsens & Co. h/f heldur en fé það, sem stefnt er fyrir í máli þessu. Hefur stefnandi borið, að þegar viðræður hafi staðið yfir um hugsanleg kaup á hlutabréfum í Friðriki Bertelsen & Co. h/f, hafi stefndi gefið upp, hvaða skuldir hvíldu á fyrirtækinu, en stefnandi mundi eigi að greina þá tölu, er hann kom fyrir rétt í máli þessu. Síðan segir stefnandi, að endurskoðandi Friðriks Bertelsens & Co. h/f hafi kannað fjárhag félagsins og hafi þá komið í ljós, að fjárhagur þess var mjög bágur. Hafi áhugi þeirra því dvínað fyrir kaupum á hlutabréfunum.

Stefndi hefur borið, að ekkert af því fé, sem stefnandi hafi lagt fram, fyrst í þágu hins fyrirhugaða fyrirtækis, Bertelsens & Karlssonar h/f, og síðan til Friðriks Bertelsens & Co. h/f, hafi runnið til stefnda persónulega. Hins vegar hafi féð verið notað til þess að leysa út vörur, sem Friðrik Bertelsen & Co. h/f hafi átt í tolli frá Johnson & Johnson umboðinu, og enn fremur til þess að greiða vörur frá Johnson & Johnson, sem komið hafi á nafn Friðriks Bertelsens & Co. h/f. Hafi þessar vörur farið inn á lager hjá Bertelsen & Karlsson h/f. Hafi Lúðvík Karlsson haft fjárreiður Bertelsens & Karlssonar á hendi.

Meðan þeir Lúðvík og Árni Árnason störfuðu hjá Bertelsen & Karlsson h/f og síðar Friðriki Bertelsen & Co. h/f, segir stefndi,

að þeir hafi haft allt bókhald, inn- og útborganir og öll plögg því viðkomandi undir höndum. Hafi þeir tekið þau með sér, er þeir yfirgáfu félagið, og eigi skilað þeim aftur þrátt fyrir áskorun þar um. Auk þess að taka þessi plögg með sér er því haldið fram af hálfu stefnda, að er þeir fóru, hafi þeir tekið svo að segja allar eigur félagsins í sínar vörzlur og hirt andvirðið. Auk þeirra vara, sem þeir Árni og Lúðvík hafi tekið í sínar vörzlur, segir stefndi, að þeir hafi sent viðskiptavinum Friðriks Bertelsens & Co. h/f bréf, þar sem beint sé þeim tilmælum til þeirra að senda víxla fyrir ógreiddum vörum í box 1282, en póstbox þetta sé ekki á vegum nefnds hlutafélags. Bréf þetta hafi verið undirritað „L. Karlsson". Stefndi heldur því fram, að tilgangurinn með því að taka nefndar kröfur og reyna að ná í víxla þessa muni hafa verið sá að grynna á inneign stefnanda hjá hlutafélaginu.

Hinn 20. júlí 1966 ritaði lögmaður stefnanda stefnda og Friðriki Bertelsen & Co. h/f kröfubréf, þar sem þessir tveir aðiljar eru krafðir um greiðslu á kr. 265.188.45, sem talið er vera eftirstöðvar af peningaframlagi afhentu þeim. Eigendur kröfunnar voru í nefndu bréfi taldir þeir stefnandi, Lúðvík Karlsson og Árni Árnason. Í bréfi þessu varð eigi séð, hvernig krafa þessi var upp byggð, en af hendi stefnda er talið, að ekki sé ósennilegt, að þeir hafi talið fjárhæð þessa þann mismun á framlagi þeirra til hlutafélagsins og andvirði þeirra vara og þess fjár, sem þeir hafi tekið út hjá hlutafélaginu.

Stefnandi hefur komið fyrir réttinn og borið, að hann hafi látið Lúðvík, son sinn, hafa meira fé en þær 350.000.00 kr., sem fjallað er um í máli þessu. Sagði stefnandi, að hann hefði kvittanir fyrir þessum umframfjárhæðum og minnti, að þær væru undirritaðar fyrir hönd Friðriks Bertelsens & Co. h/f. Er stefnandi var að því spurður, hvort hann hefði fengið fé þetta endurgreitt frá Friðriki Bertelsen & Co. h/f, sagði hann, að hann hefði verzlað talsvert við þetta fyrirtæki og hafi sér þá ýmist verið boðið að greiða vöruna við móttöku eða með gjaldfresti. Sagði hann, að vörur, sem hann hefði tekið út á þessu tímabili, muni hafa verið greiddar með kvittunum, sem hann hafi fengið hjá Friðriki Bertelsen & Co. h/f. Stefnandi kvað endurskoðanda Friðriks Bertelsens & Co. h/f hafa farið í gegnum þetta og telji hann, að það hafi komið í ljós við þá endurskoðun, að stefnandi hafi verið búinn að greiða fyrir þær vörur, sem hann hafi tekið út hjá nefndu fyrirtæki. Er stefnandi var fyrir réttinum, var honum bent á misræmi það, sem er á milli fjárhæðarinnar í bréfi lögmanns hans frá 20.

júlí 1966 og stefnufjárhæðar málsins, og hann inntur eftir skýringum á misræmi þessu. Kvaðst stefnandi þá álíta, að í þessu sambandi ætti að fara eftir þeim tölum, sem fram hefðu komið við endurskoðun endurskoðanda Friðriks Bertelsens & Co. h/f. Stefnandi kvaðst hins vegar ekki vita þá fjárhæð, en kvaðst mundu gefa eftir af kröfu sinni, ef það kæmi í ljós, að hún væri of há miðuð við niðurstöðu endurskoðandans. Lögmaður stefnda innti þá stefnanda eftir því, hvort þetta þýddi, að stefnufjárhæð málsins væri ekki „örugg og hrein", og sagðist stefnandi eigi vita það og tók fram, að hann óskaði eftir því, að í þessu máli yrði farið eftir niðurstöðu nefnds endurskoðanda.

Er hér var komið, óskaði lögmaður stefnda bókað: „Með hliðsjón af því, sem fram hefur komið í dag, áskil ég mér rétt til þess að koma að nýjum kröfum í málinu".

Á grundvelli þessa áskilnaðar hefur stefndi nú krafizt frávísunar á máli þessu, svo sem fyrr er rakið. Styður hann frávísunarkröfu sína þeim rökum, að mál þetta sé vanreifað. Stefnukrafan sé óljós og á reiki og dómkröfur stefnanda því ódómhæfar. Sé þessi málatilbúnaður stefnanda brýnt brot á reglunum um skýran og afdráttarlausan málatilbúnað, sbr. 88. gr. og 105. gr. einkamálalaganna. Beri því að vísa máli þessu frá dómi, enda hafi stefnandi sjálfur í réttarhaldi viðurkennt, að hann vissi ekki, hvort stefnukrafan væri „hrein og örugg". Hefði stefnanda þó verið í lófa lagið að setja þegar í upphafi fram skýlausar kröfur í máli þessu með því að láta endurskoðun fara fram á öllum gögnum framangreindra fyrirtækja, enda væru þau öll í vörzlum þeirra Árna Árnasonar og sonar stefnanda, Lúðvíks Karlssonar. Þetta hafi stefnandi ekki gert og beri því að vísa máli þessu frá dómi.

Stefnandi hefur krefizt þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og tekið verði tillit til þessa þáttar málsins við ákvörðun málskostnaðar, þegar efnisdómur verður endanlega uppkveðinn í málinu. Stefnandi telur, að mál þetta sé ekki vanreifað, enda megi ekki blanda því framlagi stefnanda, sem hér er krafizt endurgreiðslu á, saman við önnur framlög stefnanda til Friðriks Bertelsens & Co. h/f. Enn fremur hefur stefnandi bent á það, að Friðrik Bertelsen hafi persónulega gefið kvittun fyrir nefndum kr. 350.000.00, og jafnframt, að Friðrik Bertelsen hafi í réttarhaldi hér fyrir dóminum viðurkennt, að hann hefði einn ráðstöfunarrétt á öllu hlutafé Friðriks Bertelsens & Co. h/f.

Með skírskotun til frávísunarröksemda stefnda þykir rétt að

vísa máli þessu frá dómi, enda er það ódómhæft, þar sem stefnandi hefur óskað eftir því, að „í þessu máli verði farið eftir niðurstöðu endurskoðandans ...“, en hefur hvorki lagt fram þá niðurstöðu né mundi hann að greina frá henni við yfirheyrslu í máli þessu.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt 180. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þykir sá málskostnaður eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Karl Lúðvíksson, greiði stefnda, Friðriki Bertelsen, kr. 5.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júní 1968.

Nr. 169/1967. **Kristján Bjarnason**
(Jónas A. Aðalsteinsson hdl.)
gegn
Guðmundi Eyjólfssyni,
Sigurði Eyjólfssyni og
Önnu Eyjólfsdóttur og gagnsök
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Yfirlandskiptagerð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1967, gerir þær dómkröfur, að yfirlandskiptagerð frá 14. nóvember 1964, er í málinu greinir,

verði metin ógild og að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur, sem áfrýjað hafa málinu með stefnu 26. apríl 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m., krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Eftir að málinu var áfrýjað, hefur Björn Bjarnason, formaður yfirlandskiptanefndar, af nýju komið fyrir dóm og gefið skýrslu um framkvæmd yfirlandskipta þeirra, sem um er að tefla. Þá hafa og verið lögð fyrir Hæstarétt nokkur gögn varðandi sandgræðsluland það í landareign Hvolsjarða, sem yfirlandskiptagerðin tekur til.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað hér fyrir dómi, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Kristján Bjarnason, greiði gagnáfrýjendum, Guðmundi Eyjólfssyni, Sigurði Eyjólfssyni og Önnu Eyjólfsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Skaftafellssýslu 27. júlí 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 8. þ. m., hefur Kristján Bjarnason bóndi, Norður-Hvoli, Mýrdal, höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri 18. marz 1966, gegn eigendum og ábúendum Suður-Hvols í Dyrhólahreppi, þeim Sigurði Eyjólfssyni, Guðmundi Eyjólfssyni og Önnu Eyjólfsdóttur, öllum til heimilis að Suður-Hvoli, Dyrhólahreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að yfirlandskiptagerðin frá 14. nóvember 1964 verði úr gildi felld og stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað.

Réttarkröfur stefndu eru þær, að þau verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda og þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hans hendi eftir mati dómsins.

Sáttatilraun hefur eigi borið árangur.

Þar sem mál þetta á sér alllangan aðdraganda, þykir nauðsynlegt samhengis vegna að rekja nokkuð forsögu þess, áður en vikið verður að yfirlandskiptagerðinni frá 14. nóvember 1964, sem mál þetta snýst um.

Það er upphaf máls þessa, að dagana 17., 18. og 19. september 1951 fóru fram skipti á landi Hvols, sem þá var í óskiptri sameign stefnanda þessa máls og Eyjólfs heitins Guðmundssonar, föður stefndu í máli þessu. Skiptin fóru fram samkvæmt beiðni þáverandi eigenda Hvols. Stefnandi vildi eigi una þessum skiptum, þar sem honum þótti mjög á sig hallað, og krafðist þess í bréfi til sýslumanns Skaftafellssýslu, dags. 2. febrúar 1952, að fram færu yfirskipti á landi jarðanna Hvols I (Suður-Hvols) og Hvols II (Norður-Hvols).

Með bréfi, dags. 29. apríl 1952, skipaði sýslumaður eftirtalda menn í yfirlandskiptanefndina:

Gísla Skaftason bónda, Lækjarbakka, Guðlaug Jónsson pakkhúsmann, Vík, Kjartan Leif Markússon búfræðing, Suður-Hvammi, Pál Pálsson bónda, Litlu-Heiði, og Björn Bjarnarson ráðunaut, Reykjavík, og var hann skipaður formaður nefndarinnar.

Yfirlandskiptanefndin framkvæmdi yfirlandskipti dagana 8., 9. og 10. maí 1952. Í yfirlandskiptagerðinni, sem dags. er 10. maí 1952, er þess í upphafi m. a. getið, að Kristján Bjarnason (stefnandi máls þessa) hefði lagt fram skrifleg mótmæli gegn því, að yfirskiptin færu fram á þessum tíma, þar sem hann teldi jörð ekki nægilega gróna og landgæði sjáist því illa. Enn fremur hafi hann krafizt þess, að flatarmál lands hvors aðilja um sig sé fært inn á kortið og fram tekið í skiptagerð. Enn fremur er þess getið, að lagt hafi verið fram bréf Eyjólfs Guðmundssonar (þáverandi eiganda Suður-Hvols), þar sem hann lýsti afstöðu sinni til fyrri skiptagerðar.

Síðan segir svo orðrétt í yfirlandskiptagerð þessari:

„Matsmenn ræddu við aðilja um málið, og komu þar fram kröfur þeirra og óskir. Síðan var landið athugað. Voru matsmenn allir sammála um það, þegar landstærðir og landgæði höfðu verið athuguð, að fella áður gerð landskipti úr gildi.

Land það, sem til skipta er tekið, er 715.68 ha. að flatarmáli. Heimrikvísl og ógróið land í sandgræðslugirðingu er ekki með

í útreikningi þessum. Flatarmál þess lands í sandgræðslugirðingu, sem gróður er í, er að stærð 55.08 ha.; flatarmál aurlendis, sem er með gróðri, er 141.64 ha., en stærð túna, beitilands og slægna er 518.96 ha. Landstærð alls 715.68 ha.

Matsmenn ákveða eftirfarandi skiptingu lands á milli jarðanna:

Hvoll I fær í sinn hluta 43.90 ha. gróið land í sandgræðslu, í aur 71.01 ha., tún, beitiland og slægjur 245.04 ha., eða alls 359.95 ha. Hvoll II fær í sinn hluta 11.18 ha. gróið land í sandgræðslu, aur 70.63 ha., tún, beitiland og slægjur 273.92 ha., eða alls 355.73 ha.

Áður talið land skiptist milli jarðanna með markalínum þeim, er hér greinir. Landamerki eru sett milli Hvols I og II frá vestur bakka Heimrikvíslar bein lína um 2 metra sunnan við heimreiðina á Hvoli II að marki, sem sett er sunnan við traðirnar. Þá gengur markalínan til suðurs yfir túnið að girðingarhorni og síðan eftir girðingunni, sem er í sömu stefnu og mörkin yfir túnið, 76 m. suður frá horninu, og er þar sett hornmark, þá ganga mörkin þvert til austurs, austur að læk, og yfir hann og síðan sömu stefnu eftir gömlum skurði að marki, sem sett er þar, sem lítill þurrkskurður kemur í gamla skurðinn, þá ganga mörkin til suðurs yfir túnin og allt til sjávar. Liggur þessi lína 38 m. fyrir austan fjárhús frá Hvoli I. Á þá Hvoll I allt land vestan framanskráðra marka, en Hvoll II fyrir austan. Engjamýri austan Heimrikvíslar, svokölluð Hvolsmýri, er skipt með línu hornrétt af austur mörkum jarðanna í merki á eystri bakka Heimrikvíslar. Liggur þessi lína 24 m. fyrir norðan norðaustur-horn fjárhústóftar. Fær Hvoll I efri hlutann, en Hvoll II þann neðri.

Þá er landinu vestan Heimrikvíslar að Klifanda neðan þjóðvegar skipt með línu úr marki við Klifanda beina stefnu yfir Hvolseyjar. Ytrikvísl og Miðeyjar á suðvesturhorn fjárhústóftar á eystri bakka Heimrikvíslar. Endar merkjalínan við mark á vestri bakka kvíslarinnar. Á Hvoll I neðri hlutann, en Hvoll II þann efri. Þá er öllu landi ofan nýja þjóðvegarins skipt með beinni línu, sem gengur úr marki settu 125 m. í austur frá vesturkanti svonefndrar Sólheimamýrar, þar sem þjóðvegurinn gengur inn á Ytri-kvíslaraurinn, og liggur þessi lína í markagirðingu á norðurtakmörkum í merki, sem þar er sett upp; merki þetta er 265 m. í vestur frá norðaustur horni landamerkjagirðingarinnar. Á Hvoll I land allt að austan, en Hvoll II að vestan.

Heimrikvísl frá þjóðvegi að merkjalínu þeirri, sem fyrst er

nefnd hér að framan, skal vera óskipt land, þar sem skiptanefnd lítur svo á, að ógerningur sé að halda þar uppi girðingu vegna staðhátta. Þó er landeigendum heimilt að girða eftir kvíslarfarveginum, og skal þá miður aur ráða. Aldrei má þó girða svo í Heimrikvísl, að landeigendur ekki hafi greiðan aðgang hver að sínu landi.

Efirfarandi atriði eru ákveðin þannig:

I. Girðingar meðfram þjóðveginum, sem liggur í gegnum landið, kosta báðir landeigendur að jöfnu, en viðhald hefur hvor fyrir sínu landi. Vinnu við sameignargirðingar, sem færa þarf á hin nýju mörk, kosta báðir að jöfnu. Sama gildir um aðrar markagirðingar, sem aðiljar kunna að setja á milli sín.

II. Vegurinn, sem liggur til sjávar, hinn svokallaði fjöru vegur, er heimill til umferðar fyrir ábúanda Hvols II til aðdráttar vegna fjörureka, sands og malartekju og öðrum þeim hlunnindum, sem fjaran kann að veita; annar flutningur er óheimill nema með samþykki eiganda Hvols I. Girðing Hvols tvö meðfram Eystrivegi færist svo löglegt sé.

III. Takist ekki samningar um eignaskipti á fjárhúsum og hlöðu þeirri, er Hvoll II á í Benshólma, skal ábúandi á Hvoli II taka það úr húsunum, er hann telur hagkvæmt fyrir sig og hafa lokið því ekki síðar en 1. des. 1952.

IV. Fjárrétt sú, er báðir eiga, skammt frá Hvoli I, skal falla undir þá jörð, en fjárhústóft á bakka Heimrikvíslar, sem Hvoll I átti fyrir skipti, skal falla undir Hvol II.

V. Reki og önnur hlunnindi, sem jörðunum fylgja, er sameign að jöfnu, svo sem verið hefur, eins og lög mæla fyrir.

VI. Þar sem landið á hverjum tíma getur eyðst af völdum vatns og sandfoks, er opin leið samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1941 til endurskipta; svo skal og vera um land, er upp grær ...".

Með yfirlandskiptagerð þessari var framkvæmd krossskipting á landinu, þannig að Hvoll I (Suður-Hvoll) fékk land að suðvestan og norðaustan, en Hvoll II (Norður-Hvoll) fékk land að suðaustan og norðvestan. Með krossskiptingu þessari eiga báðar jarðirnar lönd að ánni Klifandi. Hafa yfirlandskiptamenn skýrt nauðsyn krossskiptingarinnar þannig, að hún sé gerð til þess að koma í veg fyrir, að landbrot af völdum Klifandi bitni einvörðungu á annarri jörðinni, en hætta væri á slíku, ef aðeins önnur jörðin ætti land að ánni.

Stefnandi taldi yfirlandskiptagerð þessa þannig úr garði gerða, að hann gæti eigi við unað. Óskaði stefnandi þess því með bréfi til sýlumanns Skaftafellssýslu, dags. 25. maí 1952, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að skoða og meta lönd jarðanna Hvols I og Hvols II, svo sem þau voru ákveðin með nefndum yfirlandskiptum, og jafna saman jarðalöndum þessum að stærð og kostum og með hliðsjón af öðrum þeim atriðum, sem ákvörðuð voru í téðum yfirlandskiptum, til leiðbeininga um það, hvort yfirlandskipti þessi væru á réttum grundvelli gerð.

Verulegur dráttur varð á því, að matsmenn yrðu dómkvaddir samkvæmt þessari beiðni, því að það gerðist eigi fyrr en 6. maí 1954. Dómkvaddir voru þeir Sturla Friðriksson, mag. scient., og Ágúst Böðvarsson mælingamaður, Reykjavík.

Mats- og skoðunargerð þeirra Ágústs og Sturlu er dags. 10. marz 1955, og er hún byggð á skoðun og mælingum, er samtals tók 2 og ½ dag samkvæmt framburði Ágústs Böðvarssonar, er hann kom fyrir rétt til yfirheyrslu vegna matsgerðarinnar. Mats- og skoðunargerð þeirra Ágústs og Sturlu er í heild svohljóðandi:

„Hinn 6. maí s.l. vorum við undirritaðir Sturla Friðriksson og Ágúst Böðvarsson dómkvaddir af sýslumanni Skaftfellinga, Jóni Kjartanssyni, til þess að skoða, könnunarmæla og athuga lönd jarðanna Hvols I og Hvols II í Dyrhólahreppi og bera saman við yfirlandskiptin frá 10. maí 1952 og uppdrátt Ásgeirs L. Jónssonar frá ágúst 1950, sem yfirlandskipti jarðanna voru framkvæmd eftir, og gera skriflega álitsgerð um yfirlandskiptin, hvort eðlileg séu og hagkvæm og á réttum grundvelli byggð að okkar dómi.

Samkvæmt dómkvaðningu þessari höfum við gert athuganir á jörðunum og uppdrættinum, og er niðurstaða þeirra sem hér skal greina.

I. Skipting landsins.

Yfirmatið skiptir landinu þannig, að Hvoll I fékk í sinn hluta 43.90 ha. gróið land í sandgræðslu, í aur 71.01 ha., tún, beitiland og slægjur 245.04 ha., eða alls 359.95 ha. Hvoll II fékk í sinn hluta 11.18 ha. gróið land í sandgræðslu, aur 70.63 ha., tún, beitiland og slægjur 273.92 ha.

Við skipti þessi styðjast skiptaráðendur við uppdrátt Ásgeirs L. Jónssonar frá ágúst 1950.

Uppdrátt þennan höfum við skoðað og borið saman við land og loftljósmynd frá september 1945, og varð ekki séð nein

skekkja í honum. Gefur hann þá nákvæmni, sem mælikvarðinn leyfir, svo langt sem hann nær.

Uppdrátturinn nær hins vegar ekki að fullu tilgangi sínum sem landskiptakort, þar sem hann gerir ekki aðra greiningu landtegunda en milli aurs, sands og annars lands, því að samkvæmt 3. og 8. gr. landskiptalaganna frá 14. maí 1941 hlýtur landskiptauppdráttur að greina verðmætustu tegundir lands, og þótt það ef til vill megi telja ljóð á lögunum, að ekki séu gefnar fastar reglur um, hvernig greina skuli, eru þar þó nefnd tún, góðar engjar og annað sérstaklega verðmætt land.

Sama máli gegnir um greinargerð skiptaráðenda, að hún greinir ekki heldur milli túns, engja og annars sérstaklega verðmæts lands, og er það ærið tilefni til að vekja tortryggni landeigenda.

Til glöggvunar höfum við gert athuganir á landinu og skipt því eftir tegundum í eftirgreinda flokka.

1. Tún.
2. Nýrækt.
3. Valllendi.
4. Móa.
5. Rýrari móa.
6. Jaðar.
7. Mýri.
8. Aur.
9. Sandur.

Skipting hefur fallið þannig milli jarðanna.

HVOLL I.

	Fyrir skipti ha.	Eftir skipti ha.	% gróins lands eftir skipti
Tún	14.54	16.20	3.0
Nýrækt	engin	1.00	
Valllendi	jöfn afnot	26.60	4.6
Móa	—	88.50	15.4
Rýrari móa	—	92.40	16.2
Jaðar	—	20.90	3.6
Mýri	—	43.30	7.5
Gróið land samtals		288.90	50.3
Aur		71.01	
		Samtals	359.91

HVOLL II.

	Fyrir skipti ha.	Eftir skipti ha.	% gróins lands eftir skipti
Tún	15.10	13.44	2.3
Nýrækt	1.00	engin	
Valllendi	jöfn afn.	23.60	4.1
Mói	—	75.80	13.2
Rýrari mói	—	51.60	9.1
Jaðar	—	56.70	9.9
Mýri	—	64.00	11.1
Gróið land samtals		285.14	49.7
Aur		70.63	
		Samtals 355.77	

Til frekari athugana á landi jarðanna viðvíkjandi aðstöðu þeirra til búreksturs, og þá sérstaklega hvað kúahaga snertir, höfum við dregið á kortið hring um hvorn bæ fyrir sig með 1.5 km. geisla frá bæ og flokkað eftir tegundum það land, sem lendir innan þeirra takmarka. Teljum við æskilegt, að kúahaga þurfi ekki nauðsynlega að sækja utan þess svæðis.

Við athugun þessa kom í ljós, að Hvoll I á 71% af sínu gróðurlandi innan þessarar fjarlægðar, og þar af er um 11% mýri og jaðar, en 66% mólendi, eða um 135 ha. og helmingur þeirra betri mói. Hvoll II á aftur á móti 39% af gróðurlandi sínu innan þessarar fjarlægðar, og er þar af 50% mýri eða jaðar, en 22% mólendi, eða 24 ha., en af þessum 24 ha. er aðeins 5 ha. betri mói. Gefa þessar tölur til kynna, að hér er mikill mismunur á aðstöðu til nýtingar landsins, og hefur Hvoll II ekki jafna aðstöðu við Hvol I að þessu leyti og þó sérstaklega, hvað snertir kúahaga.

Af framangreindu ber að athuga.

1. Skipti túns eru ójöfn.
2. Nýrækt í Benshólma hefur að engu verið bætt, samanber 11. gr. landskiptalaganna.
3. Jöfn skipti annars nytjalands, svo sem mýrar og móa, eru mun erfiðari vegna legu, en jöfn skipti túns og nýræktar. Hafa skiptamenn heldur ekki tekið nægjanlega til greina við jöfnun þessa lands milli búanna fjarlægð helztu nytjalanda frá bæjunum vegna búreksturs og ábúendum ekki

verið sköpuð jöfn aðstaða til ræktunar, þar sem Hvoll I hefur fengið mestmegnis móa að heimalandi, en Hvoll II að mestu mýri.

4. Ekki kemur fram í skiptagerðinni, hvort land undir þjóðvegi og sýsluvegi sé tekið af óskiptu landi.
5. Í ákvörðun landamerkja Hvols I og II er gert ráð fyrir, að löndum sé skipt í sjó fram. Þó er annars vegar ekki tekið með til útreikninga við skipti ógróið land í sandgræðslugirðingu. Gætir hér ósamræmis, þar sem sama landi er ýmist skipt eða haft óskipt. Enda þótt hér sé að vísu um verðlítið land að ræða, getur ágreiningur skapazt um eignarrétt þess lands, er kann að gróa þar upp, auk annarra nytja landsins, þótt þær séu að vísu á öðrum stað taldar sameign.
6. Ekki er sjáanleg ástæða fyrir því, að eiganda Hvols II er vísað burt með fjárhús og hlöðu úr Benshólma endurgjaldslaust, ef samningar ekki hafi tekizt um eignaskipti, eins og kveðið er á í skiptagerðinni. Þar eð skiptanefnd fannst ástæða til að taka upp samninga um skipti á húsunum vegna verðmætis þeirra, var ástæðulaust að leggja það í vald annars aðilans að skaða hinn með flutningaskyldunni, heldur álítum við, að skiptanefnd hefði átt að ákveða sjálf skiptin og jafna verðmætin með mati.
7. Ástæða þykir til athugunar, hvort eigendur telji sér ekki hagkvæmara að skipta Heimrikvísl, þar sem grundvöllur fyrir umferðarrétti um kvíslina er fallinn burtu með flutningi sýsluvegar.

Þess skal getið til skýringar á skiptingu lands í gróðursvæði, að ekki er unnt að draga afmarkaða línu milli þeirra, þar sem jaðrar svæðanna eru ógreinilegir og skörp mörk ekki til. Er oft blandaður gróður á stórum svæðum, og verður ávallt matsatriði, hvernig flokka skuli.

Til frekari skýringar á hinum ýmsu gróðursvæðum, sem hér um ræðir, skal tekið fram:

1. Tún er gamalræktað graslendi.
2. Nýrækt er tún að fyrstu árum ræktunar.
3. Valllendi er frjótt þurrlendi, þar sem grastegundir eru aðalgróðurinn og þar sem þær vaxa í þéttum, samfelldum breiðum.
4. Mói er fremur ófrjótt þurrlendi, venjulega þýft. Þar ríkir móasef, þursaskegg og sauðvingull.

5. Rýrari mói. Ófrjórri eða með grynnri jarðveg en mói. Aðalgróður er þar lyng, sef og mosi.
6. Jaðar er belti milli votlendis og þurrlendis. Gróður er þar blanda af grösum og hálfgrösum. Nokkuð ber þar á hrossanál.
7. Mýri er misjafnlega þýft deiglendi, þar sem aðalgróðurinn er starir, einkum mýrarstör. Einnig er þar nokkur elfting og fífa.

Fleiri atriði yfirskriftanna sjáum við ekki ástæðu til að gagnrýna".

Er mats- og skoðunargerð þessi lá fyrir, höfðaði stefnandi mál fyrir aukadómþingi Skaftafellssýslu með stefnu, útgefinni 6. maí 1955, til ógildingar yfirlandskiptagerðinni frá 10. maí 1952. Féll dómur í málinu hinn 10. október 1956 og var á þá lund, að yfirlandskiptagerðin frá 10. maí 1952 var úr gildi felld, þótt sú ógilding væri eigi byggð á fyrrnefndri mats- og skoðunargerð frá 10. marz 1955. Málinu til glöggvunar þykir óhjákvæmilegt að vitna í forsendur héraðsdómsins, en þar segir m. a. á þessa leið:

„... Áreið fór fram dagana 17. og 18. f. m. Var allt land beggja jarðarhluta samkvæmt yfirlandskiptagerðinni skoðað, og þykir rétt að benda á eftirtalin atriði:

1. Við skoðun á heimatúnum kom í ljós, að tún beggja jarðarhluta eru mismunandi að gæðum. Syðsti hluti túnanna er mjög sendinn og liggur undir sandágangi. Einnig gætir votlendis á stöku stöðum í túnum beggja jarðarhluta, þó meira í hluta Hvols I. Þýfi er á litlum bletti í túni Hvols II. Ekki verður talið, að á hallist verulega milli jarðarhlutanna um hina votlendu bletti í heimatúnum, þótt þeir séu aðeins meiri í túni Hvols I, eins og að framan greinir, en jarðvegur er mun rýrari í miklum hluta heimatúns Hvols I, þar sem hann er mjög sendinn. Miklu stærra svæði af heimatúni Hvols I liggur undir sandágangi en af heimatúni Hvols II. Eigi verður talið, að svo mjög hallist á um skipti heimatúna sem álitsgerð þeirra Ágústs og Sturlu gefur til kynna. Telja hinir sérfróðu meðdómsmenn, að láta muni nærri, að gæðamunur heimatúna vegi á móti stærðarmun þeirra.

2. Nýrækt í Benshólma.

Samkvæmt framburði grasafræðingsins Sturlu Friðrikssonar var nýræktarbletturinn í Benshólma í lélegri rækt, er skoðun fór fram, og sást þar ekki erlent sáðgresi. Við skoðun dómenda, er áreið fór fram, þótti bera þar töluvert á votlendisgróðri, og

telja hinir sérfróðu meðdómsmenn blett þennan sízt betri en ýmsa aðra slægjubletti í Hvolseyjum og Miðeyjum, sem ekki eru skilgreindir sem tún í álitsgerðinni.

3. Skipting annars lands.

Í yfirlandskiptagerðinni er tún, beitiland og slægjur hvors jarðarhluta talið saman. Af því fær Hvoll I samtals 273.92 hektara. Aurlendi skiptist nokkuð jafnt, en Hvoll I fær af grónu landi í sandgræðslu 55.08 hektara á móti 11.18 hekturum, sem Hvoll II fær. Í álitsgerðinni á dskj. nr. 3 er land það, sem flokkað er í yfirlandskiptagerðinni sem tún, beitiland og slægjur, flokkað í 7 flokka, og er gróið land í sandgræðslu talið þar með (sem mói). Enda þótt skipting landsins í gróðursvæði í álitsgerðinni sé ónákvæm, þar sem erfitt er að greina mörk gróðursvæða og mælingar ónákvæmar, þá veitir hún og gróðurkortið á dskj. nr. 4 óneitanlega nokkurt yfirlit um gróðurfarið á landinu. Við athugun landsins var höfð hliðsjón af álitsgerðinni og gróðurkortinu og gerður samanburður á því og landinu sjálfu, og kom þá í ljós, að nokkurs misræmis gætti milli korts og lands, ekki hvað sízt í norðvesturhluta þess.

Athugun dómenda á vettvangi með hliðsjón af framangreindum gögnum sýnir, að við skipti á beitilandi og slægjum, að meðtöldu grónu landi í sandgræðslu, hallast ekki verulega á milli jarðarhlutanna um valllendi og betri móa. Af rýrari móa hefur Hvoll I fengið mun meira, um 40 hektara samkvæmt álitsgerðinni. Athugun á vettvangi leiddi í ljós, að það er sízt oftalið. Af jaðri hefur Hvoll II fengið mun meira land en Hvoll I og sömuleiðis mun meira af mýri. Enda þótt alltaf sé nokkurt matsatriði, hvort betur sé fallið til beitar og ræktunar mýri og jaðar annars vegar og rýrari mói hins vegar, er það augljóst, að sá rýrari mói, sem hér um ræðir, getur með engu móti talizt betra, eða a. m. k. svo mikið betra land en jaðar og mýri, að af þeim sökum halli á Hvol II. Ekki verður fallizt á þá skoðun stefnanda, sem byggist á áliti skoðunarmanna, að nauðsynlegt sé að færa inn á skiptakort gróðurfarslýsingu, enda er hlutverk landskiptamanna að meta landið eftir gróðurfari, jarðvegi, legu og öðrum aðstæðum, eftir að þeir hafa sjálfir skoðað landið.

Eins og að framan er getið, telur stefnandi með vísan til álits skoðunarmanna, að aðstaða Hvols II sé ekki jöfn aðstöðu Hvols I, sérstaklega hvað snertir kúahaga. Telur hann æskilegt, að kúahagar séu ekki lengra en 1500 metra frá hvorum bæ um sig. Hafa

skoðunarmennirnir dregið hringi umhverfis bæina með þessari fjarlægð með radius. Telja þeir, að 71 hundraðshluti af gróðurlendi Hvols I (um 200 hektarar) sé innan þessarar fjarlægðar. Af því sé um 67 hektarar rýrari móa, um 67 hektarar betri móa og um 22 hektarar mýri. Hins vegar sé aðeins 39 hundraðshlutar af gróðurlendi Hvols II (um 112 hektarar) innan þessarar sömu fjarlægðar. Af því telja þeir 19 hektara rýrari móa, 5 hektara betri móa, en um 54 hektara mýri. Telja þeir, að hallað sé á Hvol II í þessu efni. Aðspurðir í vitnaleiðslu, hvað þeir telji kúahaga, telur Sturla það vera betri móa, valllendi og jaðar, en Ágúst telur það jafnan matsatriði, hvað af hinum ýmsu tegundum lands megi telja kúahaga, og telur sig ekki geta sagt, hve mikið af landi því, sem innan hringanna er, séu kúahagar. Í framburði Sturlu kemur óbeinlínis fram, að rýrari móa geti ekki talizt til kúahaga að hans dómi. Sé rýrari móa ekki reiknaður með, koma í hlut Hvols II, samkvæmt útreikningum skoðunarmanna, 93 hektarar af gróðurlendi innan hringsins, en í hlut Hvols I 133 hektarar. Er því um allmikinn stærðarmun að ræða. Hins vegar er það álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að meginið af þeim móa syðst í Miðeyjum og Hvolseyjum, sem á gróðurkorti skoðunarmanna er flokkað sem betri móa, geti ekki nema að litlu leyti talizt nothæfir kúahagar. Ljóst má og telja, að hægt sé að draga hringi í ýmsum fjarlægðum frá bæjunum og fá þannig ýmis konar skiptingu lands í gróðursvæði innan þeirra, mismunandi hagkvæma hvorum aðilja, eftir því frá hvaða sjónarhóli er litið.

Þykir því, þegar á allt er litið, ekki neinn verulegur munur á aðstöðu Hvols I og Hvols II, hvað snertir kúahaga.

Eftir athugun á landkostum jarðanna og öllum aðstæðum, er það samróma álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að heildarniðurstaða samanburðar á landgæðum og aðstöðu til búrekstrar á báðum jarðarhlutunum samkvæmt yfirlandskiptagerðinni sé sú, að ekki halli svo á stefnanda í neinum verulegum atriðum, að rifting landskipta verði á því byggð.

Kemur þá til athugunar, hvort nokkrir þeir gallar séu að öðru leyti á landskiptunum, að varða beri ógildingu þeirra.

Svo sem greint er frá hér að framan, eru báðir bakkar Heimrikvíslar farvegarins hafðir sem landamerki milli jarðarhlutanna samkvæmt yfirlandskiptagerðinni, en farvegurinn sjálfur látinn vera óskipt land. Eru þau landamerki allt frá þjóðvegi og suður undir heimreið að Hvoli II. Er það um 2.4 kílómetra vegalengd.

Breidd farvegarins er mjög mismunandi, allt frá 40 metrum upp í 180 metra og bakkarnir báðum megin í ótal bugðum alla þessa vegalengd. Í yfirlandskiptagerðinni segir, að þessi hluti Heimrikvíslar skuli vera óskipt land, „þar sem skiptanefnd lítur svo á, að ógerningur sé að halda þar uppi girðingu vegna staðhátta. Þó er landeigendum heimilt að girða eftir kvíslarfarveginum, og skal þá miður aur ráða. Aldrei má þó girða svo í Heimrikvísl, að landeigendur hafi ekki greiðan aðgang hver að sínu landi". Ákvæði þessi gera það að verkum, að landeigendur verða annaðhvort að girða hvor sinn bakka farvegarins eða girða í miðjum aur. Hvor leiðin sem farin er, gerir óhjákvæmilegt, að markagirðing á þessum mörkum verði í ótal hlykkjum. Er það samróma álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að engin nauðsyn hafi borið til að láta þennan forna og þurra vatnsfarveg ráða mörkum, og verður því að telja, að ákvörðun landamerkja á þennan hátt sé ekki í samræmi við 2. mgr. 10. gr. landskiptalaganna. Mun láta nærri, að þessi mörk við farveginn séu helmingur sameiginlegra marka milli jarðarhlutanna, og er þá miðað við báða bakka.

Ákvæði yfirlandskiptagerðarinnar um heimild til girðingar eftir miðjum aur og ákvæði um, að aldrei megi girða svo í Heimrikvísl, að landeigendur ekki hafi greiðan aðgang hvor að sínu landi, verða vart talin samrýmanleg. Ef markagirðingin þvert yfir landið ætti að skera girðingu eftir miðjum aur, þyrfti a. m. k. 3 hlið á girðingarnar við skurðarpunktinn til að hægt væri að komast milli landshlutanna. Sú aðstaða mundi að vísu ekki hindra mannaferðir þar um, en mundi gera rekstur búfjár þar mjög erfiðan. Vafasamt má telja, hvort heimilt er, eftir orðalagi yfirlandskiptagerðarinnar, að girða þvert yfir aurinn. Yrði það ekki talið heimilt, er ákvæðið um heimild til girðingar í miðjum aur þýðingarlaust, þar sem opið yrði á lönd beggja aðilja, ef markagirðingar þeirra þvert yfir landið ættu að enda á bökkum Heimrikvíslar. Til að fyrirbyggja það, yrði því einnig að girða báða bakka. Ágreiningur hefur þegar skapazt af ákvæði þessu.

Auk þess að ákvæðið um landamerki á bökkum farvegs Heimrikvíslar er andstætt 2. mgr. 10. gr. landskiptalaganna, þykir það og ákvæðin um heimild til girðingar í farveginum, óhentug, óeðlileg og báðum aðiljum mjög óhagkvæm, og verður heldur eigi komið auga á neinar ástæður, er réttlæti þetta fyrirkomulag.

Með yfirlandskiptagerðinni er landi jarðarinnar neðan (sunnan) þjóðvegar skipt með krossskiptingu, þannig að Hvoll I fær suðvestur hlutann og norðaustur hlutann, en Hvoll II fær suð-

austur hlutann og norðvestur hlutann. Fyrir ofan þjóðveg er landinu skipt í tvo hluta með beinni línu, þannig að hluti Hvols I er að austanverðu, en hluti Hvols II að vestanverðu. Engar ástæður eða röksemdir eru tilgreindar í yfirlandskiptagerðinni fyrir áðurgreindri krossskiptingu neðan þjóðvegar.

Slík skipting, sem auk þess að vera gagnstæð ákvæði 1. mgr. 10. gr. landskiptalaganna, er í fyllsta máta óeðlileg og báðum aðiljum óhagkvæm. Erfiðleikum þeim, sem krossskiptingin skapar ábúendum beggja jarðarhluta, hefur að nokkru verið lýst að framan í sambandi við ákvæði yfirlandskiptanna um girðingar í farveginum. Með aukinni ræktun landsins eykst umferðarþörfin að sjálfsögðu milli landshlutanna, og því tilfinnanlegra verður óhagræði vegna skiptanna, eftir því sem frá líður og bú væntanlega stækka.

Rekstur búfjár af syðri hlutum jarðanna á hina nyrðri og öfugt hlýtur að verða mjög miklum erfiðleikum bundinn, hvort sem girt er á bökkum Heimrikvíslar eða í miðjum aur. Er ein afleiðing krossskiptingarinnar og girðingarákvæða þeirra, sem henni eru samfara, sú, að alltaf þarf að reka búfé um 2 hlið, til að því verði komið milli landshluta hvors ábúanda um sig neðan þjóðvegar. Með þessum hætti á landskiptum beinist öll umferð milli jarðarhlutanna á einn ákveðinn blett í Heimrikvíslarfarveginum, en þar eru aðstæður þannig, að ófærð getur auðveldlega skapazt að vetri til vegna snjóa og krapa, en farvegurinn er á þessum stað einna þrengstur og nokkuð djúpur. Þykir augljóst, að þarna geti orðið algert samgöngubann og séu þá eigi aðrar leiðir tiltækar en að fara marga kílómetra krók eftir sýsluvegi og þjóðvegi eða fara yfir land hins jarðarhlutans. Önnur afleiðing krossskiptanna er sú, að mörk milli jarðarhlutanna lengjast að mun umfram það, sem nauðsynlegt væri miðað við skipti í tvo samfellda hluti.

Kemur þá til álita, hvort skipting jarðarinnar í samræmi við ákvæði 1. mgr. 10. gr. landskiptalaganna sé gerleg, þannig að samræmi verði milli heildarlandstærðar og landgæða beggja jarðarhlutanna.

Heimatún og aðalbyggingar beggja jarðarhlutanna eru syðst í landinu austan miðju. Austasti hluti jarðarinnar (Heimamýri, Hvolsmýri) er að mestum hluta mýrlendi. Syðsti hluti Hvolseyja (vestast) og Miðeyja er mólendi. Miðbik Hvolseyja og Miðeyja er votlent, en bakkar þurrlendir, mestmegnis móar og vallendi. Um miðbik Miðeyja er mikið af sléttum túngæfum slægj-

um. Nyrzti hluti Hvolseyja og Miðeyja sunnan þjóðvegar er að meirihluta til vontlent ásamt nokkru af móum og valllendi. Land ofan þjóðvegar er að mestu leyti móar og jaðar, ásamt lítt grónum aurum. Ber þess að geta, að nyrðri hluti Hvolseyja er mun votlendari en gróðurfarsmerkingar á dskj. nr. 4 gefa til kynna.

Aðalregla landskiptalaganna um framkvæmd landskipta felst í 10. gr. þeirra. Kemur og beinlínis fram í upphafi 3. gr. sömu laga, að ekki er til þess ætlazt, að skipti hljóti að vera jöfn að stærðum, heldur eigi stærð og landgæði að metast saman, þannig að rýrara land skuli jafnast með stærra flatarmáli og öfugt.

Athugun dómenda á vettvangi, með hliðsjón af yfirlandskiptagerðinni sjálfri og álitsgerðinni á dskj. nr. 3, þykir hafa leitt í ljós, að eigi sé fært að skipta landinu þannig milli beggja aðilja, að hvor um sig fái nákvæmlega jafnmikið af sams konar gróðurlendi nema með skákaskiptingu. Hafi krossskiptingin haft þann tilgang, hefur hann ekki náðst með henni nema að litlu leyti. Telja verður aðalannmarka þess, að landinu verði skipt í samhengi út frá heimatúnum aðilja, þann, að austurhluti landsins er mestmegnis mýrlendi, en neðsti hluti Hvolseyja og Miðeyja þurrir móar. Með krossskiptingum hefur ekki tekizt að jafna þann mun mólendis og mýrlendis, sem landshættir syðst á jörðinni óhjákvæmilega hafa í för með sér. Þykir ljóst, að landkostir á ofanverðri jörðinni neðan þjóðvegar séu svo breytilegir, að unnt muni að ná allgóðum jöfnuði milli beggja jarðarhluta, hvað snertir einstaka gróðurflokka, að undanskildum þeim mismun, sem er á landi austur og vestur af túnum bæjanna, en slíkur munur hlýtur að vera í öllum skiptum nema skákaskiptum. Þykir því sýnilegt, að möguleikar séu fyrir samfelldri skiptingu landsins neðan þjóðvegar, án þess að meira misræmis gæti milli einstakra landtegunda en nú er samkvæmt krossskiptum yfirlandskiptanna. Krossskiptin geta því eigi talizt ná þeim tilgangi að jafna áðurgreint misræmi, enda nær krossskiptingin ekki til þess lands, sem er grundvöllur misræmisins, mólendisins að suðvestanverðu.

Rétt þykir í þessu sambandi að geta þess samróma álits meðdómsmannanna, að vegna framtíðarnotkunar landsins verði að gæta þess að skapa ekki óhagræði það, sem krossskipting hefur í för með sér, þótt hún kynni að veita nokkru meiri jöfnuð milli hinna einstöku gróðursvæða. Beri þess að gæta, að allur efri hluti landsins neðan þjóðvegar sé í aðalatriðum með líka jarðvegseiginleika og raunverulegt verðmæti því svipað við framtíðarræktun.

Er það eindregið álit meðdómsmannanna, að skammsýn sjónarmið eða stundarhagsmunir, ef til vill ímyndaðir, verði að víkja fyrir skynsamlegri úrlausn, sem miðist við framtíðarhagsmuni beggja aðilja eða þeirra, sem við eiga að taka.

Samkvæmt framangreindu og með hliðsjón af upphafsákvæði 3. gr. landskiptalaganna þykir mega slá því föstu, að bútun landsins í fleiri hluta samkvæmt yfirlandskiptagerðinni með þeim óheppilegu afleiðingum, sem að framan er lýst, sé með öllu þarflaus og brjóti því í bága við grundvallarákvæði landskiptalaganna um framkvæmd landskipta.

Með hinni krókóttu og óheppilegu landamerkjalínu við Heimrikvíslarfarveg og krossskiptingu landsins, sem hvorttveggja er með öllu þarflaust, er ákvæði yfirlandskiptanna í beinni andstöðu við 1. og 2. mgr. 10. gr. landskiptalaga nr. 46/1941.

Nokkur fleiri atriði þykja athugaverð í sambandi við framkvæmd yfirlandskiptanna og yfirlandskiptagerðina.

1. Hvorki í landskiptagerð eða yfirskiptagerð er gerð nein grein fyrir, hvaða jarðamat hafi verið lagt til grundvallar við skiptin né að nokkur skilríki hafi verið lögð fram um eignarhlutföll. Sýnilega er gengið út frá helmingaskiptum. Með framlagningu veðbókarvottorðanna á dskj. nr. 78 og 79 verður ljóst, að veðmálabækur bera það ekki með sér, að helmingaskipti séu eða eigi að vera. Við flutning málsins var út frá því gengið af umboðsmönnum beggja aðilja, að helmingaskipti hefðu verið á landinu að öðru leyti en ræktun. Mun því engin deila hafa verið um þetta atriði. Ástæða hefði þó verið til að geta sérstaklega um þetta atriði við landskipti eða yfirlandskipti, þar sem veðmálabækur sýndu ekki þau eignarhlutföll, sem skipti síðan eru byggð á.

2. Ekki er þess getið í landskiptagerð eða yfirlandskiptagerð, hvort mörk Hvolsjarða annars vegar og aðliggjandi jarða hins vegar séu eða hafi verið ágreiningslaus, né heldur, hvort Hvolsland sé eða hafi verið með löglegum landamerkjum aðgreint frá frá landi nærliggjandi jarða, sbr. 9. gr. laga nr. 46/1941. Samkvæmt vottorði sýslumanns Skaftafellssýslu á dskj. nr. 82 hefur verið ágreiningur um landamerki Hvols, þ. e. staðsetningu hornmarks milli Brekknajarða, Steigar og Hvols, en hornmark þetta kveður hann einnig vera hliðarmark fyrir Álftagrófarlandi. Með símskeyti frá sýslumanni Skaftafellssýslu á dskj. nr. 83 er því lýst yfir, að ágreiningur þessi hafi nú verið jafnaður. Stefnandi máls þessa neitar því, að ágreiningurinn sé jafnaður, þar sem

hann hafi aldrei samþykkt eða undirskrifað neitt um það. Hvort sem sá ágreiningur er nú úr sögunni eða ekki, er ljóst af vottorði sýslumanns Skaftafellssýslu á dskj. nr. 82, að ágreiningur hafi verið um mörk Hvols og aðliggjandi jarða. Hefur bæði landskiptamönnum og yfirlandskiptamönnum því láðst að rannsaka það atriði, svo sem 9. gr. laga nr. 46/1941 býður.

Samkvæmt landamerkjalýsingu Hvols á dskj. nr. 80 er ljóst, að mörk Hvolsjarða að vestanverðu (við Pétursey) eru í beinni línu, eða a. m. k. að mestu í beinni línu. Á landskiptakortinu á dskj. nr. 85 eru engin slík bein mörk færð inn að vestan, og sama er að segja um gróðurkortið á dskj. nr. 4. Á kortum þessum eru ekki aðrar línur dregnar að vestanverðu en þær, sem marka aura Klifandi ásamt nokkrum girðingum, en engin þeirra lína getur fallið saman við línu þá, sem dskj. nr. 80 fjallar um sem vesturmörk Hvols. Það kemur því alls ekki fram af skjölum málsins, að landskiptamenn eða yfirlandskiptamenn hafi gengið úr skugga um, hver væri landamerki jarðarinnar að vestan, og bendir samanburður á dskj. nr. 4 og nr. 85 annars vegar og dskj. nr. 80 hins vegar til þess, að landskiptamönnum hafi ekki verið vesturmörk jarðarinnar fyllilega ljós.

3. Ekki er þess heldur getið í landskiptagerð eða yfirlandskiptagerð, að leitað hafi verið upplýsinga um réttindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja eða nokkrum hluta þess. Var þó ærið tilefni þess, þar sem stefnandi hélt því fram í greinargerð sinni í sambandi við landskiptin (fylgiskjal með dskj. nr. 76), að sameignarlandinu fylgi 50 þúsund króna sjóður, sem Alþingi hafi veitt Hvolsjörðum til varnargarða gegn ágangi Hafursár. Samkvæmt vottorði sýslumanns Skaftafellssýslu á dskj. nr. 81 hefur hann skipt þessu fé í september 1950 eftir ósk beggja ábúenda Hvols, Eyjólfs Guðmundssonar og Kristjáns Bjarnasonar, að því er sýslumaður telur í vottorði sínu. Stefnandi máls þessa kveðst aldrei hafa samþykkt þau skipti, enda mótmælt skiptun fjárins fyrr en í sambandi við landskipti. Í máli þessu hefur ekki verið gerð krafa um ógildingu á skiptum sjóðs þessa, og verður því engin afstaða tekin til, hvort þau hafi verið í samræmi við skipulagsskrá sjóðsins eða ákvæði fjárlaga. Hins vegar verður að telja það mjög stórfelldan galla á yfirlandskiptagerðinni, að ekki skuli þar vera vikið að svo stóru atriði sem fimmtíu þúsund króna sjóði, sem jörð þeirra tilheyrir, sem skipta á, eða a. m. k. gæti komið til með að tilheyra.

4. Í yfirlandskiptagerðinni er öllu landi í sandgræðslu skipt,

en aðeins nokkur hluti þess talinn með í tölulegum útreikningum.

Með vísan til þess, sem að framan hefur verið rakið, þykir af þeim ástæðum bera að fella úr gildi yfirlandskiptin á Hvoli frá 10. maí 1952 ...".

Hér lýkur tilvitnun í dóm aukaþings Skaftafellssýslu frá 10. október 1956. Þessum dómi áfrýjuðu forráðamenn Suður-Hvols til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1957. Gekk dómur þar í málinu hinn 23. maí 1960, enda hafði dómur í yfirlandskiptamálinu fyrir Hæstarétti verið látinn bíða þess, að fullnaðardómur gengi í landamerkjamáli, sem upp hafði komið milli Hvols og aðliggjandi jarða. Undirréttardómurinn í landamerkjamálinu var uppkveðinn í merkjadómi Skaftafellssýslu hinn 19. desember 1959, en Hæstaréttardómurinn hinn 5. maí 1960.

Víkur nú aftur sögunni að dómi Hæstaréttar í yfirlandskiptamálinu, sem upp var kveðinn hinn 23. maí 1960, svo sem áður getur. Í dómi þessum er það tekið fram, að yfirlandskiptamennirnir hafi komið fyrir dóm hinn 19. apríl 1958 og gert grein fyrir skiptagerð sinni. Segir svo um það efni í dóminum:

„... Eru þeir á einu máli um, að krossskipting sú á landinu, sem gerð var við yfirlandskiptin, hafi verið nauðsynleg til að koma í veg fyrir, að ágangur af Klifandi mæddi allur á annari jörðinni. Með því að láta báðar jarðirnar fá land að ánni, hafi áhættunni af ágangi hennar verið jafnað á þær. Í öðru lagi hafa flestir þeirra lýst það skoðun sína, að þar sem landgæði jarðarinnar séu að mun meiri á austurhluta hennar, hafi verið á því mikil vandkvæði eða jafnvel ógerningur að skipta henni þannig, að í hluta annars aðiljans kæmi samfellt land að vestanverðu, en hins að austanverðu. Hættu á spjöllum af sandfoki kveða yfirlandskiptamenn vera með öllum suðurhluta Hvolslands, og þar sem Hvoll I (Suður-Hvoll) hafi hlotið þar meira land, sé sandfokshætta þar þeim mun meiri. Við yfirlandskiptin hafi verið tekið tillit bæði til hættu af sandfoki og ágangs Klifandi á landið ...".

Síðan segir svo í forsendum dómsins:

„... Að því er varðar svonefnda krossskiptingu landsins, hafa yfirlandskiptamenn með framanskráðri umsögn sinni fært veigamikil rök að því, að sanngjörn skipting landsins milli aðilja hefði trauðla náðst með öðrum hætti. Þykir þessi skiptatilhögun því ekki út af fyrir sig eiga að valda riftun á yfirlandskiptagerðinni. Þá má og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms fallast á það álit héraðsdómenda, að ekki séu fram komin rök

fyrir því, að aðiljum hafi verið mismunað, miðað við landgæði og aðstöðu til búrekstrar. Verður skiptunum því ekki heldur hnekkt af þeirri ástæðu.

Í yfirlandskiptagerðinni er þess getið, að skiptin taki ekki til Heimrikvíslar og ógróins lands í sandgræðslugirðingu. Þá ber yfirlandskiptagerðin það og með sér, að skiptin taka ekki til alls lands jarðarinnar að vestan og norðvestan. Gagnáfrýjandi hefur gagnrýnt þessa framkvæmd á yfirlandskiptunum og krafizt, að landskiptin verði látin taka til þessara óskiptu svæða.

Yfirlandskiptamenn virðast ekki hafa talið rétt að skipta öðru en grónu landi í sandgræðslugirðingunni. Klifandiaurana kveða þeir sig hafa talið einskis nýtt land og því ekki tekið þá með til skipta. Þá hafa þeir og lýst því, að þeir hafi talið aðiljum hagkvæmara að hafa Heimrikvísl óskipta vegna umferðar og þar sem hún einnig nýttist þannig betur til skjóls og aðgangs að vatni fyrir búpening.

Þar sem bein krafa hefur komið fram um skiptingu á nefndum svæðum og þau verða ekki undanskilin skiptum samkvæmt ákvæðum landskiptalaga nr. 46/1941, sbr. einkum 3. og 12. gr. þeirra, þá ber að framkvæma skiptingu þeirra. Ákveða má þó aðiljum umferðarrétt, eftir því sem nauðsyn þykir til bera. Með því að óvíst er, hvort unnt sé að framkvæma hagkvæm og réttlát skipti á svæðum þessum án þess að hagga að einhverju leyti þegar framkvæmdum skiptum, þá verður ekki hjá því komizt að fella yfirlandskiptagerðina frá 10. maí 1952 úr gildi og leggja fyrir yfirlandskiptamenn að taka skiptin upp að nýju samkvæmt því, sem að framan var rakið ...".

Að fyrirlagi Hæstaréttar með dómi þessum framkvæmdi yfirlandskiptanefnd ný landskipti með landskiptagerð 26. júlí 1960. Í þeirri landskiptagerð segir svo að loknum inngangsorðum:

„... Til þess að fullnægja þessum ákvæðum komu yfirlandskiptamenn saman að Suður-Hvoli mánudaginn 25. júlí 1960.

Hlutaðeigandi aðilum hafði áður verið tilkynntur skiptafundurinn, og mætti Guðmundur Eyjólfsson fyrir hönd Hvols I, en fyrir Hvol II var enginn mættur, og var þá haft samband við Kristján Bjarnason, eiganda Hvols II, á heimili hans.

Afhenti hann formanni skiptanefndar í votta viðurvist 4 bréf, þar sem hann meðal annars mótmælir því, að þessir landskiptamenn framkvæmi frekari skipti á Hvolsjörðum.

Skiptanefndin var sammála um að hafa þau mótmæli að engu, en hefja þegar framkvæmd og ljúka þeim samkvæmt fyrirskipun

Hæstaréttar. Við landskiptin var notaður uppdráttur sá, sem Hæstiréttur ákvað að láta gjöra og var gerður af Þóri Jónssyni, verkfræðingi.

Voru svo landskiptin gjörð þannig:

Mörk eru sett milli Hvols I og Hvols II í mörkum við Hrygg og Skeiðflatarland í vestur yfir Heima-mýri, þar eftir markaskurði, þar til marklínan sker merkjaskurðstefnu þá, sem liggur yfir Miðeyjar, eftir þeirri stefnu yfir vegarslóða á Heimrikvíslaraur. Beygir markalínan í suður eftir vegarslóðanum suður Kvíslaraurinn í girðingu, þar sem vegurinn liggur þvert upp úr Kvíslaraurnum upp í sýsluveginn. Svo áfram eftir fyrrnefndri girðingu í suður, í hornmark í Kvíslaraurnum, beygir þá til austurs upp úr aurnum, sunnan heimreiðar Hvols II. Liggur svo markið eftir girðingunni í girðingarhorn sunnar heimreiðarinnar. Beygir síðan í suður eftir uppsettri markagirðingu í horn við markaskurð. Liggur sá skurður í austur, þar til hann beygir til suðurs. Að honum enduðum tekur við markagirðing, sem liggur í sömu stefnu, og frá girðingarenda liggur markið í sömu stefnu til sjávar. Á Hvoll II allt land sunnan og austan þessara takmarka að Hryggja og Vestur-Húsa landi, en Hvoll I allt land vestan áður nefndrar línu að markalínu þeirri, sem takmarkast að norðan af markaskurðarstefnu yfir Miðeyjar, Ytri-kvísl og Hvolseyjar, og framlengist markalínan í sömu stefnu yfir aura Klifandi í markalínu milli Péturseyjar og Hvols, á Hvoll I allt land sunnan þessarar línu í sjó fram. Merki milli Hvols I og Hvols II er sett 283 m í vestur frá norðaustur horni landamerkjagirðingar Steigar og Hvols og Krókjarða. Frá því merki er dregin bein markalína til suðurs í skurðenda og eftir skurðinum að þjóðvegi.

Fylgir svo veginum í suðaustur þar til 80 m eru að eystri bakka Heimrikvíslar, þverbeygir markið þar suður yfir þjóðveginn og fylgir 289 m langri girðingu, sem er þar í kvíslaraurnum. Beygir girðingin þar lítið eitt, og fylgir markið henni í hornstólpa.

Frá honum er beint mark í annan hornstólpa um 760 m sunnar í Kvíslaraurnum. Stendur sá hornstólpi vestan svonefnds Krókbakka. Liggur markið svo eftir uppsettri girðingu 78 m í suðaustur. Beygir þar eftir sömu girðingu 202 m í suður og enn áfram eftir girðingunni 81 m í uppsetta vörðu, sem er 28.5 m frá skurðenda þess, er liggur í mörkum yfir Heima-mýri. Mörkin fylgja síðan markaskurðinum yfir Heima-mýri austur í Hryggjarmörk. Á Hvoll eitt allt land innan þessara marka að Hryggja,

Skeiðflatar, Ketilsstaða- og Steigarmörkum. Vestan áður nefndrar markalínu á Hvoll II allt land, suður að markaskurðinum, sem liggur um Miðeyjar og Hvolseyjar, Ytri-kvísl og Klifandiaura, að Péturseyjarlandi að vestan Holts, Álftagrófar og Keldudals að norðan.

Önnur ákvæði viðvíkjandi landskiptum þessum ákveður skiptanefndin þannig:

I. Fjárrétt og húsatættur, sem standa á landi hvorrar jarðar, skal vera eign þess, sem land á, sem rétt og tættur standa á, eftir skiptin.

II. Viðhald girðinga hefir hvor aðili fyrir sínu landi.

III. Umferð ákveðst svo: Óhindraður umferðarréttur fyrir báða aðila skal vera frá horni sýsluvegar við túnhorn Norður-Hvols, um vegslóðann þvert út í Heimrikvísl og eftir honum í mörkum upp kvíslina að þvermörkum milli markaskurða, þannig að hvor aðili hafi óhindraðan aðgang að sínu landi. Þar sem vegslóði þessi liggur í mörkum heimilast landeigendum ekki, hvorum um sig, að girða nær slóðanum en 4 m frá honum.

IV. Vegurinn, sem liggur til sjávar, hinn svokallaði fjöruvegur, er heimill til umferðar vegna sjávar- og fjöruhlunninda. Öll önnur umferð er óheimil vegna uppgræðslu landsins.

Skiptum lokið".

Stefnandi taldi yfirlandskipti þessi lögleysu, bæði að efni til og formi, þar sem yfirlandskiptamennirnir hefðu ekki verið skipaðir til starfans með nýrri dómkvaðningu, heldur fundið það upp hjá sjálfum sér að framkvæma svokölluð „framhaldsyfirlandskipti", eins og það var orðað í sóknarskjölum stefnanda á sínum tíma. Auk þess taldi stefnandi skiptagerð þessa brjóta í bága við 2. mgr. 10. gr. landskiptalaganna nr. 46/1941, þar sem hin nýja landamerkjalína væri dregin í mörgum hlykkjum og hornum niður Heimrikvíslina andstætt nefndu lagaákvæði. Sitthvað fleira hafði stefnandi við skiptagerð þessa að athuga, enda taldi hann mjög á sig hallað í henni, en ekki þykir efni til að rekja það nánar hér.

Hinn 21. ágúst 1960 birtist í dagblaðinu Tímanum nafnlaus grein með undirskriftinni „Mýrdælingur". Í grein þessari, sem bar heitið „Þess skal getið, sem gert er", er veitzt allharkalega að stefnanda vegna landskiptamálanna. Stefnandi taldi einn yfirlandskiptamannanna, Kjartan Leif Markússon, vera höfund þessarar greinar. Af þessum sökum svo og því, að stefnandi taldi yfir-

landskiptanefndina hafa verið vilhalla í gerðum sínum með þeim Suður-Hvolsmönnum, höfðaði hann á ný mál fyrir aukadómþingi Skaftafellssýslu með stefnu, útgefinni 23. marz 1961, til ógildingar á skiptagerðinni frá 26. júlí 1960. Dómur aukaþings Skaftafellssýslu í máli þessu gekk hinn 5. janúar 1963. Með honum var yfirlandskiptagerðin frá 26. júlí 1960 felld úr gildi, þar sem rétturinn leit svo á, að Kjartan Leifur Markússon hefði vikið sér undan að koma fyrir sétt í málinu til skýrslugjafar án lögmætra forfalla. Segir um þetta atriði svo í forsendum héraðsdómsins: „... Með þeirri vanrækslu og framkomu sinni að öðru leyti undir rekstri dómsmáls út af yfirlandskiptum telst Kjartan Leifur Markússon hafa sýnt vanhæfni til að inna af hendi hlutlaust það trúnaðarstarf, sem honum var falið með fyrrgreindri dómkvaðningu, að varða beri óhæfi hans til starfans, sbr. 141. gr. laga nr. 85/1936".

Þessari niðurstöðu vildu forsvarsmenn Suður-Hvols eigi una og skutu dóminum til Hæstaréttar. Hæstiréttur felldi dóm í málinu hinn 24. febrúar 1964, og var undirréttardómurinn staðfestur. Í forsendum dóms Hæstaréttar segir svo:

„... Að fyrirlagi Hæstaréttar í dómi 23. maí 1960 framkvæmdi yfirlandskiptanefnd ný landskipti með landskiptagerð 26. júlí 1960. Stefndi hefur haldið því fram, að einn yfirlandskiptamannanna, Kjartan L. Markússon, hafi ritað grein þá, er birtist í dagblaðinu Tímanum hinn 21. ágúst 1960, og er efni hennar rakið í héraðsdómi, að því er hér skiptir máli. Með vætti Óskars Jónssonar, sem greint er í héraðsdómi, hefur stefndi fært veigamiklar líkur að því, að Kjartani sé rétt eignuð grein þessi. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir af hendi stefnda hefur Kjartan færzt undan að gefa hrein og glögg svör við því, hvort hann sé höfundur greinarinnar. Að svo vöxnu máli og þar sem ummæli í greininni eru þess eðlis, að þau samrýmast ekki starfi hlutlauss yfirlandskiptamanns, þá ber þegar af þeirri ástæðu að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Er þá jafnframt samkvæmt 141. gr. laga nr. 85/1936 lagt fyrir hinn reglulega héraðsdómara að skipa yfirlandskiptamann í stað Kjartans L. Markússonar. Ber yfirlandskiptanefnd þannig skipaðri að framkvæma yfirskipti ...".

Eftir að þessi dómur Hæstaréttar hafði verið felldur, var skipaður nýr yfirlandskiptamaður í stað Kjartans Leifs Markússonar. Var það Siggeir Björnsson bóndi, Holti á Síðu. Útnefning hans var gerð með bréfi sýslumanns Skaftafellssýslu frá 7. marz 1964.

Yfirlandskiptamennirnir framkvæmdu skiptin hinn 14. nóvember 1964, og er yfirlandskiptagerð þeirra svohljóðandi:

„Þann 14. nóv. 1964 voru eftirtaldir menn samankomnir að Suður-Hvoli í Dyrhólahreppi að fyrirlagi Hæstaréttar til þess að framkvæma yfirlandskipti á Hvolsjörðum, sbr. dóm Hæstaréttar í málinu nr. 16/1963. Með frekari tilvísun er vísað til málsins nr. 3/1956. Til þess að framkvæma yfirskiptin hafa verið dómkvaddir:

Gísli Skaftason, bóndi, Lækjarbakka, Guðlaugur Jónsson, pakkhúsmaður, Vík, Mýrdal, Páll Pálsson, bóndi, Litlu-Heiði, Siggeir Björnsson, bóndi, Holti á Síðu, Björn Bjarnarson, ráðunautur, Reykjavík, og er síðast talinn skipaður formaður skiptanefndar.

Um útnefningu yfirskiptamanna vísast til bréfs sýslumanna Skaftafellssýslu, dags. 29. apríl 1952 og 7. marz 1964.

Formaður yfirlandskiptanefndar boði aðila til yfirlandskipta að Suður-Hvoli laugardaginn 14. nóv. 1964 með ábyrgðarbréfum, póstlögðum í Reykjavík, laugardaginn 7. nóv. 1964. Yfirlandskiptamenn og aðilar komu saman að Suður-Hvoli á tilsettum tíma, og voru allir yfirlandskiptamennirnir mættir. Fyrir Suður-Hvol voru mættir Guðmundur Eyjólfsson, Sigurður Eyjólfsson og með þeim Egill Sigurgeirsson hrl. Fyrir Norður-Hvol voru mættir Kristján Bjarnason, Baldur Jóhannesson og með þeim Þorvaldur Lúðvíksson hrl. Ennfremur voru á vegum Kristjáns Bjarnasonar mættir Þorlákur Björnsson, bóndi, Eyjarhólum, og Jón Jónsson, loftskeytamaður, Vík í Mýrdal.

Formaður yfirlandskiptanefndar setti fundinn og reifaði í stuttu máli fyrri landskipti og dóma Hæstaréttar viðvíkjandi þeim.

Þá gat hann þess, að Kristján Bjarnason hefði tvívegis átt viðtal við sig á s.l. vori og í síðara skiptið með Baldri Jóhannessyni og þá sýnt mér tillöguuppdrætti til landskipta á Hvolsjörðum. Gat Kristján þess þá, að leitað yrði sætta í málinu. Ákvað ég þá að taka ekki landskiptin fyrir að svo stöddu, svo að aðilum gæfist kostur að ræða þessi mál frekar. Þegar hér var komið máli, óskaði Kristján Bjarnason bókuð mótmæli gegn því, að yfirlandskiptin færu fram nú, þar sem hann teldi yfirlandskiptamenn ekki fullnægja ákvæðum laga um að vera hæfir og óvilhallir til að framkvæma yfirlandskiptin, að undanteknum yfirlandskiptamanni þeim, er dómkvaddur var 7. marz 1964, enda hefir Kristján komið mótmælum þessum á framfæri við sýslumann og óskað úrskurðar hans.

Ákveði hins vegar yfirlandskiptamenn, að skipti skuli nú fram fara, muni hann mæta til að skýra sjónarmið sín, þó að hann telji sig óbundinn af þeim skiptum.

Lögmaður Suður-Hvols mótmælir framangreindri bókun og gerir þá kröfu, að skiptin fari fram nú.

Formaður spurði aðila, hvort að nokkrar líkur væru til samkomulags og gaf aðilum hálftíma frest, er síðan var framlengdur um 10 mínútur, og viku yfirlandskiptamenn af fundi, meðan aðilar ræddu málið.

Að loknum þessum tíma yfirlýsti lögmaður Suður-Hvols, að hann teldi frekari samkomulagstilraunir þýðingarlausar. Lögmaður Norður-Hvols lýsti því yfir, að Kristján Bjarnason væri reiðubúinn að ræða sættir frekara.

Framanritað var lesið upp í heild og játað rétt bókað.

Þorvaldur Lúðvíksson (sign). Egill Sigurgeirsson (sign).

Því næstu viku allir af fundi.

Yfirlandskiptanefndin var sammála um, að nægur tími hefði átt að vera til sáttaumleitana, og þar sem lögmaður Suður-Hvols hefði lýst yfir, að frekari samkomulagstilraunir væru þýðingarlausar, ákvað nefndin að skipta landinu, svo sem Hæstiréttur hefði fyrirskipað. Aðilar voru kvaddir á fund að loknu matarhléi, og var þeim kynnt ákvörðun nefndarinnar um, að landskiptin myndu þá þegar framkvæmd. Því næst var landið sérstaklega skoðað af Siggeiri í fylgd formanns landskiptanefndar ásamt aðilum og þeim, er þeir kusu að taka með sér. Einstök landsvæði var farið um af landskiptanefndinni allri.

Að því búnu var farið heim að Suður-Hvoli, og tilkynnti formaður yfirlandskiptanefndar aðilum þá, að nefndin myndi starfa að málinu annars staðar, og var þá aðilum gefinn kostur á því að skýra sjónarmið sín og koma fram með þær athugasemdir, sem þeir óskuðu eftir að koma á framfæri, sem efnislega eru svo: Þorvaldur Lúðvíksson, lögmaður Kristjáns Bjarnasonar, lagði fram uppdrátt af landi Hvolsjarða, sem inn á voru færðar tillögur um landskipti, sem Baldur Jóhannesson hafði gert. Baldur Jóhannesson skýrði uppdráttinn fyrir skiptamönnum. Jafnframt óskaði lögmaðurinn eftir, að upplýsingar yrðu gefnar um túnstærð Hvolsjarða fyrir og eftir skiptin.

Lögmaður Suður-Hvols, Egill Sigurgeirsson, benti á, að dómsniðurstaða Hæstaréttar hefði hvergi haggað niðurstöðum yfir-

landskiptagerðar, hvað landstærð, landgæði og aðstöðu til búskapar snerti, og taldi hann, að Hæstiréttur hefði gefið landskiptanefnd skýr fyrirmæli um að hagga ekki að ófyrirsynju þegar gerðum landskiptum. Þorvaldur Lúðvíksson tók fram, að þar sem fyrri landskipti væru úr gildi felld, þá hefði nefndin óbundnar hendur til skiptanna.

Nefndin fór síðan að Lækjarbakka í Reynishverfi og vann þar að landskiptagerð. Við landskiptin var notaður uppdráttur sá, er Hæstiréttur hafði látið gera og sem fylgir eftirfarandi yfirlandskiptagerð: Mörk eru sett milli Hvols I og Hvols II í mörkum við Hryggjarland í vestur eftir skurðgröfuskurði, við vesturenda hans beygja mörkin lítið eitt og liggja í uppsett merki 28.5 m í vestur frá áðurnefndum skurðenda (á korti merkt A). Þar eftir liggur merkjalínan 10 m í norðvestur í skurðstefnu þá, er liggur yfir Miðeyjar (á korti punkturinn merktur B). Beygir þar niður eftir Heimrikvísl í horn, og er lína þessi 127 m á lengd, og er hornmarkið 8 m frá vestri bakka Heimrikvíslar (merkt C). Beygir línan þar suður eftir kvíslaraurnum í girðingu, sem liggur yfir kvíslina í punkt (merkt D), sem er 43 m eftir girðingarstefnu frá vesturbakka kvíslarinnar.

Þverbeygja mörkin í austur upp úr aurnum sunnan heimreiðar Hvols II. Liggur svo markið eftir girðingunni í girðingarhorn sunnan heimreiðarinnar. Beygir síðan í suður eftir uppsettri markagirðingu í horn við markaskurð. Liggur sá skurður í austur, en þverbeygir síðan til suðurs, og fylgja mörkin honum. Að honum enduðum tekur við markagirðing með sömu stefnu, og frá girðingarenda framlengjast mörkin með sömu stefnu beint til sjávar.

Hvoll II á allt land sunnan og austan áðurnefndra marka að Hryggja- og Vestur-Húsalandi, en Hvoll I á allt land vestan áðurnefndrar línu að markalínu þeirri, sem liggur úr punkti B eftir skurði í norðvestur yfir Miðeyjar sömu stefnu áfram yfir Ytri-kvísl og Hvolseyjar, yfir Klifandiaur í mörk Péturseyjar. Á Hvoll I allt land sunnan þessarar línu til sjávar. Mörk eru sett á milli Hvols I og II úr punkti A á Heimrikvísl, og liggur markalínan 272 m í norður eftir kvíslinni, og er punkturinn (merktur E) 13 m austur frá uppsettri girðingu undir Krókbakka, beygir síðan í vestur eftir girðingunni, þar til hún þverbeygir til norðurs (merkt F) eftir kvíslaraurnum (í punkt G), og er lína þessi 760 m á lengd, beygir þá í punkt H, sem er neðan þjóðvegar, og er hann 123 metrum fyrir vestan mörk við Ketilsstaðaland, mælt með-

fram þjóðvegi. Hvoll I á land austan markalínu þessarar neðan þjóðvegar að Ketilsstaðarlandi og norðan marka þeirra, er getur fyrst í skiptagerð þessari.

Hvoll II á land neðan þjóðvegar að áðurnefndri markalínu í efri hluta Heimrikvíslar norðan fyrrnefndrar markalínu yfir Miðeyjar, Hvolseyjar og aurinn að landi Péturseyjar.

Landinu norðan þjóðvegar er skipt með línu úr uppsettu merki á norðurmörkum Hvolsjarða, og er það 289 m vestan norðaustur hornmarks landamerkjagirðingar Steigar, Hvols og Króksfjarða og liggur í suður í skurðenda norðan þjóðvegar, fylgir síðan skurðinum að þjóðvegi. Á Hvoll I allt land austan línu þessarar, en Hvoll II vestan hennar. Er þar með öllu landi Hvolsjarða skipt.

Önnur atriði viðvíkjandi landskiptum þessum ákveður skiptanefnd þannig:

1. Fjárrétt og húsatættur, sem standa á landi hvorrar jarðar, skal vera eign þess, sem land það á, sem rétt og tættur standa við á eftir skiptin.
2. Nýjar girðingar á mörkum og girðingar, sem flytja þarf til þeirra vegna, skulu báðir aðilar kosta að jöfnu, og skal því lokið á fardögum árið 1965. Setja skal hlið á mörkum austan við merki A á kortinu til umferðar fyrir Hvol I inn á sitt land. Annað hlið skal setja milli punktanna A og B á kortinu til umferðar fyrir Hvol II inn á sitt land. Þriðja hliðið skal setja á línu þá, er liggur á milli B og C, og má hliðið ekki vera fjær en 20 m. Er hlið þetta fyrir Hvol I. Um umbúnað girðinga og viðhald þeirra fer svo sem girðingalög mæla fyrir um.
3. Umferð um landið ákveðst þannig: Til þess að komast inn á lönd sín skal hvor aðili fara á sínu landi, og ber Hvoli I umferðarréttur um hliðin sunnan við B og austan við A milli landa sinna.
   Vegurinn, sem liggur til sjávar, hinn svokallaði fjöruvegur, er báðum aðilum heimill til sjávar- og fjöruhlunninda. Öll önnur umferð er óheimil vegna uppgræðslu landsins.
4. Reki og önnur hlunnindi eru óskipt, svo sem landslög mæla fyrir um.
5. Skiptanefndin felur formanni sínum að útvega hæfan mann til að færa skiptapunkta þá, sem skiptagerð þessi og landskiptakort tilgreina, inn á landið.

6. Kostnaður sá, er verður á skiptagerð þessari, skiptist jafnt milli aðila samkvæmt landskiptalögum.

Skiptum lokið.

Lækjarbakka, 15. nóvember 1964".

Yfirlandskiptamennirnir hafa allir komið fyrir dóm og staðfest yfirlandskiptagerðina. Verður nú rakið efni framburða þeirra.

Yfirlandskiptamaðurinn Siggeir Björnsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi komið að Norður- og Suður-Hvoli, daginn áður en skiptin fóru fram, til þess að kynna sér sjónarmið aðiljanna og aðstæður. Hafi stefnandi málsins þá verið í Reykjavík, og kvaðst Siggeir ekki hafa vitað betur en Björn Bjarnarson, formaður yfirlandskiptanefndarinnar, hafi bent stefnanda á að fá einhvern mann til að fara með honum um land Hvolsjarðanna þennan dag, þ. e. hinn 13. nóvember 1964, en það hafi ekki verið gert.

Siggeir kvað yfirlandskiptanefndina hafa byrjað skoðun á landinu eftir hádegi hinn 14. nóvember 1964. Hafi aðstaða til skoðunar verið góð, dumbungsveður, og hafi skoðuninni verið lokið, áður en rokkið varð. Hann kvaðst hafa skoðað allt land Hvolsjarða, þannig að hann hafi fengið ágætt yfirlit yfir landið. Þetta hafi hann sumpart gert í fylgd með allri yfirlandskiptanefndinni ásamt stefnanda málsins og þáverandi lögfræðingi hans, Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni. Hafi þeir farið um landið í tveimur bílum og hann ekið öðrum þeirra, en í honum hafi auk stefnanda og nefnds lögfræðings hans verið formaður yfirlandskiptanefndarinnar, Björn Bjarnarson. Sumpart kvaðst Siggeir hafa skoðað landið í fylgd Björns Bjarnarsonar.

Siggeir sagði, að ekki hefði tekið að snjóa, fyrr en skoðun var lokið og þeir skiptamenn hafi verið byrjaðir að semja gerðina. Í réttarhaldinu spurði lögmaður stefnanda Siggeir Björnsson að því, hvort yfirlandskiptanefndin við skiptin 14. nóvember 1964 hafi með skírskotun til hæstaréttardómsins frá 1960 einbeitt sér að skiptum á ógrónu landi og öðru landi, sem óskipt hafi verið við landskiptin 1952.

Siggeir svaraði þessu þannig: „Mér var það fyllilega ljóst, að hér var um ný landskipti að ræða, en með skírskotun til hæstaréttardóms frá 1960 og að eigin mati taldi ég viðurhlutamikið að breyta mikið frá fyrri skiptum".

Siggeir kvaðst hafa verið í fasteignamatsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu og tekið þátt í mati allra jarða í sýslunni og sé hann því vanur slíkum störfum.

Yfirlandskiptamaðurinn Gísli Júlíus Skaftason hefur skýrt svo frá, að þeir yfirlandskiptamennirnir muni hafa byrjað að fara yfir landið eftir kl. eitt hinn 14. nóvember 1964 og hafi þeir haldið skoðuninni áfram, meðan bjart var, og hafi henni lokið, meðan bjart var. Hann kvað ágæta aðstöðu hafa verið til skoðunar, er skiptin fóru fram, bjart yfir og auð jörð. Hann kvað alla yfirlandskiptanefndina hafa farið yfir allt land Hvolsjarða, en Siggeir Björnsson og Björn Bjarnarson hafi skoðað landið rækilegar en aðrir. Gísli tók það fram, að Siggeir Björnsson muni hafa verið kominn á staðinn fyrr um daginn, sem skoðunin fór fram.

Yfirlandskiptamaðurinn Guðlaugur Gunnar Jónsson hefur skýrt svo frá, að daginn, sem skoðað var, hafi landskiptanefndin komið að Hvoli kl. 1000 um morguninn, en skoðunin hafi ekki byrjað fyrr en kl. eitt um daginn. Hann kvað aðstöðu til skoðunar hafa verið góða. Hafi jörð verið auð og ekki hafi verið orðið rokkið, meðan á skiptunum stóð. Hann kvað landskiptanefndina alla hafa farið norður eftir Heimrikvíslaraurum í bílum og farið út úr þeim og skoðað landið til beggja handa eftir því sem þurfa þótti, alla leið norður í endamörk. Síðan hafi verið farið suður Hvolseyjar að þjóðveginum, en þaðan hafi Björn Bjarnarson og Siggeir Björnsson farið suður eftir Klifandibökkum og skoðað þá. Enn fremur sagði hann Siggeir Björnsson, Björn Bjarnarson og Gísla Skaftason hafa skoðað tún Hvolsbæja og landið sunnan þeirra.

Yfirlandskiptamaðurinn Páll Pálsson hefur skýrt svo frá, að skoðunin hafi byrjað eftir hádegi og henni hafi lokið, þegar tók að skyggja. Hann sagði aðstöðu til skoðunar hafa verið sæmilega og ágæta til að byrja með. Hafi jörð verið auð, en seinni part dags, um fjögur eða fimm leytið, hafi gert krapadembu, en varla gránað í rót. Hins vegar hafi snjóað um kvöldið, er skoðun var lokið. Hann kvað landskiptanefndina alla hafa skoðað landið frá Hvolsbæjum og alla leið norður í endamörk. Ekki mundi hann fyrir víst, hvaða leið hefði verið farin, en minnti, að farið hefði verið upp Heimrikvíslaraur og hafi verið farið í bifreiðum. Hann kvað landið fyrir norðan þjóðveg hafa verið skoðað af allri yfirlandskiptanefndinni. Hins vegar taldi hann, að Siggeir Björnsson og Björn Bjarnarson hefðu einir skoðað Klifandibakka sunnan þjóðvegar. Enn fremur hafi þrír yfirlandskiptamennirnir, þeir Björn, Gísli og Siggeir, skoðað tún og annað land sunnan Hvols-

bæja, en sjálfur hafi hann og Guðlaugur Jónsson dvalið heima á Suður-Hvoli á meðan, því að þeir hafi þekkt landsvæði þetta svo vel og margsinnis skoðað það áður, að eigi hafi verið talin þörf á því, að þeir færu. Páll taldi, að Siggeir og Björn Bjarnarson hefðu skoðað landið ýtarlegar en aðrir. Hann sagði, að í för þessari hefði fyrst og fremst verið lögð áherzla á að sýna Siggeir landið og til þess hefði hann notið leiðsagnar formanns yfirlandskiptanefndarinnar og stefnanda að einhverju leyti.

Björn Bjarnarson, formaður yfirlandskiptanefndarinnar, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið búinn að biðja Siggeir Björnsson að fara á vettvang á undan hinum yfirlandskiptamönnunum til þess að kynna sér staðhætti og sjónarmið málsaðilja, áður en hin raunverulega vettvangsganga færi fram. Hafi Siggeir gert það hinn 13. nóvember 1964, en stefnandi málsins hafi þá verið staddur í Reykjavík.

Björn kvað vettvangsgönguna hafa hafizt strax eftir matinn hinn 14. nóvember 1964. Ekki mundi hann að tímasetja þetta nánar, en sagði, að reynt hefði verið að flýta sér út eftir matinn og vera kunni, að klukkan hafi verið eitt eða tekin að halla í tvö. Björn lýsti vettvangsgöngunni þannig, að farið hefði verið frá Hvoli I (Suður-Hvoli) niður á sandinn. Þaðan hafi verið ekið vestur sandinn og löndin skoðuð fyrir ofan hann. Eftir það hafi verið ekið í austur og austur fyrir markagirðingu þá, er liggur til sjávar á landskiptakortinu, og sandarnir og löndin þar fyrir ofan skoðuð, þar á meðal túnin. Eftir það hafi verið ekið aftur heim á leið og síðan norður Heimrikvísl. Ekki mundi hann hversu oft hefði verið stanzað á leiðinni norður Heimrikvísl að þjóðveginum, en það muni hafa verið einum tvisvar eða þrisvar sinnum, sem farið hafi verið út úr bílnum og landið skoðað til beggja handa. Þegar komið hafi verið að þjóðveginum, hafi verið ekið spöl vestur hann og út af honum til norðurs og skoðuð löndin fyrir norðan þjóðveginn. Síðan hafi verið ekið suður Hafursáraura niður á þjóðveg aftur og bílarnir skildir þar eftir. Síðan hafi hann gengið með Siggeiri Björnssyni suður Klifandibakka niður að mörkum Hvols I og Hvols II, eða niður fyrir þau. Eftir gönguna á Klifandibökkum hafi verið farið í bílana enn á ný og hafi næst verið stanzað á þjóðveginum einhvers staðar fyrir austan Norður-Hvol og þeir þá skoðað svæðið fyrir sunnan og norðan veginn. Eftir þetta hafi verið ekið heim að Suður-Hvoli. Björn kvaðst hafa gert sér far um að sjá til þess, að Siggeir

Björnsson fengi sem bezta heildarsýn af landinu, og innt hann eftir því að vettvangsgöngunni lokinni, hvort svo væri, og hafi Siggeir játað því.

Björn sagði, að farið hefði verið á tveim bílum á vettvang í umrætt sinn. Hafi hann verið í öðrum bílnum ásamt stefnanda, þáverandi lögmanni hans, Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni, og Siggeir Björnssyni, sem hafi ekið. Björn kvað jörð hafa verið auða, þegar vettvangsgangan fór fram, gott skyggni og tæplega verið farið að bregða birtu við lok hennar. Hins vegar hafi byrjað að snjóa um kvöldið, en það hafi ekki verið fyr~ en eftir vettvangsgöngu. Ekki mundi Björn eftir því, hvort komið hefði krapaskúr um það leyti, sem vettvangsgöngu var að ljúka, en tók fram, að það hafi engu spillt.

Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður, sem var lögmaður stefnanda, þegar umrædd yfirlandskipti fóru fram, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið staddur á Hvoli, þegar yfirlandskiptamennirnir fóru á vettvang haustið 1964. Hafi verið farið bæði á jeppabílum og gangandi. Lagt hafi verið upp einhvern tíma eftir hádegið, einhvern tíma um tvö eða þrjú leytið, en jafnframt tók hann fram, að hann væri farinn að „gleyma þessu svo mikið". Þorvaldur lýsti vettvangsgöngunni þannig, að hann taldi, að farið hefði verið á tveim bílum og hafi verið byrjað á því að aka norður eftir Heimrikvísl. Minnti hann, að stanzað hefði verið einu sinni og skyggnzt um á leiðinni norður að þjóðvegi. Síðan hafi verið gengið norður yfir þjóðveginn og landið þar fyrir norðan skoðað. Næst minnti hann, að ekið hefði verið suður eftir landinu, en mundi ekki hvaða leið, og hafi fjörurnar þá verið skoðaðar og landið norður af þeim. Hann minnist þess ekki, að Klifandibakkar hefðu verið skoðaðir, en þó megi vel vera, að svo hafi verið. Hann kvaðst minnast þess, að verið hefði kalt, meðan vettvangsgangan stóð yfir, og hafi verið byrjað að bregða birtu undir lok hennar og hafi þá komið krapahríð og gránað í rót. Þorvaldur kvaðst ekki muna betur en jörð hafi verið auð, þegar vettvangsgangan hófst.

Vitnið Baldur Jóhannesson, tengdasonur stefnanda, hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann hafi verið staddur á Hvoli, daginn sem vettvangsgangan fór fram. Hann kvað vettvangsferðina hafa hafizt upp úr hádegi hinn 14. nóvember 1964 og taldi, að klukkan hefði verið farin að halla í tvö. Hafi verið farið í tveim bílum, og var hann í aftari bílnum með Suður-Hvolsmönnum, en í fremri bílnum hafi verið þeir Björn Bjarnarson,

Siggeir Björnsson, stefnandi og lögmaður hans, Þorvaldur Lúðvíksson. Vitnið lýsti vettvangsferðinni í stórum dráttum þannig, að farið hefði verið frá Suður-Hvoli fram á móa við Klifandi, sem er eign Suður-Hvols. Þar hafi verið stanzað og gengið um. Síðan verið ekið meðfram fjörunni austur í sandgræðsluna alveg austur undir Hryggjakvísl. Í sandgræðslunni hafi verið stanzað og gengið þar alveg um. Síðan hafi verið ekið að Suður-Hvoli og þaðan til norðurs, að því er vitnið minnti upp Heimrikvísl og norður fyrir þjóðveg. Síðan hafi verið stanzað í Hafursáraurum í norðurhluta landsins, þar sem eru móar og aurar, og gengið hafi verið þar um landið. Síðan hafi verið ekið suður á þjóðveg aftur. Þar hafi verið stanzað og beðið í bílnum, meðan Björn Bjarnarson og Siggeir Björnsson hafi gengið suður eftir Klifandibökkum, tveir einir. Hafi þá verið byrjað að rökkva og enn fremur verið komin slydda. Vitnið mundi það ekki nákvæmlega, hvort komið hafi verið snjóföl á jörð, þegar vettvangsgöngunni lauk, eða hvort það hafi komið eftir það. Vitnið sagði, að þann dag, sem vettvangsskoðunin fór fram, hafi verið heldur þungbúið, en bjart, meðan farið hafi verið á syðri hluta landsins. Hann kvað túnin ekki hafa verið skoðuð í þessari vettvangsgöngu.

Vitnið Jón Jónsson loftskeytamaður, Vík, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið staddur á Suður-Hvoli, þegar vettvangsgangan fór fram, en ekki tekið þátt í henni. Vitnið gat ekki sagt um það nákvæmlega, hvenær vettvangsgangan hófst, en það hafi verið eftir hádegi, kannski hálf þrjú, kannski fyrr. Vitnið kvaðst hafa farið út á tröppur á Suður-Hvoli, þegar vettvangsgangan hófst. Hafi þá verið frostlaust og slydduhríð. Hafi þá verið gránað í rót og sporrækt á tröppunum í slyddubleytu. Vitninu var bent á það, sem önnur vitni hefðu borið um veðrið við upphaf vettvangsgöngunnar, og tók vitnið þá fram, að fyrir sínum hugskotssjónum hafi verið komin slydda, þegar gangan hófst, „en nú séu að vísu liðin um það bil þrjú ár síðan“. Vitnið kvaðst ekkert hafa farið út úr bænum, meðan á vettvangsgöngunni stóð, og gat ekki gizkað á það, hversu langan tíma hún hefði tekið, en það hafi verið orðið dimmt, þegar þeir komu aftur.

Við lok yfirheyrslunnar á þessu vitni tók það sérstaklega fram í sambandi við vætti sitt, að nú væri langur tími umliðinn, síðan fyrrnefndir atburðir gerðust, og erfitt sé að treysta algerlega á minnið.

Yfirheyrslur í máli þessu fóru fram í febrúar, júní og júlí 1967.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt fyrir-

mælum Hæstaréttar með dóminum frá 24. febrúar 1964 hafi héraðsdómarinn með bréfi 7. marz 1964 skipað nýjan mann til að taka við sæti hins vanhæfa manns í yfirlandskiptanefndinni. Þar sem hinn vanhæfi maður hafi átt sæti í yfirlandskiptanefndinni frá upphafi, þá hafi nefndinni að sjálfsögðu borið að taka landskiptin í heild upp frá grunni. Einkum hafi brýn skylda hvílt á hinum nýja landskiptamanni, Siggeiri Björnssyni, að kynna sér nákvæmlega alla landkosti og gera sér sjálfstætt sem gleggsta grein fyrir því, á hvern hátt réttlátum og óvilhöllum skiptum yrði komið á. Hafi þessi skylda hans verið því ríkari sem fullkomin ástæða hafi verið til að ætla, að hinn vanhæfi yfirlandskiptamaður hafi allt frá upphafi lagt sig fram um að gera hlut stefnanda sem lakastan og haft áhrif á meðnefndarmenn sína í þá átt, eins og skiptin öll hafi greinilega borið með sér. Stefnandi heldur því hins vegar fram, að Siggeir Björnsson hafi brugðizt þessari skyldu, þar sem hann hafi eigi skoðað landið nógu nákvæmlega, þannig að hann, sem var ókunnugur á þessum slóðum, gæti gert sér nægilega grein fyrir landkostum og gróðurfari jarðarinnar. Hann hafi ekki skoðað nema örlítinn hluta landsins, og þó einkum ógróið land, og telur stefnandi, að hann hafi því alls ekki verið fær um að taka þátt í heildarskiptum landsins, svo sem Hæstiréttur hafi mælt fyrir um, og þar af leiðandi hafi vilji Hæstaréttar um ný landskipti eigi náð fram að ganga. Í umrætt sinn hafi skoðunin hafizt eftir hádegi hinn 14. nóvember 1964. Samkvæmt framburði yfirlandskiptamannanna hafi henni verið lokið, áður en rokkið hafi verið. Hún hafi því eigi getað staðið lengur en tvo og hálfan til þrjá klukkutíma, því að samkvæmt útreikningum í almanaki Hins íslenzka þjóðvinafélags um árið 1964, bls. 13, sbr. bls. 23, hafi sólarlag á þessum slóðum hinn 14. nóvember 1964 verið kl. 1517. Hafi því örugglega verið farið að rökkva um kl. 1600. Það liggi í augum uppi, að ekki lengri skoðun á landi, sem er um eitt þúsund hektarar að stærð, sé alsendis ófullnægjandi til þess að kynna sér landkosti það vel, að unnt sé að byggja á því réttláta skiptingu landsins. Enda bendir stefnandi á, að jafnan, þegar land þetta hafi verið skoðað áður í sambandi við mál þetta, hafi sú skoðun tekið mun lengri tíma, milli tvo til þrjá daga, hvort heldur hafi verið dómendur, matsmenn eða skiptamenn, sem skoðað hafi. Enn fremur bendir stefnandi á, að skoðun landsins á þessum árstíma hljóti að taka mun lengri tíma heldur en ef skoðun hefði farið fram á eðlilegum tíma, þ. e. að sumarlagi. Enda telur stefnandi

skoðun á þessum árstíma hafa ákaflega takmarkað gildi. Enn fremur bendir stefnandi á, að byrjað hafi verið að snjóa, meðan skoðunin stóð yfir, og vitnar hann í því sambandi til vottorðs frá Veðurstofu Íslands um veður í Vík í Mýrdal hinn 14. nóvember 1964. Samkvæmt vottorði þessu er veður kl. 8000 NV 5, skýjað, skyggni 10—20 km, hiti 2.8° C. Kl. 1400 logn, snjókoma, skyggni ½—1 km, hiti 2.0° C. Kl. 2000 NA 5, skýjað, snjókoma milli athugana, skyggni 0—50 m, hiti 0.4° C. Í veðurvottorðinu er einnig tekið fram, að „úrkoma á tímabilinu frá kl. 8000 þ. 14. til kl. 8000 þ. 15. mældist 1.1 mm. Hluti af þeirri úrkomu féll nóttina milli 14. og 15.“.

Engar veðurathuganir munu hafa farið fram á Loftsölum þetta haust sakir veikinda veðurathugunarmanns.

Stefnandi telur, að þar sem Siggeir Björnsson hafi eigi skoðað landið nógu gaumgæfilega í umrætt sinn, beri þegar af þeirri ástæðu að fella úr gildi yfirlandskiptagerðina frá 14. nóvember 1964. En auk þessa telur stefnandi marga galla aðra á skiptagerðinni, er hljóti að valda ógildi hennar. Þannig hafi yfirlandskiptanefndin þverskallast við þeirri kröfu stefnanda, að gefin yrði upp í tölum túnastærð Hvolsjarða fyrir og eftir skiptin. Eigi sé kveðið á um, hversu skuli háttað kostnaði af flutningi húsa, sem skiptin hafi gert nauðsynlegan. Engin ákvæði séu um viðhald vega eða lagningu þeirra, sem sé óhjákvæmileg afleiðing skiptanna, sbr. 2. mgr. 12. gr. landskiptalaganna. Ekkert tillit sé tekið til landbrots vegna Klifandi og Hafursár s.l. 13—15 ár, sem sé mun meira á landi stefnanda heldur en stefndu. Ekki sé heldur haldið opinni leið til framhaldslandskipta, svo sem 2. mgr. 13. gr. landskiptalaganna bjóði. Þá heldur stefnandi því fram, að skipti nefndarinnar á landi í sandgræðslu brjóti gegn lögum svo og skipti á strandlengjunni. Skiptin séu einnig óréttlát að því leytinu til, að stefndu fái í sinn hlut mun meira af nærtæku landi heldur en stefnandi og norðan þjóðvegar fái stefndu mun betra land.

Að endingu hefur stefnandi haldið því fram, að merkjalínan eftir Heimrikvísl brjóti þvert gegn 2. mgr. 10. gr. landskiptalaganna, þar sem á henni séu ótal hlykkir og horn, þar sem auðvelt hefði verið að draga beina línu.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að samkvæmt fyrrgreindum dómi Hæstaréttar frá 23. maí 1960 hafi yfirlandskiptagerðin frá 10. maí 1952 í alla staði verið talin lögmæt svo langt sem hún náði. Hins vegar hafi þá eigi verið skipt ógrónu landi

í sandgræðslugirðingu, Heimrikvísl og Klifandiaurum, og vitna stefndu um það efni til nefnds dóms Hæstaréttar, sem vitnað hefur verið í hér fyrr í þessum dómi. Hinn 25. og 26. júlí 1960 hafi svo yfirlandskiptamenn komið saman á Hvolslandi til þess að ljúka yfirlandskiptunum í samræmi við ákvæði dóms Hæstaréttar. Út af þeim landskiptum hafi enn risið málaferli, sem lokið hafi með hæstaréttardómi, uppkveðnum 24. febrúar 1964, og skiptin verið úr gildi felld vegna vanhæfis yfirlandskiptamannsins Kjartans Leifs Markússonar. Hafi þá Siggeir Björnsson verið skipaður yfirlandskiptamaður í hans stað hinn 7. marz 1964, svo sem fyrr getur. Þannig skipuð hafi svo yfirlandskiptanefndin framkvæmt landskiptin hinn 14. nóvember 1964. Hafi stefnandi sjálfur verið viðstaddur þau skipti og þá lýst því yfir, að hann teldi Siggeir Björnsson eina hæfa manninn í nefndinni til þess að framkvæma skiptin. Nú hafi þetta hins vegar breyzt, því að með útgáfu stefnu í máli þessu hinn 20. febrúar 1966 telji stefnandi Siggeir algerlega hafa brugðizt skyldu sinni sem landskiptamaður og „hafi alls ekki verið fær um að taka þátt í heildarskiptum landsins, svo sem Hæstiréttur mælti fyrir um ...".

Þessari málsástæðu mótmæla stefndu algerlega og halda því fram, að Siggeir Björnsson hafi rækt skyldur sínar sem yfirlandskiptamaður á fullnægjandi hátt. Hæstiréttur hafi með dóminum frá 23. maí 1960 tekið skýrt fram, að landskiptagerðinni frá 1952 verði ekki hnekkt vegna tilhögunar þeirrar, er höfð hafi verið á skiptunum, og „að ekki séu fram komin rök fyrir því, að aðiljum hafi verið mismunað, miðað við landgæði og aðstöðu til búrekstrar".

Yfirlandskiptin frá 14. nóvember 1964 byggi á skiptunum frá 1952, sem Hæstiréttur hafi dæmt lögleg. Með skiptunum frá 1964 hafi til viðbótar verið skipt ógrónu landi í sandgræðslugirðingu, Heimrikvísl og Klifandiaurum og sé þar með öllu Hvolslandi skipt. Hin gömlu yfirlandskipti frá 1952 séu óhögguð að öllu öðru leyti en því, að merki milli Hvols I og Hvols II séu nú sett 283 m í vestur frá norðaustur horni landamerkjagirðingar Steigar og Hvols og Krókjarða í stað 265 m í skiptagerðinni 1952. Þá séu í Heimrikvísl dregnar lengri beinar línur í yfirlandskiptagerðinni frá 1964 heldur en gert hafi verið við skiptin 1960.

Að því er varðar þá málsástæðu stefnanda, að ekki hafi verið gefin upp í tölum túnastærð Hvolsjarða fyrir og eftir skiptin, þá benda stefndu á, að þetta atriði ásamt stærðum á öllum landspildum, sem hvor aðili fékk, hafi legið fyrir, og var rætt og

dæmt um þetta í hæstaréttardóminum frá 1960 og hafi stefnandi þá ekki getað rökstutt, að neitt væri á hann hallað varðandi landgæði og landstærð. Sé þetta kæruefni því útkljáð með dómi Hæstaréttar. Þá telja stefndu það villandi málflutning að tala um kostnað af flutningi húsa, sem skiptin geri nauðsynlegan, með því að engin hús hafi þurt af flytja vegna skiptanna.

Stefndu mótmæla því, að skipti á landi í sandgræðslu sé þvert á móti lögum svo og skipti á strandlengju. Engin skipti á hlunnindum í fjörunni hafi farið fram og aðeins sé um að ræða skipti ógróins lands í sandgræðslu. Grónu landi í sandgræðslugirðingunni hafi áður verið skipt og sú skipting löglega metin af Hæstarétti. Þótt segi svo í yfirlandskiptagerðinni, að markið liggi frá girðingarenda „í sömu stefnu til sjávar", þá sé þar um að ræða að fullnægja því ákvæði að skipta ógróna landinu í sandgræðslu, sem verði hagkvæmast gert á þann veg vegna varnar við gróið land, að það lendi ekki í sandi. Með þessari skiptingu geti hvor aðili bezt varið sitt land ofan ógróna landsins.

Að því er varðar vegi og viðhald þeirra, þá halda stefndu því fram, að um það efni fari að sjálfsögðu eftir vegalögum. Hins vegar liggi opinber vegur heim í hlað beggja bæjanna og aðrar götur séu harðir engjavegir, eins og verið hafi frá fornu fari. Þessi mótbára stefnanda sé því algerlega haldlaus.

Hvað snertir landbrot vegna Klifandi og Hafursár s.l. 13—15 ár, sem stefnandi hefur haldið fram, að ekkert tillit hafi verið tekið til við yfirlandskiptin, þá vitna stefndu til dóms Hæstaréttar frá 23. maí 1960, þar sem m. a. er tekið fram, að „Við yfirlandskiptin hafi verið tekið tillit bæði til hættu af sandfoki og ágangs Klifandi á landið". Enn fremur bentu stefndu á jarðabótasjóð Hvolsjarða, sem hafi það hlutverk að vinna upp með endurbótum á Hvolsjörðum það landbrot, sem Klifandi kynni að valda á jörðunum.

Að endingu hafa stefndu mótmælt því, að landamerkjalínan í Heimrikvísl sé dregin á ólögmætan hátt, því að samkvæmt 2. mgr. 10. gr. landskiptalaga sé heimilt að hafa boglínur í landamerkjum, þegar illa verði hjá þeim komizt, svo sem þegar vegur eða opinn vatnsfarvegur verður að ráða mörkum, en Heimrikvísl sé opinn vatnsfarvegur.

Fallast verður á það með stefnanda, að yfirlandskiptamennirnir hafi átt að taka yfirlandskiptin upp frá grunni og framkvæma ný sjálfstæð skipti. Verður að telja, að það hafi verið gert, þótt eigi hafi orðið á grundvallarbreyting frá fyrri skiptum.

Er þá næst að athuga, hvort yfirlandskiptamaðurinn Siggeir Björnsson hafi kannað landið nægilega vel fyrir skiptin. Sjálfur segist hann hafa skoðað allt land Hvolsjarða þannig, að hann hafi fengið ágætt yfirlit yfir landið. Samkvæmt framburði yfirlandskiptamanna, annarra vitna svo og upplýsingum um sólsetur á þeim tíma, er skoðun fór fram, er sennilegt, að skoðunin hafi getað staðið í að minnsta kosti þrjár klukkustundir. Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda hefur það verið nægur tími fyrir jafn vanan mann og Siggeir Björnsson til þess að skoða landið og kanna gæði þess. Gróðurlendi Hvolsjarða séu fá og tiltölulega skýrt afmörkuð. Hafa ber í huga, að grundvallarvinna við skiptin hafði áður verið framkvæmd og þau gögn verið til flýtisauka við mat Siggeirs.

Ekki verður talið, að árstími sá, sem skoðunin fór fram á, hafi staðið í vegi fyrir því, að fullnægjandi könnun landgæða gæti átt sér stað.

Að því er varðar þá málsástæðu stefnanda, að snjóað hafi, er skoðun fór fram, þá verður eigi talið sannað, hvorki með framburðum vitna né vottorði Veðurstofunnar, að svo hafi gert, eða alla vega ekki í þeim mæli, að hamlað hafi fullnægjandi skoðun.

Það er ósannað, að meira landbrot hafi verið í landi Hvols II en Hvols I af völdum Klifandi og Hafursár. Verður yfirlandskiptagerðin því eigi felld úr gildi á þessum grundvelli. Eigi verður heldur talið, að það valdi ógildingu landskiptagerðar samkvæmt landskiptalögum, þótt túnastærðar fyrir og eftir skiptin sé eigi getið í skiptagerð.

Að því er landamerkjalínuna í Heimrikvísl áhrærir, þá er það skoðun hinna sérfróðu meðdómenda, að til þess að báðir bæir hefðu sem jöfnust not af árfarvegi Heimrikvíslar, hafi verið erfitt að komast hjá því, að markalína fylgdi árfarveginum að verulegu leyti. Verður þessari málsástæðu því eigi sinnt.

Í sambandi við þá staðhæfingu stefnanda, að yfirlandskiptagerðin taki eigi til kostnaðar af flutningi húsa, er skiptin geri nauðsynlegan, þá hefur eigi verið sýnt fram á, að stefnandi hafi þurft að flytja hús vegna þessara skipta. Á sínum tíma flutti hann hús úr Benshólma, en það var löngu áður en yfirlandskiptagerð sú, sem hér er um fjallað, var framkvæmd. Þessi málsástæða hefur því við engin rök að styðjast. Eigi hafa heldur verið leidd nein rök að því, að skipting lands innan sandgræðslugirðingar sé andstæð lögum. Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda verður ekki talið, að stefnandi hafi við skiptin fengið lakara land en stefndu

norðan þjóðvegar. Ekki verður heldur talið, að stefnandi sé svo afskiptur varðandi nærtækt land, að það eigi að leiða til ógildingar á skiptunum.

Þá telja meðdómendur og, að samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, og að lokinni vettvangsgöngu sé eigi fram komið, að á stefnanda hafi verið hallað við skiptin, hvað varðar landgæði og aðstöðu til búrekstrar.

Að því er varðar lagningu vega, viðhald þeirra og afnot, þá verður að fallast á það með stefndu, að um þessi atriði fari samkvæmt vegalögum svo og almennum reglum réttarins, að svo miklu leyti sem eigi er tekið sérstaklega fram um þetta í yfirlandskiptagerðinni.

Að endingu hefur stefnandi byggt ógildingarkröfu sína á því, að ekki hafi við skiptin verið haldið opinni leið til endur- og framhaldsskipta samkvæmt 2. mgr. 13. gr. landskiptalaganna. Á þetta verður ekki fallizt með stefnanda, því að þótt þessa sé eigi getið berum orðum í yfirlandskiptagerðinni, má sjá af landskiptakortinu, að unnt er að framkvæma hagkvæm endur- eða framhaldsskipti, ef nauðsyn ber til, enda verður ekki talið, að það sé óhjákvæmilegt formskilyrði slíkra endur- og framhaldsskipta, að þess möguleika sé sérstaklega getið í skiptagerð.

Úrslit málsins verða því þau, að krafa stefnanda um, að yfirlandskiptin á Hvolsjörðum frá 14. nóvember 1964 verði metin ógild, er ekki tekin til greina.

Eftir þessum málalokum verður stefnandi dæmdur til að gjalda stefndu málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.630.00, sbr. framlagður málskostnaðarreikningur lögmanns stefndu.

Dóm þennan kvað upp Magnús Thoroddsen, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, ásamt meðdómendunum Ólafi Ásgeirssyni búfræðikandidat og Ingva Þorsteinssyni magister.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögu dóms þessa. Stafar hann bæði af því, að mál þetta er umfangsmikið, og fjarveru meðdómandans Ingva Þorsteinssonar úr bænum vegna annarra skyldustarfa hans.

Dómsorð:

Krafa stefnanda, Kristjáns Bjarnasonar, um, að yfirlandskiptagerðin á Hvolsjörðum í Dyrhólahreppi frá 14. nóvember 1964 verði metin ógild, er ekki tekin til greina.

Stefnandi, Kristján Bjarnason, greiði stefndu, Guðmundi Eyjólfssyni, Sigurði Eyjólfssyni og Önnu Eyjólfsdóttur, kr.

18.630.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. júní 1968.

Nr. 32/1968. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
gegn
Kristjáni Þór Þórissyni og gagnsök.
(Agnar Gústafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtak. Skattar.

Dómur Hæstaréttar.

Halldór S. Rafnar, borgarfógeti í Reykjavík, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1968. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá gagnáfrýjanda til tryggingar opinberum gjöldum, samtals að fjárhæð kr. 183.210.00, með 12% ársvöxtum frá 2. apríl 1966 til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. marz 1968 og krafizt þess, að synjað verði um framkvæmd hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er rækilega lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Eins og þar er rakið, átti gagnáfrýjandi um nokkurra ára skeið íbúð að Rauðalæk 19 hér í borg og bjó þar. Íbúð þessa seldi hann 13. desember 1962, en 10. júlí sama ár hafði hann keypt íbúð að Kleppsvegi 44. Um haustið 1962 flutti gagnáfrýjandi búsetu sína að Kleppsvegi 44 og bjó þar fram á

sumar 1963, en hann seldi þá íbúð 2. júlí 1963. Flutti gagnáfrýjandi þá að Safamýri 34, en þá íbúð kveðst hann hafa keypt þá um sumarið, en afsal er dagsett 27. september 1963. Í desember 1963 kveðst gagnáfrýjandi hafa selt íbúð sína að Safamýri 34 og flutt þá í leiguíbúð. Á miðju ári 1964 hafi hann keypt íbúð að Kleppsvegi 44 og flutt þangað. Skattayfirvöld hafa metið gagnáfrýjanda til tekna hagnað af sölu íbúðanna að Kleppsvegi 44, er hann seldi 2. júlí 1963, og Safamýri 34, er hann seldi í desember sama ár, og til þeirrar ákvörðunar eiga rót sína að rekja gjöld þau, sem lögtaks er krafizt fyrir í máli þessu.

Gagnáfrýjandi kveðst hafa neyðzt til að selja íbúðir þessar vegna fjárskorts, en keypt þær til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína, en alls ekki í sérstöku hagnaðarskyni. Skýrslu gagnáfrýjanda um þetta efni hefur ekki verið hnekkt, og þar sem eigi verður talið, að hér hafi verið um atvinnurestur að ræða, er umræddur söluhagnaður eigi skattskyldur samkvæmt 2. mgr. E-liðs 7. gr. laga nr. 70/9162 og 2. mgr. E-liðs 7. gr. laga nr. 55/1964, sbr. nú 2. mgr. E-liðs 7. gr. laga nr. 90/1965.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Lögtak það, sem krafizt er, á eigi fram að fara.

Aðaláfrýjandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði gagnáfrýjanda, Kristjáni Þór Þórissyni, kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 31. janúar 1968.

Við almenna álagningu 1965 er gerðarþola í máli þessu, Kristjáni Þór Þórissyni, Kleppsvegi 44 (nafnnúmer 5892-5462), gert að greiða samtals í opinber gjöld kr. 15.681.00. Samkvæmt skatt-

heimtuseðli 1965 eru þann 13. nóvember sama ár greiddar kr. 1.500.00 inn á þessa skattskuld, sem verður þá að eftirstöðvum kr. 14.181.00. Gjöld gerðarþola eru síðan hækkuð, fyrst þann 8. janúar 1966 um kr. 108.113.00 og síðan 10. janúar 1966 um kr. 80.916.00. Loks eru 2. apríl 1966 greiddar kr. 20.000.00 inn á ofannefnda skattskuld, sem verður þá samtals að eftirstöðvum kr. 183.210.00.

Ofannefndar skattahækkanir eru tilkomnar vegna meints skattskylds söluhagnaðar af tveimur íbúðum. Samkvæmt skattframtali gerðarþola 1964 hefur hann kr. 210.925.00 í hagnað af sölu íbúðar sinnar að Kleppsvegi 44, og er skattahækkun sú kr. 108.113.00, sem honum er gert að greiða vegna þess söluhagnaðar, því raunverulega hækkun á gjöldum hans fyrir árið 1964. Samkvæmt skattframtali 1965 hefur hann kr. 148.148.00 í hagnað af sölu íbúðar sinnar að Safamýri 34, og er skattahækkun sú kr. 80.916.00, sem honum er gert að greiða vegna þess söluhagnaðar, því hækkun á gjöldum hans 1965. Ofannefndar skattahækkanir nema samtals kr. 189.029.00, en eftirstöðvar skattskulda, sem lögtaks er krafizt fyrir, nema aðeins kr. 183.210.00 og hafa því verið greiddar kr. 5.819.00 upp í þessar hækkanir. Ekki er krafizt endurgreiðslu á þessari greiðslu af hálfu umboðsmanns gerðarþola né heldur vill umboðsmaður gerðarbeiðanda líta á greiðslu þessa sem viðurkenningu á réttmæti skattahækkananna.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda gerir þær réttarkröfur, að lögtak verði gert hjá gerðarþola fyrir skuld hans, kr. 183.210.00, ásamt 12% ársvöxtum frá 2. apríl 1966 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt mati réttarins.

Umboðsmaður gerðarþola gerir þær réttarkröfur, að synjað verði um hina umbeðnu gerð og umbjóðanda hans verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Upphaf máls þessa er það, að skattstofan í Reykjavík ritar bréf, dags. 6. desember 1965, til gerðarþola, þar sem honum er tilkynnt, að tekjur hans hafi verið hækkaðar um kr. 348.925.00, sem sé söluhagnaður af Kleppsvegi 44, og einnig um kr. 148.148.00, sem sé söluhagnaður af Safamýri 34. Með bréfi, dagsettu 13. desember 1965, kærir gerðarþoli þessar hækkanir og mótmælir þeim sem ólögmætum. Með bréfi, dagsettu 27. desember 1965, tilkynnti skattstofan í Reykjavík, að tekjur gerðarþola hafi verið lækkaðar um kr. 138.000.00 og sé það gert samkvæmt munnlegum upplýsingum um kostnaðarverð á íbúð í húsinu nr. 44 við Kleppsveg á árinu 1963. Hinn 31. desember 1965 sendi skattstjóri kær-

anda tilkynningar um skattahækkanir gjaldáranna 1964 og 1965. Með bréfi, dagsettu 14. janúar 1966, kærir gerðarþoli gjaldahækkanir sínar enn til skattstofunnar án árangurs. Með bréfi, dagsettu 8. febrúar 1966, leggur gerðarþoli málaleitan sína undir úrskurð ríkisskattanefndar. Þar segir hann meðal annars svo: „Ég keypti fyrst íbúð á Rauðalæk 39 III. hæð (rishæð) árið 1958 og bjó þar í nokkur ár, á þeim tíma lenti ég í skilnaði og missti við það allt innbú og varð auk þess fyrir peningaútgjöldum til konu og barna, eins og lög og venjur gera ráð fyrir. Eftir nokkra mánuði stofnaði ég heimili aftur og fékk þá forráð 2ja barna af þrem, sem við áttum. Við þessa ákvörðun, sem var að mínum dómi sjálfsögð barnanna vegna, en að sama skapi djörf, vegna þess að íbúðin var í allt að því óviðráðanlegri skuld og líka vegna kaupa á öllu til nýrrar heimilisstofnunar, sem ég gerði með víxlum og afborgunum, gerði ég mér svo erfitt fyrir, að ég seldi skömmu síðar. Þess má geta, að þá þegar reyndi ég að bjarga málum með hagstæðum lánum, meðal annars hjá Húsnæðismálastjórn, en var neitað, og tók ég þá þessa örlagaríku ákvörðun, sem er undirrót þeirrar staðreyndar, að verði umrædd gjöld ekki niðurfelld er ég orðinn gjaldþrota, og fer þá sú ákvörðun mín að hlýða samvizku og skilduræknu við börn og þjóðfélagið að verða hæpin. Síðan kaupi ég minni íbúð á Kleppsvegi 44, og ennþá reyni ég við Húsnæðismálastjórn, en er neitað. Þá var ekki um annað að ræða en selja, og nú kemst ég að óvenju góðum kjörum og stærri íbúð. Mér var sagt af mönnum skattstofunnar, að kaup á stærri íbúð leiddu ekki til skattálagningar. Þar af leiðandi ætti viðbót opinberra gjalda að falla niður af þeirri ástæðu, og því verður vonandi trúað, að allar þessar sölur eru út úr neyð. Að lokum er það Safamýri 34, og enn er mér neitað hjá Húsnæðismálastjórn, og þá gafst ég upp og tók íbúð á leigu. Þetta eru þær skýringar, sem ég hef í stuttu máli, en skýru, að mínu áliti".

Ríkisskattanefnd kvað upp úrskurð sinn 2. marz 1966, og segir þar meðal annars svo í forsendum úrskurðarins: „Skv. fyrri framtölum kæranda selur hann 13. des. 1962 íbúð að Rauðalæk 39, og hinn 10. júlí 1962 kaupir hann íbúð að Kleppsvegi 44. Hagnaðurinn af íbúðarsölu að Rauðalæk var af skattayfirvöldum ákvarðaður, að hefði runnið til kaupa íbúðar að Kleppsvegi 44. Hinn 2. júlí 1963 selur kærandi íbúð sína að Kleppsvegi 44 og skv. afsali, dags. 27. sept. 1963, kaupir kærandi íbúð að Safamýri 34. Íbúðina að Safamýri 34 selur kærandi skv. afsali, dags. 19. marz 1964, en skv. framtali kæranda á árinu 1964 telur hann sig hafa

selt þessa íbúð á árinu 1963 og hafa fengið greitt upp í kaupverð hennar á því ári kr. 200.000.00. Að lokum kaupir kærandi íbúð að Kleppsvegi 44 skv. afsali, dags. 1. sept. 1964, og á þá íbúð í árslok 1964. Skv. framtali kæranda 1966 telur hann sig síðan selja þá íbúð á árinu 1965, en engin íbúð er keypt eða byggð þess í stað á því ári.

Hinar tíðu sölur og kaup kæranda á íbúðum þessi ár virðast benda til þess, að þessi kaup og sölur hafi verið gerð með hagnaðarsjónarmið fyrir augum. Með hliðsjón af því þykir því verða að álíta, að kaup og sölur íbúða að Kleppsvegi 44, Safamýri 34 og Kleppsvegi 44 falli ekki undir undanþáguákvæði 2. mgr. E-liðs 7. gr. laga nr. 55/1964 og laga nr. 90/1965 og söluhagnaður íbúðanna að Kleppsvegi 44 og Safamýri 34 sé því skattskyldur. Ákvörðun skattstjóra á söluhagnaði virðist réttur miðað við þær upplýsingar, er fyrir liggja, og tekjuskattur gjaldáranna 1964 og 1965 rétt álagður. Ber því að staðfesta úrskurð skattstjóra".

Síðan reynir gerðarþoli tvívegis að sækja um niðurfellingu á framannefndum skattahækkunum. Með bréfi, dagsettu 24. júlí 1967, synjar ríkisskattanefnd beiðni gerðarþola, sem hann sendi til fjármálaráðuneytisins 28. desember 1966 og fjármálaráðuneytið framsendi síðan daginn eftir til umsagnar ríkisskattanefndar.

Með bréfi, dags. 12. október 1967, synjar ríkisskattanefnd beiðni gerðarþola á niðurfellingu ofannefnds söluhagnaðar. En bréf varðandi beiðni þessa var dagsett 2. október 1967.

Umboðsmaður gerðarþola skrifaði 28. apríl 1967 til gjaldheimtustjórans í Reykjavík, þar sem hann tilkynnir, að mótmælt verði lögtaki fyrir ofannefndum gjöldum og krefst úrskurðar fógetaréttar um réttmæti álagningarinnar. Mál þetta var þingfest hér fyrir réttinum 31. júlí s.l. og rekið þar, unz það var tekið til munnlegs málflutnings 19. janúar s.l.

Í málflutningi umboðsmanns gerðarþola kemur fram, að það liggi fyrir í málinu, að tekjur umbjóðanda hans fyrir álagningarárin 1964 og 1965 verið hækkaðar um kr. 210.925.00 (1964) og kr. 148.148.00 (1965). Var þetta gert í sambandi við endurskoðun á framtölum umbjóðanda hans. Voru gjöld umbjóðanda hans síðan hækkuð í samræmi við þetta um kr. 108.113.00 og kr. 80.916.00. Hækkanir þessar voru á því reistar, að umbjóðandi hans hafi haft tekjuskattskyldan hagnað af sölu íbúða að Kleppsvegi 44 og Safamýri 34, þar sem kaup og sölur íbúðanna hafi verið gerð með hagnaðarsjónarmið í huga.

Hann mótmælir því algerlega, að umbjóðandi hans hafi keypt og selt umræddar íbúðir með hagnaðarsjónarmið fyrir augum. Hann hafi verið tilneyddur fyrir fjárhagsörðugleika að selja umræddar íbúðir. Enda séu umræddar sölur tekjuskattfrjálsar samkvæmt 2. mgr. E-liðs 7. gr. laga nr. 55/1964 og lögum nr. 90/1965, en þar segir svo: „Nú selur skattþegn fasteign, sem verið hefur í eigu hans skemur en fimm ár, en kaupir aðra innan árs eða byggir hús, áður en þrjú ár eru liðin frá söludegi, og skal sölugróði þá ekki skattskyldur, ef hin keypta fasteign eða hið nýreista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda. En ef það er lægra að mati, skal sölugróði skattskyldur hlutfallslega. Undanþága þessi nær þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má, að um atvinnurekstur sé að ræða eða að eignarinnar hafi verið aflað til að selja hana aftur með hagnaði ...".

Umboðsmaður gerðarþola heldur því fast fram, að umbjóðandi hans hafi einungis verið að reyna að koma upp húsnæði yfir sig og fjölskyldu sína, enda hafi hann búið í öllum ofannefndum íbúðum ásamt fjölskyldu sinni, þarna hafi því ekki verið um neitt fasteignabrask eða spákaupmennsku að ræða. Hann heldur því fram, að það sé algerlega ósannað í máli þessu, að hagnaðarsjónarmið hafi legið að baki, er umbjóðandi hans keypti á sínum tíma tvær ofannefndar íbúðir, sönnunarbyrðin um þetta atriði hvíli algerlega á skattayfirvöldum og hljóti hún að vera mjög ströng sbr. Hrd. 35. bindi, bls. 337.

Eftir ósk umboðsmanns síns var gerðarþoli látinn mæta fyrir fógetaréttinum, og í réttarhaldi, sem fram fór 9. janúar s.l., upplýsti hann meðal annars, að hann hafi búið í öllum þeim 4 íbúðum, sem nefndar eru í úrskurði ríkisskattanefndar (þm. no. 5). Gerðarþoli kveðst hafa flutzt í íbúðina að Rauðalæk 39 veturinn 1957—1958, nálægt áramótum, og búið þar til sumars 1962. Flytur í fyrri íbúð Kleppsvegi 44 haustið 1962 og er þar til sumars 1963. Flytur þaðan í íbúð að Safamýri 34 beint og býr þar fram í desember sama ár. Flytur þá í leiguíbúð í Álfheimum 3 og kaupir svo seinni íbúðina að Kleppsvegi 44 og flytur í hana frá Álfheimum 3 um mitt árið 1964 og býr þar enn, en nú sem leigjandi. Gerðarþoli kveðst hafa verið fastur starfsmaður hjá banka hér í bæ á árunum 1952—1959 og starfsmaður hjá heildsölufyrirtæki hér í bæ árið 1960 þar til í marz 1965. Þá um vorið 1965 snýr hann sér að einkarekstri við húsbyggingar og bókhaldsskrifstofu og rak hana til 1. desember 1966. Byggingu hússins Sæviðarsundi 25 lauk gerðarþoli við á fyrri hluta árs 1966. Þar

með telur gerðarþoli, að hans atvinnurekstri af húsbyggingum sé lokið. Um haustið 1966 kaupir gerðarþoli svo íbúð að Hraunbæ 178, sem átti að skila honum tilbúinni undir tréverk, og er sú íbúð ennþá í byggingu. Þó vill gerðarþoli taka fram, að óvíst sé, hvort hann geti haldið þeirri íbúð þrátt fyrir húsnæðismálastjórnarlán o. fl., sem hann hafi fengið. Gerðarþoli upplýsir, að hann hafi gerzt starfsmaður hjá pósti og síma 1. desember 1966 og starfi þar enn.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hóf málflutning sinn á því að rekja ítarlega öll þau bréfaskipti, sem átt hafa sér stað milli gerðarþola og skattayfirvalda vegna skattálagningar þeirrar, sem um er deilt í máli þessu.

Síðar bendir hann á, að eins og fram komi í úrskurði ríkisskattanefndar, byggist skattlagning þessi á ákvæði E-liðs 7. gr. laga nr. 90/1965 um tekju- og eignarskatt, að því er árið 1965 varðar, og næstu skattalög á undan, nr. 55/1964 og nr. 70/1962, en þau voru samhljóða að þessu leyti. Í upphafi 7. gr. segir: „Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, alls konar arður, laun og gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem: ...". Og síðar segir í E-lið: „Ágóði af sölu á festeign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina eða öðlazt hana á annan hátt í því skyni að selja hana aftur með ágóða eða hún hefur verið í eign hans skemur en fimm ár, ef um fasteign er að ræða, annars skemur en þrjú ár". Og síðan segir í annarri málsgrein E-liðs 7. greinar: „Nú selur skattþegn fasteign, sem verið hefur í eigu hans skemur en fimm ár, en kaupir aðra innan árs eða byggir hús, áður en þrjú ár eru liðin frá söludegi, og skal sölugróði þá ekki skattskyldur, ef hin keypta fasteign eða hið nýreista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda. En ef það er lægra að mati, skal sölugróði skattskyldur hlutfallslega. Undanþága þessi nær þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má, að um atvinnurekstur sé að ræða eða að eignarinnar hafi verið aflað til að selja hana með hagnaði". Þetta kveður umboðsmaður gerðarbeiðanda þýða það, að aðalreglan sé sú, að sölugróði er alltaf skattskyldur sem tekjur, ef ætla má, að gjaldþegn hafi keypt eign eða byggt í því skyni að selja hana aftur með ágóða. Þá skiptir engu máli, hvort hann hefur átt eignina lengur eða skemur. Sé hins vegar talið af skattayfir-

völdum, að ekki hafi verið um gróðasjónarmið að ræða, mundi söluhagnaður verða skattfrjáls, ef gjaldþegn hefur átt fasteign lengur en 5 ár, en annars ekki, nema hann hafi varið ágóðanum til kaupa innan árs eða byggingar á annarri fasteign innan þriggja ára frá söludegi, og er það skilyrði sett til viðbótar, að fasteignamat hins keypta eða nýreista húss sé a. m. k. jafnhátt eða hærra en mat hins fyrra.

Eins og þetta mál liggur fyrir, ætti gerðarþoli því að vera skattfrjáls af þeim söluhagnaði, sem hann hefur haft af íbúðarsölunni á Kleppsvegi 44 og Safamýri 34, þar sem hann uppfyllir þau skilyrði laganna að verja ágóðanum til nýrrar fjárfestingar innan lögmætra tímatakmarkana, en þó því aðeins, að hinu fyrsta skilyrði sé fullnægt, þ. e. a. s., að ekki sé unnt að færa nægar líkur að því, að hann hafi haft gróðasjónarmið í huga, er hann öðlaðist eignir þær, sem síðan voru seldar.

Skattayfirvöld hafa lagt það mat á þetta mál, að hér hafi gróðasjónarmið verið fyrir hendi. Hvort gróðasjónarmið hafi verið fyrir hendi við kaup fasteigna, verði aldrei fullsannað af hálfu skattayfirvalda né heldur afsannað af hálfu gjaldanda. Nokkra vísbendingu um þetta atriði getur það þó gefið, hvort gjaldþegn er þekktur af kaupum og sölu fasteigna í ágóðaskyni.

Samkvæmt framburði gerðarþola fyrir fógetarétti, hefur hann veturinn 1957—1958 eignazt íbúð að Rauðalæk 39, sem hann síðan selur, og festir hann síðan kaup á og selur aftur íbúðir að Kleppsvegi 44 (fyrri íbúð), að Safamýri 34, að Kleppsvegi 44 (seinni íbúð), að Sæviðarsundi 25, sem hann byggði sjálfur, og loks kaupir hann íbúð haustið 1966 að Hraunbæ 178, og er hann ennþá eigandi hennar.

Af þessari skýrslu verði ekki dregin sú ályktun, að hann hafi sérstaklega þurft að halda á þeim fasteignum, sem sölugróði er talinn skattlagður af. Ef athuguð eru framtöl gerðarþola frá þessum árum, virðist fjárhagur hans vera hvergi nærri eins slæmur og hann vill vera láta.

Með tilliti til þess, sem rakið er í skjölum málsins um þessar tíðu húsasölur gerðarþola, þá telur umboðsmaður gerðarbeiðanda, að gerðarþoli sé sannur að eignakaupum í ágóðaskyni.

Sú álagning, sem hér á sér stað, fer að vísu fram um áramót 1965 og 1966, áður en framtal 1966 liggur fyrir, og hér er aðeins um að ræða skattlagningu söluhagnaðar af tveimur íbúðum, þ. e. Kleppsvegi 44 (fyrri íbúð) og Safamýri 34. Mat skattayfirvalda gat að sjálfsögðu ekki miðazt við annað en það, sem gerzt

hafði, er skattálagningin fór fram, en ekki við það, er síðar gerðist. Það er skattayfirvaldanna að meta huglægar ástæður gjaldanda, eftir því sem unnt er, á þeim tíma, er hann aflaði eignarinnar. Gerði hann það þá með því hugarfari, þeim ásetningi, að selja hana síðar með ágóða eða ekki? Þegar dómstólar eiga svo síðar að leggja mat á gerðir skattayfirvalda, virðist eðlilegt, að þeir hafi þá einnig hliðsjón af því, er síðar hefur gerzt. Og einmitt þegar það er virt í þessu máli, sýnist niðurstaðan hljóta að verða sú, að mat skattayfirvalda hafi á sínum tíma verið rétt.

Rétt er að vekja athygli á því, að á þessu tímabili er gerðarþoli atvinnurekandi á sviði húsbygginga, þ. e. a. s. hvað snertir Sæviðarsund 25. Þá bendir umboðsmaður gerðarbeiðanda á, að skattayfirvöld hafa ekki aðrar reglur að fara eftir en þær, sem lögin ákveða og reglugerðin heimilar.

Svo virðist, að rétturinn megi álykta af gögnum málsins og því, sem komið hefur fram við flutning þess, að eftirfarandi atriði séu óumdeild af hálfu málsaðilja.

Hagnaður sá, sem gerðarþoli hefur af sölu íbúðar sinnar að Rauðalæk 39, er talinn renna til kaupa á fyrri íbúð gerðarþola í húsinu nr. 44 við Kleppsveg og er ekki skattlagður.

Söluhagnaður gerðarþola af fyrri íbúð hans í húsinu nr. 44 við Kleppsveg nemur kr. 210.925.00 og skattupphæð sú, kr. 108.113.00, sem gerðarþola er gert að greiða af þeim hagnaði, er tölulega rétt á lögð af hálfu skattayfirvalda.

Söluhagnaður gerðarþola af íbúð hans að Safamýri 34 nemur kr. 148.148.00 og skattupphæð sú, kr. 90.916.00, sem gerðarþola er gert að greiða af þeim hagnaði, er einnig tölulega rétt á lögð af hálfu skattayfirvalda. Kaup gerðarþola á Safamýri 34 og seinni íbúð hans að Kleppsvegi 44 falla undir undantekningarákvæði annarar mgr. E-liðs 7. gr. laga nr. 55/1964 og laga nr. 90/1965.

Því er ómótmælt, að gerðarþoli hafi ásamt fjölskyldu sinni búið í fjórum ofannefndum íbúðum, meðan hann var eigandi þeirra. Því hefur ekki verið haldið fram í málinu, að gerðarþoli hafi haft atvinnurekstur af húsbyggingum á þeim tíma, er hann var eigandi fyrri íbúðarinnar að Kleppsvegi 44 og íbúðarinnar að Safamýri 34.

Gerðarþoli hefur kært álagningu og úrskurði skattayfirvalda innan lögmælts kærufrests og hefur því ekki misst neinn rétt vegna vanrækslu á því atriði.

Svo sem að framan greinir, hefur umboðsmaður gerðarþola

haldið því fram í málinu, að það sé algerlega ósannað í máli þessu, að hagnaðarsjónarmið hafi legið að baki, er umbjóðandi hans keypti á sínum tíma tvær ofannefndar íbúðir, heldur hafi hann einungis verið að reyna að koma sér upp húsnæði fyrir sig og fjölskyldu sína, enda hafi hann búið í ofannefndum íbúðum ásamt fjölskyldu sinni.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda heldur því hins vegar fram með tilliti til þess, sem rakið er í skjölum málsins um þessar tíðu húsasölur gerðarþola, að gerðarþoli sé sannur að eignakaupum í ágóðaskyni, enda bendi það, sem fram hefur komið í málinu um athafnir gerðarþola, eftir að skattálagningin á sér stað, ótvrætt til þess, að mat skattayfirvalda hafi á sínum tíma verið rétt.

Lagaákvæðin um ofannefnda skattálagningu er að finna í E-lið 7. gr. laga nr. 55/1964 og laga nr. 90/1965, sbr. 15. grein reglugerðar nr. 245/1963, en í 15. grein segir svo: „Ágóði af sölu fasteigna og lausafjár (þar með verðbréf og kröfur) skal talinn til tekna, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur aðila, sbr. 12. gr., ef ætla má, að hann hafi keypt eignina eða öðlazt hana á annan hátt (t. d. í makaskiptum) í því skyni að selja hana aftur með ágóða, en þar er það leiðarvísir, hvort hann hefur þurft á eigninni að halda eða eigi, hvort hann hefur þurft að taka eignina upp í skuld, eða hvort hann er kunnur að eignakaupum í ágóðaskyni o. s. frv.“.

Ekki verður sagt, að gerðarþoli geti talizt kunnur að eignaskiptum í ágóðaskyni á þeim tíma, er þau íbúðakaup og þær íbúðasölur fóru fram, er um ræðir í máli þessu og hin umdeilda skattálagning byggir á. Þá verður og ekki annað sagt en að hann hafi þurft á íbúðum þessum að halda, þar sem hann bjó þar með fjölskyldu sinni og átti samtímis ekki aðrar fasteignir.

Með tilliti til þess, sem fyrir liggur í málinu, og með hliðsjón af dómi Hæstaréttar, uppkveðnum miðvikudaginn 15. apríl 1964 (Hrd. 35. bindi, bls. 337), verður að telja, að ekki hafi verið færðar nægar sönnur á það, að gerðarþoli hafi aflað umræddra tveggja íbúða til þess að selja þær aftur með hagnaði. Verður því að telja, að um skattálagningu falli söluhagnaður gerðarþola af nefndum íbúðum undir undantekningarákvæði annarar málsgreinar E-liðs 7. gr. laga nr. 55/1964 og laga nr. 90/1965, og var því ekki heimilt að gera honum að greiða skatta af ofannefndum söluhagnaði. Verður því að synja um framgang hins umbeðna lögtaks. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:
Það ber að synja um hina umbeðnu löktaksgerð.
Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 12. júní 1968.

Nr. 57/1968. **Sigurbjörn Eiríksson**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Þorsteini Jónssyni
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa um aflýsingu þinglýsts fjárnáms.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. marz 1968 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og svo ákveðið, að afmá skuli úr veðmálabókum Gullbringu- og Kjósarsýslu fjárnámsgerð frá 28. maí 1965, sem skráð er við eignarhluta áfrýjanda í landspildu úr Álfsneslandi í Kjalarneshreppi, og svo, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur eigi lagt fyrir Hæstarétt gögn, sem krafa hans hér fyrir dómi verði á reist. Verður því að dæma stefnda sýknu af henni.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Þorsteinn Jónsson, á að vera sýkn af kröfu áfrýjanda, Sigurbjörns Eiríkssonar, fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 20. febrúar 1968.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar þann 16. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Sigurbjörn Eiríksson, krafizt þess *aðallega*, að fjárnámsgerð, sem framkvæmd var þann 28. maí 1965 og þinglesin var þann 8. júní s. á. á landspildu úr Álfsneslandi í Kjalarneshreppi, nú þinglesin eign gerðarbeiðanda, verði nú þegar afmáð úr veðmálabókum, og *til vara*, að áðurgreindrar kröfu hans um aflýsingu svo og dóms Hæstaréttar í málinu nr. 237/1966: Sigurbjörn Eiríksson gegn Þorsteini Jónssyni og til réttargæzlu Sveini Sveinssyni og gagnsök verði á viðeigandi hátt getið í veðmálaskrá, unz fullnaðarúrskurður liggur fyrir.

Krafa gerðarþola, Þorsteins Jónssonar, er, að synjað verði um aflýsingu á áðurnefndu fjárnámi.

Báðir krefjast málsaðiljar málskostnaðar úr hendi hins að mati réttarins.

Samkvæmt skjölum þessa máls eru málavextir þessir:

Með bréfi, dags. 10. febrúar 1966, sendi Guðmundur Pétursson hæstaréttarlögmaður f. h. Þorsteins Jónssonar sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu endurrit fjárnámsgerðar frá 28. maí 1965 með beiðni um, að auglýst yrði nauðungaruppboð á eignarhluta Sveins Sveinssonar í ⅔ hlutum landspildu í Álfsneslandi í Kjalarneshreppi. Þegar heyja skyldi uppboð á eign þessari þann 15. júní 1966, var þar mættur gerðarbeiðandi í máli þessu, Sigurbjörn Eiríksson. Mótmælti hann framgangi uppboðsins á þeim grundvelli, að hann væri eigandi umrædds hluta úr áðurnefndri landspildu samkvæmt afsali, útgefnu 4. júní 1962 og þinglesnu 15. júní 1966. Umboðsmaður uppboðsbeiðanda mótmælti þá þegar gildi afsals þessa, krafðist þess, að uppboðið á eigninni færi fram, og krafðist úrskurðar um framgang þess. Úrskurður í málinu var kveðinn upp þann 30. september 1966, og samkvæmt honum skyldi uppboð á áðurnefndri eign fara fram með þar til-

greindum skilyrðum. Úrskurði þessum var síðan af hálfu gerðarbeiðanda í máli þessu skotið til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 14. nóvember 1966, en gerðarþoli í máli þessu gagnáfrýjaði með stefnu, útgefinni 21. nóvember 1966. Dómur í máli þessu var kveðinn upp í Hæstarétti þann 23. október 1967. Segir þar svo m. a.: „Uppboðs er í máli þessu krafizt á grundvelli fjárnáms, sem fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu er talinn hafa háð að Álfsnesi á Kjalarnesi hinn 28. maí 1965. Í endurriti því af réttargerð þessari, sem í dómsgerðum málsins eru, er þess eigi getið, að fógeti hafi lýst fjárnámi í fasteign þeirri, sem uppboðs er beiðzt á. Er nefnd réttargerð því eigi löglegur grundvöllur uppboðs samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1949. Verður af þessum sökum að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang uppboðsins".

Þann 25. október s.l. ritaði Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður f. h. gerðarbeiðanda í máli þessu, Sigurbjörns Eiríkssonar, sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og krafðist þess, að fjárnámsgerð sú, sem um getur í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar, yrði þá þegar afmáð úr veðmálabókum, sbr. aðalkröfu gerðarbeiðanda í máli þessu. Afrit af bréfi þessu sendi Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni. Af því tilefni ritaði hann f. h. gerðarþola í máli þessu sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu bréf þann 30. október s.l. og krafðist þess þar, að umgetið fjárnám yrði ekki afmáð úr veðmálabókum, sbr. kröfu hans í máli þessu.

Kröfu sína um aflýsingu fjárnámsgerðar þeirrar, sem hér ræðir um, hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda rökstutt með því, *að* hæstaréttardómur sá, sem krafa hans byggist á, ómerki úrskurð aukaréttar (á að vera uppboðsréttar) Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem heimilaði uppboð á eign umbjóðanda hans, m. a. á grundvelli hins þinglýsta fjárnáms. Hafi uppboðið verið hindrað af þeim ástæðum, að fjárnámið hafi verið annmörkum haldið. Sé það þetta fjárnám, sem krafizt sé, að afmáð verði, eftir genginn hæstaréttardóm um óhæfni þess, *að* í dómi Hæstaréttar, sem áður getur, segi: „Er nefnd réttargerð því eigi löglegur grundvöllur uppboðs", og að telja „nefnda réttargerð sem veðbönd á eigninni sé því rangt". Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda bent á í greinargerð í málinu, *að* í bréfi Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, þar sem hann f. h. Þorsteins Jónssonar mótmælir aflýsingunni, komi fram, að tvennar heimildir séu til um fjárnám það, sem hér er um rætt. Sé önnur greind í nefnd-

um hæstaréttardómi, en hina vitni umboðsmaður gerðarþola í og sé það sú, sem muni vera þinglesin.

Varakröfu sína hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda rökstutt með, *að* um bráðabirgðaráðstöfun sé að ræða, þ. e. að geta um kröfu hans um aflýsingu umrædds fjárnáms og nefndan hæstaréttardóm í veðmálaskránni á viðeigandi hátt, unz fullnaðarúrskurður í máli þessu liggur fyrir.

Mótmæli sín gegn aflýsingu fjárnámsgerðarinnar hefur umboðsmaður gerðarþola rökstutt með því, *að* í forsendum hins umrædda hæstaréttardóms sé synjunin á framgangi uppboðsins eingöngu byggð á því, að í endurriti því, sem fyrir lá í dómsgerðum málsins hjá Hæstarétti, sé þess eigi getið, að fógeti hafi lýst fjárnámi í fasteign þeirri, sem uppboðs bar beiðzt á, *að* embættisvottorð sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem lagt sé fram með greinargerð, hafi ekki legið fyrir Hæstarétti, þegar dómurinn var kveðinn upp, *að* þetta vottorð sé full sönnun þess, að endurritið í dómsgerðunum, sem Hæstiréttur fékk, sé rangt, enda komi hið rétta bæði fram í fógetabókinni sjálfri og í hinu þinglýsta eintaki, sem sýslumannsembættinu var afhent, þegar uppboðsins var beiðzt upphaflega og embættið nú hefur í vörzlu sinni, eftir að krafizt hafi verið uppboðs á nýjan leik, *að* það komi hvergi fram í dómi Hæstaréttar, að fjárnámsgerðin sem slík skuli teljast ógild, heldur aðeins, að í endurriti því af réttargerðinni, sem í dómsgerðum málsins séu, sé þess eigi getið, að fógeti hafi lýst fjárnámi í fasteigninni, og á þeim grundvelli og þeim einum sé synjað um framgang uppboðsins og loks, *að* þar sem nú sé leitt í ljós, að fógeti hafi lýst fjárnámi í umræddri eign við réttargerð þá, sem hér ræðir um, og með því að þeirri fjárnámsgerð hafi ekki verið áfrýjað sem slíkri sjái hann ekki betur en að fjárnámið sé enn í fullu gildi og mótmæli hann því, að því sé aflýst.

Sérstaklega hefur umboðsmaður gerðarþola mótmælt því, að tvennar heimildir séu til um margnefnt fjárnám. Aðeins sé til ein heimild um það, þ. e. fógetabókin sjálf. Rangt endurrit úr fógetabók sé að sjálfsögðu ekki „heimild" í þeirri merkingu, sem hér er átt við.

Svo sem áður hefur komið fram, hefur verið lagt fram í máli þessu bréf sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 26. október 1967, þar sem vottað er, að við vélritun dómsgerða í málinu: Þorsteinn Jónsson gegn Sveini Sveinssyni, sem úrskurður var kveðinn upp í þann 30. september 1966, hafi fallið niður af

mistökum orðið *fjárnámi* á rskj. nr. 2 í dómsgerðunum, þannig að rétt endurrit úr fógetabók eigi að hljóða þannig: „*Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu hans lýsti fógeti yfir fjárnámi*“ o. s. frv.

Af skjölum máls þessa verður séð, að með bréfi Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 27. október 1967, hefur hann farið þess á leit við Hæstarétt, að leyfð yrði endurupptaka hæstaréttarmálsins nr. 237/1966: Sigurbjörn Eiríksson gegn Þorsteini Jónssyni og til réttargæzlu Sveini Sveinssyni og gagnsök, samkvæmt heimildarákvæðum 59. gr. hæstaréttarlaganna. Sem svar við þessari umsókn segir svo í endurriti úr gerðabók Hæstaréttar 10. nóvember 1967: „Gögn þau, sem lögð hafa verið fram með umsókn Guðmundar Péturssonar hrl., hafa ekki leitt neitt það í ljós, er réttlætt geti endurupptöku málsins samkvæmt 59. gr. laga nr. 57/1962, og verður endurupptaka þess því ekki leyfð“.

Þá er þess enn að geta, að með bréfi, dags. 17. janúar s.l., krafðist umboðsmaður gerðarbeiðanda í máli þessu, Guðmundur Pétursson hæstaréttarlögmaður, þess, að auglýst yrði nauðungaruppboð á hluta úr landspildu þeirri í landi Álfsness í Kjalarneshreppi, sem hér ræðir um, byggt á fjárnámi því frá 28. maí 1965, sem margnefnt er hér að framan. Með bréfi, dags. 29. janúar s.l., mótmælti umboðsmaður gerðarbeiðanda, Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, því, að uppboð þetta yrði auglýst.

Ekki þótti ástæða til að taka mótmæli þessi til greina og stuðla með því að frekari drætti á, að uppboðsbeiðandi, gerðarþoli í máli þessu, fengi úr því skorið, hver væri réttur hans samkvæmt nefndri fjárnámsgerð.

Svo sem áður er getið, hefur sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu vottað í embættisnafni, eftir að dómur gekk í Hæstarétti í málinu nr. 237/1966: Sigurbjörn Eiríksson gegn Þorsteini Jónssyni og til réttargæzlu Sveini Sveinssyni og gagnsök, að vegna mistaka hafi fallið niður við vélritun dómsgerða í uppboðsmálinu: Þorsteinn Jónsson gegn Sveini Sveinssyni, sem úrskurður var kveðinn upp í þann 30. september 1966, orðið *fjárnámi* og eigi því rétt endurrit úr fógetabók að hljóða þannig, að samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu hans hafi fógeti lýst yfir fjárnámi í eigninni o. s. frv. Þar sem þingbókin sjálf verður í þessu tilviki sem öðrum að skoðast sem frumheimild hvers konar síðari réttarverkana og aðgerða, en ekki endurrit, sem Hæstiréttur byggði niðurstöðu sína í margnefndum dómi á og sannað telst samkvæmt framansögðu, að reynzt hafi

rangt vegna mistaka við gerð endurrits úr fógetabók, svo og með tilliti til þess, að í nefndum dómi Hæstaréttar verða ekki fundin ákvæði né fyrirmæli um, að aflýsa skuli úr viðkomandi veðmálabók fjárnámsgerð þeirri, sem þar um ræðir, — þykja ekki vera efni til að afmá úr veðmálabókinni það veðband, sem byggt er á fjárnámsgerðinni, svo sem gerðarbeiðandi hefur krafizt, að gert verði. Samkvæmt þessu þykir því bera að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar, og verður því aðalkrafa gerðarbeiðanda ekki tekin til greina.

Hins vegar þykir rétt eftir atvikum að taka til greina varakröfu hans um, að bréfs Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 29. janúar 1968, þar sem hann mótmælir því, að auglýst verði nauðungaruppboð á umræddri landspildu, svo og dóms Hæstaréttar, sem hér ræðir um, verði getið á viðeigandi stað í veðmálabókum fyrir Kjalarneshrepp.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Kröfu gerðarbeiðanda, Sigurbjörns Eiríkssonar, um, að afmáð verði úr veðmálabókum fyrir Kjalarneshrepp fjárnámsgerð á áður eignarhluta Sveins Sveinssonar, nú eignarhluti Sigurbjörns Eiríkssonar, í ⅔ hlutum landspildu í landi Álfsness í Kjalarneshreppi, sem framkvæmd var þann 28. maí 1965 að kröfu Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, er synjað.

Getið skal í veðmálabókum Kjalarneshrepps á viðeigandi stað mótmæla Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns í bréfi, dags. 29. janúar 1968, gegn því, að auglýst verði nauðungaruppboð á áðurnefndum hluta úr fyrrnefndri landspildu svo og dóms Hæstaréttar í málinu nr. 237/1967: Sigurbjörn Eiríksson gegn Þorsteini Jónssyni og til réttargæzlu Sveini Sveinssyni og gagnsök.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 19. júní 1968.

Nr. 212/1965. **Sigurður Árnason** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Jóni Árnasyni og gagnsök
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Landskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1965 og gert þær dómkröfur, að honum verði dæmdur til handa umferðarréttur með búfénað sinn frá Neðri-Sámsstöðum eftir heimreiðinni að eyðibýlinu Vestur-Sámsstöðum og að gagnáfrýjanda sé skylt, vilji hann girða yfir gömlu heimreiðina, að hafa hlið á veginum. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. janúar 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. janúar 1966, og krefst þess, að ákvæði héraðsdóms um sakarefni verði staðfest og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í 2. mgr. 12. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 segir: „Nú liggja tún- eða engjavegir yfir landið, eða nauðsynlegt þykir, að slíkir vegir verði þar lagðir, og skal þá í skiptagerðinni ákveðið um notkunarrétt hvers einstaks landeiganda á þeim, um viðhalds- og vegagerðarkostnað svo og hvar nýir vegir skuli liggja". Landskiptamenn hafa eigi í landskiptagerð sinni frá 3. ágúst 1962 mælt með þeim hætti, sem nefnt lagaboð býður, fyrir um veg eða vegarstæði og kostnað af vegi á umferðarleið þeirri, sem mál þetta varðar. Er því aðaláfrýjanda rétt í samræmi við 3. tl. 1. gr. laga nr. 46/1941 að krefjast endurskipta með tilliti til umferðarleiðar sinnar frá Neðri-Sámsstöðum til eyðibýlisins Vestur-Sámsstaða og áfrýja þeirri endurskiptagerð til yfirlandskiptanefndar, ef þurfa þykir.

Ber mál þetta eigi að svo stöddu frekar undir dómstóla. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Mál þetta ber að svo stöddu undir landskiptanefnd samkvæmt lögum nr. 46/1941.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Vettvangsdómur Rangárvallasýslu 9. september 1965.

Mál þetta, sem fyrst var dómtekið 9. júní s.l., síðan endurupptekið 6. september s.l. og dómtekið þann sama dag, er höfðað fyrir vettvangsdómi Rangárvallasýslu með stefnu, útgefinni 16. júní 1964 af Sigurði Árnasyni bónda, Sámsstöðum III (vesturbæ II), gegn Jóni Árnasyni, Sámsstöðum III (vesturbæ I), báðum í Fljótshlíðarhreppi.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að viðurkennd verði með dómi heimild hans til umferðar með búfénað sinn frá Sámsstöðum III (vesturbæ II) eftir heimreiðinni að eyðibýlinu Vestur-Sámsstöðum og að stefnda sem eiganda Sámsstaða III (vesturbæ I) sé skylt, óski hann að girða yfir gömlu heimreiðina, að hafa þar hlið á veginum. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Við munnlegan málflutning hinn 6. september s.l. lýsti lögmaður stefnanda yfir eftirfarandi: „Að gefnu tilefni frá umbjóðanda mínum, Sigurði Árnasyni, lýsi ég því yfir, að hann telur, að framburðir landskiptamanna fyrir vettvangsdómi hafi gengið svo mjög í berhögg við orðalag landskiptagerðarinnar, að hann hefði hiklaust látið gerðina fara til yfirlandskipta, ef hann hefði skilið hana á þann veg, sem landskiptamenn vilja nú túlka hana. Þess vegna muni hann þegar hefjast handa um mál til ógildingar landskiptagerðarinnar í heild, enda hafi nýgerðar mælingar leitt í ljós, að töluvert vantar á, að uppgefnar landstærðir skv. skiptagerð séu réttar. Því teldi ég eðlilegast, að frestað væri að ljúka þessu máli, fyrr en dómur lægi fyrir um gildi landskiptagerðarinnar, en legg þetta á vald dómsins".

Dómurinn telur, að yfirlýsing þessi geti ekki gegn mótmælum

stefnda leitt ex officio til frestunar dómsuppkvaðningar í málinu.

Skal greint frá málavöxtum.

Í bréfi til hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps, dags. 15. nóvember 1961, óskaði stefndi leyfis hreppsnefndarinnar til þess að girða yfir gömlu heimreiðina, þar sem hún liggur yfir tún stefnda frá akveginum (nú sýsluveginum) upp að býli stefnda, í stefnu norðvestur skammt fyrir neðan gripahús stefnda. Samþykkti hreppsnefndin 11. júní 1962 að veita stefnda umbeðið leyfi. Lokaði stefndi síðan þessari leið með girðingu.

Hinn 3. ágúst 1962 voru framkvæmd landskipti á milli jarða stefnanda og stefnda, og er sýnt, að landskiptanefndin hefur m. a. haft í huga ágreining málsaðilja um þann hluta upprekstrarleiðar, sem um ræðir í þessu máli. Landskiptanefndin hefur talið sig bæra að ákveða um notkunarrétt aðilja á umferðarleiðum um lönd þeirra. Landskiptagerðin geymir ákvæði að þessu lútandi, og mun vikið að þeim síðar.

Hinn 8. nóvember 1962 ritar stefnandi vegamálastjóra bréf, þar sem hann óskar úrskurðar vegamálastjóra um samþykkt hreppsnefndarinnar og stefnanda verði heimiluð umferð um téða ágreiningsleið. Í bréfi, dags. 15. febrúar 1963, leggur svo vegamálastjóri fyrir hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps, að hún sjái um, að umrædd leið verði opnuð að nýju, og var það síðan gert fyrir tilstuðlan hreppsnefndarinnar. En stefndi lokaði enn leiðinni, og leiddi það til þess, að stefnandi leitaði til sýslumanns og krafðist þess, að girðingin yrði fjarlægð með fógetavaldi.

Fógetadómur Rangárvallasýslu tók málið til meðferðar, og var úrskurður dómsins á þá leið, að umbeðin fógetagerð skyldi ekki ná fram að ganga, og var m. a. rökstuddur með því, að réttur stefnanda til umferðar um umdeildan leiðarspotta væri eigi svo ótvíræður, að byggja mætti á innsetningargerð.

Úrskurði þessum áfrýjaði stefnandi til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 3. september 1963.

Dómur Hæstaréttar féll hinn 29. apríl 1964, og segir þar m. a.: „Í máli þessu er ekki þörf slíkra bráðabirgðaaðgerða, að innsetningargerð verði heimiluð án þess, að kveðið sé á um efnislegan rétt aðilja. Í kröfu áfrýjanda og málflutningi felst, að hann eigi að einhverju leyti umferðarrétt um land það, sem við landskiptin féll í hlut stefnda. Landskiptagerðin er ekki nægilega glögg um umferðarétt aðilja á því svæði, sem hér er um að tefla. Ber því nauðsyn til að krefja landskiptamenn umsagnar um umferðar-

ákvæði landskiptagerðarinnar eða vættis fyrir dómi til skýringar á þeim, ef því er að skipta. Og þar sem ágreiningur aðilja snýst um það, hvort umferðarkvöð til handa áfrýjanda hvíli á úrskiptu landi stefnda, ætti að reka mál til úrlausnar honum fyrir vettvangsdómi samkvæmt lögum nr. 4/1919, 16. gr.".

Í framhaldi af þessum úrslitum í innsetningarmálinu hefur stefnandi höfðað vettvangsmál þetta til þess að fá viðurkenndan umferðarrétt yfir land það, sem stefnda féll í hlut við landskiptin, á hinum umdeilda vegarspotta, gömlu troðningunum neðan gripahúsa stefnda.

Eins og vikið er fyrr að, hefur landskiptanefndin vitað um ágreiningsefni þessa máls og hún talið sér rétt og skylt að kveða á um upprekstrarleið frá býlum málsaðilja, um leið og löndum með þeim var skipt.

Landamerki milli jarða aðilja eru ekki umdeild, svo að vitað sé.

Landskiptagerðinni hefur ekki verið áfrýjað.

Landskiptanefnd sýnist eigi hafa í úrskurði sínum um upprekstrarleiðina, sem ágreiningi hefur valdið með málsaðiljum, farið út fyrir valdsvið sitt, sbr. 12. gr. laga nr. 46/1941 um landskipti. Þykir því rétt að leggja landskiptagerðina til grundvallar niðurstöðu um efni málsins. Landskiptamennirnir hafa allir komið fyrir vettvangsdóm og staðfest úrskurð sinn um það, hver umferðarleið sú, sem hér er umdeild, skuli vera, og gætir fulls samræmis í framburði landskiptamanna. Þá er til staðar til enn frekari skýringar og staðfestingar loftmynd, þar sem umferðarleiðin er skilmerkilega á dregin, eins og landskiptamennirnir ákváðu hana.

Samkvæmt landskiptagerðinni er umferðarleiðin þessi:

Liggur í vestur frá sýsluveginum frá vörðu við efsta þverskurð og síðan meðfram landamerkjunum Neðri-Sámsstaðamegin (vesturbæ II) að vörðu nokkru vestar. Síðan frá þeirri vörðu Neðri-Sámsstaðamegin meðfram merkjunum í norður sem leið liggur að efratúnshliði.

Þessi ákvörðun landskiptanefndarinnar leiðir til þess, að stefnda er ekki skylt að þola umferðarkvöð á landi sínu á þeirri slóð, sem um hefur verið deilt. Þá hafa dómendur gengið á vettvang ásamt aðiljum, lögmönnum þeirra og landskiptamönnum og skoðað allar aðstæður, og verður ekki annað séð en að umferðarleið sú, sem ákveðin er samkvæmt framansögðu, sé greiðfær og annmarkalaus. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður í mál-

inu, en aðiljar greiði að hálfu hvor gerð uppdráttar og annan útlagðan kostnað dómsins, samtals kr. 2.020.00.

Dóm þenna hafa kveðið upp ásamt hinum reglulega dómara, Birni Fr. Björnssyni, samdómsmennirnir Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður og Páll Hallgrímsson sýslumaður.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Árnason, skal sýkn vera af kröfum stefnanda, Sigurðar Árnasonar.

Málskostnaður falli niður að öðru leyti en því, að aðiljar máls greiði að hálfu hvor þóknun fyrir gerð uppdráttar og annan útlagðan kostnað af dómsins hálfu, samtals kr. 2.020.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. júní 1968.

Nr. 175/1967. **Gunnar Sigurjónsson**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Dánarbúi Steindórs Jónssonar og gagnsök
(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. október s. á. Krefst hann þess, að staðfest verði löghaldsgerð, er í málinu greinir og framkvæmd var hinn 7. október 1966, og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 109.500.00 með 7% ársvöxtum frá 9. desember 1964 til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. maí

1968, gagnáfrýjað málinu með stefnu 29. s. m. Krefst hann þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum aðaláfrýjanda, að löghald það, sem að framan greinir, verði fellt úr gildi og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Nýrra gagna hefur verið aflað eftir uppsögu héraðsdóms, þ. á m. yfirmatsgerðar þriggja dómkvaddra manna, sem voru Bragi Þorsteinsson byggingaverkfræðingur, Jón Kr. Þorsteinsson húsasmíðameistari og Þórður Jasonarson byggingatæknifræðingur. Er matsgerðin dagsett 30. maí 1968, og segir þar m. a. svo:

„Húsið verður að teljast mjög óvandað í byggingu. Járnklæðning á hliðum er illa lögð og allur frágangur að utan ófagur.

Reykháfur, hlaðinn úr vikursteinum (Eyrarbakkavikur), er utan veggs á suðvesturhlið hússins. Reykháfurinn er að meginhluta múrhúðaður, en þó ekki efri hluti hans, og er hann því óvarinn gegn vatni, er rennur af þaki hússins, en því hallar að þeirri hlið hússins, sem reykháfurinn er við.

Það verður að teljast ótækt til frambúðar að hafa reykháf úr svo lélegu efni, því að reynslan er sú, að þessi tegund vikurs sprengir af sér múrhúðina, og gæti það valdið því, að reykháfurinn hryndi og þá orsakað íkveikju.

Við teljum óhjákvæmilegt að steypa minnst 8 cm þykkt steypulag utan um útkanta reykháfsins og umhverfis hann, þegar upp fyrir þakbrún kemur. Með því fæst hann jafnframt einangraður gegn kulda, eins og nauðsynlegt er.

Vatnsrennsli það, er kemur inn í kjallara hússins, teljum við, að orsakist af rennsli af þakinu beint í reykháfinn og niður með honum innanverðum inn í hliðarvegginn, og á það þá greiða leið niður í kjallarann milli veggklæðninga. Einnig eru líkur á því, að nokkur hluti þess komi inn um kjallaravegg gegnum sprungur.

Sýnilegar sprungur eru í kjallaraveggnum við glugga og ná niður undir gólf, en jarðvegur nær upp undir glugga að ofanverðu.

Þó nokkur jarðvegshalli er að húsinu á suðvesturhliðina

vegna legu landsins og því vatnsstreymi mikið að því í vætutíð.

Úr þessu verður að bæta með jarðvegslögn og rauðamalarfyllingu umhverfis húsið og tengingu við frárennslisrör.

Til þess að útveggir hússins fullnægi þeim einangrunarkröfum, sem í gildi voru, þegar það var byggt, teljum við nauðsynlegt að klæða innan á núverandi útveggi með trétexplötum í stofum og herbergjum, en með 19 mm novapan (spónapl.) á eldhúsveggi.

Með þessari viðbót verður einangrunargildi veggjarins því sem næst í samræmi við lágmarkskröfur, er gerðar voru í byggingarsamþykkt Kópavogs, þeirri, sem í gildi var, þegar húsið var reist.

Þá verður að mála hina nýju veggklæðningu, svo að útlit verði svipað og þegar kaup voru gerð.

Til að koma fyrir einangrun í þakið teljum við kostnaðarminnstu leiðina að rjúfa þakið utanfrá. Við gerum ráð fyrir því, að asbestplöturnar, sem nú eru á þakinu, eyðileggist og reiknum með þakjárnum í staðinn. Þessi vinnuaðferð hefur þann hagnað í för með sér, miðað við viðgerð innanfrá, að ekkert þarf að hreyfa loftklæðninguna inni á hæðinni, mun minna efni þarf að kaupa annað en þakjárnið, ef vel er unnið, og óhagræði fyrir búendur hússins verður margfalt minna en ella.

Við reiknum með, að þakið verði einangrað með 2¼" glerullarmottum.

Álit okkar er, að mat þeirra Jósefs Halldórssonar og Þórðar Þórðarsonar á kostnaði við lagfæringu í kjallaratröppum, kr. 5.800.00, sé rétt. Lítum við á hana sem gildandi í málinu, og tökum við tröppurnar því ekki með í mati þessu, enda búið að lagfæra tröppuþró, þegar skoðun fór fram. Aftur á móti er hinn hluti mats þeirra Jósefs og Þórðar innifalinn í okkar mati.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, er það, sem gera þarf við húsið, Nýbýlaveg 48 A, til þess að það geti talizt standast lágmarkskröfur byggingarsamþykktar Kópavogs um hitaeinangrun, eins og hún var, þegar húsið var byggt, svo

og til þess að það geti talizt vind- og vatnsþétt, sem hér segir:

I. Bæta einangrun íbúðarhæðar samkvæmt framansögðu.
II. Gera reykháf öruggan.
III. Leggja jarðvatnslögn umhverfis húsið og veita aðrennslisvatni frá henni í frárennslisrör.
IV. Þétta húsið gegn leka og að öðru leyti gera það þannig úr garði, að það geti talizt nothæft til íbúðar árið um kring.

Niðurstaða yfirmats okkar verður þessi:

Þak:
Nýtt bárujárn, pappi, glerullarmottur 2¼".
Timbur vegna rýrnunar, saumur og flutningar.
Efni og vinnulaun ..... alls kr. 40.500.00

Reykháfur:
Efni og vinnulaun ..... alls kr. 9.000.00

Lekavörn:
Jarðvatnslögn kringum húsið.
Efni og vinnulaun ..... alls kr. 10.000.00

Einangrun veggja:
Klætt innan á útveggi með trétex- og spónaplötum, málning og listar, efni og vinnulaun ..... alls kr. 29.000.00

Samt. kr. 88.500.00".

Steindór sál. Jónsson reisti árið 1955 hús það, sem málið fjallar um. Vann hann sjálfur við byggingu þess og bjó í því um tíu ára skeið. Var honum því kunnugt um einangrunarskortinn í þaki og hlaut einnig að vita um lekann í kjallarann. Ósannað er, að hann hafi vakið athygli aðaláfrýjanda á þessum leyndu göllum. Þykir mega leggja yfirmatið til grundvallar um bætur til aðaláfrýjanda vegna viðgerðar á þaki, jarðvatnslagnar og viðgerðar á kjallaratröppum, samtals kr. 56.300.00 (40.500.00 + 10.000.00 + 5.800.00). Hins

vegar ber með skírskotun til raka héraðsdóms að staðfesta ákvæði hans um sýknu gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda um bætur vegna einangrunar veggja 1. hæðar og vansmíðis á reykháf.

Samkvæmt þessu verður gagnáfrýjanda dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 56.300.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00. Þá ber og að staðfesta framangreint löghald til tryggingar þessum fjárhæðum.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Gagnáfrýjandi, dánarbú Steindórs Jónssonar, greiði aðaláfrýjanda, Gunnari Sigurjónssyni, kr. 56.300.00 með 7% ársvöxtum frá 9. desember 1964 til greiðsludags og kr. 35.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 10. maí 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Gunnari Sigurjónssyni málara, Nýbýlavegi 48 A í Kópavogi, með stefnu, útgefinni 23. apríl 1966, gegn Steindóri Jónssyni varðmanni, Fagradal við Digranesveg í Kópavogi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 109.500.00 með 7% ársvöxtum frá 9. desember 1964 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Með stefnu, útgefinni 8. október 1966, höfðaði stefnandi framhaldssök á hendur stefnda til staðfestingar löghaldsgerð, sem fram fór hjá stefnda hinn 7. október 1966 til tryggingar stefnukröfum. Stefnandi krafðist þess og, að framhaldssökin yrði sameinuð aðalmálinu og stefnda yrði gert að greiða sér málskostnað, þ. á m. löghaldskostnað að skaðlausu. Í þinghaldi 27. október 1966 varð samkomulag með aðiljum um að sameina framhaldssökina aðalmálinu.

Dómkröfur stefnda eru *aðallega* þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum stefnukröfunum og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt taxta L. M. F. Í. eða sam-

kvæmt mati dómsins, en *til vara,* að stefnufjárhæðin verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn falla niður. Í framhaldssökinni, sem sameinuð var aðalmálinu, mótmælir stefndi því, að staðfest verði löghald það, sem lagt var á fasteignina Fagrahvamm við Digranesveg í Kópavogi hinn 7. október 1966, og krefst auk þess málskostnaðar úr hendi stefnanda í þessum þætti málsins.

Málavextir eru þeir, að hinn 9. desember 1964 gerðu málsaðiljar með sér kaupsamning um húseign stefnda, Nýbýlaveg 48 A í Kópavogi, sem er íbúðarhús úr timbri á steinsteyptum kjallara, ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum. Var kaupverðið ákveðið kr. 600.000.00.

Í febrúar 1965 afhenti stefndi húsið, og flutti stefnandi þá inn með fjölskyldu sína.

Um miðjan október 1965 kveður stefnandi, að komið hafi í ljós, er tíð brá til rigninga, að leki kom inn um kjallaraveggi og útitröppur. Með beiðni, dags. 22. október 1965, óskaði stefnandi þess, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til að skoða galla, er fram hafi komið á húsinu nr. 48 A við Nýbýlaveg í Kópavogi, og segja fyrir um, hvernig haganlegast sé úr að bæta, og meta til fjár kostnað við viðgerðina. Gallar þeir, sem taldir eru upp í beiðninni, eru þessir:

1) Leki, sem kemur inn um kjallaraveggi og
2) leki, er kemur inn um útitröppur.

Á bæjarþingi Kópavogs hinn 16. nóvember 1965 voru dómkvaddir í þessu skyni þeir Jósef Halldórsson húsasmíðameistari og Þórður Þórðarson múrarameistari. Skiluðu þeir matsgerð, dags. 12. apríl 1966. Í matsgerðinni greinir m. a. svo: „Ofangreint hús er járnklætt timburhús, sem stendur á steyptum kjallara með hlöðnum skorsteini úr vikursteini á suðurhlið hússins, en járnklæðning á suðurhlið, og múrhúðun á skorsteini er ekki fullfrágengin. Við skoðun kom í ljós, að leki kemur fram í kjallaraherbergi, sem er í suðvesturhorni hússins, einnig í miðstöðvarklefa og kjallarainngangi.

Til þess að koma í veg fyrir áðurnefnda leka þarf að ganga fyllilega frá járnklæðningu á suðurhlið hússins, múrhúða skorstein, brjóta upp neðsta pall í kjallaratröppum og steypa að nýju.

Kostnað við ofangreinda viðgerð teljum við hæfilega metinn á kr. 11.500.00".

Þá kveður stefnandi, að komið hafi í ljós, er tíð kólnaði, að einangrun hússins var ófullnægjandi. Með beiðni, dags. 16. des-

ember 1965, óskaði stefnandi eftir dómkvaðningu matsmanna til að skoða einangrun á þaki og veggjum hússins og meta til fjár, hvað fullkomin viðgerð mundi kosta, ef þeir teldu, að einangrun hússins væri ófullnægjandi. Til þess að framkvæma matsgerð þessa voru þeir Theodór Árnason byggingaverkfræðingur og Sigurður R. Halldórsson byggingaeftirlitsmaður dómkvaddir á bæjarþingi Kópavogs hinn 3. janúar 1966. Skiluðu matsmenn þessir matsgerð, dags. 18. febrúar 1966, en í henni segir svo m. a.:

„Skoðunin fór fram 8. febr. s.l., kl. 1500, að viðstöddum frú Jónu Jónsdóttur f. h. Steindórs Jónssonar, Fagradal við Digranesveg, og frú Hildigunni Gunnarsdóttur f. h. Gunnars Sigurjónssonar, Nýbýlaveg 48 A.

Með því að brjótast inn úr innstu klæðningu veggja og þaks 1. hæðar, sem reyndist vera 10 mm gibsonit, komumst við að raun um byggingarmáta hússins, sem við höfum teiknað upp, sbr. fylgiskjöl nr. 1 og 2. Kjallari reyndist steyptur og einangraður með 7 cm vikur, sbr. fylgiskjal nr. 3. Þá var reiknuð út kólnunartala eða K-gildi fyrir a) þak, b) vegg 1. hæðar, c) kjallaravegg, sjá fylgiskjöl 1—3. ... Samkv. útreikningi á fylgiskjölum 1—3 er K-gildi kjallaraveggs *0.83,* K-gildi veggs fyrstu hæðar *0.82* í gegnum sjálfa trégrindina, en *1.38* í bilunum milli uppistaða. K-gildi fyrir þak *2.3.*

Af þessu má sjá, að kjallaraveggir hafa fullnægjandi einangrun miðað við gildandi byggingarsamþykkt fyrir Kópavog. ... Veggir 1. hæðar og þak hefur að okkar dómi ekki fullnægjandi einangrun. Kjallaragólf er óeinangrað, nema að því leyti, að fylling í grunn er að sögn umboðsmanns byggjanda rauðamöl, sem hefur vissa einangrun eftir þykkt hennar. ... Þá viljum við stilla upp kostnaðaráætlun um viðgerð þá, sem nauðsynleg yrði við að koma fyrir einangrun.

Rífa verður innstu klæðningu veggja og lofts, sem var 10 mm gibsonitplötur, sem fyrr segir. Plötur þessar verða algerlega ónýtar við niðurrifið og verða að endurnýjast. Við höfum hugsað okkur að klæða með glerullarmottum neðan á afréttingarbita í lofti og innan á uppistöðu í vegggrind og klæða síðan aftur með 10 mm gibsonitplötum. Síðan verður að mála fyrrnefnda klæðningu og ef til vill að gera við og mála skemmdir, er koma fram á gluggum eða innveggjum við niðurrifið. Taka verður frá alla miðstöðvarofna við útveggi og breyta raflögn, til dæmis framlengja eða færa dósir m. m.

Þessi viðgerð tæki um mánaðartíma, og verður ekki búandi á 1. hæð á meðan".

Síðan kemur sundurliðuð kostnaðaráætlun, og er niðurstaða hennar kr. 98.000.00.

Þá segir enn fremur í matsgerðinni:

„Að lokum viljum við taka fram, að K-gildi veggs 1. hæðar verður með 2¼" þykkum glerullarmottum *0.46*, K-gildi lofts *0.53*.

Með því aftur á móti að nota 1½" þykkar glerullarmottur verða tilsvarandi K-gildi a) fyrir vegg *0.6* og b) fyrir loft *0.73*.

Verðmunur á 1½" og 2¼" mottum yrði alls fyrir 150 m² kr. *1.520.00*. Við töldum því rétt vera að nota þykkari motturnar og reiknum með þeim í ofangreindri kostnaðaráætlun".

Hinn 7. október 1966 var framkvæmd kyrrsetning hjá stefnda. Var þá lagt löghald á húsið Fagrahvamm við Digranesveg í Kópavogi að kröfu stefnanda til tryggingar stefnukröfunum. Stefndi lýsti því þá yfir í fógetaréttinum, að hann hefði eigi þinglesið afsal fyrir húsi þessu, en væri að kaupa það.

Kröfur stefnanda sundurliðast þannig:

I. Bætur fyrir leka, er kemur inn um kjallaraveggi og um útitröppur, samkvæmt matsgerð, dags. 12. 4. 1966 .. .. kr. 11.500.00

II. Bætur vegna ófullnægjandi einangrunar þaks og veggja samkvæmt matsgerð, dags. 18. 2. 1966 .. .. — 98.000.00

Samtals kr. 109.500.00

III. Staðfesting löghaldsgerðar hjá stefnda hinn 7. október 1966 til tryggingar stefnukröfum.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að stefnda hafi borið að vekja athygli við sig á þessum göllum á húsinu við kaupin, en þetta hafi hann alls ekki gert, þótt hann hafi sjálfur byggt húsið og búið í því frá öndverðu og því vitað gerla um þessa galla, sem hafi verið leyndir og stefnandi hafi ekkert um vitað né mátt um vita, fyrr en þær aðstæður komu fram, sem leiddu þá í ljós. Beri stefndi því sem seljandi bótaábyrgð á öllu því tjóni, sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna þessara leyndu galla og ákvarðað hefur verið í tveimur matsgerðum dómkvaddra manna. Varðandi staðfestingu löghaldsgerðarinnar hjá stefnda til tryggingar stefnukröfum kveður stefnandi það fram komið

og í ljós leitt án mótmæla, að stefndi hafi gert kaupsamning um fasteignina Fagrahvamm við Digranesveg í Kópavogi, áður en löghaldið var lagt á eignina. Hafi því stefnandi verið orðinn eigandi fasteignarinnar og því sé löghaldið réttilega á lagt og beri að staðfesta það. Sé það viðurkennd regla í íslenzkum rétti, að eignarréttur fasteignar færist yfir til kaupanda við gerð kaupsamnings.

Dómkröfur sínar styður stefndi með þessum rökum:

1) Leki, er kemur um kjallaraveggi, og leki, er kemur um útitröppur.

Hluti stefnufjárhæðarinnar sé byggður á mati um kostnað við úrbætur á þessum ágöllum. Samkvæmt matsgerð þessari þurfi og sé hægt að bæta úr þessum ágöllum með því að ganga fyllilega frá járnklæðningu á suðurhlið hússins, múrhúða skorstein, brjóta upp neðsta pall í kjallaratröppum og steypa að nýju. Við kaupin hafi stefnanda verið bent á þessa ágalla, ófullnægjandi járnklæðningu og ómúrhúðaðan skorstein, enda hafi þeir verið augljósir við lauslega skoðun á húsinu og gátu því ekki farið fram hjá stefnanda. Því séu ágallar þessir alls eigi leyndir, heldur augljósir við kaupin og þar af leiðandi á ábyrgð stefnanda.

2) Einangrun á veggjum og þaki.

Stefndi mótmælir sem rangri þeirri niðurstöðu matsmanna, að ófullnægjandi einangrun sé á veggjum 1. hæðar og þaki.

Í byggingarsamþykkt fyrir Kópavog, sem staðfest hafi verið 20. júlí 1954 og sé í samræmi við auglýsingu um fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sem birt var af félagsmálaráðuneytinu hinn 18. ágúst 1948, segi í VIII. kafla fyrir um, hvernig ganga skuli frá veggjum timburhúsa, sbr. 25. gr., 16. og 17. tl. Samkvæmt lýsingu matsmanna á veggjum hússins sé augljóst, að gerð þeirra fullnægi þeim kröfum, sem byggingarsamþykktin hafi gert um frágang þeirra. Um þök timburhúsa séu fyrirmæli í IX. kafla, 26. gr., 7. tl., og samkvæmt sömu lýsingu hinna dómkvöddu matsmanna sé gengið frá þakinu á þann hátt sem krafizt sé. Sé því frágangur þessara hluta byggingarinnar fullnægjandi eftir ákvæðum byggingarsamþykktarinnar, eins og hún var, er húsið var reist. Hins vegar hafi matsmenn miðað mat sitt við þær einangrunarkröfur, sem gerðar séu til steinhúsa. Því mótmælir stefndi matinu í heild sem byggðu á röngum forsendum og til vara sem of háu. Stefndi bendir og á, að byggingarfulltrúi hafi að sjálfsögðu haft eftirlit með framkvæmdum við byggingu hússins og hafi hann engar athugasemdir gert þar við, hvorki

við einangrun né annað. Þá hafi Veðdeild Landsbanka Íslands látið meta húsið til lántöku og ekki gert neinar athugasemdir við byggingarmátann, enda hafi verið veitt fullt veðdeildarlán út á húsið. Sé húsinu sem áður ábótavant um einangrun, eins og stefnandi heldur fram, séu þeir ágallar eigi á ábyrgð stefnda, þar sem hann hafi reist hús sitt eftir þeim reglum, sem um slíkar byggingar giltu og undir eftirliti þar til bærra aðilja.

3) Stefndi mótmælir staðfestingu löghaldsins, sem lagt var á fasteignina Fagrahvamm við Digranesveg í Kópavogi hinn 7. október 1966, á þeim forsendum, að hann sé eigi eigandi hinnar kyrrsettu eignar, þar sem húsið sé þinglýst eign annars manns. Verði löghaldið samt sem áður staðfest, mótmælir stefndi því, að honum verði gert að greiða aukakostnað þess vegna, þar sem auðvelt og sjálfsagt var að reka staðfestingarmálið með aðalsökinni og gera þá löghaldið, áður en aðalmálið var höfðað.

Um 1.

Matsmennirnir Jósef Halldórsson og Þórður Þórðarson hafa báðir komið fyrir dóm sem vitni og staðfest matsgerð sína og gert nánari grein fyrir sundurliðun matsfjárhæðarinnar. Jósef Halldórsson hefur m. a. skýrt svo frá, að botn eða pallur í kjallaratröppum hafi verið ívið hærri en gólfið fyrir innan. Sé þetta byggingargalli og því sé í matsgerðinni talað um að brjóta upp pall þennan í því skyni að gera hann lægri en kjallaraglófið fyrir innan. Vitnið kvaðst eigi fá séð, að hægt sé að ráða bót á leka þessum á annan hátt en um greini í matsgerðinni, svo að öruggt mætti telja. Vitnið kvaðst ekki telja það forsvaranlegt að hafa þessar kjallaratröppur eins og þær væru, jafnvel þótt niðurfall væri í fullkomnu lagi, því að alltaf væri mikil hætta á, að það stíflaðist, t. d. vegna krapa. Vitnið kveður, að hverjum fagmanni og sæmilega glöggum manni ætti að vera ljóst við skoðun, að járnklæðning á húsinu sé klamburslega eða ófaglega unnin og múrhúðun á skorsteini ófrágengin. Þá hefði járnklæðningin átt að geta haldið vatni þrátt fyrir þessa ljótu áferð á verkinu. Vitnið kveður, að lekið hafi á kafla, þar sem járnklæðningin nær ekki yfir steininn, og tekur fram, að enginn sökkullisti sé á þessu húsi.

Vitnisburður matsmannsins Þórðar Þórðarsonar er nokkuð á sömu lund. Hann kveður pallinn í kjallaratröppum hússins vera 10—15 cm hærri en gólfið fyrir innan og því leiti vatnið inn fyrir, ef niðurfall stíflast, og getur þess, að þessi frágangur á kjallaratröppunum sé mjög óvenjulegur og þurfi lítið til að vatnið

flæði inn. Vitnið kveður, að augljóst hafi mátt vera hverjum þeim, er skoðaði húsið, að skorsteinn þessi var ófrágenginn, þannig að múrhúðun vantaði og enn fremur sökkullista og lista uppi við þakskegg. Hins vegar geti gallar á kjallaratröppum ekki talizt augljósir hverjum og einum.

Fyrir rétti hefur stefndi haldið því fram um þetta atriði, að stefnanda og eiginkonu hans hafi við skoðun á húsinu verið bent á, að skorsteinn hússins væri ómúrhúðaður og að með honum læki, og er framburður eiginkonu stefnda mjög á sömu lund um þetta atriði. Þessu hafa stefnandi og eiginkona hans alfarið mótmælt sem röngu, og kveða þau, að á þetta hafi alls eigi verið minnzt.

Það er álit réttarins, byggt á vettvangsskoðun og öðrum gögnum málsins, að eigi hafi átt að geta farið framhjá stefnanda, jafnvel við lauslega skoðun á suðurhlið hússins, að skorsteinn var ómúrhúðaður, sökkullista vantaði og lista uppi við þakskegg, auk þess sem járnklæðning hússins var mjög illa unnin og áferðarljót og geti hann því eigi byggt neinn rétt á því að hafa eigi vitað um þessi atriði, sem ábótavant var um á húsinu. Hins vegar verður að telja, að hann hafi eigi haft ástæðu til að ætla, að inn í húsið læki þrátt fyrir þetta. Hefur stefnda eigi tekizt gegn eindregnum mótmælum stefnanda að færa sönnur á þá staðhæfingu sína, að hann hafi við kaupin vakið athygli á lekanum. Ber því að leggja bótaábyrgð á stefnda vegna tjóns stefnanda af völdum leka, sem telja verður leynda galla á húsinu.

Eins og fram kemur í matsgerðinni og nánar í sundurliðun matsupphæðarinnar, er reiknað með ýmsum lagfæringum og umbótum á suðurhlið hússins, sem augsýnilega hefði borið brýna nauðsyn að gera, þótt hvergi hefði lekið inn í húsið þarna.

Þegar þetta er virt og annað það, sem máli skiptir, og hafður er í huga kostnaður stefnanda við matið, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 7.000.00.

Um 2.

Að framan hefur verið rakið meginefni matsgerðar þeirra Theodórs Árnasonar verkfræðings og Sigurðar R. Halldórssonar byggingaeftirlitsmanns, sem báðir hafa komið fyrir rétt sem vitni og staðfest matsgerðina.

Niðurstöður þeirra um svonefnd K-gildi hinna ýmsu hluta byggingarinnar hafa eigi verið vefengdar né sætt neinum andmælum. Reiknast þeim til, að K-gildi kjallaraveggjar sé 0.83, K-

gildi veggjar 1. hæðar 0.82 í gegnum sjálfa trégrindina, en 1.38 í bilunum milli uppistaða, og fyrir þakið 2.3.

Ágreiningslaust er og í málinu, hvernig frágangi hefur verið háttað við einangrun hússins, og er í því efni byggt á lýsingu og þverskurðarteikningum matsmanna um þetta atriði og höfð hliðsjón af virðingargerð Veðdeildar Landsbanka Íslands, dags. 12. nóvember 1955, sem fram hefur verið lögð í málinu.

Er húsið að Nýbýlavegi 48 A var byggt, var í gildi fyrir Kópavog byggingarsamþykkt, sem var staðfest 20. júlí 1954. Í VII. kafla samþykktarinnar, sem ber fyrirsögnina „Steinsteypt hús", er að finna í 23. gr. fyrirmæli um einangrun allra útveggja íbúðarherbergja. Samkvæmt ákvæðum greinarinnar skal K-gildi útveggja vera mest 1.00. Um einangrun á þökum, þar sem íbúð er undir, eru fyrirmæli í 9. tl. 26. gr., sbr. og 7. tl. greinarinnar, og er þar vísað til 23. gr. um einangrunarkröfurnar, en samkvæmt því skal K-gildið vera 1.00.

Eins og að framan er rakið, hefur stefndi haldið því fram, að engar slíkar einangrunarkröfur sé að finna í VIII. kafla samþykktarinnar, sem ber fyrirsögnina „Timburhús", og því sé augljóst, að eigi hafi borið að einangra húsið eftir fyrirmælum 23. gr., því að þar sé einvörðungu átt við steinhús. Eigi verður fallizt á þessa málsástæðu stefnda, þar sem telja verður, að VIII. kafli byggingarsamþykktarinnar fjalli einvörðungu um þau atriði, sem séu sérkennandi fyrir byggingu timburhúsa, en fyrirmæli 23. gr. gildi almennt um einangrun útveggja íbúðarbygginga án tillits til byggingarmáta þeirra.

Fyrir rétti hefur stefndi haldið því fram, að hann hafi skýrt eiginkonu stefnanda frá því, er hún var að skoða húsið og spurði, hvort þetta væri gott hús, að það væri svona í meðallagi og væri það t. d. einangrað með sementspokum. Kona stefnda hefur og borið, að eiginkonu stefnanda hafi verið skýrt frá því, að einangrun hússins væri ófullnægjandi. Þessar staðhæfingar stefnda og konu hans hefur eiginkona stefnanda lýst alrangar, og kveður hún aldrei hafa verið á þetta minnzt við kaupin. Gegn eindregnum mótmælum stefnanda og konu hans verður að telja ósannað, að minnzt hafi verið á ófullnægjandi einangrun hússins við kaupin. Vitnið Árni Halldórsson hæstaréttarlögmaður, sem annaðist gerð kaupsamningsins milli aðilja, hefur borið fyrir rétti, að eigi hafi verið rætt um einangrun hússins, svo að hann heyrði, fyrr en löngu eftir að stefnandi flutti inn. Eðlilegt sýnist vera að álíta, að stefnda hafi verið í lófa lagið að láta setja ákvæði

um þetta atriði í kaupsamninginn, en það hefur hann ekki gert.

Það er álit dómsins, að húsið að Nýbýlavegi 48 A sé bersýnilega fremur óvandað að allri smíði og virðist á margan hátt byggt af vanefnum og vankunnáttu og séu ýmiss atriði í gerð þess önnur en einangrunin þannig, að í bága brjóti við þá byggingarsamþykkt, sem í gildi var, er það var reist. Með tilliti til þessa virðist liggja beint við að ályktа, að frávik það frá lágmarkseinangrunarkröfum 23. gr. byggingarsamþykktarinnar, sem raun er á um einangrun 1. hæðar hússins, sé alls eigi meira en svo, að fyllilega samsvari byggingarmáta þess, heildarútliti og ásigkomulagi og allri áferð. Þykja því eigi efni til að dæma stefnanda bætur vegna ófullnægjandi einangrunar útveggja 1. hæðar.

Um þak hússins gegnir öðru máli. Samkvæmt matsgerðinni og af öðrum gögnum málsins er í ljós leitt, að þar er um alls enga einangrun að ræða, enda er kólnunartala þaksins 2.3, sem er mjög verulegt frávik frá einangrunarkröfum byggingarsamþykktarinnar.

Þótt telja verði, að stefnandi hafi eigi haft ástæðu til að ætla, að einangrun hússins væri í góðu lagi, hafði hann hins vegar alls enga ástæðu til að ætla, að þakið yfir íbúðarhæðinni væri algerlega óeinangrað. Þykir því bera að dæma stefnda bótaskyldan vegna þessa galla á húsinu. Bætur til handa stefnanda þykja hæfilega ákveðnar kr. 25.000.00, og er þá hafður í huga kostnaður hans vegna matsins.

Ákvörðun bóta til handa stefnanda vegna einangrunarleysis þaksins er byggð á því áliti hinna sérfróðu meðdómenda, að auðvelt sé að framkvæma einangrun þaksins með glerullarmottum á mun kostnaðarminni hátt en matsmenn gera ráð fyrir, þ. e. að eigi þurfi að rífa niður loftklæðningu nema til hálfs og þá á tveimur til þremur stöðum, því að auðvelt sé með þeim hætti að renna mottunum inn á allt skammbitaloftið. Að þessari aðferð mundi verða allverulegur sparnaður í vinnu og efni.

Um 3.

Við löghaldsgerðina lýsti stefndi því yfir, að hann hefði eigi afsal fyrir fasteigninni, sem kyrrsett var, en væri að kaupa hana. Vitnið Árni Halldórsson hæstaréttarlögmaður hefur lýst yfir að hafa annazt gerð kaupsamnings um eignina milli stefnda og Kristjáns Wium, sem var eigandi samkvæmt afsals- og veðmálabókum. Þessu hefur eigi verið mótmælt af stefnda hálfu, og ekkert hefur komið fram þess efnis, að kaupum þessum hafi verið riftað fyrir vanefndir stefnda á kaupsamningnum eða af

öðrum orsökum, og verður því að leggja til grundvallar, að stefndi hafi með kaupsamningi sínum um fasteignina öðlazt eignarrétt að henni, eftir atvikum skilyrtan. Verður því að telja, að löghaldið sé réttilega lagt á, og ber því að staðfesta gerðina til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Við ákvörðun málskostnaðar í málinu verður höfð hliðsjón af kostnaði við löghaldsgerðina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi er dæmdur til að greiða stefnanda samtals kr. 32.000.00 með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu.

Eftir þessum lyktum málsins ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.600.00.

Dómur þessi er uppkveðinn af Ólafi St. Sigurðssyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt meðdómsmönnunum Gunnari Þ. Þorsteinssyni byggingafræðingi og Vagni E. Jónssyni hæstaréttarlögmanni.

Dómsorð:

Ofangreind löghaldsgerð staðfestist.

Stefndi, Steindór Jónsson, greiði stefnanda, Gunnari Sigurjónssyni, kr. 32.000.00 með 7% ársvöxtum frá 9. desember 1964 til greiðsludags og kr. 10.600.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. júní 1968.

Nr. 63/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sigmundi Franz Kristjánssyni
(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjársvik. Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Ákærði hefur nú greitt póst- og símamálastjórninni fé-

bætur þær, kr. 1.000.00, er dæmdar voru í héraði. Á þá fjárkröfu verður því ekki lagður dómur í Hæstarétti. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn með skírskotun til forsendna hans.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000.00, og laun verjanda síns, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms, sem að framan greinir, eru staðfest.

Ákærði, Sigmundur Franz Kristjánsson, greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000.00, og laun verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn 21. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 86/1968: Ákæruvaldið gegn Sigmundi Franz Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 16. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 28. desember 1967, gegn Sigmundi Franz Kristjánssyni, Kleppsvegi 134 hér í borg, fæddum 14. janúar 1941 að Róðhóli í Sléttuhlíð, „fyrir svik og tékkamisferli á árinu 1966, en hann var á því ári framkvæmdastjóri nefnds fyrirtækis, sem tekið var til gjaldþrotaskipta hinn 17. október 1966. Á þessu ári hafði fyrirtækið hlaupareikning nr. 4877 í Útvegsbanka Íslands og hlaupareikning nr. 8214 í Landsbanka Íslands. Á sama tíma hafði ákærði á eigin nafni sparisjóðsávísanareikning nr. 3288 í Útvegsbanka Íslands, hlaupareikning nr. 44 í Háaleitisútibúi Búnaðarbanka Íslands og hlaupareikning nr. 1650 í Iðnaðarbanka Íslands.

Er ákærða gefið að sök að hafa á árinu 1966 gefið út tékka á reikninga þessa og notað þá í viðskiptum, svo sem rakið verður, án þess að innstæða væri fyrir þeim, en tékkarnir voru gefnir út til handhafa, nema þar sem annars verður getið.

A.

Tékkasvik og annað tékkamisferli.

I.

Tékkar á hlaupareikning nr. 4877 í Útvegsbanka Íslands.

1. G. Nr. 166216, kr. 8.000.00, dagsettur 2. júní. Greiðsla fyrir hurðir til Hurðavers h/f í Bolungarvík.

2. G. Nr. 166228, kr. 30.000.00, dagsettur 4. júní. Vilhjálmur Svan Jóhannsson prentari, Hörpugötu 14, Reykjavík, lánaði ákærða kr. 30.000.00, og fékk hann tékkann afhentan við greiðslu lánsfjárins. Var Vilhjálmi þá kunnugt af frásögn ákærða, að eigi var innstæða fyrir tékkanum. Skyldi hún verða til innan fárra daga, en það brást.

3. G. Nr. 166233, kr. 5.000.00, dagsettur 8. júní. Kaupgreiðsla til ákærða frá Ísplasti h/f. Tékkann notaði ákærði síðan til greiðslu vinnulauna til Þórðar Gíslasonar, Kleppsvegi 98.

4. G. Nr. 166234, kr. 5.500.00, dagsettur 8. júní. Kaupgreiðsla til ákærða frá Ísplasti h/f. Tékkann notaði ákærði síðan til greiðslu vinnulauna til Sigurjóns Péturssonar, Fellsmúla 17.

II.

Tékki á hlaupareikning nr. 8214 í Landsbanka Íslands.

1. A. Nr. 448899, kr. 5.695.00, dagsettur 30. ágúst. Notaður sem innlegg á hlaupareikning ákærða nr. 44 í Háaleitisútibúi Búnaðarbanka Íslands.

III.

Tékkar á sparisjóðsávísanareikning nr. 3288 í Útvegsbanka Íslands.

1. P. Nr. 71979, kr. 15.000.00, dagsettur 7. júlí. Greiðsla skuldar til Hermanns Lárussonar forstjóra, Neskaupstað.

2. P. Nr. 75433, kr. 2.540.00, dagsettur 2. ágúst. Greiðsla innheimtulauna til Bergs Bjarnasonar hdl.

IV.

Tékkar á hlaupareikning nr. 44 í Háaleitisútibúi Búnaðarbanka Íslands.

1. A. Nr. 3296, kr. 16.000.00, til Hermanns Lárussonar, dagsettur 1. september. Greiðsla skuldar til Hermanns Lárussonar forstjóra, Neskaupstað.

2. A. Nr. 3303, kr. 5.000.00, dagsettur 9. september. Greiðsla víxilskuldar til Bókaverzlunar Ísafoldar.

3. A. Nr. 3304, kr. 7.930.00, til Jóns Loftssonar, dagsettur 9. september. Greiðsla fyrir vörur til Jóns Loftssonar & Co. h/f.

4. A. Nr. 3306, kr. 3.550.00, til Eimskips, dagsettur 3. september. Greiðsla farmgjalds til Eimskipafélags Íslands h/f.

5. A. Nr. 3309, kr. 10.000.00, dagsettur 5. september. Greiðsla vinnulauna til Magnúsar Brynjólfs Magnússonar, Hagamel 17.

6. A. Nr. 3311, kr. 20.000.00, dagsettur 5. september. Seldur fyrir peninga í Trésmiðjunni Víði.

7. A. Nr. 3314, kr. 1.000.00, dagsettur 5. september. Greiðsla fyrir vörur í Kaupfélagi Hvammsfjarðar.

8. A. Nr. 3322, kr. 17.000.00, dagsettur 9. september. Greiðsla til Iðnaðarbanka Íslands. Óvíst hvers konar greiðsla.

9. A. Nr. 3325, kr. 5.000.00, til Útvegsbankans, dagsettur 9. september. Greiðsla til Útvegsbanka Íslands. Óvíst hvers konar greiðsla.

10. A. Nr. 4101, kr. 6.988.00, til tollstjóra, dagsettur 12. september. Greiðsla aðflutningsgjalds af vöru.

11. A. Nr. 4102, kr. 2.526.00, til Eimskips, dagsettur 12. september. Greiðsla farmgjalds til Eimskipafélags Íslands h/f.

12. A. Nr. 4104, kr. 2.075.00, dagsettur 12. september. Óvíst um notkun.

V.

Tékki á hlaupareikning nr. 1650 í Iðnaðarbanka Íslands.

1. I. Nr. 64320, kr. 77.000.00, til Hrafnhildar Vilhelmsdóttur, dagsettur 15. september. Hrafnhildur Vilhelmsdóttir, Kleppsvegi 134, lánaði ákærða kr. 77.000.00 og fékk tékkann afhentan við greiðslu lánsfjárins. Var henni þá kunnugt af frásögn ákærða, að eigi var innstæða fyrir tékkanum. Skyldi hún verða til innan skamms, en það brást.

Verknaðir þeir, sem taldir eru í liðum IV, 3, 4, 6, 7 og 11, þykja varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verknaðir þeir, sem taldir eru í liðum I, 1 og IV, 10, þykja aðallega varða við nefnda 248. gr., en til vara við 261. gr. sömu laga. Verknaðir þeir, sem taldir eru í liðum I, 2—4, II, 1, III, 1 og 2, IV, 1, 2, 5, 8, 9 og 12 og V, 1, þykja varða við 261. gr. sömu laga.

B.

Fjárdráttur á árinu 1966.

I.

Með því að taka við f. h. Ísplasts h/f peningagreiðslum, sam-

tals kr. 51.927.00 — þ. e. a. s. kr. 28.500.00 í marz og kr. 23.427.00 hinn 10. september — frá Helga Sigvaldasyni, Hlíðarvegi 38, Ytri-Njarðvík, sem greiðslu fyrir veggjapanel og fjaðrir, afhenda eigi kaupandanum vörur fyrir meira en kr. 38.975.40, en nota afganginn, kr. 12.951.00, í þágu félagsins.

II.

Með því að taka hinn 14. september við kr. 12.000.00 frá Hermanni Helgasyni, Bogahlíð 17 í Reykjavík, sem fyrirframgreiðslu upp í þilplötupöntun fyrir alls kr. 25.000.00, standa síðan eigi skil á vörunni og nota peningana í þágu félagsins.

III.

Með því að taka um miðjan september við kr. 10.000.00 frá Jóni Nóasyni, Blómsturvöllum í Neskaupstað, sem greiðslu fyrir harðvið, standa síðan eigi skil á vörunni og nota peningana í þágu félagsins.

Verknaðir þessir, sem taldir eru í B, I—III, þykja varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar".

Málavextir.

Ákærði var framkvæmdastjóri heildsölufyrirtækisins Ísplasts h/f. Bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur 17. október 1966.

Fram hefur komið, að ákærði gaf út og notaði allmarga innstæðulausa tékka á reikninga fyrirtækisins sumarið 1966, og fór fram dómsrannsókn á s.l. ári út af kærum Seðlabanka Íslands út af því atferli ákærða. Rannsóknin beindist einnig að kærum þriggja aðilja, er kváðust hafa afhent ákærða eða fyrirtæki hans fé til greiðslu á vörum, er síðan hefði verið vanrækt að afhenda.

Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um ákæruatriði þessi, og eru þau hér á eftir númeruð á sama veg og í ákærunni.

A. Ákærur um tékkasvik.

I. 1. Tékki á hlaupareikning 4877 í Útvegsbanka Íslands, kr. 8.000.00, dags. 2. júní 1966, framseljandi f. h. Hurðavers Kristján Eggertsson. Samkvæmt framburði ákærða sá Ísplast um að selja í umboðssölu vörur fyrir verksmiðjuna Hurðaver í Bolungarvík og greiddi eina slíka sendingu með tékka þessum.

I. 2. Tékki á hlaupareikning 4877, kr. 30.00.00, dags. 4. júní,

framseljandi Vilhjálmur Svan Jóhannsson, Hörpugötu 14. Ákærði fékk lánaðar 30 þús. kr. hjá framseljandanum og lét hann hafa á móti því tékka þennan með þeim ummælum, að innstæða væri ekki fyrir honum í bili, en mundi verða eftir tiltekinn tíma (2 daga að því er Vilhjálmur segir). Tékkinn hefur verið sýndur í banka 11. júní, en hinn 7. s. m. hafði honum verið lokað.

I. 3. Tékki á hlaupareikning 4877, kr. 5.000.00, dags. 8. júní, fyrsti framseljandi Þórir Gíslason. Með tékka þessum greiddi ákærði laun til Þóris, sem vann að smíðum fyrir ákærða.

I. 4. Tékki á hlaupareikning 4877, kr. 5.500.00, dags. 8. júní, framseljandi Ragna Brynjólfsdóttir. Með tékka þessum greiddi ákærði Sigurjóni Péturssyni, Fellsmúla 17, laun með tékkanum, en hann vann að trésmíðavinnu fyrir ákærða. Sigurjón er eiginmaður framseljandans.

II. 1. Tékki á hlaupareikning 8214 í Landsbanka Íslands, kr. 5.695.00, dags. 30. ágúst, framseljandi Svavar Þorvaldsson, Digranesvegi 93. Ákærði sendi Svavar, sem var starfsmaður hans, með tékkann í Háaleitisútibú Búnaðarbanka Íslands til þess að leggja féð inn á hlaupareikning Ísplasts h/f þar. Hafði hlaupareikningi 8214 þó verið lokað 22. júní.

III. 1. Tékki á sparisjóðsávísanareikning 3288 í Útvegsbanka Íslands, kr. 15.000.00, dags. 7. júlí, framseljandi Elsa Christiansen, Safamýri 36. Með tékka þessum greiddi ákærði helming skuldar til Hermanns Lárussonar, forstjóra í Neskaupstað, og veitti Elsa, sem er mágkona Hermanns, greiðslunni viðtöku.

III. 2. Tékki á ávísanareikning 3288, kr. 2.540.00, dags. 2. ágúst, framseljandi Bergur Bjarnason. Með tékka þessum greiddi ákærði Bergi Bjarnasyni héraðsdómslögmanni innheimtulaun eða málskostnað.

IV. 1. Tékki á hlaupareikning 44 í Háaleitisútibúi Búnaðarbanka Íslands, kr. 16.000.00, dags. 1. september, framseljandi Hermann Lárusson. Með tékka þessum greiddi ákærði Hermanni Lárussyni hluta af skuld, sbr. III, 1 hér að ofan.

IV. 2. Tékki á hlaupareikning 44, kr. 5.000.00, dags. 9. september, framseljandi Ísafoldarprentsmiðja. Með tékka þessum greiddi ákærði skuld til Ísafoldarprentsmiðju.

IV. 3. Tékki á hlaupareikning 44, kr. 7.930.00, útgefinn til Jóns Loftssonar 9. september. Fyrir tékka þennan keypti ákærði vörur af Jóni Loftssyni h/f. Fullyrðir forstjórinn, Loftur Jónsson, að hér hafi verið um staðgreiðsluviðskipti að ræða, enda hafi ákærði á þessum tíma ekki getað fengið vöruúttekt gegn gjald-

fresti. Hefur ákærði sagt, að þessi framburður Lofts sé sjálfsagt réttur. Þess er þó að gæta, að tékkinn er dagsettur 9. september, en hefur fyrst verið lagður í banka 6. september og komið í greiðslubankann 8. september.

IV. 4. Tékki á hlaupareikning 44, kr. 3.550.00, útgefinn til Eimskips 3. september. Með tékka þessum greiddi ákærði Eimskipafélagi Íslands h/f farmgjald af vöru.

IV. 5. Tékki á hlaupareikning 44, kr. 10.000.00, dags. 5. september, framseljandi Magnús Magnússon. Með tékka þessum greiddi ákærði laun til starfsmanns síns, Magnúsar Brynjólfs Magnússonar, Hagamel 17.

IV. 6. Tékki á hlaupareikning 44, kr. 20.000.00, dags. 5. september, framseljandi Trésmiðjan Víðir, Hrefna Árnadóttir. Hrefna Árnadóttir, sem starfar hjá Víði, hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi hitt hana í verzluninni og beðið hana að kaupa af sér tékka þennan og hún gert það í greiðaskyni. Hún hafi spurt ákærða um það, hvort innstæða væri fyrir tékkanum, og hann fullyrt að svo væri. Ákærði segir, að vera megi, að þessi frásögn sé rétt. Gizkar hann á, að þetta hafi gerzt fyrri hluta dags og hann ætlað sér að leggja inn á reikninginn, áður en dagur væri allur.

IV. 7. Tékki á hlaupareikning 44, kr. 1.000.00, dags. 5. september. Fyrsti framseljandi Kaupfélag Hvammsfjarðar. Ákærði segir, að líklega hafi hann keypt eitthvað fyrir tékkann í verzlun kaupfélagsins, er hann var á ferð fyrir vestan þetta sumar, en ekki kveðst hann muna sérstaklega eftir þessum viðskiptum.

IV. 8. Tékki á hlaupareikning 44, kr. 17.000.00, útgefinn til Iðnaðarbanka Íslands 9. september. Ákærði kveðst sennilega hafa greitt víxilskuld í bankanum með þessum tékka.

IV. 9. Tékki á hlaupareikning 44, kr. 5.000.00, útgefinn til Útvegsbanka Íslands 9. september. Ákærði segist ekki muna eftir notkun þessa tékka.

IV. 10. Tékki á hlaupareikning 44, kr. 6.988.00, útgefinn til tollstjóra 12. september. Með tékka þessum kveðst ákærði hafa greitt aðflutningsgjöld.

IV. 11. Tékki á hlaupareikning 44, kr. 2.526.00, útgefinn til Eimskips 12. september. Með tékka þessum kveðst ákærði hafa greitt farmgjald til Eimskipafélags Íslands h/f.

IV. 12. Tékki á hlaupareikning 44, kr. 2.075.00, framseljendur Sæmundur Jóhannsson og Jón H. Þorbergsson c/o Vélverk. Ákærði man ekki, hvernig hann notaði þennan tékka, og Jón Hálfdán Þorbergsson, sem framselt hefur tékkann, segist senni-

lega hafa fengið tékkann sem greiðslu fyrir viðgerð, en hann rekur dieselstillingarverkstæði. Jón Hálfdán veit ekki, hver Sæmundur sá er, sem framselt hefur tékkann næst á undan honum.

V. 1. Tékki á hlaupareikning 1650 í Iðnaðarbanka Íslands, kr. 77.000.00, útgefinn til Hrafnhildar Vilhelmsdóttur 15. september. Framseljandinn, Hrafnhildur Vilhelmsdóttir, lánaði ákærða 77 þús. kr. og fékk hjá ákærða tékka þennan, og vissi hún, að innstæða var ekki fyrir tékkanum, en innstæða átti að verða til eftir stuttan tíma, og var um það samið, að Hrafnhildur sýndi tékkann ekki til greiðslu fyrr en þar að kæmi. Ákærði sá hins vegar ekki um að leggja inn fyrir tékkanum.

Ákærði kveðst ekki geta gefið neina sérstaka skýringu á því, að hann notaði innstæðulausa tékka á hlaupareikning 4877, en telur, að hann hafi ætlað sér að sjá um, að innstæða yrði á reikningnum, þegar tékkarnir kæmu í greiðslubankann.

Ákærði hélt því í fyrstu fram, að ástæðan til þess, að tékkar voru gefnir út án innstæðu á ávísanareikning 3288 í Útvegsbankanum og hlaupareikning 44 í Búnaðarbankanum, hefði verið sú, að bæði hann og Þorsteinn Steingrímsson, starfsmaður hans, hefðu gefið út tékka á þessa reikninga, og hafi þeir ekki gætt þess að fylgjast nægilega vel með innstæðunni. Þorsteinn kveðst hins vegar alls ekki hafa ávísað á reikninginn gagnstætt fyrirmælum ákærða eða án vitundar hans, og við dómsrannsókn málsins hefur ákærði lýst yfir því, að hann vilji heldur ekki halda því fram, að Þorsteinn hafi gert það.

Um Landsbankatékkann segir ákærði, að hann hafi verið búinn að fá tilknningu frá bankanum um, að bankinn hefði innheimt kröfu fyrir hann og lagt inn á hlaupareikinginn. Síðar hafi komið í ljós, að innheimtuféð hafði verið notað til lúkningar á víxilskuld ákærða.

Fram er komið, að ákærði hefur greitt tékka þá, sem lýst er í ákærulið I, 3 og I, 4.

B. Ákærur um fjárdrátt.

Í marz 1966 pantaði Helgi Sigvaldason, yfirvarðstjóri í Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli, til heimilis Hlíðarvegi 38, Ytri-Njarðvík, nokkuð af harðviði af Ísplasti h/f. Greiddi hann við pöntun áætlaðan helming kaupverðs, kr. 28.500.00. Snemma í september var Helga tilkynnt, að varan væri komin. Minnir

Helga, að það væri Þorsteinn Steingrímsson, starfsmaður Ísplasts h/f, sem tilkynnti honum þetta símleiðis. Laugardaginn 10. september greiddi ákærði (sic) eftirstöðvar kaupverðsins, samtals kr. 23.247.00. Hefur Þorsteinn Steingrímsson kvittað fyrir viðtöku fjárins á tvo reikninga. Annar reikningurinn er fyrir oregonpine og limba o. fl. að fjárhæð kr. 38.975.40 ÷ kr. 28.500.00, eða kr. 10.295.40. Hinn reikningurinn er fyrir apachi og fjaðrir að fjárhæð kr. 12.951.60. Samkvæmt framburði Helga átti varan að vera tilbúin á mánudagsmorgni, en er Helgi kom til að vitja hennar, tókst honum ekki að fá vöruna. Varð að samkomulagi, að Ísplast sæi um að senda honum vöruna næstu daga. Var það gert, þ. e. vara sú, sem nótan að fjárhæð kr. 10.295.40 lýtur að, var send Helga. Hins vegar segist hann ekkert hafa fengið af vörum þeim, sem greindar eru á hinni nótunni (apachi og fjaðrir). Hann kveðst ekki heldur hafa fengið endurgreitt það, sem hann hafði greitt fyrir þessa vöru.

Ákærði kannast við, að vantað hafi á afhendingu vörunnar, svo sem að framan greinir, og að Helgi hafi verið búinn að greiða vöruna að fullu. Ákærði kveðst hafa ætlað að reyna að útvega Helga vörur úr annarri vörusendingu, en það hafi ekki tekizt. Fé það, sem Helgi hafði greitt, hafi verið notað í annað og ekki verið hægt að endurgreiða það, enda hafi félagið orðið gjaldþrota skömmu síðar.

II. Á árinu 1966 pantaði Hermann Helgason lögfræðingur, Bogahlíð 17, þilplötur hjá Ísplasti h/f. Hermann segir, að honum hafi síðar verið tilkynnt, að efnið væri komið. Nokkur dráttur hafi orðið á því, að hann vitjaði efnisins. Hinn 14. september greiddi Hermann kr. 12.000.00 af kaupverðinu, og hefur Þorsteinn Steingrímsson kvittað fyrir. Hermann segir, að sig minni, að hringt væri til hans og sagt, að efnið væri til, frekar en að hann sjálfur hringdi og spyrði eftir pöntuninni. Segir Hermann, að samið hafi verið um, að plöturnar yrðu afhentar í verzlunarhúsinu Stigahlíð 45—47 sama dag og yrðu eftirstöðvarnar greiddar með víxli. Varan hafi hins vegar ekki verið afhent þennan dag og heldur ekki síðar þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir.

Ákærði segir, að dráttur sá, sem varð á að Hermann vitjaði vörunnar, hafi orðið til þess, að hann hafi selt hana öðrum. Í september hafi Hermann kallað eftir efninu, og þá kveðst ákærði hafa ætlað að láta hann hafa vöru úr öðru partíi og Hermann hafi þá greitt 12.000 kr. Þessa peninga kveðst ákærði hafa ætlað að nota til þess að leysa út vörupartí, en það hafi ekki

tekizt og Hermann hafi ekki fengið efnið, en fé það, er hann hafi greitt, hafi runnið inn í veltu fyrirtækisins.

III. Í október 1966 pantaði Jón Nóason bifreiðarstjóri, Blómsturvöllum 14, Neskaupstað, vöru hjá Ísplasti h/f. Pöntunina gerði hann í símtali. Ekki er vitað, við hvern hann talaði, en ákærði segir hann ekki hafa talað við sig, en býst við, að Þorsteinn Steingrímsson hafi tekið við pöntuninni. Þorsteinn kveðst ekki muna eftir þessu. Jón sendi greiðslu inn á kaupverðið, kr. 10.000.00, í símapóstávísun, og er greiðslan móttekin í pósthúsinu í Neskaupstað 15. október. Jón fékk enga vöru afgreidda. Hefur ákærði kannazt við, að hann hafi veitt viðtöku fé því, er Jón sendi, og lagt það inn í rekstur fyrirtækisins.

Niðurstöður.

A. Með notkun tékka þeirra, sem taldir eru í ákæruliðum I. 1., IV. 4., IV. 6., IV. 7., IV. 10. og IV. 11., hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 248. gr. alm. hegingarlaga. Fjárhæð tékka þessara nemur samtals kr. 42.064.00.

Fyrir notkun tékkanna, sem lýst er í öðrum liðum A-þáttar ákæru, verður ákærða refsað samkvæmt 261. gr. alm. hegningarlaga, svo sem í ákæru er krafizt. Einnig þykir rétt að refsa ákærða samkvæmt þessu ákvæði fyrir brot það, sem lýst er í ákærulið IV. 3. (samkvæmt heimild í 118. gr. laga nr. 82/1961), enda er ljóst, að tékkinn hefur verið dagsettur fram í tímann. Fjárhæð tékka þessara nemur samtals kr. 203.740.00.

B. Líta verður svo á, að þeir Helgi Sigvaldason, Hermann Helgason og Jón Nóason hafi allir innt af höndum greiðslur á þeim forsendum, að þeir væru að staðgreiða vöru, er afhent yrði þegar í stað. Var ákærða eigi rétt að ráðstafa fénu nema beinlínis í sambandi við vörur þær, sem þessir viðskiptamenn áttu að fá. Ef ekki var hægt að afhenda þeim vöruna, bar ákærða að skila þeim fénu aftur, og var óheimilt að láta það renna inn í veltu Ísplasts h/f. Með því að gera það hefur ákærði því unnið til refsingar samkvæmt 247. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki fyrr sætt neinum kærum né refsingum utan einni sekt fyrir umferðarbrot.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga ákveðin fangsli 6 mánuði. Ekki þykja efni til að skilorðsbinda refsinguna.

Eftirtaldir aðiljar hafa krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu fébóta sem hér greinir:

1. Jón Loftsson h/f (sbr. ákærulið A. IV. 3) kr. 7.930.00 ásamt 8% vöxtum frá 9. september 1966 svo og innheimtulaun.

2. Eimskipafélag Íslands h/f (ákæruliðir A. IV. 4 og A. IV. 11) kr. 6.076.00 ásamt 8% vöxtum frá 12. september 1966 til greiðsludags og auk þess innheimtulaun.

3. Borgarsjóður Reykjavíkur (ákæruliður A. IV. 5) kr. 10.000.00.

4. Póstur og sími (ákæruliður A. IV. 7) kr. 1.000.00.

5. Vélverk h/f (ákæruliður A. IV. 12) kr. 2.075.00.

6. Helgi Sigvaldason (ákæruliður B. I.) kr. 12.951.60 ásamt kostnaði, kr. 2.000.00.

7. Hermann Helgason (ákæruliður B. II.) kr. 12.000.00.

8. Jón Nóason (ákæruliður B. III.) kr. 10.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 15. október 1966 til greiðsludags.

Kröfur þessar ber að taka til greina, þó þannig, að innheimtulaun og kostnaður verður ekki dæmdur, þar sem kröfur eru uppi hafðar og dæmdar í opinberu máli.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, er ákveðast kr. 6.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigmundur Franz Kristjánsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði greiði:

1. Jóni Loftssyni h/f kr. 7.930.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 9. september 1966 til greiðsludags,

2. Eimskipafélagi Íslands h/f kr. 6.076.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 12. september 1966 til greiðsludags,

3. Borgarsjóði Reykjavíkur kr. 10.000.00,

4. pósti og síma kr. 1.000.00,

5. Vélverki h/f kr. 2.075.00,

6. Helga Sigvaldasyni kr. 12.951.60,

7. Hermanni Helgasyni kr. 12.000.00,

8. Jóni Nóasyni kr. 10.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 15. október 1966 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.500.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Laugardaginn 22. júní 1968.

Nr. 196/1966. **Elín Bjarnadóttir,**
Kristín Bjarnadóttir,
Þórhildur Bjarnadóttir
og
Þorbjörn G. Bjarnason
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Herði Kristinssyni
(Sigurður Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, eigendur jarðarinnar Heiðar í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1966. Þeir gera þær dómkröfur, „aðallega að dæmt verði, að Gráhóll sá, sem getur í landamerkjabréfi frá 24. maí 1890, sé hóll sá, sem stóð á bakka Skaftár vestanvert fast við Stapafoss, og þúfa á Flanghálsi sé austasta þúfan, sem er á Flanghálsi“, en til vara, „að nefndur Gráhóll, sé hóll sá, sem nú er austast á Svíra vestan við stapabeltið, og þúfa á Flanghálsi sú sama og að framan greinir“. Þá krefjast þeir þess, að stefnda „verði gert að fjarlægja, að viðlögðum 100 króna dagsektum“ til áfrýjanda, „girðingu þá, sem hann reisti í landi Heiðar sumarið 1961“. Loks krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi, eigandi jarðarinnar Hunkubakka í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt af áfrýjendum, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Að tilhlutan Hæstaréttar hefur Ragnar Árnason verkfræðingur gert uppdrátt af þrætulandinu, sem lagður hefur verið

fram í Hæstarétti og merktur L. K. Á uppdrátt þenna er dregin markalína samkvæmt héraðsdómi og svo markalína, er áfrýjendur krefjast, að dæmd verði.

Samkvæmt gögnum málsins, sem rakin eru í héraðsdómi, verður að telja, að svonefndur Stórihóll og hærri varðan á Flanghálsi hafi verið viðmiðunarstaðir þeir, sem lagðir voru til grundvallar við merkjagönguna 17. júní 1916 og eigi hafa verið vefengdir fyrr en í máli þessu. Þá verður að telja, að garður sá, sem Þorbjörn G. Bjarnason eftir merkjagönguna hlóð milli Heiðar og Hunkubakka, og girðing sú, er hann reisti, eigi að ráða mörkum, svo langt sem þau ná, þar eð eigendur Hunkubakka hafa um langan aldur sætt sig við þessi markamannvirki. Samkvæmt þessu verða mörk milli jarðanna ákveðin þannig: Frá markapunktinum A á hærri vörðu á Flanghálsi á uppdrætti Ragnars Árnasonar í markapunktinn B eftir sjónhendingarlínu í markapunktinn D á Stórahól, frá markapunktinum B í markapunktinn C á miðjum norðurenda markagarðs og frá markapunktinum C sjónhending í markapunktinn D á Stórahól.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

Málsvarnarlaun lögmanns stefnda hér fyrir dómi, kr. 30.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Landamerki milli jarðanna Heiðar og Hunkubakka skulu vera frá markapunktinum A á hærri vörðu á Flanghálsi samkvæmt uppdrætti Ragnars Árnasonar í markapunktinn B, miðuð við sjónhendingarlínu í markapunktinn D á Stórahól, frá markapunktinum B í markapunktinn C á miðjum norðurenda markagarðs og frá markapunktinum C sjónhending í markapunktinn D á Stórahól.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eru staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málsvarnarlaun lögmanns stefnda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Landamerkjadómur Skaftafellssýslu 28. maí 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. þ. m., hefur Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður höfðað f. h. eigenda jarðarinnar Heiðar í Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, hér fyrir dóminum hinn 9. september 1961 gegn Herði Kristinssyni, eiganda jarðarinnar Hunkubakka í sama hreppi.

Dómkröfur eigenda Heiðar eru þær aðallega, að dæmt verði, að Gráhóll sá, sem getur í landamerkjabréfi frá 24. maí 1890, sé Gráhóll sá, sem stóð á bakka Skaftár, vestanvert fast við Stapafoss, og þúfa á Flanghálsi sé austasta þúfan, sem er á Flanghálsi.

Til vara, að Gráhóll sé hóll sá, sem nú er austast á Svíra, vestan við Stapabeltið, og þúfa á Flanghálsi sú sama og að framan greinir.

Loks er krafizt, að eiganda Hunkubakka verði gert að fjarlægja að viðlögðum hæfilegum dagsektum, kr. 100.00 eða annarri fjárhæð að mati dómsins, er renni til eigenda Heiðar, girðingu þá, sem sett var á land Heiðar sumarið 1961.

Enn fremur krefjast sækjendur þess, að eiganda Hunkubakka verði gert að greiða allan málskostnað að mati réttarins.

Varnaraðili, eigandi Hunkubakka, gerir þær dómkröfur, að staðfest sé og dæmt, að Gráhóll sá á Svíra við Skaftá, sem um getur í landamerkjabréfi frá 24. maí 1890 og talinn var syðri endapunktur landamerkjalínunnar milli Heiðar og Hunkubakka af skipuðum úttektarmönnum hinn 17. júní 1916, sé hóll sá á Svíranum, sem stendur fast við Skaftá og er með þúfu eða vörðubroti í kollinum, en við hlið hóls þessa fjær Skaftá er annar álíka mikill hóll, og lágu á milli þeirra götur, gamall ferðamannavegur.

Þá krefst varnaraðili þess, að þúfa á Flanghálsi, sem um getur í fyrrnefndu landamerkjabréfi og skipaðir úttektarmenn árið 1916 töldu nyrðri endapunkt landamerkjalínunnar milli téðra jarða, sé varða sú, sem nú stendur á gömlu þúfubroti austanvert

á Flanghálsi. Krefst eigandi Hunkubakka þess, að merki milli jarðanna Heiðar og Hunkubakka verði talin bein lína milli ofanlýstra endapunkta og honum heimilt að girða eftir línu þessari, sem hann hefur þegar gert að nokkru leyti.

Að endingu hefur varnaraðili krafizt málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati dómsins, eins og mál þetta væri eigi gjafvarnarmál, en varnaraðili fékk gjafvarnarleyfi í máli þessu með bréfi, útgefnu í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 22. maí 1964.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málaferli þessi hafa verið tilkynnt þeim jarðeigendum, er kynnu að hafa hagsmuna að gæta í sambandi við úrslit máls þessa, en þeir lýst því yfir, að þeir kæri sig ekki að hafa afskipti af málinu.

Helztu atvik máls þessa eru þau, sem nú skal greina:

Jarðirnar Heiði og Hunkubakkar liggja hlið við hlið á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu. Austurmörk jarðanna Heiðar og Heiðarsels, sem er fyrir norðan Heiði, liggja að vesturmörkum jarðarinnar Hunkubakka.

Í landamerkjabréfi, dagsettu 24. maí 1890, sem lesið var á manntalsþingi að Kleifum 19. júní sama ár, segir, að austurmörk jarðanna Heiðar og Heiðarsels séu bein lína úr Gráhól á Svíra við Skaftá í þúfu á Flanghálsi.

Um þetta út af fyrir sig er enginn ágreiningur í málinu. Hins vegar er deilt um þetta: Hvar er „Gráhóll", sem er suðurpunktur landamerkjalínunnar, og hvar er „þúfa", sem er norðurpunktur hennar.

Þessar þrjár jarðir, Heiði, Heiðarsel og Hunkubakkar, voru áður þjóðjarðir. Í málinu hefur verið lagt fram endurrit úr úttektarbók Kirkjubæjarklaustursjarða, dags. 3. júní 1847. Þar segir svo um landamerki Heiðar og Heiðarsels að austan: „Úr svokölluðum Gráhól til norðurs í Heiðarborg, þaðan sömu stefnu í vörðu austast á Flanghálsi". Þessi landamerkjalína var ekki bein, þar sem „Heiðarborg" er nokkuð vestan við þá beinu línu, sem varnaraðili hefur krafizt, að verði viðurkennd sem landamerki á milli jarðanna, enda er „Heiðarborg" samkvæmt kröfugerð í málinu öll í landi Heiðar, sbr. ljósmyndina af þrætulandinu á dskj. nr. 34.

Hinn 10. maí 1889 breytir Ólafur Pálsson, umboðsmaður þjóðjarða, landamerkjalínu Hunkubakka að vestan á þann veg, að

hér eftir skyldi hún vera bein lína úr Gráhól í þúfu eða vörðu á Flanghálsi í stað þess að láta línuna brotna til vesturs um Heiðarborg, svo sem hún var tekin við úttektargerðina hinn 3. júní 1847 og rakið er hér að framan. Jafnframt getur Ólafur Pálsson umboðsmaður þess, að samkvæmt amtbréfi, dags. 10. apríl 1889, haldi ábúandinn, sem nú er á jörðinni (þ. e. Hunkubökkum), sína ábúðartíð slægjum þeim, sem hann hafi lengi brúkað fyrir vestan þessa beinu línu, en þegar ábúendaskipti verði á nefndri jörð, falli það allt undir Heiðina, sem sé fyrir vestan nefnda beina línu.

Er þetta gerðist, var ábúandi á Hunkubökkum Jón Pálsson. Af bréfum, sem hann hefur ritað til amtmannsins yfir Suðuramtinu, dags. 10. júní og 26. júlí 1893, sést, að hann hefur verið mjög óánægður með hina beinu landamerkjalínu umboðsmannsins, Ólafs Pálssonar, og hefur hann fengið úttektarmennina í Kleifarhreppi, þá Bjarna Bjarnason, bónda á Hörgsdal, og Helga Bergsson, bónda á Fossi, til að álíta, hve mikilla slægna og landsnytja yfirhöfuð Hunkubakkar hafi misst við breytingu landamerkjalínunnar. Lætur hann úttektargerð þeirra fylgja síðara bréfi sínu til amtmannsins. Í henni segir m. a.: „Slægjuhluti þessi er að okkar áliti helmingur af aðalútslægjum jarðarinnar og hið grasbezta, missir ábúandinn hér um bil 70—100 hesta ár hvert af bezta fóðurtagi eftir því sem grasvöxtur er".

Síða segja úttektarmenn, að verði hið nýja mark látið gilda, þá ætti jörðin Hunkubakkar að metast upp til dýrleika og setjast niður að leigumála.

Ekki leiddu þessar bréfaskriftir ábúandans á Hunkubökkum til þess, að gamla landamerkjalínan frá 3. júní 1847 yrði tekin upp aftur, enda er nú ágreiningslaust, að lína þessi skuli vera bein á milli endapunktanna, svo sem áður er rakið.

Það næsta, sem gerist varðandi landamerki milli jarðanna Heiðar og Hunkubakka, er, að hinn 5. júní 1916 skipar sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu samkvæmt beiðni Bjarna Einarssonar, þáverandi bónda á Heiði, þá Björn Runólfsson, hreppstjóra í Kirkjubæjarhreppi, og Runólf Bjarnason, bónda á Hólmi, til þess að ganga á markalínu milli jarðanna Heiðar og Hunkubakka og ákveða og afmarka fyrirhugaðri girðingu stað, sem Bjarni bóndi Einarsson, eigandi jarðarinnar Heiðar, ætlaði sér að koma á. Í málinu hefur verið lagt fram staðfest eftirrit að úttektargerð hinna skipuðu manna. Gerð þessi fór fram hinn 17. júní 1916 og hljóðar svo að loknum upphafsorðum:

„Með skjali, dags. 10. þ. m., hafa eiganda jarðarinnar Hunkubakka, Þórdísi Guðmundsdóttur á Fossi, og ábúanda sömu jarðar, Elíasi Bjarnasyni (verið) gefinn kostur á að vera við gjörðina, og var ákveðið, að starfið færi fram miðvikudaginn þann 21. þ. m. En þar sem Lárus Helgason, bóndi á Kirkjubæjarklaustri, lýsti því yfir, að hann væri umboðsmaður eiganda jarðarinnar Hunkubakka og óskaði eftir að vera viðstaddur gjörð þessa, en getur eigi mætt hinn setta dag sökum Reykjavíkurferðar, þá fer starf þetta fram í dag með samþykki annarra hlutaðeigenda, eiganda jarðarinnar Heiðar og ábúanda jarðarinnar Hunkubakka.

Eigandi jarðarinnar Heiðar var sjálfur viðstaddur, en fyrir hönd eiganda jarðarinnar Hunkubakka fyrrnefndur Lárus Helgason. Einnig var eiganda jarðarinnar Heiðarsels, Þorsteini Ásgrímssyni, gefinn kostur á að vera við og ábúanda hennar, Runólfi Guðmundssyni, sökum norðurpunktalínunnar, er Heiðarselsland liggur að, en þeir mættu ekki og eigi heldur ábúandi jarðarinnar Hunkubakka.

Fór þá starfið þannig fram, að fyrst var athugað landamerkjaskjal fyrir jörðinni Heiði og Heiðarseli frá 24. maí 1890, ásamt fleiri eldri skjölum. Endapunktar markalínu þessarar eru að sunnan Gráhóll á Svíra við Skaftá og þúfa á Flanghálsi, samkvæmt skjalinu. Var þá gengið á merki og fyrst aðgætt nyrðri endapunktur hennar, er taka skyldi.

Á Flanghálsi austast er gömul uppgróin varða, en önnur merki, þúfa eða varða, sést eigi þar, sem mark er á takandi. Lárus Helgason mótmælti því, að þessi þúfa eða varða væri hinn rétti merkjapunktur, og gekk því eigi inn á að taka marklínuna heimuglega með eiganda jarðarinnar Heiðar, er þeir voru að því spurðir (án íhlutunar hinna skipuðu úttektarmanna), og beiddist eigandi Heiðar, Bjarni Einarsson, þess, að úttektarmennirnir tækju línuna.

Hinir skipuðu úttektarmenn líta svo á, að þúfa þessi eða varða austast á Flanghálsi sé hinn rétti nyrðri endapunktur marklínunnar milli téðra jarða, Heiðar og Hunkubakka, samkvæmt fyrrnefndu landamerkjaskjali frá 24. maí 1890, enda benda hin athuguðu eldri skjöl á, að varða eða þúfa sú hafi verið merkjapunktur í eldri tíð, sbr. úttekt fyrir jörðinni Heiði og Heiðarseli frá 1847, svo og landamerkjalýsing jarðarinnar Hunkubakka frá árinu 1889.

Tóku því næst úttektarmennirnir línuna á milli endapunktanna, þúfu þessarar, sem er austast á Flanghálsi, og Gráhóls á

Svíra við Skaftá. Var byrjað að merkja línuna að norðan og hlaðnar vörður hér og hvar, t. d. ein á Melrakkahraun, sem er sést (svo í bókinni) af Moldarborg. Þegar komið var suður á Moldarborg, var að sinni hætt við að merkja línuna að norðan, og var gengið suður á svonefndan Heiðarháls til þess að ná beinni línu úr Gráhól í norðurmerkin. Var þá merktur kafli á hálsinum með smávörðum og uppstungum, og þegar byrjun þeirrar línu var náð réttri (þar norður á hálsinum) var Lárus Helgason eigi lengur viðstaddur starf þetta. Var því næst haldið áfram að merkja það, sem ómerkt var af línunni, með smávörðum, svo þéttum, að auðvelt yrði að leggja hina fyrirhuguðu girðingu".

Undir gerð þessa hafa ritað: Björn Runólfsson, Runólfur Bjarnason og Bjarni Einarsson.


Bæði Runólfur Bjarnason og Bjarni Einarsson eru látnir.


Björn Runólfsson hefur hins vegar komið fyrir réttinn til vitnisburðar. Hefur hann skýrt svo frá, að hann sé fæddur í Hemru í Skaftártungu 11. júní 1878, en hann hafi flutzt að Holti á Síðu eins árs að aldri og dvalið þar síðan. Hann kvað Elías Bjarnason hafa verið ábúanda á Hunkubökkum, þegar úttektargerðin hinn 17. júní 1916 fór fram, en viðstaddir hana hafi verið auk úttektarmannanna þeir Bjarni Einarsson, bóndi á Heiði, Lárus Helgason og Þorbjörn Bjarnason, sonur Bjarna Einarssonar bónda á Heiði, hafi einnig verið eitthvað viðstaddur úttektargerðina. Hann kveður ágreining hafa orðið um norðurmark línunnar á Flanghálsi, því að Lárus Helgason, bóndi á Kirkjubæjarklaustri, sem þá kom fram sem umboðsmaður eiganda Hunkubakka og gætti jafnframt hagsmuna jarðarinnar Kirkjubæjarklausturs, hafi krafizt þess, að merkjapunktur þessi yrði ákvarðaður vestar á hálsinum heldur en eigandi Heiðar hafi talið hann vera. Hafi úttektarmennirnir tekið til greina kröfu eiganda Heiðar og úrskurðað sem norðurmark línunnar þann punkt, sem eigandi Heiðar hafi bent á. Hafi það verið varða eða dyngja úr grjóti, uppgróin, ekki há, en töluverð þúst, austast á háa hálsinum.

Er syðri punktur línunnar var tekinn (Gráhóll á Svíra) kveður Björn Runólfsson Lárus Helgason hafa verið farinn, enda hafi hann verið óánægður með ákvörðun úttektarmannanna á nyrðra punktinum og eigi viljað skrifa undir úttektargerðina.

Björn Runólfsson kvað engan ágreining hafa orðið um syðri punkt línunnar (Gráhól á Svíra). Bjarni Einarsson, bóndi á Heiði, hafi bent þeim úttektarmönnunum á Gráhól. Hafi það verið mest áberandi hóllinn við ána að austanverðu. Hafi annar


LK





Sjá mál nr. 196/1966, bls. 762—782.

LK



Fáein kennileiti
við landamerki jarðanna

Heiðar og Hunkubakka
V.- Skaft.

Mælikvarði um 1:10000

Gert eftir loftljósmynd (dskj. 34) og eigin mælingu
vegna hæstaréttarmáls nr. 196/1966
í júní 1968

Ragnar Ásmundsson

upphár hóll verið rétt sunnan við hann og gamlar ferðamannagötur hafi verið á milli þeirra. Björn kvaðst alltaf hafa heyrt hól þennan nefndan Gráhól og hafi hann verið samkvæmt umtali manna markhóll. Minntist Björn þess, að bæði Bjarni Einarsson, bóndi á Heiði, og Elías Bjarnason, bóndi á Hunkubökkum, hefðu sagt honum þetta.

Um aðdraganda að úttektargerðinni frá 17. júní 1916 sagði Björn, að hann hefði verið sá, að ábúendaskipti hefðu orðið á Hunkubökkum og af þeim sökum hefði hinn nýi ábúandi verið búinn að missa rétt til nytja af landi Heiðar samkvæmt landamerkjabréfi.

Minnti Björn, að þar hefði verið um að tefla hagbeit á Heiðarhálsi.

Vegna þess, sem á eftir verður rakið úr vitnisburðum, er rétt að geta þess, að Björn Runólfsson kvaðst ekki vita til þess, að neinn hóll á Svíra hefði eyðzt í Skaftá.

Og varðandi örnefnið „Harðavöll" kvaðst Björn ekki vita með vissu, hvar hann hefði verið eða væri, en kvaðst helzt halda, að þetta hafi verið einhver sléttur blettur norðan við Skaftá.

Björn Runólfsson hefur farið á vettvang með dómendum. Var það hinn 15. apríl 1964. Benti hann þá á Gráhól á Svíra og þúfu á Flanghálsi, og eru það sömu endapunktar og varnaraðili miðar við í dómkröfum sínum. Í málinu hefur verið lögð fram loftmynd af vettvangi og dregnar inn á hana tvær beinar landamerkjalínur, annars vegar eins og sækjendur vilja hafa hana og hins vegar eins og varnaraðili vill hafa hana. Lína sækjenda er nokkru austar en lína varnaraðilja. Lína sækjenda er dregin úr hól á Svíra að sunnan, sem nefndur hefur verið Rofhóll á loftmyndinni, í vörðu á Flanghálsi, sem nefnd er á loftmyndinni neðra merki. Lína varnaraðilja er dregin úr hól á Svíra að sunnan, er nefndur hefur verið Stórihóll á loftmyndinni, í vörðu á Flanghálsi, sem nefnd er efra merki á loftmyndinni.

Þorbjörn G. Bjarnason er einn af fjórum systkinum, sem eiga jörðina Heiði. Hann er sonur Bjarna Einarssonar, fyrrverandi bónda á Heiði, fæddur 14. júlí 1895. Hann var með dómendum, þegar gengið var á vettvang 15. apríl 1964. Hann hefur komið fyrir rétt til skýrslugjafar í máli þessu. Kvað hann „Rofhólinn" á Svíra (sbr. loftmyndirnar á dskj. nr. 34) alltaf hafa verið talinn markhólinn fyrir suðurmarkalínuna, en ekki þeir tveir hólar, sem varnaraðili telur vera markhóla og eru vestarlega á Svíranum (Stórihóll á loftmyndinni). Hafi þeir aldrei verið kall-

aðir Gráhóll eða Gráhólar, heldur „Austurhólar". Hafi sú nafngift stafað af því, að þeir hafi verið síðustu hólarnir, er sézt hafi til austurs á Svíranum frá Heiðarbænum. Hins vegar hafi verið stakur hóll á bakka Skaftár á Svíra á móts við „Rofhólinn", en sá staki hóll hafi farið í Skaftá stuttu eftir aldamótin síðustu.

Þorbjörn kvaðst hafa verið viðstaddur úttektargerðina árið 1916. Kvað hann föður sinn, Bjarna Einarsson, þá hafa bent úttektarmönnunum á sláttumarkið á Heiðarhálsi fyrir austan Harðavöll og síðan hafi hann bent þeim á „Rofhólinn" á Svíra sem markhól, en hann hafi borið saman við sláttumarkið. Úttektarmennirnir hafi hins vegar ekki viljað fallast á „Rofhól" sem markhól og fært sig vestur eftir Svíranum, þar til þeir hafi komið að „Stórahól", sem þeir hafi talið markhól. Kvað Þorbjörn sér það hafa verið óskiljanlegt, þar sem þeir hafi þá verið komnir inn á miðjar slægjur Heiðarbóndans.

Þorbjörn kvað Heiðarhálsinn alltaf hafa verið smalaðan frá Heiði og hafi hann aldrei heyrt þess getið, að Hunkubakkar ættu einn eða neinn rétt til hans, hvorki beitarrétt né annan rétt. Sömuleiðis hafi Heiðin átt allan Harðavöll og hafi hann verið sleginn frá Heiðinni, meðan Þorbjörn var þar og einnig eftir að hann fór þaðan. Einnig gat Þorbjörn þess, að Guðmundur Jónsson, bóndi í Dalbæ, sem hefði haft leigðar slægjur og haggöngu á Svíranum af föður hans, hefði eitt sinn sagt sér, að Dalbærinn ætti svo lítið land af Svíranum fyrir vestan svonefnt Stapabelti, en það er klettahöfði austan Svírans, að hann gæti sama sem ekkert notað Svírann, ef hann fengi ekki leigð afnot af honum frá Heiðarbóndanum.

Þá kvað Þorbjörn Jón Jónsson, bónda í Ásgarði í Landbroti, sem var bróðir nefnds Guðmundar, eitt sinn hafa sagt sér, hvar markhóllinn á Svíra væri, og hafi hann þá bent á „Rofhól". Hafi þetta verið fyrir úttektargerðina 1916 og hinn hóllinn á Svíra þá verið farinn í Skaftá. (Báðir þessir bræður eru nú látnir).

Eftir úttektargerðina 1916 var hlaðinn garður í nágrenni svonefndrar Moldarborgar, sem er um það bil miðja vegu á milli endapunkta landamerkjalínunnar. Garður þessi liggur í norður og suður. Kveðst Þorbjörn að mestu leyti hafa hlaðið hann sjálfur til varnar því, að stórgripir gengju í slægjurnar. Garður þessi er samkvæmt loftmyndinni á dskj. nr. 34 um það bil 20 metra austan við þá landamerkjalínu, sem varnaraðili vill, að ákvörðuð sé af dóminum, en um það bil 60 metra vestan við

línu þá, sem sóknaraðiljar vilja fá tekna til greina. Þorbjörn kveður garðinn hafa verið hlaðinn talsvert inn á landi Heiðar til fyllsta öryggis, enda hafi hlutverk hans einungis verið að girða fyrir ágang búfjár, en ekki að vera nein merkjalína.

Skúli Valtýsson, núverandi húsmaður, Geirlandi, Síðu, fæddur 28. september 1894, hefur komið fyrir réttinn svo og tekið þátt í vettvangsgöngu dómenda. Hann kom fyrst að Hunkubökkum fimm ára gamall og dvaldist þar til 16 ára aldurs hjá Þórdísi Guðmundsdóttur, móðursystur sinni, og manni hennar, Gissuri Elíassyni, sem hafði keypt jörðina af Jóni Pálssyni, um það leyti sem Skúli kom að Hunkubökkum. Skúli varð síðan eigandi og ábúandi Hunkubakka um 20 ára skeið, þar til fyrir um það bil 11 árum.

Varðandi landamerki jarðanna Heiðar og Hunkubakka skýrði hann svo frá, að hann hefði aldrei heyrt talað um annað en merkjalínan væri bein lína úr vörðu austast á Flanghálsi í svonefndan Gráhól á Svíra. Hafi Gráhóll verið talinn vera sá hóll, sem hafi verið mest áberandi, með vörðubroti í kolli, fast við Skaftá, einn af hólunum í þyrpingunni vestan við Stapaflöt. Kvað hann þetta hafa verið ágreiningslaust með báðum aðiljum, meðan hann var á Hunkubökkum.

Í vettvangsgöngunni benti Skúli á þau kennileiti sem endapunkta markalínunnar, er varnaraðili hefur krafizt, að verði teknir til greina af dóminum.

Ekki var Skúla kunnugt um, að neinn hóll á Svíra hefði eyðzt í Skaftá. Hann kvaðst kannast við örnefnið „Harðavöll" sem sléttan flöt og brekkuna upp af honum við Skaftá gegnt Gráhól. Vissi hann ekki til þess, að nefndur „Harðivöllur" hefði verið sleginn, meðan hann var ábúandi á Hunkubökkum, en sauðfé frá báðum bæjunum, Heiði og Hunkubökkum, hafi gengið þar um. Meðan Skúli var ábúandi á Hunkubökkum, kveður hann þær systurnar Elínu og Kristínu Bjarnadætur, sóknaraðilja máls þessa, hafa verið ábúendur á Heiði. Konur þessar eru dætur Bjarna Einarssonar, fyrrum bónda á Heiði.

Vilborg Guðmundsdóttir, Sandaseli, Meðallandi, fædd 12. desember 1893, hefur komið fyrir dóminn til vitnisburðar. Hins vegar gekk hún ekki á merki.

Hún hefur skýrt svo frá, að hún hafi átt heima á Ytri-Dalbæ í Kirkjubæjarhreppi á árunum 1904—1910 hjá föður sínum, Guðmundi Jónssyni, sem þar hafi búið um langt skeið. Á Svíranum, sunnan Skaftár, liggja saman Heiðarland að vestan og

Ytri-Dalbæjarland að austan. Kveður hún mörk milli þeirra hafa verið svokallaða Gráhóla, sem séu tveir auðþekktir hólar saman á Svíra, og hafi göturnar (gamli ferðamannavegurinn) legið á milli þeirra. Hafi hæfilegt vegrúm verið á milli þeirra og annar hólanna verið við Skaftá.

Vilborg kvaðst hafa komið síðast á Svíra fyrir um það bil 30 árum og hafi þá báðir hólarnir verið þar.

Vilborg kvaðst hafa dregið það af daglegu umtali í Dalbæ, að Gráhólar þessir væru markhólar. Hafi Dalbæjarfólkið slegið austast á Svíranum vestur að Gráhólum það, sem slægt hafi verið, en aldrei farið vestur fyrir Gráhólana, þótt þar hafi eitthvað verið hægt að kroppa. Þegar hún hafi verið í Dalbæ, hafi búpeningur víðs vegar að haft frjálsan aðgang að Svíranum, en hins vegar hafi hann aðeins verið sleginn frá Dalbæ.

Hún kvað „Harðavöll" hafa verið grasfláka framan í hlíðinni norðan Skaftár gegnt Gráhólum. Hafi Skaftá verið að brjóta úr honum, líkt og Svíranum að sunnanverðu, þegar hún vissi síðast til. Vilborg kvað sauðfé frá Heiði hafa gengið á „Harðavöll" á vetrum, og enn fremur minnti hana, að hún hefði séð heyjað þar, þegar erfitt hafi verið um slægjur. Ekki vissi hún til þess, að aðrir en Heiðarbóndi hefðu nytjað „Harðavöll".

Vilborg kvaðst hafa heyrt það, að markhóll á Svíra væri kominn í Skaftá, en mundi ekki, hver hefði sagt þetta. Hins vegar kvaðst hún aldrei hafa lagt trúnað á það, að Gráhólar, sem hún telur vera markhóla, gætu báðir verið farnir í ána. En austast á Svíranum hafi staðið einstakur hóll, sem áin kynni að hafa tekið. Aldrei kvaðst hún hafa heyrt nafn á þessum hól né heldur, að hann væri markhóll. Hún hafði aldrei heyrt örnefnið „Austurhólar" og aldrei heyrt nafn á öðrum hólum á Svíranum en Gráhólum.

Magnús Pálsson bóndi, Ytri-Dalbæ, Landbroti, fæddur 2. desember 1910, hefur komið fyrir réttinn til skýrslugjafar. Enn fremur gekk hann á merki á Svíra ásamt dómendum. Hann hefur skýrt svo frá, að hann telji, að Gráhóll á Svíra sé hóll sá, sem nefndur er „Stórihóll" á loftmyndinni á dskj. nr. 34. Hann kvað föður sinn, Pál Jónsson, hafa verið eiganda og ábúanda Ytri-Dalbæjar á undan sér og hafið þar búskap árið 1911. Ekki kvaðst Magnús vita til þess, að faðir sinn hefði fengið lánaðar slægjur hjá Bjarna Einarssyni á Heiði. Hins vegar hafi hann fengið hagbeit um skeið á þeim hluta Svírans, sem tilheyrði Heiði, og taldi, að eitthvað hafi verið greitt fyrir það. Hann sagði „Harðavöll"

vera sunnan í Heiðarhálsinum norðan Skaftár, austan frá hömrunum, vestur að rofi, þar sem áin beygir. Ekki mundi hann eftir því, að „Harðivöllur" hefði verið sleginn, en kvaðst hafa heyrt, að það hafi verið gert fyrir sitt minni. Magnús taldi það útilokað, að nokkur hóll á Fitinni (grasi gróinn völlur austast á Svíra, sunnan Skaftár) hefði farið í Skaftá, eftir að hann hafi farið að muna eftir sér, en hann kom að Ytri-Dalbæ sem barn á fyrsta ári og hefur dvalizt þar síðan.

Valdimar Guðlaugur Runólfsson, bóndi í Hólmi, Landbroti, hefur komið fyrir réttinn. Hann er fæddur 14. maí 1899 og kveðst hafa dvalið í Ytri-Dalbæ hjá Guðmundi Jónssyni, bónda þar, frá 8 til 13 ára aldurs, að því er hann minnti. Á þessum tíma hafi Fitin svonefnda verið notuð til slægna frá Ytri-Dalbæ. Kvaðst hann muna eftir því, að eitt sinn hafi verið fenginn maður að nafni Sigurður Auðunsson til að slá Fitina. Að slætti loknum kvaðst hann hafa heyrt Guðmund bónda í Ytri-Dalbæ og bústýru hans, Gróu Sigurðardóttur, tala um það sín á milli, að þeim hafi þótt það lakara, að sláttumaðurinn hefði ekki lokið við að slá þann hluta af Fitinni, sem Ytri-Dalbær átti. Hann kvaðst alltaf hafa heyrt það, að Heiðin ætti mestan hluta Svírans og sneið af nefndri Fit.

Dómendur hafa farið með Valdimar á merki á Svíranum. Hann kvaðst hafa heyrt getið um Gráhól á Svíra sem markhól milli jarðanna Heiðar, Hunkubakka og Ytri-Dalbæjar, en ekki vita, hvar hann væri. Hann kvaðst hins vegar telja, að það væri hóll sá, sem merktur er „Rofhóll" á loftmyndinni á dskj. nr. 34.

Valdimar kvað „Harðavöll" vera graslendi, sem blasti við fyrir norðan Skaftá framan í Heiðarhálsinum, gegnt og vestan við Fitina margnefndu.

Enn fremur kvaðst hann hafa heyrt getið um það, að hóll á Fitinni hefði horfið í Skaftá.

Steinþór Jóhannsson bifreiðarstjóri, Kirkjubæjarklaustri, fæddur 28. apríl 1932, hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann sé uppalinn á Ytri-Dalbæ og að hann kannist við tvo hóla á Svíra sunnan Skaftár undir nafninu Gráhólar. Hólar þessir séu samstæðir og liggi reiðgata á milli þeirra. Nyrðri hóllinn sé utarlega á bakka Skaftár og hafi áin sorfið úr honum. Hann kvaðst alltaf hafa talið, að Ytri-Dalbær ætti land vestur að þessum hólum. Hins vegar kvaðst hann ekki minnast þess að hafa heyrt skýrt frá þessu, heldur hafi þessi skoðun myndazt hjá sér, er hann var barn og sótti kýr og hesta á þessar slóðir, en Svírinn

hafi þá allur verið nytjaður til beitar frá Ytri-Dalbæ átölulaust af eigendum Heiðar.

Elín Bjarnadóttir, einn af eigendum Heiðar, sóknaraðili máls þessa, fædd 10. febrúar 1897, hefur komið fyrir dóminn, en hún gekk á merki ásamt dómendum hinn 15. apríl 1964.

Hún hefur skýrt svo frá, að faðir hennar, Bjarni Einarsson, fyrrum bóndi á Heiði, hafi alltaf talið nyrðri punkt marklínunnar milli Heiðar og Hunkubakka vera austustu vörðuna á Flanghálsi. Sömuleiðis kvaðst hún hafa heyrt Vigfús sáluga Árnason, bónda á Heiðarseli, og Gissur Elíasson, fyrrum bónda á Hunkubökkum, telja það sama.

Elín tók það fram, að varða þessi væri austast á Flanghálsi, en ekki varða sú, er sé vestar á hálsinum og Björn Runólfsson hafi hlaðið að viðstöddum föður hennar og ákvörðuð hafi verið markvarða við úttektina árið 1916.

Hún kvað föður sinn hafa sagt sér, að við úttektargerðina árið 1916 hafi hóll sá, sem nefndur er „Rofhóll" á loftmyndinni á dskj. nr. 34, verið ákvarðaður sem syðra mark landamerkjalínunnar milli Heiðar og Hunkubakka.

Elín kvað „Harðavöll" vera norðan við Skaftá milli kletta í Heiðarhálsinum og að girðingin, sem Hörður Kristinsson, varnaraðili máls þessa, hafi sett upp á Heiðarhálsi, liggi yfir „Harðavöll" vestanverðan. Hún kvað allan „Harðavöll" hafa verið nytjaðan frá Heiði, allt þar til nefnd girðing hafi verið sett upp, enda hafi Heiðin átt allan „Harðavöll" og Heiðarhálsinn austur að Víkingslæk. Þá kvað hún allan Svírann ásamt Flötinni (Fitinni) hafa tilheyrt Heiði og síðast verið sleginn árið 1892, en þá hafi verið hætt að nytja Svírann til slægna vegna hraunvegarins, sem þar hafi verið lagður. Þó tók Elín það fram, að Guðmundur Jónsson, bóndi í Ytri-Dalbæ, muni eftir þann tíma hafa fengið þar land til slægna og greitt fyrir það með timbri og hestajárnum.

Árni Sigurðsson, bóndi á Heiðarseli, Vestur-Skaftafellssýslu, fæddur 29. október 1902, hefur komið fyrir dóminn.

Hann kveðst hafa flutzt austur í Kirkjubæjarhrepp rétt upp úr 1930. Nokkru eftir það hafi hann verið ásamt nokkrum mönnum öðrum að vegargerð og viðhaldi austur þar undir verkstjórn Björns Runólfssonar, þá hreppstjóra, bónda í Holti. Dag einn hafi þeir verið að taka rauðamöl úr austasta hólnum á Svíra, er Björn Runólfsson hafi komið þar að og mælti til mannanna á

þessa leið: „Hvað haldið þið, piltar, að hann Páll í Dalbæ segi, ef þið eyðileggið fyrir honum markhólinn hans".

Af þessum sökum kveður Árni þá hafa hætt að taka möl úr hól þessum og flutt sig á þann stað, sem tveir samstæðir hólar eru á syðri bakka Skaftár með reiðgötu í milli, og endað á því að taka möl úr nyrðri hólnum.

Dómendur fóru með Árna á vettvang á Svíra, og benti hann á „Rofhól" (sbr. loftmyndin), sem þann hól, er þeir hafi verið að taka möl úr, er Björn Runólfsson kom að og bannaði það, og síðan benti hann á „Stórahól" sem þann hól, er þeir hafi endað að taka mölina úr.

Ekki kvaðst Árni vita, hvar Gráhóll á Svíra væri, enda hafi hann ekki frétt um það örnefni, fyrr en hann hafi lesið um það örnefni í landamerkjalýsingu á milli jarðanna. Hins vegar kvaðst hann telja „Rofhól" markhól milli jarðanna, og byggði hann það álit sitt á fyrrnefndum ummælum Björns Runólfssonar.

Árni kannnaðist við „Harðavöll" og staðsetti hann á sama stað og aðrir skýrslugjafar hafa gert hér að framan.

Hann kvaðst hafa heyrt, að Hóll á Svíranum hefði farið í Skaftá, en það hafi gerzt áður en hann fluttist austur í Kirkjubæjarhrepp. Aldrei kveðst hann hafa heyrt annað en Heiðin ætti allan Svírann að undanskilinni Flötinni (Fitinni). Kvaðst hann hafa heyrt þetta hjá Páli í Dalbæ, Einari og Runólfi í Hólmi.

Í tilefni þessa vitnisburðar Árna Sigurðssonar kom Björn Runólfsson aftur fyrir réttinn. Skýrði hann svo frá, að einhverju sinni, er þeir hafi verið að malartöku skammt frá landamerkjunum, hafi sér komið í hug, að óþarft væri að gera jarðrask í landamerkjahólnum og í næsta nágrenni við hann þarna á árbakkanum, þar sem nóg efni hafi verið til annars staðar. Hafi því verið horfið frá malartöku þar. Ekki kvaðst hann reka minni til að hafa viðhaft þau orð, er Árni Sigurðsson hefur eignað honum í því sambandi. En þó muni hann hafa farið einhverjum alvörulausum glensorðum um Pál í Dalbæ, enda hafi hann átt það til að varpa fram glettnis- og gamanyrðum. Hins vegar hélt Björn fast við þann framburð sinn hér að framan um það, að við úttektargerðina 1916 hafi þeir úttektarmennirnir tekið „Stórahól" (sbr. loftmyndina) sem markhól á Svíranum, enda hafi sér aldrei til hugar komið, að landamerkjahóllinn væri annar en sá hóll.

Fyrir réttinn hafa komið systurnar Valgerður og Sigurlaug Helgadætur. Þær eru báðar búsettar í Reykjavík. Valgerður er fædd 15. júlí 1896, en Sigurlaug 4. apríl 1902. Þær hafa borið, að móðir þeirra, Halla Einarsdóttir, sem fædd var á Heiði 1871 og ólst þar upp, hafi sagt þeim, að markið milli jarðanna Heiðar, Heiðarsels og Hunkubakka hafi alltaf verið talið í Gráhól á Svíra sunnan Skaftár. Hafi hóll þessi verið um miðja leiruna á sléttunni vestan við eldhraunið, sem liggur að Dalbæjarstapa. Stakur hóll hafi verið í markalínunni á syðri bakka Skaftár, en hann hafi horfið í ána nokkru eftir aldamótin.

Viðvíkjandi markalínu þeirri, er úttektarmennirnir hafa tekið 1916, kveða þær móður sína hafa sagt þeim, að úttektarmennirnir hefðu tekið línuna í annan af þeim hólum, sem nefndir hafi verið Austustu-hólar, en það hafi hún sagt, að væri fjarstæða, þar sem þeir hólar hafi aldrei heitið annað en Austustu-hólar, og hafi móðir þeirra aldrei heyrt talað um neinn Gráhól í sambandi við þá.

Þær systur kveða móður sína hafa verið á Heiði 1871, þegar Ólafur Pálsson, umboðsmaður þjóðjarða, hafi gert áreið á landamerkin kringum 1890.

Halldór Vigfússon, fæddur að Fagurhlíð í Kirkjubæjarhreppi 30. janúar 1895, hefur komið fyrir réttinn. Hann hefur skýrt svo frá, að hann hafi dvalizt að Fagurhlíð til 1912, er hann fluttist að Arnardranga í sama hreppi, þar sem hann var búsettur til ársins 1927.

Hann mundi eftir stakstæðum hól, er stóð á Fitinni á syðri bakka Skaftár, en með Fitinni átti hann við sléttu flötina austast á Svíra. Hafi hóll þessi eyðzt í Skaftá nokkru eftir aldamótin síðustu. Ekki vissi hann nafn á hól þessum, hins vegar hafi hann heyrt getið um nafnið Gráhól, en minntist þess ekki, að sér hefði verið sagt, hvar hann væri. Nafnið Austur-hólar þekki hann heldur ekki frá veru sinni í Skaftafellssýslu, en gat staðsett Harðavöll á sama stað og aðrir hér að framan og vissi ekki annað en hann hefði verið nytjaður af Heiðarbónda. Hann kvaðst aldrei hafa heyrt annað en Heiðin ætti Heiðarhálsinn. Aftur á móti þekkti hann ekki landamerkin milli Heiðar og Hunkubakka né örnefnin á línunni.

Í málinu hafa verið lögð fram tvö vottorð, annað dagsett 10. september 1961, undirritað af Einari Þorsteinssyni, en hitt dags. 17. október 1961, undirritað af Páli Jónssyni, þar sem sagt er

frá því, að einstakur hóll á Svíra hafi farið í Skaftá eftir síðustu aldamót. Vottorðsgjafar þessir hafa ekki komið fyrir réttinn.

Sigfús Vigfússon, fæddur 22. maí 1894, hefur komið fyrir réttinn til vitnisburðar. Hann er fæddur að Heiðarseli á Síðu, þar sem hann dvaldist til 19 ára aldurs, er hann fluttist að Hunkubökkum, þar sem hann dvaldist í allt u. þ. b. 4 ár sem vinnumaður hjá Elíasi Bjarnasyni og eitthvað inn á milli sem vinnumaður hjá Birni Runólfssyni, bónda í Holti. Hann kvaðst vera kunnugur á Flanghálsi, þar sem hann hafi farið um hann næstum daglega, meðan hann hafi átt heima á Heiðarseli. Kveður hann markvörðuna, sem eins hafi mátt kalla þúfu, hafa verið uppgróna litla þúfu eða vörðu efst á há-hálsinum (Flanghálsi) austur undir Lambaskarði. Ekki kvaðst hann minnast þess, að tvær vörður hefðu verið á Flanghálsi. Hins vegar kvaðst honum hafa skilizt á Þorbirni Bjarnasyni, sóknaraðilja máls þessa, að markvarðan væri neðar og austar á Flanghálsinum, en þeir hafi þó aldrei farið saman á þennan stað. Sigfús kvaðst hafa það fyrir sér um markvörðu þessa, sem heimafólk hans hafi talað.

Sigfús vissi ekki, hvar Gráhóll á Svíra er, og ekki þekkti hann nafnið Austur-hólar á Svíra. Hann mundi eftir úttektargerðinni árið 1916, en hafði ekki verið viðstaddur hana. Ekki hafði hann heyrt, að ágreiningur hefði orðið um það við úttektargerð þessa, hvaða hóll væri Gráhóll á Svíra. Hann þekkti nafnið „Harðavöll" og staðsetti hann á sama stað og önnur vitni hér að framan. Hafði hann alltaf heyrt, að Heiðin ætti Harðavöll og hefði hann aðallega verið notaður til beitar af Heiðarbóndanum, en vissi ekki til þess, að hann hefði verið leigður út eða sleginn af Heiðarbóndanum.

Í málinu hafa verið lögð fram 9 vottorð úr jarðaskjölum Skaftafellssýslu, öll útgefin í janúar árið 1888 utan eitt í febrúar það ár. Eru þau flest gefin út samkvæmt beiðni Einars Bjarnasonar, þáverandi bónda á Heiði, og staðhæfa öll nema eitt, að Harðivöllur og Heiðarháls hafi verið nytjaðir frá Heiði.

Hafa nú verið rakin helztu atvik málsins eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, og verður nú vikið að því að lýsa stuttlega staðháttum á vettvangi.

Svo sem fyrr er að vikið, hafa dómendur farið á vettvang í fylgd aðilja málsins, þeirra Elínar Bjarnadóttur, Þorbjarnar G. Bjarnasonar og Harðar Kristinssonar, svo nokkurra vitna, sem kunnug eru staðháttum. Var fyrst gengið á Svírann, sem

er graslendisfláki sunnan Skaftár og markast af Dalbæjarstapa að austan og eldhrauninu frá 1783 að sunnan og vestan. Austast á Svíranum er Fitin eða Flötin, sem er sléttasti hluti Svírans, en vestar er hann þakinn hraunhólum á víð og dreif, og eru nokkrir þeirra fast við Skaftá. Einn þeirra hafa sóknaraðiljar gert kröfu til, að verði viðurkenndur af dóminum sem markhóll. Hann er austar á Svíranum og fjær ánni (á loftmyndinni kallaður „Rofhóll") heldur en hóll sá, sem varnaraðili vill fá viðurkenndan sem markhól, en hann er vestar og stendur við árbakkann, en fyrir sunnan hann er annar hóll og gamlar ferðamannagötur á milli þeirra. (Þessi hóll er merktur „Stórihóll" á loftmyndinni).

Norðan Skaftár gegnt Svíranum er Harðivöllur. Er það hallandi grasfláki á nyrðri bakka Skaftár utan í Heiðarhálsi. Norður og upp af Harðavelli tekur við Heiðarhálsinn. Á því svæði hefur varnaraðili ræktað tún og sett upp girðingu vestan til á hálsinum (það var árið 1961). Girðing þessi stefnir á „Stórahól" á Svíra, sbr. loftmyndina. Sóknaraðiljar telja, að varnaraðili sé með girðingu þessari og túninu kominn talsvert inn á land Heiðar, enda lendir verulegur hluti af Harðavelli og Heiðarhálsi austan þessarar girðingar. Er komið er upp á Heiðarhálsinn, lækkar hann til norðurs. Þar sem hann endar, tekur við mýri, sem hækkar til norðurs. Lengra í sömu átt er Moldarborg, austan lína þeirra, er dregnar hafa verið inn á loftmyndina, en vestan þeirra og eilítið norðar Heiðarborg. Enn norðar er Melrakkahraun, síðan taka við Fögrudalir og að endingu Flanghals, sem liggur í vestur og austur. Flanghals er hæstur að austan, og þar eru tvær vörður á honum. Önnur þeirra er á há-hálsinum, fremur lítil varða úr grjóti, uppgróin, eins konar dyngja. Hún er auðkennd á loftmyndinni sem „efra merki", og hefur varnaraðili gert kröfu til, að hún verði viðurkennd markvarða (þúfa á Flanghálsi). Varða sú, sem sóknaraðiljar hafa krafizt, að verði viðurkennd sem markvarða á Flanghálsi, er á loftmyndinni auðkennd sem „neðra merki". Varða þessi, sem er lítil, mjó, grasigróin karta, er aðeins neðar, norðar og austar á hálsinum, og stendur á klettabrún hans, þannig að snarbratt er niður frá henni til austurs.

Sóknaraðiljar rökstyðja kröfur sínar með því, að þegar um gömul örnefni sé að ræða, vilji oft fara svo, að nokkuð fyrnist yfir staðsetningu þeirra með nýjum kynslóðum og svo hafi farið í þessu máli, að aðiljana greini algerlega á um, hvar framangreind mörk séu.

Eina örugga leiðin til þess að komast að réttri niðurstöðu um markalínuna sé sú annars vegar að athuga gaumgæfilega önnur vegsummerki og kennileiti, er gerð kunna að hafa verið til þess að merkja og aðgreina jarðirnar, og hins vegar að fá sem gleggstar upplýsingar um nýtingu þrætulandsins og skilgreiningu nágranna og annarra, sem til þekkja, um hverjum þeir álíti, að landið tilheyri.

Gefi þetta auga leið, þar eð í upphafi hafi enginn ágreiningur verið um staðsetningu markstaðanna og hafi eigendur jarðanna þá að sjálfsögðu miðað nýtingu þeirra við landamerkjalínuna. Jafnframt hafi mótazt í hugum nágranna og annarra, sem gerla hafa þekkt staðsetningu markstaðanna, þekking á því, hver ætti hvaða landsvæði.

Í þessu sambandi benda sóknaraðiljar á það, að það sé fram komið í málinu, að Harðivöllur og Heiðarháls hafi jafnan verið nytjaðir frá Heiði, en ekki Hunkubökkum. Verði landamerkjakröfur varnaraðilja teknar til greina, þá lendi þessar landspildur að mestu leyti til Hunkubakka.

Þá benda sóknaraðiljar enn fremur á það, að óánægja sú, sem birtist í bréfum Jóns Pálssonar, ábúanda á Hunkubökkum, til amtmannsins í Suðuramtinu árið 1893 út af hinni beinu landamerkjalínu, er Ólafur Pálsson, umboðsmaður þjóðjarða, ákvarðaði milli jarðanna, sýni, að veruleg landspilda hafi gengið undan Hunkubökkum til Heiðar, enda hafi úttektarmenn talið, að hér hafi verið um helming af aðalútslægjum jarðarinnar að ræða, hér um bil 70—100 hesta ár hvert.

Varðandi úttektargerðina frá 1916 taka sóknaraðiljar fram, að Bjarni Einarsson, þáverandi bóndi á Heiði, hafi þá bent á „Rofhól" sem Gráhól á Svíra, sbr. framburði Þorbjarnar G. Bjarnasonar hér að framan svo og framburð Árna Sigurðssonar í Heiðarseli, sem styðji framburð Þorbjarnar.

Framburð Vilborgar Guðmundsdóttur í Sandaseli hafa sóknaraðiljar gagnrýnt, þar sem hún tali um Gráhóla á Svíra í fleirtölu, en í landamerkjabréfum sé hann ávallt í eintölu.

Þessi atriði, sem nú hefur verið getið, svo og næstum hvert einasta gagn, er lagt hafi verið fram í máli þessu, telja sóknaraðiljar skýlaust benda til þess, að landamerkjalínan milli jarðanna Heiðar og Hunkubakka eigi að vera sú, sem sóknaraðiljar telja og kröfugerð þeirra er miðuð við.

Varnaraðili styður kröfur sínar þeim rökum, að hann telur, að úrslit máls þessa hljóti að byggjast á úttektargerðinni frá

1916. Hún sé undirrituð og samþykkt af Bjarna Einarssyni, fyrrverandi bónda á Heiði, og Björn Runólfsson, sá úttektarmanna, sem enn sé á lífi, hafi gengið á vettvang og staðfest, að suðurmark það, sem varnaraðili telur hið rétta, sé hið sama og þeir úttektarmennirnir ákvörðuðu árið 1916 eftir ábendingu Bjarna Einarssonar. Og hið sama gildi um norðurmarkið. Varnaraðili telur engan vafa geta leikið á því, að norðurmark það, sem hann telur hið rétta, sé landamark milli jarðar hans og jarðar sóknaraðilja. Við athugun á því sjáist, að það sé greinilega gert af manna höndum og það mikið sé í því af hlöðnu grjóti, að það liggi í augum uppi, að gerð þess hafi verið í þeim tilgangi að miða við það landamörk, enda sé eigi um aðra skynsamlega ástæðu að ræða til gerðar þess.

Þá telur varnaraðili, að vætti vitna, sem fyrir dóminn hafa komið og haft hafa þekkingu á landamerkjum jarðanna Heiðar og Hunkubakka, hnígi öll að því, að varnaraðili hafi rétt fyrir sér um landamerki jarðanna.

Að endingu hefur varnaraðili haldið því fram, að nýting Harðavallar og Heiðarháls sé alls ekki einhlít sönnun um beinan eignarrétt að þessum landspildum og því heldur ekki um það, hvar markhólarnir séu.

Álit dómsins.

Dómurinn lítur svo á, að óyggjandi sönnur séu ekki fram komnar í málinu um það, hverjir séu hinir réttu endapunktar landamerkjalínunnar milli jarðanna Heiðar og Hunkubakka. Verður því málið að fara að líkum samkvæmt mati á þeim sönnunargögnum, er fyrir liggja. Það, sem einkum styður málstað sóknaraðilja, er það, sem fram er komið í málinu um nytjar Harðavallar og Heiðarháls, slægjumissirinn, sem Hunkubakkabóndi kvartar um í framangreindum bréfum til amtmannsins yfir Suðuramtinu, svo og framburður þeirra Árna Sigurðssonar og Þorbjarnar G. Bjarnasonar.

En það, sem aðallega rennir stoðum undir málstað varnaraðilja, eru framburðir Björns Runólfssonar, Sigfúsar Vigfússonar, Skúla Valtýssonar og Vilborgar Guðmundsdóttur, sem öll eru kunnug staðháttum á þessum slóðum frá bernsku og hafa ekki hagsmuna að gæta. Björn Runólfsson hefur borið, að þeir úttektarmennirnir hafi tekið út merkin samkvæmt ábendingu Bjarna bónda Einarssonar á Heiði. Þorbjörn G. Bjarnason hefur borið, að faðir sinn hafi bent á „Rofhól" á Svíra sem markhól, en úttektarmennirnir hafi allt að einu ákveðið „Stórahól" sem

markhól. Telja verður, að þetta hafi líkurnar gegn sér, úr því að Bjarni Einarsson skrifaði undir úttektargerðina. Þá er og á það að líta, að Þorbjörn G. Bjarnason hefur hagsmuna að gæta í máli þessu, og hlýtur það því samkvæmt almennum reglum um mat á sönnunum að veikja framburð hans, er hann vitnar sjálfum sér í hag. Þegar þetta er virt svo og einkum framburðir þeirra Skúla Valtýssonar og Vilborgar Guðmundsdóttur, þykir verða að telja, að Gráhóll á Svíra sé hóll sá, er varnaraðili hefur gert kröfu til, að verði viðurkenndur sem markhóll, þ. e. „Stórihóll" á margnefndri loftmynd. Garður sá, sem Þorbjörn G. Bjarnason hlóð á þrætulandinu eftir úttektargerðina 1916, þykir fremur styðja þessa niðurstöðu heldur en hitt.

Að því er norðurmarkið varðar, þá styður framburður Björns Runólfssonar og Sigfúsar Vigfússonar það, að þúfa á Flanghálsi sé sú, sem varnaraðili hefur gert kröfu til, að verði viðurkennd sem markvarða, þ. e. „efra merki" á loftmyndinni. Sömuleiðis gerð vörðu þessarar og staðsetning þarna austast á há-hálsinum gera hana líklegri heldur en vörðu þá, sem sóknaraðiljar hafa viljað fá viðurkennda. Verður krafa varnaraðilja um norðurmark því einnig tekin til greina.

Með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 14. gr. laga nr. 41/1919, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Varnaraðili hefur gjafvörn í máli þessu. Hann hefur lagt fram reikning yfir útlagðan kostnað að fjárhæð kr. 29.338.27.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns varnaraðilja, Sigurðar Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast kr. 30.000.00. Málskostnaður til handa varnaraðilja verður því samtals kr. 59.338.27 og greiðist úr ríkissjóði.

Dóm þennan kváðu upp Einar Oddsson, sýslumaður í Skaftafellssýslu, sem dómstjóri og Þeir Björn Fr. Björnsson sýslumaður og Magnús Thoroddsen lögfræðingur sem meðdómendur. Dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð. Stafar sá dráttur af miklum önnum dómenda svo og óvæntrar utanfarar Björns Fr. Björnssonar í þágu Alþingis.

Dómsorð:

Kröfur varnaraðilja, Harðar Kristinssonar, um landamerki jarðanna Heiðar og Hunkubakka á Síðu í Skaftafellssýslu eru tekin til greina. Gráhóll á Svíra telst vera sá hóll, sem merktur er „Stórihóll" á loftmyndinni á dskj. nr. 34. Þúfa á Flanghálsi sú varða, sem auðkennd er „eframerki" á loft-

myndinni. Málskostnaður varnaraðilja, kr. 59.338.27, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni varnaraðilja, Sigurði Sigurðssyni, kr. 30.000.00 í málflutningslaun.

Föstudaginn 27. september 1968.

Nr. 116/1968. **Þorvaldur Þórarinsson f. h. Haralds Skúlasonar**
gegn
Theódóru Bjarnadóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frestur.

Dómsorð:

Freymóður Þorsteinsson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. júní 1968, er barst dóminum 25. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að synjað verði um frekari frest til uppboðs á fasteign varnaraðilja. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Þorvaldur Þórarinsson f. h. Haralds Skúla-

sonar, greiði varnaraðilja, Theódóru Bjarnadóttur, kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Vestmannaeyja 6. júní 1968.

Með beiðni, dags. 24. nóvember 1966, krafðist Útvegsbanki Íslands, að húseignin Miðstræti 11, eign gerðarþola, yrði seld á opinberu uppboði samkvæmt heimild í þrem tryggingarbréfum, útgefnum 6. júlí 1955, 5. júní 1963 og 24. júní 1965, til lúkningar dómskuld, kr. 91.000.00, auk vaxta og kostnaðar.

Uppboðið var tekið fyrir 17. febrúar 1967. Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður lét þá leggja fram uppboðsbeiðni f. h. Haralds Skúlasonar samkvæmt heimild í tryggingarbréfi, útgefnu af uppboðsþola 16. október 1964 til handhafa, að fjárhæð kr. 140.000.00, en að eftirstöðvum samkvæmt dómum 9. og 21. júní 1966 kr. 28.000.00 auk vaxta og kostnaðar. Eftir kröfu sinni gekk hann inn í uppboðið sem sjálfstæður uppboðsbeiðandi.

Eftir kröfu Þorvalds Þórarinssonar var eignin auglýst í Útvarpinu til sölu hinn 24. júlí 1967. Á uppboðsþingi þann dag upplýsti umboðsmaður hans, að uppboðskrafa Haralds Skúlasonar næmi með vöxtum og kostnaði kr. 45.626.00, og sætti sá útreikningur ekki andmælum.

Með dómi, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 7. júní 1967, var uppboðsbeiðandi dæmdur til að greiða uppboðsþola kr. 16.000.00 auk vaxta og kostnaðar. Á uppboðsþinginu 24. júlí 1967 taldi umboðsmaður uppboðsbeiðanda, að dómkrafa hennar næmi kr. 26.158.35 og krafðist skuldajafnaðar við uppboðskröfuna. Greiddi hann jafnframt mismuninn, kr. 19.468.00. Uppboðsbeiðandi mótmælti skuldajöfnuði, og fór atriðið undir úrskurð. Var kröfu um skuldajöfnuð synjað að svo stöddu bæði í héraði og Hæstarétti.

Áðurgreindum bæjarþingsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar, og er málinu ekki enn lokið. Samkvæmt upplýsingum umboðsmanns uppboðsþola er hæstaréttarágrip fyrir löngu tilbúið, en málið hafi ekki enn verið flutt og af ástæðum, sem uppboðsbeiðanda sé um að kenna. Sjálfur kvaðst umboðsmaður uppboðsþola vera og hafa verið reiðubúinn til að flytja málið, hvenær sem væri. Hann kvaðst ekki vita betur en málið hafi verið lagt undir munnlegan flutning í byrjun maí s.l.

Eftir kröfu umboðsmanns uppboðsþola, en gegn andmælum umboðsmanns uppboðsbeiðada, var uppboðinu frestað með úrskurði, uppkveðnum 18. apríl s.l. Var það m. a. byggt á því, að úrslita í Hæstarétti mætti vænta á næstunni og skuldajafnaðarkrafan næði fram að ganga, ef undirréttardómurinn yrði staðfestur. Er uppboðið kom fyrir 4. þ. m., óskaði uppboðsþoli eftir fresti, þar til úrslit lægju fyrir í Hæstarétti. Uppboðsbeiðandi neitaði hins vegar frekari frestun á uppboðinu. Var atriðið síðan lagt undir úrskurð þann sama dag.

Eins og þegar er að vikið, er áðurgreint bæjarþingsmál enn fyrir Hæstarétti, en samkvæmt upplýsingum umboðsmanns gerðarþola, sem ekki hafa sætt andmælum, ættu úrslit málsins að vera skammt undan. Aðstæður eru því svipaðar og þegar úrskurðurinn frá 18. apríl s.l. var kveðinn upp. Þykir því rétt að veita enn um sinn frest á uppboðinu, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn þrjár vikur, eða til fimmtudagsins 27. júní n. k.

Ályktarorð:

Uppboðinu er frestað til fimmtudagsins 27. júní 1968.

Föstudaginn 27. september 1968.

Nr. 121/1968. **Ingibjörg Jóhanna Hermannsdóttir**
gegn
Kristni Jónssyni og
Valtý Guðmundssyni sýslumanni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. júní 1968 hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð uppboðsdóms Suður-Múlasýslu, sem kveðinn var upp 29. maí s. á., en sóknaraðili fékk vitneskju um úrskurðinn hinn 13. júní s. á. Með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að uppboðshaldari, Valtýr Guð-

mundsson sýslumaður, viki sæti í uppboðsmáli sóknaraðilja og Kristins Jónssonar. Kæran barst Hæstarétti 3. júlí þ. á.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og uppboðshaldara gert að víkja sæti í framangreindu máli. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi Kristins Jónssonar.

Varnaraðili Kristinn krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt gögnum málsins veitti Valtýr Guðmundsson, þáverandi fulltrúi sýslumanns, varnaraðilja Kristni lögfræðilega aðstoð í máli, sem fjallaði um það ágreiningsefni, hvort taka bæri bú Kristins og sóknaraðilja til opinberra skipta samkvæmt lögum nr. 3/1878, en mál þetta var undanfari þessa uppboðsmáls, sem er þáttur í opinberum búskiptum þeirra. Að svo vöxnu máli þykir ekki rétt, að Valtýr Guðmundsson sýslumaður skipi sæti uppboðshaldara í uppboðsmálinu.

Eftir þessum úrslitum ber varnaraðilja Kristni að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn reglulegi uppboðshaldari, Valtýr Guðmundsson sýslumaður, víkur sæti í framangreindu uppboðsmáli.

Varnaraðili Kristinn Jónsson greiði sóknaraðilja, Ingibjörgu Jóhönnu Hermannsdóttur, kr. 3.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Suður-Múlasýslu 29. maí 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn hinn 29. maí, kl. 1100, var uppboðsréttur Suður-Múlasýslu settur í sýsluskrifstofunni á Eskifirði og haldinn af Valtý Guðmundssyni sýslumanni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Uppboðsmálið nr. 5/1968, opinbert uppboð á eignum félagsbús Kristins Jónssonar og Ingibjargar J. Hermannsdóttur, þar með talin fasteignin Víðivellir á Eskifirði.

. . . . . .

Er mál um skipti á félagsbúi þeirra hjóna var rekið fyrir skipta-

rétti embættisins, var ég undirritaður starfandi sem fulltrúi við embættið. Er því ekki að leyna, að ég virkaði þá sem leiðbeinandi Kristins Jónssonar og reyndi samninga í málinu, m. a. við umboðsmann konunnar, herra Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmann. Samningar þessir tókust þó ekki. Vegna þessara afskipta minna af skiptamálinu taldi ég mér rétt að víkja sæti í því sem skiptaráðandi, er það var tekið fyrir í skiptarétti embættisins nú fyrir skemmstu. Það skal þó tekið fram, að þessi afskipti mín voru ekki verulegri en það, að ég hef enga peningagreiðslu þegið fyrir þau.

Hér er hins vegar um það að tefla, hvort mér sé rétt og skylt að víkja sæti í máli þessu sem hinn reglulegi uppboðshaldari í Suður-Múlasýslu. Mál þetta er þannig skylt skiptamálinu, að samkomulag hefur orðið með þeim hjónum að bjóða eignir búsins upp á opinberu uppboði til slita á fjárfélagi þeirra.

Hafa ber í huga í þessu sambandi, hversu uppboðsmál eru mjög frábrugðin flestum öðrum þáttum dómsmála, og telja verður, að aðstaða uppboðshaldara til að vera vilhallur eða óvilhallur sé allt önnur heldur en t. d. skiptaráðanda eða dómara í aukaréttar- eða bæjarþingsmálum.

Með hliðsjón af því, hve afskipti mín af umræddu skiptamáli verða að teljast hafa verið smávægileg, svo og því, hve uppboðsmál eru sérstaks eðlis, verður eigi talin ástæða til þess, að ég undirritaður víki sæti í máli þessu sem hinn reglulegi uppboðshaldari í Suður-Múlasýslu.

Ályktarorð:

Valtýr Guðmundsson sýslumaður víkur eigi sæti sem hinn reglulegi uppboðshaldari í máli þessu.

Föstudaginn 27. september 1968.

Nr. 130/1968. **Bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs**
gegn
Ásdísi Jónsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. júní 1968, sem Hæstarétti barst 24. júlí s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. mgr. 1. tl. b, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, málið hafið og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi dómkröfur, og atvikum málsins er eigi lýst. Héraðsdómarinn hefur því eigi gætt fyrirmæla 2. mgr. 190. gr. né 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara galla á formhlið málsins verður að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 4. júní 1968.

Mál þetta hefur Ásdís Jónsdóttir skrifstofustúlka, Mjósundi 16, Hafnarfirði, höfðað á hendur bæjarsjóði Hafnarfjarðar.

Er málið var þingfest, var eftirfarandi bókun skráð í þingbók: „Ár 1966, mánudaginn 7. marz, var bæjarþing Hafnarfjarðar háð í skrifstofu embættisins af Stefáni Hirst. Fyrir var tekið: Bæjarþingsmálið nr. 37/1966: Ásdís Jónsdóttir gegn bæjarsjóði Hafnarfjarðar.

Af hálfu stefnanda sækir þing Hilmar Ingimundarson lögfræðingur vegna Þorvalds Þórarinssonar hrl. og leggur fram nr. 1—10 og nr. 12 stefnu, greinargerð og fylgiskjöl.

Af hálfu stefnda mætir Jón Finnsson hrl. vegna Kristins Ó. Guðmundssonar hrl. og leggur fram nr. 11 greinargerð.

Samþykkir lögmaður stefnda fyrirtöku málsins nú án stefnu.

Dómarinn leitaði sátta, en árangurslaust.

Uppl. staðfest.
Jón Finnsson.
Hilmar Ingimundarson.
Dómþingi slitið.
Stefán Hirst.
ftr.".

Upphaflega var málið höfðað með stefnu, birtri 18. október 1960, frestað tvisvar til greinargerðar stefnda, er lögð var fram hinn 13. desember 1960, og síðan frestað nokkrum sinnum til gagnaöflunar, unz málið var hafið hinn 18. apríl 1961 að kröfu stefnda, en er málið var tekið fyrir þann dag, var ekki sótt þing af hálfu stefnanda.

Hinn 14. desember 1964 var málið svo endurupptekið og haldin aðiljayfirheyrsla yfir stefnanda og tvö vitni leidd.

Málinu var síðan frestað nokkrum sinnum til gagnaöflunar og enn hafið að kröfu stefnda, er ekki var sótt þing af hálfu stefnanda, er málið var tekið fyrir hinn 1. júní 1965.

Skjöl þau, er lögð voru fram við þingfestingu málsins hinn 7. marz 1966, eru öll hin sömu og lögð voru fram í fyrri málunum og kröfugerð óbreytt.

Hinn 10. marz 1966, þrem dögum eftir þingfestingu málsins, sendi umboðsmaður stefnanda dóminum beiðni, sem lögð hefur verið fram sem dskj. nr. 14, um, að ákveðinn yrði dagur til aðiljayfirheyrslu yfir Stefáni Gunnlaugssyni, fyrrverandi bæjarstjóra, en honum var upphaflega stefnt fyrir hönd bæjarsjóðs.

Það þinghald virðist hafa verið ákveðið 1. apríl 1966 samkvæmt áritun á umrædda beiðni með rithendi þess dómara, er málið hafði þá til meðferðar.

Umrætt þinghald féll niður, að því er umboðsmaður stefnanda telur, vegna óska umboðsmanns stefnda um, að því yrði frestað vegna forfalla vitnisins Stefáns Gunnlaugssonar.

Enn var ákveðið þinghald í málinu hinn 20. febrúar 1967 samkvæmt munnlegri beiðni umboðsmanns stefnanda.

Það féll einnig niður, að því er umboðsmaður stefnanda skýrði

frá, er hann munnlega afturkallaði beiðni sína um þinghaldið, vegna forfalla umrædds vitnis.

Um hvorugt þessara fyrirhuguðu þinghalda var bókað í þingbók. Í apríl s.l. hófst umboðsmaður stefnanda enn handa, og var í samráði við hann ákveðin fyrirtekt málsins til gagnaöflunar hinn 28. maí s.l.

Sendi dómarinn umboðsmönnum aðilja símskeyti þar um, og er það lagt fram sem dskj. nr. 13.

Mættu umboðsmennirnir báðir, en engin vitni voru leidd né gögn færð fram.

Lýsti lögmaður stefnanda gagnaöflun lokið af sinni hálfu.

Lögmaður stefnda krafðist þess hins vegar, að dómarinn úrskurðaði um hafningu máls þessa og tildæmdi umbjóðanda sínum hæfileg málsvarnarlaun.

Rökstuddi hann framangreinda kröfu með því, að þar sem meira en tvö ár séu liðin frá síðasta þinghaldi, sé málið niður fallið sökum aðgerðarleysis umboðsmanns stefnanda, þ. e. hafið af sjálfu sér, og geti hann því ekki fallizt á, að málið sé tekið upp aftur nema með nýrri stefnu og þingfestingu.

Lögmaður stefnanda mótmælti þessari kröfu lögmanns stefnda, krafðist þess, að synjað yrði um hafningu málsins og umbjóðanda sínum tildæmdur hæfilegur málskostnaður vegna þessa þáttar málsins.

Rökstuddi hann þessar kröfur sínar með því, að hinn 7. marz 1966 hefði málinu verið frestað ótiltekið til gagnaöflunar.

Hefði hann þegar í stað hafizt handa um framhaldandi öflun gagna með beiðni sinni frá 10. marz 1966 og síðan hefði fyrirtekt málsins verið tvívegis ákveðin að sinni ósk.

Yrði því að telja, að málinu hefði verið fylgt eðlilega eftir af sinni hálfu, enda hefði málið eftir þann tíma dregizt eingöngu vegna tregðu hins fyrrverandi bæjarstjóra til að gefa aðiljaskýrslu í málinu.

Þar sem hinn fyrrverandi bæjarstjóri hefði upphaflega verið stefndi f. h. bæjarsjóðs, væri það einmitt skylda stefnda að beita sér fyrir því, að skýrslu hans yrði aflað, og það, sem á kynni að skorta um skýrleik málsins vegna skorts á þeirri skýrslugjöf, yrði því að meta stefnda í óhag og leggja framburð stefnanda í þess stað til grundvallar við efnislega úrlausn málsins.

Þar sem stefnda hefði þrívegis verið gefinn kostur á að færa fram umrætt sönnunargagn, en hann látið það undir höfuð leggjast, sé nú gagnasöfnun lýst lokið af stefnanda hálfu.

Að loknum munnlegum málflutningi hinn 28. maí s.l. var fyrrgreint ágreiningsefni tekið til úrskurðar.

Það er álit réttarins, að túlka beri bókunina frá 7. marz 1966 þannig, að málinu hafi verið frestað ótiltekið til gagnaöflunar, þótt ekki væri þá bókað sérstaklega um frest, enda var greinargerð stefnda lögð fram þegar við þingfestingu, og lá því beint við að fresta málinu ótiltekið og ákveða síðar sérstakt þinghald til vitna- og aðiljayfirheyrslu.

Það þykir ekki óvenjulegur dráttur á málinu, þótt rúmlega tvö ár liðu frá því það var þingfest þar til næst var þingað í því og gagnasöfnun lýst lokið af stefnanda hálfu.

Ekki verður heldur talið, að stefnandi hafi sýnt óhæfilegt tómlæti, m. a. ber á það að líta, að stefnandi hófst þegar handa um að fá málið tekið fyrir til framhaldsgagnaöflunar með skriflegri beiðni sinni frá 10. marz 1966, sem hann ítrekaði síðan, a. m. k. tvívegis munnlega.

Í þessu sambandi verður ekki talið, að forsaga málsins skipti máli, þar sem það var þingfest sem algerlega nýtt mál hinn 7. marz 1966, athugasemdalaust af hálfu umboðsmanns stefnda.

Með tilliti til þessa verður ekki talið, að málið sé niður fallið né heldur að lagarök finnist til að ákveða hafningu þess nú eða vísa því frá dómi vegna þeirra ástæðna, er stefndi byggir kröfugerð sína í þessum þætti málsins á.

Ber því að hafna hafningarkröfu hans.

Þar sem málið heldur áfram fyrir dóminum bíður málskostnaður vegna þessa þáttar málsins endanlegs dóms.

Már Pétursson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Ályktarorð:

Framangreint mál er ekki niður fallið.

Hafningarkröfu stefnda er synjað.

Föstudaginn 27. september 1968.

Nr. 148/1968. **Páll Kristinsson**
gegn
Bláfeldi h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Í þinghaldi 28. júní 1968 lýsti lögmaður stefnda því, að hann kærði til Hæstaréttar úrskurð, er kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur sama dag, þar sem héraðsdómarinn hratt kröfu lögmanns stefnda um, að fresta skyldi vitnaleiðslu, sem ákveðin hafði verið þann dag. Með bréfi 11. júlí 1968 „gagnkærði" stefnandi úrskurð þennan og krafðist þess, að úrskurðurinn yrði staðfestur og stefnda dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Með bréfi 28. ágúst 1968 afturkallaði stefndi kæru þessa.

Skjöl málsins bárust Hæstarétti 4. september 1968.

Úrskurður héraðsdómara um synjun á frestun vitnaleiðslu sætir ekki kærumeðferð, sbr. 21. gr., 1. tl. j, laga nr. 57/1962. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 28. júní 1968.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 16. 11. 1967, af Páli Kristinssyni, Hverfisgötu 66 A, Reykjavík, gegn Bláfeldi h/f, Síðumúla 21, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 120.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 15.000.00 frá 1. 2. 1966 til 1. 5. 1966, af kr. 30.000.00 frá 1. 5. 1966 til 1. 8. 1966, af kr. 45.000.00 frá 1. 8. 1966 til 1. 11. 1966, af kr. 60.000.00 frá 1. 11. 1966 til 1. 2. 1967, af kr. 75.000.00 frá

1. 2. 1967 til 1. 5. 1967, af kr. 90.000.00 frá 1. 5. 1967 til 1. 8. 1967, af kr. 105.000.00 frá 1. 8. 1967 til 1. 11. 1967 og af kr. 120.000.00 frá 1. 11. 1967 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati hins virðulega réttar.

Málavöxtum lýsir stefnandi svo í stefnu:

„Málavextir eru þeir, að hinn 2. maí 1963 tók hið stefnda hlutafélag á leigu húsnæði stefnanda að Síðumúla 21 í Reykjavík, og var upphafleg húsaleiga kr. 40.000.00 á ári, sem greiddist ársfjórðungslega fyrirfram, en samkomulag varð milli aðila að frá og með 1. febrúar 1966 skyldi húsaleigan hækka í kr. 60.000.00 á ári, og átti stefnda að greiða ársfjórðungslega, eða 3 mánuði fyrirfram. Stefnda hefur ekki fengizt til að greiða húsaleigu fyrir mánuðina febrúar 1966 til og með janúar 1968. Síðasta greiðsla féll í gjalddaga 1. nóvember s.l. Stefnda hefur ekki fengizt til að greiða skuld þessa þrátt fyrir ítrekaðar greiðsluáskoranir".

Stefndi hefur látið sækja þing, og hefur verið lögð fram greinargerð, þar sem stefndi mótmælti því, að nokkurn tíma hefði orðið samkomulag um hækkun á húsaleigunni, og lýsti því jafnframt, að hin umsamda leiguupphæð hefði verið boðin fram „tvisvar eða þrisvar" og taldi sér því óskylt að greiða vexti af leigufjárhæðinni og krafðist málskostnaðar, þar sem hér væri um ástæðulausa innheimtu að ræða.

Vitna- og aðiljayfirheyrslur fóru fram í máli þessu 28. marz s.l. og 8. maí s.l.

Er mál þetta var tekið fyrir á bæjarþinginu í dag, til þess að frekari vitnaleiðslur færu fram í því, mótmælti lögmaður stefnda því, að vitnaleiðslan færi fram, „þar sem lögmaður stefnanda stefnir vitnum og aðilja á þeim tímum, er hann vissi, að aðili var upptekinn". Jafnframt var bókað eftir lögmanni stefnda: „Þá mótmæli ég einnig sem segir í stefnu, að ekki hafi fengizt samkomulag við lögmann stefnda um fyrirtekt vitnamálsins". Lögmaður stefnanda krafðist þess, að vitnaleiðslan færi fram, og lét í því tilefni bóka eftirfarandi: „Vitnaleiðsla í máli þessu var upphaflega ákveðin s.l. miðvikudag, og var það ákveðið með um það bil viku fyrirvara með samkomulagi við dómarann. Síðan tilkynnti dómarinn mér, að lögmaður vitnastefnda mundi ekki verða þann dag í bænum. Ég hafði samband við skrifstofu háttvirts andstæðings, og var mér tjáð, að hann væri væntanlegur í bæinn á miðvikudegi. Síðan hafði ég samband við dómarann og bað um ákveðinn dag til vitnaleiðslu, og var þessi tími ákveð-

inn. Í samræmi við það gaf ég út vitnastefnuna á dskj. 16 til þinghalds nú".

Lögð hefur verið fram vitnastefna á dskj. nr. 16, sem hefur verið löglega birt vitnastefndu þann 26. júní s.l., og þegar á það er litið, að vitni eru mætt á þingstað, svo og lögmaður stefnda er sjálfur mættur, þykja rök þau, er hann hefur fært fram til þess, að vitnaleiðslan fari eigi fram, eigi þess eðlis, að efni séu til að taka kröfu hans til greina.

Kristján Torfason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Umrædd vitnaleiðsla skal fara fram.

Miðvikudaginn 2. október 1968.

Nr. 29/1968. **Trani s/f**
gegn
Jóni N. Sigurðssyni f. h.
Spades Trading Company.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Trani s/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Jóni N. Sigurðssyni f. h. Spades Trading Company, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. október 1968.

Nr. 52/1968. **Halldór Halldórsson**
gegn
Gunnari Jónssyni og
Magnúsi Þórleifssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Halldór Halldórsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. október 1968.

Nr. 88/1968. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**
gegn
Guðmundi Ingvari Magnússyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. október 1968.

Nr. 108/1968. **Auðbjörg h/f**
gegn
Valgeiri Magnússyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Auðbjörg h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. október 1968.

Nr. 126/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Ásgeiri Ásgeirssyni
(Jón Finnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Brot ákærða er í héraðsdómi réttilega heimfært til ákvæða umferðarlaga nr. 26/1958, sem í gildi voru, er slys það varð, sem mál þetta er af risið. Samkvæmt þessu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er ákveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Ásgeir Ásgeirsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. desember 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 19. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 554—555/1967: Ákæruvaldið gegn Ásgeiri Ásgeirssyni og Jóni Hjartarsyni, sem tekið var til dóms 29. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 23. október 1967, höfðað á hendur Ásgeiri Ásgeirssyni skrifstofustjóra, Dyngjuvegi 10, Reykjavík, fæddum 9. ágúst 1897 að Hrútsholti í Hnappadalssýslu, og Jóni Hjartarsyni, Snorrabraut 83, Reykjavík, fæddum 5. júní 1946 að Eyri í Kjós.

Gegn ákærða Ásgeiri er málið höfðað fyrir að hafa föstudaginn 7. október 1966 um kl. 1450, er ákærði ók bifreið sinni, R 666, austur Austurbrún í Reykjavík á miðjum vegi, eigi gætt nægrar varkárni með þeim afleiðingum, að hann lenti í árekstri við bifreiðina R 9433, sem ekið var á undan bifreið ákærða og sveigt var að innkeyrslu hússins nr. 6 við Austurbrún, en við áreksturinn missti ákærði vald á bifreið sinni með þeim afleiðingum, að hún lenti á Þórunni Sigurlaugu Jóhannsdóttur, Austurbrún 6, sem kom gangandi utan vegar vestur með götunni, en síðan á kyrrstæða bifreið, R 2018, sem stóð utan vegar, og loks í garði hússins nr. 25 við Austurbrún. Nefnd kona slasaðist mikið við áreksturinn, m. a. hlaut hún brot á vinstra fæti og nefi, marðist mikið í andliti og lá meðvitundarlaus í 4 sólarhringa.

Gegn ákærða Jóni er málið höfðað fyrir að hafa, er hann sveigði bifreiðinni R 9433 að innkeyrslunni að Austurbrún 6, svo sem áður er lýst, eigi gætt nægilega að umferð, sem á eftir kom,

og með því orðið meðvaldur að árekstrinum við bifreiðina R 666 og að nefndu slysi.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, brot nefnds Ásgeirs auk þess við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 45. gr., 3. mgr. 47. gr. og 1. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, en brot ákærða Jóns einnig við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 46. gr., 1. mgr. 49. gr. og 4. mgr. in fine, sbr. 2. mgr. 52. gr., sbr. 80. gr. nefndra umferðarlaga.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða Ásgeirs hljóðar svo:

1938 13/7 í Reykjavík: Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 18/1901.
1947 14/11 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1949 16/12 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot.
1950 14/7 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1952 15/2 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
1967 26/7 í Reykjavík: Dómur: Ákærður fyrir meint brot gegn 219. gr. hegningarlaga og umferðarlaga. Málinu vísað frá dómi.

Sakavottorð ákærða Jóns hljóðar svo:

1967 4/4 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 48. gr. umferðarlaga.
1967 7/6 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot gegn 45. gr. umferðarlaga.
1967 26/7 í Reykjavík: Dómur: Ákærður fyrir meint brot gegn 219. gr. hegningarlaga og umferðarlaga. Málinu vísað frá dómi.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 7. október 1966, klukkan 1450, var lögreglu tilkynnt, að árekstur hefði orðið litlu fyrr á Austurbrún móts við Dragaveg hér í borg. Lögreglan fór á staðinn, en þar höfðu rekizt saman fólksbifreiðin R 666, sem ákærði Ásgeir ók, og sendiferðabifreiðin R 9433, sem ákærði Jón stjórnaði. Í skýrslu sinni um áreksturinn segir Jónas Bjarnason lögreglumaður meðal

annars svo: „... þarna hafði orðið árekstur milli bifreiðanna R 9433 og R 666. Báðar bifreiðarnar munu hafa verið á leið suður Austurbrún, og var þeirri fyrrnefndu ekið á undan. Ökumaður hennar (sic) beygði til hægri á götunni, en lenti þá í vinstri hlið R 666, sem mun hafa verið að aka fram úr. Við það missti ökum. R 666 vald á bifreiðinni, sem eftir ummerkjum á staðnum að dæma hefur aukið hraðann og farið út af malbikuðu akbrautinni í boga til hægri eftir malaruppfyllingu vestan við götuna, rúml. 20 metra. Þar hafi hún lent á fótgangandi konu, sem stödd var vestan við götuna. Konan virtist hafa lent beint framan á bifreiðinni, runnið upp á vélarhús hennar og síðan upp á þakið og niður af henni að aftan og borizt þannig með bifreiðinni nokkurn spöl, en á þeirri leið hafði R 666 rekizt með hægri hliðina utan í bifreiðina R 2018, sem stóð mannlaus vestan við akbrautina. Þar hafði bifreiðin þverbeygt til vinstri þvert yfir malbikuðu brautina og lent á lágum steinvegg við húsið nr. 25. Brotnaði þá smávegis ofan af steinveggnum, en bifreiðin fór yfir hann og hafnaði niðri í niðurgröfnum húsagarði, sem er um 2 metr. lægri en gatan. Eftir slysið lá umrædd kona, Þórunn Jóhannsdóttir, á akbrautinni, en ökum. R 666 var í framsæti bifr. sinnar, og voru þau bæði slösuð. Sjúkrabifreið kom á staðinn og flutti þau á slysavarðstofuna. Ökum. bifr. R 9433, Jón Hjartarson, skýrði svo frá, að hann hafi verið á leið suður Austurbrún og ætlað að beygja til hægri heim að húsblokkinni nr. 6. Er hann hafi nálgazt umrætt hús, kvaðst hann hafa gefið stefnuljós til hægri, en ekki athugað að gæta að umferð á eftir í baksýnisspeglinum, fyrr en um leið og hann hafi beygt, en í því hafi R 666 komið fram með hægri hlið bifreiðar sinnar. Kvaðst hann þegar hafa hemlað, en árekstur inn skeð nær jafnsnemma. Eftir árekstur inn hafi R 666 haldið áfram á mikilli ferð, fyrst til hægri út af akbrautinni, þar sem hún hafi lent á konunni, og síðan beygt til vinstri og lent á bifr. R 2018 og því næst þvert yfir götuna og endaði, eins og fyrr greinir, niðri í húsagarðinum. Sjáanlegar skemmdir á bifr. R 9433 voru: Beyglur í hægra framhorni yfirbyggingar, og framstuðari hafði rifnað frá hægra megin. — Bfr. R 666 var mikið skemmd. Báðar hliðar hennar voru mikið beyglaðar, framendi og lok á vélarhúsi beyglað. Greinileg ummerki á bifreiðinni sýndu, að konan hafði lent upp á vélarhúslok hennar, þar sem þar var bæði blóð og hár, og síðan var blóðslóð upp á þak bifreiðarinnar og niður á lokið á farangursgeymslunni. Ökum. bifr. R 666, Ásgeir Ásgeirsson, hafði lent á stýrishjóli og fram-

rúðu bifreiðar sinnar og brotið hvort tveggja. Hann var, eins og fyrr greinir, fluttur í sjúkrabifreið á slysavarðstofuna. Kl. 1730 hafði hann samband símleiðis við lögregluna. Hann skýrði svo frá, að hann hafi verið á leið suður Austurbrún á rólegri ferð. Allt í einu hafi hann orðið var við sendiferðabifreiðina, þar sem hún hafi verið að lenda á vinstri hlið bifreiðar sinnar. Kvaðst hann ekki geta gert sér grein fyrir, hvaðan sendiferðabifr. kom. Við höggið af árekstrinum kvaðst hann hafa kastazt frá stýri bifreiðarinnar og við það misst vald á henni. Hafi hann orðið var við, er konan lenti fyrir henni, en ekki, að hann lenti í árekstri við R 2018, og síðan rankað við sér, er bifreiðin var komin niður í húsagarðinn. Engin hemlaför sjáanleg. Yfirborð vegarins malbikað. Dagsbirta, sólskin og færi þurrt ...".

Ákærði Ásgeir Ásgeirsson skýrði svo frá atvikum málsins, að greint sinn hefði hann ekið bifreið sinni, R 666, suður Austurbrún á um 30 km. hraða miðað við klukkustund. Ekki sagðist ákærði hafa orðið var við nokkra umferð, hvorki fyrir framan til hliðar né fyrir aftan sig, en þá er hann kom á gatnamót Austurbrúnar og Dragavegar, hefði hann ekki vitað fyrr til en bifreið var allt í einu komin honum á vinstri hönd í um 1 metra fjarlægð, og var henni ekið skáhalt fram fyrir bifreið hans. Kvaðst ákærði hafa sveigt undan til hægri og samtímis hemlað, en snöggur og harður árekstur orðið, og sagðist ákærða ekki vera ljóst, hvað síðan gerðist, fyrr en bifreið hans hafði stöðvazt í garði hússins Austurbrúnar 25, en þó mundi hann óljóst eftir manneskju fyrir framan bifreið sína á gangbraut til hægri. Ákærði kvaðst hafa ekið eftir vinstri akbrautarhluta, en við miðlínu götunnar. Hann sagði, að sólskin hefði aðeins verið á móti sér, en ekkert hindrað sig, þar sem hann var með sólgleraugu. Ákærði mótmælti því sem röngu, er fram kæmi í skýrslu Jónasar Bjarnasonar lögregluþjóns um efni símtals þeirra. Sagðist ákærði að vísu hafa talað eitthvað um áreksturinn við lögreglumanninn, en ekki minnast þess að hafa rætt um aðdraganda slyssins við hann.

Ákærði Jón Hjartarson kvaðst hafa verið á leið að húsinu Austurbrún 6 og ekið bifreiðinni R 9433 suður götuna á um 35 km. hraða miðað við klukkustund. Hann sagðist hafa gefið stefnumerki til hægri með góðum fyrirvara og dregið úr hraða bifreiðarinnar, bæði vegna varúðar til vinstri gagnvart Dragavegi og eins vegna afleggjarans að Austurbrún 6, sem væri næstum andspænis Dragavegi. Ökuskilyrði hefðu verið góð, en sól lágt á lofti á móti honum. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við bif-

reiðina R 666, fyrr en bifreið hans var rétt að byrja að snúast, og hefði hann þá séð hana í gegnum hliðarrúður sinnar bifreiðar, er hann var að horfa í hliðarspegil hennar, þá þegar sveigt frá og hemlað og ferð bifreiðar hans verið lítil sem engin, er árekstur varð. Hann sagði, að væg snerting hefði orðið milli hægra framenda og höggvara sinnar bifreiðar og aftasta hluta vinstri framhurðar sem og afturhurðar bifreiðarinnar R 666. Ákærða fannst bifreiðinni R 666 vera ekið áfram í stóran sveig á jöfnum hraða, sem var talsverður, en þó enginn ofsahraði, og skall hún á konu, sem var um 3 metra utan akbrautarinnar. Virtist ákærða konan takast á loft, strjúkast eftir þaki bifreiðarinnar, en renna síðan aftur af henni og til jarðar. Þessu næst var bifreiðinni R 666 ekið á jeppabifreið, sveigt þvert yfir götuna og hafnaði loks inni í húsagarði.

Vitnið Rafn Vick Bjarnason málari, Álftamýri 24 hér í borg, sem statt var við húsið Austurbrún 6, sagðist ekki hafa tekið eftir akstri bifreiðanna fyrir árekstur og því ekki geta borið um, hvaðan þær komu, en vitnið sá þær í sömu mund og árekstur varð, og voru þær þá báðar á hreyfingu. Vitnið sagði, að hraði bifreiðarinnar R 666 hefði verið mikill eftir áresturinn og bifreiðin farið stóran sveig upp á lóð hússins, en vitnið sá ekki, er henni var ekið á konuna eða jeppabifreiðina, þar sem moldarbingur byrgði því sýn. Vitnið staðhæfði, að stefnuljós hefðu verið tendruð á bifreiðinni R 9433 að árekstri afstaðnum.

Vitnið Sigurður Jónsson iðnnemi, Hringbraut 59, Reykjavík, kom ekki á staðinn, fyrr en eftir að árekstur var orðinn. Vitnið kom að bifreiðinni R 666 og sagði, að ökumaður hefði setið undir stýri, haldið á sólgleraugum í hendinni og greinilega verið með meðvitund. Vitnið fullyrti, að hægri stefnuljós bifreiðarinnar R 9433 hefðu verið tendruð, er það kom á vettvang.

Kona sú, sem fyrir bifreiðinni R 666 varð, Þórunn Sigurlaug Jóhannsdóttir, sagðist ekkert hafa orðið vör við bifreiðina, áður en hún skall á henni, ekki muna eftir nokkru í sambandi við slysið og því ekkert um málsatvik geta borið.

Vitnið Runólfur Sigtryggsson verzlunarmaður, Austurbrún 6 hér í borg, kvaðst hafa verið á gangi utan hinnar malbikuðu brautar ásamt eiginkonu sinni, Þórunni Sigurlaugu Jóhannsdóttur. Vitnið sá ekki árekstur bifreiðanna R 666 og R 9433 og vissi ekki fyrr til en ákærði Ásgeir ók á konu þess. Barst hún með bifreiðinni nokkurn spöl, og sá vitnið hana á þaki bifreiðarinnar, en síðan kastaðist hún aftur fyrir bifreiðina og féll til jarðar,

án þess þó að bifreiðin færi yfir hana, og þar lá hún í blóði sínu meðvitundarlaus. Bifreiðin R 666 þaut yfir götuna á mjög miklum hraða og hvarf vitninu sjónum niður í húsagarð austan hennar.

Vitnið Kristmundur Jóhannes Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðardeildar rannsóknarlögreglu, Bogahlíð 9 hér í borg, kvaðst ekki muna eftir förum á vettvangi, sem gefið gætu til kynna, hvernig bifreiðunum var ekið, áður en árekstur varð.

Vitnið Guðmundur Erlendsson rannsóknarlögreglumaður, Drangagötu 1, Hafnarfirði, kom á vettvang skömmu eftir árekstur til myndatöku. Minnist vitnið engra ummerkja á árekstrarstað varðandi akstur bifreiðanna fyrir árekstur.

Vitnið Þorlákur Runólfsson lögreglumaður, Langagerði 50, Reykjavík, staðfesti vettvangsteikningu sína fyrir dómi, en mundi ekki til fara á staðnum, sem ljósi gætu varpað á aðdraganda árekstrarins.

Vitnið Jónas Bjarnason lögreglumaður, Bakkagerði 3 hér í borg, staðfesti lögregluskýrslu sína í dómi. Vitnið sagðist ekki hafa séð vegsummerki á staðnum, er sýndu akstur bifreiðanna fyrir árekstur. Vitnið kvaðst hafa átt símtal við ákærða Ásgeir, ritað lögregluskýrslu sína litlu eftir það samtal og staðhæfði, að rétt væri þar eftir ákærða haft.

Lögð hafa verið fram í málinu tvö læknisvottorð um meiðsl Þórunnar Sigurlaugar Jóhannsdóttur. Í vottorði dr. med. Bjarna Jónssonar yfirlæknis, sem dagsett er 31. janúar 1967, segir svo:

„... Þórunn Sigurlaug Jóhannsdóttir, f. 18. 4. 1898, til heimilis að Austurbrún 6 í Reykjavík, var lögð í Landakotsspítala þ. 7. 10. 1966. Hún hafði orðið fyrir bílslysi, verið flutt í Slysavarðstofuna og þaðan hingað.

Við komu var sj. með meðvitund, en mundi ekki, hvað fyrir hafði komið, hún var þjáð og dálítið lostin. Það blæddi mikið úr nefi, og nefið var bólgið, á enni var lítið sár. Á h. olnboga var 2ja cm. langt sár og annað sár á v. rist og enn eitt á h. sköflung. Sjáöldur voru jafnstór, svöruðu ljósi, blóðhlaup voru í augntóftum. Brjóst lyftist jafnt beggja vegna við öndun, hlustun á lungum og hjarta eðlileg. Púls 100. Hún hreyfði alla útlimi, sinaviðbrögð voru eðlileg, v. hæll var nokkuð bólginn. Tróð var sett í nefið, og stöðvaðist sú blæðing fljótlega. Sárin voru saumuð. Blóðþrýstingur fór niður í 90, en við blóðgjöf og macrodec hækkaði hann aftur og stabiliseraðist í 130/70. Sj. reyndist hafa mikið hækkaðan blóðsykur, og Röntgenskoðun sýndi, að v. hælbein var brotið.

Sj. var tekinn til meðferðar hjá lyflæknum vegna sykursýkinnar, og þegar blóðsykur var orðinn eðlilegur og stöðugur, var gert að hælbrotinu og lagðar gipsumbúðir á fótinn. Þ. 3. 12. voru gipsumbúðir teknar, og nokkru seinna byrjaði sj. að hafa fótavist með teygjuplástursumbúðir. Hún fór af spítalanum þ. 14. 12. og gat þá farið ferða sinna innan húss. Hún var á meðölum við sykursýkinni, og hélzt blóðsykur í góðu lagi.

Hér er um að ræða 68 ára gamla konu, sem lenti í umferðarslysi í októberbyrjun. Hún fékk áverka á höfuð og víða sár og skrámur og hafði auk þess hækkaðan blóðsykur og brot á vinstra hæl. Sárin greru vel, og hún virtist jafna sig vel af höfuðáverkanum, og sykursýkinni var haldið í skefjum. Hælbrotið greri, en eins og títt er um hælbrot, náðist það ekki í alveg réttar skorður, og er trúlegt, að hælbrotið verði henni til baga þann veg, að hún kenni sársauka í ökla við göngur".

Vottorð Bergsveins Ólafssonar augnlæknis, dagsett 8. febrúar 1967, hljóðar svo: *„Þórunn Sigurlaug Jóhannsdóttir, 68 ára gömul. Austurbrún 6 hér í borg.*

Vottorð v/slyss, sem hún varð fyrir þ. 7. október s. l.:

Augu útvortis eðlileg. Augnhreyfingar eðlilegar. Sjón með gleraugnacorrection er nú: Hægra auga — 6/24. Vinstra auga — 6/60.

Sjónsvið óskert á hægra auga, en fjórðungs brottfall á sjónsviði vinstra augans. Neðri nasali hlutinn blindur alveg að fixationspunkti. Lessjón hefur hún góða á hægra auga, en það vinstra er ónýtt til lestrar vegna skerðingar á sjónsviði, svo sem að ofan getur. Við augnspeglun sést grugg í glervökvum beggja augna og auk þess nýleg blæðing í macularsvæði vinstra augans.

Næst fyrir slysið hafði sjón hennar verið mæld á lækningastofu minni þ. 18. febrúar 1966 og var þá með gleraugnacorrection:

Hægra auga — 6/24 + lessjón sæmileg.

Vinstra auga — 6/24 + og svipuð á báðum augum.

Sjón var svo mæld, einnig á lækningastofu minni, þ. 14. janúar 1967, og reyndist þá með gleraugnacorrection:

Hægra auga — 6/24.

Vinstra auga 6/40 sjónsviðsskerðing sú sama og við síðustu skoðun. Ég tel fullvíst, að sjónsviðsskerðingin á vinstra auga hafi hlotizt af slysinu, enda varð hennar strax vart í sjúkralegu Þórunnar eftir slysið. Sjónsviðsskerðingin veldur lestrarblindu augans og gerir það ónýtt að mestu til lestrar og allrar fín-

gerðari handavinnu. Hins vegar hefur sjón hinnar slösuðu ávallt verið frekar dauf vegna meðfæddra sjónlagsgalla.

Afturför sjónar vinstra augans frá 14. jan. til 6. febr. þetta ár stafar vafalaust frá blæðingu í vinstri macularregion. Hvort þessi blæðing hefur orsakazt af afleiðingum slyssins, er mjög erfitt að segja, þar sem konan er haldin sykursýki, en sá sjúkdómur orsakar iðulega slíkar blæðingar í augnbotna. Samt má gera ráð fyrir, að við slysið hafi æðakerfi augnanna orðið fyrir skemmdum og blæðingarhættan við það aukizt og þess vegna ekki hægt að firra slysið allri sök á sjóndepru þeirri, er af blæðingu þessari kann að hljótast.

Það skal tekið fram, að sjóndepra sú, sem sjónsviðsskerðingin orsakar, er varanleg, en sjóndepran, sem blæðingin hefur orsakað, kann að minnka eitthvað, en hún getur alveg eins aukizt og eyðilagt sjón augans alveg. Um slíkt verður ekkert fullyrt á þessu stigi sjúkdómsins".

Svo sem málum hefur verið lýst hér að framan, verður að telja, að ákærðu hafi ekki sýnt næga varúð í akstri greint sinn, orðið allt of seint varir við ferðir hvors annars, þá er þeir óku um fjölfarna akbraut við góð akstursskilyrði, og verða hin alvarlegu meiðsl konunnar Þórunnar Sigurlaugar Jóhannsdóttur talin bein afleiðing árekstrarins. Atferli ákærðu varðar við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 26., sbr. 37. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Ákærðu var boðið að ljúka máli þessu með dómssátt, en hvorugur þeirra vildi á þá lausn fallast.

Refsing ákærðu hvors um sig samkvæmt 219. gr. hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt, en vararefsing varðhald 4 dagar, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Ekki þykir alveg næg ástæða til að svipta ákærðu ökuréttindum.

Dæma ber ákærða Ásgeir til að greiða málsvarnarlaun Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00, og ákærða Jón til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Loga Guðbrandssonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.000.00, en allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Ásgeir Ásgeirsson greiði 3.000.00 króna sekt til ríkis-

sjóðs, en sæti varðhaldi 4 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Jón Hjartarson greiði 3.000.00 króna sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 4 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Ásgeir greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 4.000.00, og ákærði Jón málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Loga Guðbrandssonar héraðsdómslögmanns, krónur 4.000.00, en allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 4. október 1968.

Nr. 54/1967. **Einar Bjarnason**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Jóni Gíslasyni
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Sambýli. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1967 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 18.207.52 með 8% ársvöxtum af kr. 13.295.80 frá 11. nóvember 1958 til 27. apríl 1960 og af kr. 18.207.52 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. febrúar 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Einar Bjarnason, Úthlíð 5, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Jóni Gíslasyni, einnig til heimilis að Úthlíð 5 hér í borg, til greiðslu á kr. 18.207.52 með 8% ársvöxtum af kr. 13.245.80 frá 11. nóvember 1958 til 27. apríl 1960 og af allri upphæðinni frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaði eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Málavextir eru þessir:

Með leigusamningi, sem gerður var 24. júní 1950, fengu þeir stefnandi og Jón St. Arnórsson kaupmaður á leigu frá Reykjavíkurbæ lóðina nr. 5 við Úthlið til að byggja á henni íbúðarhús. Heimilt skyldi þeim vera að selja og veðsetja leigurétt sinn að lóðinni í heild ásamt mannvirkjum á henni. Þeir stefnandi og Jón St. Arnórsson höfðu þegar gert með sér sameignarsamning. Er hann dagsettur 29. apríl 1950. Verða hér tekin upp nokkur atriði úr samningi þessum:

„1. gr. Við eigum í félagi fasteignina nr. 5 við Úthlíð. ...

2. gr. Fasteign þessi er að 65% ... eign Einars Bjarnasonar, en að 35% ... eign Jóns St. Arnórssonar. Nánar tiltekið fer um eignarrétt að hinum einstöku hlutum hússins sem hér segir:

a. Kjallaraíbúðin er eign Einars Bjarnasonar. Auk þess fylgir þessari íbúð aðgangur að þvottahúsi og miðstöðvarherbergi.
b. Sameiginlegt húsnæði í kjallara er þvottahús, miðstöðvarherbergi, kjallaragangur og kjallarastigi og vatnssalerni undir kjallarastiga. Á Einar Bjarnason 65% ... af þessu húsnæði, en Jón St. Arnórsson á 35% af því.
c. Vesturherbergi í suðurhlið í kjallara á Jón St. Arnórsson.
d. Stofuhæð er eign Jóns St. Arnórssonar. Henni fylgir geymsla

undir útidyratröppum og aðgangur að þvottahúsi og miðstöðvarherbergi.

e. Efri hæð er eign Einars Bjarnasonar. Þeirri hæð fylgir geymsla og þvottahús í þaki. Auk þess fylgir þessari hæð aðgangur að þvottahúsi og miðstöðvarherbergi í kjallara.

f. Þakhæðin er eign Einars Bjarnasonar.

g. Afnot af lóðinni reiknast hvorum aðilja, svo sem nú var sagt um verðhlutföll húsnæðis hvors um sig.

h. Bílskúr er fyrirhugaður á lóðinni, og fær Jón St. Arnórsson 3×4½ metra gólfflöt þar af, en hinn hlutinn er eign Einars Bjarnasonar svo og pláss, sem Einar Bjarnason kann að innrétta undir skúrnum. ...

5. gr. Okkur ber að standa straum af sameiginlegum viðhaldskostnaði hússins eftir þeim hlutföllum, sem nú voru greind í 3. gr. og 4. gr. (þ. e. 65% og 35%), en sameiginlegt viðhald telst viðhald og viðgerðir utanhúss svo og lagfæringar á lóð og girðingu um hana. Verði ágreiningur um nauðsyn framkvæmda um þetta, ráða eigendur meiri hluta hússins eftir þeim hlutföllum, sem greind eru í 2. gr. hér á undan. Viðhald hvors eignarhluta innanhúss annast eigandi sjálfur.

6. gr. (Í greininni segir m. a., að ljós, „sem kunna að verða sett á ljósakerfi annars hvors aðilja“ og eru í sameiginlegum hlutum hússins, séu á kostnað beggja aðilja og greiði Einar 65%, en Jón 35%). ...

8. gr. ... Ræstingu á kjallarastiga og innra kjallaragangi annast eigandi stofuhæðar tvo mánuði í senn og eigandi efri hæðar og þakhæðar einn mánuð í senn. ...

9. gr. Íbúar kjallara, 1. hæðar, 2. hæðar og rishæðar skulu hafa þvottahúsið í kjallaranum til afnota í þeirri röð, sem þeir nú voru taldir í, íbúar kjallara 5 daga í senn, íbúar 1. hæðar 10 daga í senn, íbúar 2. hæðar 10 daga í senn og íbúar þakhæðar 5 daga í senn. ...

Rafmagn í þvottahúsi og þurrkherbergi greiðum við í hlutfalli við notkun hvors um sig. ...

10. gr. Nú greiðir annar hvor okkar eigi skilvíslega það, sem honum ber að greiða skv. framansögðu, svo að hinn neyðist til að greiða fyrir hann slík gjöld, og getur hann þá krafið inn hið vangoldna með málssókn. Skulu slík mál rekin fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og þarf eigi að leggja þau fyrir sáttanefnd. Málskostnað skal skuldari greiða að skaðlausu. ...

12. gr. Hvor okkar um sig skuldbindur sig til að selja eignar-

hluta sinn aðeis með því skilyrði, að hinn nýi eigandi gerist aðili að samningi þessum, enda ber það að skoðast sem áhvílandi kvöð á eignarhluta hvors aðilja, að eigandi þess hluta sé aðili að samningi þessum. ...

13. gr. Nú rís ágreiningur milli aðilja samnings þessa um skilning hans eða framkvæmd eða um atriði varðandi eignina, sem ekki kann að vera ákveðið um í samningi þessum, og skal þá allur slíkur ágreiningur útkljáður til fullnustu af gerðardómi ...".

Hinn 28. október 1950 gerðu þeir Einar Bjarnason og Jón St. Arnórsson með sér annan samning um að breyta sameignarsamningnum frá 29. apríl. Segir þar m. a.: „... herbergi það, sem greint er í c-lið 2. gr. samningsins, er eign meðundirritaðs Einars Bjarnasonar. Herbergi þetta telst vera 2½% af allri fasteigninni, þannig að eignarhluti Einars Bjarnasonar í allri fasteigninni telst vera 67½% ... og eignarhluti Jóns St. Arnórssonar telst vera 32½%. ... Breytast í samræmi við þetta hlutföll þau, er í téðum samningi eru ákveðin um ... sameiginlegt viðhald skv. 5. gr. og allan sameiginlegan kostnað annan ...".

Nokkru eftir þetta keypti stefndi í máli þessu, dr. Jón Gíslason, eignarhluta Jóns St. Arnórssonar í Úthlíð 5, og hinn 19. janúar 1951 gaf hann skriflega yfirlýsingu um, að hann gengi að öllum ákvæðum sameignarsamnings þeirra Jóns St. Arnórssonar og stefnanda.

Frá því um þetta leyti hafa aðiljar málsins verið sambýlismenn í Úthlíð 5. Ljóst er af skjölum málsins, að komið hefur upp missætti milli þeirra og að það hefur, áður en langt um leið, orðið mikið.

Kröfur stefnanda eru í 7 liðum. Verður fjallað um hvern kröfulið út af fyrir sig.

1. Kostnaður við að gera garða á lóðamörkum, kr. 12.964.60.

Sumarið 1958 voru gerðir garðar á mörkum Úthlíðar 3 og 5, Úthlíðar 5 og 7 og meðfram götuhlið Úthlíðar 5. Samkvæmt reikningum, sem stefnandi hefur lagt fram, varð hluti Úthlíðar 5 af kostnaðinum kr. 39.891.07. Óumdeilt er, að stefnandi greiddi þennan kostnað, og krefur hann stefnda í málinu um 32½% af honum, eða kr. 12.964.60.

Stefnandi heldur því fram, að nokkru áður en framkvæmdir hófust, hafi lögfræðingur sinn, Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður, átt símtal við lögfræðing stefnda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmann, og tjáð honum, hvað til stæði. Segir stefn-

andi, að lögmaðurinn hafi ekkert haft við það að athuga. Stefndi heldur því hins vegar fram, að stefnandi hafi hafið framkvæmdir án síns samþykkis eða vitundar.

Af skjölum málsins sést, að vinna við garðinn milli Úthlíðar 3 og 5 hefur verið framkvæmd í vikunni frá 11.—18. maí 1958, og var það fyrsti hluti verksins. Í bréfi frá stefnda til stefnanda, dagsettu 12. maí 1958, segir m. a.:

„Þar sem byrjað er að grafa fyrir girðingu á síðustu hlið lóðarinnar nr. 3 við Úthlíð, þ. e. þeirri hlið, sem liggur að okkar lóð, spurðist ég fyrir um það hjá nágranna okkar, hr. Jóni Valfells, Úthlíð 3, hver stæði fyrir framkvæmdum. Það, sem máli skiptir, er það, að hann kvað mig standa að þeim framkvæmdum, en yður hafa útvegað mann til verksins.

Ennþá læt ég yður vita, að þér hafið enga heimild til að hefja nokkra framkvæmd á sameign okkar, nr. 5 við Úthlíð, án samþykkis míns, því síður án vitundar minnar. ...

Ég verð því að gera þá kröfu, að umræddur girðingarhluti bíði leiðréttingar samkvæmt fyrri kröfum mínum þar að lútandi, enda mun ég engan kostnað greiða við girðingu lóðarinnar, fyrr en mér verða tryggð afnot af mínum hluta lóðarinnar, þar með talinn bílskúrinn ...“.

Þessu bréfi svaraði lögmaður stefnanda, Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður, með bréfi, sem dagsett er 16. maí 1958. Í því segir m. a.:

„Ég hef nú vegna umbj. míns látið tjá yður, að umbj. minn óski að gera girðingu um lóð ykkar, enda er slíks krafizt af sumum eigendum nágrannalóða. Jafnframt er það skylda, að bæjarmenn girði lóðir sínar. Er það einsætt, að umbj. minn hefur rétt til að gera hér um rædda framkvæmd, hvað sem þér segið um þetta, og er honum ekki skylt að bíða eftir því, að þér veitið samþykki til slíks einhvern tíma síðar. Hefur umbj. minn samkvæmt sameignarsamningi og eðli málsins fullt vald til að gera hér um rædda framkvæmd. Mun hann og á sínum tíma innheimta hjá yður eftir hlutföllum þann kostnað, er yður ber að greiða af gerð girðingarinnar ...“.

Stefndi svaraði með bréfi, sem dagsett er 20. maí 1958, og lögmaður stefnanda svaraði enn með bréfi, sem dagsett er 23. júní. Þar segir m. a.: „Að endingu skal það tekið fram, að um rof af hálfu umbjóðanda míns getur ekki verið að ræða á hinum þinglýsta sameignarsamningi, og skal yður enn á ný bent á 13.

gr. samningsins sjálfs, þar sem segir fyrir um, á hvern veg skuli fjalla um ágreining og skilning á honum".

Stefndi ritaði enn lögmanninum 5. júlí og lögmaðurinn stefnda 15. ágúst. Hinn 1. nóvember 1958 ritaði lögmaður stefnanda bréf til stefnda og krafði hann þar m. a. um greiðslu á hluta girðingarkostnaðar, sömu fjárhæð og hér er um fjallað. Því bréfi svaraði stefndi 3. nóvember.

Lagarök þau, sem færð hafa verið fram til stuðnings þeim kröfulið stefnanda, sem hér er til athugunar, eru þau, að stefnda beri samkvæmt 5. gr. sameignarsamnings aðilja að greiða þann kostnað, sem um er krafið. Því er haldið fram, að stefnda hafi verið tilkynnt um framkvæmdir þær, sem um er að ræða, með löglegum hætti. Hafi þess þó eigi þurft með, þar sem hann hafi haft þær fyrir augum frá upphafi, mótmælt þeim, en þeim mótmælum verið hafnað með löglegum hætti og framkvæmdirnar ákveðnar í samræmi við fyrrnefnda samningsgrein.

Er enn fremur lögð á það áherzla af hálfu stefnanda, að um lögboðnar framkvæmdir sé að ræða samkvæmt 92. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930, 1. tl. 10. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík nr. 195/1945 og 10. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík nr. 11/1950. Sé ekki um neinn óþarfan kostnað að ræða, hvað þá ofrausn neina.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa hans studd þeim rökum, að í garðagerðina hafi verið ráðizt án vitundar hans og henni fram haldið þrátt fyrir mótmæli af hans hálfu. Þá er sýknukrafan einnig studd þeim rökum, að tilkostnaðurinn hafi verið óhæfilegur, einkum vegna þess, að steinsteyptir garðar hafi verið gerðir milli lóðanna Úthlíðar 3 og 5 og Úthlíðar 5 og 7, en hvorki hafi þeirra verið þörf né séu slíkir garðar nú tíðkaðir almennt, enda ósmekklegir og óhentugir.

Við munnlegan flutning máls þessa hefur lögmaður stefnda látið þess getið, að hann kannist ekki við, að lögmaður stefnanda hafi átt við sig símtal um væntanlega garðabyggingu.

Því er ekki haldið fram í málinu, að stefnda hafi verið gefinn kostur á að vera með í ráðum um fyrirkomulag garðanna á mörkum Úthlíðar 5, og ekki heldur, að honum hafi verið gefinn kostur á að vera með í ráðum um framkvæmdatíma. Telja verður ósannað, að stefnda hafi verið tilkynnt fyrirfram um, að stefnandi mundi hefja framkvæmdir við byggingu garðanna.

Þegar lóðin var girt, voru lög nr. 19/1959 ekki gengin í gildi.

Dómendur telja, að efnislega sömu reglur og þær, sem nú eru í 11. gr. þessara laga, hafi þó verið í gildi, þegar lóðin var girt, bæði vegna eðlis máls og venju. Stefnandi fór ekki eftir þessum reglum varðandi samráð við stefnda. Lögleg ákvörðun um gerð garðanna var ekki tekin. Getur stefnandi því ekki krafið stefnda um greiðslu á hluta kostnaðar við garðasmíðina.

Það styður þessa niðurstöðu, að ákvæði 5. greinar sameignarsamnings aðilja um ágreining um nauðsyn framkvæmda og ákvæði 13. greinar um gerðardóm, ef ágreiningur rís, m. a. um „atriði, varðandi eignina, sem ekki kann að vera ákveðið um í“ samningnum, hafa vart þýðingu, nema þau séu byggð á þeirri forsendu, að til samráðs komi, áður en í framkvæmdir er ráðizt. Verður því að telja, að þessar greinar mæli fyrir um, að slíkt samráð eigi sér stað. Vanræksla þess leiðir til brottfalls greiðsluskyldu.

Ekki verður talið, að það hafi þegið stefnanda undan skyldu til að hafa samráð við stefnda, að skylt er, að menn girði lóðir sínar, sbr. þau ákvæði í samþykktum, er stefnandi hefur vitnað til.

Samkvæmt framanskráðu telja dómendur, að sýkna beri stefnda af kröfu stefnanda, að því er tekur til þessa fyrsta liðs í kröfum hans.

2. Kostnaður af vinnu við lóð og við málningu, kr. 235.70.

Hér er um að ræða kröfulið samkvæmt framlögðum nótum frá árinu 1958. 20. ágúst það ár hafa verið keyptar málningardósir og 30. sama mánaðar unnið við málningu á gluggum og niðurföllum og að auki lögð fram nokkur málning. 21. júní hefur verið unnið í 6 klukkustundir við lóð hússins.

Krafa sú, sem hér er um að ræða, var gerð í bréfi lögmanns stefnanda 1. nóvember 1958. Í svarbréfi stefnda 3. nóvember var ekki sérstaklega að kröfunni vikið. Í greinargerð er því mótmælt, að stefnda beri að greiða fjárhæð þá, sem greinir undir þessum lið í kröfum stefnanda, en málsástæðna ekki getið. Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram af hálfu stefnda, að engin nauðsyn hafi verið á þeim framkvæmdum, sem hér er krafið um endurgjald fyrir að hluta, og ekkert samráð verið um þær haft við stefnanda. Var í framhaldi af því skírskotað af hálfu stefnda til röksemda stefnda í næsta lið hér á undan. Þrátt fyrir síðastgreindar röksemdir stefnda verður að telja, að skort hafi á fullnægjandi rökstuðning af hálfu stefnda gegn þessum kröfulið, og verður hann samkvæmt því tekin til greina, enda hefur stefnandi lagt fram skjöl kröfulið sínum til stuðnings.

3. Kostnaður við hreingerningu 1954, kr. 45.50.

Samkvæmt framlagðri nótu hefur hreingerning sú, sem hér er um að ræða, verið framkvæmd 30. september 1954. Mál til heimtu þessa kostnaðar var höfðað með stefnu, sem birt var 11. október 1958. Sýknukrafa stefnda varðandi þenna lið er m. a. studd þeim rökum, að krafan sé fyrnd. Fallast verður á, að svo sé, sbr. 5. tölulið 3. gr. laga nr. 14/1905. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfu stefnanda hér að lútandi.

4. Lagfæring lóðar, kr. 4.659.73.

Lóð Úthlíðar 5 var lagfærð sumarið 1959. Hinn 22. maí þá um vorið sendi lögmaður stefnanda lögmanni stefnda bréf, þar sem segir m. a.: „... umbjóðandi minn óskar að ganga frá lóð eignarinnar nr. 5 við Úthlíð hér í bænum nú á næstu vikum, enda leyfi ég mér að vænta þess, að þér vegna greinds Jóns Gíslasonar samþykkið þessa meðferð". Lögmaður stefnda svaraði með bréfi, sem dagsett er 25. maí. Er þar m. a. þetta haft eftir stefnda: „Af ástæðum, sem yður ættu nú þegar að vera kunnar, mun ég aldrei samþykkja að fela Einari Bjarnasyni, löggiltum rafvirkjameistara, Úthlíð 5, neinar framkvæmdir á lóð sameignar okkar hérna að Úthlíð 5, enda veit ég af reynslu, að fyrirspurn þessi muni vera borin fram af skinhelgi einni saman ...".

Hinn 11. júní ritaði lögmaður stefnanda enn bréf til lögmanns stefnda. Í því segir m. a.: „... Þar sem vonlaust virðist að ná samkomulagi um málið, mun umbj. minn nú neyta þess réttar, sem hann hefur samkvæmt lögum og sameignarsamningi aðilja til að framkvæma hið umrædda verk, enda mun hann á sínum tíma innheimta hjá dr. Jóni Gíslasyni hans hluta kostnaðarins við áminnztar framkvæmdir". Af framlögðum nótum má sjá, að við lóðina hefur verið unnið um sumarið, einkum í júní og september, fyrir alls kr. 14.337.63, en 32.5% af þeirri upphæð eru kr. 4.659.73, sem stefnandi krefur stefnda um. Lögmaður stefnanda gerði kröfu um greiðslu úr hendi stefnda með bréfi, sem dagsett var 28. desember 1959, en synjað var um greiðslu í bréfi, dagsettu 4. janúar 1960.

Krafa stefnanda er studd þeim rökum, að stefnanda hafi verið þessar framkvæmdir heimilar samkvæmt 5. gr. sameignarsamnings aðilja og 11. gr. laga nr. 19/1959, enda beri stefnda samkvæmt ákvæðum sömu greinar, sbr. og 10. gr. sama eignarsamnings, að greiða 32.5% af kostnaðinum við þessar framkvæmdir. Ekki hafi að vísu verið skylt að leita samþykkis stefnda á því, að framkvæmd væri gerð. Þó hafi það verið gert umfram skyldu

og hann þá neitað öllu samstarfi. Slíkt hafi honum verið óheimilt og hafi þessi viðbrögð heimilað stefnanda að ráðast í framkvæmdir, þótt talið yrði, að um þær giltu ákvæði laga nr. 19/1959.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að honum hafi verið heimilt að setja syn fyrir framkvæmdir á lóðinni, meðan hann átti við að búa gerræði af hálfu stefnanda í öllum viðskiptum þeirra. Þá er því og haldið fram af hálfu stefnda, að framkvæmdirnar hafi verið of dýrar.

Dómendur eru þeirrar skoðunar, að með hinni algeru synjun um samstarf, sem fram kom í bréfi lögmanns stefnda frá 25. maí 1959, hafi stefndi misst rétt til að hafa síðar uppi mótmæli gegn framkvæmdum við lagfæringu lóðarinnar, en stefnanda var heimilt að ákveða þær, eins og komið var, sbr. lög nr. 19/1959, 11. gr., 1. mgr. in fine, og sameignarsamning um Úthlíð 5, 5. gr. Deilur aðilja um önnur atriði gátu ekki að lögum heimilað stefnda að banna lagfæringu lóðarinnar. Stefnda ber að greiða sinn hluta kostnaðarins við framkvæmdirnar á lóðinni, sbr. nýnefnd lög, 11. gr., 2. mgr., og 5. gr. sameignarsamningsins, enda verður ekki talið, að þessar framkvæmdir hafi verið óhóflega dýrar eða óþarfar.

Af því, sem nú hefur verið sagt, leiðir, að stefnda verður gert að greiða stefnanda þá kröfu, sem hér er um fjallað.

5. Lagfæring á þaki, kr. 115.86.

Hér er um að ræða kröfulið samkvæmt framlögðum nótum frá 1958 (málning á þakrennu) og 1959 (viðgerð á þaki). Lögmaður stefnanda krafði um greiðslu vegna þessara framkvæmda með bréfi 2. marz 1960. Ekki verður séð, að því bréfi hafi verið skriflega svarað.

Þessum kröfulið hefur verið mótmælt af hálfu stefnda. Við munnlegan málflutning var af hálfu stefnda tekið fram, að ætla yrði, að ekkert samráð hafi verið haft við stefnda um þessar framkvæmdir. Þar sem skjöl eru fram komin kröfuliðnum til stuðnings og á skortir um nægileg mótmæli, verður krafa stefnanda að þessu leyti tekin til greina.

6. Hreingerning, kr. 99.13.

Hér er um að ræða kröfulið samkvæmt reikningi, dagsettum 11. marz 1959. Segir þar, að hann sé fyrir hreingerningu á kjallarastiga, gangi og, að því er virðist, þvottahúsi. Um greiðslu var krafið í áðurnefndu bréfi 2. marz 1960, og verður ekki séð, að svar hafi verið gefið skriflega um þetta atriði fremur en önnur, er í bréfinu er um rætt.

Þessum kröfulið hefur verið mótmælt af hálfu stefnda, og var því haldið fram við munnlegan málflutning, að hreingerning þessi hafi verið stefnanda óheimil. Í 8. gr. sameignarsamningsins um Úthlíð 5 er svo fyrir mælt, að ræstingu í kjallarastiga og innra kjallaragangi annist eigandi stofuhæðar tvo mánuði í senn og eigandi efri hæðar og þakhæðar einn mánuð í senn. Verður því hvorki séð, að stefnandi hafi samkvæmt sameignarsamningi aðilja verið heimilt að láta framkvæma þessa hreingerningu né að honum hafi komið slík heimild af öðrum ástæðum. Samkvæmt því verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

7. Rafmagn á árinu 1959, kr. 87.00.

Krafa um greiðslu þessarar fjárhæðar var gerð í fyrrnefndu bréfi 2. marz 1960. Kröfulið þessum hefur að vísu verið mótmælt með skírskotun til sambúðar aðilja, en ekki verið vefengt, að stefnandi hafi greitt þennan kostnað né að þar sé um útgjöld að ræða, er aðiljum beri báðum fortakslaust að greiða eftir ákveðnum reglum. Með skírskotun til þessa og þar sem rökstuðningur fyrir andmælum stefnda er ónógur ber að taka þennan kröfulið til greina.

Samkvæmt ofangreindu verða úrslit máls þessa þau, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda samtals kr. 5.098.29. Með hliðsjón af kröfugerð stefnanda um vexti verður stefnda gert að greiða 6% ársvexti af kr. 235.70 frá 11. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960 og 8% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til 23. apríl 1960 og 8% ársvexti af kr. 5.098.29 frá þeim degi til 1. janúar 1965, 7% ársvexti af síðastgreindri fjárhæð frá þeim degi til 12. júní 1965 og loks 8% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum málsúrslitum þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.000.00.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Bárði Daníelssyni verkfræðingi og Kristni Sigurjónssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Gíslason, greiði stefnanda, Einari Bjarnasyni, kr. 5.098.29 með 6% ársvöxtum af kr. 235.70 frá 11. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960 og 8% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 23. apríl 1960, 8% ársvöxtum af kr. 5.098.29 frá þeim degi til 1. janúar 1965, 7% ársvöxtum af síðast-

greindri fjárhæð frá þeim degi til 12. júlí 1965 og 8% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. október 1968.

Nr. 43/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Hermanni Bæringssyni
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Tolllagabrot. Upptaka smyglvarnings.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna og vitnin Zakarías Hólm Hjartarson tollgæzlumaður og Óskar Ágúst Sigurgeirsson skipstjóri komið fyrir dóm og gefið skýrslur.

Málsatvikum er nægilega lýst í héraðsdómi og háttsemi ákærða þar réttilega færð til refsiákvæða. Þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að eftir málavöxtum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 5.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hermann Bæringsson, greiði kr. 5.000.00 sekt

til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. ágúst 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 31. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 360/1967: Ákæruvaldið gegn Hermanni Bæringssyni, sem tekið var til dóms 25. júlí s.l.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 16. desember 1966, höfðað á hendur Hermanni Bæringssyni vélstjóra, Barmahlíð 51 í Reykjavík, fæddum 2. desember 1908 í Keflavík í Rauðasandshreppi, fyrir smygl með því að hafa við komu m/s Brúarfoss, sem ákærði var 1. vélstjóri á, til Íslands frá Bandaríkjum Norður-Ameríku flutt inn 1 kæliskáp af General Electric gerð, án þess að skápurinn væri skráður á tilskin skjöl, en við komu skipsins til Keflavíkur hinn 27. marz 1965 fannst skápurinn við tollleit í skipinu og var þá skráður á pakkalista, en síðan skipað upp úr skipinu og tekinn í vörzlur tollgæzlunnar í Reykjavík, þegar skipið kom þangað.

Telst þetta varða við 1. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956 og 34.—36. gr., sbr. 102. gr. reglugerðar um sama efni nr. 41/1957.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar auk þess sem nefndur skápur verði upptækur gerður samkvæmt 4. mgr. 38. gr. nefndra tolllaga.

Málavextir eru þessir:

Hinn 27. marz 1965 kom m/s Brúarfoss til Keflavíkur frá New York. Við tollskoðun í skipinu fundu tollverðir m. a. kæliskáp af General Electric gerð, model TCF-160. Skápur þessi stóð við geymsluhús aftast í skipinu, og var segl breytt yfir umbúðir

skápsins. Við athugun kom í ljós, að kæliskápurinn var eigi færður á farmskrá né á skrá yfir skipverja og vörur þeim tilheyrandi. Við eftirgrennslan tollvarða gaf sig fram sem eigandi skápsins Hermann Bæringsson, vélstjóri á skipinu, ákærði í máli þessu. Vegna aðstæðna um borð í skipinu, m. a. vegna þilfarsfarms, tóku tollverðir skápinn eigi í sínar vörzlur, fyrr en skipið kom til Reykjavíkur nokkru síðar, en þegar var útbúin af tollvörðum aukafarmskrá, nokkurs konar innanlandsfarmskrá, um skápinn.

Fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að kæliskápinn hafi hann keypt í New York í umræddri för skipsins fyrir hluta af kaupi sínu, er hann fékk útborgað í gjaldeyri. Hann hafi fengið leyfi skipstjóra til að flytja skápinn með skipinu frá Bandaríkjunum. Hann hafi hins vegar gleymt því með öllu að færa skápinn á farmskrá eða skrá yfir skipverja og vörur þeim tilheyrandi. Hann hafi ekki sagt tollvörðum til skápsins við komu skipsins til Keflavíkur. Er tollafgreiðsla skipsins stóð þar yfir, hafi skipstjóri, sem var í fylgd með tollverði, spurt sig um, hvort hann hefði gleymt að færa skápinn á skrá. Þá hafi hann rankað við sér. Honum hafi skilizt á skipstjóra og tollverði, að skápurinn yrði færður þá á svokallaðan pakkalista til að koma honum í skjöl skipsins.

Ákærði kveðst á engan hátt hafa falið skápinn í skipinu. Hann hafi hulið umbúðir skápsins með segli vegna veðurs.

Með innflutningi ákærða á greindum kæliskáp, svo sem rakið hefur verið hér að framan, þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956 og 34. gr. og 36. gr. reglugerðar um sama efni nr. 41/1957.

Kæliskápurinn hefur verið metinn til tollverðs á kr. 15.000.00.

Ákærði hefur hlotið refsingar sem hér segir:

1930 í Reykjavík: Sátt, 5 kr. sekt fyrir lögreglubrot.

1950 12/7 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum öllum hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 15 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Svo sem krafizt er í ákæru og samkvæmt 4. mgr. 38. gr. tollaga, er umgetinn kæliskápur gerður upptækur til handa ríkissjóði.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Nokkur dráttur hefur verið á uppkvaðningu dóms þessa vegna sumarleyfa.

Dómsorð:

Ákærði, Hermann Bæringsson, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Til handa ríkissjóði er gerður upptækur kæliskápur af General Electric gerð, model TCF-160.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 4. október 1968.

Nr. 125/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Lárusi Hallbjörnssyni (Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Tollalagabrot. Upptaka smyglvarnings.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Lárus Hallbjörnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. apríl 1968.

Ár 1968, mánudaginn 29. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 269/1968: Ákæruvaldið gegn Lárusi Hallbjörnssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 30. ágúst f. á., er opinbert mál höfðað á hendur Lárusi Hallbjörnssyni, 1. vélstjóra á m/s Selá, til heimilis að Bergstaðastræti 71 hér í borg, fæddum 26. ágúst 1929 í Reykjavík, fyrir smygl á samtals 240.000 stk. af Camel vindlingum, er skipið kom til Reykjavíkur 9. ágúst 1967 frá Hamborg, en varning þennan, sem ákærði ætlaði til sölu hér á landi, fundu tollverðir við leit í skipinu eftir komu þess til hafnar umrætt sinn í aftari undirlest í kössum, sem merktir voru tilbúnum farmskrármerkjum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956 og 1. gr., sbr. 15. gr. laga um einkasölu ríkisins á tóbaki nr. 58/1931.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar auk þess sem varningur sá, sem í máli þessu greinir, 240.000 stk. Camel vindlingar, verði gerður upptækur samkvæmt 4. mgr. 38. gr. nefndra laga um tollheimtu og tolleftirlit og 15. gr. laga um einkasölu á tóbaki.

Ákærði hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1947 28/4 í Reykjavík: Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1947 3/5 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. skaðabætur fyrir líkamsárás. Fellt niður að öðru leyti.

1948 11/2 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir óspektir.

1948 14/5 í Reykjavík: Dómur aukaréttar: 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaga og 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Skaðabætur kr. 992.76.

1948 30/6 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga. 3.000 kr. skaðabætur í sama máli.
1950 21/9 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1951 30/11 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1959 9/4 í Reykjavík: Dómur: 60.000 kr. sekt fyrir brot á 3. og 18. gr. áfengislaga.
1960 16/3 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1961 14/6 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
1963 16/1 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
1965 6/9 í Reykjavík: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. laga nr. 68/1956.
1966 2/3 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot gegn 38. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málsatvik þessi:

Hinn 10. ágúst f. á. var gerð tollleit í m/s Selá, sem var þá nýkomið til Reykjavíkur frá útlöndum. Við leitina fundust í aftari lest skipsins 3 trékassar, sem merktir voru þannig: „I.S.B./ T.V. 1447/67“ og innihéldu 240.000 Camel vindlinga. Eigandi varningsins reyndist vera ákærði í máli þessu, Lárus Hallbjörnsson, 1. vélstjóri á skipinu.

Ákærði hefur skýrt frá því, að á þessum tíma hafi hann verið að byggja sér einbýlishús hér í borginni. Hafi hann sparað sjómannagjaldeyri sinn í því skyni að verja honum til að kaupa erlendis ýmiss konar efni til byggingarinnar og hafi hann einmitt ætlað sér að nota hann til innkaupa í utanlandsferð þeirri, sem skipið var að koma úr í umrætt skipti. Enn fremur hafi hann haft nokkurn ferðamannagjaldeyri, vegna þess að tveir synir hans voru með skipinu í þessari ferð. Ákærði kveður, að þegar skipið hafi verið í Hamborg, hafi maður, sem hann viti engin deili á, komið um borð og boðið honum til kaups vindlinga. Hafi ákærði freistast til þess að kaupa vindlingana af honum og greitt verð þeirra með fyrrgreindum erlendum gjaldeyri, og var tilgangur hans að hagnast á sölu þeirra hér á landi. Þetta séu vindlingar þeir, sem ákært er út af í málinu, samtals 24 kassar eða samtals 240.000 vindlingar, og hafi kaupverðið verið 6.720 þýzk mörk. Að ósk ákærða hafi maðurinn búið um vindlingana í þremur kössum, og afhenti hann þá við skipshlið. Kveðst ákærði hafa beðið verkamann, sem vann við skipið, að koma

kössunum um borð og niður í umrædda lest skipsins, sem þá var verið að ferma í. Einn stýrimaður skipsins hafi haft eftirlit með fermingunni, en hann hafi átt mjög annríkt vegna veikinda skipstjóra og því hafi verið hægt að láta kassana niður í lestina, án þess að hann yrði þess var eða nokkur annar skipverji.

Ákærði kveðst ekki hafa verið farinn að gera einhverjar ráðstafanir til að koma varningnum í land hér í Reykjavík eða búinn að semja við einhvern aðilja um kaup á honum.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands var gengi á vestur-þýzku marki á tímabilinu frá 20. júlí 1967 til 31. ágúst sama ár sem hér segir:

Frá 20. júlí til 1. ágúst 1967, að báðum dögum meðtöldum, var kaupgengi á 100 vestur-þýzkum mörkum kr. 1.074.54 og sölugengi kr. 1.077.30.

Frá 2. til 31. ágúst 1967, að báðum dögum meðtöldum, var kaupgengi á 100 vestur-þýzkum mörkum kr. 1.072.86 og sölugengi kr. 1.075.62.

Var því gengi á 6.720 vestur-þýzkum mörkum sem hér segir:

Frá 20. júlí til 1. ágúst 1967 kaupgengi .. .. .. kr. 72.209.08
en sölugengi — 72.394.56
Frá 1. ágúst til 31. ágúst 1967 kaupgengi .. .. .. — 72.096.19
en sölugengi — 72.281.68

Samkvæmt upplýsingum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins var útsöluverð á 20 stykkja pakka af Camel vindlingum á fyrrgreindum tíma kr. 29.75.

Var því útsöluverð vindlinga þeirra, sem ákærði flutti til landsins samkvæmt framansögðu — 240.000 stykki eða 12.000 20 stykkja pakkar — samtals kr. 357.000.00.

Ákærði hefur með framangreindum verknaði gerzt sekur um smygl, og varðar það við 38. gr., 1. mgr., laga nr. 68/1965 um tollheimtu og tolleftirlit svo og við 1. gr., sbr. 15. gr., laga nr. 58/1931 um einkasölu ríkisins á tóbaki. Við ákvörðun refsingar ákærða ber að taka tillit til þess, *að* smygl hans er mjög stórfellt og hefði svipt ríkissjóð verulegum tekjum, en skapað honum jafnframt mikinn fjárhagsávinning, ef tekizt hefði, *að* brot hans er þeim mun alvarlegra sem hann var 1. vélstjóri á skipinu og trúnaðarmaður eiganda þess svo og *að* hann hefur einu sinni, árið 1959, fengið sekt fyrir smygl á áfengi í söluskyni. Samkvæmt þessu og með skírskotun til málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, að öðru leyti þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga og enn fremur kr. 70.000.00 í

sekt til ríkissjóðs, er afplánist með fangelsi í 70 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 38. gr., 4. mgr., laga nr. 68/1956 og 15. gr. laga nr. 58/1931 ber að gera fyrrgreindan smyglvarning ákærða, 240.000 vindlinga, upptækan til ríkissjóðs.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í málinu, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Lárus Hallbjörnsson, sæti fangelsi í 30 daga og greiði enn fremur kr. 70.000.00 í sekt til ríkissjóðs, er afplánist með fangelsi í 70 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindur smyglvarningur, 240.000 vindlingar, er upptækur til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í málinu, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 4. október 1968.

Nr. 144/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Jóni Ríkharði Kárasyni
(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærða er gefið að sök að hafa með áhrifum áfengis gert tilraun til að aka bifreiðinni A 1987 aðfaranótt þriðjudagsins 10. okóber 1967, er lögreglumenn komu að honum, þar sem

hann sat undir stýri hennar og vél hennar var í gangi, eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Gangsetning bifreiðarinnar verður að teljast þáttur í akstri hennar.

Varðar brot ákærða við þau lagaákvæði, sem í ákæru greinir, en er brot það var framið, sem mál þetta er af risið, voru í gildi umferðarlög nr. 26/1958. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ríkharður Kárason, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er ævilangt sviptur ökuréttindum.

Ákærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 24. maí 1968.

Ár 1968, föstudaginn 24. maí, var sakadómur Akureyrar settur í skrifstofu embættisins af Boga Nílssyni fulltrúa og haldinn með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Sakadómsmálið nr. 885/1967. Ákæruvaldið gegn Jóni Ríkharði Kárasyni.

Var í málinu uppkveðinn svofelldur dómur:

Mál þetta, sem dómtekið var 22. maí s.l., er höfðað samkvæmt ákæruskjali saksóknara ríkisins, útgefnu 16. janúar 1968, á hendur Jóni Ríkharði Kárasyni sjómanni, Hlíðarhaga, Saurbæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu, „fyrir að hafa aðfaranótt þriðjudags-

ins 10. október 1967 undir áhrifum áfengis reynt að aka bifreiðinni A 1987 frá bifreiðastæði við Geislagötu á Akureyri með því að setjast undir stýri bifreiðarinnar og gangsetja vél hennar, en ákærði var svo hindraður í ætlan sinni af lögreglu, sem bar þar að.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt þriðjudagsins 10. október 1967, kl. 0120, komu lögreglumenn með ákærða á lögregluvarðstofuna á Akureyri. Höfðu þeir handtekið hann, þar sem hann sat undir stýri bifreiðarinnar A 1987 á bifreiðastæði við hús nr. 1 í Túngötu og hafði vél bifreiðarinnar verið gangsett. Ákærði viðurkenndi að hafa neytt áfengis, en neitaði að hafa ætlað að aka bifreiðinni.

Við yfirheyrslu á lögregluvarðstofunni kvaðst ákærði hafa verið nýbúinn að gangsetja vél bifreiðarinnar, þegar lögreglumenn komu að. Kvaðst ákærði hafa ætlað að hita vél bifreiðarinnar til þess að blanda á hana frostvökva, en neitaði að hafa haft í hyggju að aka bifreiðinni. Ákærði kvaðst finna til áhrifa áfengis.

Ákærða var tekið blóð til alkóhólákvörðunar, er reyndist innihalda reducerandi efni svarandi til 1.97‰ alkóhóls.

Tveir lögreglumenn, sem unnu að handtöku ákærða, hafa komið fyrir dóm sem vitni í máli þessu.

Vitnið Páll Rist lögreglumaður kvaðst hafa verið í eftirlitsferð í lögreglubifreið greint sinn ásamt þrem lögreglumönnum. Er þeir óku um Geislagötu, veittu þeir athygli bifreiðinni A 1987, sem stóð á bifreiðastæði norðan við ferðaskrifstofu Jóns Egils. Sáu lögreglumennirnir, að ákærði sat undir stýri hennar, og fóru lögreglumennirnir Matthías Einarsson og Þorteinn Hallfreðsson úr lögreglubifreiðinni til þess að hafa tal af honum. Komu þeir skömmu síðar í lögreglubifreiðina með hann. Vitnið kvað ákærða hafa verið undir greinilegum áfengisáhrifum.

Vitnið sagði, að ljós hefðu verið kveikt á bifreið ákærða, en vissi ekki, hvort vél hennar var í gangi.

Vitnið kvað ákærða ekki hafa sézt aka bifreiðinni.

Vitnið Matthías Einarsson lögreglumaður kvað bifreið ákærða hafa verið með ljósum og vél hennar í gangi, er það kom að

henni. Undir stýri sat ákærði og var undir greinilegum áfengisáhrifum.

Vitnið kvað ákærða hafa neitað að hafa haft í hyggju að aka bifreiðinni. Hafi ákærði í fyrstu sagzt ætla að hita sér, en síðan, að hann væri að athuga með frostlöginn á vél bifreiðarinnar.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða hreyfa bifreiðina.

Fyrir dómi þann 28. desember 1967 skýrði ákærði svo frá, að hann hefði byrjað að neyta áfengis um kl. 2200 kvöldið fyrir handtökuna og þá fengið mann til að aka bifreiðinni fyrir sig um bæinn. Undir eitt um nóttina hafi bifreiðinni verið lagt á stæðið við Túngötu 1. Ákærði kvaðst þá hafa gengið niður á Bifreiðastöð Oddeyrar og keypt einn brúsa af frostlegi til þess að setja á vél bifreiðarinnar. Að því loknu kvaðst ákærði hafa farið inn í Strandgötu 9, þar sem móðir hans býr og ákærði hélt til um þær mundir. Eftir að hafa stanzað nokkra stund hjá móður sinni, kvaðst ákærði hafa haldið að bifreið sinni með frostlöginn og ætlað að setja hann á vél hennar. Ákærði kvað nauðsynlegt að hafa vél bifreiðarinnar í gangi, þegar frostlögur er settur á, til þess að vökvinn samlagist vatninu, sem fyrir er á vélinni. Því hefði hann farið inn í bifreiðina og sett vél hennar í gang. Skömmu síðar kom lögreglan að og handtók hann. Ákærði kvaðst þá ekki hafa verið byrjaður að setja frostlöginn á vél bifreiðarinnar.

Ákærði neitaði eindregið að hafa ætlað að aka bifreiðinni umrætt sinn.

Fyrir dómi þann 16. maí s.l. hélt ákærði fast við fyrri framburð sinn. Kvaðst hann hafa gangsett bifreið sína bæði til þess að hita hana og til þess að fá ljós frá henni við verkið. Bifreiðin hafi verið straumlítil og því nauðsyn á að gangsetja vél hennar. Með því að kveikja ljós bifreiðarinnar hafi hann fengið endurskin af húsi því, sem stóð beint fyrir framan bifreiðina.

Í máli þessu er í ljós leitt, að ákærði sat undir stýri bifreiðar sinnar, hafði gangsett vél hennar og tendrað ljós, þegar lögreglumenn bar að. Ákærði var þá undir áhrifum áfengis. Ekki sást ákærði hreyfa bifreið sína.

Gangsetning bifreiðar er undanfari aksturs, og venjulega er bifreið gangsett í akstursaugnamiði. Þessi háttsemi ákærða skapar því líkur fyrir aksturstilgangi. Með því að ákærði hafði jafnframt tendrað ljós bifreiðarinnar, þegar lögreglumennina bar að, styrkjast þær líkur.

Ákærði hefur hins vegar eindregið neitað því að hafa haft í

hyggju að aka bifreið sinni umrætt sinn, heldur hafi hann gangsett bifreiðina til þess að hita vél hennar og hella frostvökva á kælikerfi hennar. Ljós bifreiðarinnar hafi hann kveikt til þess að sjá til við verkið.

Hita verður vél bifreiðar fyrir eða eftir að frostlögur hefur verið settur á kælikerfi hennar, ef hann á að hafa tilætlaðan árangur þá þegar. Hringrás verður að myndast í kælikerfinu, og gerist það fyrst, eftir að vélin hefur verið hituð að ákveðnu marki. Bifreiðaeigendum hefur verið bent á þessa staðreynd bæði í blöðum og Útvarpi og verður því að teljast almenningi kunnug.

Umrætt sinn var miðnótt á miðjum vetri og því aldimmt úti.

Með skírskotun til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir eigi nægilega sannað, að ákærði hafi umrætt sinn gerzt sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali.

Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ríkharður Kárason, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 7. október 1968.

Nr. 198/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
David Atkinson
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Jakob R. Möller, fulltrúi bæjarfógetans á Seyðisfirði, og samdómsmennirnir Þorgeir Jónsson skipstjóri og Baldur

Sveinbjörnsson stýrimaður hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Lögð hefur verið fyrir Hæstarétt skýrsla Jóns Jónssonar, skipherra á varðskipinu Óðni, dags. 9. nóvember 1967, svohljóðandi:

„Þriðjudaginn hinn 7. nóvember 1967 lá varðskipið við akkeri á Loðmundarfirði.

Kl. 0725 var létt akkeri og haldið áleiðis á svæði út af Glettinganesi, þar sem togarinn LORD TEDDER, H 154, var mældur innan fiskveiðitakmarkanna að meintum ólöglegum togveiðum þriðjudaginn hinn 24. október 1967. (Vísast til skýrslu frá skipherra til bæjarfógeta á Seyðisfirði, dags. 24. október 1967).

Var ákveðið að reyna að slæða upp vörpu, sem álitið var, að togaramenn hefðu höggvið frá togaranum á þessum slóðum hinn 24. október 1967.

Kl. 0905 var byrjað að slæða. Slakað var út 175 föðmum af vír. Slætt var í r/v norður og suður í um eina sjómílu í hvora átt.

Kl. 1306 virtist eitthvað komið á krökuna. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Glettinganes, fjarl. 12.2 sml.

Álftanes, fjarl. 14.8 sml. (J.J./F.O.).

Var strax byrjað að hífa inn. Var hift mjög hægt, því mikill þungi var á vírnum. Kl. 1346 sést, að togvír er á krökunni. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Glettinganes, fjarl. 12.1 sml.

Álfanes, fjarl. 14.5 sml. (J.J./H.H.). Dýpi 120 mtr.

Gefur það stað um 0.1 sml. innan við fiskveiðatakmörkin.

Var nú trollvírinn tekinn af krökunni og hífður inn.

Kom þá í ljós trollhleri, sem reyndist vera afturhleri. Var hann festur vel á skut varðskipsins.

Þar sem mikil hreyfing var og vindur heldur vaxandi, var ekki reynt að ná meiru inn af trollinu.

Kl. 1533 var lagt af stað til Seyðisfjarðar með vörpuna í

drætti. Farið var mjög hæga ferð. Kl. 2315 lagzt við akkeri á Selstaðavík í Seyðisfirði. Var þar hift inn grandarinn að rossinu og hluti af afturvæng.

Miðvikudag hinn 8. nóvember 1967, kl. 0716, létt akkeri og haldið inn til Seyðisfjarðar með vörpuna í drætti. Vörpunetið kom upp úr sjó undir drættinum.

Kl. 0845 var bundið við bryggju á Seyðisfirði og beðið eftir krana til að hífa vörpuna upp á bryggju. Kl. 1230 var byrjað að hífa upp vörpuna. Gekk það mjög greiðlega. Í trollpokanum voru um 3—4 körfur af fiski, sem var byrjaður að skemmast. Þó voru 7 lifandi fiskar í pokanum. Var varpan síðan hífð um borð í varðskipið. Því lokið kl. 1450.

Mælingar voru gerðar með SPERRY-ratsjá og gýróáttavita. Lausi fjarlægðarhringurinn á radarnum var borinn saman við föstu fjarlægðarhringina og reyndist réttur.

Skammstafanir í skýrslu þýða: J.J. = Jón Jónsson skipherra. F.O. = Friðgeir Olgeirsson II. stýrim. H.H. = Hálfdán Henrýsson III. stýrim.

Veður NNV 4—6, sjór 4—5, él.

Úrklippa úr sjókorti nr. 70, þar sem staðir eru markaðir, fylgir hér með".

Hinn 17. nóvember 1967 komu yfirmenn varðskipsins fyrir sakadóm Reykjavíkur.

Jón Jónsson skipherra staðfesti skýrslu sína ásamt sjókorti, sem hann lagði fram og þingmerkt var nr. IV. Kvaðst hann sjálfur hafa framkvæmt staðarákvarðanir þær, sem í skýrslunni greinir, og lýsti því, að auðvelt hefði verið að framkvæma ratsjármælingarnar, enda hefðu kennileiti komið vel í ljós. Kvað hann I. stýrimann hafa markað staðarákvarðanirnar á sjókort undir umsjón sinni. Hann áætlaði hraða varðskipsins við slæðinguna um 1 sm á klukkustund. Í þinghaldi 18. nóvember 1967 kvaðst hann telja, að höggvið hefði verið á víra togarans kl. 1922 hinn 24. október 1967, er hann „beygir lítið eitt til hægri og eykur síðan hraðann".

Sigurjón Hannesson I. stýrimaður staðfesti, að hann hefði markað á sjókort nr. IV þar greindar mælingar.

Friðgeir Olgeirsson 2. stýrimaður staðfesti, að hann hefði

gert staðarákvörðun undir umsjá skipherra með ratsjá, tveimur fjarlægðarmælingum, er þungi kom „í krökuna, er síðar reyndist vera botnvarpa".

Hálfdán Henrýsson 3. stýrimaður staðfesti, að hann hefði ásamt skipherra tekið þátt í staðarákvörðuninni kl. 1345, er togvír kom í ljós á krökunni.

Botnvörpu þá, sem um er að tefla, flutti varðskipið Óðinn til Reykjavíkur, þar sem hún hefur verið í öruggri geymslu undir umsjá lögreglu ásamt endum, sem höggvnir voru undir umsjá héraðsdómara af togvírum á togvindu b/v LORD TEDDERS, H 154, og dómarinn sendi saksóknara.

Hinn 17. nóvember 1967 voru að tilhlutan saksóknara ríkisins dómkvaddir í sakadómi Reykjavíkur skipstjórarnir Steindór Árnason og Nikulás Jónsson, báðir búsettir í Reykjavík, til að framkvæma rannsókn á botnvörpu þeirri, sem varðskipið Óðinn slæddi upp hinn 7. nóvember 1967 og að framan greinir, „skoða framangreind veiðarfæri, lýsa þeim og mæla togvíra bæði í heild og að fyrstu merkjum og láta upp álit sitt á því, hvort þau séu líklega til að vera frá togaranum LORD TEDDER, H 154, þ. á m. hvort þau kunni að bera þess merki að vera höggvin frá skipi með hliðsjón af togvíraendum og þá einkum samanburði þeirra við víraenda þá, sem teknir voru af tromlum um borð í togaranum á Seyðisfirði og fram voru lagðir við rannsókn málsins þar".

Hinir dómkvöddu menn skiluðu skoðunargerð hinn 28. nóvember 1967, svohljóðandi:

„Við undirritaðir, sem dómkvaddir vorum af sakadómi Reykjavíkur hinn 17. nóvember s.l., til þess að athuga botnvörpu og togvíra, sem v/s ÓÐINN slæddi upp út af Austfjörðum 7. nóvember s.l., og gera samanburð á þeim togvírsendum og bútum þeim tveim, sem höggvnir voru af togvírum á togvindu b/v LORD TEDDERS, H 154, og sendir voru af sakadómi Seyðisfjarðar hingað til Reykjavíkur, höfum nú lokið þessari skoðun, og fer hún hér á eftir sundurliðuð.

Togvírar:

Togvírarnir eru 3″ stálvír, 6 þátta. Hver þáttur er 19 þræðir, 9 grannir og 10 yfirspunnir gildari þræðir. Enginn mergur er í þáttum, en sver tógmergur í miðjum togvír. Sama gildir um þá togvírsbúta, sem sendir voru frá Seyðisfirði og teknir voru af tromlum b/v LORD TEDDERS, þeir eru að öllu leyti af sömu gerð. Togvírarnir eru ekki mikið teygðir og standast því víðast mál.

LENGD OG MERKING.

Styttri togvír:

Frá augasplæsi og að fyrstu merkingu, sem er tvö merki, eru 24 faðmar. Þaðan að sliti 7 faðmar og 5 fet. Heildarlengd þessa vírs er því 31 faðmur og 5 fet. Búturinn, sem sendur var að austan, 5 feta langur, ekki meðtalinn, en hann getur aðeins sárast við þennan vír.

Lengri togvír:

Frá augasplæsi að fyrstu merkingu, sem er tvö merki, eru 24 faðmar. Þaðan að næstu merkingu, sem er þrjú merki, eru 25 faðmar í miðmerkið. Síðan koma 25 faðmar að næsta merki, sem er eitt, og enn 25 faðmar að síðasta merki, sem einnig er eitt. Frá því að sliti eru sjö faðmar og fimm fet. Öll lengd er því 106 faðmar og 5 fet. Búturinn að austan, þriggja feta langur, ekki meðtalinn, en hann getur aðeins sárast við lengri vírinn.

Merkin eru úr gerviefni, stungin í gegnum miðjan vír og vafin um þrjá þætti.

Togvírunum var báðum lásað í grandrópakeðjurnar.

Lýsing á togvírsendum:

Við nákvæma athugun og samanburð á togvírsendum þeim, sem v/s ÓÐINN slæddi upp út af Austfjörðum, og togvírsendum, sem höggvnir voru af togvindu b/v LORD TEDDERS, H 154, og sendir voru af sakadómi Seyðisfjarðar hingað til Reykjavíkur, kom meðal annars þetta í ljós:

Á öllum fjórum togvírsendum, sem að slitinu liggja, sjást greinileg meitilför, en þó fleiri og skýrari á þeim tveim end-

um, sem þverkubbaðir eru. En við að bera saman sárin á hinum tveim togvírsendum, sem ekki eru þverkubbaðir, kom í ljós, að þrettán tommur vantar á einn þáttinn á þann togvír, sem upp var slæddur. Aftur á móti er einn þáttur í þeim togvírsbút, sem höggvinn var af togvindu b/v LORD TEDDERS, 13 tommum lengri en hinir þættirnir. Svo virðist sem örlítill samdráttur hafi orðið á þessum vírendum, þó ekki meiri en það að þeir geta sárast saman.

Með hliðsjón af merkingu lengri togvírsins vantar á þann styttri 17 faðma og eitt fet að miðmerki, en þrjú áttu þau að vera á þessum stað á tromlu togarans.

Grandrópar og Dauðuleggir:

Tveir grandrópar, 38 faðma langir úr 3″ stálvír, splæstir í nálina og henni lásað í dauða-legginn: Þeir eru tveir, 14 feta langir 2¾″ stálvír.

Hlerar:

Hleraparið er af venjulegri Loncaster-gerð, plankahlerar 5×10 feta með slitskóm, sem festir eru með 5 boltum í gegnum grindina, en baulum til endanna. En neðan á þeim, nálægt endum, eru þykkir slitklossar, 3½″×20″. Á hverjum klossa eru fjögur eyru, 10″ löng, og ná þau upp á hlerann beggja megin, og fest með tveim gegnumgangandi skrúfboltum á hvorum enda.

Hlerarnir eru merktir milli brakketa á öðrum planka ofanfrá þannig: Annar með tölustöfunum 7_26 en hinn 7_16, annars engin sérkenni.

Bakstroffan var í einu lagi, stungin í gegnum sjálfa sig niður við augað, sem sylgjunni er lásað í.

Botnvarpan:

Stærð hennar og gerð:

Höfuðlínan er 105 feta löng úr 2″ járnvír, fimm lengjur lásað saman með belglínulás. Skverinn er 26 feta djúpur, 60 möskva. Við höfuðlínu og toppvængi 280 möskvar, þar af 80 möskvar milli kvarta. Að neðan við belg 200 möskvar.

Belgurinn, niður að poka, er 64 fet á lengd. Pokinn er 22 fet á lengd, pokagjörðin stálvír 2½", vírsterturinn 2¼", tógstertur 2¾".

Belglínur frá kvörtum að fyrsta benzli 12 feta langar úr 1½" stálvír. Þaðan niður úr tógmanilla 3½" að gildleika. Á miðju og vængstykkjum eru þrjár tuttugu feta fiskilínur úr 3" vírmanillu. Á lausa-vængendum eru fiskilínurnar einnig úr 3" vírmanillu, 55 feta langar í tvennu lagi.

Höfuðlínu og fiskilínu-leggir eru 14 feta langir, stálvír 1¾". Þeim er báðum lásað í efri enda klafans.

Netið í vörpunni er allt úr gerviefni, grænt að lit, fellt a blátt gervitóg 1½", sem er benzlað á höfuðlínu og fiskilínur.

Varpan er ekki illa farin.

Flot:

Flotin eru öll úr alúmín. Á öðrum væng eru tvær tuttugu feta tóglengjur með 10 flotum á hvorri. Á miðju er tuttugu feta tóglengja með sex tvöföldum flotum. Á hinum vængnum er ein baujuvírslengja með 17 flotum.

Fótreipi:

Fótreipi á miðju og fastavængjum eru 20 feta löng úr 3¼" stálvír. Við hvern vængenda er átta feta löng keðja, 1¼", með sveiflu af tilsvarandi gildleika. Frá keðjuenda að klafa er bert fótreipi úr stálvír, 46 feta langt, 2¾" að gildleika. Það er dregið í gegnum sylgju, sem lásuð er í neðri klafaenda og splæst í flatan hlekk. Á hvoru lausafótreipi er eitt stykki járnbobbingur 14".

Bobbingar:

Á hvorum væng eru 4 stk. 18" járnbobbingar, 2 stk. 21" járnbobbingar, tvær gúmmísamlokur 16" og 11 millibobbingar með keðju.

Á miðju eru 5 stk. járnbobbingar 21", 2 stk. þrefaldir gúmmíbobbingar 20", 2 stk. tvöfaldir gúmmíbobbingar 20" með 20" trébobbing á milli og 10 millibobbingar með keðju.

Rosspatent:

2 stk. rosspatent af venjulegri enskri gerð, sem hvort um

sig samanstendur af bobbing 22″ staut og klafa, allt úr járni.

Skoðunargerð þessa höfum við framkvæmt eins og fyrir okkur var lagt, eftir beztu vitund, og staðfestum við hana með okkar undirskrift".

Matsmennirnir komu fyrir sakadóm Reykjavíkur og staðfestu skoðunargerðina.

Matsmaðurinn Nikulás Jónsson kveður vírendana, er matsmennirnir fengu til rannsóknar, „sárast bærilega saman við enda togvíranna, er fylgdu botnvörpu þeirri, er varðskipið Óðinn kom með".

Hann taldi „togvíra þá, er fylgdu botnvörpunni, bera þess merki báða að hafa verið höggnir eða meitlaðir". Hann kvað „meitilför sérstaklega áberandi á öðrum vírnum". Þá lýsti matsmaðurinn því áliti sínu, að útbúnaður vörpunnar bæri það með sér, að hún sé frá brezkum togara, en eigi vildi hann fullyrða, „að varpan sé runnin frá togaranum LORD TEDDER, H 154".

Matsmaðurinn Steindór Árnason kveður togvírsenda þá, er héraðsdómur afhenti matsmönnum, „hafa sárast saman við enda togvíra þeirra, er fylgdu botnvörpunni", er hann athugaði. Hann kvaðst „ekki geta borið um það, hvort botnvarpa sú, er" hann „athugaði, verði rakin til togarans LORD TEDDERS, H 154, frekar en fram kemur í skoðunargjörð" hans.

Hinn 28. september 1968 dómkvaddi sakadómur Reykjavíkur samkvæmt beiðni saksóknara ríkisins þá Bjarna Kristjánsson vélaverkfræðing, skólastjóra Tækniskóla Íslands, Guðmund Björnsson vélaverkfræðing og Þórð Runólfsson öryggismálastjóra „til að framkvæma skoðun á endum togvíra á togvindu b/v LORD TEDDERS, H 154, og endum togvíra, áföstum botnvörpu þeirri, er varðskipið Óðinn slæddi upp hinn 7. nóvember 1967, eins og í málinu greinir, og ... segja álit sitt á því:

1. Hvort vírendar þeir, sem um er að tefla, hafi verið höggnir eða meitlaðir frá lengri togvírum.
2. Hvort togvírar umræddrar botnvörpu séu hluti af tog-

vírum á vindu nefnds togara og þá með hverjum hætti vírarnir hafi farið í sundur".

Hinir dómkvöddu menn skiluðu skoðunar- og álitsgerð 2. október 1968, svohljóðandi:

„Við undirritaðir vorum dómkvaddir af sakadómi Reykjavíkur laugardaginn hinn 28. september 1968 til þess að framkvæma skoðun á endum togvíra af togvindu b/v LORD TEDDERS, H 154, og endum togvíra, áföstum botnvörpu þeirri, er varðskipið Óðinn slæddi upp hinn 7. nóv. 1967.

Skoðun hinna fjögurra vírenda, sem um er að ræða, fór fram laugardaginn hinn 28. sept. 1968 í húsakynnum Tækniskóla Íslands. Leiddi þessi skoðun í ljós eftirfarandi:

Vírendar þeir, sem um er að ræða, virðast allir vera eins að gerð og gildleika. Í þeim eru 6 þættir, í hverjum þætti eru 10 gildari og 9 grennri þræðir með hampkjarna.

Vír, merktur aftari togvír, af togvindu togara og annar vírendinn frá botnvörpu eru með ótvíræðum förum eftir eggjárn (höggvið). Fullkominn samanburður á lengdum einstakra þráða í þessum vírendum leiðir þó ekki til þess, að fullyrt verði, að þeir eigi saman. Eftir athugun höggfara verður að ætla, að þegar vírarnir hafi verið höggnir, hafi stuttir bútar einstakra þráða höggvizt af og týnzt. Af þessari ástæðu má ekki vænta þess, að hægt sé að máta saman lengdir einstakra þráða, svo að alls staðar passi.

Vír, merktur fremri togvír, af togvindu togara og hinn vírendinn frá botnvörpu, eru með ótvíræðum förum eftir eggjárn (höggvið), en þó miklu færri en hinir vírendarnir. Lengdir fimm þátta beggja vírendanna eru svipaðar, en sjötti þátturinn er um 30 cm. lengri en hinir á vírenda af togvindu, og sjötti þátturinn í vírenda frá botnvörpu er tilsvarandi styttri en hinir. Í einum af framangreindum fimm þáttum eru þrír gildari þráðanna með afbrigðilegri lengd (lengri í öðrum vírnum og tilsvarandi styttri í hinum). Tveir af þessum þremur þráðum eru af svipaðri lengd, og eru endar þeirra með sérkennilegum brotsárum. Við nákvæma mátun þessara enda kemur í ljós, að brotfletir falla nákvæmlega saman.

Af framansögðu ályktum við:

1. Að allir fjórir vírarnir hafi verið höggnir, en þó hafi einnig einstakir þræðir slitnað.
2. Að togvírar umræddrar botnvörpu séu hluti togvíra af togvindu nefnds togara".

Matsmennirnir staðfestu samdægurs álitsgerð sína fyrir dómi. Kváðu „þeir útilokað, að vírarnir hafi slitnað í togblökkinni, þ. e. a. s. þeir þræðir, sem báru þess merki, að þeir hefðu verið höggnir með eggjárni".

Loks hefur verið lögð fyrir Hæstarétt skýrsla skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, Jónasar Sigurðssonar, svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 70 staðarákvarðanir varðskipsins Óðins, eins og um getur í hæstaréttarmálinu: Ákæruvaldið gegn David Atkinsson, skipstjóra á brezka togaranum LORD TEDDER, H 154.

Á kortinu eru staðir varðskipsins auðkenndir með svörtum lit, en staðir togara ákærða með rauðum lit.

Í kortinu eru:

A = staður varðskipsins kl. 1848,5 hinn 24/10 1967. Þá mælist togarinn á stað **a** um 1.8—1.9 sml. innan fiskveiðimarkanna.

B = staður varðskipsins kl. 1855. Þá mælist togarinn á stað **b** um 1.6—1.7 sml. innan fiskveiðimarkanna.

C = staður varðskipsins kl. 1901. Þá mælist togarinn á stað **c** um 1.5 sml. innan fiskveiðimarkanna.

D = staður varðskipsins kl. 1913. Þá mælist togarinn á stað **d** um 0.5 sml. innan fiskveiðimarkanna.

E = staður varðskipsins kl. 1919. Þá mælist togarinn á stað **e** um 0.2 sml. innan fiskveiðimarkanna.

F = staður varðskipsins kl. 1925. Þá mælist togarinn á stað **f** um 0.1 sml. innan fiskveiðimarkanna.

G = staður varðskipsins kl. 1930. Þá mælist togarinn á stað **g** um 0.4 sml. utan fiskveiðimarkanna.

H = staður varðskipsins við togarann kl. 1941 um 1.2 sml. utan fiskveiðimarkanna.

Sé miðað við beina og jafna siglingu togarans milli mælistaða, reiknast mér meðalhraði hans milli þeirra þannig:

a—b um 3.7 sml., b—c um 2.7 sml., c—d um 4.9 sml., d—e um 3.2 sml., e—f um 2.1 sml., f—g um 10.3 sml. og g—h um 10.4 sml.

Við þessa hraðaútreikninga er það að athuga, að þeir eru, að tveim undanskildum, reiknaðir út frá stuttu tímabili (5—6.5 mín.) og tíminn aðeins tiltekinn með 1 mín. nákvæmni, nema við fyrstu mælingu með ½ mín. nákvæmni. Þá þyrfti og að vera hægt að mæla vegalengdina nákvæmar en hægt er í sjókorti nr. 70. Má því gera ráð fyrir talsverðri ónákvæmni í hraðaútreikningunum.

Í sjókortið hef ég sett út stað 22 sml. í SA frá Langanesi, sem skipstjóri togarans kveðst hafa verið á kl. 1100 hinn 24/10. Geri ég fremur ráð fyrir, að hér sé átt við segulátt en réttvísandi átt, þó það sé ekki tekið fram. Þessi staður er merktur **X** og auðkenndur með rauðum lit. **X** mælist um 2.6 sml. utan fiskveiðimarkanna.

Í sama sjókort hef ég sett út staðarákvarðanir v/s Óðins hinn 7/11 1967 (auðk. með grænum lit), eins og um getur í skýrslu skipherrans, dags. 9/11 s. m.

U = staður varðskipsins kl. 1306 um 0.1 sml. utan fiskveiðimarkanna.

V = staður varðskipsins kl. 1346, þegar í ljós kom, að togvír var á slæðingarkröku varðskipsins. Staður **V** mælist um 0.1 sml. innan fiskveiðimarkanna.

Þá hef ég sett út í annað sjókort nr. 70a staðarákvarðanir varðskipsins, ef reiknað er með þeirri ónákvæmni í ratsjárfjarlægðum, miðað við færanlega fjarlægðarhringinn, sem framleiðendur Sperry-ratsjár varðskipsins viðurkenna, þ. e. 2% togaranum í hag. Miðunarónákvæmni innan þeirra marka, sem framleiðendur ratsjárinnar viðurkenna, mundi ekki hafa nein mælanleg áhrif á fjarlægð togarans frá fiskveiðimörkunum, og er því aðeins reiknað með fjarlægðarskekkjum í útsetningu. Staðir varðskipsins eru, eins og áður, auðkenndir með svörtum lit, en staðir togarans með

rauðum lit. Samkvæmt þeim útsetningum mælast staðir togarans, miðað við fiskveiðimörkin, sem hér segir:

a_1 = staður togarans kl. 1848,5 um 1.4 sml. innan fiskveiðimarkanna.
b_1 = staður togarans kl. 1855 um 1.3 sml. innan fiskveiðimarkanna.
c_1 = staður togarans kl. 1901 um 1.2 sml. innan fiskveiðimarkanna.
d_1 = staður togarans kl. 1913 um 0.2 sml. innan fiskveiðimarkanna.
e_1 = staður togarans kl. 1919 um 0.1 sml. utan fiskveiðimarkanna.
f_1 = staður togarans kl. 1925 um 0.1 sml. utan fiskveiðimarkanna.
g_1 = staður togarans kl. 1930 um 0.6 sml. utan fiskveiðimarkanna.
h_1 = staður togarans kl. 1941 um 1.4 sml. utan fiskveiðimarkanna.

Staðarákvarðanir varðskipsins hinn 7/11 eru settar út með sömu fjarlægðarskekkjum og auðkenndar, eins og áður, með grænum lit.

U_1 = staður varðskipsins kl. 1306 um 0.3 sml. utan fiskveiðimarkanna.
V_1 = staður varðskipsins kl. 1346 um 0.1—0.2 sml. utan fiskveiðimarkanna".

Siglingarlag og siglingarhraði togarans LORD TEDDERS, H 154, út fiskveiðilandhelgina hinn 27. október 1967, hin skyndilega hraðaaukning togarans, um það bil er hann sigldi út yfir fiskveiðimörkin, viðbrögð ákærða við stöðvunarmerkjum varðskipsins Óðins, höggför og önnur ummerki á vírspottum, sem héraðsdómur lét höggva af vírendum b/v LORD TEDDERS, H 154, og höggför og önnur ummerki á togvírum botnvörpu þeirrar, sem varðskipið slæddi upp á vettvangi hinn 7. nóvember s. á., veita næga sönnun fyrir því, að ákærði hafi drýgt togveiðibrot það, sem hann er sóttur til saka fyrir í aðalákæru saksóknara, og varðar það

við lagaboð þau, sem þar greinir, sbr. lög nr. 4 frá 1924.

Togari ákærða, LORD TEDDER, H 154, er að stærð 722.36 rúmlestir óskirðar. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngilda 100 gullkrónur 2.586.32 pappírskrónum. Samkvæmt þessu og tilvitnuðum lagaboðum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 500.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir b/v LORD TEDDERS, H 154, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 70.000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 70.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, David Atkinson, greiði kr. 500.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans LORD TEDDERS, H 154, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 70.000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 70.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 30. október 1967.

Mál þetta er með ákæruskjali, dags. í gær, höfðað gegn David Atkinson, skipstjóra á brezka togaranum Lord Tedder, H 154, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr.

1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara út af Glettinganesi þriðjudagskvöldið 24. október 1967 innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961.

Til vara er málið höfðað gegn nefndum skipstjóra fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra togarans síðdegis sama dag á svipuðum slóðum innan fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt 2. gr. nefndra laga nr. 62/1967 og 4. gr. nefndrar reglugerðar nr. 3/1961.

Ákærðist því nefndur David Atkinson til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., sbr. 7. gr. laga um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 og upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara, en að því er varakröfu varðar, til refsingar samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/1967 og 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 og til greiðslu alls sakarkostnaðar bæði í aðalkröfu og varakröfu.

Ákærði er fæddur 20. janúar 1940 í Hull á Englandi. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu hér á landi, svo að kunnugt sé.

Verjandi ákærða hefur krafizt þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu og honum tildæmd málsvarnarlaun að mati dómsins.

Málsatvik.

Samkvæmt kæru Jóns Jónssonar, skipherra á varðskipinu Óðni, sáu varðskipsmenn togara grunsamlega nærri landi norður af Glettinganesi, er varðskipið var þar við gæzlu þriðjudaginn 24. október s.l. Lýsir skipherrann atvikum svo:

„Kl. 1848,5 sást skip í ratsjá, grunsamlega nærri landi, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip í r/v 123°, fjarl. 10,2 sml. FO-JJ.

Kögur, fjarl. 8,2 sml. Glettingur, fjarl. 5,0 sml., sem gefur stað togarans um 1,9 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 1855 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip í s/v 117°, fjarl. 8,8 sml. JJ-SH-FO.

Skálanes, fjarl. 8,45 sml.

Glettingur, fjarl. 4,3 sml., sem gefur stað togarans um 1,7 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 1900 sjást ljósin á skipinu. JJ-SH-FO.

Kl. 1901 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip í r/v 112°, fjarl. 7,2 sml. JJ-SH-FO.

Skálanes, fjarl. 10,0 sml. Glettingur, fjarl. 4,6 sml., sem gefur stað skipsins um 1,6 sml. innan fiskveiðitakmarkanna. Samtímis gefið stöðvunarmerkið „K" með ljósmorsi. FO.

Kl. 1913 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip í r/v 108°, fjarl. 4,55 sml. JJ-SH-FO.

Glettingur, fjarl. 7,3 sml. Álftanes, fjarl. 11,8 sml., sem gefur stað skipsins um 0,5 sml. innan fiskveiðitakmarkanna. Samtímis gefið stöðvunarmerkið „K" með ljósmorsi. FO.

Kl. 1919 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip í r/v 108°, fjarl. 3,4 sml. JJ-SH-FO.

Glettingur, fjarl. 8,65 sml.

Álftaver, fjarl. 12,45 sml., sem gefur stað skipsins um 0,3 sml. innan fiskveiðitakmarkanna. Samtímis gefið stöðvunarmerkið „K" með ljósmorsi. FO.

Kl. 1922 sést skipið snúa til hægri. Samtímis stöðvunarmerkið „K" með ljósmorsi. FO.

Kl. 1925 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip í r/v 108°, fjarl. 1,65 sml. JJ-SH-FO.

Glettingur, fjarl. 10,35 sml. Álftanes, fjarl. 13,5 sml., sem gefur stað skipsins um 0,1 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 1928 var fjarlægð í skipið 1,0 sml. Gefið stöðvunarmerkið „K" með flautu. JJ.

Kl. 1929 sést með berum augum, að skipið setur á mikla ferð og slekkur öll vinnuljós. JJ-SH-FO-HH. Samtímis skotið lausu skoti að skipinu. SH.

Kl. 1930 skipið í r/v 121°, fjarl. 0,8 sml. FO-HH.

Glettingur, fjarl. 11,8 sml. Álftanes, fjarl. 14,5 sml., sem gefur stað skipsins um 0,4 sml. fyrir utan fiskveiðitakmörkin.

Kl. 1931 skotið lausu skoti að skipinu. SH.

Kl. 1934 skotið lausu skoti að skipinu. SH. Samtímis gefið stöðvunarmerki „K". JJ. Fjarlægð í skipið var þá 0,5 sml.

Kl. 1938 skotið lausu skoti að skipinu. Í sama mund sást nafn og einkennisstafir skipsins, Lord Tedder, H 154.

Var þá togarinn kallaður upp á VHF-talstöð og honum skipað að stöðva.

Kl. 1939 skotið lausu skoti að togaranum og skömmu síðar skotið öðru lausu skoti að honum.

Kl. 1941 stöðvaði togarinn, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið hans:

Glettinganes, fjarl. 13,8 sml. Álftanes, fjarl. 15,25 sml., dýpi 110 metrar, sem gefur stað togarans um 1,1 sml. utan fiskveiðitakmarkanna. FO-HH.

Kl. 1952 fóru 1. og 2. stýrimaður ásamt 2 hásetum um borð í togarann. Athugun leiddi í ljós, að togarinn var vörpulaus. Við athugun á vírum sást, að þeir voru báðir höggvnir. Einnig sáust ný meitilför í fótrúllum beggja gálganna. Gálga- og pollarúllur voru fægðar. Togblökkin var fægð, en brotin. Slor og ruslfiskur var á þilfari stjórnborðsmegin og íshrúga bakborðsmegin. Togklukka í brúnni var stillt á 1637, og dýptarmælir sýndi 60 faðma dýpi.

Klukkur varðskipsins og togarans voru bornar saman, og voru eins báðar.

2. stýrimaður varðskipsins hafði tal af 1. vélstjóra togarans, og kvað hann þá hafa kastað síðast kl. 2300 þann 23/10.

Síðan var stýrimaður togarans spurður, hvenær þeir hefðu síðast kastað, og kvað hann hafa verið byrjað að sigla um miðnætti, en hefði þá verið í koju.

Var síðan skipstjóri togarans fluttur yfir í varðskipið til viðræðna.

Skipstjóra togarans voru sýndir staðir í sjókorti, sem teknir höfðu verið af honum innan fiskveiðitakmarkanna á togferð. Viðurkenndi hann að hafa verið innan fiskveiðitakmarkanna á þessum slóðum, en sagðist ekki hafa verið að veiðum. Kvaðst hann hafa misst vörpuna við Langanes kl. 1100 og haldið þá af stað þaðan að Glettinganesi.

Aðspurður, hvers vegna hann hefði ekki sinnt stöðvunarmerkjum varðskipsins, kvaðst hann hafa haldið, að varðskipið væri reknetaskip.

Að þessu loknu var skipstjóranum tilkynnt að halda með varðskipinu til Seyðisfjarðar, þar sem mál hans yrði tekið fyrir til frekari rannsóknar.

Var hann síðan fluttur um borð í skip sitt og haldið af stað til Seyðisfjarðar.

2. stýrimaður varðskipsins og 2 hásetar voru á verði í togaranum til hafnar.

Kl. 2316 var lagzt að bryggju á Seyðisfirði.

Allar mælingar voru gerðar með Sperry-ratsjá og gyróáttavita.

Lausi fjarlægðarhringur Sperry-ratsjár var borinn saman við föstu fjarlægðarhringina, meðan á aðförinni stóð, og reyndist réttur.

Útsetningar í sjókorti önnuðust allir stýrimenn varðskipsins undir umsjá skipherra.

Skammstafanir í skýrslunni þýða:

JJ—Jón Jónsson, skipherra

SH—Sigurjón Hannesson, 1. stýrimaður

FO—Friðgeir Olgeirsson, 2. stýrimaður

HH—Hálfdán Henrýsson, 3. stýrimaður.

Veður: NA-kaldi, dálítill sjór, skýjað".

Foringjar varðskipsins komu allir fyrir sakadóm og staðfestu, að ofangreind skýrsla skipherra væri rétt í öllum greinum. Enn fremur staðfestu þeir, að útsetningar í sjókorti á dskj. 2 væru réttar og væru samkvæmt mælingum þeirra.

Við yfirheyrslur staðfestu 1. stýrimaður, Sigurjón Hannesson, og 2. stýrimaður, Friðgeir Olgeirsson, sem fóru um borð í Lord Tedder, að þeir teldu útilokað, að togvírar Lords Tedders hefðu slitnað. 1. stýrimaður upplýsti, að samkvæmt mælingum varðskipsmanna hefði hraði togarans verið eftirfarandi á milli mælinga: Á milli 1. og 2. mælingar 3.24 sml, á milli 2. og 3. mælingar 3.5 sml, á milli 3. og 4. mælingar 5.6 sml, á milli 4. og 5. mælingar 4.0 sml, á milli 5. og 6. mælingar 2.0 sml, á milli 6. og 7. mælingar 9.0 sml og á milli 7. og 8. mælingar 10.9 sml.

1. og 2. stýrimaður varðskipsins staðfestu enn fremur fyrir réttinum, að hjól í togblökk togarans ásamt ás hefði verið brotið frá.

Fyrir sakadóminn komu enn fremur þeir 2 hásetar af Óðni, sem fóru með stýrimönnunum um borð í Lord Tedder. Þeir voru spurðir um umbúnað á þilfari togarans og bar mjög saman við skýrslu stýrimannanna.

Það kom enn fremur fram hjá öllum foringjum varðskipsins, að Lord Tedder hefði einum verið veitt eftirför og staðarákvarðanir ekki gerðar á önnur skip. Þeir töldu því rugling á milli skipa óhugsandi.

Allir varðskipsmenn staðfestu skýrslur sínar með eiði.

Frásögn ákærða.

Ákærði, David Atkinson, viðurkenndi þegar við fyrstu yfirheyrslu, að hann hefði verið fyrir innan fiskveiðitakmörkin kl. 1848 þann 24. október s.l., einnig að hafa verið fyrir innan kl. 1925 sama dag, og hann bætti því við, að hann hefði verið fyrir innan lengur en það. Hann neitaði hins vegar eindregið að hafa verið að veiðum.

Hann viðurkenndi, að skipið á kortinu á dskj. 2 gæti hafa verið sitt skip, og enn fremur, að mælingar varðskipsmanna gætu verið réttar, en hann gat ekki fullyrt neitt um það, þar eð hann hefði ekki tekið neinar staðarákvarðanir frá því kl. 1100 um morguninn þann 24. 10., er hann var staddur 22 sml SA af Langanesi á 110 faðma dýpi.

Hann kvaðst ekki nota togklukkuna, sem í brúnni er.

Frásögn ákærða af síðustu veiðum sínum í þessari ferð er á þá leið, að hann hafi síðast kastað kl. 0900 um morguninn SA af Langanesi og togað til kl. 1106, en þá hafi hann fest vörpuna í botni. Við það hafi togvírar slitnað og togblökk eyðilagzt. Skipshöfnin hafi síðan neitað að kasta aftur, vegna þess að hættulegt væri að kasta, meðan togblökk væri í því ástandi, sem hún var.

Skipshöfnin hafi síðan unnið við að undirbúa nýja vörpu og við að leita að varahlutum í togblökkina allan þennan dag. Einnig var reynt að flytja ferliða af bakborðssíðu yfir á stjórnborðssíðu, en það hafi ekki tekizt.

Skipstjórinn kvaðst hafa talið stöðvunarmerki varðskipsins hafa átt við annan togara, sem þarna var. Hann kvaðst ekki hafa gert sér ljóst, að varðskipið var að stöðva hann, fyrr en það renndi upp með togaranum aftur við þvert á bakborða, en skömmu seinna hafi hann verið kallaður upp í VHF-talstöð og sagt að stöðva og hafi hann þá gert það.

Skipstjórinn hefur borið um, að þegar vírarnir slitnuðu, hafi um 250 faðmar af vír verið í sjó. Framvírinn fyrst mjög nærri togblökkinni, en afturvírinn talsvert langt í sjó. Hann kveður bátsmann togarans hafa verið á togvakt, er vírarnir slitnuðu.

Skipstjórinn kvaðst ekki geta skýrt, hvers vegna togvírarnir litu út, eins og þeir hefðu verið höggvnir, en taldi þá staðhæfingu varðskipsmanna, að meitilför sjáist í fótrúllum beggja gálganna, vera hlægilega og skildi ekki, hvað átt væri við með að halda því fram, að togblökkin væri fægð, þar sem hún hafi verið brotin.

Skipstjórinn skýrði svo frá, að Lord Tedder hafi haft ýmsan hraða frá kl. 1848 þann 24. 10., þar til varðskipsmenn komu um borð, þá hafi verið haldið í norðlæga stefnu.

Vætti skipverja á Lord Tedder.

Fyrir sakadóm hafa komið allir skipverjar Lords Tedders að undanskildum matsveini og aðstoðarmatsveini. Þeir unnu allir eið að framburðum sínum.

Verður nú rakinn framburður þeirra.

Bátsmaður togarans, John Adams, fæddur 9. 1. 1935, skýrir svo frá, að hann hafi verið við vinnu á þilfari frá kl. 0700 að morgni þess 24. 10. s.l. og fram til kvölds.

Hann skýrði svo frá, að þeir hefðu síðast kastað kl. 0900 um morguninn og togað til kl. 1100, en þá hefðu vírarnir slitnað við það, að varpan festist í botni. Hann kvað framvírinn hafa slitnað fyrst, u. þ. b. 25 faðma í sjó.

Hann kvaðst hafa unnið við það að undirbúa nýja vörpu síðdegis þennan dag. Þeir hafi síðan sett vörpuna niður í netjalest, er þeir luku við hana, vegna þess að þeir hafi ekki haft neina togvíra né heldur togblökk.

Vitnið Johan Malcolm Carver, háseti á Lord Tedder, fæddur 24. 5. 1943, kveðst hafa verið við vinnu á þilfari frá kl. 0730 og síðan allan daginn 24. 10. að undanskildu hádegisverðarhléi. Hann segir þá síðast hafa kastað kl. 0900 og togað til kl. 1100, en þá hafi þeir fest vörpuna í botni. Hann kveðst hafa séð framvírinn slitna nærri togblökkinni, en í sjó. Afturvírinn hafi slitnað, þegar togblökkin bilaði. Hann segist hafa unnið við að undirbúa nýja vörpu síðdegis þennan dag. Hann segir þá fullyrðingu varðskipsmanna, að vírar togarans séu greinilega höggvnir og meitilför sjáist í fótrúllum beggja gálganna, ekki vera rétta.

Ekki er ástæða til að rekja hér frekar vitnisburð skipsmanna togarans nákvæmlega. Hjá öllum þilfarsmönnum kom í grundvallaratriðum fram sama skýrsla og þegar er greint frá í framburði bátsmannsins og Johns Malcolms Carvers háseta. Einnig hafa þeir allir, er spurðir hafa verið, skýrt svo frá, að þeir hefðu neitað að kasta, þar til togblökk hefði verið lagfærð. Rétt er þó að geta þess, að William Alfred Bates, yfirvélstjóri togarans, hefur skýrt svo frá, að eftir að hann kom á vörð kl. 1830, hafi hann fengið ýmis fyrirmæli um hraða með vélsíma. Hann kvað toghraða vera 86 snúninga á mínútu og fulla ferð 121 snúning. Hann kvaðst ekki hafa haft 86 snúninga hraða lengur en annan hraða, frá því að hann kom á vörð og þar til varðskipsmenn komu um borð. Hann skýrir enn fremur svo frá, að rangt sé hermt frá viðtali varðskipsmanna við hann, að hann hafi sagt þá hafa hætt að fiska kl. 1100 eftir hádegi þann 23. 10., hann hafi sagt kl. 1100 fyrir hádegi þann 24. 10.

Arthur William Fowler, 2. vélstjóri togarans, kvaðst hafa verið á verði í vélarrúmi frá kl. 1230 þann 24. 10. og þar til kl. 1830. Hann segir vélina hafa verið á fullum snúningshraða, frá því að

hann kom á vörð og þar til milli kl. 1700 og 1800, en þá hafi verið hringt á hæga ferð og hafi hann þá látið vélina snúast 50—55 snúninga á mínútu. Toghraði sé 82—86 snúningar á mínútu, og kvað hann vélina aldrei hafa snúizt með þeim hraða, meðan hann var á verði þetta síðdegi.

Stýrimaður togarans, Malcolm Meadows, hefur borið, að rangt sé frá skýrt í skýrslu varðskipsmanna, að hann haft sagt, að þeir hafi verið að fiska síðast um miðnætti þann 23. 10. Hann hafi sagt, að þeir hafi verið að fiska síðast um hádegi 24. 10.

Athugun á veiðarfærum Lords Tedders.

Dómkvaddir voru tveir vanir togaramenn, þeir Trausti Magnússon skipstjóri og Sveinn Finnbogason sjómaður, til að skoða togvíra Lords Tedders svo og fótrúllur, pollarúllur og togblökk.

Þeir komu báðir fyrir dóm og staðfestu skriflega skoðunargerð sína með eiði.

Í skoðunargerðinni kemur fram, að þeir telja afturvír greinilega höggvinn sundur með meitli, en meitilför séu hins vegar ekki sjáanleg á framvír eða rúllum.

Fyrir dóminum hefur Trausti Magnússon skipstjóri talið, að afturvírinn geti hafa slitnað í blökkinni, enda vanti hjól í hana. Hann tekur hins vegar fram, að hann sé ekki kunnugur þessari tegund af blökkum.

Sveinn Finnbogason taldi, að framvírinn hefði slitnað. Hann hélt hins vegar fast við það, að afturvírinn hefði verið höggvinn með meitli, og taldi útilokað, að hann hefði slitnað.

Hinir sérfróðu meðdómendur hafa einnig framkvæmt ítarlega skoðun á veiðarfærum um borð í Lord Tedder.

Þeir sannreyndu, að ný varpa, nokkurn veginn fullfrágengin, væri í netjalest skipsins og væri vinna á henni vel og fagmannlega af hendi leyst. Þeir skoðuðu einnig togblökkina og sannreyndu, að rúlla í henni ásamt öxli er farin og hljóti það að hafa brotnað frá. Vörpuhlerar eru á þilfari, óuppbundnir, og lítur út fyrir, að unnið hafi verið við þá nýlega vegna úrskurðar og garnenda á þilfari. Á fótrúllum gálganna og síðurúllum eru för eftir skarpa hluti, en ekki hægt að fullyrða, eftir hvað þau séu.

Málsástæður

Við munnlegan flutning máls þessa hefur sækjandi málsins bent á 6 atriði, sem hann telur ein út af fyrir sig, og þó sérstaklega öll saman, veita fulla sönnun fyrir því, að ákærði hafi verið

að ólöglegum veiðum innan fiskveiðilandhelgi Íslands, er varðskipið Óðinn varð vart við hann kl. 1848,5 þann 24. október s.l.

Verða þessi atriði nú rakin hér hvert fyrir sig:

1. Sækjandi telur hraða togarans milli 1. og 6. mælingar varðskipsmanna, þ. e. frá kl. 1848,5 til kl. 1925, hafa verið eðlilegan toghraða, en síðan hafi hraðinn aukizt við það, að höggvið var á togvírana.

2. Foringjar Óðins fundu nýhöggvna víra um borð í togaranum, og hann var vörpulaus.

3. Foringjar Óðins sáu ný meitilför á fótrúllum gálganna og síðupollum, einnig hafi þeir séð, að þessir hlutir ásamt togblökk og stjórnborðssíðu voru nýfægðir.

4. Togklukka í brú togarans hafi verið stillt á 1637 og sé saga skipstjórans um, að hann noti ekki klukkuna, með mestu ólíkindum miðað við það.

5. Sækjandi hefur talið, að flótti ákærða þrátt fyrir stöðvunarmerki og aðvörunarskot bendi eindregið til þess, að skipstjórinn hafi vitað sig sekan.

6. Sækjandi hefur talið, að frásögn skipstjórans og skipshafnar um vinnu á þilfari allan daginn 24. 10. sé nánast fjarstæðukennd. Einkum vegna þess, að vinnubrögð á hinni nýju vörpu, sem fannst í netjalest skipsins, bendi mjög til þess, að hún hafi komið fullunnin úr landi, svo og vegna þess, að skipið hafi ekki haft neina togblökk.

Sækjandi hefur einnig bent á, að ekki verði mikið tillit tekið til vættis skipshafnar togarans, hún sé trú sínum skipstjóra og beri því honum í hag.

Verjandi ákærða hefur í munnlegum málflutningi lagt m. a. áherzlu á, að varðskipsmenn hafi aldrei séð vörpu togarans í sjó og þeir hafi aldrei séð höggvið á togvírana.

Hraði togarans hafi einnig verið mjög misjafn og komi það heim við frásögn skipstjórans og 1. vélstjóra.

Ýmislegt bendir einnig til þess, að afturvírinn hafi ekki verið höggvinn, heldur farið í sundur með snöggu og miklu átaki, sjáist það m. a. af hlykk á vírnum í sárinu.

Verjandinn hefur svo loks bent á það, að engin sönnun sé fyrir því, að skipstjórinn hafi verið á flótta undan varðskipinu, sem m. a. sjáist af því, að Óðinn hafi siglt mjög nálægt öðru skipi í eftirförinni, og skipstjórinn geti því vel hafa talið stöðvunarmerkin hafa átt við það.

Niðurstaða.

Það er óhnekkjanlega komið fram í máli þessu, að varðskipsmenn hafi hafið eftirför að togaranum Lord Tedder innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi og haldið henni áfram óslitið. Taka togarans er því fyllilega lögmæt.

Þá kemur til athugunar, hvort tekizt hafi að sanna, að ákærði hafi verið að veiðum innan fiskveiðilandhelgi Íslands, er Óðinn kom að honum þann 24. október s.l. Margt er það í rannsókninni, sem bendir til, að svo hafi verið. Togarinn er á hraða, sem er mjög nálægt því að vera toghraði. Hann sést snúa til hægri kl. 1922, sem gæti bent til þess, að skipshöfn hafi verið að undirbúa að höggva á vírana. Hann setur á fulla ferð og slekkur öll vinnuljós kl. 1922 og heldur síðan undan varðskipinu, unz skotið hefur verið að honum 6 lausum aðvörunarskotum, og stöðvar eigi fyrr en varðskipið er komið upp að hlið hans. Loks er svo sú staðreynd, að varðskipsmenn telji togvírana greinilega höggvna, og ýmis önnur ummerki benda til þess, að skipið hafi, rétt áður en þeir komu um borð, verið að veiðum. Annar skoðunarmaður veiðarfæranna er svo einnig sammála varðskipsmönnunum um það, að afturvírinn sé greinilega höggvinn.

Á hinn bóginn verður einnig á það að líta, að varðskipsmenn sáu aldrei vörpu togarans í sjó né heldur sáu þeir höggvið á togvíra skipsins.

Þá er það og skoðun dómsins, að framvír togarans sé slitinn, og að möguleiki sé sérstaklega með tilliti til hlykksins á afturvírnum við sárið, að hann sé ekki höggvinn af mannavöldum.

Þó að dóminum þyki það líklegt, að ákærði hafi verið að ólöglegum veiðum umrætt sinn, þykir þó ekki vera komin fyrir því alveg fullnægjandi sönnun, að ákærði hafi þriðjudaginn 24. október verið að ólöglegum veiðum.

Ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot á þeim ákvæðum fiskveiðilöggjafarinnar, sem rakin eru í aðalkröfu ákæruvaldsins.

Varakrafa ákæruvalds.

Ákærði hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi á stundum verið innan fiskveiðitakmarkanna á siglingu sinni frá staðnum 22 sml SA af Langanesi, þar sem hann var staddur morgunn þess 24. október s.l. og þar til varðskipið Óðinn kom að honum að kvöldi sama dags. Þá hefur hann enn fremur skýrt svo frá, að áhöfn togarans hafi að hádegisverðarhléi undanskildu verið að vinnu að veiðarfærum allan þennan dag á þilfari togarans. Þetta

hafi einnig allir þilfarsmenn togarans borið. Af því, sem nú er greint, verður að telja sannað, að ákærði hafi gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem talin eru í varakröfu ákæru.

Samkvæmt því hefur hann gerzt sekur um brot á 2. gr. laga nr. 62 frá 1967 og 4. gr. reglugerðar nr. 3 frá 1961. Varðar þetta hann refsingu samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62 frá 1967 og 7. gr. reglugerðar nr. 3 frá 1961.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af stærð togarans Lords Tedders, H 154, sem er 722.36 brúttórúmlestir, og með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu hæfilega ákveðin kr. 70.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 2 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00ð og málflutning verjanda síns, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, David Atkinson, greiði kr. 70.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 2 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 7. október 1968.

Nr. 127/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Kristjáni Ragnari Sigurðssyni
(Matthías Á. Mathiesen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Eignarupptaka. Áfengislög.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur verið áfrýjað einungis að því er varðar ákærða Kristján Ragnar Sigurðsson. Samkvæmt skýlausu ákvæði 4. mgr. 1. tölul. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sem eigi brýtur í bága við stjórnarskrána nr. 33/1944, ber að staðfesta kvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku v/b Ásmundar, GK 30, ríkissjóði til handa.

Af hálfu ákæruvalds er sakarkostnaðar eigi krafizt úr hendi ákærða.

Ákærði greiði verjanda sínum í héraði og hér fyrir dómi málsvarnarlaun, samtals kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um upptöku v/b Ásmundar, GK 30, ríkissjóði til handa er staðfest.

Ákærði, Kristján Ragnar Sigurðsson, greiði málsvarnarlaun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Matthíasar Á. Mathiesens hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 30.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. apríl 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn 30. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 234—240/

1968: Ákæruvaldið gegn Harry Steinssyni, Halldóri Sigurjóni Sveinssyni, Guðjóni Svanar Sigurjónssyni, Sigurði Lyngberg Magnússyni, Kristjáni Norman Óskarssyni, Gunnari Baldurssyni og Kristjáni Ragnari Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 10. þ. m.

Málið er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 19. janúar s.l. á hendur:

„1. Harry Steinssyni skipstjóra, Holtagerði 54 í Kópavogi, fæddum 27. september 1933 í Reykjavík.
2. Halldóri Sigurjóni Sveinssyni stýrimanni, Háaleitisbraut 30 í Reykjavík, fæddum 1. apríl 1938 á Ísafirði.
3. Guðjóni Svanar Sigurjónssyni sjómanni, Álfhólsvegi 6 í Kópavogi, fæddum 20. nóvember 1944 í Reykjavík.
4. Sigurði Lyngberg Magnússyni vélstjóra, Stórageröi 3 í Reykjavík, fæddum þar í borg 29. ágúst 1927.
5. Kristjáni Norman Óskarssyni sjómanni, Fálkagötu 28 í Reykjavík, fæddum þar í borg 17. nóvember 1942.
6. Gunnari Baldurssyni vélstjóra, Háaleitisbraut 54 í Reykjavík, fæddum 14. apríl 1935 á Kópaskeri.

Gegn hinum fimm fyrsttöldu, ákærðu Harry, Halldóri Sigurjóni, Guðjóni Svanar, Sigurði Lingberg og Kristjáni Norman, er málið höfðað fyrir:

I. Smygl með því að hafa í sameiningu flutt hingað til lands með vélbátnum Ásmundi, GK 30, 64 lesta bát, sem ákærðu höfðu tekið á leigu í því skyni, samtals 12.000 1/1 líters flöskur af genever, 120 3/4 líters flöskur Baccardi rommi og whisky og 10.000 stk. af vindlingum, sem ákærðu áttu sameiginlega að jöfnu og þeir keyptu um borð í bátinn í Ostende í Belgíu, en varning þennan, sem ákærðu ætluðu til sölu og var eini farmur bátsins, tóku þeir að meginhluta á land í Reykjavík og Hafnarfirði 19. og 20. október 1967 og komu fyrir í skipsflaki á Elliðaárvogi, í bílskúr á Hrísateigi 22 í Reykjavík og síðar í geymslu yfir vélasal í Sænska frystihúsinu við Skúlagötu og í húsinu Álfhólsvegi 6 í Kópavogi (heimili ákærða Guðjóns Svanars), samtals 9.794 flöskur af genever, 1.197 flöskur af genever fundust um borð í bátnum í Hafnarfirði, 48 flöskur af genever höfðu verið seldar, sbr. lið IV, 949 flöskur af genever höfðu að hluta horfið úr bílskúrnum á Hrísateigi, en að hluta glatazt í flutningi og brotnað, 120 flöskur af rommi og whisky og 10.000 stk. af vindlingum höfðu ákærðu flutt úr bátnum í Hafnarfirði og skipt með sér að

jöfnu í landi, og fannst sá varningur að hluta á heimilum ákærðu Guðjóns Svanars, Sigurðar Lyngdals og Kristjáns Normans, en að öðru leyti hafði þess verið neytt, hluta ákærða Halldórs að nokkru hent, en hluti ákærða Harrys horfið úr bifreiðinni Y 1563.

Telst þetta varða við 1. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956, innflutningur áfengisins auk þess við 3. gr., sbr. 1. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. gr., sbr. 12. gr. laga um einkasölu á áfengi nr. 69/1928, en innflutningur tóbaksins auk fyrsttalda ákvæðisins við 1. gr., sbr. 15. gr. laga um einkasölu ríkisins á tóbaki nr. 58/1931.

II. Að flytja til Belgíu umrætt sinn íslenzka peninga, samtals kr. 440.000.00, eða hver um sig kr. 88.000.00, allt í 100 króna seðlum, sem ákærðu hver fyrir sig afhentu þar í landi til greiðslu framangreinds varnings.

Telst þetta varða við 22. gr., sbr. 2. mgr. 24. gr. reglugerðar um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. nr. 79/1960, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 123/1962, sbr. 5. gr., sbr. 12. gr. laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. nr. 30/1960.

III. Áður en báturinn kom til hafnar í Ostende í Belgíu og meðan hann var þar í höfn, að leyna réttu nafni bátsins, „Ásmundur", með því að hvolfa nafnspjaldi hans með því nafni framan á stýrishúsi bátsins og allir í sameiningu að vinna að nýrri áletrun framan á stýrishúsi bátsins og nefna hann þar öðru nafni en báturinn var skráður undir, eða „Þorleif Rognvaldsson".

Telst þetta varða við 5. mgr. 13. gr., sbr. 25. gr. laga um skráningu skipa nr. 17/1948, sbr. 4. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV. Gegn ákærða Guðjóni Svanar er málið auk þess höfðað fyrir að selja síðdegis föstudaginn 20. október 1967 ónafngreindum kaupanda af framangreindu heildaráfengismagni 4 kassa af genever, eða 48 flöskur, fyrir samtals kr. 16.000.00.

Telst það brot ákærða Guðjóns Svanars varða við 18. gr., sbr. 1. mgr. 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

V. Gegn ákærða Gunnari Baldurssyni er málið höfðað fyrir að aðstoða aðra ákærðu við flutning og geymslu á hluta framangreinds varnings, sem ætlaður var til sölu, með því

að taka til geymslu á vinnustað sínum í Sænska frystihúsinu 1.464 flöskur af genever og aðstoða ákærðu við að koma því áfengismagni fyrir á geymslulofti yfir vélasal í frystihúsinu.

Telst brot ákærða varða við 1. og 2. mgr. 38. gr. og 2. mgr. 39. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956.

VI. Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, að ákærðu Harry, Halldór Sigurjón, Guðjón Svanar, Sigurður Lyngberg og Kristján Norman sæti upptöku framangreinds áfengis og tóbaks samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, 33. gr. i.f. áfengislaga, 12. gr. laga um einkasölu á áfengi og 15. gr. laga um einkasölu ríkisins á tóbaki, að vélbáturinn Ásmundur, GK 30, verði samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 33. gr. áfengislaga gerður upptækur til ríkissjóðs, að ákærði Guðjón Svanar sæti upptöku ólöglegs ávinnings af framangreindri áfengissölu, kr. 16.000.00, samkvæmt 1. mgr. 3. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að ákærðu verði allir dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar.

Loks er mál þetta höfðað gegn eiganda m/b Ásmundar, GK 30, Kristjáni Ragnari Sigurðssyni vörubifreiðarstjóra, Víkurbraut 52 í Grindavík, til að sæta upptöku bátsins, svo sem að framan er krafizt".

Ákærði Kristján Ragnar er fæddur 12/4 1931 í Hafnarfirði.

Enn fremur er málið höfðað með framhaldsákæru saksóknara, dags. 20. f. m.

„Samkvæmt heimild í 118. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála og með vísan til ákæru, dagsettrar 19. janúar 1968, á hendur:

1. Harry Steinssyni skipstjóra, Holtagerði 54 í Kópavogi, fæddum 27. september 1933 í Reykjavík,
2. Halldóri Sigurjóni Sveinssyni stýrimanni, Háaleitisbraut 30 í Reykjavík, fæddum 1. apríl 1938 á Ísafirði,
3. Guðjóni Svanar Sigurjónssyni sjómanni, Álfhólsvegi 6 í Kópavogi, fæddum 20. nóvember 1944 í Reykjavík,
4. Sigurði Lyngberg Magnússyni vélstjóra, Stóragerði 3 í Reykjavík, fæddum þar í borg 29. ágúst 1927,
5. Kristjáni Norman Óskarssyni sjómanni, Fálkagötu 28 í Reykjavík, fæddum þar í borg 17. nóvember 1942,
6. Gunnari Baldurssyni vélstjóra, Háaleitisbraut 54 í Reykja-

vík, ber einnig að höfða opinbert mál gegn framangreindum ákærðu tilgreindum í tl. 1.—5. hér að ofan, sbr. einnig I. lið frumákæru, dagsettrar 22. janúar 1968, fyrir smygl á 600 flöskum af áfengu öli (25 kössum), en framangreint brot ákærðu falli inn í málavaxtalýsingu á tveimur stöðum í I. lið frumákæru næst á eftir orðunum „10.000 stk. af vindlingum", og er brotið talið varða við sömu lagaákvæði sem í I. lið frumákæru greinir og varða innflutning ákærðu á áfengi.

Þess er krafizt, að hinir framhaldsákærðu verði einnig, að því er þetta brot varðar, dæmdir til refsingar, sakarkostnaðargreiðslu og til að sæta upptöku varningsins, allt samkvæmt tilgreindum lagaákvæðum í VI. lið frumákæru".

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Ákærði Harry hlaut með dómi 30/9 1965 4.000 kr. sekt fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum og var sviptur ökuleyfi í 10 mánuði. Hinn 12/2 1960 undirgekkst hann með dómssátt 4.900 kr. sekt fyrir brot á áfengis- og tolllögum og á sama ári 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot. Loks hefur hann tvisvar verið áminntur, í annað skiptið fyrir ölvun, en í hitt skiptið fyrir umferðarlagabrot.

Ákærði Halldór Sigurjón undirgekkst með dómssátt 6/12 1966 3.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga og var sviptur ökuleyfi í 4 mánuði. Á árinu 1957 undirgekkst hann með dómssátt 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða og ólöglegt bifreiðastæði, 150 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot og hlaut áminningu fyrir brot á 20. gr. bifreiðalaga. Loks undirgekkst hann með dómssátt á árinu 1965 300 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Ákærði Guðjón Svanar hlaut með dómi 1/9 1965 2.000.00 kr. sekt fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum og var sviptur ökuleyfi í 4 mánuði. Hinn 26/1 1964 undirgekkst hann með dómssátt 2.000 kr. sekt fyrir brot á 18. gr., sbr. 39. gr. og 16. gr., sbr. 41. gr. áfengislaga og hlaut á sama ári áminningu fyrir umferðarlagabrot. Loks undirgekkst hann á árinu 1965 500 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot og 100 kr. sekt fyrir brot á reglum um stöðumæla.

Ákærði Sigurður Lyngberg hefur undirgengizt með dómssátt sektir sem hér segir: Á árinu 1945, 10 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjóli, árið 1955 100 kr. sekt fyrir brot á 6. gr. umferðarlaga og 32. gr. lögreglusamþykktar, árið 1960 50 kr. sekt og síðar

á árinu 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði og 600 kr. sekt fyrir óskoðaða bifreið, árið 1963 100 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot og 400 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga. Loks hlaut ákærði á árinu 1958 tvisvar áminningar, í annað skiptið fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga, en í hitt skiptið fyrir lögreglusamþykktarbrot, og á árinu 1962 var hann áminntur fyrir rangstöðu bifreiðar.

Ákærði Kristján Norman undirgekkst árið 1960 150 kr. sekt, árið 1963 500 kr. sekt og árið 1965 500 kr. sekt í öll skiptin fyrir ölvun. Á árinu 1960 hlaut hann áminningu fyrir sams konar brot.

Ákærði Gunnar var með dómi 16/6 1954 sýknaður af ákæru fyrir brot á 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga. Á árinu 1962 undirgekkst hann með dómssátt 100 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar og árið 1965 200 kr. sekt fyrir brot á 51. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningum ákærðu og öðrum gögnum í máli þessu:

Með bréfi, dags. 20. október 1967, fór tollgæzlustjóri hér í borg þess á leit við sakadóminn, að rannsókn yrði látin fara fram vegna gruns um, að áfengi hefði verið flutt hingað til lands ólöglega með m/b Ásmundi, GK 30. Segir í bréfi tollgæzlustjóra, að bátur þessi hafi farið frá Vestmannaeyjum miðvikudaginn 4. október og skipstjórinn sagzt ætla á veiðar. Tollgæzlustjóri kveðst hins vegar hafa fengið þær upplýsingar utan lands frá, að fiskibátur með heitinu Þorleifur Rögnvaldsson, ÓF 36, en svo hafi m/b Ásmundur áður heitið, hafi komið til Belgíu, keypt þar allmikið magn af áfengi og haldið þaðan aftur hinn 11. október. Þar sem enginn bátur finnst nú með nafninu Þorleifur Rögnvaldsson, liggi fyrir grunur um það, að m/b Ásmundur hafi verið erlendis og fyrrverandi nafn á honum verið notað. Núverandi eigandi m/b Ásmundar, sem sé búsettur í Grindavík, hafi leigt hann skipshöfn þeirri, sem nú sé á honum. Kveður tollgæzlustjóri ekki vera vitað um ferðir m/b Ásmundar á þessum tíma þar til 20. október, er hann kom til Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipshafnarskrá, undirritaðri af ákærða Harry, voru skipverjar á m/b Ásmundi þessir: Harry Steinsson, Holtagerði 54, Kópavogi, skipstjóri, Halldór Sveinsson, Háaleitisbraut 30, Reykjavík, stýrimaður, Sigurður L. Magnússon, Stóragerði 3, Reykjavík, vélstjóri, Guðjón Sigurjónsson, Álfhólsvegi 6, Kópavogi, og Kristján Óskarsson, Hringbraut 59, Reykjavík, hásetar. Vistmánuður er talinn byrja 27/9 og sagt, að báturinn eigi að fara á botnvörpuveiðar. Ákærðu Halldór Sigurjón og Kristján

Norman rita nöfn sín á skrána því til staðfestingar, að þeir séu ráðnir á bátinn, en eigi aðrir ákærðu.

Fimmtudaginn 19. október var Sigurður Þórðarson brunavörður, Selvogsgötu 15 í Hafnarfirði, á vakt við olíuskipið Stapafell á tímanum frá kl. 0400—1115, þar sem það lá við svokallaða olíubryggju, sem er yzt á hafnargarðinum í Hafnarfirði. Á aðalhafnargarðinn þveran liggur svokallað þverker, sem fiskibátar liggja oft við. Seint á vakttímanum, er bjart var orðið, veitti vitnið athygli bát, sem kom inn höfnina. Var hér um Ásmund, GK 30, að ræða og lagðist hann innanvert við þverkerið utan á bátana Fróðaklett, sem var næst bryggjunni, og Faxaborg, þannig að báturinn var sá þriðji frá bryggju. Um það leyti sem báturinn lagðist að, bar að bifreið úr Reykjavík, og var í henni fólk, sem komið var til að taka á móti honum. Skömmu síðar bar að fleiri bifreiðar úr Reykjavík og Kópavogi. Furðaði vitnið sig á þessu, þar sem m/b Ásmundur var frá Grindavík samkvæmt skilti á honum. Vitnið varð ekki vart við það, að neitt væri flutt úr bátnum í bifreiðarnar, en það kveðst hafa séð, að bifreið úr Kópavogi hafði verið opnuð að aftan og menn að sýsla þar. Vitnið minnir, að bifreiðarnar hafi verið kyrrar á bryggjunni, er það fór af vaktinni.

Ákærði Sigurður Lyngberg var handtekinn í Hafnarfirði að kvöldi föstudagsins 20. október á bryggju þeirri, er m/b Ásmundur lá við, er hann var að fara út í bátinn. Höfðu aðrir meðákærðu einnig verið þarna, en haldið á brott, er þeir urðu varir við tollgæzlu- og lögreglumenn. Voru ákærðu Harry, Halldór Sigurjón og Guðjón Svanar handteknir heima hjá sér sama kvöld, en ákærði Kristján Norman morguninn eftir. Jafnframt framkvæmdu tollverðir leit í m/b Ásmundi, þar sem hann lá við bryggju í Hafnarfirði, en báturinn hafði komið frá Belgíu, eins og áður greinir, án þess að tollafgreiðsla færi fram. Fundust við leitina 1.197 lítrar af genever í lest bátsins og lúkar. Var lagt hald á áfengi þetta. Á brú m/b Ásmundar var spjald með áletruninni „Ásmundur — Grindavík". Spjald þetta var rautt á lit og stafirnir á því hvítir. Skrúfuðu tollverðir það af, og kom þá í ljós, að hinum megin var það grænt, og stóð þar á því með bláum stöfum „ÞORLEIF ROGNVALDSSON — OLAFSFJÖRÐUR". Í upphafi rannsóknar máls þessa gaf tollgæzlustjóri rannsóknarlögreglunni þær upplýsingar, að skipverjar á m/b Ásmundi hefðu keypt 1.000 kassa, eða 12.000 flöskur, af áfengi í umræddri ferð til Belgíu.

Voru nú ákærðu teknir til yfirheyrslu og jafnframt gerð hús-

leit hjá þeim. Var fyrst leitað hjá ákærða Harry, sem neitaði að gefa nokkrar upplýsingar, en leitin bar ekki árangur. Ákærði Sigurður Lyngberg viðurkenndi, að báturinn hefði farið til útlanda og tekið þar í borg nokkurri töluvert magn af áfengi, en eigi kvaðst hann hafa átt neitt af farmi þessum. Hins vegar viðurkenndi hann að hafa flutt með sér hingað til lands 2 kassa, eða 24 flöskur, af Baccardy rommi og 5 kassa af bjór. Við leit heima hjá ákærða fannst áfengi þetta. Ákærði Halldór Sigurjón neitaði að svara því, hvort báturinn hefði farið til útlanda í umrætt sinn, og eigi vildi hann gera grein fyrir áfengi því, er fannst í bátnum. Leit á heimili ákærða bar ekki árangur. Ákærði Guðjón Svanar neitaði að gefa nokkrar upplýsingar. Var gerð húsleit heima hjá honum. Fundust þar í geymslu inn af miðstöðvarherbergi 83 kassar og 11 lausar flöskur af genever, 12 flöskur af whisky, 12 flöskur af rommi og 5 kassar af Tuborg bjór. Ákærði Kristján Norman, er var handtekinn að morgni laugardagsins 21. október, viðurkenndi, að ákærðu hefðu farið umrædda ferð á m/b Ásmundi til Belgíu og þar hefði verið tekið eitthvað af áfengi, sem ákærðu hefðu átt allir jafnan hlut í, en eigi vildi hann segja, um hve mikið magn hefði verið að ræða. Þá kvað ákærði þá hafa keypt vindlinga og 5 kassa hver af bjór. Kvað ákærði nokkurs hafa verið neytt af þessu á leiðinni hingað til lands. Ákærði viðurkenndi einnig, að hann ætti heima 1 kassa af Baccardi rommi, sem hann hefði komið með. Við leit heima hjá ákærða fannst eftirtalinn varningur: 1 kassi af Baccardi rommi, 2 kassar af Tuborg bjór og 9 lengjur af vindlingum.

Ákærðu voru allir að afloknum yfirheyrslum fluttir í hegningarhúsið við Skólavörðustíg og daginn eftir, laugardaginn 21. október, voru þeir úrskurðaðir í allt að 60 daga gæzluvarðhald. Sátu þeir í varðhaldinu til 23. nóvember.

Mánudaginn 23. október mætti ákærði Gunnar Baldursson ótilkvaddur hjá rannsóknarlögreglunni. Skýrði hann frá því, að hann hefði tekið áfengisbirgðir til geymslu að kvöldi föstudagsins 20. sama mánaðar fyrir mág sinn, ákærða Halldór Sigurjón. Hefði þeim verið komið fyrir í varahlutageymslu í Sænsk-íslenzka frystihúsinu, en ákærði Gunnar er þar vélstjóri. Ákærði skýrði frá því, að áfengisbirgðirnar, sem væru í pappakössum, hefðu verið fluttar á staðinn á bifreið í tveimur ferðum. Við leit á framangreindum stað fann rannsóknarlögreglan að tilvísun ákærða Gunnars 122 kassa af Blankenheym Genever, er voru í lítilli geymslu yfir vélasal.

Leit að áfenginu úr m/b Ásmundi var haldið áfram daginn eftir, þriðjudaginn 24. október. Beindist athygli lögreglunnar að vinnustað ákærða Sigurðar Lyngbergs, en fyrirtæki hans heitir jarðvinnuvélar og er á Gelgjutanga hér í borg. Í fjörunni framundan fyrirtækinu lá gamalt stálskip, Vísundur, RE 280, er talið er ósjófært. Smágat var á hlið skipsins og opnar lestarlúgur, en á því var stórt og gott stýrishús úr stáli, gluggalaust og hurðir boltaðar aftur. Skipið stóð á þurru á fjöru, en flaut upp á flóði. Börn voru að leik í skipinu. Rannsóknarlögreglumennirnir Leifur Jónsson og Njörður Snæhólm rannsökuðu skipið nánar. Var farið út í það og þegar farið var að athuga hurðarboltana, sást, að nýlega hafði verið hreyft við þeim. Var stýrishúsið opnað, og kom í ljós, að það var sem næst fullt af kössum með genever flöskum. Við talningu reyndust áfengisbirgðir þessar vera 610 kassar og 3 flöskum betur af Blankenheym Genever í upphaflegum umbúðum. Lagði lögreglan hald á áfengi þetta.

Lögreglan telur sig þannig hafa lagt hald á alls 916 kassa með 12 flöskum hver af genever, en í þeim voru 36 flöskur brotnar, 1 kassa með 12 flöskum af whisky, 3 kassa af Baccardi rommi, einnig með 12 flöskum hver, og 11 kassa með alls 264 flöskum af áfengum bjór.

Við endurtalningu þeirra Sigurgeirs Ásbjörnssonar, fulltrúa á tollstjóraskrifstofunni, og Valdimars Sörensens dómvarðar kom í ljós, að áfengis- og tóbaksbirgðirnar, sem lagt var hald á, voru sem hér segir, og er verð þeirra miðað við verðskrá Áfengisverzlunar ríkisins 12. október á fyrra ári:

12	1/1 fl. whisky	á kr. 465.00		5.580.00
48	1/1 fl. romm	-— 460.00		22.080.00
10.938	ltr. genever	-— 470.00		5.140.860.00
90	pk. vindlingar	-— 37.00	(smásöluv.)	3.330.00
			Samtals kr.	5.171.850.00

Þá voru 49 flöskur af genever að auki brotnar, en þær hefðu heilar verið að verðmæti samkvæmt framangreindu verði kr. 23.030.00. Loks voru 11 kassar, eða 264 ½ flöskur, af áfengum bjór, eða 132 lítrar.

Við rannsókn málsins kom í ljós, að ákærðu Harry og Halldór Sigurjón höfðu upphaflega með samningi, dags. 27. 9. 1967, tekið m/b Ásmund, GK 30, sem er 64 lestir að stærð, á leigu af eiganda

hans, Kristjáni Ragnari Sigurðssyni, Grindavík. Eftir undirritun samningsins geðust ákærðu Guðjón Svanar, Kristján Norman og Sigurður Lyngberg einnig aðiljar að honum og tóku á sig skuldbindingar þær, sem þeir ákærðu Harry og Halldór Sigurjón höfðu undirgengizt. Samkvæmt samningum hófst leigutími bátsins 27. september 1967 og lauk hinn 15. desember sama ár. Leigan var ákveðin 70 þúsund krónur á mánuði og var greidd fyrirfram fyrir fyrsta mánuðinn, en fyrir eftirstöðvunum voru útbúnir víxlar, sem ákærðu árituðu. Báturinn var leigður til fiskveiða, en án veiðarfæra. Áttu leigutakar að taka við bátnum fullbúnum til veiða í Keflavíkurhöfn, og skal undirritun þeirra undir samninginn vera viðurkenning fyrir móttöku bátsins. Að leigutíma loknum skyldu þeir skila bátnum við bryggju í Reykjavíkurhöfn. Leigutakar áttu að greiða allan rekstrarkostnað bátsins fyrir ofangreint tímabil, að undanskildu því, að leigusali skyldi greiða vita- og lestargjöld svo og vátryggingargjöld. Í niðurlagi samningsins segir loks orðrétt á þessa leið: „Hvenær sem leigusali kynni að óska þess á leigutímabilinu, að leigutakar setji honum hæfilega tryggingu fyrir því, að sjóveð eða önnur lögveð falli ekki á bátinn, skuli leigutökum skylt að láta leigusala í té slíka tryggingu að viðlögðum riftunarrétti á leigumálum af hálfu leigusala, án þess hann missi leigurétt sinn fyrir bátinn til leigusamningsloka".

Ákærði Kristján Ragnar Sigurðsson eigandi m/b Ásmundar, GK 30, hefur fyrir dómi skýrt frá því, að hann hafi keypt bátinn í maímánuði 1966 af Sigvalda Þorleifssyni, Ólafsfirði. Hét báturinn þá Þorleifur Rögnvaldsson, ÓF 36. Ákærði kveðst ekki hafa látið umskrá bátinn né breyta nafni hans fyrr en í febrúar 1967. Ákærði hafði leigt bátinn til fiskveiða til ágústloka 1967. Þegar leigutíminn rann út, sneri hann sér til Halldórs Halldórssonar skipasala, Vesturgötu 3 hér í borg, og bað hann að annast leigu á bátnum fyrir sig. Kom hann ákærða í samband við ákærðu Harry og Halldór, sem ákærði þá þekkti ekki. Tókust samningar um leigu bátsins með þeim skilmálum, er í samningi greinir. Í upphafi ætluðu ákærðu Harry og Halldór Sigurjón að vera leigutakar, en síðar bættust ákærðu Guðjón Svanar, Sigurður Lyngberg og Kristján Norman í hópinn. Ákærðu tóku við bátnum í Keflavíkurhöfn nokkru eftir 10. september, en þann dag hafði verið ætlunin að leigutíminn hæfist. Fóru þeir með bátinn til Hafnarfjarðar og fékk vélstjórinn þar leiðbeiningar um meðferð vélarinnar. Héldu ákærðu nokkru síðar frá Hafnarfirði, en

komu brátt aftur. Hringdu þeir til ákærða og kröfðust viðgerðar á vélinni, en kváðust ella mundu ganga frá leigusamningnum. Ákærði varð við kröfu ákærðu og sá um lagfæringu á vélinni. Ákærðu höfðu orð á því, að þeir ætluðu á ufsaveiðar með handfæri út af Austfjörðum, og voru því engin veiðarfæri leigð með bátnum. Ákærði kveðst ekki muna, hvaða skjöl hafi fylgt bátnum, en kveður vel hafa getað verið skjöl í skúffum í honum, er hljóðuðu á fyrra nafn hans. Það var umsamið við ákærðu, að ákærði greiddi hjá skráningarstjóranum í Grindavík gjald af einhverjum skjölum varðandi umskráningu bátsins og hafi síðan átt að senda þau til þeirra. Þegar 12 dagar voru liðnir, frá því að báturinn fór frá Hafnarfirði, kveðst ákærði hafa hringt í konu skipstjórans, en hún hafi sagt sér, að hún hefði ekkert frétt af manni sínum og hafi því ekki orðið af sendingu skjalanna. Þegar breytt var um nafn á bátnum, stóðu orðin Þorleifur Rögnvaldsson framan á brúnni með upphleyptum stöfum. Ákærði tók þá af og málaði síðan nafnið Ásmundur framan á brúna. Síðar, veturinn 1967, lét hann útbúa skilti með nafninu Ásmundur, og var það sett framan á brúna. Ákærði kveðst ekkert hafa vitað um ferðir bátsins, frá því að hann fór frá Hafnarfirði, þar til hann frétti að kvöldi laugardagsins 21. október, hvað komið hefði í ljós um atferli ákærðu á bátnum.

Vitnið Halldór Ísleifur Halldórsson skipasali, til heimilis að Njálsgötu 59 hér í borg, hefur staðfest, að hann hafi haft milligöngu um leiguna á m/b Ásmundi í umrætt sinn. Kveður vitnið ákærðu Harry og Halldór Sigurjón hafa snúið sér til sín í byrjun ágústmánaðar og beðið sig að útvega sér bát á leigu af svipaðri stærð og m/b Ásmund. Fóru fram samningaumleitanir um leigu á bátnum milli ákærðu og ákærða Kristjáns Ragnars, er leiddu til þess, að samningar tókust. Um það bil tveimur dögum áður en samningurinn var undirritaður, tilkynntu ákærðu, að leigutakarnir yrðu fimm. Vitnið kveðst hafa þekkt leigusalann, ákærða Kristján Ragnar, en leigutakana þekkti það ekki. Ákærðu komu allir til að undirrita samninginn, og var það í eina skiptið, sem vitnið sá ákærðu Guðjón Svanar, Sigurð Lyngberg og Kristján Norman. Leigutakarnir sögðu, að þeir ætluðu að nota bátinn til handfæraveiða, og tóku sérstaklega fram, að þeir ætluðu á ufsaveiðar við Austurland. Við samningsgerðina greiddu leigutakarnir fyrirfram leiguna fyrir fyrsta mánuðinn, kr. 70.000.00. Auk þess skrifuðu þeir allir upp á tvo víxla, hvorn að upphæð kr. 70.000.00, að því er vitnið minnir, þó kunni annar víxillinn að hafa verið

lægri, þar eð það dróst, að báturinn kæmi úr slipp í Keflavík. Vitnið minnir, að ákærði Halldór Sigurjón hafi verið samþykkjandi víxlanna, ákærði Harry útgefandi, en hinir ábyrgðarmenn. Vitnið kveður ákærða Kristján Ragnar hafa komið til sín að morgni mánudagsins 23. október og fengið hjá sér frumrit samningsins. Hafi hann haft á orði, að hann ætlaði að koma því til sakadómsins.

Samkvæmt veðbókarvottorði, dags. 5. febrúar s.l., frá sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetanum í Hafnarfirði er m/b Ásmundur, GK 30, þinglesin eign ákærða Kristjáns Ragnars samkvæmt afsali, dags. 27/1 1967. Hvíla eftirtaldar veðskuldir á bátnum: Með 1. veðrétti kr. 1.415.000.00 til Fiskveiðisjóðs Íslands samkvæmt veðbréfum, dags. 29/4 1957, 12/10 1960 og 1/9 1962, með 2. veðrétti kr. 100.000.00 til ríkissjóðs Íslands samkvæmt veðbréfi, dags. 6/7 1957, og með 3. veðrétti kr. 799.000.00 til handhafa veðskuldabréfs, dags. 20/5 1966.

Samkvæmt framburðum ákærðu verður að telja, að ákærði Harry hafi átt frumkvæðið að kaupunum á geneverfarminum. Ákærðu Harry, Halldór Sigurjón, Guðjón Svanar og Kristján Norman höfðu allir verið farmenn á skipum Jökla h/f og kynnzt þar. Ákærði Sigurður Lyngberg hafði ekki verið í siglingum, en hann og ákærði Harry höfðu kynnzt fyrir allmörgum árum. Þegar ákærðu voru í siglingum á skipum Jökla h/f, komu þeir oft til Rotterdam og komust þá í kynni við Petrus Johannes Seeuwen, sem var umboðsmaður skipafélagsins þar og jafnframt ræðismaður Íslands. Kveður ákærði Harry hafa borizt í tal milli þeirra fyrir 1—2 árum, hvaða skilyrði þyrftu að vera fyrir hendi til að fá lestaðan áfengisfarm. Sagði Seeuwen ákærða, að skipstjóri þyrfti að sanna, að hann væri löglega að skipi kominn. Vegna væntanlegra kaupa á genever datt ákærða Harry í hug að setja sig í samband við Seeuwen. Átti hann símtal við hann frá Landsímastöðinni í Reykjavík til að kanna málið, og var ákærði Halldór Sigurjón viðstaddur, er símtalið fór fram. Í símtali þessu var ekkert afráðið um kaupin, þar sem Seeuwen kvaðst bráðlega mundu koma til Reykjavíkur. Kveður ákærði Harry Seeuwen hafa verið staddan hér í byrjun september og hann farið til fundar við hann á Hótel Sögu til að ræða málið. Kaupin voru þó ekki fullráðin þá, heldur í bréfi og símskeyti síðar.

Með gögnum, sem lögð hafa verið fram í málinu, er staðfest, að nefndur Petrus Johannes Seeuwen dvaldist hér á landi frá 30. ágúst—7. september á fyrra ári og bjó á Hótel Sögu.

Ákærði Harry kveður ákærðu ekki hafa bundizt fastmælum um ferðina til Belgíu, fyrr en hann hafði hringt til Seeuwen til að spyrjast fyrir um áfengiskaupin, og raunar ekki fyrr en bréfið og símskeytið voru send.

Ákærðu afréðu að festa kaup á 1.000 kössum, eða 12.000 flöskum, af genever. Var ákveðið, að þeir skyldu koma til Ostende í Belgíu og veita farminum þar viðtöku. Skyldu þeir greiða fyrir áfengið við móttöku kr. 425.000.00. Áttu þeir að annast hver fyrir sig greiðslu þessa að jöfnu, þannig að hver þeirra átti að greiða kr. 85.000.00. Eigi var þetta endanleg greiðsla, að því er ráðið verður af framburðum ákærðu, heldur átti meira að greiðast síðar, ef áform þeirra heppnaðist. Kveða sumir ákærðu endanlegt verð hvers kassa hafa átt að vera kr. 800.00. Ákærðu ætluðu að koma geneverfarminum til geymslu í m/b Vísundi, RE 280, er heim kæmi. Skip þetta hafði ákærði Sigurður Lyngberg keypt fyrir nokkrum árum ásamt öðrum manni, og lá það ósjófært í fjörunni á Gelgjutanga fyrir framan fyrirtæki ákærða. Nýtt stýrishús hafði verið sett á skipið, en aðra viðgerð hafði það ekki hlotið, eftir að ákærði eignaðist það. Ákærðu kveðast hafa ætlað geneverinn til sölu, er heim kæmi, en eigi höfðu þeir þó útvegað neina kaupendur að honum. Höfðu ákærðu Guðjón Svanar og Kristján Norman tekið að sér að annast söluna.

Auk framangreinds fjár tóku hver ákærði með sér í ferðina 3.000.00 kr., sem þeir ætluðu til kaupa á sterku áfengi annarrar tegundar, áfengum bjór og vindlingum.

Ákærði Harry kveðst hafa átt að mestu handbært fé til greiðslu á sínum hluta af áfenginu, en 20 þúsund krónur, er á vantaði, hafi hann tekið að láni hjá 14 ára gamalli dóttur sinni. Þá kveðst ákærði hafa gert kaupmála við konu sína í sama mánuði og hann fór í umrædda ferð. Var íbúð þeirra svo og innanstokksmunir gert að séreign konunnar með kaupmálanum. Ákærði vill þó halda því fram, að kaupmálinn hafi eigi verið gerður vegna ferðarinnar, heldur hafi alltaf staðið til að gera hann, þótt úr því yrði ekki fyrr en þá.

Ákærði Halldór Sigurjón kveðst hafa átt handbært fé til fararinnar. Hann gerði og kaupmála við konu sína, nokkru áður en ferðin var farin, en eigi kveður hann það hafa verið gert í sambandi við ferðina, heldur hafi það verið áformað löngu áður, þótt af því yrði ekki fyrr en þá. Með kaupmálanum var íbúð hans og konu hans svo og innanstokksmunir séreign konunnar.

Ákærði Guðjón Svanar kveðst að mestu hafa átt handbært fé vegna fararinnar, en hafi þó þurft að fá nokkuð að láni.

Ákærði Sigurður Lyngberg kveðst vera eigandi Jarðvinnuvéla ásamt öðrum manni og prókúruhafi fyrirtækisins. Kveðst ákærði hafa tekið af fé fyrirtækisins kr. 90.000.00 í peningum og ávísun að fjárhæð kr. 14.000.00 til greiðslu á áfenginu og öðrum útgjöldum vegna ferðarinnar. Ákærði kveðst aldrei hafa stundað farmennsku, en hafa látið tilleiðast að verða með í þessu.

Ákærði Kristján Norman kveðst hafa haft handbært það fé, sem hann þurfti til fararinnar. Ákærðu hafa látið í veðri vaka, að fyrir þeim hafi vakað upphaflega að taka m/b Ásmund á leigu og fara á honum á veiðar og jafnvel sigla með aflann, en síðan hafi þetta áform þeirra breytzt.

Eins og áður er rakið, hófst leigutíminn á m/b Ásmundi hinn 27. september, en ákærðu höfðu veitt bátnum viðtöku nokkrum dögum áður í Keflavík og siglt honum til Hafnarfjarðar. Að sögn ákærða Halldórs Sigurjóns hafði leigutíminn átt að hefjast 10. september, en dráttur varð á afhendingu bátsins. Ákærðu greiddu að jöfnu sinn hluta í leigunni fyrir bátinn svo og í öðrum kostnaði vegna ferðarinnar til Belgíu.

Ákærði Harry kveðst hafa tekið lokapróf í Stýrimannaskólanum 1957 og hafa ótakmörkuð skipstjórnarréttindi. Ákærði Halldór Sigurjón kveðst hafa lokið stýrimannsprófi árið 1961 og hafa síðan starfað sem stýrimaður á skipum Jökla h/f. Ákærði Guðjón Svanar kveðst hafa stundað farmennsku á skipum Jökla h/f í 4½—5 ár. Ákærði Sigurður Lyngberg kveðst ekki hafa neins konar vélstjóraréttindi, en hafa fengizt við vélar s.l. 20 ár. Ákærði kveður ákærða Harry hafa útvegað eitthvert plagg, sem hann hafi skrifað undir. Hafi ákærði Harry jafnframt sagt, að hann ætlaði að útvega undanþágu. Ákærði Kristján Norman kvaðst hafa lokið stýrimannsprófi fyrir um 3 árum.

Ákærðu Sigurður Lyngberg og Kristján Norman kveðast ekki vita, hvaða skjöl hafi fylgt m/b Ásmundi. Ákærði Harry kveður flest skipsskjöl með fyrra nafni hafa fylgt bátnum, en vantað hafi þjóðernis- og skráningarskírteini svo og alþjóðlegt mælingarbréf. Hins vegar hafi fylgt á hið nýja nafn bátsins haffæris- og fjarskiptaskírteini. Ákærði Guðjón Svanar kveður og mælingarbréf með eldra nafni bátsins hafa fylgt honum, og einnig kveðst hann halda, að haffærisskírteini á eldra nafn bátsins, sem gefið var út í febrúar eða marz og takmarkað við siglingar hér við

land, hafi verið fyrir hendi. Kveðst ákærði þó ekki vita nema það hafi verið útrunnið. Ákærði kveður ráð hafa verið fyrir því gert við Halldór Halldórsson skipasala að fá fullkomið haffærisskírteini, á meðan ákærðu höfðu önnur áform í huga en framkvæmd voru. Einnig hafi ákærðu ætlazt til þess, að þeir fengju fullkomið mælingarbréf, en hvorugt hafi fengizt. Kveður ákærði skipsskjölin nánast hafa verið grafin upp úr drasli.

Að kvöldi miðvikudagsins 27. september lögðu ákærðu af stað frá Hafnarfirði á m/b Ásmundi áleiðis til Ostende í Belgíu. Þegar komið var suður fyrir Reykjanesskaga, varð bilun í vél bátsins og fleiru, og var snúið við aftur til Hafnarfjarðar. Var höfð viðdvöl þar, á meðan viðgerð fór fram. Var viðgerð lokið sunnudaginn 1. október, og var lagt af stað aftur að kvöldi þess dags. Komið var til Vestmannaeyja um hádegi daginn eftir. Var rafallinn þá bilaður og beðið, á meðan viðgerð fór fram. Viðgerð var lokið að kvöldi þriðjudagsins 3. október, og var lagt af stað skömmu fyrir miðnætti. Á leiðinni voru hafðar vaktir. Voru saman á annarri vaktinni ákærðu Harry og Guðjón Svanar og á hinni ákærðu Halldór Sigurjón og Kristján Norman, en ákærði Sigurður Lyngberg var utan vakta.

Daginn áður en báturinn kom til Ostende, þ. e. sunnudaginn 8. október, skrúfaði ákærði Sigurður Lyngberg skiltið með nafni bátsins af brúnni. Var síðan málað á bakhlið þess „ÞORLEIF ROGNVALDSSON — OLAFSFJÖRÐUR". Kveðst ákærði Sigurður Lyngberg hafa byrjað að mæla fyrir stöfum, gera hólf fyrir þá og verið byrjaður að mála, en ákærðu Harry og Guðjón Svanar hafi lokið því verki. Skiltið var grænt á bakhlið, og voru stafirnir á því hafðir bláir. Ákærðu festu síðan skiltið aftur á brúna, þannig að bakhliðin með framangreindu nafni og heimilisfangi vissi út. Á kinnung bátsins stóð GK 30, en ekkert nafn. Ákærðu Halldór Sigurjón og Kristján Norman voru ekki á vakt, er þetta gerðist, og unnu því ekki að þessu.

Ákærðu komu til Ostende mánudaginn 9. október um hádegi. Kveður ákærði Harry þá hafa aðeins þurft að sýna mælingarbréf, en það hljóðaði á fyrra nafn bátsins. Ákærðu höfðu skiltið með nafninu Þorleifur Rognvaldsson uppi þar til á heimleið, er þeir voru komnir í nánd við Færeyjar, að sumir þeirra hafa talið, en þá var því snúið við aftur.

Þegar komið var til Ostende, hringdi ákærði Harry til Seeuwen og tilkynnti honum komu bátsins. Brá hann skjótt við og kom til Ostende um kvöldið. Var báturinn þá orðinn mikið á eftir

áætlun, þar sem ráðgert hafði verið að hann yrði kominn til Ostende 6 dögum eftir fyrri brottfarardaginn frá Hafnarfirði.

Samkvæmt upplýsingum frá N. V. Blankenheym & Nolet's Distilleerderu í Rotterdam í Hollandi, þar sem geneverfarmurinn var keyptur, hafði N. V. Import & Export J. A. Stam í Amsterdam fyrst samband við fyrirtækið símleiðis hinn 25. september s.l. út af kaupunum. Fóru tveir starfsmenn fyrirtækisins og ræddu við J. A. Stam um málið hinn 27. sama mánaðar. Afgreiddi fyrirtækið síðan til hans hinn 10. október 1.000 kassa, eða 12.000 lítra, af gömlum genever, og var verð þeirra alls 27.800 hollenzk gyllini, en til frádráttar kom 15% afsláttur, þannig að endanlegt verð var 23.630 gyllini.

Franciscus Pieter Z. van Heijningen, prókúruhafi fyrir N. Y. Blankenheim & Nolet's Distilleerderu, hefur mætt sem vitni í máli þessu. Vitnið kveður geneverfarminn hafa verið seldan „ex factory", þ. e. við verksmiðjudyr, og sendan með flutningafirma til vörugeymslu í Antwerpen. Hafi skjölin verið útbúin í samræmi við þetta. Farmurinn var sóttur á bifreið með tengivagni. Vitnið kveður fyrirtækið J. A. Stam vera skráð af ríkinu sem útflutnings- og innflutningsfirma og hafi þetta allt virzt mjög traustvekjandi, en fyrirtæki vitnisins hefur aldrei haft viðskipti við firma þetta. J. A. Stam vildi ekki skýra nánar frá því, hvert áfengið ætti að fara, en tók fram, að þetta ætti að sendast til Antwerpen. Kveður vitnið engum hafa dottið í hug, að farmurinn ætti að fara til Íslands. Ætlunin var að selja áfengið gegn staðgreiðslu, en vegna þess hve þeim leizt vel á J. A. Stam, var veittur gjaldfrestur, og kom greiðslan fyrir það síðar. Á vörureikninginn var skráð J. A. Stam og ákvörðunarstaður áfengisins, sem hann hafði gefið upp. Fyrirtæki vitnisins útvegaði útflutningsleyfi fyrir áfenginu til Belgíu. Aðspurt um það, hvort hollenzk fyrirtæki geri svo stórar pantanir til fríhafnar í Belgíu, kvað vitnið svo ekki vera. Þetta sé um það bil helmingi meira magn en venjulegt sé. Vitnið bætti því þó við, að svipað magn og þetta sé stundum sent til einstakra ákvörðunarstaða, t. d. í Þýzkalandi eða Quebeck í Kanada. Vitnið kveðst ekki hafa átt viðskipti við Seeuwen, en heyrt á hann minnzt í sambandi við það, að hann er umboðsmaður fyrir íslenzkt skipafélag. Vitnið var veikt í um vikutíma, eftir að framangreind pöntun var afgreidd, en það kveðst hafa heyrt minnzt á Seeuwen í flutningadeildinni í sambandi við sendingu hennar og fyrirtækið J. A. Stam. Ákærðu höfðu ekki látið Seeuwen vita um töfina, og sagði hann þeim,

að sögn ákærða Halldórs Sigurjóns, er hann kom út í bátinn til þeirra, að áfengið hefði farið til baka, að ákærða skildist til Hollands. Kvaðst hann þó mundu koma því til Ostende.

Miðvikudaginn 11. október rétt eftir hádegi var komið með geneverfarminn að skipshlið á flutningabifreið með tengivagni. Sáu þarlendir verkamenn um útskipun hans í bátinn, en ákærðu aðstoðuðu við að koma honum fyrir í lest og lúkar. Fór þetta fram án nokkurrar leyndar. Farmurinn átti að vera 1.000 kassar af genever. Ákærði Kristján Norman kveðst ekki hafa talið kassana, og ákærði Sigurður Lyngberg veit ekki, hvort þeir voru taldir, en tollverðir voru viðstaddir útskipunina. Ákærði Guðjón Svanar kveðst hins vegar hafa talið kassana og sömuleiðis hafi tollverðirnir talið þá, er þeir voru teknir úr bifreiðinni og skipað út í bátinn. Að útskipun lokinni innsigluðu tollverðir lestina og lúkarinn.

Auk geneverfarmsins keyptu ákærðu alls 10 kassa, eða 120 flöskur, af Baccardi rommi og whisky, 25 kassa, eða 600 flöskur, af áfengum bjór og 50 lengjur, eða 10.000 stk., af vindlingum. Ákærðu skiptu þessu jafnt á milli sín, og greiddi hver þeirra kr. 3.000.00 fyrir sinn hluta. Tollverðir innsigluðu einnig áfengisbirgðir þessar, að sögn ákærða Sigurðar Lyngbergs. Ákærðu kveða þó tollverðina hafa fengið eitthvað af þessu og eins hafi þeir notað eitthvað á leiðinni hingað.

Að kvöldi miðvikudagsins 11. október, nokkru áður en ákærðu héldu á brott frá Ostende, kom Seeuwen út í bátinn til þeirra. Ákærðu staðhæfa, að þeir hafi ekkert vitað um, hvernig hann fór að því að útvega þeim áfengið. Kveðast þeir engin útflutningsskjöl hafa séð varðandi það. Seeuwen kom með kvittun, sem ákærði Harry undirritaði um móttöku farmsins. Jafnframt greiddi hver ákærðu kr. 85.000.00, eða samtals kr. 425.000.00, í hundrað króna seðlum til hans, og lét hann þá hafa kvittun fyrir móttöku fjárins. Ákærðu kveðast hafa átt að greiða meira fyrir áfengið, ef áform þeirra heppnaðist, og hafa sumir þeirra haldið því fram, að verð hvers kassa hafi þá átt að vera kr. 800.00. Ákærði Sigurður Lyngberg kveðst þó hafa talið, að greiðslan til Seeuwen væri fullnaðargreiðsla. Í þessu verði átti að vera innifalið flutningskostnaður að skipshlið, greiðsla á hafnargjöldum og útskipunarkostnaður.

Ákærðu kveðast hafa notið leiðsagnar hafnsögumanna, er þeir komu til Ostende og eins er þeir héldu þaðan á brott. Kveðast

ákærðu Harry og Halldór Sigurjón hafa sagt þeim, að þeir væru að koma frá L'Havre í Frakklandi og væru á leið til Færeyja, en hefðu komið við í Ostende til að taka vistir og olíu.

Á leiðinni til Íslands fengu ákærðu tvisvar vont veður. Kveða þeir sjó hafa komizt í farminn og hann spillzt. Ákærði Harry kveður hafa verið haldna leiðarbók, en hún hafi blotnað og eyðilagzt og því verið hent.

Ákærðu komu til Reykjavíkur snemma að morgni fimmtudagsins 19. október og héldu inn að Gelgjutanga, þar sem m/b Vísundur lá. Síðasta spölinn inn sundin voru siglingaljósin slökkt, að sögn sumra ákærðu að boði ákærða Harrys, sem hefur þó neitað þessu. Voru þeir komnir að m/b Vísundi, RE 280, um kl. 0430, að því er næst verður komizt af framburðum þeirra. Áður en að m/b Vísundi kom, höfðu ákærðu flutt nokkuð af farminum upp á þilfar. Ákærðu lögðu bátnum upp að m/b Vísundi og byrjuðu þegar að flytja farminn yfir í hann. Telja þeir sig hafa flutt meiri hlutann, 600—700 kassa, að þeir hafa gizkað á, yfir í m/b Vísund. Þegar klukkan var orðin rúmlega 0700, töldu ákærðu ekki óhætt að vera þarna lengur, bæði vegna þess að bjart var orðið og eins vegna þess, að fjaraði út. Gengu þeir frá m/b Vísundi og ber saman um það, að ekki hafi eftir það verið hreyft þar við neinu. Ákærðu Halldór Sigurjón og Guðjón Svanar fóru í land, en hinir ákærðu fóru með m/b Ásmund til Hafnarfjarðar. Komu þeir þangað kl. 0900—1000, og var lagzt þar við bryggju utan á báta. Voru ákærðu Halldór Sigurjón og Guðjón Svanar þá einnig komnir þangað ásamt eiginkonu ákærða Sigurðar Lyngbergs. Eftir nokkra viðdvöl héldu ákærðu á brott að undanskildum ákærða Kristjáni Norman, er varð eftir í bátnum til að gæta hans. Ákærðu tóku með sér einhverja muni sína og sömuleiðis eitthvað af vindlingum, að sögn ákærða Guðjóns Svanars. Um hádegi fór ákærði Guðjón Svanar suður í Hafnarfjörð, en hvarf þaðan aftur um kl. 1500, og var nú ekkert aðhafzt fyrr en um kvöldið. Um kl. 1830 fékk ákærði Sigurður Lyngberg sendiferðabifreiðina R 17574 að láni hjá eiganda hennar, sem ákærði þekkir, undir því yfirskyni, að hann þyrfti að flytja eitthvað fyrir kunningja sinn. Hélt ákærði á bifreiðinni til Hafnarfjarðar og notaði hana um kvöldið til flutninga á áfengi úr bátnum til Reykjavíkur. Kvöldið eftir fékk ákærði bifreið þessa einnig lánaða og notaði hana við áfengisflutninga. Ákærði Guðjón Svanar tók station-bifreiðina Y 246, sem er eign föður hans, að honum

fjarverandi og notaði hana við flutninga áfengisins. Þriðja bifreiðin, sem notuð var, var bifreið ákærða Halldórs Sigurjóns, Y 21561.

Ákærðu unnu allir að því að flytja áfengið úr bátnum að kvöldi fimmtudagsins 19. október, en eigi aðrir að þeirra sögn. Færðu þeir m/b Ásmund upp að bryggjunni og fluttu áfengið úr honum í bifreiðarnar. Ákærðu fóru 3 ferðir með áfengi að Hrísateig 22 hér í borg og komu því fyrir þar í bílskúr, sem ákærði Sigurður Lyngberg hafði fengið léðan hjá móður sinni. Eigi kveðast ákærðu vita nákvæmlega, hve mikið magn hafi farið í bílskúrinn, en hafa gizkað á, að það hafi verið 150—160 kassar. Ákærði Kristján Norman kveðst hafa talið 111 kassa, er fluttir voru í tveimur af ferðunum. Ákærði Guðjón Svanar hefur staðfest, að ákærði Kristján Norman hafi sagt sér þetta, en í þriðju ferðinni kveður hann hafa verið flutt 10 kössum meira en í hinum tveimur. Hafi 28 kassar, sem voru í bílskúrnum, verið fluttir heim til sín. Magn það, er fór í Sænsk-íslenzka frystihúsið, hafi reynzt 122 kassar. Kveður ákærði því vanta meira en 20 kassa, sem að áliti hans hafi farið í bílskúrinn.

Auk flutninganna í bílskúrinn voru farnar 2 ferðir með áfengi heim til ákærða Guðjóns Svanars. Kveðst ákærði hafa ætlað að geyma það þar til bráðabirgða. Að því er næst verður komizt, voru 88 kassar fluttir heim til ákærða.

Sterka áfengið, áfengi bjórinn og vindlingarnir var flutt frá m/b Ásmundi á bifreið ákærða Halldórs Sigurjóns og komið heim til ákærðu. Eins og áður greinir, hafa ákærðu skýrt frá því, að varningur þessi hafi verið alls 120 flöskur af Baccardi rommi og whisky, 25 kassar af áfengum bjór og 50 lengjur af vindlingum, og skiptist hann að jöfnu milli ákærðu. Hafa ákærðu haldið því fram, að nokkuð af varningi þessum hafi verið notað til gjafa handa tollvörðum úti í Belgíu, en sumt verið notað á leiðinni hingað til lands.

Af hluta ákærða Harrys í varningi þessum fannst ekkert, eins og áður greinir. Ákærði Halldór Sigurjón kveður varning þann, er farið var með heim til ákærða Harrys, hafa verið 1 kassi af Baccardi rommi, um ½ kassi af whisky, 5 kassar af bjór og vindlingarnir, sem upphaflega hafi verið 10 lengjur. Ákærði Harry kveðst hins vegar hafa átt eftir við komuna hingað til lands 11 flöskur af Baccardi rommi, 4—5 flöskur af whisky og 4—5 lengjur af vindlingum, sem hann hafi sett í farangursgeymslu bifreiðar sinnar, er komið var með það heim til hans.

Var gerð leit þar, en ekkert fannst, eins og að framan er rakið.

Ákærði Halldór Sigurjón kveður það, sem hann kom með hingað til lands af varningi þessum, hafa verið 2 kassa af Baccardi rommi, 4 kassa af bjór og 8—9 lengjur af vindlingum. Af varningi þessum fannst ekkert við leit. Kveðst ákærði hafa komið þessu fyrir í kjallarageymslu heima hjá sér. Þegar ákærði vissi, að komizt hafði upp um atferli þeirra ákærðu, kveðst hann hafa farið þangað, hellt áfenginu úr flöskunum, rifið áfengis- og bjórkassana sundur og sett þá síðan ásamt flöskunum frá áfenginu, bjórinn og vindlingana í sorptunnu, sem er í sorptunnugeymslu í kjallaranum, en að því búnu sett rusl ofan á.

Ákærði Guðjón Svanar fór með heim til sín auk geneversins 12 flöskur af rommi, 12 flöskur af whisky, 5 kassa af Tuborg bjór og vindlingana. Áfengið fannst við leit heima hjá ákærða, en vindlingarnir ekki. Kveðst ákærði hafa gefið þá, en vildi ekki segja hverjum.

Ákærði Sigurður Lyngberg hefur viðurkennt að hafa flutt heim til sín 2 kassa af rommi, 5 kassa af bjór og 10 lengjur af vindlingum. Kassarnir með rommflöskunum og bjórnum fundust heima hjá ákærða, en vindlingarnir ekki. Kvað ákærði þá þó hafa verið þar, er leitin var gerð, en sennilega sé búið að nota þá.

Ákærði Kristján Norman hefur viðurkennt að hafa tekið við sínum hluta ofangreinds varnings í bifreið ákærða Halldórs Sigurjóns, en eftir af honum var við komuna hingað til lands 2 kassar af rommi, 4 kassar af bjór og 9 lengjur af vindlingum. Við leit hjá ákærða fundust 1 kassi af rommi, 2 kassar af bjór og 9 lengjur af vindlingum. Ákærði vildi ekki gefa upp, hvað hann hefði gert við hinn kassann með romminu, en kvað hann ekki hafa verið seldan. Einn kassa af bjór kveðst ákærði hafa gefið, en eigi vildi hann segja hverjum, hálfan kassa hafi hann verið búinn að drekka, en hinn helmingurinn hafi orðið eftir við leitina.

Umræddum flutningum úr m/b Ásmundi var hætt fyrir miðnætti, og var ekkert frekar aðhafzt þar til daginn eftir. Eins og áður greinir, kveða ákærðu nokkuð af pappakössunum, er geneverflöskurnar voru í, hafa blotnað á leiðinni hingað til lands og mikið af flöskum brotnað af þeim sökum. Hafi því eigi verið unnt að ljúka affermingu um nóttina og átt að bíða til næsta kvölds. Ákærðu gengu frá bílskúrnum að Hrísateigi 22. Negldu þeir aftur hurðirnar fyrir honum, en sá frágangur var algerlega ófullnægjandi, að þeirra sögn.

Snemma að morgni föstudagsins 20. október fóru ákærðu til Hafnarfjarðar. Hafði ákærði Halldór Sigurjón útvegað nýja pappakassa í stað þeirra, sem eyðilagzt höfðu. Voru geneverflöskurnar settar í kassa þessa og lagað til í lestinni. Að því búnu héldu ákærðu að undanskildum ákærða Halldóri Sigurjóni fyrir Hafnarfjörð á bátnum, og var ónýtu kössunum og brotnu flöskunum hent í sjóinn. Kveða ákærðu mikið hafa verið brotið af flöskum í farminum. Þá var haldið til Hafnarfjarðar aftur og lagzt við bryggju.

Ákærðu höfðust ekki að eftir hádegið að undanskildu því, að ákærði Guðjón Svanar kveðst hafa selt 4 kassa af genever af birgðum þeim, sem geymdar voru heima hjá honum, fyrir 16.000.00 kr. Ákærði hefur ekki viljað skýra frá því, hver kaupandinn hafi verið, og hefur ekki tekizt að finna hann. Salan fór fram, án þess að meðákærðu hefðu afskipti af.

Nokkru eftir hádegi þennan dag fengu ákærðu grun um, að farið hefði verið í bílskúrinn að Hrísateig 22 og jafnvel stolið þar áfengi. Byggðu þeir þetta á því, að frágangur var annar á bílskúrshurðinni en kvöldið áður. Fannst ákærðu því ekki óhætt að geyma geneverbyrgðirnar áfram í bílskúrnum og ákváðu að flytja þær þaðan. Fékk ákærði Halldór Sigurjón augastað á Sænsk-íslenzka frystihúsinu, en þar starfar mágur hans, ákærði Gunnar Baldursson. Fór ákærði þangað og hitti ákærða Gunnar að máli. Fór hann þess á leit við hann, að hann léði sér geymslustað fyrir áfengið, er var í bílskúrnum. Kveðst hann hafa sagt honum, að áfengið væri ólöglega innflutt. Ákærði Halldór Sigurjón kveður ákærða Gunnar hafa verið tregan til að taka við áfenginu, en hann hafi þröngvað honum til þess. Hafi ákærði Gunnar látið tilleiðast vegna mágsemdanna við ákærða. Ákærði Gunnar átti ekki að fá neitt fyrir þetta, og hann átti engan annan þátt í brotinu.

Ákærði Gunnar hefur skýrt frá því, að ákærði Halldór Sigurjón hafi komið til sín á vinnustað í Sænsk-íslenzka frystihúsinu að kvöldi umrædds dags á tímanum milli kl. 1800 og 1900. Var ákærði Halldór Sigurjón einn síns liðs. Spurði hann ákærða að því, hvort hann gæti útvegað sér húsnæði til að geyma smávegis, sem þó mætti ekki vera fyrir allra augum. Ekki minntist hann á, um hvaða varning væri að ræða, hvert magn hans væri né heldur hve lengi ætti að geyma hann. Kveðst ákærði hafa tekið mjög illa í þetta og verið tregur til, enda hafi honum ekki verið ljóst, um hvað var að ræða. Lagði ákærði Halldór Sigurjón mjög

fast að ákærða að verða við þessu, án þess þó að hann gerði nánar grein fyrir því. Kveðst ákærði þá hafa látið tilleiðast. Ákærði Halldór Sigurjón kom fljótlega aftur í bifreið, og voru þá með honum 3—4 menn. Kveðst ákærði hafa kannazt þar við ákærðu Harry og Kristján Norman, en hann hafði verið með hinum síðarnefnda til sjós fyrir allmörgum árum. Fljótlega eftir að ákærðu komu, kveðst ákærði hafa gert sér ljóst, hvað um var að vera. Vísaði hann þeim á geymslustað fyrir farminn yfir vélarsalnum. Þegar hér var komið, kveður ákærði hafa verið að gerast miklu meira en hann hafi órað fyrir, svo að hann hafi farið úr jafnvægi. Ákærði kveðst eitthvað lítillega hafa aðstoðað við að koma kössunum í geymsluna. Þegar búið var að losa sendiferðabifreiðina og koma varningnum fyrir, fóru ákærðu á brott, en komu brátt aftur með farm á henni. Var varningnum komið fyrir á sama hátt og áður. Ákærði kveðst ekki hafa talið kassana, en ekkert hafi verið hreyft við þeim og hafi komizt í hendur lögreglunnar allt það, er sett var í geymsluna.

Ákærðu kveðast hafa flutt meginhlutann af áfengismagni því, er var í bílskúrnum, í Sænsk-íslenzka frystihúsið, eftir að Halldór Sigurjón var búinn að fá geymsluplássið þar. Fluttu þeir áfengið í tveimur ferðum og komu því fyrir í geymslunni. Kveðast þeir ekki hafa hreyft við því þar eftir það. Eins og áður greinir, fóru 28 kassar af áfengismagni því, er var í bílskúrnum, heim til ákærða Guðjóns Svanars, að hans sögn.

Þegar flutningum þessum var lokið, héldu ákærðu til Hafnarfjarðar til að sækja það, sem eftir var af farminum. Þegar niður á bryggjuna kom, sem m/b Ásmundur lá við, urðu ákærðu varir við tollverði, og varð þeim þá ljóst, að upp hafði komizt um atferli þeirra. Héldu 4 ákærðu á brott í bifreiðum sínum.

Ákærði Sigurður Lyngberg varð eftir og var handtekinn á bryggjunni, er hann var að fara út í bátinn. Ákærðu Harry, Halldór Sigurjón og Guðjón Svanar voru handteknir heima hjá sér um kvöldið, en ákærði Kristján Norman morguninn eftir.

I.

Verjendur hinna 5 fyrsttöldu ákærðu hafa krafizt þess, að framhaldsákærunni í máli þessu verði vísað frá dómi. Telja þeir heimild til útgáfu framhaldsákæru bresta samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 82/1961, þar sem upplýsingar um atferli það, sem ákærðu er gefið þar að sök, hafi legið fyrir við þingfestingu málsins.

Af hálfu ákæruvaldsins hefur frávísunarkröfu þessari verið mótmælt og þess krafizt, að efnisdómur gangi um atferli það, sem í framhaldsákæru greinir. Var því lýst yfir af hálfu ákæruvaldsins, að framhaldsákæran hefði verið gefin út, strax og þörfin á henni varð kunn.

Við ákvörðun um þetta atriði þykir verða að miða við þessa yfirlýsingu ákæruvaldsins, enda er ekkert sérstakt fram komið í máli þessu, er leiði í ljós hið gagnstæða. Samkvæmt þessu svo og því, að framhaldsákæran var birt verjendum ákærðu með hæfilegum fyrirvara fyrir flutning málsins, þykir með tilvitnun til 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961 verða að hafna kröfunni um frávísun framhaldsákærunnar.

Eins og að framan greinir, hafa ákærðu skýrt frá því, að Seeuwen, fyrrverandi ræðismaður, hafi útvegað þeim 1.000 kassa, eða 12.000 flöskur, af genever, en áfengi þetta var keypt hjá N. V. Blankenheym & Nolet's Distilleerderu í Rotterdam og síðar sent til Ostende í Belgíu, þar sem ákærðu veittu því móttöku. Rækileg talning fór þó eigi fram á farminum við móttöku hans, og ákærðu kveða mikið hafa brotnað af flöskum í honum á leiðinni hingað til lands í ofviðri, sem þeir hrepptu. Hafa þeir ekki getað staðhæft neitt um það, hve mikið hafi komizt hingað til lands heilt af farminum. Þykir verða að leggja þetta til grundvallar í málinu og því varhugavert að telja fullkomlega sannað, að ákærðu hafi flutt ólöglega meira magn af genever hingað til lands en kom í leitirnar hjá tollgæzlu- og lögreglumönnum, eins og að framan er upptalið, svo og 4 kassa með alls 48 flöskum af genever, sem ákærði Guðjón Svanar hefur viðurkennt að hafa selt.

Auk geneverfarmsins hafa ákærðu viðurkennt að hafa keypt alls í ferðinni 120 flöskur af Baccardi rommi og whisky, 25 kassa, eða 600 flöskur, af áfengu öli og 50 lengjur af vindlingum. Þykir verða að leggja þann framburð þeirra til grundvallar, að þeir hafi gefið tollvörðum í Ostende af varningi þessum og eins notað eitthvað af honum á leiðinni hingað til lands. Telst því ekki sannað, að þeir hafi flutt ólöglega hingað meira magn af varningi þessum en þeir hafa viðurkennt, eins og hér að framan hefur verið rakið. Ber því að sýkna ákærðu af ákærunni að þessu leyti.

Framangreint atferli ákærðu, sem sannað er með játningum þeirra og öðrum gögnum í máli þessu, varðar við 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit, innflutningur

áfengisins auk þess við 3. gr., sbr. 1. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. gr., sbr. 12. gr. laga um einkasölu á áfengi nr. 69/1928, en innflutningur tóbaksins auk fyrst talda ákvæðisins við 1. gr., sbr. 15. gr. laga um einkasölu á tóbaki nr. 58/1931.

II.

Með játningum ákærðu er sannað, að þeir fluttu til Ostende í Belgíu hver um sig íslenzka peninga að fjárhæð kr. 88.000.00, eða samtals allir kr. 440.000.00, að því er talið er í 100 króna seðlum, sem þeir afhentu þar í borg til greiðslu ofangreinds varnings.

Varðar þetta atferli þeirra við 5. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. og 22. gr., sbr. 2. mgr. 24. gr. reglugerðar um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. nr. 79/1960, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 123/1962 um breytingu á þeirri reglugerð.

III.

Með játningu ákærðu er sannað, að 3 þeirra breyttu nafni m/b Ásmundar á leiðinni út til Belgíu, að því er ákærðu hafa talið sunnudaginn 8. október, með þeim hætti, að skilti með hinu rétta nafni bátsins var skrúfað af brúnni, málað á hina hlið þess „ÞORLEIF ROGNVALDSSON — OLAFSFJÖRÐUR“ og það síðan fest upp aftur með þeirri áletrun sem heiti á bátnum. Sigldu ákærðu síðan bátnum með þessu nafni til Ostende og þaðan heim á leið, en þá sneru þeir skiltinu aftur við og notuðu hið rétta heiti bátsins. Með þessu atferli hafa ákærðu orðið brotlegir gegn 5. mgr. 13. gr., sbr. 25. gr. laga um skráningu skipa nr. 17/1948, sbr. 4. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Með játningu Guðjóns Svanars þykir sannað, að hann hafi síðdegis föstudaginn 20. október s.l. selt manni, sem hann vill ekki nafngreina, 4 kassa með 48 flöskum af margnefndum geneverbirgðum fyrir samtals 16.000.00 kr.

Varðar þetta atferli ákærða við 18. gr., sbr. 1. mgr. 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

V.

Sannað er með játningu ákærða Gunnars og framburðum ákærðu, að ákærði Gunnar veitti viðtöku til geymslu í Sænsk-

íslenzka frystihúsinu 122 kössum af framangreindum geneverbirgðum og aðstoðaði meðákærðu við að koma þeim þar fyrir, en áfengi þetta var ætlað til sölu samkvæmt framburðum ákærðu.

Varðar umrætt atferli ákærða Gunnars við 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit.

VI.

Við ákvörðun refsinga ákærðu Harrys, Halldórs Sigurjóns, Guðjóns Svanars, Sigurðar Lyngbergs og Kristjáns Normans þykir verða að miða við þann framburð þeirra, að geneverfarmurinn hafi verið sameign þeirra, þannig að hver þeirra hafi átt ⅕ hluta af honum.

Með hliðsjón af því, að ákærði Harry var frumkvöðull að áfengiskaupunum erlendis, fararinnar til Belgíu og hafði skipstjórn á hendi á m/b Ásmundi, þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 4 mánaða fangelsi og 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en fangelsi í 10 mánuði komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Halldórs Sigurjóns þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 3 mánaða fangelsi og 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en fangelsi í 10 mánuði komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Guðjóns Svanars þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 3 mánaða fangelsi og 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en fangelsi í 10 mánuði komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Sigurðar Lyngbergs þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 3 mánaða fangelsi og 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en fangelsi í 10 mánuði komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Kristjáns Normans þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 3 mánaða fangelsi og 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en fangelsi í 10 mánuði komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Rétt þykir, að gæzluvarðhald ákærðu frá 21. október—23. nóvember s.l. komi til frádráttar fangelsisrefsingunum.

Loks þykir refsing ákærða Gunnars hæfilega ákveðin 10.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, 33. gr. i. f. áfengislaga, 12. gr. laga um einkasölu á áfengi og 15. gr. laga um einkasölu ríkisins á tóbaki ber að dæma ákærðu Harry, Halldór Sigurjón, Guðjón Svanar, Sigurð Lyngberg og Kristján Norman til að þola upptöku á 10.938 lítra flöskum af genever, 12 flöskum af whisky, 48 flöskum af rommi, 264 flöskum af áfengum bjór og 90 pökkum af vindlingum, er tollgæzlumenn lögðu hald á.

Þá er þess krafizt í ákæru, að ákærði Kristján Ragnar verði dæmdur til að þola upptöku á m/b Ásmundi, GK 30, til ríkissjóðs samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954, en í ákvæði þessu segir, að flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skuli það gert upptækt handa ríkissjóði með dómi.

Hin almennu ákvæði í íslenzkri löggjöf um eignaupptöku eru í 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Segir þar, að gera megi upptæka með dómi hluti, sem hafðir hafi verið til að drýgja brot með, nema þeir séu eign manns, sem ekkert er við brotið riðinn. Gildir ákvæði þetta ekki einungis um brot, sem refsiverð eru samkvæmt almennum hegningarlögum, heldur tekur það einnig til brota, sem refsing er lögð við í öðrum lögum, þótt til sé fjöldi upptökuákvæða, sem víkja frá því. Ákvæði þetta er valkvætt, þ. e. heimilar dómstóli hverju sinni mat á því, hvort upptaka skuli fara fram, og enn fremur er það skilyrði, að maður sá, sem upptakan beinist gegn, sé við brotið riðinn.

Ákvæði í 1. tl. 4. mgr. 33. gr. áfengislaga víkur að áliti dómsins frá þessari almennu reglu um eignaupptöku. Hafi varzla á skipi stofnazt með lögmætum hætti, þykir ákvæði þetta ekki verða skilið öðruvísi en svo, að það leggi dómstóli þá skyldu á herðar að dæma upptöku að uppfylltum þeim skilyrðum, sem í greininni segir, þ. e. að ólöglega innflutt áfengi sé meginhlutinn af farmi skips, jafnvel þótt eigandi skipsins eigi ekki sök á broti.

Við flutning máls þessa var því haldið fram, að framangreint ákvæði bryti í bága við 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Á þessa skoðun þykir ekki verða fallizt, þar sem ákvæði þetta er byggt á því, að skip hafi verið notað til að drýgja brot með og upptaka fari því fram sem afleiðing af refsiverðum verknaði.

Svo sem fram er komið í málinu, var svo til allur farmurinn í m/b Ásmundi áfengi. Þykir því samkvæmt framansögðu verða að fallast á þá kröfu ákæruvaldsins, að eigandi bátsins, ákærði Kristján Ragnar, skuli þola upptöku á honum til ríkissjóðs, enda þótt eigi sé fram komið í málinu, að hann eigi nokkra sök á broti því, er að framan greinir.

Samkvæmt 1. mgr. 3. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit þykir rétt að dæma ákærða Guðjón Svanar til að þola upptöku á ólöglegum ávinningi að fjárhæð kr. 16.000.00, er honum áskotnaðist með sölunni á 48 flöskum af genever.

Ákærða Harry ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum, Sveini Snorrasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun, ákærða Halldór Sigurjón ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum, Tómasi Árnasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun, ákærða Guðjón Svanar ber að dæma til að greiða í réttargæzluþóknun til Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns kr. 5.000.00 og í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00, ákærða Sigurð Lyngberg ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum, Hákoni Kristjónssyni héraðsdómslögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun, ákærða Kristján Norman ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun og ákærða Gunnar ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum, Jóni Arasyni héraðsdómslögmanni, kr. 8.000.00 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, er þykja hæfilega ákveðin kr. 20.000.00, ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum.

Af ákæru verður eigi ráðið, að krafa sé gerð á hendur ákærða Kristjáni Ragnari um greiðslu sakarkostnaðar, þar sem málið er í niðurlagi ákæru einungis höfðað gegn honum til að sæta upptöku m/b Ásmundar, GK 30. Ber því að dæma ríkissjóð til að greiða skipuðum verjanda hans, Matthíasi Á. Mathiesen hæstaréttarlögmanni, kr. 15.000.00 í málsvarnarlaun, en að öðru leyti þykja ekki efni til að dæma ríkissjóð til greiðslu sakarkostnaðar af þessum sökum.

Dómsorð:

Ákærði Harry Steinsson sæti fangelsi í 4 mánuði og greiði 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en sæti fangelsi í 10

mánuði, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Halldór Sigurjón Sveinsson sæti fangelsi í 3 mánuði og greiði 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en sæti fangelsi í 10 mánuði, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Guðjón Svanar Sigurjónsson sæti fangelsi í 3 mánuði og greiði 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en sæti fangelsi í 10 mánuði, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Sigurður Lyngberg Magnússon sæti fangelsi í 3 mánuði og greiði 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en sæti fangelsi í 10 mánuði, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Kristján Norman Óskarsson sæti fangelsi í 3 mánuði og greiði 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en sæti fangelsi í 10 mánuði, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Til frádráttar fangelsisrefsingum ákærðu komi gæzluvarðhaldsvist þeirra frá 21. október til 23. nóvember 1967.

Ákærði Gunnar Baldursson greiði 10.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu Harry, Halldór Sigurjón, Guðjón Svanar, Sigurður Lyngberg og Kristján Norman skulu þola upptöku til ríkissjóðs á 10.938 lítra flöskum af genever, 12 flöskum af whisky, 48 flöskum af rommi, 264 flöskum af áfengum bjór og 90 pökkum af vindlingum.

Ákærði Kristján Ragnar Sigurðsson skal þola upptöku á m/b Ásmundi, GK 30, til ríkissjóðs.

Ákærði Guðjón Svanar skal þola upptöku á 16.000.00 kr. til ríkissjóðs.

Ákærði Harry greiði skipuðum verjanda sínum, Sveini Snorrasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun, ákærði Halldór Sigurjón greiði skipuðum verjanda sínum, Tómasi Árnasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun, ákærði Guðjón Svanar greiði Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni kr. 5.000.00 fyrir réttargæzlu og skipuðum verjanda sínum, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 15.000.00 í málsvarnarlaun, ákærði Sigurður Lyngberg greiði skipuðum verjanda sínum, Hákoni Kristjónssyni

héraðsdómslögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun, ákærði Kristján Norman greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun og ákærði Gunnar greiði skipuðum verjanda sínum, Jóni Arasyni héraðsdómslögmanni, kr. 8.000.00 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, greiði ákærðu Harry, Halldór Sigurjón, Guðjón Svanar, Sigurður Lyngberg, Kristján Norman og Gunnar in solidum.

Málsvarnarlaun Matthíasar Á. Mathiesen hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða Kristjáns Ragnars, kr. 15.000.00, skulu greiðast úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. október 1968.

Nr. 3/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Þorvaldi Ara Arasyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Manndráp. Svipting málflutnings- og verzlunarleyfa. Sýknað af ákæru um brot gegn 217. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram í Hæstarétti nokkur ný gögn.

Með bréfi, dags. 9. apríl 1968, sendi saksóknari ríkisins Læknaráði ágrip dómsgerða málsins og óskaði umsagnar þess um álitsgerð Þórðar Möllers yfirlæknis og hvort það

féllist á niðurstöður hans um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða.

Álitsgerð Læknaráðs um þetta efni er dags. 13. júní 1968, og segir svo í niðurlagi hennar:

„Læknaráð fellst á niðurstöður Þórðar Möller yfirlæknis um geðheilbrigði og sakhæfi Þorvalds Ara Arasonar, eins og þær koma fram í álitsgerð yfirlæknisins, dagsettri 12. maí 1967".

Að ósk verjanda ákærða í Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, samdi Sigurjón Friðbjörn Björnsson sálfræðingur skýrslu um viðkynningu sína af ákærða, en þeir ólust upp í sama byggðarlagi og voru samtímis í menntaskóla.

Skýrsla þessi var lögð fram í sakadómi og staðfest. Í tilefni af skýrslu þessari óskaði saksóknari ríkisins m. a. eftir áliti sálfræðingsins á sakhæfi ákærða. Í bréfi sálfræðingsins, dags. 19. júní 1968, segir í lok þess, „að eftir minni beztu vitund og þekkingu get ég ekki séð, að ákærði sé haldinn neinum þeim annmörkum, sem um getur í 15. grein almennra hegningarlaga".

II.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sýknu ákærða af broti gegn 217. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Sannað er, að ákærði réð fyrrverandi eiginkonu sinni bana af ráðnum hug í íbúð hennar að Kvisthaga 25 að morgni 7. janúar 1967, eins og nánar er skilmerkilega rakið í héraðsdómi, en eigi þykir verða staðhæft, að ásetningur hans til að fremja brotið hafi orðið til fyrr en við síðustu orðasennu þeirra. Varðar verknaður ákærða við 211. grein almennra hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 16 ár.

Samkvæmt 76. grein almennra hegningarlaga skal gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 7. janúar 1967 koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu leyfa ákærða til málflutnings og verzlunar.

Hinn 10. janúar 1968, er skjöl máls þessa höfðu borizt Hæstarétti, var Gunnar A. Pálsson hæstaréttarlögmaður, sem var skipaður verjandi ákærða í héraði, einnig skipaður verjandi hans fyrir Hæstarétti. Hinn 27. marz 1968 var hann að eigin ósk leystur frá þeim starfa, en hann hafði þá unnið að ágripsgerð í málinu. Sama dag var Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi ákærða fyrir Hæstarétti.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, samtals kr. 120.000.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Gunnars A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 95.000.00, og svo málflutningslaun skipaðs sverjanda síns fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Ari Arason, sæti fangelsi 16 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 7. janúar 1967 skal koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði er sviptur leyfum til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og löggildingu til sóknar opinberra mála í héraði og svo verzlunarleyfum sínum til heildsölu og smásölu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, samtals kr. 120.000.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Gunnars A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 95.000.00, og svo málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. október 1967.

Ár 1967, mánudaginn 30. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í fangahúsinu við Skólavörðustíg, kveðinn upp dómur í málinu nr. 406/1967: Ákæruvaldið gegn Þorvaldi Ara Arasyni, sem tekið var til dóms 24. sama mánaðar.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 19. maí s.l., er opinbert mál höfðað á hendur Þorvaldi Ara Arasyni hæstaréttarlögmanni, Sólvallagötu 63 í Reykjavík, gæzlufanga í hegningarhúsinu þar, fæddum 11. maí 1928 á Víðimýri í Skagafirði, fyrir að svipta fyrrverandi eiginkonu sína, Hjördísi Ullu Zebitz, lífi með hnífsstungum laugardagsmorguninn 7. janúar 1967 í íbúð hennar á I. hæð Kvisthaga 25 í Reykjavík eftir að hafa ruðzt með ofríki inn í íbúðina.

Telst þessi verknaður varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Enn fremur er hann ákærður fyrir líkamsmeiðingu með því að hafa við fyrrgreinda aðför að Hjördísi Ullu Zebitz á heimili hennar veitt Margréti Ingibjörgu *Paulu* Sveinsdóttur, þar dveljandi, skurðsár með hnífslagi, þegar hún hugðist ganga á milli og bjarga Hjördísi Ullu. Lenti hnífslagið framan á vinstra læri neðarlega.

Telst þessi verknaður varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þess er enn fremur krafizt samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga, að ákærði verði sviptur leyfum til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og löggildingu til sóknar opinberra mála í héraði svo og verzlunarleyfum (heildsöluleyfi og smásöluleyfi).

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. maí 1928 á Víðimýri í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, og hefur hann, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1949 10/10 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og brot á 9. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1950 10/1 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir ölvun við stjórn bifreiðar.

1952 5/1 í Reykjavík: Dómur: 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir í Vestmannaeyjum.

1954 25/10 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1961 12/5 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt framburði ákærða og vitna svo og öðrum gögnum, sem fram hafa komið í málinu, eru málavextir þessir:

I. kafli.

A. Hinn 3. október 1953 kvæntist ákærði Hjördísi Ullu Vilhjálmsdóttur Zebitz, sem fædd var 21. desember 1928. Þau eignuðust fjögur börn, og eru þau þessi: Steingrímur Ari, fæddur 31. desember 1953, Vilhjálmur Ari, fæddur 27. apríl 1956, Kristján Ari, fæddur 30. desember 1958, og Guðrún Ara, fædd 19. júní 1960, öll í Reykjavík. Hinn 1. desember f. á. var skilnaðarmál þeirra hjóna tekið fyrir hjá borgardómara. Konan krafðist lögskilnaðar vegna hjúskaparbrots ákærða. Viðurkenndi hann brot sitt, sem hann kvað hafa orðið þremur vikum eftir að honum hefði verið vísað að heiman, og samþykkti hann lögskilnaðarkröfuna. Með hjónunum varð samkomulag um forræði barna, meðlög, lífeyri og skiptingu eigna. Konan fékk forræði barnanna, og skyldi fasteignin Kvisthagi 25, II. (sic) hæð, verða eign hennar að hálfu og barnanna saman að hálfu, en fasteignin Sólvallagata 63 skyldi verða eign ákærða. Hinn 28. desember f. á. gaf dóms- og kirkjumálaráðuneytið út leyfisbréf til algerðs skilnaðar milli þeirra hjóna. Ákærði kveður, að mjög lítill samgangur hafi verið milli þeirra eftir skilnaðinn, en börn þeirra hafi komið í þrjú skipti í heimsókn til hans og seinast að kvöldi 6. janúar s.l.

B. Kl. 9 árdegis laugardaginn 7. janúar s.l. var hringt á lögreglustöðina í Reykjavík og beðið um aðstoð lögreglu að neðri hæð hússins nr. 25 við Kvisthaga hér í borg. Lögreglumennirnir Rúdólf Axelsson, Magnús Magnússon og Finnbogi Sigurðsson fóru á staðinn í bifreið, sem hinn síðastnefndi stýrði. Þegar hinir tveir fyrstnefndu gengu upp tröppur útidyra á nefndu húsi, mættu þeir ákærða, sem var að ganga þaðan út blóðugur á höndum. Fyrir innan útidyrnar var stúlka að nafni Sara Sigurðardóttir í mikilli geðshræringu. Hún benti á ákærða og bað lögreglumennina um að koma fljótt inn fyrir. Magnús Magnússon fór með ákærða út í lögreglubifreiðina, en Sara vísaði Rúdólfi Axelssyni inn á baðherbergi á neðri hæð hússins. Þar lá í baðkeri kona, mikið blóðug. Var hún með sýnilega áverka á brjósti og virtist vera látin. Reyndist þetta vera Hjördís Ulla Arason Zebitz, fyrrverandi eiginkona ákærða.

Lögreglumennirnir tilkynntu þegar á lögreglustöðina, hvað

gerzt hafði. Á vettvang komu þegar fulltrúi borgarlæknis, Björn Önundarson, sem kvað konuna vera látna, svo og frá rannsóknarlögreglunni þeir Ingólfur Þorsteinsson, Ragnar Vignir, Njörður Snæhólm og Sævar Jóhannesson, sem framkvæmdu rannsókn á vettvangi.

Ákærði var fluttur í hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9. Þar var hann yfirheyrður af Sverri Einarssyni fulltrúa í sakadómi sama dag frá kl. 1602—1730, og viðurkenndi hann þá að hafa orðið Hjördísi Ullu Zebitz að bana.

C. Rétt þykir að taka fram, að fyrir útgáfu ákæru var ákærði yfirheyrður í fjögur skipti fyrir dómi, þ. e. 7., 10., 12. og 14. janúar s.l. Enn fremur lagði hann fram fjórar langar skriflegar skýrslur um málsatvik í dóminum 25. ágúst og 13. september s.l., sem hann kvað vera nákvæmari og réttari frásögn hans um málsatvik en fyrri framburðir hans í málinu. Loks fóru fram samprófanir milli ákærða og nokkurra vitna í s.l. mánuði.

Verða nú rakin einstök atvik málsins. Verður í II. kafla dóms þessa fjallað um atvik og atburði aðfaranótt og að morgni 7. janúar s.l. og raktir framburðir ákærða og vitna, og í III. kafla verður greint frá rannsókn vettvangs og líks. Í IV. kafla verður vikið að nokkrum atvikum, er gerðust fyrir 7. janúar s.l., og í V. kafla er greint frá rannsókn geðlæknis. Loks verður í VI. kafla tekin afstaða til krafna ákæruvaldsins.

II. kafli.

A. Um eða laust eftir kl. 2300 föstudagskvöldið 6. janúar s.l. fór ákærði í veitingahúsið Naust við Vesturgötu og neytti þar áfengis. Þegar staðnum var lokað, fór hann ásamt nokkrum öðrum gestum heim til hjónanna Björns Auðuns Blöndals skrifstofumanns og Ellen Þóru Snæbjörnsdóttur, til heimilis að Laugavegi 49 hér í borg, en Björn Auðunn þekkir ákærða. Áfengi var haft um hönd, og dvöldust gestirnir þarna fram eftir nóttu.

Vitnið Björn Auðunn Blöndal kveðst ekki geta sagt neitt sérstakt um það, hvort ákærði var mikið ölvaður í þetta skipti, en því virtist hann hafa neytt áfengis eins og aðrir, sem í samkvæminu voru, og það getur heldur ekki sagt um, hvort hann jók áfengisneyzlu sína, þegar leið á nóttina. Vitnið minnist þess, að hann fór út um nóttina, en kom brátt aftur og var þá ef til vill með áfengisflösku. Vitnið man ekki sérstaklega eftir því, hvernig lá á ákærða, og treystir sér ekki til að segja um, hvort hann hafi verið órólegur eða kátur, en það hafi ekki orðið vart

við, að hann væri nokkuð öðruvísi en venjulega. Vitnið man ekki, hvenær ákærði fór burt, en það kveðst hafa farið að sofa, þegar komið var eitthvað fram undir morgun og verið þá nokkuð ölvað.

Vitnið Ellen Þóra Snæbjörnsdóttir kveðst aldrei hafa séð ákærða fyrr en í bifreiðinni áleiðis að Laugavegi 49 um nóttina og ekki vitað nein deili á honum. Vitnið minnist þess ekki, að hann væri mikið drukkinn í samkvæminu, og sá hvorki né heyrði, að nokkuð óeðlilegt væri í fari hans, og talaði heldur ekkert við hann. Það kveðst ekki hafa orðið vart við, þegar hann fór í burtu um nóttina, en það hafi séð hann koma aftur milli kl. 4 og 5 um nóttina og þá bakdyramegin. Það mundi sérstaklega eftir því, að hann fór þá hvorki úr frakka sínum né tók ofan hattinn. Það getur ekki sagt um, hvenær hann fór síðan á brott úr samkvæminu, og hafi það farið að sofa um kl. 6 um morguninn, en vaknað aftur milli kl. 0730 og 0800 og fullyrðir, að þá hafi það ekki séð hann í húsinu. Vitnið kveðst hafa verið töluvert drukkið um nóttina.

Þrír af gestunum hafa borið vitni í málinu og m. a. um það, sem nú greinir:

Vitnið Gunnar Sigurður Magnússon myndlistarmaður, Laufásvegi 17 hér í borg, sem kannast lítið eitt við ákærða, kveðst hafa séð hann seint um kvöldið á barnum í Nausti og skömmu fyrir lokun um kl. eitt um nóttina ásamt nokkrum gestum við borð í veitingasalnum. Vitnið hafi slegizt í hópinn með fólki þessu að Laugavegi 49, þar sem sezt hafi verið að drykkju, en það hafi ekki verið drukkið mikið. Í fyrstu hafi verið drukkið Dubonnet, en síðan brennivín. Þarna hafi verið rabbað saman, sungið og farið með ljóð, og virtist vitninu sem ákærði tæki þátt í þessu öllu. Vitnir minnir, að klukkan hafi verið að ganga þrjú um nóttina, þegar ákærði dró upp mynd af Útlaga Einars Jónssonar og afhenti því með þessari áritun: „Hr. Gunnar S. Magnússon, einhversstaðar í Reykjavík. Áramót 66/67. Það fara ekki allir á kirkjugarðsballið í haust, sem ætluðu þangað í vor. Áramótakveðjur. Þ. Ari". Vitnið hefur afhent sakadómi kortið, og er það dskj. nr. 10. Ákærði hafi spurt það að því, hvort það hefði skoðað mynd þessa, og vitnið kveðið já við og innt hann nánar eftir spurningunni. Hafi hann þá sagt „konuna". Vitnið hafi þá sagt: „Já, hve hún er sælleg þrátt fyrir það, að hún er nár" og spurt hann að því, af hverju hann héldi, að hún væri svona sælleg. Hann hafi þá svarað: „Af því að hann hafi fullnægt henni

svo vel". Vitnið hafi þá sagt: „Sem sagt þú meinar, að hann hafi nært hana svona vel". Ákærði hafi svarað: „Ég ætla að vera búinn að gifta mig fyrir klukkan 6 í kvöld, ég get ekki verið einn". Vitnið hafi sagt honum, að það hefði verið heima með sínu fólki um hátíðarnar, og spurt hann, hvort hann hefði verið hjá sínu fólki. Hann hafi hrist höfuðið og kveðið nei við. Nokkru síðar hafi hann staðið upp og endurtekið, að hann ætlaði að vera búinn að gifta sig fyrir kl. 6 í kvöld. Nokkru fyrir kl. 4 hafi nokkrir gestanna horfið úr samkvæminu, en áður hafi ákærði verið búinn að fara í nokkur skipti fram í herbergi til að hringja, en hvert, hafi vitnið ekki vitað. Ákærði hafi verið drukkinn, en ekki mikið. Hann hafi verið eirðarlaus, en það hafi einkennt hann og virzt hafa farið í vöxt að undanförnu. Einhvern tíma eftir kl. 4 kveður vitnið, að ákærði hafi farið, en komið aftur um kl. 0430 með gosdrykki og brennivínsflösku fulla upp í axlir og hafi hann gefið þá skýringu á því, að hann hefði gefið manni að drekka úr henni. Hér sé þó ekki um nákvæma tímasetningu að ræða, því að vitnið hafi litið aðeins lauslega á klukku. Vitninu virtist, að ákærði væri nú æstari og meira niðri fyrir en áður og farið að deila á einn gestanna, hnippt í hann og ýtt við honum. Vitnið kveður að lokum, að ákærði hafi verið í samkvæminu fram undir kl. 8 um morguninn og farið einn burt þaðan. Hann hafi talað um að hringja í bifreið, en vitnið vissi ekki, hvort hann náði í hana. Vitnið hvarf á brott úr húsinu um kl. 9 um morguninn.

Vitnið Þorsteinn Ögmundsson Stephensen leiklistarstjóri, Laufásvegi 4 hér í borg, kveður, að því hafi sýnzt ákærði vera hress og vel á sig kominn í veitingahúsinu Nausti, en kveðst ekki hafa veitt honum neina sérstaka athygli í samkvæminu á Laugavegi 49 og minnist þess ekki að hafa talað nokkuð við hann þar. Vitnið tekur fram, að gestirnir hafi skipzt í tvo hópa í sitt hvoru herbergi og hafi það og ákærði verið í sitt hvorum hópi. Vitnið telur, að ekki hafi verið drukkið mikið áfengi í samkvæminu og enginn hafi verið til vandræða vegna ölvunar. Vitnið kveðst ekki muna, hvenær það hvarf úr samkvæminu, en vitnið Gunnar Sigurður Magnússon kveður, að það hafi verið nokkru fyrir kl. 4 um nóttina.

Vitnið Haraldur Lárusson Blöndal, stud. jur., Rauðalæk 42 hér í borg, kveðst hafa verið kynnt fyrir ákærða í Nausti um kvöldið. Hafi þeir tekið tal saman og rætt almenna hluti. Hann hafi þá ekki verið áberandi ölvaður. Eftir kl. 2 um nóttina hafi

vitnið komið í samkvæmið að Laugavegi 49, þar sem hófleg drykkja var. Vitnið telur, að ákærði hafi ekki verið mikið ölvaður í samkvæminu eða tal hans nokkuð óeðlilegt, en þeir hafi rifizt um stjórnmál. Einhvern tíma nætur hafi ákærði haft orð á því, að hann ætlaði að bjóða heim til sín í „partí", en ekki hafi orðið af því. Hann hafi horfið úr samkvæminu, en komið aftur einhvern tíma eftir kl. 4 með áfengisflösku, sem verið hafi tæplega axlafull. Hann hafi síðan verið í samkvæminu fram undir morgun og telur, að hann hafi farið einn á brott. Vitnið kveðst ekki muna eftir neinu óeðlilegu í fari ákærða um nóttina.

Ákærði kveðst hafa drukkið mikið þetta kvöld og þessa nótt, en verið rólegur. Hann hafi blandað geði við alla gestina í samkvæminu og hafi margir þeirra verið skemmtilegir menn. Hann kveður, að vitnið Gunnar Sigurður Magnússon hafi verið með smáhnútur til hans út af því, að hann hefði ekki átt að vera að skipta sér af hjónaskilnaðarmáli þess, en hugsa meira um sitt eigið skilnaðarmál. Hann hafi þá rétt því kort af Útlaganum með fyrrgreindri áritun, en honum hafi verið gjarnt á að nota það orðatiltæki, þegar eitthvað hafi farið öðruvísi en vænta hafi mátt. Vitni þetta hafi verið með eitthvert drykkjuraus út af kortinu og hafi hann þá gefið sig á tal við aðra, en í samkvæminu var mikið fjör og gleðskapur. Áfengi þvarr um nóttina, og fór ákærði þá út. Náði hann í leigubifreið og sótti eina flösku af brennivíni í skrifstofu sína. Hann dreypti á áfenginu á leiðinni aftur í samkvæmið. Þar drakk hann allrösklega af áfenginu og skammtaði sér sjálfur. Kveðst hann hafa orðið verulega ölvaður.

Undir morguninn kveðst ákærði hafa fengið löngun til að tala við Lindu mágkonu sína og spyrja hana meðal annars að því, hvort hún vildi hafa milligöngu um, að hann fengi að koma heim til Hjördísar Ullu á Kvisthaga 25 þá um morguninn, þó að hann væri ölvaður. Ákærði tekur fram, að kvöldið áður hafi hann komið heim til Hjördísar Ullu og hafi hún þá spurt hann að því, hvort hann mundi ekki fara næsta morgun upp á Landspítala, en þar lá þá móðurbróðir hans, Sigurður Björnsson, til heimilis á Sauðárkróki. Kveðst ákærði sagzt mundu gera það. Hafi hún þá sagt honum að koma til hennar í morgunkaffi og sækja Paulu Sveinsdóttur, eiginkonu Sigurðar, og gætu þau orðið samferða upp á spítala, en á þessum tíma bjó Paula hjá henni. Hafi ákærði ætlað að undirbúa flutning á Sigurði af spítalanum með flugvél til Sauðárkróks þennan morgun. Hringdi ákærði síðan úr samkvæminu til Lindu, og kveður hann, að

klukkan muni þá hafa verið um 7.30. Ólafur, eiginmaður hennar, kom í símann. Ákærði kveðst hafa beðið hann um að fá að tala við Lindu, en hann hafi ekki viljað það og lagt símann á. Ákærði kveðst hafa hringt svo til strax aftur og hafi Ólafur þá spurt hann að því, hvað hann hefði við Lindu að tala. Ákærði hafi þá svarað: „Meðal annars spyrja hana að því, hvort ég ætti að gifta mig aftur". Ólafur hafi svarað honum því, að það væri mál ákærða og honum óviðkomandi. Lauk þar með samtalinu.

Vitnið Ólafur Kristinsson verzlunarmaður, Klapparstíg 27 hér í borg, sem er kvæntur Auði Lindu Zebitz, systur Hjördísar Ullu heitinnar, hefur borið, að þennan morgun hafi ákærði hringt heim til þeirra hjóna. Það leit ekki á klukku, þegar síminn hringdi, en álítur, að hún hafi þá verið um 7.30. Vitnið tók upp símann. Minnir það, að ákærði hafi spurt um konu þess og það þá svarað: „Hún hefur ekkert við þig að tala". Lagði það síðan símaáhaldið á. Vitnið kveður, að ekki hafi svo verið að heyra, að ákærði væri ölvaður og hafi hann talað mjög skýrt og greinilega, en það hafi hann ekki gert ölvaður. Ákærði hringdi svo til strax aftur og sagði við vitnið, sem fór aftur í símann: „Ég ætla bara að láta vita af því, að ég ætla að gifta mig í dag". Vitnið svaraði þá: „Það er þitt eigið mál og mér óviðkomandi", og varð ekki meira úr samtalinu.

Ákærði kveðst síðan, eða um kl. 7.30, hafa farið úr samkvæminu, og náði hann í leigubifreið úti á götu. Hann kveður, að áfengið, sem hann hafði neytt, hafi svifið meira á hann við að koma út í kuldann en ella, því að hann mundi ekki gerla viðskipti sín við stjórnanda bifreiðarinnar nema það, að hann hafi „stungið" ákærða „af" fyrir utan Hótel Skjaldbreið, þar sem ákærði ætlaði sér að kaupa pilsner og nokkra pakka af vindlingum, en fékk ekki afgreiðslu.

Bifreiðarstjórinn var vitnið Sveinn Júlíus Ásmundsson, Álftamýri 8 hér í borg, og er framburður þess sem hér greinir:

Vitnið kveðst hafa verið um kl. 7.45 þennan morgun á leið í bifreið sinni frá heimili sínu að Bifreiðastöð Reykjavíkur í Lækjargötu. Þegar það var statt á Laugavegi milli Vitastígs og Frakkastígs hafi maður, sem stóð á gangstéttinni, veifað til þess. Hafi þetta verið ákærði, sem það þekkir í sjón, og hafi hann komið inn í bifreiðina. Vitnið hafi þá séð, að hann var drykkjusjúskaður, en virtist ekki vera mikið undir áhrifum áfengis. Hann hafi óskað eftir því, að ekið yrði að Kvisthaga 25. Það hafi síðan ekið um Laugaveg, Bankastræti og Lækjargötu,

en nokkuð fyrir sunnan Iðnó hafi hann spurt, hvort vitnið ætti vindlinga, en það kveðið nei við. Hafi hann þá beðið það um að aka að Hótel Skjaldbreið, en það haldið áfram suður Fríkirkjuveg. Hann hafi þá orðið vondur og spurt, hvert vitnið ætlaði að aka, en það svaraði honum, að það ætlaði að aka hringinn um tjörnina til baka, þar sem það gæti ekki snúið við á götunni. Hann hafi þá svarað: „Þið eruð alltaf svona þessir helvítis gömlu bílstjórar, þið viljið alltaf ráða". Önnur orðaskipti hafi ekki orðið á milli þeirra, og kveðst vitnið hafa ekið að greindu hóteli. Ákærði hafi hringt þar á bjöllu og farið inn í hótelið. Vitninu hafi ekki litizt á að aka ákærða og ekið á brott án þess að fá greiðslu ökugjaldsins. Vitnið kveðst hafa ekið rakleitt á bifreiðastöðina og þegar það var komið þangað, hafi klukkuna vantað 7 mínútur í átta, en vitnið leit á úr sitt. Vitnið kveður, að ákærði hafi ekki verið með neinn æsing, heldur aðeins önugur í bifreiðinni. Hann hafi verið í víðum gráum frakka og að því er það minnir verið berhöfðaður. Vitnið kveðst ekki hafa séð, að hann væri með áfengisflösku eða hníf.

Vitnið Guðmann Pálsson, Höfðaborg 19 hér í borg, var næturvörður á Hótel Skjaldbreið í umrætt skipti, og kveður það, að vaktin hafi verið frá kl. 2330 að kvöldi til kl. 8 að morgni. Það kveðst muna, að þennan morgun, skömmu áður en það hætti á vaktinni, hafi dyrabjöllu hótelsins verið hringt og fyrir utan dyrnar hafi staðið maður, frekar lágvaxinn og feitlaginn, í dökkum frakka og með dökkan hatt á höfði. Maðurinn hafi komið aðeins andartak inn í anddyri hótelsins og óskað eftir að fá keypta eina flösku af pilsner, en þegar það hafi ekki verið hægt, hafi hann snúið aftur út og hafi þá bifreiðin, sem hann hafði komið í, verið farin. Maðurinn hafi þá sagt: „Hann hefur sennilega stungið mig af" og beðið vitnið um að hringja í bifreið. Það hafi vitnið gert, en bifreið ekki fengizt og hafi maðurinn þá farið á brott frá hótelinu gangandi. Vitnið kveðst ekki hafa merkt, að hann væri undir áhrifum áfengis, en fum hafi verið á honum og hann virzt vera að flýta sér. Vitnið kveðst ekki þekkja ákærða í máli þessu og segir, að enginn annar en það geti hleypt mönnum inn í hótelið að næturlagi.

Ákærði kveðst síðan hafa gengið frá Hótel Skjaldbreið að söluturninum við Vesturgötu, sem er við hús nr. 2, í von um að fá þar vindlinga, en þar var ekki búið að opna. Hann ætlaði nú að fara í skrifstofu sína þar rétt hjá til að hringja í leigubifreið, en hitti þá starfsmann sinn, Jón Frímann Eiríksson að nafni, sem

bauðst til að aka honum vestur á Sólvallagötu 63, þar sem hann átti heilt „karton“ af vindlingum, sem hann hafði keypt kvöldið áður. Ákærði kveður, að það hafi verið upphafleg ætlun hans að fara aftur með Jóni Frímanni á vinnustað þeirra og láta renna meira af sér, en þar sem ekki munaði nema hálfri klukkustund, hafi hann ákveðið að nota ökuferðina og fara strax á Kvisthaga 25. Hann hafi því beðið Jón Frímann um að bíða, á meðan hann færi inn eftir vindlingunum. Hann kveðst hafa opnað „kartonið“ með öðrum eldhúshníf sínum, kjöthnífnum, og tekið úr því dagskammt sinn, eða þrjá pakka. Ákærði kveðst hafa fengið þá fáránlegu hugdettu við að opna „kartonið“ með hnífnum að taka hann með sér og skipta við Hjördísi Ullu á honum og öðrum hníf, ryðguðum, sem hann hafði sent henni nokkru áður, sbr. það, sem rakið verður nánar í B liðum í þessum og IV. kafla dóms þessa. Þá kveðst hann hafa tekið úr sömu eldhússkúffu og hnífurinn var í, lítinn buffhamar til að banka með, ef ekki væri búið að tengja nýja dyrabjöllu á Kvisthaga 25. Hann hefði enga stund verið inni hjá sér og hafi Jón Frímann síðan ekið honum að Kvisthaga 25. Muni ákærði hafa farið úr bifreiðinni nokkru fyrir kl. 8, því að Jón Frímann ætlaði sér að vera kominn til vinnu sinnar á réttum tíma, eða kl. 8.

Vitnið Jón Frímann Eiríksson iðnverkamaður, Heiðargerði 96 hér í borg, kveðst hafa unnið í 4—5 síðastliðin ár hjá fyrirtæki ákærða, Gluggum h/f. Um kl. 8 greindan morgun hafi það verið í bifreið á leið til vinnu sinnar í Hafnarstræti 1 og hafi það lagt bifreiðinni í stæði á horni Vesturgötu og Grófarinnar. Vitnið hafi síðan gengið um Vesturgötu áleiðis að Hafnarstræti 1 og mætt þá ákærða á móts við söluturn að Vesturgötu 2. Hann hafi spurt það, hvað það væri að gera þarna, og það þá sagzt vera að mæta til vinnu. Hann hafi þá sagt eitthvað á þá leið, hvort klukkan væri orðin svona margt. Hann hafi beðið það um að aka sér að Sólvallagötu 63 til að sækja vindlinga, en ekki hafi verið búið að opna greindan söluturn. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki verið mikið ölvaður, en sjáanlega undir áhrifum áfengis og það hafi ekki séð annað óeðlilegt í fari hans. Vitnið hafi síðan ekið honum að Sólvallagötu 63 og eftir 2ja til 3ja mínútna dvöl þar hafi hann komið aftur út og beðið það um að aka sér að Kvisthaga 25. Erindið þangað væri að hitta Paulu, en vitnið kannast við hana, og ætlaði hann að aðstoða hana við að ganga frá málum hennar út af sjúkum eiginmanni hennar. Vitnið minnir, að ákærði hafi verið búinn að biðja um akstur-

inn að Kvisthaga 25, áður en hann fór inn í húsið Sólvallagötu 63. Vitnið kveðst ekki hafa séð, að hann væri með hníf eða áfengisflösku í ökuferð þessari, og kveður, að hann hafi verið rólegur. Þeir hafi ekki rætt mikið saman, en ákærði hafi talað um að efla fyrirtækið. Vitnið kveðst ekki hafa veitt því athygli, hvað klukkan var, þegar það skildi við hann við Kvisthaga 25, en segir, að hann hafi gengið strax heim að húsinu. Það hafi síðan ekið á brott og hafi klukkan í húsakynnum fyrirtækisins í Hafnarstræti 1 verið 8.15, þegar það kom þangað, en ferðin hafi gengið fljótt og án umferðartafa.

B. Verður nú rakinn endanlegur framburður ákærða um, hvað gerðist á Kvisthaga 25.

Hann kveðst hafa gengið rólega að húsinu og upp tröppurnar. Hnífurinn var í vinstri jakkavasa hans, og sneri oddurinn upp, en frakki hans var aðhnepptur. Hann hringdi útidyrabjöllunni á 1. hæð með þremur stuttum hringingum, og þekkti Hjördís Ulla þá hringingu hans vel. Hún kom fram að útihurðinni og tók gluggatjaldið lítillega til hliðar. Hristi hún höfuðið, gretti sig framan í hann og gekk inn í forstofuna. Hann hringdi bjöllunni þá lengi og samfellt, en það bar engan árangur. Hann tók þá buffhamarinn upp úr jakkavasa sínum, barði með honum mörg högg í dyrakarminn og hrópaði um leið, en enginn svaraði. Honum tókst heldur ekki að ná upp í glugga herbergis þess, sem hann vissi, að Paula svaf í. Hann hrópaði nú nafn Paulu eins hátt og hann gat, hringdi aftur dyrabjöllunni og sló með hamrinum í dyrakarminn. Byrjaði honum þá að renna í skap. Hjördís Ulla kom nú fram að útihurðinni, kreppti hnefa illilega framan í hann og gretti sig, en sagði ekkert. Jók það reiði hans. Hún ætlaði síðan að ganga í burtu, en hann braut þá rúðu í útihurðinni, teygði sig inn með aðra höndina og opnaði að innanverðu. Hann gekk síðan inn í forstofuna, stakk hamrinum í jakkavasann og hneppti að sér frakkanum. Hjördís Ulla bandaði honum frá og átaldi hann fyrir að koma ölvaður á heimili hennar, sem hann hefði verið búinn að lofa 2. janúar s.l. að gera ekki, og bað hann um að láta ekki börnin sjá sig. Hann kvaðst ekki vera kominn til að heimsækja hana, heldur Paulu og að sækja hana. Rekur ákærði síðan nokkur orðaskipti þeirra, og voru það uppnefni og persónulegar svívirðingar á báða bóga. Þetta samtal þeirra var þó eigi mjög hávært. Hann tók hattinn af höfði sínu og skóhlífar af fótum sér. Man hann ekki betur en hann hafi hitt Paulu í ganginum fyrir framan herbergi hennar og hún hafi

gengið á undan honum inn í herbergi sitt. Hjördís Ulla gekk í átt til eldhússins.

Þegar ákærði kom inn í herbergi Paulu, settist hún á dívan og jafnframt sá hann, að Sara dóttir hennar reis upp af dívaninum að baki hennar. Hann ávítaði Paulu fyrir að hafa ekki svarað honum, enda þótt hún vissi, að hann væri kominn til að sækja hana og aðstoða við flutning á manni hennar norður. Ásakaði hann hana einnig fyrir að hlýðnast Hjördísi Ullu frekar en honum og að búa hjá henni hér í borginni. Paula kvaðst þá hafa flutt til Hjördísar Ullu vegna barnanna. Róaðist hann þá og þakkaði henni fyrir. Frekari orðaskipti fóru fram milli þeirra. Hann sagði henni meðal annars, að hann hefði þennan morgun tekið með sér að heiman beittan eldhúshníf til að skipta við Hjördísi Ullu á honum og ryðgaða hnífnum, sem Paula hefði farið með fyrir hann til hennar á aðfangadag til að rifja upp og minna hana á gamlan leiðindaatburð úr Mávahlíðinni, þegar hún ætlaði að skera hann. Hjördís Ulla hefði tvisvar verið búin að lofa honum að láta hann fá þennan hníf aftur, sem hún segði, að væri bitlaus og kæmist ekki í gegnum spikið á honum. Í skiptum væri hann meira að segja búinn að færa henni skilyrta dýrmæta gjöf. Hann sagði Paulu einnig, að faðir hans hefði sagt honum, að sendingin á hinum ryðgaða hníf gæti orðið mistúlkuð. Hann sagði Paulu enn fremur, að Hjördís Ulla mundi ekkert gera sér illt með þessum hníf, en hann óttaðist, að tengdamóðir hans kynni að gera honum einhverja bölvun, ef hún kæmist yfir hnífinn. Loks sagði ákærði þeim mæðgum, að nú léti hann ekki Hjördísi Ullu svíkja sig lengur um skil á hinum ryðgaða hníf. Mundi hann nú nota tækifærið og skipta við hana á hnífum, og það án undanbragða.

Ákærði tók nú kjöthnífinn, sem var í umbúðum, upp úr vinstri jakkavasa sínum, lagði hnífinn flatan í lófa sína, hampaði honum og kastaði honum flötum upp úr lófunum nokkra sentimetra, en greip hann aftur, svo að Paula gæti sem bezt séð hann. Bað hún hann í guðs bænum um að vera ekki með hníf þarna í íbúðinni og bað hann um að láta sig hafa hann og bauð honum að annast skipti hnífanna fyrir hann. Hann þáði því miður ekki boð hennar, af því að hún bæði var á förum og að hann treysti henni til að skipta á þeim svo og vegna þess, að hann af frekju vildi gera það sjálfur. Hann stakk hnífnum með umbúðunum síðan í utanverðan hægri frakkavasa sinn og sagði við mæðgurnar, að á meðan þær klæddu sig, ætlaði hann að fara fram til

Vilhjálms sonar síns, sem hann hafði heyrt til. Gekk ákærði síðan fram í eldhús til hans, þar sem hann var að drekka, og kom Hjördís Ulla þá þangað með skólatösku hans og bækur. Hún sagði ákærða, að hann mætti ekki tala við Vilhjálm. Ætti hann að snauta aftur inn í herbergi Paulu og skammast sín. Kvaddi hann þá son sinn og ætlaði að fara inn í herbergi Paulu, en þá skauzt Hjördís Ulla fram fyrir hann og á undan honum inn í herbergið og skellti hurðinni á hann. Hann heyrði, að hún hvíslaði einhverju að þeim mæðgum, og ýtti hann þá hurðinni upp. Rauk Hjördís Ulla þá út úr herberginu og lokaði vandlega á eftir sér. Ákærði heyrði síðan, að Vilhjálmur skellti útihurðinni á eftir sér á leið í skólann. Um leið kom Hjördís Ulla inn í herbergi Paulu í æðiskasti og með óbótaskömmum og svívirðingum um ákærða, og svaraði hann henni fullum hálsi. Telur hann, að klukkan hafi þá verið um 8.15. Hann hefur tilgreint 12 ummæli Hjördísar Ullu og 13 ummæli sín. Meðal annars kvað hann hana hafa rekið sig að heiman vegna neyzlu áfengis og þannig ýtt honum vitandi vits út í meiri drykkju. Hún hafði sagt, að með sendingu hnífsins væri hann að rifja upp gamlan leiðindaatburð, sem hann hafi verið hátíðlega búinn að lofa henni að gleyma og minnast aldrei á. Hann sagðist aldrei hafa gleymt því, jafnvel þó að hann þegði um það, og fyrir lengri þögn hans væru forsendur. Auk sjónvarps hafi ætlun hans verið að gefa þeim Volkswagen-bifreið, en aðkoman að Sólvallagötunni og framkoma hennar með börnin hefðu breytt því í ryðgaða kutann, sem hún væri tvíbúin að lofa að láta hann fá aftur, en svikið. Hinn 2. janúar hefði hún sagt, að sá ryðgaði biti ekki, en hér í vasanum kvaðst hann vera með annan hníf, sem biti, og ætlaði hann að nota þessa ferð til að skipta við hana á hnífum. Ákærði tók nú hnífinn upp úr frakkavasa sínum og sýndi Hjördísi Ullu hann. Hampaði hann honum framan í hana á sama hátt og hann hafði sýnt hann þeim mæðgum. Hún stappaði niður fæti og sagði reiðilega, að hún þægi ekki fleiri hnífa frá honum að gjöf og að sá ryðgaði væri nægilegur. Ef hann styngi ekki hnífnum í vasann, mundi hún hringja á lögregluna. Stakk hann þá hnífnum með umbúðunum aftur í utanverðan frakkavasa sinn.

Orðasenna hófst nú á milli þeirra. Hann sagði við hana, að mágkona hennar hefði sótt um skilnað við eiginmann sinn, þegar hann hefði hætt að berja hana, og sagðist ákærði vilja

sýna fyrrverandi konu sinni, hvernig eiginmaður þessi hefði barið konu sína. Lagði hann svo handarbaksbrúnir með flötum lófum, þannig að þumalfingur sneru að honum, á hnakka hennar, aftan beggja eyrna og sagði m. a.: „Skass eins og þig ætla ég að íslenzkum sið að hýða, þótt seint sé, eins og óþekkan krakka til að taka úr þér mesta hrokann, brjálæðið og öfgarnar". Hún ætlaði að fara út úr herberginu, en hann greip þá með hægri hendi aftan á háls hennar, rétti vinstri fót fram, brá henni og keyrði hana niður á grúfu á hné sér eða læri. Um leið kraup hann á gólfið, skipti um hönd á hálsi hennar og gerði sig líklegan til að hýða hana með hægri hendi. Voru það þó meira tilburðir en alvara. Hann minnist þess ekki að hafa átt nokkuð við hnífinn í þessum átökum, en þó geti verið, að hann hafi lagað hann eitthvað til í vasa sínum.

Paula stökk nú á ákærða „sem köttur", þreif hnífinn úr hægri frakkavasa hans og hrinti honum um leið úr hnéstellingunni, svo að hann datt á vinstri hlið. Um leið fóru plastumbúðirnar af hnífnum á gólfið. Hún settist á dívaninn, en ákærði greip með vinstri hendi utan um hnífsblaðið fram við oddinn, en stimpaðist við Hjördísi Ullu með hægri hendi, og reyndi hún einnig að ná hnífnum. Ákærði hrinti henni frá sér með hægri hendi, en sleppti ekki taki vinstri handar á hnífsblaðinu. Greip hann síðan með hægri hendi utan um vinstri úlnlið Paulu til að losa tak hennar á hnífskaftinu. Í þessum átökum lenti hnífseggin á vinstra læri Paulu og hlaust af allstór skurður, sem mikið blæddi úr. Hún sleppti þá takinu á hnífnum og hrópaði á hjálp. Sara tók ekki þátt í átökum þessum, nema hvað hún hjálpaði Hjördísi Ullu að standa upp úr hýðingarstellingunum, sem hann hafði komið henni í. Hann stakk nú hnífnum í vinstri jakkavasa sinn og lét oddinn snúa upp, svo að hnífurinn skæri ekki föt hans, en hneppti síðan að sér frakkanum. Við áverka Paulu var allur ofsi horfinn, og voru þau öll óhugnaði slegin. Paula fór fram á salerni til að binda um sárið, en ákærði, Sara og Hjördís Ulla voru kyrr í herbergi Paulu og ræddu um það, hvort hringja ætti í lækni. Eftir smástund kom Paula aftur og hafði ekki fundið neitt til að binda utan um sárið. Náði ákærði þá í handklæði handa henni og batt vasaklút um sín eigin sár. Hjördís Ulla fór síðan út úr herberginu. Sara batt handklæðið um sár Paulu. Ákærði bað þær mæðgur um að flýta sér að klæða sig og pakka dóti Paulu saman, svo að þau kæmust af stað upp á Landspítala.

Væri bæði fljótlegra og betra að fá gert þar við sár Paulu en bíða eftir lækni þarna í íbúðinni. Fór hann svo út úr herberginu, til þess að þær mæðgur gætu klætt sig.

Þegar ákærði kom fram í innri forstofuna, sá hann og heyrði, að Hjördís Ulla var að tala í símann, en lagði áhaldið svo á. Hann spurði hana að því, hvert hún hefði verið að hringja, og sagðist hún þá hafa verið að hringja á lækni vegna meiðsla Paulu, en réttara hefði verið að hringja á lögreglu. Hann kvað það vera óþarfa, því að þau Paula færu senn að fara, og að hann mundi strax láta starfsmenn sína setja nýja rúðu í útihurðina, en áður en hann færi, vildi hann fá ryðgaða hnífinn. Um leið og minnzt var á þann hlut, espaðist hún upp. Í þessu heyrðu þau þrusk í ytri forstofunni og sáu, að kona að nafni Emma, sem bjó á næstu hæð fyrir ofan, var þar komin og spurði, hvað gengi eiginlega á. Ákærði svaraði henni engu, en Hjördís Ulla bað hana um að hringja á lögreglu, því að ákærði væri óvelkominn í íbúðinni. Emma fór þá strax út, en Hjördís Ulla fór inn í svefnherbergið og læsti dyrunum á eftir sér. Hann bankaði á dyrnar, og kom hún þá fram og kvaðst hvergi hafa frið fyrir honum. Gekk hún svo fram og aftur um innri forstofuna. Hófust síðan nokkur orðaskipti milli þeirra. Hefur ákærði tilgreint 11 ummæli hvors þeirra, og vörðuðu þau meðal annars mæður þeirra. Orð hennar um móður hans særðu hann mjög, og fylltist hann ofsareiði. Hann krafðist þess að fá ryðgaða hnífinn aftur, en hún sagðist ekki hafa hann. Hann kvað það vera lygi. Hann hneppti nú frá sér frakkanum, tók hnífinn úr jakkavasa sínum og lagði hann flatan í báða lófa sína og rétti hann þannig með framréttum lófum að henni og sagði m. a., að hér væri hnífur til að skipta á, hnífur, sem biti, og ætti hann að duga henni næst, þegar hún reyndi að skera drukkinn og sofandi mann. Hún sagðist aldrei skyldi láta hann fá ryðgaða hnífinn og bætti við: „Í Mávahlíðinni varstu mér þess virði, að ég skæri þig, því að þá elskaði ég þig, en núna ertu mér ekki meira virði en þessi hráki". Hún trylltist algerlega og hrækti einu sinni eða oftar framan í hann, stappaði niður fótunum og sagði af grimmdarlegri heift: „Ég er búin að gera ráðstafanir til, að þú verðir ævilangt lokaður inni á Kleppi, og ég skal taka allt af þér, Glugga, Sólvallagötuhúsið, bækurnar og allt saman. Ég skal sjá um, ég skal, ég skal sjá um, að þú fáir aldrei, aldrei að sjá börnin, því að þú ert ekki þeirra verður". Að þessu mæltu ætlaði hún að strunsa í burtu frá honum. Hann varð gripinn ólýsanlegri ofsareiði og algeru brjálæði, og gat hann

alls ekki stjórnað gerðum sínum. Hann greip með vinstri hendi sinni í hægri öxl hennar, kreppti hægri hönd sína um hnífsskaftið og vó hana með fleiri en einni stungu og sagði um leið: „Þá þú ekki heldur“. Hún hneig niður og lagði hann hana á gólfið.

Hann heyrði nú, að Paula eða Sara kallaði og spurði, hvort læknirinn færi ekki að koma. Hann fór inn í herbergið til þeirra, bað Paulu um að vera rólega og sagði, að sár hennar væru ekkert á móti öðru. Hann lagði hnífinn í gluggakistu í herberginu. Hann heyrði Guðrúnu dóttur sína kalla inni í svefnherberginu. Bað hann hana þá um að vera rólega og lokaði hurð þess. Sara kom fram í innri forstofuna, og þegar hún sá Hjördísi Ullu liggjandi á gólfinu, hljóðaði hún upp yfir sig og þaut aftur inn í herbergið til móður sinnar. Hann kveðst nú til að forða því, að börn hans sæju móður sína látna, hafa borið hana inn í baðherbergið og látið hana á grúfu í baðkerið. Því næst fór hann inn í herbergi Paulu, tók hnífinn úr gluggakistunni og setti hann upp í skáp í herberginu. Þær mæðgur báðu hann um að hringja á lögreglu, og svaraði hann því til, að það mundi þegar hafa verið gert, en annars mundi hann gera það, þó ekki fyrr en börnin væru farin. Hann fór nú að reyna að hreinsa blóðið í forstofunni, og kom þá Sara til hans og vildi hringja í síma. Hann sagði henni þá, að hann skyldi hringja fyrir hana í bifreið, þegar hún væri tilbúin að fara með börnin heim til systur sinnar á Grundarstíg 5. Hún sagði þá, að hún færi ekki, fyrr en búið væri að gera að sári móður hennar. Rétt á eftir kom Jón Jakobsson, sem bjó á efri hæð hússins, inn í ytri forstofuna og spurði, hvort eitthvað væri að og hvort hann gæti eitthvað gert. Ákærði svaraði, að það væri búið og það væri ekkert, sem hann gæti bætt úr. Fór Jón þá við svo búið. Nær strax eftir þetta komu lögreglumenn á vettvang og handtóku ákærða.

Framburður vitnisins Margrétar Ingibjargar Paulu Sveinsdóttur (hér að framan og síðar nefnd Paula) er þessi:

Vitnið dvaldist á heimili Hjördísar Ullu frá því laust fyrir miðjan nóvember f. á., fyrst á Sólvallagötu 63 og síðan á Kvisthaga 25, meðan eiginmaður þess lá veikur á Landspítalanum. Vitnið skýrir þannig frá atburðum:

Um kl. 8 greindan morgun vaknaði vitnið við, að dyrabjöllu íbúðarinnar var hringt, og strax á eftir fylgdi barsmíð á hurðina. Einnig heyrði það einhvern hávaða fyrir utan. Dóttir vitnisins, Sara að nafni, svaf þessa nótt í herberginu hjá því, og vaknaði hún einnig við hávaðann. Í beinu framhaldi af hringingunni og

hávaðanum braut sá, sem úti var, rúðu og ruddist inn. Var þetta ákærði. Hann ruddist þegar inn í herbergið til þeirra mæðgna. Vitnið álítur, að hann hafi ekki verið mikið ölvaður, en hann var ákaflega æstur í skapi. Hann sagði við vitnið, að hann væri kominn til að fara með það út á flugvöll. Vitnið tekur hér fram, að það hafi ætlað að fara með eiginmann sinn í flugvél til Sauðárkróks kl. 11 þennan dag, en ákærði hafi ekkert haft með undirbúning þess að gera. Hins vegar hafði hann komið í sjúkrahúsið tveimur dögum áður og ráðgert að koma út á flugvöll til að kveðja frænda sinn, þegar hann færi. Vissi hann, að það átti að verða þennan dag. Ákærði ávítaði vitnið fyrir að hafa ekki opnað útidyrnar fyrir honum. Nokkur orðaskipti fóru síðan fram milli þeirra. Vitnið minnist þess ekki, að hann segði því, að hann hefði ekki komið heim að Sólvallagötu fyrr en þá um morguninn og fundizt þá of stuttur tími til að leggja sig, en þangað hefði hann sótt vindlinga og opnað nýtt „karton" með beittum eldhúshníf. Vitnið minnist þess heldur ekki, að hann segði, að hann hefði tekið með sér eldhúshníf eða annan hníf til að skipta við Hjördísi Ullu á honum og öðrum ryðguðum hníf eða öðrum hníf. Minnist vitnið þess ekki, að hann talaði um nokkurn hníf. Allt í einu sá vitnið, að ákærði dró upp hníf úr vasa sínum, og var hann í einhvers konar hulstri eða umbúðum og virtist alveg nýr. Hann hafði hnífinn í höndunum fyrir framan sig, og heldur vitnið, að hann hafi lyft honum léttilega. Það man ekki, hvort hann tók hífinn úr hulstrinu eða umbúðunum eða hvort það eða þær féllu á gólfið. Það heldur, að hann hafi sagt eitthvað, en man ekki, hvað það var. Vitnið varð hrætt við framferði ákærða, en minnist þess ekki, að það bæði hann um að afhenda sér hnífinn. Hann stakk hnífnum síðan á sig og fór út úr herberginu. Vitnið heyrði svo mannamál inni í íbúðinni, en heyrði ekki orðaskil. Gekk það út frá því, að ákærði væri að tala við einhvern, og heyrðist því jafnvel, að hann væri að deila við einhvern. Vitnið getur ekki sagt um, hve lengi það heyrði þetta mannamál. Hjördís Ulla kom svo inn í herbergið til þeirra mæðgna og bað þær um að klæða sig. Minnir vitnið, að hún hafi síðan farið út úr herberginu, en komið svo aftur inn til þeirra. Áður en hún kom aftur, heyrði vitnið, að útidyrahurðinni var skellt, og gekk það út frá því, að eitt barnanna væri að fara í skólann.

Vitnið getur ekki munað annað betur en ákærði hafi komið eftir skamma stund inn í herbergið, og örugglega voru þau bæði,

hann og Hjördís Ulla, stödd saman þar inni. Svo til um leið og hann kom inn í herbergið, sló hann hana í andlitið, en vitnið getur ekki sagt um, hvort það var með báðum höndum eða annarri eða hvorri eða með flötum lófa eða krepptum hnefa. Hún féll við höggið, og lenti höfuð hennar milli gluggans og legubekkjarins, þar sem vitnið sat. Vitnið man ekki betur en hann hafi tekið með annarri hvorri hendi sinni um kverkar hennar og sá nú, að hann var kominn með hníf hátt á loft í hægri hendi. Var vitnið þá ofsahrætt, og komst ekkert annað að hjá því en að reyna að ná hnífnum. Það stóð á fætur, greip í handlegg ákærða, þeirrar handar, sem hnífurinn var í, og gat náð með hægri hendi sinni góðu taki á skafti hnífsins, en með vinstri hendinni reyndi það að ná hönd ákærða af hálsi Hjördísar Ullu. Þegar vitnið var að reyna að ná hnífnum, losaði ákærði takið af hálsi hennar. Jafnframt tókst Söru að draga Hjördísi Ullu undan ákærða, og var hún þá í hýðingarstellingum. Vitninu tókst ekki að ná hnífnum af ákærða, en Hjördís Ulla varð laus og hljóp inn í íbúðina. Ákærði sagði ekkert, á meðan á þessum sviptingum stóð, en vitnið hrópaði á hjálp af öllum mætti. Í sviptingunum, sem stóðu ekki langa stund, fékk vitnið áverka á vinstra læri af hnífnum, en það getur ekkert sagt um nánari atvik að því. Kveðst vitnið enga ástæðu hafa til að ætla, að ákærði hafi veitt því áverkann af ásettu ráði, heldur telur það, að þetta hafi verið óhapp. Vitnið segir, að það geti verið, að ákærði hafi haldið um blaðið á hnífnum, því að það náði góðu taki á skafti hans.

Sara fór á eftir Hjördísi Ullu út úr herberginu og ákærði einnig litlu seinna. Vitnið getur ekki sagt um, hvort hann var þá með hnífinn á lofti, enda lá það á gólfinu, og blæddi mikið úr því. Vitnið man svo ekki vel, hvað gerðist næst. Það minnist þess þó, að það kallaði á Söru, og kom hún inn til þess, aðstoðaði það og stumraði yfir því. Ákærði kom einnig aftur inn í herbergið nokkru síðar. Sara fór aftur út í innri forstofuna og ætlaði að hringja á lækni, en vitnið veit ekki, hvort hún gerði það, og getur heldur ekki sagt um, hvort ákærði meinaði henni að gera það. Vitnið segir þó, að rétt áður en lögreglumenn komu á vettvang, bað Sara um að hringt yrði á hjálp, en ákærði sagði þá, að Hjördís Ulla væri búin að hringja á lækni og Emma mundi hafa hringt á lögreglu. Ákærði kom inn í herbergið með blóðugan hnífinn og lét hann inn í skáp þar. Vitnið segir, að ákærði hafi verið mjög rólegur eftir það, sem nú hafði gerzt, og var hann allur annar en þegar hann kom fyrst inn í húsið. Vitnið

getur ekki sagt um, hve langan tíma framangreindir atburðir stóðu yfir, enda leit það ekki á klukku, sem lá á gólfinu í herberginu eftir sviptingarnar. Vitnið heldur, að komið hafi til rifrildis milli ákærða og Hjördísar Ullu, áður en það særðist, og man það eftir talsvert miklum hávaða á milli þeirra. Þó nokkur orðaskipti áttu sér stað milli þeirra um morguninn, en vitnið treystir sér ekki til að segja neitt um einstök orð þeirra, enda var það felmtri slegið og meira en það.

Ákærði neitar því, að hann hafi slegið Hjördísi Ullu í andlitið inni í herbergi vitnisins Paulu eða tekið fyrir kverkar hennar, en kveðst hafa tekið með annarri hendinni á aftanverðan háls hennar og sett hana á hné sér í hýðingarstellingar. Þá neitar hann því, að hann hafi síðan tekið hnífinn úr vasa sínum og hafið hann á loft, heldur hafi vitnið Paula tekið hnífinn úr hægri vasa hans. Kveður hann, að frásögn vitnisins um hnífinn og sviptingarnar milli hans og Hjördísar Ullu svo og milli hans og vitnisins sé röng, en hans frásögn rétt.

Frekara samræmi hefur ekki fengizt milli framburða ákærða og vitnisins Paulu þrátt fyrir samprófun þeirra.

Sara Sigurðardóttir starfsstúlka, Barónsstíg 25 hér í borg, sem er systkinabarn við ákærða, hefur borið vitni í málinu og skýrir þannig frá atvikum:

Aðfaranótt 7. janúar s.l. svaf vitnið í íbúð Hjördísar Ullu að Kvisthaga 25 í herbergi því, sem Paula móðir þess hafði og svaf þá í. Um morguninn vaknaði vitnið við það, að dyrabjöllunni var hringt, og telur það, að klukkan hafi þá verið um 8 leytið. Töldu þær mæðgur af hávaðanum fyrir utan, að þar væri ákærði á ferð. Reyndist það vera rétt. Þær urðu síðan varar við, að hann braut rúðu í útidyrahurðinni, og kom hann inn í herbergi þeirra. Ákærði var undir áhrifum áfengis og mjög æstur. Dró hann upp úr frakkavasa sínum hníf í plastumbúðum og sveiflaði honum í kringum sig. Hann fór að rífast við þær mæðgur um Hjördísi Ullu og börn þeirra, sem hann vildi fá til sín. Eftir frekar stutta stund fór hann inn í íbúðina til Hjördísar Ullu, og rifust þau, en vitnið heyrði ekki orðaskil. Hún kom síðan inn til þeirra mæðgna og bað þær um að klæða sig og koma fram í íbúðina, en þeim gafst ekki tími til þess, þar eð ákærði kom á hæla hennar. Hún bað hann með góðu um að fara fram, en hann neitaði því og tók hana kverkataki, en síðan dró hann upp hníf. Paula reyndi þá að ganga á milli, en fékk við það hnífstungu. Hjördís Ulla lá þá á gólfinu í herberginu og ákærði ofan á henni. Vitnið reyndi að

draga hana undan honum, og tókst henni þá að komast fram í innri forstofuna, en ákærði fór þá á eftir henni. Jafnframt reyndi vitnið að stöðva blóðrásina úr sári móður sinnar. Vitnið heyrði nú, að yngsta barnið var vaknað, og kom það skömmu síðar inn í herbergið til þeirra mæðgna. Fór vitnið nú fram í forstofuna og sá þá Hjördísi Ullu liggjandi í blóði sínu við símaborðið. Ákærði var þá staddur í forstofunni, en vitnið sá ekki hnífinn. Það ætlaði að hringja á lögreglu og lækni, en ákærði reif það frá símanum, svo að það gat ekki hringt. Næst varð vitnið vart við, að konan á efri hæð hússins kom að útidyrunum og spurði, hvort eitthvað væri að. Ákærði fór til dyranna og svaraði henni, að ekkert væri að hér. Hann kom svo aftur inn í herbergið til þeirra mæðgna og var þá með hnífinn, sem hann lét upp í skáp þar, en fór svo aftur út í forstofuna og bar Hjördísi Ullu inn í baðherbergið. Hann gekk síðan til útidyranna og kom þá í flasið á lögreglumönnum.

Framangreind frásögn er framburður vitnisins í sakadómi 7. og 11. janúar s.l. Vitnið kom enn fyrir dóminn 27. f. m. Vitnið kvaðst þá ekki minnast þess, að ákærði segði eitthvað, eftir að hann var kominn inn í herbergið til þeirra, en áður en hann dró upp hnífinn eða á meðan hann veifaði honum. Kveður vitnið, að nákvæmara sé að segja, að hann hafi veifað hnífnum heldur en sveiflað honum í kringum sig. Hnífurinn hafi þá ekki verið í umbúðum. Hann stakk honum síðan í vasa sinn og fór út úr herberginu, en það vissi ekki í hvaða skyni, og minnist það þess ekki, að það hafi heyrt mannamál utan úr íbúðini. Þær mæðgur voru kyrrar í herbergi sínu, en svo kom Hjördís Ulla inn til þeirra og ákærði svo einnig, að því er það minnir. Vitnið kveðst nú óljóst muna næstu atburði. Það man ekki til þess, að ákærði slægi Hjördísi Ullu í andlitið eða að hún færi út úr herberginu til að útbúa börnin í skólann. Kveðst vitnið nú ekkert muna eftir nánari atvikum að meiðslum móður sinnar, en minnist þess, að hún fékk sár. Vitnið kveðst hafa reynt að gleyma því, sem gerðist 7. janúar s.l.

Vitnið Emma Pálína Jónsdóttir verkakona bjó á efri hæð Kvisthaga 25 hér í borg á greindum tíma og skýrir þannig frá atvikum:

Vitnið sefur í herbergi á efri hæð hússins, beint yfir útidyrum. Klukkan, að því er það telur, tæplega 8 greindan morgun heyrði það þrívegis barin þrjú högg á útidyrnar á fyrstu hæð hússins. Sá, sem barði, kallaði einnig, að minnsta kosti tvívegis: „Paula,

Paula". Vitnið heyrði ekki, hvort dyrabjöllunni var hringt áður, enda heyrist slík hringing ekki í svefnherbergi þess. Vitnið taldi, að þarna væri ákærði á ferð, sem það þekkti. Það langaði til að fara út á svalir á vesturhlið hússins, en kunni ekki við það, þar eð það áleit, að það mundi æsa upp manninn fyrir utan. Smástund leið, og gætu það hafa verið 10 mínútur, frá því að höggin byrjuðu og þar til vitnið heyrði ryskingar á hæðinni fyrir neðan, að því er því heyrðist í ytri forstofu eða nálægt henni. Einnig heyrði það barn gráta og kalla á hjálp, og virtist hvort tveggja koma frá sama stað, og bætir við, að það hefði ekki heyrt þetta svona vel, ef þetta hefði átt sér stað innar í íbúðinni. Vitnið getur ekki fullyrt, hversu lengi ryskingarnar stóðu, en eftir þær var smáhlé. Það hlé var rofið með því, að dyrabjöllu vitnisins var hringt ofsalega. Vitnið, sem var ekki farið að klæða sig, brá sér í slopp og fór niður að útidyrunum. Sá vitnið þá, að mikið blóð var á bjölluhnöppunum við dyrnar upp á aðra hæð hússins svo og á dyrapallinum, og lá blóðslóðin á tröppunum milli dyranna. Dyrnar á fyrstu hæð voru opnar, og nokkuð fyrir innan þröskuldinn stóð kona, sem það hafði áður talað við og áleit vera húsmóðurina á heimilinu. Virtist hún stjörf, en að baki hennar stóð ákærði eins og steingervingur. Vitnið veitti því ekki athygli, hvort þau voru blóðug, og leit á þau aðeins augnablik. Vitnið segir, að konan hafi beðið um lögreglu, en það man ekki nákvæmlega orðaskipti þeirra. Vitnið hraðaði sér upp aftur án þess að athuga frekar ástandið á hæðinni. Vitnið mundi ekki símanúmer lögreglunnar, og kom fát á það. Barði það upp hjá syni sínum, Jóni Jakobssyni, og fékk hjá honum símanúmerið. Það hringdi síðan á lögreglustöðina, bað um lögreglu á Kvisthaga 25 og tók skýrt fram, að beðið væri um, að aðstoðin kæmi strax. Sá, sem fyrir svörum varð á lögreglustöðinni, spurði, hvort um ölvun væri að ræða, og svaraði vitnið því, að svo mundi vera. Vitnið kveðst vera þess fullvisst, að klukkan hafi ekki verið meira en 8.40, þegar það hringdi á lögreglustöðina, en þrátt fyrir beiðni þess um skjóta aðstoð hafi lögreglumennirnir ekki komið fyrr en klukkan að ganga 10. Jón, sonur vitnisins, fór áleiðis til vinnu sinnar skömmu fyrir kl. 9, og örskömmu síðar heyrði vitnið stunur og barnsgrát á neðri hæðinni. Nokkru eftir að Jón var farinn, komu lögreglumenn að húsinu, og nokkru síðar fór það með vatn í íláti niður að útidyrunum til að þrífa blóðið af þeim.

Vitnið Jón Sigurður Jakobsson fulltrúi, Kvisthaga 25 hér í

borg, sonur vitnisins Emmu Pálínu Jónsdóttur, hefur skýrt þannig frá:

Svefnherbergi vitnisins er í norðausturhorni íbúðarinnar á annarri hæð í húsinu, og var svefnherbergi Hjördísar Ullu beint þar neðan undir. Umræddan morgun vaknaði vitnið um kl. 8.30 og heyrði þá ekki neinn umgang í herbergi hennar, en umgangur var annars staðar í íbúðinni, og hurðum var skellt. Skömmu síðar fór vitnið á náttfötunum fram í innri forstofu íbúðarinnar og leit á klukku. Vantaði hana 20 eða 25 mínútur í 9. Um leið barði móðir vitnisins ákaft á hurðina, bað það um símanúmer lögreglustöðvarinnar, og sagðist hún ætla að hringja þangað vegna innbrots og hávaða á neðri hæðinni, en um það hefði verið beðið. Vitnið gaf henni samstundis upp númerið, og fór hún strax til að hringja úr síma sínum. Vitninu datt strax í hug, að ákærði, sem það þekkti, væri þarna á ferð. Klæddi vitnið sig í miklu skyndi og fór út í ytri forstofu efri hæðarinnar, en þaðan er hægt að fara niður í kjallara og inn á fyrstu hæð. Vitnið opnaði hurðina inn í niðurgang kjallarans og tók um leið í hurðina inn á fyrstu hæð. Beið þar andartak við hurðina og hlustaði. Heyrði það þá, að Hjördís Ulla virtist ganga um gólf og segja með nokkurri ákefð: „Þetta er ekki hægt, Þorvaldur". Fór vitnið þá út úr útidyrum annarrar hæðar og sá þá blóð á bjölluhnöppum við þær. Vitnið fór síðan að dyrum fyrstu hæðar. Sá það þá, að ein rúða í hurðinni var brotin og hurð og handfang blóðugt svo og blóð á vegg og dyrapalli, en hurðin var lokuð. Vitnið tók í handfang hurðarinnar, beið andartak og tók í hana aftur, en þar sem gardínan, sem var fyrir hurðinni, var aðeins frá, sá það lítillega inn í ganginn. Sá vitnið, hvar Hjördís Ulla, að því er vitnið hélt, og ákærði á hæla hennar komu í forstofuna. Hún gekk beint inn í íbúðina, en hann mun hafa orðið var við, að vitnið tók í hurðina og opnaði hana örlítið augnablik, og áður en það fékk tíma til að segja eða spyrja nokkurs, leit hann á vitnið og sagði: „Hér er ekkert að, Jón", og skellti hurðinni aftur. Vitnið álítur, að klukkan hafi verið fast að 9, þegar þetta gerðist, en það leit ekki á klukku. Því virtist ákærði vera fölur og starandi, en getur ekki sagt um, hvort hann var ölvaður, en skýrmæltur var hann. Vitnið taldi, að blóðið, sem það sá, stafaði af því, að ákærði hefði skorið sig við að brjóta rúðuna. Það átti von á lögreglu á hverri stundu og grunaði ekki neitt alvarlegt, þar sem það hafði séð húsmóðurina á gangi í íbúðinni. Vitnið

hreinsaði síðan hélu af rúðum bifreiðar sinnar, sem stóð á lóð hússins, ók henni á brott og mætti lögreglubifreið á horni Hjarðarhaga og Nesvegar. Það ók niður á skattstofu, þar sem það vinnur, stimplaði sig þar inn komið. Var klukkan þá 9.20.

Ákærði telur, að kona sú, sem vitnið Jón Sigurður Jakobsson sá í forstofunni, hafi verið Sara Sigurðardóttir.

Vintið dr. med. Eggert Ólafur Jóhannsson yfirlæknir, Karfavogi 37 hér í borg, kannaðist við ákærða og eiginkonu hans, en kona vitnisins og ákærði eru bræðrabörn. Vitnið kveðst hafa vaknað við símahringingu kl. 8—8.30 hinn 7. janúar s.l. og hafi Hjördís Ulla verið í símanum. Hún hafi sagt því, að ákærði væri kominn inn í íbúðina til hennar og væri inni í herbergi hjá konu þeirri, sem hjá henni dveldist. Hafi vitninu skilist á henni, að hún væri í vandræðum og að hún vissi ekki, hvað hún ætti að gera, en hún hafi ekki verkað á það eins og hún væri óttaslegin. Hún hafi síðan sagt: „Hann er víst að koma", og þar með hafi samtali þeirra lokið. Hún hafi ekki óskað eftir því, að vitnið gerði eitthvað, en það áleit þó, að hún mundi vænta þess, en því var ekki ljóst, hvað það ætti að vera. Nokkru síðar fór það vestur á Kvisthaga 25, og voru lögreglumenn þá komnir þangað.

Framburður ákærða í upphafi rannsóknar málsins var í nokkrum atriðum á annan veg en að framan getur. Þykir rétt að geta eftirfarandi atriða: Hinn 7. janúar s.l. kvaðst hann ekki hafa komið með hnífinn, sem hann beitti gegn Hjördísi Ullu og Paula hlaut sár af, heiman frá sér. Hann bar þá, að þegar hann var kominn inn í íbúðina, hafi þau Hjördís Ulla farið fram í eldhús og hafi hann tekið hnífinn, sem plast var utan um, úr skúffu þar, á meðan Hjördís Ulla var að búa Vilhjálm Ara, son þeirra, í skólann. Ákærði hafi gengið með hnífinn inn í herbergi Paulu og sagt við hana, að rétt væri að ógna Hjördísi Ullu með honum. Paula hefði þá reynt að taka hnífinn af honum og hefði henni tekizt það, en fengið áverka í átökunum. Honum hefði svo tekizt að ná hnífnum aftur af henni. Síðan hafi hann farið blóðugur á höndum með hnífinn fram í innri forstofuna og mætt Hjördísi Ullu þar í miklum hugaræsingi. Hún hafi spurt hann að því, hvort hann hefði skaddað Paulu og hvort hann ætlaði að nota hnífinn á hana, en hann hafi svarað því neitandi og sagt við hana, að svona hníf hefði henni verið nær að nota á sjálfa sig heldur en að haga sér eins og hún gerði við hann í sambandi við skilnaðinn. Hún hafi þá sagt eitthvað á þá leið, að hann skyldi

nota hnífinn á hana, ef hann þyrði. Þessi orðaskipti hafi æst hann meira en ella, þar sem hann var mikið undir áhrifum áfengis, en afskipti Paulu af honum höfðu þegar æst hann upp. Eftir að Hjördís Ulla hafði sagt seinastgreind orð, hafi gripið hann æði og hafi hann lagt hnífnum svo til strax til hennar, að því er hann minnir tvívegis, en hann hafi ekki getað gert sér grein fyrir því, hvar hnífurinn kom í hana.

Hinn 10. s. m. var ákærða gerður kunnur sá framburður vitnanna Paulu og Söru, að hann hafi ekki verið búinn að koma inn í eldhúsið, þegar hann dró upp hnífinn í herbergi þeirra mæðgna, og hélt hann þá fast við fyrri framburð sinn um, að hann hefði tekið hnífinn í eldhúsinu. Hann hafi einmitt tekið þennan hníf, af því að hann hafi verið stærstur og litið vopnlegastur út, ef hann yrði notaður á ákærða.

Hinn 9. s. m. var leit gerð í íbúð ákærða á Sólvallagötu 63, og fannst þar m. a. eldhúshnífur í skápskúffu í eldhúsi. Ingólfur Þorsteinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn rannsóknarlögreglunnar, Skipholti 60 hér í borg, kveður, að hnífurinn hafi verið nýlegur og að því er virtist ónotaður. Við athugun og samanburð á hnífnum við plastumbúðir og slíðurspjald það, sem talið sé, að hafi verið utan um hnífinn, sem ákærði beitti gegn Hjördísi Ullu, hafi komið í ljós, að gerð og áletranir á umbúðum þessum bendi ótvírætt til, að þær séu utan af sams konar hníf og þeim, sem fannst heima hjá ákærða, en augljóst hafi verið, að umbúðirnar pössuðu ekki fyrir hnífinn, sem beitt var gegn konunni, þótt mögulegt væri að nota þær til að hafa þann hníf í þeim.

Hinn 12. s. m. var ákærði inntur eftir því, hvar hann hefði fengið eldhúshnífinn, sem fannst heima hjá honum, og kvaðst hann þá hafa keypt hann í verzlun H. Biering á Laugavegi 6 hér í borg nokkru fyrir 20. desember f. á., en ekki keypt þar aðra hnífa nema sett hnífapara fyrir 6 manns. Eldhúshnífurinn hefði verið í plastumbúðum og væru þær annað hvort í eldhússkúffunni eða hann hefði fleygt þeim. Honum var þá kynntur á ný framburður vitnanna Paulu og Söru um, að hann hafi ekki verið búinn að fara inn í eldhúsið, þegar hann dró hnífinn upp í herbergi þeirra, og kunngerður sá framburður fyrrnefnda vitnisins, að slíkur hnífur hafi eigi verið til í eldhúsinu á Kvisthaga 25, og loks gert kunnugt fyrrgreint álit Ingólfs Þorsteinssonar um hnífana tvo og plastumbúðirnar. Viðurkenndi ákærði þá, að hann hafi keypt báða hnífana samtímis og tekið hnífinn, sem

hann beitti gegn Hjördísi Ullu, með sér að heiman, þegar hann kom þangað um morguninn, en þrátt fyrir það hafi hann ekki ætlað sér að leggja til henar með hnífnum.

Ákærði hefur gefið eftirfarandi skýringu á því, hvers vegna hann hélt því fram í fyrstu, að hann hefði tekið hnífinn í eldhússkúffu á Kvisthaga 25:

„Í þeirri ólýsanlegu örvinglun og óumræðilegu sorg, sem ákærði var, þá vildi hann, undir engum kringumstæðum segja neitt, sem varpað gæti skugga á elskaða, nýlátna eiginkonu hans og móður barna hans. Í sektarmeðvitund sinni yfir að hafa skyndilega orðið óður og misst stjórn á sér í örfáar sekúndur og framið á þeim voðaverkið, þá vildi ákærði taka á sig alla sök, aðra en þá, að um ásetningsverknað hefði verið að ræða, en það segir ákærði, að voðaverkið hafi alls ekki verið". ... „Sem lögfræðingur þóttist ákærði sjá, að rannsóknin hlyti að beinast mjög að því, hvort um ásetningsverk hefði verið að ræða. Sjálfur vissi ákærði, að svo hafði ekki verið. Jafnframt var honum ljóst, að ef ryðgaði hnífurinn og kortið með honum kæmi ekki fram og hann segði athugasemdarlaust frá því, að hann hefði tekið hnífinn með sér af Sólvallagötunni, rétt fyrir slysaverknaðinn, þá yrði það talið veita líkur fyrir ásetningsverki. Átti ákærði nú um tvo kosti að velja til þess að leiða ekki dómarann inn á villigötur, að hann færi ekki að telja slysaverknaðinn ásetningsverk. Hinn fyrri var að skrökva því, að hann hefði tekið hnífinn á Kvisthaganum. Hinn síðari var að segja satt um, hvaðan hnífurinn var tekinn, og þá jafnframt að láta fylgja með söguna um ryðgaða hnífinn og skýra frá hinu leiðinlega hjúskaparleyndarmáli, sem sending hans höfðaði til. Fyrri kostinn valdi ákærði, enda fannst honum með þeim síðari varpað skugga á minningu konu sinnar, sem hann vildi alls ekki gera ótilneyddur, og á þessu stigi málsins var ekkert komið fram um ryðgaða hnífinn, og bjóst ákærði ekki við, að það myndi koma fram í málinu".

Enn fremur segir ákærði: „Frá hýðingartilburðum sínum ætlaði ákærði ekki að segja til að þurfa ekki að skýra frá orðum og athöfnum konu sinnar þar á undan". Þá kveður ákærði, að þegar hann hafi borið í fyrstu yfirheyrslu, „að rétt væri að ógna konunni með honum", þ. e. hnífnum, þá hafi hann að vísu sagt þau orð, en ekki meint þau, heldur hitt, „að hann hafi viljað skipta á hnífum".

Vitnið Henrik Pétur Biering, kaupmaður og eigandi verzlun-

arinnar H. Biering að Laugavegi 6, til heimilis að Skaftahlíð 8 hér í borg, kveðst kannast við ákærða og muni það til þess, að hann kom í verzlunina síðdegis laugardaginn 17. desember f. á. Hann hafi keypt mikið af alls kyns búsáhöldum, og að því er það minnir fyrir um kr. 10.000.00. Það muni ekki nákvæmlega í smáatriðum, hvaða vörur hann keypti, en þó muni það, að hann keypti matar- og kaffistell og stálborðbúnað ásamt tilheyrandi fyrir 6 manns. Ákærði hafi verið ódrukkinn, kurteis og þægilegur. Sagði hann því, að hann væri skilinn við konu sína og væri að stofna heimili. Næsta mánudag hafi hann fengið að skila einhverjum einstökum hlutum, en jafnframt keypt fleiri vörur. Vitninu hafa verið sýndir eldhúshnífurinn, sem fannst í eldhúsi ákærða, og hnífur nákvæmlega sams konar þeim, sem ákærði beitti á Kvisthaga 25. Kveðst vitnið muna til þess, að sams konar hnífar væru til sölu í verzlun þess í desember f. á., en báðar gerðirnar hafi selzt upp fyrir jólin. Vitnið kveðst ekki muna, svo að það geti fullyrt, hvorkt ákærði keypti slíka hnífa í verzluninni.

Hinn 25. ágúst s.l. voru af ákærða hálfu lagðir fram í dóminum tveir reikningar frá verzlun H. Biering á ákærða vegna kaupa hans á margvíslegum búsáhöldum. Fyrri reikningurinn er dagsettur 17. desember f. á., samtals að fjárhæð kr. 8.772.00, og eru þar m. a. tilgreindir tveir hnífar á kr. 94.00 hvor. Seinni reikningurinn er dagsettur 20. sama mánaðar, samtals að fjárhæð kr. 1.483.00. Ákærði kveður, að í reikningum þessum sé að finna m. a. fyrrgreinda hnífa og buffhamar.

C. Vitnið Einar Halldórsson lögreglumaður, Kambsvegi 4 hér í borg, var stöðvarmaður á lögreglustöðinni umræddan morgun. Vitnið kveður, að nákvæmlega á mínútunni kl. 9 hafi verið hringt á stöðina og beðið um aðstoð að Kvisthaga 25. Tilkynnandi var kona. Skýrði hún eigi frá því, hvað um væri að ræða, og spurði vitnið því, hvort þetta væri ölvun. Svaraði konan því, að það væri eitthvað þannig. Vitnið lét Trausta Eyjólfsson, aðstoðarmann varðstjóra, vita þegar í stað um beiðnina. Var þegar um talstöð haft samband við lögreglubifreið og henni falið að fara á Kvisthaga 25, en taka í leiðinni lögreglumenn hjá lögreglustöðinni. Vitnið Finnbogi Sigurðsson lögregluflokksstjóri, Skaftahlíð 33 hér í borg, stýrði lögreglubifreiðinni, og var hún á leið niður Laugaveg og stödd rétt fyrir vestan Nóatún, þegar kallið kom til hennar. Með vitninu var Þorsteinn Jónsson lögreglumaður. Það ók bifreiðinni rakleitt að lögreglustöðinni, Póst-

hússtrætismegin, og voru þar þá til taks lögreglumennirnir Rúdólf Þór Axelsson og Magnús Magnússon. Þeir fóru inn í bifreiðina, en Þorsteinn Jónsson úr henni, og var síðan ekið án viðstöðu rakleitt á Kvisthaga 25. Engar umferðartafir voru á leiðinni. Ekið var frekar hratt, en ekki með rauðu ljósi og sírenu. Hinn 13. sama mánaðar um kl. 9.45 voru lögreglumennirnir þrír, sem sendir voru á Kvisthaga 25, fengnir til að aka sömu bifreið og og þeir höfðu þá verið í, hina sömu leið og þeir óku í umrætt skipti, eftir að þeir höfðu fengið fyrirmæli frá lögregluvarðstofunni um að fara á Kvisthaga 25, og ók sami lögreglumaður bifreiðinni. Var þetta gert til að athuga, hve langan tíma það tæki lögreglubifreiðina að fara þessa leið, en lögreglumennirnir töldu umferðarskilyrði mjög lík í bæði skiptin svo og ökuhraða bifreiðarinnar. Ökuferðin tók með viðkomu á lögreglustöðinni rétt um 8 mínútur.

Þegar á Kvisthaga 25 var komið, gengu vitnið og Rúdólf Þór og Magnús upp tröppur hússins, og í því að þeir stigu upp á dyrapallinn, var skellt útihurð á fyrstu hæð, og fyrir framan birtist ákærði blóðugur á höndum. Vitnið Rúdólf Þór kveður, að hann hafi verið nokkuð en ekki mikið ölvaður og rólegur, en vitnið Magnús kveður, að hann hafi verið móður og rjóður í andliti og virtist vera lítillega undir áhrifum áfengis. Virtist þeim ákærði ætla að ganga fram hjá þeim. Vitnið Rúdólf Þór kveður, að hann hafi sagt: „Þetta er allt í lagi, þetta er búið", og vitnið Magnús segir, að hann hafi sagt eitthvað á þá leið, að allt væri búið og ekkert hér að gera. Vitnið Rúdólf Þór spurði ákærða þá, hvað um hefði verið að ræða, og sá um leið, hvar stúlka stóð fyrir innan glerið í hurðinni. Virtist hún í miklum hugaræsingi og benti á ákærða. Hann spurði, hvort hann mætti ekki fara, og tjáði vitnið Rúdólf honum, að fyrst þyrfti það að athuga, hvað þarna hefði átt sér stað, enda var rúða brotin í hurðinni. Vitnið Magnús færði ákærða síðan út í lögreglubifreiðina, en stúlkan opnaði útidyrnar fyrir vitninu Rúdólfi Þór. Hún virtist eiga erfitt um mál og benti inn í íbúðina og sagði: „Inn á baðinu", og kom ekki upp öðrum orðum. Vitnið Rúdólf Þór sá blóðflekki á dregli í ytri forstofunni, og þegar það kom inn í innri forstofuna, sá það tvo stóra blóðflekki á gólfinu við símaborðið og blóðbletti víðsvegar í forstofunni. Vitnið fór síðan inn í baðherbergið og fann þar konu liggjandi á grúfu ofan í baðkerinu með annan fótinn út fyrir brúnina, og vísaði höfuðið fram að dyrunum.

Virtist vitninu konan vera látin. Það hraðaði sér út í lögreglubifreiðina og tilkynnti á lögreglustöðina um talstöð bifreiðarinnar, að hér væri um alvarlegan atburð að ræða, og bað um, að sjúkrabifreið, læknir og rannsóknarlögreglumenn kæmu á vettvang. Ákærði spurði þá, hvort hún væri dáin, og bað um að fá að kveikja sér í vindlingi, en sagði ekki annað. Hann var settur í handjárn, þannig að hægri hönd hans var járnuð við súlu í bifreiðinni. Varð vitnið Rúdólf Þór eftir hjá honum, en hinir lögreglumennirnir tveir fóru inn í íbúðina og gengu inn í baðherbergið. Þeir lyftu konunni upp úr baðkerinu og lögðu hana á gólfið á hægri hlið, þannig að lófi hægri handar kom undir vanga. Gerðu þeir þetta til að athuga, hvort hún væri látin, og virtist þeim svo vera.

Á lögreglustöðinni er ekki bókað, hvenær vitnið Rúdólf Þór hafði samband við hana og bað um frekari aðstoð að Kvisthaga 25, en fyrrgreint vitni, Einar Halldórsson stöðvarmaður, tilkynnti Nirði Snæhólm, varðstjóra hjá rannsóknarlögreglunni, atburðinn. Jafnframt hringdi Páll Eiríksson, aðalvarðstjóri á lögreglustöðinni, í aðstoðarborgarlækni. Þá var hringt í sjúkrabifreið, og í slysabók slökkvistöðvar Reykjavíkur er skráð tímaákvörðunin 9.15. Sjúkrabifreið kom fyrst á vettvang, og var fyrrgreind Paula Sveinsdóttir, sem kvartaði undan áverka á fæti, flutt í henni á slysavarðstofuna. Rétt á eftir komu rannsóknarlögreglumennirnir Ingólfur Þorsteinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn, Ragnar Vignir aðalvarðstjóri, Njörður Snæhólm varðstjóri og Sævar Þorbjörn Jóhannesson. Kveður vitnið Njörður, að klukkan hafi verið 9.20, þegar hringt var frá lögreglustöðinni til rannsóknarlögreglunnar, og vitnið Páll Eiríksson aðalvarðstjóri kveður, að rannsóknarlögreglumennirnir fjórir hafi komið á Kvisthaga 25 um leið og það, eða nálægt kl. 9.30.

Vitnið Björn Önundarson læknir, Brekkugerði 9 hér í borg, kveður, að einhvern tíma á 10. tímanum umræddan morgun hafi verið hringt af lögreglustöðinni á lækningastofu þess, en það var þá aðstoðarborgarlæknir, og því skýrt frá mannsbana á Kvisthaga 25. Lögreglumenn sóttu það síðan í bifreið og óku því á staðinn. Á gólfi í baðherbergi á 1. hæð hússins lá kona mikið blóðug. Sá vitnið strax, að hún var látin og að á líkinu voru miklir áverkar eftir hnífstungur. Þá var blóð víðsvegar um íbúðina.

Ákærði var fluttur á slysavarðstofuna, þar sem gert var að

fingurmeiðslum hans, og að því loknu var hann færður í fangahúsið við Skólavörðustíg. Lík Hjördísar Ullu var flutt í líkhús Rannsóknarstofu Háskólans.

III. kafli.

Rannsóknarlögreglumennirnir hófu þegar í stað rannsókn á vettvangi, og lýsir vitnið Njörður Snæhólm honum m. a. svo:

„Þegar komið er upp á tröppurnar vestan við húsið, eru þar tvennar dyr inn til hægri. Þær fyrri eru inn á neðri hæðina, en hinar að efri hæðinni. Í fyrri hurðinni er brotin rúða næst smekklásnum og glerbrot liggjandi bæði fyrir utan og innan. Hurðin er í blóðkámi bæði utan og innan. Hurðin að efri hæðinni er einnig blóðkámug að utan. Þegar komið er inn um dyrnar að neðri hæðinni, er þar beint fram smágangur, hurð að klósetti til vinstri, miðstöðvarofn á bak við hurðina og hurð að smágangi til hægri hjá honum. Nokkuð blóð var á miðstöðvarofninum, gólfinu, veggjum og körmum. Í litla ganginum til hægri er blóð á veggjum og gólfi og hurð að smá herbergi inn af honum, en í því herbergi var Sara. Þar var blóð á gólfinu og blóðugur undirkjóll og handklæði. Í skáp í herberginu blóðugur hnífur og plasthylki af hníf á gólfinu við skápinn. Innst til hægri við ytri forstofuna eru dyr að öðru herbergi, en þar inni var allt í lagi.

Þegar komið er inn í innri forstofu, eru fyrst dyr til vinstri, en þar er stigi niður í kjallara. Þessi hurð var læst að innan, þ. e. forstofumegin, með lykli, sem stóð í skránni. Á smáborði við þessar dyr var karlmannshattur og buffhamar úr málmi, en hann hafði Þorvaldur verið með á sér og lögreglan tekið hann af honum. Næst til vinstri er eldhús. Þar voru blóðdropar á gólfi og nokkuð blóð í vaski. Næst til hægri eru dyr að smá gangi. Vinstra megin við ganginn er snyrtiherbergi, en þar inni lá líkið á gólfinu. Nokkuð blóð var í baðkerinu sjálfu og dropar á ganggólfi. Beint fram er herbergi með þremur hvílum í. Þar var allt í lagi. Næst til hægri við þennan gang er annað herbergi, og í því var allt í lagi. Þá er aftur komið fram í innri forstofu og farið með sól. Strax til vinstri er smákamelsæti og við það lítið símaborð með síma á. Undir þessu borði er stór blóðflekkur með stærðar blóðlifur í. Hinum megin við borðið er annar blóðflekkur, heldur stærri, og um tveir cm á milli brúna þeirra. Næst koma dyr að stofu til vinstri. Á hurðarhúninum gangmegin er nokkur blóðstorka, en allt í lagi í stofunni. Á stólbaki og borðbrún liggur dökkgrár karlmannsrykfrakki

með ísaumuðu merki „Elgur h.f., Reykjavík". Frakki þessi er með það, sem líkist blóðrákum utan á vinstri ermi og innan á henni að neðan. Blóðrákum vinstra megin að framan, frá öxl og niður úr, og talsvert blóð innanverðu á boðung og fóðri sömu megin. Að því er virðist er blóð hægra megin á kraga og á erminni frá öxl og niður úr. Mest neðst að utan, en þó einnig að innan og framan við ermina, upp úr og niður. Fyrir neðan neðstu tölu eru tveir skurðir í gegn. Annar 8.5 cm milli enda, en hann er bogadreginn. Fóðrið er þarna megin allt atað í blóði á 60 cm löngum kafla og 35 cm breiðum.

Blóðblettir um allt gólfið í innri forstofu, enda einnig búið að ganga blóð inn á það.

Umræddur buffhamar reyndist vera 205 gr. á þyngd með tökkuðum hausendum.

Umræddur hnífur er með 11.9 cm löngu skafti. Blaðið er 21.8 cm á lengd og 2.5 cm á breidd, oddmjótt og flugbeitt".

Síðar um daginn athugaði vitnið Njörður föt ákærða, og segir það um þá athugun: „Kom í ljós, að það, sem líktist blóði, var á kafla neðst á hægra jakkalafi hans innanverðu og smávegis á buxnaskálminni neðan við. Einnig á uppslagi á hægri skyrtuermi og smávegis á vinstri buxnaskálm".

Kl. 15.10 sama dag skoðaði Kristján Hannesson hegningarhúslæknir ákærða og segir um hann m. a.:

„Maðurinn er í feitara lagi, nokkuð sjokkeraður, en þó á yfirborðinu að því er virðist rólegur og svarar öllum spurningum eðlilega.

Hann er alklæddur, en á skyrtu hans á brjóstinu rauðlitaðir blettir, mismunandi stórir, svo er og á vinstri skyrtulíningu, þar er fremst rauðlituð rönd. Á vinstri hendi eru í lófa smá þverskurðir í húð (ekki rispur), sem hefur lítið eitt blætt úr, svo er og á þriðja, fjórða og fimmta fingri lófamegin. Sjl. er með umbúðir á báðum vísifingrum, sem gert hefur verið við, að því er hann segir á Slysavarðstofu Reykjavíkur, og eru að hans sögn skurðir eftir hníf, eins er með aðra smáskurði í lófa og fingrum, er spurt er um, hvernig þeir séu tilkomnir.

Hvergi er hægt að sjá rispur eða klór. Að öðru leyti er skoðun sjl. negativ. Ég spyr hann, hvort hann sé tilbúinn til yfirheyrslu, og telur hann sig reiðubúinn til þess".

Sama dag gekk úrskurður um, að lík Hjördísar Ullu skyldi krufið, og framkvæmdi dr. med. Ólafur Bjarnason prófessor verkið. Ályktun læknisins er svohljóðandi:

„Við krufninguna fundust þrjú stungu- og skurðsár á brjósti og eitt stungusár á kvið. Tvö sáranna á brjósti náðu inn að rifjum, en gengu ekki inn í brjóstholið. Inn frá þriðja sárinu í h. brjósti voru stungustefnur í tvær áttir. Lá önnur á ská yfir til vinstri inn og meðfram rifjum. Hin stungan stefndi beinna inn á við og inn í brjóstholið, en þar var stórt gapandi skurðsár í h. lunga og hafði skorizt yfir aðalgrein lungnablásæðar (v. pulmonalis) og aðalberkjustofn til efsta blaðs h. lunga. Í brjóstholinu h. megin var töluvert blóð, en einnig hafði blætt inn í berkjur og konan hóstað upp og einnig kingt nokkru blóði. Augljóst er, að stunga sú, sem gekk inn í h. brjósthol, hefir orðið konunni að bana. Auk blóðmissis og losta kann loftbrjóst h. megin, sem myndast vegna stungunnar, að hafa verið meðverkandi að dauða sem og það, að loft kann að hafa sogazt inn í lungnablásæðina og truflað starfsemi hjartans. Lítil sem engin blæðing var út frá stungunni í kviðinn. Sár í vinstri greip bendir til þess, að konan hafi í varnarskyni gripið um hnífinn með vinstri hendi".

Haukur Kristjánsson, læknir í Slysavarðstofu Reykjavíkur, segir í vottorði, dags. 12. janúar s.l., um meiðsli Paulu Sveinsdóttur á þessa leið:

„Hinn 7/1 1967, kl. 9.50, var komið með Pálu Sveinsdóttur, til heimilis Suðurgötu 4, Sauðárkróki, í Slysavarðstofu Reykjavíkur. Konan kom í sjúkrabíl, hágrátandi og var í fyrstu vart viðmælandi sökum geðshræringar. Þó fékkst það fram, að hún hefði fyrir nokkurri stundu reynt að skerast í leikinn, þar sem maður nokkur var að stinga konu sína með hnífi, og hafði hann þá slæmt til hnífnum og sært hana ofan vinstra hnés.

Konunni var gefin róandi sprauta, og róaðist hún nokkuð við það. Við skoðun sást ca. 5 cm skástæður skurður framan á vinstra læri, rétt ofan við hnéskel. Sárið var hreinskorið og náði gegnum húð, fitulagið undir húðinni, og á ca. 2 cm svæði náði það inn í réttisin hnésins.

Konan virtist þó hafa fullan réttikraft í hnéliðnum. Búið hafði verið um sárið til bráðabirgða, væntanlega af sjúkraliðsmönnum þeim, er fluttu hana á Slysavarðstofuna. Sárið var hreinsað rækilega og því næst saumað með silki, 5 sporum. Síðan voru settar á umbúðir.

Konan dvaldi í Slysavarðstofunni í ca. 2 klst. og virtist sífellt í mjög mikilli geðshræringu. Tengdasonur hennar kom rétt fyrir

kl. 12 á hádegi og tók hana með sér. Hún fékk lyfseðla bæði fyrir penicillin og róandi töflur. Var henni ráðlagt að liggja.

Pála kom til eftirlits í Slysavarðstofuna 9/1, og var þá nokkur roði í sárbörmum, en ekki voru merki um gröft í sárinu. Settar voru á nýjar umbúðir".

IV. kafli.

A. Ákærði lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1949 með II. einkunn og lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1957 með I. einkunn. Hann hefur rekið lögfræðiskrifstofu síðan árið 1957. Hann fékk útgefið leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi 20. desember 1957 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti 20. október 1962. Hann var löggiltur sækjandi opinberra mála í héraði 15. október 1958. Hann fékk verzlunarleyfi í Reykjavík sem hér segir: heildsöluleyfi 7. júní 1956 og smásöluleyfi 14. október 1959. Hann var trúnaðarmaður verðlagsstjóra á árunum 1946—1951. Starfaði síðan við firmað Páll Jóh. Þorleifsson h/f og var framkvæmdastjóri þess á árunum 1953—1960. Hann var aðalstofnandi Glugga h/f árið 1954 og stjórnarformaður síðan. Hann var einn af stofnendum fjögurra annarra fyrirtækja.

B. Í rannsókn málsins hafa komið fram margvíslegar upplýsingar um sambúð ákærða og Hjördísar Ullu heitinnar og um ýmsa háttsemi hans. Verður þessi þáttur málsins nú rakinn nokkru nánar í þeim greinum, sem hér þykir máli skipta:

1. Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, var hjúskapur ákærða og Hjördísar Ullu fyrsta áratuginn góður og að heita má misfellulaus. Ákærði kveður þó, að á þessum tíma hafi einn atburður gerzt, sem skyggði á sambúð þeirra, og reyndist hann mjög örlagaríkur. Lýsir ákærði atburði þessum þannig:

„Þegar ákærði sá fram á, laugardaginn 11. júní 1955, að takast myndi að hefja rekstur Glugga h.f. á ákveðnum tíma, þá segist ákærður hafa byrjað drykkju og drukkið sig mikið drukkinn og ekki komið heim fyrr en mikið var á nóttina liðið. Ekki segist hann hafa látið konu sína neitt heyra frá sér, síðan í hádegismat. Þegar hann hafi komið heim um nóttina, þá hafi hún ekki verið farin að sofa og verið alveg óð og skammast feyknin öll og hafi aldrei þessu vant ekki verið nokkur leið fyrir ákærða að sefa hana, eins og honum hafði jafnan tekizt áður. Hafi hún barið hann miskunnarlaust með uppþvottatuskunni, en þau hafi

verið í eldhúsi íbúðarinnar. Þegar ákærði gat ekki róað hana, þá fór hann þegjandi frá henni inn í borðstofuna, sem þau notuðu fyrir svefnherbergi, og háttaði sig og lagðist upp í rúm. Hjördís varð þá eftir grátandi í eldhúsinu. Ákærði ákvað að sofna ekki, fyrr en Hjördís væri búin að jafna sig, en þar sem það dróst, þá var ákærði að sofna, loksins að hún kom inn í herbergið, og þóttist þá ákærði sofa og hafði lokuð augu. Þá settist hún varlega fyrir framan hann, tók náttskyrtuna frá hálsi hans og þreifaði um háls ákærða í leit að slagæðinni. Þá leit ákærði upp og sá, að hún var með eldhúshnífinn reiddan í hægri hendi og tilbúin að skera ákærða á háls. Ákærða brá að vonum hroðalega, velti sér til hliðar að henni og stökk upp úr rúminu og tók af henni hnífinn. Ákærði spurði hana, hvað hún hafi eiginlega ætlað að gera. Hún lagðist upp í svefnbekkinn, og að henni setti ofsalegan grát og sagðist hafa haldið, að ákærði væri sofnaður og hún hefði verið ákveðin í að drepa hann. Hún gæti ekki þolað að bíða eftir honum drukknum. Nú væri svo langt síðan að ákærði hefði verið drukkinn, að hún hefði haldið, að það kæmi ekki fyrir aftur. Þegar sú von hefði brugðizt, þá hefði hún orðið æf og ætlað að skera ákærða á háls. Þegar hún hafi skammað ákærða, þá hefði hann einu sinni ekki hlustað á hana, bara brosað að henni. Ákærði tók hnífinn og faldi hann í bekkeninu, sem geymt var í efstu hillu í eldhússkáp. Það, sem eftir var nætur, svaf ákærði í djúpum stól í stofu þeirra, sem þau höfðu ekki selt, þegar þau seldu af húsgögnum sínum. Þegar ákærði sofnaði í stólnum, var Hjördís enn grátandi á svefnbekk þeirra. Heldur voru þau þegjandaleg morguninn eftir. Hjördís bað ákærða fyrirgefningar, en ákærði óskaði eftir skilnaði. Hún kvað þetta myndi aldrei aftur henda sig. Ákærði kvaðst mundu sjá til vegna sonar þeirra, hvort hann skildi við hana eða ekki, en hann myndi aldrei sofa drukkinn oftar hjá henni. Var nú sambúð þeirra köld og þurr allt fram í ágúst, og stóð skilnaður til milli þeirra allt fram í september.

Ákærði hafði af konu sinni mikinn ótta, því að í þessum æðisköstum var hún gjörsamlega óþekkjanleg manneskja, sem alls ekki vissi hvað hún gerði eða sagði. Ákærði bað hana að fara til læknis út af þessu, en því neitaði hún. Ákærði velti því fyrir sér, hvort hann ætti að tala við lækni út af þessu og sagði henni frá því, en þá hótaði hún ákærða að fyrirfara sér, ef hann ræddi um þetta við lækni".

2. Ákærði kveðst hafa byrjað að neyta áfengis lítillega snemma

árs 1947, en það var hvorki ástríða hjá honum né vandamál fram til ársins 1958. Í tilhugalífi og á fyrstu hjúskaparárum hans hafði eiginkonan ekkert á móti víndrykkju, og var þá veitt áfengi á heimili þeirra, ef svo bar undir, er gesti bar að garði. Hann lagði hart að sér við störf á þessum árum og neytti þá áfengis einstaka sinnum með félögum sínum og lét þá eiginkonuna ekki vita af sér, og vissi hún ekkert af honum, fyrr en hann kom heim, stundum ekki fyrr en kl. 2 til 5 á nóttunni og þá drukkinn. Hafði hún þann hátt á að vaka eftir honum, og af þessum sökum fékk hún svo mikið ofnæmi fyrir, að hann neytti áfengis, að það vandamál var ekki hægt að ræða þeirra milli. Að öllu öðru leyti var sambúð þeirra sem bezt var á kosið. Ofnæmi eiginkonunnar fyrir áfengisneyzlu hans leiddi til þess, að gestum var ekki veitt áfengi á heimili þeirra eftir 16. febrúar 1954 nema einu sinni lítillega, eftir að hann lauk embættisprófi. Frá hausti 1958 til 1. desember 1966 fór hann á 12 „drykkjutúra", sem í fyrstu tóku 1 til 3 daga, en síðan smálengdust þeir svo og bilið á milli þeirra. Í lengri „túrunum" kom tímabil, sem hann neytti lítils eða einskis áfengis, og hann vann jafnan snemma á morgnana, seint á kvöldin og um helgar. Árin 1964 og 1965 lenti hann á „túrum" tvívegis hvort árið, og voru þeir lengri síðara árið en hið fyrra og sá seinni síðara árið þeirra lengstur. Í „túrum" þessum afhenti hann eiginkonu sinni lyklana að íbúð þeirra með þeim ummælum, að hún skyldi láta hann vita, þegar hún væri tilbúin að taka við honum heim. Að kvöldi 3. október f. á. hóf hann áfengisdrykkju, og hafði hann þá ekki farið á „túr" í 10 mánuði. Hann kom heim til sín einum eða tveimur dögum seinna og sofnaði, en eiginkona hans vakti hann með skömmum. Afenti hann henni þá lykil íbúðarinnar og fór á brott. Hann var heima hjá sér eina nótt í sama mánuði og fjórar nætur í næsta mánuði, en hélt enn á brott í bæði skiptin eftir ásakanir eiginkonunnar og árekstra við hana. Annars svaf hann ýmist á hóteli eða í skrifstofu sinni og var meira og minna drukkinn til 5. eða 6. desember, þó með margra daga hléi nokkrum sinnum. Ákærði telur, að síðastliðin 8 ár hafi hann verið drukkinn eða miður sín vegna áfengisneyzlu að meðaltali 26 daga á ári, og kveðst hann hafa gert þessa athugun í tilefni af skilnaðarbeiðni konu sinnar. Hann kveður, að ástæðan fyrir „túradrykkju" sinni hafi verið sú, að kona hans hafi ekki getað séð hann drukkinn og jafnvel lagt hendur á hann, án þess að hann tæki á móti. Honum hafi þótt mjög vænt um hana, átt óhemju

erfitt með að sjá hana í þessum ham og lagzt í frekari drykkju. Síðan hafi viðbrögð orðið þau, að hún hafi tekið af honum lykla og lokað hann inni, en áfengi hafi hann aldrei mátt koma með inn á heimilið.

Hinn 13. desember f. á. flutti Hjördís Ulla á Kvisthaga 25 og ákærði 17. s. m. á Sólvallagötu 63.

3. Í málinu hafa verið lagðir fram tveir pakkar, sem ákærði sendi á áfangadag 1966, annan heim til Hjördísar Ullu, en hinn heim til móður hennar, Steinunnar Ástu Zebitz, Hólmgarði 43 hér í borg.

Vitnið Ingólfur Þorsteinsson lýsir fyrrnefnda pakkanum svo: „Þetta er pappakassi, pakkaður í jólapappír, 31 cm. að lengd, 10 cm. breiður og 6.5 cm. djúpur. Kassinn er þakinn með álímdum úrklippum úr miðum utan af sápustykkjum „1313", en á slíka miða er prentað, auk merkisins „1313", „Bakteríudrepandi", og virðist áherzla hafa verið lögð á það þarna, að sem mest kæmi fram af síðari hluta þess orðs, „drepandi".

Efst í kassanum, ofan á bómullarlagi, er kort af listaverki Einars Jónssonar, Útilegumanninum, en innan í kortið er vélritað eftirfarandi: „Jólin 1966. Bezta jólagjöf launmorðingja sem ráðast á sofandi eða drukkin fórnarlömb er nýtt vopn, því að samvizka þeirra er sem brotinn fiðlubogi. Hnífur er göfugra vopn en skipulagðir klækir. Tönn fyrir tönn, auga fyrir auga er jólaboðskapurinn í þetta sinn. Fórnarlamb yðar, sem slapp óskaddað frá yður".

Undir bómullarlagi, sem svo er ofan á í kassanum, er brot úr gömlum fiðluboga að því er virðist. Undir öðru bómullarlagi er svo gamall og mjög ryðgaður hnífur með 14 cm. löngu blaði, oddmjóu. En í bómullarlögum, sem eru bæði undir og ofan á hnífnum, eru við odd hnífsins og upp á móts við miðju blaðsins blóðrauðir blettir, sennilega gerðir með rauðu bleki. Efst á hnífsblaðinu, eða alveg um hjöltun, er örlítill, rauður poki úr prjónuðu efni, fylltur með bómull og fest við hann hjartalagað, lítið nisti. Hefur því hnífsblaðinu verið stungið í gegnum þennan poka, alveg upp að hjöltum".

Ákærði hefur gefið eftirfarandi skýringu á pakka þessum og sendingu hans:

Með bréfi, dags. 23. desember f. á., sendi hann börnum sínum sjónvarpstæki að gjöf. Síðar sama dag hringdi Hjördís Ulla til hans og kvartaði undan meiðandi ummælum um hana í bréfinu og sagði honum, að hann mundi ekki fá að sjá börnin á jóladag,

eins og ákveðið hafði verið, og fengi hann ekki að sjá þau framar. Hér við bættist, að faðir hans sagði honum á aðfangadag, að hann mundi ekki dvelja heima hjá ákærða um jólin, því að hann hefði lofað Hjördísi Ullu því að búa þá heima hjá henni og börnunum, en hún hefði sagt honum, að ákærði væri ennþá fullur, og vildi hann ekki hafa hann hjá sér um jólin. Af þessum ástæðum vildi ákærði særa Hjördísi Ullu, eins mikið og hann gæti. Hugkvæmdist honum þá að minna hana á það, þegar hún réðst á hann drukkinn og nær sofnaðan í Mávahlíðinni í júní 1955 með hníf í hendi og gerði sig líklega til að deyða hann. Útbjó hann svo greindan pakka og sendi hann á aðfangadag. Hann gefur þá skýringu á miðunum með „1313", að seinasti „drykkjutúr" hans hafi byrjað á 13. brúðkaupsdegi þeirra hjóna og þann dag hafi konan ekki talað við hann og 13. desember f. á. einnig flutt burt af Sólvallagötu. Með orðinu „drepandi" hafi hann viljað benda á, að tilfinningar hefðu verið drepnar, en annað ekki, sbr. brostna fiðlubogann. Hann hafi átt sáputegund þessa á vinnustað sínum. Rauðu blettirnir í bómullinni hafi verið blek. Hann tekur sérstaklega fram, að sendingin hafi alls ekki átt að vera morðhótun, heldur ábending til konunnar um, að honum hefði þótt betra að vera drepinn með slíkum hníf heldur en hvernig farið var með hann, á meðan hann var sjúkur af drykkjuskap, sem hinir brostnu fiðlustrengir hafi einnig átt að benda á. Hnífinn, fiðlubogann og tilheyrandi hafi hann fundið í gömlu dóti frá því, að þau hjónin bjuggu á Bárugötu. Loks kveðst hann hafa sent kortið með mynd af Útlaganum, þar eð honum fannst hann vera gerður útlægur.

Vitnið Ingólfur Þorsteinsson lýsir pakkanum, sem ákærði sendi til Steinunnar Ástu, svo:

„Pakki sá, er þannig gerður, að utan um hann er brúnn umbúðapappír. Utan á hann er skrifað nafn frú Ástu og heimilisfang. En á öðrum stað er skrifað utan á umbúðirnar, að því er virðist, skilaboð til einhvers, svohljóðandi: „Viltu koma þessu líka til skila á nóni aðfangadags".

Í þessum umbúðum er pappakassi, klæddur með jólapappír, en límt á hann jólamerkispjald og á það skrifað, „Ásta Zebitz og fjölsk.". Kassinn er 39 cm. langur, 9 cm. breiður og 8 cm. djúpur.

Þegar kassinn er opnaður, er efst í honum, ofan á bómullarlagi, rauð slaufa. Undir nokkuð þykku bómullarlagi er kassinn allt að því hálfur af mold, en ofan á moldinni liggur lítil garð-

yrkjuklóra, gömul, með spaða á öðrum enda, og er lengd klórunnar næstum því jöfn kassalengdinni. Ofan á klórunni liggur miði af brennivínsflösku, svartur og af eldri gerð. Á hann er vélritað. „Jól 1966. Sér grefur gröf er grefur". Þarna liggur einnig lítil dagblaðsúrklippa með stórletursfyrirsögn þessari: „Heilagur Nikulás á Íslandi"."

Ákærði hefur gefið eftirfarandi skýringu á pakka þessum og sendingu hans:

„Þau hjónin höfðu jafnan sent foreldrum hennar jólagjafir. Á þessum jólum ætlaði ákærði að gera tengdamóður sinni einhvern hrekk. Þegar ákærði fann í miðstöðvarherberginu á Sólvallagötunni mjög ljóta garðyrkjuklóru með fimm klórufingrum, sem líktust mest teikningum af skrattaloppu, en klóran ætluð til að rífa upp illgresi, þá fannst ákærða klóran hæfileg gjöf til tengdamóður sinnar, því að svo fannst honum hún vera búin að klóra sér og meðhöndla sem illgresi í fjölskyldugarði sínum. Hún hafði ráðið herzlumuninum með kjaftæði og illmælgi, að hjónaband ákærða splundraðist. Bæði að þetta var í rauninni garðyrkju- og moldarverkfæri og svo af hreinum hrekk, þá setti ákærði gamla pottablómamold, sem var í poka í miðstöðvarherberginu, með klórunni, en með því að setja merkimiðann á botn pappakassans var ætlun ákærða, að þá yrði kassinn opnaður öfugur með þeim afleiðingum, að mold og klóra dyttu úr honum. Þá áritaði ákærði á brennivínsflöskumiða: Sér grefur gröf er grefur og átti þá við, að sá, sem grefur upp kjaftæði um annan, grefur upp kjaftæði um sjálfan sig, því að upphaflega hafði tengdamóðir hans byrjað að grafa upp kjaftæði um hann, en hann þá farið að grafa upp kjaftæði um hana. Að ákærði hafi skrifað þetta á brennivínsmiða, segir ákærði, að hafi verið vegna þess, að tengdamóðir hans hafi sagt börnum hans, að skilnaðurinn væri vegna þess, að ákærði væri fyllibytta og róni. Þá setti ákærði í pakkann 2 blaðaúrklippur. Önnur var mynd úr auglýsingu, en sú mynd er gömul rún, sem merkti angurgapi, og var það stílað til tengdamóður hans. Hin var úr fréttafyrirsögn: „Heilagur Nikulás á Íslandi", en þar sem ákærði sendi pakkann nafnlaust, þá átti þetta að merkja, að pakkinn væri frá jólasveininum, en frúin sjálf um, hvort hún tæki það öðruvísi. Frá pakka þessum hafði ákærði gengið um miðjan desember og haft pakkann til sýnis í skrifstofu sinni og hafði starfsfólk ákærða og margir aðrir, sem þangað komu, skoðað hann og ákærði sagt

þeim, að hann ætlaði að senda pakkann konu, sem klórað hefði honum illilega. Ákærði lagði enga aðra merkingu í pakkasendingu þess en hann hefir nú sagt frá".

4. Hinn 28. desember f. á. kom faðir ákærða, Jónas Steingrímur Arason kaupmaður, Suðurgötu 1, Sauðárkróki, heim til hans með farangur sinn og kvaðst ekki vilja dvelja lengur á Kvisthaga 25, þar eð honum og Hjördísi Ullu hefði orðið sundurorða vegna þess, að hún vildi ekki leyfa börnunum að heimsækja ákærða. Kvað hún ástæðuna vera sendingu, sem ákærði hefði sent henni á aðfangadag, og sýndi hún föður ákærða hana, sem var ryðgaður hnífur. Einnig sagði hún honum frá sendingunni, sem ákærði sendi tengdamóður sinni. Ákærði sagði föður sínum frá atburðinum, sem gerðist í júní 1955 í Mávahlíðinni og ýmsu öðru. Faðir hans sagði honum þá, að hann yrði að fá konuna til að skila hnífnum, því að hann og sendingin til tengdamóðurinnar gætu valdið ákærða álitsspjöllum og illu umtali. Ákærði taldi, að Hjördís Ulla mundi aldrei gera honum illt út á við, en öðru máli væri að gegna um tengdamóður hans, ef hún næði í hnífinn. Kveðst ákærði nú hafa dauðséð eftir því að hafa sent hinn ryðgaða hníf.

Ákærði kveður, að síðar sama dag hafi Hjördís Ulla hringt í hann og boðið honum að hafa börnin á gamlárskvöld. Ákærði þakkaði það. Að beiðni hennar hringdi hann í hana næsta dag. Ræddu þau þá sendingu hnífsins og fjármál, og óskaði hann eftir því að eiga fund með henni til að þau settu með sér ákveðnar umgengnisreglur viðvíkjandi börnunum. Síðdegis 31. desember f. á. hringdi hún til hans og sagði honum, að hann mætti sækja börnin, og átti hann ásamt föður sínum ánægjulegt gamlárskvöld með þeim. Áður höfðu börnin komið til hans 11. og 18. í þeim mánuði. Eftir hádegi á nýársdag hringdi hún aftur til ákærða og kvað hann mega hafa dóttur þeirra til kvölds, og þáði hann það. Í þessu samtali kveður ákærði, að hún hafi uppnefnt móður hans, og í öðru símtali þeirra um kvöldið varð nokkurt rifrildi milli þeirra út af ýmsu, sem þau höfðu áður rifizt um.

Ákærði kveður, að upp úr hádegi 2. janúar s.l. hafi Hjördís Ulla hringt til hans og samþykkt umræðufund með honum á Gildaskálanum kl. 1700 þá um daginn til að setja og ganga frá umgengnisreglum þeirra við börnin. Einnig vakti fyrir ákærða að fá nú ryðgaða hnífinn aftur til baka, og í því augnamiði tók hann með sér á fundinn gamlan ættargrip, vasaúrfesti úr gulli, til að freista hennar. Samkomulag náðist um börnin. Hún sagði

ákærða, að henni hefði verið mjög illa við að fá ryðgaða hnífinn sendan, því að atburðurinn í Mávahlíðinni hefði átt að vera algerlega gleymdur, og meira að segja hefði hún fyrst í stað ekki áttað sig á því, hvað hnífurinn hefði átt að tákna, fyrr en hún hefði farið að athuga kortið betur. Svo sagði hún báðslega, að sá ryðgaði væri gersamlega bitlaus og hefði aldrei komizt í gegnum spikið á ákærða. Hann spurði hana að því, hvort hún vildi ekki láta hann hafa þann ryðgaða til baka, ef hún fengi gullkeðjuna og mætti nota hana sem armband, þar til elzti sonur þeirra lyki lokaprófi sínu. Samþykkti hún það. Þá dró hann gullkeðjuna upp úr vasa sínum og fékk henni. Hún þakkaði honum fyrir og lofaði að afhenda honum ryðgaða hnífinn til baka. Þessu handsöluðu þau. Þau ræddu um, hve kjánalega þau hefðu hagað sér, og voru bæði sanngjörn. Hún spurði hann, hvort hann vildi nú láta lögskilnaðinn verka, eins og skilnaður að borði og sæng ætti að vera. Féllst hann á það. Þá spurði hún hann, hvort hún mætti því til staðfestingar draga aftur á fingur hans giftingarhringinn, sem hún hafði í tösku sinni. Samþykkti hann það, og dró hún hringinn á fingur hans. Hún hafði sjálf aldrei tekið niður sinn hring. Þá sagði hún, að þegar þau giftu sig aftur, þá yrði það að vera gert af presti, því að dómaragifting væri engin gifting. Hann sagðist ekki giftast henni aftur, nema vínbanninu yrði aflétt og að hann fengi að koma heim með gesti, þegar hann langaði til. Hún svaraði því, að ef til giftingar kæmi aftur, mætti gera með það nokkrar tilraunir. Þegar hér var komið, hafði samtal þeirra staðið í nær tvær klukkustundir. Hún bauð honum nú að koma heim til hennar og borða með börnunum, og féllst hann á það. Borðuðu þau síðan öll saman. Hún og ákærði ákváðu að hittast fyrst um sinn á sunnudögum og borða á víxl hvort hjá öðru, á meðan þau væru að jafna sig og átta sig á því, hvort þau ættu að gifta sig aftur eða ekki. Hann átti að koma næst heim til hennar eftir endurskoðunarprófið 8. janúar s.l., en ef hann hætti við prófið eða fengi því frestað, átti hann að hafa börnin heima hjá sér á þrettándakvöldi. Hún bað hann um að heimsækja hana ekki, ef hann væri drukkinn, því að það gæti eyðilagt nýgert samkomulag þeirra, og lofaði hann því. Nú ætlaði hann að fara að kveðja, og bað hann hana þá að láta hann hafa ryðgaða hnífinn til baka, en hún sagði þá, að hann fengi hnífinn, þegar hann kæmi næst í heimsókn.

Á leiðinni til skrifstofu sinnar fannst ákærða fundur þessi

hafa tekið óvænta stefnu, og velti hann því fyrir sér, hvort Hjördís Ulla hefði sagt honum satt og mælt allt af einlægni. Barnanna vegna yrði hann að halda þetta samkomulag og sjá til, hvað úr því yrði. En hvað um það, þá hafði honum létt verulega, og nú fannst honum, að hann væri laus við alla reiði, beiskju og afbrýði, sem hann hafði borið til hennar. Honum fannst það samt vera einkennileg tilfinning að vera nýtrúlofaður nýfráskilinni eiginkonu sinni. Fyrir utan skrifstofu sína hitti ákærði föður sinn og kunningja sinn, Sigþór Steingrímsson. Sagði hann þeim frá trúlofun sinni, og lýstu báðir yfir ánægju sinni. Morguninn eftir hringdi ákærði til Hjördísar Ullu. Sagði hann henni breytt númer á hlaupareikningi hennar, og í stuttu samtali þeirra sagðist hún ekki hafa lengi sofið eins vel og síðustu nótt. Hinn 5. sama mánaðar sagði ákærði einnig Paulu frá samkomulagi sínu og Hjördísar Ullu, og var hún mjög ánægð með það vegna barnanna. Hjördís Ulla sagði henni einnig frá samkomulaginu. Nú var ákveðið, að eiginmaður Paulu skyldi fara með flugvél norður á Sauðárkrók að laugardagsmorgni 7. sama mánaðar, og sagði ákærði henni, að ef hann færi í endurskoðunarpróf 8. sama mánaðar, mundi hann ekki heimsækja eiginmann hennar á spítalann, heldur kveðja hann á flugvellinum, áður en hann færi norður, en ef ákærði hætti við prófið, mundi hann á laugardagsmorgun hitta hana á spítalanum og aðstoða hana við flutning hans suður á flugvöll.

5. Í byrjun september f. á. hóf ákærði þátttöku í námskeiði til undirbúnings prófi í endurskoðun, og var ráðgert, að prófið færi fram í byrjun janúar á þessu ári. Sótti hann námskeiðið, og á s.l. jólum helgaði hann sig undirbúningi undir próf þetta. Aðfaranótt 6. janúar s.l. bjó hann sig undir prófraunina, en þá fannst honum hann alls ekki vera nægilega búinn undir prófið og ákvað að reyna að fá því frestað til vorsins. Forráðamenn prófsins skýrðu honum frá því, að hann þyrfti vottorð læknis til að fá því frestað. Fékk hann þá hjá lækni sínum, dr. Eggerti Ó. Jóhannssyni, vottorð, dags. 6. janúar s.l., svohljóðandi:

„Hér með vottast, að hr. Þorvaldur Ari Arason, hrl., Sólvallagötu 63 í Reykjavík, var í októbermán. s.l. veikur (insomnia et neurosis), en náði sér um tíma. Í nóvember endurtóku sig veikindin, og hefir sjúkl. ekki síðan náð sér að fullu.

Vegna veikinda þessara, sem ég hefi stundað hann í, tel ég varhugavert, að hann þreyti erfitt próf nú um sinn, þar sem próflestur undanfarið hefir haft áhrif til hins verra".

Vottorð þetta sendi ákærði sama dag til prófnefndar.

Sama dag kveðst ákærði hafa hringt til Hjördísar Ullu og sagt henni, að hann mundi fá prófinu frestað, og því óskaði hann eftir að fá að hafa börnin þetta kvöld. Um kvöldið fór hann að Kvisthaga 25. Bauð Hjördís Ulla honum að borða, og þáði hann það. Hún spurði hann að því, hvort hann væri með flugeldana í bifreiðinni og hvort hann gæti ekki skotið þeim af svölunum hjá henni. Tæki því varla fyrir börnin að fara á Sólvallagötu 63 í tvo tíma, en þau yrðu öll að vera háttuð kl. 11. Þá spurði hún hann að því, hvort hann mundi ekki fara á Landspítalann næsta morgun, og játaði hann því. Þá sagði hún honum, að hann skyldi koma til hennar í morgunkaffi og sækja Paulu, og gætu þau þá farið saman á spítalann. Enn fremur töluðu þau um að kaupa nýtt tvískipt hjónarúm og á meðan þau væru að jafna sig, hefði hún annað rúmið, en hann hitt. Ákærði kveðst síðan hafa farið út á svalirnar með börnunum og skotið flugeldum. Einn þeirra fór í glugga á næsta húsi, og íbúar þess komu út til að gá að því, hvað væri á seiði. Af þessu varð Hjördís Ulla reið og spurði ákærða að því, hvort hann væri að reyna að koma óorði á hana og börnin þarna í hverfinu. Þessu svaraði hann ekki, en börnin báðu hann um að fara á Sólvallagötuna og skjóta flugeldunum þaðan. Féllst Hjördís Ulla á það, en sagði að börnin yrðu að vera komin heim kl. 11. Áður en ákærði kvaddi hana, bað hann hana um að láta hann nú fá ryðgaða hnífinn, en því svaraði hún reiðilega, að hann fengi hann ekki núna. Við þetta svar hennar fannst honum hún vera kaldari og harðari en hún hafði verið, þegar hann kom þar 2. sama mánaðar, en hann hugsaði, að það gæti verið einhver áhrif frá því, að móðir hennar hefði verið þar kvöldið áður, og mundi það brátt jafna sig. Ákærði og börnin fóru síðan á Sólvallagötu 63 og skutu þar upp flugeldunum. Höfðu þau þar ánægjulegt kvöld og voru sérstaklega glöð yfir sáttum foreldra sinna. Á tilsettum tíma skilaði ákærði börnunum, en sá þá ekki Hjördísi Ullu. Með börnunum sendi hann henni matvæli af birgðum sínum. Síðan fór ákærði í Naustið í því skyni að fá sér þar nokkra drykki fyrir svefninn, en þar sem hann var illa fyrirkallaður, sveif áfengið strax á hann.

Vitnið Eggert Ólafur Jóhannsson kveður, að fyrrgreint vottorð þess hafi einungis verið gefið í tilefni af frestun á fyrirhuguðu endurskoðunarprófi ákærða, en ekki gefið eftir ströngu sérfræðilegu mati og álítur, að sérfræðingur kynni að hafa tekið dýpra í árinni um heilsubrest ákærða.

V. kafli.

Að undangengnum úrskurði var Þórði Möller, yfirlækni á Kleppsspítalanum hér í borg, falið með bréfi, dags. 9. janúar s.l., að rannsaka þroska og andlega og líkamlega heilbrigði ákærða. Með bréfi, dags. 14. febrúar s.l., var yfirlæknum send endurrit af dómprófum í málinu ásamt frumgögnum.

Með bréfi, dags. 12. maí s.l., sendi yfirlæknirinn skýrslu um rannsókn sína, og segir þar, að hún „reyndist mikið og erfitt verk, enda viðurhluta mikið". Í skýrslunni, sem dagsett er sama dag, segir m. a.:

„Ýmislegt í prófinu (þ. e. greindarprófi Wechslers. Innskot dómara.) bendir til þess, að við tilfinningaspennu muni hann geta átt erfitt með að draga réttar ályktanir og hafa tilhneigingu til að rasa um ráð fram, einkum er varðar persónuleg mál".

„Persónuleikapróf með aðferð Rorschachs bendir e. t. v. fyrst og fremst til þess, að Þorvaldur Ari mæti prófinu með varkárni, sé á verði. Samt bendir ýmislegt til lélegrar geðstjórnar, undanlátssemi undan eigin geðhrifum".

Niðurstaða yfirlæknisins er þessi:

„Álit mitt er því:

Þorvaldur Ari Arason er hvorki fáviti né geðveikur, heldur nokkuð skarpgreindur maður, en haldinn mjög djúpstæðum persónugöllum og skapgerðartruflunum, þar á meðal langrækni, tilhneigingu til öfgafullra viðbragða, árásarheigð og hefur yfirleitt óþroskað tilfinningalíf.

Vegna greindar hans og að ýmsu sterkrar almennrar persónubyggingar (ego-styrkleika) koma þessir verulegu ágallar honum alla jafna ekki í bölvun, en eftir nokkuð undanfarandi langtímadrykkju, og jafnvel margra ára vaxandi spennu og tilfinningaárekstra í hjónabandi, eftir nýafstaðinn skilnað og vafalaust miklar hrellingar og beizkju (hversu mikið sem réttmæti hennar er eða er ekki) grípur hann til þess eftir heillar nætur drykkju að ráðast inn í íbúð konu sinnar fyrrverandi og bana henni með hnífstungu.

Ekki er unnt að sjá, að beinn undanfari þessa atburðar hafi verið neitt sérstakt nýtt áfall, sem hafi svipt Þorvald Ara sjálfstjórn, nema þá atburðarásin á næstu mínútum á undan, en vitni bera þó, að hann hafi gengið mjög beint til verks, og þeirrar hugsunar verður ekki varizt, að hann hafi unnið af ráðnum hug, svo margt, sem til þess bendir.

Um horfur þessa manns er mjög erfitt að segja, og er reyndar

ekki hlutverk þessarar geðrannsóknar, en ábyrgir aðilar hljóta þó mjög að leiða hugann að því.

Um sakhæfi hans tel ég ekki vera nokkurn vafa, sérstaklega þó miðað við skarpa almenna greind og svo síðast en ekki sízt lögfræðilega þekkingu".

VI. kafli.

Verða nú kröfur ákæruvalds á hendur ákærða teknar til úrlausnar:

Samkvæmt framburðum vitnisins Paulu og ákærða, sem raktir eru í III. kafla, B lið, hér að framan, um viðureign þeirra og tilefni þess, að vitnið fékk áverka á vinstra læri, verður áverkinn ekki talinn ákærða til ásetningsverks. Meiðsli vitnisins voru slík, að þau hefðu fallið undir 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og í ákæru segir, en eigi er refsað samkvæmt þeirri grein, ef brot er framið af gáleysi. Ber því að sýkna ákærða af broti gegn lagagrein þessari.

Af framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, sem rakin hafa verið í fyrri köflum dómsins, er ljóst, að hann varð Hjördísi Ullu heitinni að bana vitandi vits og af ásettu ráði. Varðar það atferli hans við 211. gr. almennra hegningarlaga.

Á hinn bógin getur leikið vafi á því, hvenær ásetningur hans til verknaðarins varð til, og sér í lagi hvort hann varð til, eftir að hann kom á Kvisthaga 25 þennan morgun eða áður eða jafnvel hvort hann hafði verknaðinn í hyggju og undirbúningi um nokkurt skeið. Verður mál þetta nú rakið nánar:

Það, sem gæti styrkt þá niðurstöðu, að ákærði hafi komið á Kvisthaga 25 með þeim ásetningi að verða Hjördísi Ullu heitinni að bana, er eftirfarandi:

1. Ákærði kom á Kvisthaga 25 bæði með buffhamarinn, sem hann notaði til að brjóta með rúðu í útidyrahurðinni til að komast inn í húsið, og með eldhúshnífinn, sem hann veitti Hjördísi Ullu bana með.

2. Ákærði staðhæfði það í fyrstu, að hann hefði tekið eldhúshnífinn í eldhússkúffu á Kvisthaga 25, og breytti þeim framburði sínum ekki fyrr en í þriðju yfirheyrslu í dómi.

3. Í fyrstu yfirheyrslu 7. janúar kvaðst ákærði hafa farið inn í herbergi vitnisins Paulu og sagt við það, að rétt væri að ógna Hjördísi Ullu með hnífnum. Jafnframt tók hann hnífinn upp úr vasa sínum og hampaði honum fyrir framan sig, svo að vitnið gæti séð hann sem bezt.

4. Vitnin Paula og Sara hafa bæði borið, að ákærði hafi í herbergi þess fyrrnefnda tekið Hjördísi Ullu kverkataki og dregið síðan upp hnífinn.

5. Það var ekki samkvæmt umtali Hjördísar Ullu né vitnisins Paulu, að hann kom á Kvisthaga 25 á þessum tíma, heldur hafði ákærði þvert á móti lofað því að koma þangað ekki ölvaður og vitnið Paula búizt við að hitta hann á Landspítalanum síðar um morguninn.

6. Þegar ákærði var handtekinn, virtist hann rólegur og sagði: „Þetta er allt í lagi, þetta er búið".

7. Innihald og gerð pakkans, sem ákærði sendi Hjördísi Ullu á aðfangadag, gæti skoðast sem ógnun um að verða henni að fjörtjóni.

Hins vegar eru önnur atriði, sem dregið gæti úr líkindum þess, að ákærði hafi verið búinn að ákveða að verða Hjördísi Ullu að bana, áður en hann kom á Kvisthaga 25.

1. Telja verður uppvíst, að ákærði og Hjördís Ulla hafi hitzt í Gildaskálanum 2. janúar. Samkvæmt framburði ákærða fór þar vel á með þeim, og komu þau sér saman um málefni barnanna, og það kom jafnvel til tals, að þau stofnuðu til hjúskapar að nýju. Eftir fund þennan gat ákærði um hann við vitni, sem hafa borið það í málinu, að ákærði hafi eftir þetta verið breyttur maður og eins og fargi væri létt af honum. Hefur ekkert komið fram, er bendi til þess, að úfar hafi risið með ákærða og Hjördísi Ullu frá fundi þeirra 2. janúar til morgunsins 7. janúar að undanskildum meinlausum orðahnippingum, er ákærði kveður hafa orðið milli þeirra á Kvisthaga 25 að kvöldi 6. janúar.

2. Ákærði snæddi kvöldverð hjá Hjördísi Ullu hinn 6. janúar og fékk síðan að taka börn sín með sér heim til sín, þar sem hann lék við þau og skemmti þeim á ýmsan veg fram undir kl. 23, er hann skilaði þeim heim. Verður að telja ólíklegt, að hann hafi á þessum tíma búið yfir því að svipta móður þeirra lífi.

3. Ákærða var kunnugt um, að Paula Sveinsdóttir dvaldist á heimili Hjördísar Ullu, en hugðist halda norður á Sauðárkrók umræddan morgun. Þykir sú vitneskja hans mæla gegn því, að hann hafi komið á Kvisthaga 25 í því skyni að ráða Hjördísi Ullu bana í návist Paulu, en fram er komið, að góð vinátta hefur verið með ákærða og henni og fjölskyldu hennar.

4. Ekkert hefur komið fram því til styrktar, að ákærði hafi sótt hnífinn og buffhamarinn heim til sín í ferð þeirri, er hann fór í úr samkvæminu á Laugavegi 49 til þess að sækja áfengi.

Verður að leggja þá frásögn hans til grundvallar, að hann hafi ekki sótt áhöld þessi heim fyrr en um morguninn, þegar Jón Frímann Eiríksson ók ákærða heim á Sólvallagötu 63 og þaðan að Kvisthaga 25. Samkvæmt framburði vitnisins Sveins Júlíusar Ásmundssonar, sem tók ákærða í leigubifreið sína á Laugavegi um morguninn, óskaði ákærði fyrst eftir því, að ekið væri að Kvisthaga 25, en síðar snerist honum hugur og lét aka að Hótel Skjaldbreið. Bendir þetta til þess, að sú hugmynd að fara með hnífinn heim til Hjördísar hafi ekki verið orðin til, er ákærði tók sér leigubifreiðina.

5. Sú fullyrðing ákærða, að hann hafi komið með hnífinn á Kvisthaga 25 í því skyni að skipta á honum og ryðgaða hnífnum, er ekki sannfærandi frá almennu sjónarmiði, enda ber hér að hafa í huga, að hann kveðst þegar hafa verið búinn að afhenda Hjördísi Ullu verðmætan mun, gullfesti, fyrir hníf þennan og hefði hún lofað að skila honum. Á hitt ber að líta, að upplýst er, að hann lagði mikla áherzlu á að fá hnífinn aftur.

6. Skýringar ákærða á því, hvers vegna hann kannaðist ekki við það í fyrstu, að hann hefði komið með hnífinn með sér á Kvisthaga 25 (sbr. lok II. kafla B hér að framan), eru heldur ekki sérlega sannfærandi. Hafa verður þó í huga, að hann leyndi í fyrstu drykkjusamkvæminu, sem hann var í um nóttina, að því er hann segir af hlíf við samkvæmisgesti.

Sama máli gegnir um mót ákærða og vitnisins Jóns Frímanns Eiríkssonar, sem hann hafði enga sjáanlega ástæðu til að leyna.

7. Leggja verður til grundvallar þann framburð ákærða, að komið hafi til snarprar orðasennu milli hans og Hjördísar Ullu fyrst í forstofunni, er ákærði kom inn, síðan í eldhúsinu, meðan sonur þeirra var að búast til brottfarar, eftir það inni í herbergi Paulu og loks í innri forstofu íbúðarinnar, þar sem ákærði kveður hafa farið á milli þeirra heiftarleg sáryrði og svívirðingar, þar til hann hafi misst stjórn á sér og lagt til Hjördísar Ullu með hnífnum.

8. Meta verður pakkann, sem ákærði sendi fyrrverandi konu sinni á aðfangadag, í ljósi rannsóknar Þórðar Möllers yfirlæknis á geðheilbrigði og sakhæfi ákærða. Samkvæmt því verður ekki talið, að ákærði hafi með því að senda henni pakkann verið að hóta henni fjörtjóni, heldur verið að reyna að hæða hana eða særa og haft þar á þann hátt, sem geð hans stóð til. Sama máli gegnir um pakka þann, sem hann sendi fyrrverandi tengdamóður sinni sama dag.

9. Samkvæmt skýrslu Þórðar Möllers yfirlæknis, sem áður var greint frá, er ákærði haldinn djúpstæðum persónugöllum og skapgerðartruflunum, og er meðal þeirra talin árásarhneigð og tilhneiging til öfgafullra viðbragða. Í þessu sambandi verður að hafa í huga ástand ákærða umræddan morgun, en hann hafði þá vakað við drykkju heila nótt, var þreyttur eftir geysimikla vinnu, er hann hafði lagt á sig næstu vikur á undan, og hafði einnig staðið í skilaðarmáli við konu sína með þeirri spennu og hrellingum, er því fylgdi.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, svo og með hliðsjón af grundvallarreglum 108. gr. laga nr. 82/1961 þykir eigi vera fram komin lögfull sönnun fyrir því, að sá ásetningur ákærða að bana Hjördísi Ullu heitinni hafi verið til orðinn og ákveðinn að fullu, fyrr en eftir að hann kom á heimili hennar að Kvisthaga 25 hér í borg að morgni 7. janúar s.l.

Á hinn bóginn þykja ekki vera skilyrði til þess að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 74. gr., 4. tl., né 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 7. janúar s.l. ber samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Fébótakröfur hafa eigi verið hafðar uppi í málinu.

Ákærða var veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi 20. desember 1957, löggildingu til sóknar opinberra mála í héraði 15. október 1958 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti 20. október 1962.

Með bréfi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 29. janúar s.l., tilkynnti ákærði, að hann afsalaði sér um aldur og ævi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannsréttindum sínum. Óskar ákærði jafnframt eftir því, að ráðuneytið sjái sér fært að fallast á afsöl þessi og að veita honum lausn frá lögmannsréttindum. Samkvæmt bréfi ráðuneytisins, dags. 28. þ. m., hefur það ekki tekið afstöðu til réttarlegrar þýðingar ofangreindrar yfirlýsingar ákærða.

Samkvæmt 68. gr., 2. mgr. i f., laga nr. 19/1940, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961, ber að taka til greina þær kröfur ákæruvalds, að ákærði verði sviptur leyfum til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og löggildingu til sóknar opinberra mála í héraði.

Samkvæmt sama lagaákvæði þykir einnig rétt að svipta ákærða verzlunarleyfum sínum (heildsöluleyfi og smásöluleyfi).

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun skipaðs sækjanda til ríkissjóðs, kr. 50.000.00, svo og málsvarnar- og réttargæzlulaun skipaðs verjanda síns, Gunnars A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.00.

Í fyrrgreindum skýrslum ákærða, sem lagðar hafa verið fram í málinu, eru nokkur ummæli um einstaklinga utan máls þessa, sem átelja verður.

Loks þykir rétt að gera eftirfarandi grein fyrir gangi máls þessa: Hinn 7. janúar s.l. hófst rannsókn í sakadómi, og með bréfi, dags. 14. febrúar s.l., voru dómpróf send Þórði Möller yfirlækni. Með bréfi, dags. 12. maí s.l., sendi hann dóminum rannsóknarskýrslu sína. Hinn 2. og 12. sama mánaðar var málið sent saksóknara ríkisins, og með ákæru, dags. 19. sama mánaðar, höfðaði hann mál á hendur ákærða. Sakadómur ákvað, að munnlegur flutningur málsins skyldi fram fara 1. ágúst s.l., en að beiðni verjanda ákærða og með samþykki sækjanda var flutningi málsins þá frestað. Lauk ákærði við og lagði fram skriflegar skýrslur um forsögu og atvik málsins, svo og varð dómurinn við kröfu verjanda hans um frekari yfirheyrslur í málinu. Varð þeim lokið 27. f. m. Munnlegur flutningur málsins fór síðan fram 23.—24. þ. m., og að honum loknum var málið tekið til dóms.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Ari Arason, sæti fangelsi 16 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 7. janúar 1967 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði var sviptur leyfum til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og löggildingu til sóknar opinberra mála í héraði svo og verzlunarleyfum sínum (heildsöluleyfi og smásöluleyfi).

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 50.000.00, og málsvarnar- og réttargæzlulaun skipaðs verjanda síns, Gunnars A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. október 1968.

Nr. 169/1968. **Stefán G. Ásmundsson**
gegn
Gylfa Gunnarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Egilsson, bæjarfógeti í Neskaupstað, og samdómsmennirnir Ármann Eiríksson skipstjóri og Sveinbjörn Á. Sveinsson útgerðarmaður hafa kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. september 1968, er barst dóminum 4. október 1968. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að veittur verði frestur sá, sem synjað var um með úrskurði héraðsdóms, og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 1, j, laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Neskaupstaðar 18. september 1968.

Mál þetta hefur Stefán G. Ásmundsson skipstjóri, Naustahvammi 12, Neskaupstað, höfðað með stefnu, útgefinni 27. marz 1968, gegn Gylfa Gunnarssyni, Strandgötu 62, Neskaupstað, til greiðslu launa, kauptryggingar, ferðakostnaðar og orlofs, kr. 93.007.80, auk 1% vanskilavaxta á mánuði og hluta úr mánuði frá 9. marz 1968 til greiðsludags, málskostnaðar samkvæmt reikningi og alls kostnaðar við fullnustu dóms í máli þessu. Þá krefst hann einnig sjóveðréttar í m/b „Glað", VE 270.

Stefnandi telur fjárhæð þá, sem hann krefst greiðslu á, vera til orða vegna vinnu sinnar sem skipstjóri á m/b „Glað", VE 270, frá 13. janúar 1968, en hinn 9. marz s. á. hafi stefndi sagt sér upp skipstjórastöðunni fyrirvaralaust og að ástæðulausu. Stefndi hefur hins vegar talið, að stefnandi hafi brotið svo af sér í starfi, að uppsögnin hafi verið sér heimil.

Mál þetta var þingfest 5. apríl s.l. Lagði þá stefnandi fram eftirtalin skjöl: stefnu, umboð, lögskráningarvottorð, reikning frá stefnanda, afrit af greiðsluáskorun, símskeyti, umburðarbréf, málskostnaðarreikning, eintak af samningi milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, greinargerð og leiðréttingu við launauppgjör. Stefndi lagði fram málflutningsumboð. Stefndi fékk síðan frest til þess að skila greinargerð til 19. apríl. Í því þinghaldi lagði stefndi fram eftirtalin skjöl: greinargerð, reikningsyfirlit yfir launauppgjör til stefnanda, yfirlit yfir greiðslur til stefnanda, vottorð þriggja manna af áhöfn m/b „Glaðs", VE 270, um hegðan stefnanda sem skipstjóra. Þá gaf stefnandi aðiljaskýrslu fyrir dóminum. Frestur var síðan veittur stefnda til vitnaleiðslu og frekari gagnaöflunar til 24. maí. Þann dag var málinu frestað eftir sáttatilraun, sem varð árangurslaus, til 27. s. m., og var þá enn reynd sátt, en án árangurs og málinu frestað til 10. júní til vitnaleiðslu og gagnasöfnunar. Í því þinghaldi lagði stefnandi fram kvittanir frá sér fyrir greiðslum til skipverja á m/b „Glað", VE 270. Fór síðan fram vitnaleiðsla af hálfu stefnda. Að henni lokinni lagði stefnandi fram eftirtalin skjöl: reikning fyrir fargjöld, reikning yfir vinnu við útbúning bátsins á veiðar, en stefndi lagði fram: viðskiptareikning við stefnanda pr. 15. maí 1968. Málinu var þá frestað til 14. júní, og fór þá fram vitnaleiðsla af hálfu stefnda, og lagði hann enn fremur fram eftirtalin skjöl: yfirlýsingu frá Sparisjóði Norðfjarðar, póstkvittun, kvittun stefnanda fyrir móttöku peninga, tvö ljósrit af ávísunum til stefnanda, kvittun fyrir úttekt stefnanda, yfirlýsingu stefnanda um skuld við vélaverkstæði í Vestmannaeyjum og reikning til stefnanda frá Hafnarbúðinni í Vestmannaeyjum. Stefndi bað síðan um frest til þess að ganga frá frekari gögnum, og úrskurðaði dómarinn honum frest til 21. júní þrátt fyrir mótmæli umboðsmanns stefnanda. Í því þinghaldi óskaði dómsformaðurinn eftir því, að málinu yrði frestað til 26. júní vegna forfalla af sinni hálfu. Í þinghaldinu 26. júní sótti enginn þing af hálfu stefnanda, en dómsformaðurinn gat þess, að umboðsmaður stefnanda hefði verið fluttur á sjúkra-

hús til Reykjavíkur og hefði óskað eftir, að málinu yrði frestað, og var sá frestur ákveðinn til 19. júlí. Í þinghaldinu 19. júlí sótti enginn þing fyrir stefnanda vegna veikinda umboðsmanns hans, en af hálfu stefnda var lagt fram skjal með tíu fylgiskjölum, sem varða ýmist bankaviðskipti stefnanda, úttekt hans, greiðslur þinggjalda hans eða vottorð um fisklandanir, allt frá þeim tíma, sem hann var skipstjóri á m/b „Glað", VE 270. Þrátt fyrir mótmæli umboðsmanns stefnda var úrskurðaður frestur til 30. ágúst, og skyldi málið þá væntanlega munnlega flutt. Í því þinghaldi sótti enn enginn þing af hálfu stefnanda, en formanni dómsins höfðu borizt tilmæli frá umboðsmanni hans um, að málinu yrði enn frestað. Umboðsmaður stefnda mótmælti því, að frestur yrði veittur, og lýsti því yfir, að hann væri reiðubúinn að leggja fram skriflega vörn í málinu. Þrátt fyrir mótmæli umboðsmanns stefnda var frestur úrskurðaður til 6. september, og skyldi málið þá munnlega flutt. Í þinghaldinu 6. september var sótt þing af hálfu stefnanda samkvæmt sérstöku umboði frá hinum upprunalega umboðsmanni og farið fram á frest í einn mánuð á þeim forsendum, að stefnanda hefði ekki borizt afrit af dómsskjali því, sem lagt var fram í þinghaldinu 19. júlí, og hann því ekki getað kynnt sér efni þess. Þrátt fyrir mótmæli umboðsmanns stefnda var enn veittur frestur til 16. september, og skyldi málið þá enn tekið til munnlegs flutnings. Í þinghaldinu 16. september var enn sótt þing af hálfu umboðsmanns stefnanda, og fór hann fram á, að málinu yrði frestað í tvo mánuði á þeim forsendum, að umboðsmaður stefnanda hefði aldrei samþykkt, að gagnasöfnun væri lokið, enda hafi honum ekki borizt dómsskjal það, sem lagt var fram í þinghaldi 19. júlí, fyrr en með endurriti, dags. 9. september s.l. Enn fremur kann svo að fara, að nauðsynlegt sé að leiða vitni í málinu, sem heimili eigi í öðru lögsagnarumdæmi og afla einnig gagna þaðan. Umboðsmaður stefnda mótmælti frestbeiðninni, gagnaöflun væri löngu lokið og taldi stefnanda eða umboðsmenn hans hafa haft nægilegan tíma og tækifæri til þess að kynna sér efni síðast framlagða dómsskjalsins. Enn fremur hélt hann því fram, að umboðsmaður stefnanda hefði lýst því yfir, að gagnasöfnun væri lokið.

Eins og að framan greinir, hefur mál þetta verið rekið með eðlilegum hraða fyrst framan af, en staðnar eftir þinghaldið 26. júní, er umboðsmaður stefnanda veikist. Málinu hefur síðan verið frestað æ ofan í æ þrátt fyrir það, að enginn sækti þing fyrir stefnanda, og þrátt fyrir ítrekuð mótmæli umboðsmanns stefnda.

Eftir að umboðsmaður stefnanda hafði veitt öðrum umboð til þess að sækja þing í málinu fyrir sína hönd, var enn einungis beðið um fresti. Eigi hefur verið upplýst, hvers eðlis veikindi umboðsmanns stefnanda eru eða hversu langvinn þau kunna að verða, og benda því allar líkur til þess, að umboðsmaður stefnanda hefði á fyrra stigi málsins átt að fá það í hendur lögmanni, sem gat leitt það til lykta á eðlilegan hátt. Varðandi þau rök fyrir frestbeiðninni, að svo kunni að fara, að leiða þurfi vitni, sem heimili eigi í öðru lögsagnarumdæmi, og afla einnig gagna þaðan, ber á það að líta, að umboðsmaður stefnanda lagði fram sín síðustu dómsskjöl 10. júní, en umboðsmaður stefnda sitt síðasta skjal 19. júlí og telur þá gagnasöfnun lokið. Eigi hafa verið leidd rök að því, að nauðsynleg sé frekari vitnaleiðsla eða gagnaöflun af hálfu stefnanda. Hann hefur að vísu ekki gefið yfirlýsigu um, að gagnasöfnun væri lokið, en rekstur málsins bendir til hins gagnstæða.

Því úrskurðast:
Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 21. október 1968.

Nr. 93/1967. **Karl Sigurbergsson**
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
gegn
Eldey h/f (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. maí 1967, en málið var þar fellt niður hinn 2. júní s. á. sökum útivistar

umboðsmanns hans. Áfrýjandi skaut málinu öðru sinni til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 með stefnu 15. júní 1967, og var málið þingfest þar 2. október 1967.

Krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 91.137.11 með 8% ársvöxtum frá 15. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi var skipstjóri á v/s Eldey, skipi stefnda, á sumarsíldveiðum 1963. Var hann skráður á skipið til þessara starfa frá 14. júní 1963 til 20. september s. á., er hann lét afskrá alla áhöfn skipsins, eins og nánar er rakið í héraðsdómi.

Í lok septembermánaðar 1963 voru áfrýjanda greiddar kr. 167.645.34 fyrir starfa sinn á sumarsíldveiðunum samkvæmt reikningum hans sjálfs, og kvittaði hann fyrir þessari fjárhæð. Er ósannað, að hann hafi gert fyrirvara um, að hann ætti frekari kröfur á hendur stefnda.

Vorið 1964 krafði áfrýjandi stefnda enn um greiðslu fyrir auka- og eftirvinnu frá síldarvertíðinni, kr. 13.277.39 samkvæmt reikningum áfrýjanda, sem stefndi greiddi. Ekki gerði áfrýjandi frekar en áður fyrirvara um, að hann ætti enn vangoldið fé hjá stefnda, sem taldi sig inna þessa greiðslu af hendi umfram skyldu.

Hinn 30. júní 1964 krafði lögmaður áfrýjanda stefnda um kr. 32.429.80 vegna óréttmætra slita á ráðningarsamningi auk vaxta og innheimtukostnaðar. Þessari kröfu neitaði stefndi, og höfðaði áfrýjandi þá hinn 15. september 1964 mál til innheimtu hennar. Hinn 15. september s. á. framhaldsstefndi áfrýjandi í málinu og krafði nú um bætur alls að fjárhæð kr. 91.137.11. Var bótakrafa þessi byggð á aflahluta skipstjóra þess, sem með skipið var á haustsíldveiðum frá 15. október 1963 til næstu áramóta.

Er stefndi greiddi reikninga áfrýjanda vorið 1964, mátti hann, eins og á stóð, treysta því, að lokið væri að fullu fjárskiptum þeirra vegna sumarsíldveiðanna 1963.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til, enda hefur honum eigi verið gagnáfrýjað.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Karl Sigurbergsson, greiði stefnda, Eldey h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Keflavíkur 13. desember 1966.

Mál þetta, sem þingfest var hinn 18. september 1964 og dómtekið 15. f. m., hefur stefnandinn, Karl Sigurbergsson skipstjóri, Hólabraut 11, Keflavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Keflavíkur með stefnu, útgefinni 15. september 1964 og birtri 17. s. m., gegn Eldey h/f, Keflavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 32.429.80 með 8% ársvöxtum frá 15. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir taxta L. M. F. Í. Auk þess krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Eldey, KE 37, til tryggingar öllum framangreindum kröfum.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var lögskráður skipstjóri á v/b Eldey, KE 37, frá 14. júní 1963 til 20. september s. á. á sumarsíldveiðum fyrir Austurlandi, en stefndi gerði út skipið og var eigandi þess. Kjör stefnanda skyldu fara eftir þágildandi kjarasamningum F. F. S. Í. og L. Í. Ú. frá 14. febrúar 1961 með áorðnum breytingum. Í vertíðarlok hafði verið afskráð af bátnum, og segir stefnandi, að sér hafi þá verið sagt upp störfum án tilskilins 3 mánaða fyrirvara samkvæmt 20. gr. nefnds kjarasamnings, sbr og 2. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 og nýrri sjómannalaga nr. 67/1963, 2. gr., og hafi stefnandi ekkert kaup fengið umræddan tíma.

Stefnukröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Kauptrygging í 3 mánuði, kr. 9.948.05 á mánuði kr. 29.844.15
2. Kaup í 3 mánuði, kr. 250.00 á mánuði, sbr. 1. gr. kjarasamnings ..... — 750.00
3. 6% orlof ..... — 1.835.65

Kr. 32.429.80

Með stefnu, útgefinni 3. febrúar 1965 og birtri 4. s. m., höfðar stefnandi framhaldssök í málinu gegn stefnda *aðallega* til hækkunar á kröfu sinni í frumsök í kr. 91.137.11 með 8% ársvöxtum frá 15. janúar 1964 til 1. janúar 1965, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í. svo og til viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Eldey, KE 37, til tryggingar öllum framangreindum kröfum, *til vara*, að stefnda verði dæmt til að greiða aðra lægri fjárhæð en að ofan greinir og *til þrautavara*, að stefnda verði dæmt til að greiða kr. 32.429.80, vexti, málskostnað og að þola sjóveðrétt, svo sem í frumstefnu greinir.

Þessa hækkun á frumkröfu sinni rökstyður stefnandi með því, að honum hafi ekki verið kunnugt, þegar hann fyrst hóf málssóknina, um aflahlut skipstjórans á v/b Eldey, KE 37, á haustsíldarvertíðinni tímabilið 15. október—31. desember 1963 næst á eftir uppsögninni. Upplýsingar um afla bátsins þetta tímabil hafi framkvæmdastjóri stefnda veitt á dskj. nr. 11, aðiljaskýrslu stefnda, en þar segir, að afli skipsins hafi verið 7.500 tunnur frá 15. október 1963 til áramóta. Þá hafi framkvæmdastjóri látið stefnanda í té sundurliðaðan reikning yfir aflahlut skipstjórans þetta tímabil, Péturs Sæmundssonar, og sýni sá reikningur, sem lagður er fram í ljósriti á dskj. 14, að tekjur Péturs hafi verið kr. 91.137.11 og sé það aðalstefnukrafa stefnanda í málinu.

Telur stefnandi, að tjón sitt af brottvikningunni verði sér því aðeins fullbætt, að honum verði tildæmdar bætur, sem nemi öllum þeim tekjum, er nýji skipstjórinn hafði uppsagnartíma stefnanda, en þær væru aðalstefnukrafan í framhaldssök. Engin ástæða hafi verið færð fram af hálfu stefnda fyrir hinum fyrirvaralausu ráðningarslitum né heldur hafi ráðningartími stefnanda verið fyrirfram ákveðinn þannig, að hann skyldi enda við lok sumarvertíðar. Hafi sér því borið skrifleg uppsögn samkvæmt 20. gr. kjarasamningsins, en engin skrifleg uppsögn hafi sér borizt frá stefnda.

Stefndi mótmælir öllum kröfum stefnanda bæði í frumsök og

framhaldssök sem tilefnislausum og krefst algerrar sýknu og sér tildæmdan málskostnað úr hendi stefnanda.

Stefnandi skýrir nánar svo frá málavöxtum, að hann hafi hinn 17. september 1962 hafið starf sem skipstjóri á v/b Eldey, KE 37, en árið áður hafi hann starfað sem skipstjóri hjá Guðmundi Jónssyni á Rafnkelsstöðum. Hefðu fyrirsvarsmenn stefnda falazt eftir sér úr skiprúmi hjá Guðmundi, sem hafi látið hann lausan án þess að þurfa að vinna tilskildan uppsagnarfrest. Hafi hann síðan verið skipstjóri á Eldeynni þar til í lok sumarsíldveiða haustið 1963. Segir stefnandi, að forstjóri stefnda, Jóhannes Jóhannesson, hafi verið staddur á Seyðisfirði 9. september 1963 vegna viðgerðar á nót bátsins. Hafi Jóhannes þá tilkynnt sér uppsögn úr skiprúmi, en jafnframt óskað eftir, að hann ynni áfram uppsagnartímann, 3 mánuði. Segir stefnandi, að Jóhannes hafi verið hreyfur af víni, er hann tjáði sér uppsögnina, og hafi hann því ekki tekið fullt mark á orðum hans. Eftir þetta hafi veiðar verið lítið stundaðar, enda hafi nótin rifnað að nýju, og var þá veiðum hætt og haldið nokkru síðar til Keflavíkur, þar sem stefnandi afskráði skipshöfnina 20. september, sem hann taldi sjálfsagt að gera, þar sem ýmis gjöld, s. s. ýmiss konar tryggingargjöld, sem útgerðin greiði, séu miðuð við skráningartíma skipshafna.

Stefnandi segir, að sama dag og komið var til Keflavíkur, hafi Jóhannes haft tal af sér og þá viljað gera gott úr því, er þeirra fór á milli á Seyðisfirði, og vildi, að stefnandi gleymdi því og yrði með bátinn áfram, eins og ekkert hefði í skorizt. Kveðst stefnandi hafa tekið vel í þetta, ef hitt gleymdist af báðum. Kveðst stefnandi þá hafa sagt Jóhannesi, að hann vildi sækja fjölskyldu sína norður í Húnavatnssýslu, áður en hann hæfi störf á ný, en hann mundi verða fljótur í ferðinni. Hafi Jóhannes fúslega samþykkt, að stefnandi tæki sér frí til þessa erindis, og mundi hann hringja til stefnanda, ef skyndilega ætti að fara aftur af stað með skipið. Stefnandi kveðst hafa verið um vikutíma í ferðinni og hafi Jóhannes komið að tali við sig skömmu eftir heimkomuna og þá afhent sér reikninga sína og ávísun að fjárhæð kr. 167.645.09 sem greiðslu fyrir sumarúthaldið og inneign sína hjá stefnda. Enn fremur hafi hann þá tjáð sér, að hann óskaði eftir, að hann hætti þá þegar störfum. Muni þetta hafa verið 30. september 1963, að því er stefnandi telur sennilegt, þótt hann muni ekki mánaðardaginn nákvæmlega. Ástæðuna fyrir þessari skyndilegu ákvörðun Jóhannesar segir stefnandi, að Jó-

hannes hafi sagt, að væri sú, að hann, Jóhannes, þrátt fyrir allt treysti sér ekki til þess að láta sem ekkert eftir atburðinn á Seyðisfirði 9. september.

Stefnandi heldur því fram, að þegar hann, sennilega 30. september 1963, móttók reikinga sína og greiðslu, hafi hann áskilið sér rétt til þess að krefjast leiðréttingar á reikningum þessum, þegar hann hefði yfirfarið þá og athugað nánar, og þá um leið fullan rétt til þess að hafa uppi hverjar þær kröfur, er stöfuðu af ráðningarsamningi sínum.

Stefnandi heldur því og fram, að hann hafi oft orðið að leita eftir reikningsskilum frá stefnda, meðan hann var í þjónustu hans, enda hafi hann beinlínis sagt forstjóra Eldeyjar, að hann skyldi láta skipverja ganga fyrir umfram sig í sambandi við greiðslur og reikningsskil og hafi hann gert þetta vegna þess, að stefndi eins og önnur útgerðarfélög ætti oft í fjárhagslegum örðugleikum. eins og gengur og gerist hjá útgerðinni yfirleitt. Stefnandi segir, að hann hafi vorið 1964 fengið uppgerða vinnureikninga, er hann hafi átt hjá stefnda, en ekki fyrr en hann hafi hótað forstjóra stefnda, Jóhannesi, að setja þá reikninga í innheimtu hjá lögfræðingi. Enn fremur segir stefnandi í greinargerð sinni 10. nóvember 1964: „... en ekki greiddi Jóhannes mér þá 3 mánaða uppsagnarfrestinn. Ég hef aldrei afsalað mér neinum rétti til þess að krefjast uppsagnarfrestsins og aldrei skrifað undir neitt fullnaðaruppgjör af hálfu stefnda". Stefnandi segir, að hinn 29. september 1963 hafi hann farið um borð í v/b Eldey til að sækja ýmsar föggur sínar og hafi hann þá séð þar 2 vélstjóra við vinnu, sem hann hafi ekki ráðið til starfa, og hafi því uppsögnin daginn eftir ekki komið sér á óvart. Stefnandi kveðst enga vinnu hafa stundað, frá því að hann hætti hjá stefnda og þar til hann hóf störf sem skipstjóri á v/b Páli Pálssyni, GK 360, í janúar 1964.

Stefndi skýrir á hinn veginn svo frá, að stefnanda hafi ekki verið sagt upp fyrirvaralaust, heldur hafi stefnandi sjálfur gengið úr vinnunni án tilskilins fyrirvara, þegar eftir að hann hafði afskráð að veiðitímabili loknu. Strax á eftir afskráningu hinn 20. september hafi hann farið norður í land sér til hvíldar. Er hann kom aftur að viku liðinni, hafi hann óskað eftir uppgjöri og hafi þá orðið að samkomulagi, að hann hætti án nokkurrar eftirkröfu. Hafi stefnandi sjálfur gert upp reikninga sína og skipshafnarinnar með Hafsteini Hafsteinssyni, skrifstofumanni Pólstjörnunnar, og hafi hann aldrei minnzt á, að uppgjörið væri

ekki fullkomið eða að hann ætti eitthvað ógreitt. Hafi stefnanda verið greitt kr. 167.645.34 samkvæmt uppgjörinu og hafi hann kvittað fyrir það athugasemdalaust. Síðari hluta vetrar 1964 eða um vorið hafi stefnandi beðið stefnda að greiða sér ýmsa aukavinnu og eftirvinnureikninga frá fyrri tíð og hafi stefndi gert það, en þá hafi ekki hvarflað að honum, að stefnandi ætti enn eftir að koma með bakreikninga frá haustinu áður, en svo hafi raunin orðið á, er stefndi móttók kröfubréf lögfræðings stefnanda, dags. 30. júní 1964. Telur stefndi, að greiðslan á aukavinnunni um vorið hafi verið í greiðaskyni og umfram skyldu, enda hafi sú greiðsla verið alger lokagreiðsla frá sinni hendi.

Stefndi heldur því og fram, að málshöfðun þessi sé freklegt brot á samkomulagi forstjóra þess og stefnanda og að hann hafi hlaupið á brott án þess að segja skriflega upp með tilskyldum fyrirvara. Fyrir þetta sé stefnandi tvímælalaust bótaskyldur.

Með gagnstefnu, útgefinni 22. marz 1965, höfðaði stefndi gagnsakarmál gegn aðalstefnanda og gerir þær dómkröfur, að gagnstefnda verði gert að greiða gagnstefnanda kr. 50.000.00 í tjónbætur auk 7% ársvaxta frá 20. september 1963 til greiðsludags auk málskostnaðar eftir mati dómsins. Segir gagnstefnandi, að krafan séu tjónbætur til sín að öðrum þræði af þeim sökum, að gagnstefndi sem skipstjóri á v/b Eldey tók þá ákvörðun án samráðs við útgerðina, gagnstefnanda, að hætta síldveiðum fyrir Austurlandi, sigla skipinu til Keflavíkur og afskrá skipshöfnina þar hinn 20. september 1963, en upplýst sé, að annað skip frá Keflavík, v/b Lómur, hafi haldið áfram veiðum eystra eftir þetta með góðum árangri.

Til sakarauka, er varði bótaskyldu, og sem hluta af gagnstefnukröfunni telur gagnstefnandi vera framkomu gagnstefnda, er Jóhannes Jóhannesson og Kristinn Ó. Karlsson netjagerðarmaður komu austur með efni til að lagfæra nótina um borð í Eldey að beiðni gagnstefnda, en þeirri ferð hafi lokið þannig, að þeir félagar hafi neyðzt til að snúa aftur til Reykjavíkur með nótarefnið ónotað af ástæðum, sem gagnstefndi beri sök á. Samkvæmt framlögðum reikningi gagnstefnanda nemur ferðakostnaður o. fl. austur alls kr. 10.606.60, sem er hluti bótakröfunnar.

Gagnstefndi mótmælir bótakröfu gagnstefnanda sem órökstuddri og ósundurliðaðri. Krefst hann sýknu af bótakröfunni og sér tildæmdan málskostnað, en til vara, að krafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn falla niður. Hann segir, að hinn 18. september hafi hann kastað á stóra torfu, en nótin hafi þá

rifnað og aflinn glatazt. Efni hafi vantað til viðgerðar nótarinnar og auk þess mundi erfitt að fá hana viðgerða þá. Vertíðarlok hafi verið komin og veður farið versnandi. Allir bátar frá Keflavík að v/b Lómi einum undanteknum hafi verið hættir veiðum fyrir austan. Hafi hann því álitið það sjálfsagða ákvörðun hjá sér að hætta veiðum, því að ekkert úrræði hafi annað verið fyrir hendi, eins og á stóð. Taldi hann ekki ástæðu til að hafa samband við útgerð bátsins um þetta atriði. Samkvæmt framlögðu skráningarvottorði höfðu 10 Keflavíkurbátar aðrir en v/b Eldey afskráð af sumarsíldveiðum frá 14.—20. september, en v/b Lómur afskráði 1. október 1963.

Þá mótmælir gagnstefndi því, að hann hafi með framkomu sinni á Seyðisfirði hinn 9. september 1963 komið í veg fyrir, að gert var við síldarnótina með efni því, sem Jóhannes Jóhannesson og Kristinn Ó. Karlsson komu með til Seyðisfjarðar, og orðið að hverfa aftur með nótarefnið ónotað til Reykjavíkur. Hann hefði þegar sjálfur verið búinn að fá netjagerðarmann, Eggert Theodórsson, til að annast viðgerðina og hafi alls ekki átt von á Kristni austur, og þaðan af síður beðið hann að koma austur. Mótmælir hann og nokkurri bótaskyldu frá sinni hendi út af þessu. Bæði Kristinn og Jóhannes hafi verið drukknir, er þetta skeði, og því ekki mark takandi á orðum þeirra.

Báðir aðiljar hafa komið fyrir dóminn og gefið skýrslur sínar í málinu. Voru þeir samprófaðir, án þess að samræmi fengist í framburðum þeirra, og stangast þar á staðhæfingar hvors um sig. Aðalstefndi segir, að frá upphafi veiðitímans hafi veiðiskapurinn gengið mjög illa. Hafi aðalstefnandi byrjað með haustvertíðina (sic) og hafi aðalstefndi komið með 300 faðma langan snurpuvír um borð, er nótin var tekin í bátinn, en þá hafði átt að vera 100 faðma langur vír um borð til að lengja snurpuvírinn, en sá vír hafi ekki fundizt í bátnum, og aðalstefndi heldur því fram, að 300 faðmarnir væru nógu langir. Var þessi nót notuð fyrir autan í ca. 3 vikur, en lítt veiddist í hana, vegna þess að hún var alltaf að rifna. Var nótin loks send suður og hafi þá komið í ljós, að hún var öll rifin og tætt og að sögn netjagerðarmannsins Kristins Ó. Karlssonar, sem áður hafði gert við nótina, hafi þetta stafað af því, að of stuttur vír hafi verið notaður. Eftir þetta hafi aðalstefnandi fengið sumarnótina um borð og hafi hann þá lengt vírinn. Hafi eftir þetta lítið til hans frétzt þar til 7. september, að aðalstefnandi hringdi til Jóhannesar Jóhannessonar og bað hann að útvega efni til að

gera við nótina. Hafi það verið næsti bálkur við poka og helzt pokann sjálfan, sem hann hafi beðið um. Kveðst aðalstefndi hafa fengið efni hjá Kristni Ó. Karlssyni og beðið hann að koma með sér austur og setja það í nótina. Í nesti hefðu þeir keypt sér einn pela af koíaki og hafi það verið eina áfengið, sem þeir neyttu á þessu ferðalagi. Er austur kom hinn 9. september, hafi þeir Karl hitt Eggert Theodórsson og farið að tala við hann um haustnótina, en hann hafði, áður en hún var send suður, áætlað viðgerð á henni 300 þús. krónur. Hafi þá aðalstefnanda borið þar að og hafi lent í orðakasti með þeim. Hafi þá verið ákveðið, að aðalstefnandi tæki efnið um borð í Eldeyna og flytti það yfir fjörðinn á plan Ingvars Vilhjálmssonar, þar sem ekki hefði verið hægt að fá viðgerðarpláss annars staðar. Kveðst Jóhannes síðan hafa farið með aðalstefnanda um borð og þá hafi hann sagt honum upp starfi, en hann yrði að vinna sinn uppsagnarfrest. Hafi aðalstefnandi fallizt á þetta og jafnframt að láta lagfæra nótina. Morguninn eftir hefði komið í ljós, að efnið til viðgerðarinnar hefði verið skilið eftir handan fjarðarins og hafi aðalstefnandi verið ófáanlegur til að senda léttbát eftir því. Hafi aðalstefnandi þá spurt, hvort uppsögnin frá kvöldinu áður stæði, og hafi hann svarað því játandi. Kveðst aðalstefndi hafa talað einslega við aðalstefnanda í 2 klst. og hafi hann ekki getað fengið hann til að sækja efnið. Síðan kveðst aðalstefndi hafa farið með Kristni Ó. Karlssyni frá borði og flogið suður með efnið með sér. Síðan hafi ekkert frétzt af aðalstefnda fyrr en 20. september, að hann kom til Keflavíkur og afskráði skipshöfnina án nokkurs samráðs við útgerðina. Hafi hann síðan, eins og áður er fram komið, farið norður í land í vikutíma eða svo.

Aðalstefnandi mótmælir í framburði sínum þessum staðhæfingum aðalstefnda. Segir hann, að umtalaði 100 faðma langi vír hafi verið notaður haustið áður með haustnótinni og hafi hann þá reynzt nógu langur, en þeir hefðu einmitt byrjað sumarsíldveiðarnar með þessari haustnót. Segir hann það rétt vera, að hann hafi lengt snurpuvírinn, þegar sumarnótin var tekin um borð, enda hafi það verið sjálfsagt, þar sem notuð var lengri nót. Þá segir aðalstefnandi það rétt, að hann hafi hringt til Jóhannesar og beðið hann að útvega efni til að laga nótina, því að það fengist ekki fyrir austan, og þyrfti það að vera næsti bálkinn við poka og helzt pokinn sjálfur. Að viðgerð á nótinni hafi ekki farið fram með því efni, sem Jóhannes og Kristinn Ó. Karlsson komu með, hafi stafað af því, að kvöldið, sem Jóhannes

kom til Seyðisfjarðar, hafi hann (aðalstefnandi) verið staddur á netjagerðarverkstæði Eggerts Theodórssonar og rætt við þá um væntanlega viðgerð á nótinni. Hafi hann verið búinn að fá pláss á plani Ingvars Vilhjálmssonar til viðgerðarinnar. En þá hafi Jóhannes komið þar inn og byrjað að karpa við viðgerðarmennina með þeim afleiðingum, að þeir harðneituðu að gera við nótina, ef það væri fyrir Jóhannes. Viðgerðin hafi ekki verið eins manns meðfæri og hafi netjagerðarmaður sá, er Jóhannes kom með austur, sagt sér, að hann treysti sér ekki til að gera við nótina einn, en ef skipshöfn Eldeyjar hjálpaði sér, væri hægt að gera það. Segir aðalstefnandi, að hann hafi aldrei neitað að taka efnið um borð í Eldeyna, en hann hafi, eftir að Jóhannes var farinn frá borði um kvöldið, ákveðið að flytja ekki efnið yfir fjörðinn á bryggjuplan Ingvars Vilhjálmssonar, þar sem hann taldi það ástæðulaust, þar sem netjaviðgerðarmaðurinn hafi ekki treyst sér til að gera við hana einn. Hins vegar hafi hann verið búinn að breiða nótina út á planinu og undirbúið hana undir viðgerðina. Aðalstefnandi kveðst ekki hafa beðið skipverja að hjálpa til við viðgerðina, bæði vegna þess að hann vissi, að þeir væru ekki skyldugir til þess, og eins vegna þess, að hann þóttist vita, að þeir mundu ekki vilja gera það. Hins vegar hefði hann sagt bæði Jóhannesi og Kristni, að þeir gætu sjálfir beðið skipverja um þetta. Þá segir aðalstefnandi, að eftir að þeir Jóhannes hafi farið frá Seyðisfirði, hafi hann beðið Baldur Guðmundsson útgerðarmann að grennslast eftir, hvar efnið væri niður komið, sem þeir komu með austur, og hafi hann fengið upplýst, að það væri komið á leið upp á Hérað til móts við flugvél, sem ætti að flytja það suður. Við nótina hafi verið gert til bráðabirgða á Norðfirði.

Vottorð frá netjaviðgerðarmönnunum, þeim Kristni Ó. Karlssyni og Eggert Theodórssyni, hafa verið lögð fram í málinu.

Í vottorði Kristins segir, að þeir Jóhannes hafi skilið viðgerðarefnið í nótina eftir á bryggju þeirri, sem Eldey lá við, er þeir komu til Seyðisfjarðar, og hafi þá talazt svo til milli þeirra og aðalstefnanda, að hann tæki efnið um borð í Eldeyna og flytti skipið síðan yfir fjörðinn að síldarplani Ingvars Vilhjálmssonar, þar sem leyfi hafði fengizt til að gera við nótina. En morguninn eftir, er þeir Jóhannes komu um borð í Eldeyna, kveðst Kristinn, sem hafði veitt því athygli, að efnið var enn á sama stað og kvöldið áður, hafa minnzt á það við aðalstefnanda, að hann hefði gleymt að flytja það, og beðið hann að láta sækja það á báti.

Hafi aðalstefnandi svarað því til, að hann hefði skilið eftir efnið viljandi og óþarfi væri að sækja það. Segir Kristinn enn fremur, að hann hafi þá um morguninn verið búin að fá loforð Þorgeirs Jónssonar netjagerðarmeistara fyrir mönnum til aðstoðar við viðgerðina.

Vottorði þessu hefur aðalstefnandi mótmælt sem röngu, en tekið það að öðru leyti gilt sem staðfest. Ekki hefur Þorgeir Jónsson verið leiddur sem vitni í málinu.

Í vottorði Eggerts Theodórssonar segir, að hinn 9. september 1963 hafi orðið að samkomulagi milli sín og aðalstefnanda, að Eggert gerði við síldarnót Eldeyjar og hafi ætlað sér að byrja á viðgerðinni að morgni þess 10. september. En að kvöldi þess 9. september hefði Jóhannes Jóhannesson, forstjóri Eldeyjar, ásamt Kristni Ó. Karlssyni komið að máli við sig og hafi framkoma þeirra verið slík, þó einkum Jóhannesar, að hann hafi hætt við fyrirhugað verk, enda hafi báðir mennirnir verið drukknir. Af sömu ástæðum hafi hann ekki viljað lána þeim menn til verksins.

Vottorði þessu hefur aðalstefndi mótmælt sem röngu, en tekið gilt að öðru leyti sem staðfest.

Ekki hefur verið upplýst í málinu um afla v/b Eldeyjar, eftir að viðgerð á nótinni fór fram á Norðfirði, nema hvað aðalstefnandi kveður, að skráð sé í skipsdagbókina, að fyrr sama dag og nótin endanlega rifnaði, 18. september, hafi Eldeyin landað 506 málum í bræðslu.

Eins og áður getur, reisir gagnstefnandi kröfu sína á því í fyrsta lagi, að gagnstefndi hafi bakað útgerðinni tjón með því að hafa án nokkurs samráðs við hana eða forstjóra hennar ákveðið upp á sitt eindæmi að hætta veiðum hinn 18. september og afskrá áhöfn bátsins hinn 20. s. m. eftir heimkomu þess til Keflavíkur, og í öðru lagi hafi hann og bakað útgerðinni tjón með því að eiga sök á því, að forstjóri gagnstefnanda og netjaviðgerðarmaður hans hafi orðið að snúa heim frá Seyðisfirði hinn 10. september með viðgerðarefnið ónotað. Undir flutningi málsins tók gagnstefnandi fram, að hann gerði ekki kröfu til þess, að gagnkrafa sín yrði skuldajöfnuð við kröfu aðalstefnanda, heldur krafðist hann sjálfstæðs dóms um gagnkröfuna.

Það er viðurkennt af gagnstefnda, að hann hafi ákveðið á eigin spýtur að hætta veiðum, eftir að nótin rifnaði 18. september, enda hafi ekkert verið annað fyrir sig að gera. Dómurinn lítur svo á, að þrátt fyrir ákvæði 45. gr. siglingalaga nr. 66/1963 hafi skipstjórar rétt til að taka ýmsar ákvarðanir varðandi úthald

veiðiskipa á eigin spýtur og telur upplýst, að komið hafi verið að vertíðarlokum sumra báta fyrir Austurlandi þennan dag, og jafnvel flestir þeirra þegar hættir veiðum fyrir austan, en hann sjálfur með rifna nót. Í öðru lagi lítur dómurinn svo á, að ekki sé unnt, eftir því sem fram hefur komið í málinu um viðskipti forstjóra gagnstefnanda og gagnstefnda á Seyðisfirði hinn 9. og 10. september 1963 varðandi viðgerð á nótinni, að telja, að gagnstefndi eigi þar bótaskylda sök á, hvernig fór. Ekki hefur gagnstefnandi heldur fært sönnur á, að hann hafi orðið fyrir beinu tjóni sökum aðgerða gagnstefnda utan ferðakostnaðarins til Seyðisfjarðar, kr. 10.606.60.

Úrslit í gagnsök verða því þau, að sýkna ber gagnstefnda af bótakröfu gagnstefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Eftir því sem fram hefur komið í málinu í aðalsök, telur dómurinn að hvorugur aðilja, aðalstefnandi eða aðalstefndi, hafi fært lögfæranlegar sannanir fyrir staðhæfingum sínum um málsatvik. Aðalstefnandi hefur staðfest, að sér hafi verið munnlega sagt upp starfi 9. september 1963, en hinn 20. s. m. hafi aðalstefndi viljað gera gott úr þessu og veitt sér fararleyfi til Norðurlands. Hinn 29. september hafi hann orðið var við, að nýir starfsmenn hafi verið við vinnu um borð í Eldeynni, og daginn eftir hafi endanlega orðið ljóst, að aðalstefndi hafi ekki viljað þjónustu hans lengur.

Aðalstefndi heldur því hins vegar fram, að eftir uppsögnina 9. september hafi aðalstefnandi átt að vinna uppsagnarfrestinn, 3 mánuði, en er veiðitímabilinu lauk 20. september, hafi uppsögnin verið ítrekuð, en aðalstefnandi hafi þá rokið í burtu norður í land og þar með farið úr skiprúmi fyrirvaralaust. Við uppgjör 30. september hafi orðið samkomulag milli aðilja, að aðalstefnandi hætti án nokkurra eftirkrafna. Þessu mótmælir aðalstefnandi og segir, að sér hafi verið fyrirvaralaust vikið úr starfi og hafi hann ekki afsalað sér neinum rétti til að krefjast kaups uppsagnarfrestinn.

Við flutning málsins féll aðalstefnandi frá kröfu sinni um viðurkenningu sjóveðréttar í skipinu fyrir tildæmdum kröfum, þar eð v/b Eldey, KE 37, fórst á hafi úti, á meðan á rekstri máls þessa stóð, og vátryggingarfé muni þegar hafa verið greitt eigendum.

Þegar virtar eru kröfur aðalstefnanda í frumsök og framhaldssök, þykir dóminum máli skipta, að rifjað sé upp, hvenær þær

eru gerðar, og enn fremur viðskipti aðilja, eftir að aðalstefnandi lét af störfum.

Það er viðurkennt af aðalstefnanda við aðiljayfirheyrslu 18/11 1964, að hann við reikningsskil 30. september áskildi sér ekki rétt til kaups eða bóta úr hendi aðalstefnda vegna skorts á uppsagnarfresti. Vorið 1964 fær hann greidda reikninga fyrir ýmis aukastörf hjá aðalstefnda án þess þá að minnast á það við forstjóra aðalstefnda, að hann ætti inni hjá honum vangoldið kaup vegna uppsagnarfrests, og viðurkennir hann og, að hann hafi ekki minnzt á það við útgerðina fyrir þann tíma heldur. Hinn 30. júní 1964 fær aðalstefndi kröfubréf frá lögfræðingi aðalstefnanda vegna vangoldins kaups aðalstefnda fyrir áðurnefnda 3 mánuði, og 15. september s. á. er málshöfðun hafin með kröfu um 3ja mánaða kaup, kr. 32.429.80. Með stefnu, útgefinni 3. febrúar 1965, höfðar aðalstefnandi framhaldssök í málinu og gerir þá kröfu til tjónbóta, sem miðaðar eru við aflahlut skipstjórans á v/b Eldey á tímabilinu 15. október til 31. desember 1963, kr. 91.137.11. Telur aðalstefnandi þá ástæðu fyrir því, að ekki hafi þegar í frumstefnu verið gerð krafa til þessarar fjárhæðar, að honum hafi ekki verið kunnugt um aflamagn Eldeyjar greindan tíma fyrr en í þinghaldi 18. nóvember 1964, að forstjóri aðalstefnda, Jóhannes Jóhannesson, upplýsti það. Engin launung er um aflamagn fiskiskipa og hefði aðalstefnanda því verið innan handar að afla sér þeirra upplýsinga þegar í upphafi, enda ber útgerð fiskiskipa að láta áhöfn skips í té uppgjör innan 14 daga frá lokum hvers tryggingartímabils samkvæmt 17. gr. kjarasamninga L. Í. Ú. Þykir dráttur þessi á breytingu frá þriggja mánaða kaupkröfu samkvæmt 2. gr. sömu laga benda til þess, að aðalstefnandi hafi ekki í fyrstu ætlað sér að gera slíka kröfu eða talið, að hann ætti ekki rétt til bóta samkvæmt 3. gr.

Í málinu liggur fyrir vottorð Guðmundar Jónssonar útgerðarmanns frá Rafnkelsstöðum, að hann hafi boðið aðalstefnanda skipstjórn á v/b Jóni Garðari haustvertíðina 1963, sem hann viðurkennir að hafa hafnað.

Dómurinn lítur svo á, að bótaákvæði sjómannalaganna beri að skilja m. a. á þann veg, að bæturnar séu fyrst og fremst fyrir tjón það, sem skipstjóri verður fyrir vegna þess, að hann hefur að jafnaði lakari aðstöðu til þess að fá skipstjórastöðu að nýju vegna álitshnekkis, eftir að honum hefur verið vikið frá fyrirvaralaust. Um það virðist ekki að ræða í þessu tilfelli samkvæmt framangreindu vottorði.

Þegar allt þetta er virt og annað það, sem fram hefur komið í málinu, getur dómurinn ekki fallizt á bótakröfu aðalstefnanda í framhaldssök.

Hins vegar fellst dómurinn á, að aðalstefnanda hafi borið þriggja mánaða uppsagnarfrestur, og verður niðurstaða málsins því sú, að aðalstefndi, Eldey h/f, verði dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 32.429.80 ásamt vöxtum, svo sem krafizt er í frumsök, og málskostnað, sem þykir hæfilega tildæmdur kr. 8.800.00.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti ásamt sjódómsmönnum Ragnari Björnssyni hafnarstjóra og Árna Þorsteinssyni skipstjóra kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Gagnstefndi, Karl Sigurbergsson, skal vera sýkn af kröfu gagnstefnanda, Eldeyjar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður í gagnsök fellur niður.

Aðalstefndi, Eldey h/f, greiði aðalstefnanda, Karli Sigurbergssyni, kr. 32.429.80 ásamt 8% ársvöxtum frá 15. janúar 1964 til greiðsludags og kr. 8.800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. október 1968.

Nr. 4/1968. **Samvinnufélagið Hreyfill**
(Jóhann Steinason hdl.)
gegn
Kristjáni Eiríkssyni
(Brandur Brynjólfsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1968 og krafizt þess, að synjað verði innsetningargerðar og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn 2. marz 1967 lét Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður gera fjárnám í kröfu gerðarbeiðanda í héraði, Tryggva Hannessonar, á hendur áfrýjanda, þeirri, sem um er fjallað í máli þessu. Á nauðungaruppboði 23. júlí 1968 varð nefndur Kristján hæstbjóðandi í kröfu þessa, og var hún afsöluð honum sama dag. Samkvæmt þessu, sbr. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1938 um meðferð einkamála í héraði og 58. gr. laga nr. 51/1962, hefur Kristján Eiríksson tekið við aðild máls þessa fyrir Hæstarétti í stað Tryggva Hannessonar.

Í málinu er fram komið, að fyrirsvarsmönnum áfrýjanda var kunnugt efni samnings þeirra Tryggva Hannessonar og Örvars Kristjánssonar frá 19. júlí 1965 við kaup muna þeirra, sem um er fjallað í málinu. Eigi eru rök að því leidd, að Tryggvi Hannesson mundi fá meiri verðmæti úr hendi Örvars Kristjánssonar en honum bar samkvæmt samningum þeirra, þótt hann fengi umráð fyrrgreindra muna.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Samvinnufélagið Hreyfill, greiði stefnda, Kristján Eirikssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 5. janúar 1968.

Gerðarbeiðandi, Tryggvi Hannesson, Vesturgötu 50, hefur krafizt þess, að bílalyfta (FOG), lofthitunarketill ásamt loftrásum og raflögn ásamt lömpum verði tekin úr umráðum gerðarþola, Samvinnufélagsins Hreyfils, Grensásvegi 18, og sér fengin umráð þeirra, enda lýsir hann því jafnframt yfir, að nái gerðin fram-

gangi, verði ekki krafizt greiðslu skuldar samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu 2914/1966, uppkveðnum 24/11 1966. Þá hefur gerðarbeiðandi krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að innsetningargerð þessi fari fram. Málskostnaðar er krafizt úr hendi gerðarbeiðanda.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram hinn 13. desember f. á.

Gerðarbeiðandi gerði leigusamning um iðnaðarhúsnæði í húsinu Grensásvegi 14 hinn 30. apríl 1963, sjá rskj. 17, við gerðarþola, Samvinnufélagið Hreyfil, og rak þar um skeið Bifreiðaverkstæðið Stimpil, sem er skrásett firma. Leigusamningur þessi skyldi falla úr gildi 31. desember 1965, þó að tilskildum 6 mánaða uppsagnarfresti.

Hinn 19. júlí 1965 gera þeir gerðarbeiðandi og Örvar Kristjánsson, Nönnugötu 16, með sér kaupsamning, sem hefur verið lagður fram í máli þessu í endurriti sem rskj. 3 og er á þessa leið:

„Við undirritaðir, Tryggvi Hannesson, Sörlaskjóli 66, í samningi þessum nefndur seljandi og Örvar Kristjánsson, Nönnugötu 16, í samningi þessum nefndur kaupandi, gerum með okkur svofelldan

Kaupsamning:

1. Seljandi lofar að selja og kaupandi lofar að kaupa eftirtaldar vélar, verkfæri og áhöld svo og innréttingar Bifreiðaverkstæðisins Stimpils, Grensásvegi 18:

1. Bílalyfta (700).
2. Lofthitunarketill ásamt loftrásum.
3. Raflögn ásamt lömpum.
4. Cylinderfræsari (BUMA).
5. Fóðringavél (Sunnen).
6. Ventilsætavél (BLACK & DECKER).
7. Ventilhausavél (SIOUX).
8. Bremsuskálavél (BARRET).
9. Gastæki ásamt kútum.
10. Stimpilklukka.
11. Hjólatjakkur.
12. Handverkfæri ýmiss konar.
13. Skápar fyrir lager.

Þá fylgja ennfremur með í kaupunum vörubirgðir verkstæðisins. Hefur kaupandi kynnt sér ástand alls hins selda og tekið gilt.

2. Með í kaupunum fylgir firmanafnið „Bifreiðaverkstæðið

Stimpill". Seljandi greiðir allar skuldir fyrirtækisins fram til dagsins í dag að telja, en allar skuldbindingar, sem kaupandi stofnar til, eru seljanda óviðkomandi. Verður tilkynning um eigendaskipti firmans send firmaskrá Reykjavíkur í dag.

3. Kaupandi hefur þegar gengið inn í leigusamning um húsnæði það, sem fyrirtækið hefur leigt á Grensásvegi 18.

4. Umsamið kaupverð kr. 360.000.00 — þrjú hundruð og sextíu þúsund krónur, — greiðir kaupandi þannig:

1.	Við undirskrift samnings þessa	kr. 100.000.00
2.	Með víxlum pr. 7/8, 7/9 og 7/10 '65	— 30.000.00
3.	Með víxlum pr. 7/11 og 7/12 '65	— 40.000.00
4.	Eftirstöðvarnar greiðir kaupandi með skuldabréfi, sem greiðist með 4 jöfnum afborgunum í gjalddaga 15/6 '66 og 15/12 '66, 15/6 '67 og 15/12 '67, kr. 47.500 í hvert skipti. Vextir reiknist 8% p. a. og greiðist eftir á í sama gjalddaga og afborganir	— 190.000.00
		Kr. 360.000.00

5. Seljandi áskilur sér eignarrétt að því, sem talið er upp í 1—11 1. gr., þar til kaupverðið er að fullu greitt. (Eignarréttarfyrirvari).

6. Rísi mál út af samningi þessum, skal það rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur án undangenginnar sáttaumleitunar fyrir sáttanefnd.

Til staðfestu eru nöfn aðilja undirrituð í votta viðurvist.

Reykjavík, 19. júlí 1965.

Tryggvi Hannesson.
Örvar Kristjánsson.

Vottar:
Agnar Gústafsson.
Björn Pétursson.

Móttekið skv. ofangreindum samningi greiðsla skv. 1. tl. 4. gr. kr. 100.000.00 og er kr. 10.000.00 skv. 2. tl. 4. gr. Ennfremur víxill pr. 7/9, kr. 10.000.00, víxill pr. 7/10, kr. 10.000.00, víxill pr. 7/11, kr. 20.000.00, vírill pr. 7/12, kr. 20.000.00, svo og skuldabréf skv. 4. tl. 4. gr., kr. 190.000.00.

Afsalast því ofangreint firma ásamt tilheyrandi með eignarréttarfyrirvara, svo sem að ofan greinir.

Reykjavík, 16/9 1965.

Vottar".

Gerðarbeiðandi hefur undirritað afsalsyfirlýsingu á frumriti samningsins.

Samningi þessum hefur ekki verið þinglýst.

Skuldabréf það, sem getur í 4. gr., 4. lið hér að framan, liggur fyrir í máli þessu sem rskj. 4, en það er dagsett 16. september 1965, og segir svo m. a. í bréfi þessu: „Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls og vaxta ofanritaðrar skuldar svo og til tryggingar greiðslu alls kostnaðar, er af vanskilum mínum kann að leiða og mér ber að greiða að skaðlausu, er eignarréttarfyrirvari skv. kaupsamningi mínum við Tryggva Hannesson, dags. 19/7 '65.

Standi ég ekki í skilum með greiðslur afborgana og vaxta af ofangreindri skuld, er hún öll í gjalddaga fallin án fyrirvara.

Mál, sem rísa kunna út af skuld þessari, má reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936, dags. 19/7 1965". Þessu bréfi hefur ekki verið þinglýst.

Örvar Kristjánsson tók þannig við rekstri Bifreiðaverkstæðisins Stimpils í þeim húsakynnum, sem það hafði starfað í að Grensásvegi 18. Ekki varð af því, að húsnæðið yrði rýmt um áramót 1965—1966, svo sem leigusamningur gerðarbeiðanda við gerðarþola tiltók.

Í máli þessu liggur fyrir kaupsamningur þeirra Örvars Kristjánssonar og Stefáns Odds Magnússonar f. h. gerðarþola, dagsettur 8. ágúst 1966, sjá rskj. 23. Þar selur Örvar gerðarþola bifreiðalyftu, kyndibúnað o. fl. honum tilheyrandi og raflögn með lömpum, og er um að ræða sömu tæki og tilgreind eru á rskj. 3 sem nr. 1, 2 og 3. Tekið er fram, að hið selda sé til staðar í húsakynnum gerðarþola, Grensásvegi 18, og er kaupverðið tilgreint kr. 140.000.00. Þessum samningi er athugasemdalaust þinglýst 10. ágúst 1966. Ekki er þar getið um nein höft á hinu selda.

Með stefnu, birtri 20. september 1966, höfðar gerðarbeiðandi, Tryggvi Hannesson, mál gegn Örvari Kristjánssyni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Dómkröfur hans voru þær, *að* Örvar yrði dæmdur til að greiða kr. 190.000.00 auk vaxta og málskostnaðar, en að frádregnum samtals kr. 62.700.00, *að* viðurkenndur yrði eignarréttur hans að munum þeim, sem greinir í kaupsamningi

frá 19/7 1965. Með dómi bæjarþingsins, sem uppkveðinn var 21. nóvember 1966, var kröfu stefnanda um viðurkenningu eignarréttar vísað frá dómi ex officio, enda hafði stefnandi lýst því yfir, að mál þetta væri rekið samkvæmt heimild í skuldabréfi eftir ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936. Dómur þessi hefur ekki verið kærður, og liggur hann fyrir í málinu sem rskj. 7.

Um hinn þátt stefnukröfunnar gekk dómur bæjarþingsins þann 24. nóvember 1966, og var Örvar Kristjánsson þar dæmdur til að greiða gerðarbeiðanda eftirstöðvar skuldabréfsins, sem námu samkvæmt breyttri dómkröfugerð kr. 142.500.00 ásamt vöxtum, og málskostnaður, kr. 22.000.00, var og tildæmdur. Vísast hér til rskj. 5 í fógetamáli þessu. Aðiljum ber saman um, að dómskuld þessi hafi ekki greiðzt að neinu og að ekki hafi verið leitað fógetaaðgerða til að ná fullnustu.

Það hefur komið fram í málinu, að kaup gerðarþola af Örvari Kristjánssyni fóru fram á skrifstofu Jónatans Sveinssonar héraðsdómslögmanns hér í borg. Hefur Jónatan Sveinsson mætt sem vitni í málinu. Hann skýrir svo frá, að Örvar Kristjánsson hafi leitað til sín í maí 1966 og sagzt vera kominn í fjárhagskröggur og sýnilega lenda í vanskilum við gerðarbeiðanda, Tryggva Hannesson, vegna skuldabréfsins á rskj. 4 og enn fremur í vanskilum við Hreyfil vegna húsaleigu. Hafi Örvar talið hendi næst að selja þá muni, sem hann hafði keypt af Tryggva Hannessyni, til að sjá sér borgið út úr þessum vandræðum. Jónatan segir, að gerðarbeiðandi hafi verið í ráðum með Örvari um þessi atriði og gengið fast fram í því að fá fram sölu, og kveðst Jónatan hafa þá þegar fengið að sjá samning þeirra félaga. Komið hafi fram, að Hreyfill vildi kaupa suma þeirra, en þó því aðeins að til skuldajöfnunar kaupverðinu gengi áfallnar og áfallandi leigukröfur félagsins vegna afnota Örvars af húsnæðinu Grensásvegi 18 og hafi náðzt samkomulag um verð þessara muna. Þá hafi legið fyrir að taka afstöðu til ákvæðisins á rskj. 3, kaupsamningnum, um eignarréttarfyrirvara til handa gerðarbeiðanda og veðsetningu þar greindra eigna. Kveðst Jónatan hafa komizt á þá skoðun, að þar að lútandi ákvæði kaupsamningsins mundi ekki standast sem lögmæt sjálfsvörzluveðsetning lausafjár og hafi sú einnig verið skoðun lögmanns Hreyfils við kaupin. Samróma álit þeirra hafi orðið það, að Hreyfill fengi fullan eignarrétt að munum þrátt fyrir nefnd samningsákvæði.

Jónatan Sveinsson kveðst nú hafa skrifað samningsuppkast, og hefur það verið lagt fram sem rskj. 8, en þar neðst er viðbótar-

klausa um, að gerðarbeiðandi, Tryggvi Hannesson, gefi eftir eignarréttarfyrirvara þann, sem getur í kaupsamningi hans og Örvars, og getur Jónatan þess, að þá hafi ekki legið annað fyrir en að gerðarbeiðandi samþykkti, að Hreyfill greiddi kaupverð þessara muna með skuldajöfnuði svo langt sem leigukröfur næðu, en afgangurinn gengi svo sem greiðsla upp í skuldabréfið á rskj. 4, enda hefði sá afgangur nægt fullnustu áfallinnar afborgunar og vaxta. En þá strax á eftir hafi gerðarbeiðandi aftekið að samþykkja fyrir sitt leyti þetta fyrirkomulag á greiðslu frá hendi Hreyfils og krafizt alls kaupverðsins upp í skuldabréfsskuldina.

Örvar Kristjánsson, sem nú er búsettur á Ólafsfirði, hefur komið þar fyrir dóm sem vitni, sjá rskj. 9. Hann skýrir svo frá, að Jónatan Sveinsson hafi haft í höndum kaupsamninginn og skuldabréfið á rskj. 3 og 4, er kaup Hreyfils fóru fram, og hann hafi tjáð sér, að hann teldi eignarréttarfyrirvarann ógildan og því frjálst að selja þar greinda muni. Örvar telur, að viðsemjandi hans hafi vitað um eignarréttarfyrirvarann.

Gerðarbeiðandi krefst þess nú með bréfi til fógeta, dagsettu 21. september 1967, að hér umræddir munir verði sér afhentir með fógetagerð. Telur hann eignarrétt sinn samningsbundinn og ótvíræðan, Örvar Kristjánsson hafi aldrei uppfyllt skilyrði samninga þeirra, sem gæfi honum eignarrétt. Hann hafi ekki getað fengið viðsemjanda sínum, gerðarþola máls þessa, frekari rétt yfir munum þessum en hann sjálfur í átti. Skipti engu máli í þessu sambandi um þinglýsingu slíks gernings sem kaupsamningsins á rskj. 3 né heldur hvort kaupandi munanna hafði vitneskju um vanheimild seljanda, en í þessu máli hagi svo til, að kaupanda hafi verið fullljóst, að Örvar Kristjánsson hafði enga heimild til sölu. Gerðarbeiðandi segir svo frá, að eitt sinn á sumrinu 1966 hafi Jónatan Sveinsson héraðsdómslögmaður látið sig vita, að Örvar Kristjánsson vildi selja gerðarþola máls þessa ýmsa af þeim munum, sem kaupsamningurinn á rskj. 3 tók til, og kveðst gerðarbeiðandi hafa komið til viðtals á skrifstofu Jónatans, þar sem þeir hafi verið auk Jónatans sjálfs Örvar, Stefán Oddur Magnússon, framkvæmdastjóri gerðarþola, og lögfræðingur með honum. Hafi Stefán þá látið í ljós, að hann vildi ekki kaupa muni þá, sem nú eru umdeildir í máli þessu, ef einhvers konar kvaðir áhvílandi þeim stæðu í vegi fyrir fullum eignarrétti gerðarþola, og segir gerðarbeiðandi, að þetta hafi orðið tilefni til þess, að Jónatan Sveinsson hafi beðið sig að rita samþykki á kaupsamning þeirra Örvars og gerðarþola. Gerðar-

beiðandi kveðst hafa tjáð sig fúsan til þess, þó með svofelldu móti aðeins, að greiðslan gengi til sín, en því hafi verið hafnað og Jónatan þá látið svo ummælt, að slíkt samþykki gerðarbeiðanda skipti ekki máli.

Gerðarbeiðandi hefur lagt fram sem rskj. 13 endurrit af árangurslausu fjárnámi, sem fór fram hjá Örvari Kristjánssyni hinn 30. júní s.l.

Af hálfu gerðarþola er vefengt, að um gildan eignarréttarfyrirvara sé að ræða. Á það er bent, að í 4. grein kaupsamnings þeirra Örvars og gerðarbeiðanda sé því lýst, hvernig kaupverðið skuli greiðast, og síðan sé þess getið, að greiðslur hafi farið fram í samræmi við kaupsamning. Að vísu hafi Örvari orðið vanskil og gerðarbeiðandi getað komið fram eindögum skuldabréfsins á rskj. 4, en það skipti ekki máli, þá er gert sé út um gildi eignarréttarfyrirvarans. Sá réttur hafi niður fallið fyrst og fremst vegna þess, að gerðarbeiðandi hafi gefið afsal bæði fyrir munum og firmanafni og fari slíkt ekki saman við áskilnað eignarréttar. En hafi gerðarbeiðandi þrátt fyrir þetta viljað halda eignarrétti, og þá í formi veðsetningar, sé sá réttur fallinn niður fyrir vangeymslu, enda hafi skuldabréfi aldrei verið þinglýst. Enn sé á það að líta, að kaupsamningurinn á rskj. 3 hljóði ekki alleinasta um lausafjármuni heldur og um firmanafn og verði firmanafni að sjálfsögðu aldrei afsalað með eignarréttarfyrirvara.

Á það er bent af hálfu gerðarþola, að gerðarbeiðanda hafi verið mjög áfram um það, að sala tækist á munum þessum, og stutt að því í verki. Hann hafi að vísu verið ósamþykkur ráðstöfun kaupverðs, en er sala fór fram á þann hátt, sem raun bar vitni um, hafi gerðarbeiðandi ekki beitt kaupsamningnum, heldur aðeins gjaldfellt bréfið og haldið þeirri kröfu til streitu. Þannig hafi hann samþykkt bæði söluna og ráðstöfun kaupverðs, en aðeins talið sig eiga fjárkröfu á hendur Örvari.

Þá heldur gerðarþoli því fram, að vafasamt sé, að gerðarbeiðandi hafi að öðru leyti átt rétt yfir hinum umdeildu munum, þar eð Örvar Kristjánsson hafi verið búinn að borga gerðarbeiðanda meira en andvirði þeirra. Hann hafi fengið framgengt kröfu um innsetningu í aðra muni, sem Örvar Kristjánsson hafi ráðstafað til annars aðilja, og nái þessi gerð framgangi, muni gerðarbeiðandi auðgast óhæfilega á öllum þessum viðskiptum.

Loks vísar gerðarþoli til þess, að þar eð andvirði hinna umdeildu muna hafi sumpart greiðzt með gagnkröfu á hendur Örvari

Kristjánssyni, sem gerðarbeiðandi hafi sem leigutaki staðið ábyrgur fyrir, þá sé ljóst, að öll þessi viðskipti séu þess eðlis, að hinn almenni dómstóll ætti úr þeim að skera og ætti fógetaréttur því að synja um gerðina.

Því er mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda, að hann hafi staðið ábyrgur fyrir leiguskuld Örvars Kristjánssonar. Hinn fyrri húsaleigusamningur hafi niður fallið, er Örvar tók við húsnæðinu, og hafi gerðarþoli samþykkt Örvar sem leigutaka með löngu aðgerðarleysi, og gerðarbeiðandi kveðst aldrei hafa verið krafinn um skil á leiguskuld Örvars. Það skipti gerðarþola engu máli og geti ekki komið til álits í þessu máli, hvort gerðarbeiðandi hafi fengið sinn fulla hlut í viðskiptum við Örvar.

Samningur þeirra Örvars Kristjánssonar og gerðarbeiðanda segir í 5. grein, að gerðarbeiðanda sé áskilinn eignarréttur að munum þeim, sem taldir eru sem 1—11 í 1. gr., unz allt kaupverð sé greitt að fullu. Þá segir í síðargerðri áritun, að gerðarbeiðandi hafi tekið við peningum og verðbréfum og „afsalist" því „ofangreint firma ásamt tilheyrandi með eignarréttarfyrirvara, svo sem að ofan greinir". Virðist beinlínis gert ráð fyrir því í hinni tilvitnuðu klausu, að móttaka gerðarbeiðanda á nefndum verðmætum teljist ekki full greiðsla af hendi Örvars, og hefur ekki komið fram í málinu, að Örvar hafi haft á þessu atriði annan skilning eða að hann hafi látið í ljós við gerðarbeiðanda, að hann vildi ekki sætta sig við þetta ákvæði í áritun gerðarbeiðanda.

Verður því ekki komizt hjá að líta svo á, að aðiljar samnings þessa, Örvar Kristjánsson og gerðarbeiðandi, hafi svo um samið, að ekki skyldi vera um að ræða skilyrðislaust eignarafsal, og að Örvar Kristjánsson hafi frá upphafi mátt vita, að hann hafði ekki upp á sitt eigið eindæmi rétt til ráðstöfunar á munum þessum, svo sem eigandi hlutar almennt hefur.

Ekki verður fallizt á þá skoðun, að gerðarbeiðandi hafi gefið eftir rétt sinn til hinna umdeildu muna með því að láta sér lynda og jafnvel stuðla að því, að Örvar kæmi fram sölu á þeim. Komið er fram, að gerðarbeiðandi setti það skilyrði, að söluverðið gengi til sín óskert, og atvik voru þau, að fyrirsjáanleg voru vanskil af hálfu Örvars, sem og fram kom. Var því ekki óeðlilegt, að gerðarbeiðandi vildi stuðla að sölu til þess að ná borgun á kröfu sinni. Með því að neita að samþykkja samning gerðarþola og Örvars, sbr. rskj. 12, mátti ætla, að gerðarbeiðandi væri einmitt að bera fyrir sig eignarréttarfyrirvarann, enda hefði hann tæpast getað synjað samþykkis nema á þessum grundvelli.

Þannig verður ekki séð, að viðsemjandi Örvars Kristjánssonar hafi haft neina ástæðu til að ætla, að gerðarbeiðandi hefði afsalað sér neinum þeim rétti, sem samningurinn á rskj. 3 veitti honum. Þessi samningur lá fyrir, er kaup gerðust, og varð að verulegu athugunarefni lögmanna þeirra, sem um kaup gerðarþola fjölluðu, hvort telja skyldi eignarréttarfyrirvara gildan eða hvort virða skyldi hann að vettugi.

Þótt lögmenn þessir teldu samning þeirra gerðarbeiðanda og Örvars Kristjánssonar þannig úr garði gerðan, að meta mætti eignarréttarákvæðið einskis nýtt, verður ekki hjá því komizt að telja forráðamönnum gerðarþola til verulegs gáleysis að hafa ekki athugað þetta grundvallaratriði miklu nánar með athugun á samningnum og jafnvel með því að ná sambandi við gerðarbeiðanda, sem hafði neitað að samþykkja söluna til gerðarþola, og fá hann til að gera grein fyrir þeim rétti, sem hann teldi sér veittan í samningum hans við Örvar. Eftir atvikum þykir þannig ekki rétt að telja gerðarþola hafa öðlazt eignarrétt á hinum umdeildu munum við traustfang.

Verður gerð þessi látin ná framgangi á ábyrgð gerðarbeiðanda. Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin innsetningargerð fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 23. október 1968.

Nr. 36/1968. **Ragnar Sigurðsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Guðmundi Jakobssyni og gagnsök
(Ármann Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann naut gjafvarnar í málinu í héraði. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, og svo málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. febrúar 1968. Hann hafði gjafsóknarleyfi í héraði og hefur verið veitt gjafvarnarleyfi hér fyrir dómi. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 553.681.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. september 1955 til 22. febrúar 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Samkvæmt þeim rökum, sem þar eru rakin, þykir bera að skipta fébótaábyrgð vegna slyssins. Þegar litið er til málavaxta, þykir rétt, að gagnáfrýjandi beri tjón sitt að $^2/_5$ hlutum sjálfur, en aðaláfrýjandi bæti honum það að $^3/_5$ hlutum.

Hinn 17. október 1968 hefur K. Guðmundur Guðmundsson, cand. act., endurskoðað fyrri örorkutjónsreikning fyrir gagnáfrýjanda. Er þar höfð hliðsjón af kauplagsbreytingum síðustu ára, en tæknilegur reikningsgrundvöllur er hinn sami og í fyrra reikningi, að öðru leyti en því, að byggt er á 7%

ársvöxtum. Verðmæti vinnuteknataps gagnáfrýjanda telur tryggingafræðingurinn vera kr. 407.556.00.

Tjón gagnáfrýjanda þykir hæfilega metið í héraðsdómi, samtals kr. 330.750.00, er frá hafa verið dregnar greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða 60% þessarar fjárhæðar, þ. e. kr. 198.450.00.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upphafstíma vaxta og vaxtahæð. Þá ber og að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Aðaláfrýjandi greiði kr. 27.440.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Af þeim hljóti talsmaður gagnáfrýjanda kr. 25.000.00 og gagnáfrýjandi sjálfur kr. 2.440.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ragnar Sigurðsson, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Jakobssyni, kr. 198.450.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. ágúst 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eru staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 27.440.00. Af þeim hljóti talsmaður gagnáfrýjanda, Ármann Jónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 25.000.00 og gagnáfrýjandi sjálfur kr. 2.440.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Gagnáfrýjandi, sem er fæddur 29. nóvember 1941, var í sumarvinnu á búi aðaláfrýjanda sumurin 1954 og 1955. Aðaláfrýjandi eignaðist Farmall-dráttarvél sumarið 1954. Lærði gagnáfrýjandi þá að stjórna henni, og fórst honum það vel. Sláttuvél keypti aðaláfrýjandi í júlí 1955, og var hún tengd við dráttarvélina. Var drifhjólabúnaður sláttu-

vélarinnar aftast á dráttarvélinni, þ. e. tvö hjól, hið efra og minna um einn metra frá jörðu, en hitt um hálfan metra. Hjól þessi eru tengd með reim og í sambandi við svokallaða hlaupastelpu og ljá sláttuvélarinnar. Snerist hjólabúnaðurinn, þá er dráttarvélin var í gangi og tengd sláttuvélinni. Yfir hjólabúnaðinum var hlíf, en hann var óvarinn, þá er staðið var aftan við dráttarvélina. Gagnáfrýjandi sló með vélum þessum sumarið 1955 frá því í júlí og fram í miðjan september. Þá er hann var við slátt 15. september 1955, þurfti hann að stíga af dráttarvélinni til að hreinsa mosa úr greiðu sláttuvélarinnar, en lét vélarnar ganga á meðan. Hugðist hann síðan stíga á dráttarvélina aftan frá yfir drifhjólabúnaðinn. Lenti hægri hönd hans þá inn á milli reimar og efra hjóls og sat þar föst. Gagnáfrýjanda tókst að stöðva vélarnar og kallaði á hjálparfólk til að losa höndina, sem lemstraðist.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta með stefnu 13. ágúst 1965, þ. e. um mánuði fyrir lok fyrningarfrests. Gagnaöflun í málinu hefur eigi verið rækileg, enda langt um liðið frá því slysið varð. Eins og skýrslum málsins er háttað, verður eigi fullyrt, að aðaláfrýjandi hafi vanrækt að áminna gagnáfrýjanda um að viðhafa varúð við vélar þær, sem um er að tefla. Eigi var bann í lögum við því, að menn á aldri gagnáfrýjanda stjórnuðu slíkum vélum. Gagnáfrýjandi stjórnaði nefndri dráttarvél og sláttuvél yfir hálfan annað mánuð. Fór honum sú stjórn vel úr hendi fram að slysdegi. Hann var hátt á fjórtánda ári, þá er hann lemstraðist. Mátti hann því fullvel vita, að stórhættulegt var að stíga á dráttarvélina aftan frá, þá er drifhjólabúnaður hennar var í gangi. Var þetta gáleysi hans og óhapp meginorsök slyssins. En nú er kunnara en frá þurfi að segja, að ungir og aldnir viðhafa tíðum flumbruhátt í umgengni sinni við vélar. Að svo vöxnu máli hefði það verið eðlileg öryggisráðstöfun að umlykja hjól og reim dráttarvélarinnar með hlíf að aftan. Aðaláfrýjanda var að vísu nokkurt vorkunnarmál, þótt hann hæfist ekki handa í þessu efni, þar sem hann kunni lítt til véla. En allt að einu verður hann, sem fól ungmenni stjórn

vélanna, að bera okkra ábyrgð á slysi gagnáfrýjanda, sem rekja má að öðrum þræði til ófullnægjandi öryggisbúnaðar á vélunum.

Með skírskotun til þess, sem nú var sagt, er rétt að gagnáfrýjandi beri tjón sitt sjálfur að 3/5 hlutum, en aðaláfrýjandi bæti honum það að 2/5 hlutum.

Tjón gagnáfrýjanda þykir hæfilega metið í héraðsdómi, samtals kr. 330.750.00, þá er frá hafa verið dregnar greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 40% þessarar fjárhæðar, þ. e. kr. 132.300.00.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upphafstíma vaxta og vaxtahæð. Einnig ber að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Aðaláfrýjandi greiði kr. 22.440.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Af þeim hljóti talsmaður gagnáfrýjanda kr. 20.000.00 og gagnáfrýjandi sjálfur kr. 2.440.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ragnar Sigurðsson, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Jakobssyni, kr. 132.300.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. ágúst 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og ásamt 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eru staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 22.440.00. Af þeim hljóti talsmaður gagnáfrýjanda, Ármann Jónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 20.000.00, og gagnáfrýjandi sjálfur kr. 2.440.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 18. ágúst 1967.

Ár 1967, föstudaginn 18. ágúst, var í aukadómþingi Árnessýslu, sem haldið var í skrifstofu hæstaréttarlögmanns Gunnars M. Guðmundssonar í Reykjavík af sýslumanni Páli Hallgrímssyni

og meðdómsmönnunum Gunnari M. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni og Jóhannesi Zoëga verkfræðingi, kveðinn upp dómur í málinu nr. 24/1965: Guðmundur Jakobsson gegn Ragnari Sigurðssyni, en mál þetta var þingfest 31. ágúst 1965 og tekið til dóms að afloknum munnlegum málflutningi hinn 12. júlí 1967.

Mál þetta hefur Guðmundur Jakobsson verkamaður, Álfhólsvegi 111, Kópavogi, höfðað fyrir aukadómþingi Árnessýslu gegn Ragnari Sigurðssyni bónda, Þúfu, Ölfushreppi, Árnessýslu, til heimtu skaðabóta að fjár hæð kr. 585.750.00 með 7% ársvöxtum frá 15. september 1955 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins. Í greinargerð hefur stefnandi gert þá breytingu á kröfugerðinni, að stefnufjárhæðin er lækkuð í kr. 553.681.00 og krafizt 6% ársvaxta frá 15. september 1955 til 22. febrúar 1960, 7% ársvaxta frá þeim degi til 31. desember 1964 og 6% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaðarkrafa er þar óbreytt.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 26. nóvember 1965, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu og Ármann Jónsson hæstaréttarlögmaður skipaður til að flytja málið fyrir hann.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 4. maí 1966, var fallizt á, að Andrés Valdimarsson, cand. jur., flytti málið fyrir gjafsóknarhafa sem prófmál sitt. Við munnlegan fltuning málsins var krafizt málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 12. júlí s.l., var honum veitt gjafvörn í málinu og Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður skipaður til að flytja málið fyrir hann.

Jafnframt var fallizt á með bréfi ráðuneytisins s. d., að Erlingur Bertelsson, cand. jur., flytti málið fyrir gjafvarnarhafa sem prófmál sitt.

Tildrög máls þessa eru þau, að sumarið 1955 var stefnandi í sumardvöl hjá stefnda að Þúfu í Ölfusi.

Stefnandi var þá 13 ára gamall og vann á búi stefnda. Hinn 15. september um haustið var hann að fyrirlagi húsbónda síns að slá á engjum með vélsláttuvél, sem tengd var við Farmal Cup dráttarvél. Settist mosi fyrir greiðu sláttuvélarinnar, svo að stefnandi varð að stöðva dráttarvélina til þess að hreinsa mosann frá greiðunni.

Í þessu skyni ók hann dráttarvélinni fyrst aftur á bak til að losa greiðuna úr mosanum, steig síðan niður af dráttarvélinni

án þess að taka sláttuvélina úr sambandi, gekk að greiðunni og hreinsaði hana, en hugðist að því búnu setjast aftur í ekilssætið á dráttarvélinni. Hugðist hann stíga upp í dráttarvélina aftan frá, svo sem vani hans var, en aftast á henni, allmiklu neðar en ekilssætið, er drifhjólaútbúnaður sláttuvélarinnar. Eru það 2 hjól, hið efra og minna í um eins metra hæð frá jörðu, en hið neðra u. þ. b. hálfum metra neðar beint undir hinu. Hjól þessi eru tengd með reim, en þau eru í sambandi við svokallaða hlaupastelpu og ljá sláttuvélarinnar. Snýst þessi hjólaútbúnaður, þegar dráttarvélin er í gangi og tengd sláttuvélinni. Yfir hjólunum og reiminni er skermur eða hlíf umbúnaði þessum til hlífðar. En þegar staðið er aftan við dráttarvélina, eru hjól þessi og reim algerlega óvarin.

Nú víkur frásögninni aftur að stefnanda. Hann lagði vinstri hönd á aurhlíf, sem er innanvert og ofan til við vinstra afturhjól dráttarvélarinnar. Með hægri hendi ætlaði hann að taka í ekilssætis og vega sig þannig upp í það, um leið og hann stigi á dráttarbeizli vélarinnar. En þá tókst svo hrapallega til, að hægri hönd hans, sem klædd var vettlingi, fór inn á milli reimarinnar og efra hjólsins og klemmdist föst. Tókst stefnanda að ná til bezíngjafarinnar, sem hann kippti til sín. Fór vélin þá úr gangi. Stefnandi gat ekki af eigin rammleik losað höndina, en honum tókst að kalla sér til hjálpar fólk, sem var á engjum skammt frá. Við slys þetta hlaut stefnandi mikil lemstur á hægri hönd.

Umrætt slys var á engan hátt rannsakað á sínum tíma, og stefnandi virðist ekki hafa gert reka að heimtu bóta fyrir tjón sitt af völdum þess, fyrr en til málssóknar kom. Eftir höfðun málsins hafa báðir málsaðiljar gefið skýrslur fyrir dómi um málavexti. Verður nú rakið hið helzta, sem fram kemur í þessum skýrslum og eigi er þegar greint frá í atvikalýsingunni hér að framan, en hún er byggð á frásögn stefnanda, auk þess sem til hliðsjónar voru myndir af sams konar tækjum og um ræðir.

Stefnandi kannast við að hafa vitað um umrædda vélarreim, en hann hafi ekki haft hugann við hana, er hann var að stíga upp í ekilssætið. Hann kveður stefnda ekkert hafa leiðbeint sér um notkun vélarinnar, enda viti hann eigi til, að stefndi hafi neitt kunnað með sláttuvélia að fara. Hafi hún verið nýkomin á búið, er slysið varð. Stefnandi kveðst ekki hafa haft umsamið kaup fyrir vinnu sína hjá stefnda, en stefndi muni hafa greitt honum kr. 1.500.00 til 2.000.00 fyrir sumarið auk fæðis og þjónustu. Hann kveðst einnig hafa verið í sumardvöl að Þúfu sumarið

áður. Þá hafi verið þar í notkun sláttuvél dregin af hestum og hafi stefndi slegið með henni. Sjálfur kveðst stefnandi aldrei hafa slegið með þeirri vél. Hann kveður sláttuvél þá, er um ræðir í málinu, hafa komið einhvern tíma um sumarið 1955. Minnir hann, að Siggeir bóndi á Núpum hafi komið að Þúfu og sett vélina saman og sýnt heimamönnum, hvernig ætti að nota hana. Kveðst hann eigi vita til, að stefndi hafi nokkurn tíma slegið með þessari vél og hafi það að langmestu leyti komið í sinn hlut að fara með vélina. Hafi stefndi mælt svo fyrir. Drengur hafi verið á heimilinu til snúninga á svipuðu reki og hann sjálfur og hafi það komið fyrir, að hann slægi með vélinni, en mjög sjaldan. Stefnandi kveður stefnda hafa mælzt til þess eftir fyrri sumardvölina á Þúfu, að hann kæmi aftur til dvalar þar næsta sumar. Sér hafi líkað dvölin á bænum mjög vel og hafi það orðið að ráði með samþykki foreldra hans. að hann réðst þangað aftur seinna sumarið. Hann kveður foreldra sína hafa komið einu sinni í heimsókn sumarið 1955 og minnir, að það hafi verið, eftir að umrædd sláttuvél var tekin í notkun á bænum. Man stefnandi ekki, hvort þá barst í tal, að hann var látinn fara með sláttuvélina.

Stefndi kveðst eigi muna með vissu, hver voru tildrög þess, að stefnandi réðst til hans sumarið 1954, en vorið 1955 hafi hann farið á fund móður stefnanda og rætt við hana um ráðningu stefnanda til starfs það sumar. Hafi hún vísað á stefnanda og hafi samizt með þeim um ráðningu hans til sumarvinnu. Stefndi kveður umrædda sláttuvél hafa komið einhvern tíma í júlí 1955. Sláttur hafi þá verið byrjaður, en túnslætti eigi lokið. Hilmir Hinriksson, bifvélavirki í Hveragerði, og Siggeir á Núpum hafi sett vélina saman og sýnt heimamönnum, hvernig nota ætti hana. Hafi Hilmir brýnt fyrir þeim að beita fullri aðgæzlu við notkun vélarinnar. Stefndi kveðst stundum hafa slegið sjálfur með vélinni bæði fyrir og eftir umrætt slys. Snúningadrengur á heimilinu á aldri stefnanda hafi einungis að litlu leyti verið látinn nota vélina. Hafi meðferð vélarinnar að mestu komið í hlut stefnanda, enda hafi hann sótzt meira eftir því að stjórna vélinni en hinn drengurinn. Dráttarvélin, sem notuð var með sláttuvélinni, hafi komið á búið sumarið 1954 og hafi stefnandi þá sýnt, að honum fórst vel að stjórna henni. Stefndi kannast við, að það hafi verið að sínu fyrirlagi, að stefnandi hafði á hendi stjórn sláttuvélarinnar. Sjálfur kveðst stefndi alltaf hafa þann hátt á að stíga upp á dráttarvélina frá hlið, en ekki aftan frá. Hafi

hann talið það tryggara gagnvart slysahættu. Hann kveðst hafa verið vanur að taka ljáinn úr sambandi við dráttarvélina, er nauðsyn bar til að hreinsa greiðuna, en þá hafi reimin aftan á dráttarvélinni einnig stöðvazt. Stefndi kveðst hafa verið annars staðar á engjum, er slysið varð. Hafi Varmá skilið á milli sín og stefnanda. Stefndi skýrir að lokum svo frá, að foreldrar stefnanda hafi komið að Þúfu, eftir að nýja sláttuvélin var komin í notkun. Telur hann víst, að þeim hafi verið ljóst, að sonur þeirra stjórnaði sláttuvélinni. Hafi þau engum athugasemdum hreyft við því. Hann kveðst þó ekki muna, hvort til tals kom við foreldra stefnanda, að hann væri látinn fara með sláttuvélina.

Hér að framan hefur verið rakið í ítarlegu máli allt það, sem fram hefur komið um tildrög og atvik að umræddu slysi.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að slysið varði stefnda fébótaábyrgð. Fullkominn ráðningarsamningur hafi verið milli sín og stefnda og hafi stefndi því borið gagnvart sér allar þær skyldur, sem vinnuveitandi beri gagnvart starfsmönnum sínum um forsjá, leiðbeiningar, verkstjórn, öryggisútbúnað tækja og annað þar að lútandi. Verulega hafi brostið á, að stefndi rækti skyldur sínar í þessu efni, og verði að meta honum það til stórvægilegs gáleysis að láta sig, svo ungan að aldri og reynslulítinn, annast stjórn umræddra vélknúinna tækja án eftirlits og leiðbeininga og án þess að tækin væru búin tilhlýðilegum öryggisútbúnaði, en augljós hætta hafi verið því samfara að hafa drifhjólaútbúnaðinn aftan á dráttarvélinni óvarinn.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að slysið verði eingöngu rakið til óvarkárni stefnanda sjálfs, en búið hafi verið að brýna fyrir hinum að fara mjög gætilega við stjórn umræddra tækja og vekja athygli hans á því, að slysahætta gæti verið samfara notkun þeirra, ef eigi væri höfð í frammi full aðgæzla. Í annan stað verði slysið ekki rakið til neinnar vöntunar á öryggisútbúnaði tækjanna, þótt talið kynni að verða, að stefnandi hafi farið forsvaranlega að við stjórn tækjanna. Í þriðja lagi verði eigi að öðru leyti við hann sakazt um slysið, þar sem foreldrar stefnanda hafi ráðið stefnanda til starfs þess, sem hann var að sinna, er hann slasaðist. Beri þau því fulla ábyrgð á afleiðingum þess. Við munnlegan flutning málsins var á það bent af stefnda hálfu, að engin ákvæði hafi verið í lögum um lágmarksaldur stjórnenda dráttarvéla á þeim tíma, er slysið varð. Það geti því ekki varðað hann ábyrgð út af fyrir sig, að hann lét stefnanda svo ungan að árum annast stjórn umræddra

tækja. Þá var því enn fremur hreyft við málflutninginn, að það eigi að varða stefnanda réttarspjöllum, að eigi fór fram lögreglurannsókn á slysinu á sínum tíma.

Það hefur tíðkazt um mörg undanfarin ár í sveitum landsins, að unglingar fari með stjórn dráttarvéla við ýmis búskaparstörf. Kemur þar til síaukin vélvæðing í landbúnaði og skortur á vinnuafli. Engin bein ákvæði eru né hafa verið í lögum, er mæla gegn þessari skipan. Í núgildandi umferðarlögum nr. 26/1958 eru ákvæði í 1. mgr. 28. gr. um skilyrði til að mega stjórna dráttarvél. Þar er áskilið skírteini til bifreiðaaksturs eða sérstakt skírteini, en jafnframt er tekið fram, að eigi þurfi ökuskírteini til aksturs dráttarvéla, þegar þær séu notaðar við jarðyrkjustörf. Í frumvarpinu að lögum þessum var það skilyrði, að stjórnendur slíkra tækja mættu eigi vera yngri en 15 ára. Og í athugasemdum með frumvarpinu er tekið fram, að það aldursmark sé í það lægsta, en þar eð ökutæki þessi séu tiltölulega auðveld í notkun og eigi ekki að vera á alfaraleiðum, þyki fært að taka tillit til hagsýnisástæðna, eins og komizt er að orði. Greint aldursmark var fellt niður við samþykki laganna á Alþingi. Á undanförnum árum hafa allmörg slys orðið við notkun dráttarvéla, aðallega við það, að ökutækin hafa oltið.

Það má sjá fyrir ýmsar hættur samfara því að láta ungling vart af barnsaldri hafa á hendi stjórn dráttarvélar og ekki hvað sízt, þegar jafnframt er um að ræða notkun vélknúinna fylgitækja. Er nauðsynlegt, að vinnuveitandi, er þar á hlut að, sjái til þess, að unglingurinn fái ítarlegar leiðbeiningar um eiginleika og rétta notkun tækjanna, sé rækilega varaður við þeim hættum, sem notkun þeirra er samfara, og fylgzt sé af alúð með því, að honum farist stjórn tækjanna svo úr hendi sem til er ætlazt svo og að kappkostað sé, að allur nauðsynlegur og tiltækur öryggisútbúnaður tækjanna sé í fyllsta lagi.

Þegar virt er það, sem fram er komið í málinu, verður að telja, að verulega hafi á það skort, að stefndi rækti skyldur sínar í þessu efni. Kennslu og leiðbeiningum í upphafi virðist hafa verið áfátt og algerlega skort eftirlit með því, að stefnandi hafði í frammi rétt vinnubrögð og nauðsynlega varúð. Þá voru hjólin og reimin aftan á dráttarvélinni svo að segja óvarin, enda þótt þess væri hægur kostur að umlykja þennan útbúnað með hlíf. Var það sjálfsögð öryggisráðstöfun, þar sem sjá mátti fyrir verulega slysahættu að öðrum kosti.

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið rakið, verður eigi

komizt hjá að leggja á stefnda verulega fébótaábyrgð á umræddu slysi. Það var óvarlegt af stefnanda að stíga niður af dráttarvélinni og upp í hana aftan frá með tilliti til hinna óvörðu hjóla og reimar. Réttara hefði verið og varlegra að fara frá hlið. Þá var það mjög varhugavert að stíga niður af dráttarvélinni án þess að taka sláttuvélina áður úr sambandi. Til þessarar ógætni má rekja það, hvernig til tókst fyrir stefnanda, er hann hugðist stíga upp í vélina. Þegar metin er sök stefnanda á slysinu, ber að taka sérstakt tillit til hins unga aldurs hans.

Eins og öllum atvikum er hér háttað, þykir rétt, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni stefnanda að ¾ hlutum, en sjálfur beri hann ¼ hluta tjóns síns.

Er þá komið að því að fjalla um einstaka kröfuliði.

Stefnandi sundurliðar þannig fjárhæð dómkröfu sinnar:

1.	Örorkutjón	kr. 367.931.00
2.	Þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum	— 180.000.00
3.	Tjón og óþægindi fyrir heimili foreldra	— 5.000.00
4.	Lækniskostnaður og örorkumat	— 750.00
		Kr. 553.681.00

Um lið 1. Stefnandi var fluttur heim að Púfu af slysstaðnum. Magnús Ágústsson, héraðslæknir í Hveragerði, gerði að meiðslum hans. Samkvæmt vottorði hans, dags. 15. september 1955, reyndust meiðsli stefnanda vera sár yfir II.—V. fingri hægri handar lófamegin, og voru sundur sinar og bein.

Stefnandi var samdægurs fluttur í Landspítalann og lá þar tvívegis. Í fyrra skiptið frá slysdegi til 23. september 1955, en síðan aftur frá 7. október s. á. til 11. nóvember s. á. Upplýsingar um læknismeðferð þá, er stefnandi hlaut í sjúkrahúsinu, liggja eigi fyrir. Eftir það mun stefnandi hafa verið í æfingameðferð hjá Jóni Þorsteinssyni íþróttakennara, en ekki er vitað hve lengi.

Á árinu 1963 mætti stefnandi tvívegis til skoðunar hjá Páli Sigurðssyni tryggingayfirlækni, sem mat örorku hans af völdum slyssins. Er örorkumat dags. 21. október 1963. Þar segir m. a. á þessa leið:

„... *Skoðun:* Almennt ástand mannsins eðlilegt.

Hægri hönd: II., III., IV. og V. fingur eru skaddaðir.

Það vantar 2 kjúkur á vísifingur, og löngutöng vantar alveg. Baugfingur og litli fingur standa í 90° beygju í miðlim, og það

er enginn aktivur réttikraftur, en hægt er að rétta þá passivt. Hreyfingar í grunnliðum beggja fingranna eru 180—130 (vinstra megin 180—190). Mikið ör er yfir grunnliðum, og nær það fram milli baugfingurs og litla fingurs og veldur því, að fingurnir klemmast saman. Einnig er ör yfir grunnkjúku baugfingurs handarbaksmegin.

Höndin er mjög lítilfjörleg til allra átaka, en einnig illa hæf til fínni gripa vegna stirðleika á baugfingri og litla fingri.

Ályktun: Hér er um að ræða 21 árs gamlan mann, sem slasaðist við vinnu, er hann var 13 ára gamall, og skaddaðist illa á hægri hendi.

Sem afleiðingu meiðslisins þá hefur hann varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin 25%".

Eins og áður er fram komið, var stefnandi á 14. aldursári, er hann varð fyrir umræddu slysi, fæddur 29. nóvember 1941. Hann var þá á skyldunámsstigi miðskóla og átti fyrir höndum síðara námsárið. Hann fór ekki í skóla haustið 1955 og mun eigi hafa stundað skólanám eftir það. Kveðst stefnandi hafa átt erfitt með að skrifa eftir slysið og eigi treyst sér til frekari skólagöngu vegna meiðslanna.

Stefnandi byrjaði fyrst vinnu eftir slysið sumarið 1957. Vann þá sem aðstoðarmaður hjá byggingarfélagi. Hefur hann alla tíð unnið síðan. Á árunum 1958 og 1959 var hann léttadrengur á skipi, en frá 1964 hefur hann ekið bifreið.

Samkvæmt staðfestum afritum og ljósritum af skattframtölum stefnanda hafa launatekjur hans verið sem hér greinir árin 1961 til 1966: ár 1961 kr. 63.778.00, ár 1962 kr. 93.566.00, ár 1963 kr. 114.222.00, ár 1964 kr. 176.106.00, ár 1965 kr. 186.283.00 og ár 1966 kr. 244.018.00.

Fyrstu 3 ár þessa tímabils eru laun stefnanda frá mörgum aðiljum hvert ár. Árið 1964 eru launin að verulegum hluta frá Vélasjóði Kópavogs, árið 1965 eingöngu frá þeim aðilja og árið 1966 að langmestu leyti.

Skattframtal stefnanda 1963 ber með sér, að hann hefur kvænzt 27. desember 1962. Hann virðist hafa 3 börn á framfæri sínu.

K. G. Guðmundsson, cand. act., hefur reiknað út áætlað atvinnutjón stefnanda á grundvelli þeirrar örorku, sem honum er metin samkvæmt framanskráðu. Er útreikningur þessi dags. 6. september 1965. Tryggingafræðingur bendir á, að miklum vandkvæðum sé bundið að ákveða, við hvaða starfsgrein skuli miða, þar sem stefnandi var á barnsaldri, er hann slasaðist. Með

hliðsjón af því starfi, sem hann gegndi, er slysið varð, og þar eð hann hefur eigi aflað sér sérþekkingar á neinu sviði, velur hinn sérfróði maður þann kost að miða útreikninga sína við verkamannatekjur. Tekur hann fram, að með því sé fremur miðað við lágar en of háar atvinnutekjur.

Tryggingafræðingurinn hafði eigi við að styðjast tekjur stefnanda árin 1965—1966, þar sem útreikningurinn er gerður á fyrrnefnda árinu. En hann vekur athygli á því, að launatekjur stefnanda 1961—1964 gefi ekki til kynna raunhæfa 25% örorku. Jafnframt tekur hann fram, að tekjuöflun stefnanda hljóti að hafa kostað hann miklu meiri áreynslu en mann með fulla starfsorku. Og engin vissa sé fyrir því, að stefnandi geti haldið sams konar vinnutekjum um ófyrirsjáanlega framtíð.

Örorkumatið tekur einungis til varanlegrar örorku. Ljóst er, að um verulega tímabundna örorku hefur verið að ræða alllengi eftir slysið. Kveðst tryggingafræðingurinn gera ráð fyrir, að örorkan hafi farið jafnlækkandi úr 100% í 25% frá 11. nóvember 1955 til 15. september 1959.

Tryggingafræðingurinn getur þess, að samkvæmt athugun Hagstofunnar á meðalvinnutekjum giftra verkamanna í Reykjavík séu þær um 41% hærri en kaup fyrir dagvinnu samkvæmt lægsta kauptaxta Dagsbrúnar. Kveðst hann gera ráð fyrir því, að 3 árum eftir að stefnandi kvænist, hafi vinnutekjur hans verið komnar 41% yfir dagvinnukaup samkvæmt Dagsbrúnartaxta. Frá 16 til 21 árs aldurs gerir hann ráð fyrir jafnri árlegri hækkun vinnutekna úr 75% í 100% af dagvinnukaupi. Næstu 3 árin eftir stofnun hjúskapar er einnig reiknað með jöfnum árlegum hækkunum. Vísitöluhækkun pr. 1. september 1965 er reiknuð með.

Reiknað á þann hátt, er að framan greinir, verður áætlun tryggingafræðingsins um atvinnutjón stefnanda sú, að frá 15. september 1955 til 15. september 1956 hafi það numið kr. 8.836.00, nemi síðan á árabilinu frá 1956 til 1966 allt frá kr. 10.441.00 á ári til kr. 34.010.00 á ári, en muni nema eftir 1966 kr. 34.010.00 árlega. Verðmæti þessa vinnuteknataps reiknast honum, að nemi miðað við slysdag kr. 405.019.00. Tekið er fram, að hlutur áranna 1961—1964 í þessari heildartölu sé kr. 47.327.00, en á þeim árum virðist örorkan eigi hafa verið raunhæf, svo sem áður var vikið að.

Aðrar forsendur að útreikningunum eru 6% ársvextir, dánarlíkur ísl. karla samkvæmt reynslu á árunum 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifenda lífi eftir sænskri reynslu. Frádráttur vegna opinberra gjalda er ekki gerður. Það kemur fram,

að stefnandi hefur fengið vegna slyssins dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 3.640.00, og örorkubætur, kr. 33.448.00, eða alls kr. 37.088.00.

Stefnandi leggur útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar kröfugerð sinni samkvæmt þessum lið, en dregur frá niðurstöðutölu hans greindar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Stefndi mótmælir þessum lið sem of háum, þar sem stefnandi hafi unnið fulla vinnu til þessa og eigi verði séð, að afleiðingar slyssins hafi nokkur áhrif haft á tekjuöflun hans.

Þegar virt er það, sem að framan er rakið um örorku stefnanda af völdum umræddS slyss, útreikning áætlaðs örorkutjóns og að örorkunnar virðist eigi hafa gætt til fulls undanfarin ár, þá þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 250.000.00. Hafa þá verið dregnar frá bætur þær, sem hann samkvæmt framanskráðu hefur notið frá Tryggingastofnun ríkisins og m. a. tekið tillit til skattfrelsis bóta og að vaxtafótur er almennt hærri en 6% p. a.

Um 2. Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum. Lagðar hafa verið fram ljósmyndir af hinni lemstruðu hendi stefnanda. Sést glöggt á þeim, að stefnandi ber mikil lýti eftir slysið. Þegar meiðslin og afleiðingar þeirra eru virt, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum kr. 80.000.00.

Um 3. Hér er krafizt greiðslu á endurgjaldi fyrir aukavinnu og umstang á heimili foreldra stefnanda, meðan hann lá rúmfastur eftir slysið og eftir það, svo og greiðslu á útlögðum kostnaði í því sambandi.

Stefndi mótmælir því, að þessi liður geti átt nokkurn rétt á sér. Í fyrsta lagi sé hann alveg órökstuddur, en jafnvel þótt hann væri gögnum studdur, þá sé hann ekki eðlileg afleiðing slyssins og varði því eigi bótaskyldu.

Það verður að fallast á það með stefnda, að skilyrði bresti til þess að lögum að taka kröfulið þennan til greina.

Um 4. Þessi kröfuliður sætir ekki andmælum. Hann verður því tekinn til greina að fullu.

Samkvæmt framanskráðu telst bótaskylt tjón stefnanda af völdum slyssins nema allt kr. 330.750.00 (kr. 250.000.00 + kr. 80.000.00 + kr. 750.00). Samkvæmt áðurgreindri skiptingu fébótaábyrgðar ber stefnda að bæta ¾ tjónsins, kr. 248.062.50.

Stefndi hefur mótmælt, að vextir verði dæmdir lengra aftur í tímann en 4 ár frá dagsetningu stefnu, 13. ágúst 1965, þar eð

vextir frá fyrri tíma hafi verið fyrndir, er málið var höfðað.

Samkvæmt 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 voru eldri vextir en 4 ár aftur í tímann fyrndir, er mál þetta var höfðað. Ber því að reikna vexti af dæmdri fjárhæð frá 13. ágúst 1961, svo sem stefndi ætlast til.

Þar sem bæði hefur verið veitt í málinu gjafsókn og gjafvörn, eru eigi efni til þess að dæma málskostnað, en málflutningslaun lögmanna aðilja, Andrésar Valdimarssonar, cand. jur., og Erlings Bertelssonar, cand. jur., sem greiðast úr ríkissjóði, þykja hæfilega ákveðin kr. 38.000.00 til hvors. Er þar tekið tillit til ferðakostnaðar samfara rekstri málsins í öðru lögsagnarumdæmi.

Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Sigurðsson, greiði stefnanda, Guðmundi Jakobssyni, kr. 248.062.50 með 7% ársvöxtum frá 13. ágúst 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Málflutningslaun skipaðs lögmanns stefnanda, Andrésar Valdimarssonar, cand. jur., og skipaðs lögmanns stefnda, Erlings Bertelssonar, cand. jur., kr. 38.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. október 1968.

Nr. 137/1967. **Haraldarbúð h/f**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Almennum tryggingum h/f
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1967. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 37.771.00 með 7% ársvöxtum

frá 21. október 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eigi eru í málinu færðar sönnur á atvik, er leitt geti til frekari ábyrgðar stefnda á tjóni áfrýjanda en dæmt var í héraði. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað hér fyrir dómi, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Haraldarbúð h/f, greiði stefnda, Almennum tryggingum h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. júlí 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 23. f. m., hefur Haraldarbúð h/f hér í borg höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 25. janúar 1963, á hendur Almennum tryggingum h/f hér í borg til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 37.771.00 með 7% ársvöxtum frá 21. október 1961 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Í greinargerð stefnanda er málavöxtum lýst svo, að hinn 16. maí 1961 hafi stefnandi sent vörur með bifreiðinni R 3522 til sölu á Snæfellsnesi. Vörur þessar hafi verið tryggðar hjá stefnda fyrir tímabilið 16. maí 1961 til 21. s. m. fyrir kr. 300.000.00 og hafi tryggingin verið tekin símleiðis. Stefnandi hafi greitt fyrir tryggingu þessa kr. 1.552.00 í iðgjald, skatt og stimpilgjald. Samkvæmt áritun á tryggingarskírteinið hafi tryggingarskilmálar verið „All risk". Í ferð þessari hafi svo horfið tvennar buxur frá tveimur settum af jakkafötum, sem hvort um sig hafi verið

að verðmæti kr. 2.118.00, og einnig hafi komið ryðblettur í eitt sett að verðmæti kr. 2.468.00, en fatnað þennan telji fyrirsvarsmenn stefnanda eftir þetta allan ónýtan og verðlausan. Þá er frá því skýrt, að hinn 15. september 1961 hafi stefnandi sent vörur með m/s Esju til Austfjarða og landveg kringum land með bifreiðinni R 10847 til Reykjavíkur. Þessar vörur hafi einnig verið tryggðar hjá stefnda fyrir kr. 400.000.00 og trygging þessi einnig tekin símleiðis. Fyrir þá tryggingu hafi verið greiddar kr. 2.069.00. Tryggingarskilmálar hafi verið þeir sömu og áður, „All risk". Að lokinni þessari ferð hafi komið í ljós, að nokkur rýrnun hafi orðið á vörunum, sem numið hafi kr. 28.671.00, og auk þess hafi ein föt skemmzt, en þau hafi kostað kr. 2.396.00. Af því tilefni hafi farið fram rannsókn hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík að ósk fyrirsvarsmanna stefnda. Er stefndi hafi svo verið krafinn um bætur fyrir tjón þessi, hafi hann ekki viljað greiða fullar bætur, heldur boðið fram sem fullnaðargreiðslu kr. 15.000.00, en því boði hafi verið hafnað af hálfu stefnanda.

Við rannsókn, sem framkvæmd var af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík út af síðari ferðinni, skýrði Jón Bjarnason, stjórnarformaður stefnanda, svo frá, að hinn 16. september 1961 hafi sölumaður fyrirtækisins, Þórhallur Sigurjónsson, verið sendur í söluferð austur og norður um land. Þórhallur hafi sjálfur farið með bifreið fulla af fatnaði með skipi og hafi hann átt að selja hann, þar sem markaður væri. Jón kveður Þórhall hafa haft með sér bók, þar sem fært hafi verið inn allt, sem hann hafi verið með, hvert stykki fyrir sig, og einnig hafi Þórhallur verið viðstaddur til að sjá um, að rétt magn færi í bfreiðina. Einnig kveður Jón fyrirsvarsmenn stefnanda hafa haft eintak af skránni. Eftir því sem Þórhallur hafi svo selt vörurnar, hafi hann svo skráð það hjá sér, svo að hægt væri að gera upp á réttan hátt. Jón kveður fatnað þennan aðallega hafa verið karlmannaföt, drengjaföt, staka jakka og stakar buxur. Jón kveður verðmæti fatnaðar þess, sem Þórhallur fór með í bifreiðinni, hafa verið sem næst kr. 370.000.00. Jón kveður Þórhall hafa selt töluvert af fatnaði þessum á Austfjörðum og hafi hann þá beðið um meira. Hafi honum þá um mánaðamótin september og október verið sendur fatnaður fyrir liðlega kr. 50.000.00 og hafi það aðallega verið drengjafatnaður. Stuttu síðari hafi svo Þórhallur beðið um meira og hafi honum þá aftur verið sent eitthvert magn af fatnaði og hafi verið gerð skrá yfir það. Jón kveður til tals hafa komið að senda Þórhalli

meira, en hætt hafi verið við það, vegna þess að þá hefði verið farið upp fyrir tryggingarfjárhæðina. Jón kveður fyrri sendinguna hafa verið senda með flugvél til Egilsstaða, en seinni sendinguna kveður hann hafa farið með bifreið til Egilsstaða. Jón kveður þessum tveimur sendingum hafa verið pakkað af eiginkonu sinni og systur hennar með aðstoð starfsmanna fyrirtækisins og hafi þær jafnframt talið vörur þær, sem í sendingunum voru. Jón kveður Þórhall svo hafa komið til baka síðari hluta októbermánaðar og hafi hann þá verið búinn að selja fyrir kr. 120.244.00 samkvæmt reikningi hans, þ. e. Þórhalls. Strax eftir að Þórhallur kom til baka, kveður Jón varninginn hafa verið tekinn úr bifreiðinni, hann talinn og gerð skrá yfir hann í tvíriti og hafi Þórhallur fengið frumritið. Jón kveður svo í ljós hafa komið, er hann fór að reikna út og telja saman á eftir, að fatnað hafi vantað. Hafi komið í ljós við samanburð á varningi þeim, sem farið hafði, og því, sem Þórhallur skilaði, að vantað hafi varning fyrir kr. 148.600.00 og einnig hafi einn karlmannsklæðnaður skemmzt við það, að olía hafi farið í hann. Jón kveður Þórhall ekki hafa getað gert grein fyrir afganginum eða því, sem vantaði af fatnaði, og hafi hann sagzt ekki hafa selt fyrir meira. Jón kveður Þórhall ekki hafa getað gefið neina skýringu á þessu. Þórhallur hafi sagt, að ekki hafi verið brotizt inn í bifreiðina, en þó hafi verið gerð tilraun til þess á einum stað, en Þórhallur hafi ekki séð, að farið hefði verið inn í bifreiðina. Þó hafi Þórhallur sagt frá einu atviki, er maður hafi ætlað að fara á brott með buxur án þess að greiða fyrir þær.

Þórhallur Sigurjónsson skýrði svo frá við rannsóknina, að hinn 16. september hefði hann farið í söluferð út á land fyrir stefnanda. Hafi hann farið með karlmanna- og unglingaföt, staka jakka og buxur, regnfatnað, unglingaúlpur og frakka. Kveðst hann hafa farið með varning í bifreiðinni R 10847 með m/s Esju. Hann kveður umrædda bifreið vera sendiferðabifreið og kveðst vera eigandi hennar. Þórhallur kveður þannig frá bifreiðinni gengið, að útilokað hafi verið að komast inn í hana nema um hurðirnar. Ekki kveðst hann hafa verið við að telja varninginn í bifreiðina, en kveðst hafa tekið við varningnum og hlaðið bifreiðina, og einnig kveðst hann hafa tekið við lista yfir varninginn og kveðst ekki efast um, að hann hafi verið réttur. Þórhallur kveður bifreiðina hafa verið hlaðna í það miklum flýti, að hann hafi ekki getað talið varninginn í hana eða borið varninginn saman við listann. Hann kveður mjög vel hafa verið frá

varningnum gengið. Þórhallur kveðst hafa læst bifreiðinni, þegar búið var að ferma hana, og síðan farið með hana um borð í m/s Esju, en þar hafi verið breitt yfir hana og hún bundin niður. Kveðst Þórhallur vera viss um, að ekkert hafi farið úr bifreiðinni á þessu tímabili og þá ekki heldur um borð í skipinu. Þórhallur kveðst svo hafa farið í land með bifreiðina á Reyðarfirði. Þá skýrði Þórhallur einnig frá söluferðinni, rakti staði þá, sem hann hefði komið á, og skýrði frá, hvernig aðstæður hefðu verið. Kemur fram, að á einum stað hafi húnn verið brotinn af hurð bifreiðarinnar, en ekki hafi þó verið farið inn í bifreiðina. Hann kveður svo bifreiðina hafa verið losaða, 1—2 dögum eftir að hann kom til Reykjavíkur.

Þórhallur kveðst ekki vita til og kveðst ekki hafa tekið eftir, að neins staðar væri stolið frá honum, þótt það gæti átt sér stað á svo langri ferð og þegar farið sé í svona marga staði. Einnig kveður hann, að verið gæti um mistalningu að ræða á svona miklu vörumagni, eins og komið geti fyrir. Þórhallur kveðst skrifa hjá sér allt, sem hann selji, hvaða hluti hann selur og verð á hverjum hlut. Hann kveðst telja, að verið geti, að hann hafi afhent eitthvað án þess að taka við greiðslu, þegar mikið sé að gera, margir að skoða og einn maður sé við afgreiðslu. Þórhallur kveðst í ein þrjú skipti hafa orðið var við, að stela hafi átt fatnaði frá honum, en kveðst í öll skiptin hafa komið í veg fyrir það. Þórhallur kveður þá Jón Bjarnason hafa komizt að þeirri niðurstöðu, er þeir fóru yfir reikningana, að hann hefði selt fyrir um kr. 120.244.00 og hafi þá vantað upp á kr. 28.356.00 miðað við það magn, sem hann fór með og fékk sent samkvæmt gögnum yfir það. Þórhallur kveður því svo virðast sem glatazt hafi varningur fyrir kr. 28.356.00 á einhvern hátt. Hvernig það hafi orðið eða í hverju það liggi, kveðst hann ekki hafa hugmynd um, enda kveður hann mörg atriði geta komið til greina, t. d. mistalning að einhverju leyti, þjófnað og svo misafgreiðslu hjá sér. Hann kveður öll þessi atriði geta komið til greina að sínu áliti. Hann kveðst hafa verið með nótur yfir allan þann varning, sem hann hafi selt, og sé því ekki erfitt að finna þá fjárhæð. Þórhallur kveður umrædda fjárhæð, kr. 28.356.00, nema sem næst 11 fötnuðum á meðalverði, ef reiknað sé með heilfatnaði karla. Þórhallur kveður það rétt, að olía hafi einhvern veginn komizt í ein föt.

Konur þær, sem unnu að því að útbúa vörusendingarnar, hafa skýrt svo frá, að þær hafi unnið að talningu og pökkun á fatn-

aðinum. Þær telja útilokað, að um mistalningu hafi verið að ræða, því að þær hafi tvítalið varninginn og allt hafi verið skrifað upp og afrit tekin af þeirri skrá, svo að Þórhallur gæti fengið afrit með sér. Taka þær fram, að þær hafi það fyrir vana að telja upp aftur, ef þær haldi, að þær hafi ekki talið rétt. Einnig kveða þær fatnað þann, sem Þórhallur kom með til baka, hafa verið tvítalinn.

Af hálfu stefnanda hefur verið lögð fram tjónaskrá, þar sem talinn er upp fatnaður sá, sem haldið er fram, að skemmzt hafi og ekki komið til skila, og verð hverrar einingar tilgreint.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að trygging sú, sem tekin hafi verið, nái til allra atvika, sem komið hafi getað fyrir í báðum söluferðunum, enda hafi verið skýrt frá tilgangi ferðanna og beðið um tryggingu, sem tæki yfir allt. Er því haldið fram í þessu sambandi, að tryggingin taki til alls flutningsins, þar á meðal flutnings milli farartækja, geymslu og tjóns við sölu varningsins. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að vátryggingarskírteini þau, sem gefin hafi verið út af stefnda af þessu tilefni, eigi ekki við um tryggingu þessa, en skírteinin hafi stefnandi ekki fengið, fyrr en eftir að ferðirnar voru farnar. Er því fram haldið, að stefndi verði að bera hallann af því, ef ekki er hægt að koma í tryggingarskírteinið ákvæðum um það, til hvers tryggingin sé tekin.

Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnda, að stefndi gæti eftir atvikum viðurkennt það beina tjón, sem orðið hafi á fjórum fatasettum, eins og fram komi í tjónaskrá stefnanda. Þá var því og lýst yfir við munnlegan flutning málsins, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi vitað, að umræddar ferðir voru farnar sem söluferðir og hafi vitað um farartækin og að vörurnar yrðu teknar úr þeim til sölu, sýningar og ef til vill til geymslu. Var því og lýst yfir, að stefndi tæki á sig ábyrgð á farartækjum, sölustað og geymslustað og á skemmdum, hvarfi og þar með töldum þjófnaði á varningnum. Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að trygging sú, sem stefnandi tók, hafi verið venjuleg flutningstrygging með „All risk" skilmálum. Tjón það, sem stefnandi hafi orðið fyrir, hafi komið fram á þann hátt, að við uppgjör að lokinni síðari söluferðinni hafi vantað peninga eða vörur. Á þessu hafi sölumaður sá, sem ferðina fór, ekki getað gefið neina skýringu. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að ósamræmi það, sem fram hafi komið, kunni að hafa stafað af ýmsum ástæðum við verzlunarstörfin, sem falli utan flutningstryggingar-

innar. Er því og haldið fram í því sambandi, að stefndi hafi aldrei tekið á sig „All risks" áhættu af slíku tjóni. Samkvæmt þessu er því haldið fram af hálfu stefnda, að ekki sé komin fram nokkur sönnun þess, að tjón það, sem stefnandi varð fyrir, falli undir tryggingu þá, sem hann tók.

Gegn andmælum af hálfu stefnda hafa ekki verið færðar að því sönnur, að trygging sú, sem stefnandi keypti af stefnda, hafi verið önnur en flutningstrygging með þeim „All risks" skilmálum, sem tíðkast við slíkar tryggingar, enda bar fyrirsvarsmönnum stefnanda að gera starfsmönnum stefnda ótvíræða grein fyrir því, að tryggingin átti að vera annars eðlis og ná m. a. til áhættu í sambandi við hin eiginlegu verzlunarstörf. Sölumaður sá, sem fór umrædda söluferð, hefur skýrt frá ýmsum möguleikum, sem kunni að hafa valdið misræmi því á andvirði seldra vara og magni varnings þess, sem hann kom með til baka úr söluferðinni. Er þar meðal annars um að ræða rýrnun í sambandi við hina eiginlegu sölustarfsemi. Ekki hefur hann þó getað bent á ákveðin atvik, sem valdið hafi rýrnun á varningnum. Þegar þetta er virt, þá þykir eigi nægilega í ljós leitt, að þau atvik liggi til grundvallarrýrnunar á varningnum í umræddri söluferð, að hún verði metin tjón, sem falli undir flutningstrygginguna. Verður því sá hluti dómkröfu stefnanda, sem á þessu byggist, ekki tekinn til greina. Eins og áður er rakið, var því lýst yfir, að stefndi viðurkenni það beina tjón, sem orðið hafi á fjórum fatasettum, eins og fram komi í tjónaskrá þeirri, sem stefnandi hefur lagt fram, en samkvæmt skránni nemur tjónið kr. 9.100.00. Af hálfu stefnanda er fram komið, að verð það, sem reiknað er með, sé útsöluverð varanna í umræddri söluferð, en smásöluálagning hafi verið mismunandi eftir því, hvort um hafi verið að ræða eigin framleiðslu eða vörur frá öðrum framleiðendum, en í fyrra tilvikinu hafi álagning verið lægri. Jafnframt kom fram af hálfu stefnanda, að útsöluverð varanna hafi verið lækkað frá því, sem áður hafi verið. Af hálfu stefnda hefur verið mótmælt útreikningi á kröfum stefnanda, þar sem reiknað sé með útsöluverði. Er því haldið fram í því sambandi, að á umræddum tíma hafi smásöluálagning á vörur sem þessar verið 21%. Í vátryggingarskírteinum þeim, sem gefin voru út í sambandi við tryggingu þá, sem stefnandi tók, er svofellt ákvæði um vátryggingarverðmætið: „Vátryggingarupphæðin er faktúruverð varanna, eftir að þær eru komnar um borð í skip eða annað flutningstæki á burtfararstaðnum, að viðbættum: 1) verzlunarhagnaði, og áætlazt

hann 10%, þegar ekki er öðruvísi ákveðið, 2) farmgjaldi, er sendandi verður að greiða, hvort sem flutningnum er lokið eða ekki, 3) iðgjaldi af venjulegri tryggingu. Ef ekkert verðmæti er tiltekið í skírteininu, hvílir sú skylda á vátryggða, ef tjón verður, að sanna vátryggingarverðmætið. Kostnaður á ákvörðunarstaðnum er ekki innifalinn í tryggingunni nema sérstaklega sé um samið, og tjón, sem hlýzt af því að greiða verður farmgjald, sem kræft er eftirá, uppskipunarkostnað, toll o. fl. af skemmdum vörum, er þess vegna vátryggjendum óviðkomandi". Eftir öllum atvikum þykir mega taka tjón stefnanda að þessu leyti til greina með kr. 8.500.00. Verður stefnda gert að greiða þá fjárhæð með vöxtum, sem ákveðast 7% frá 21. október 1961 til 1. janúar 1965, 6% frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni og Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar tryggingar h/f, greiði stefnanda, Haraldarbúð h/f, kr. 8.500.00 með 7% ársvöxtum frá 21. október 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. október 1968.

Nr. 178/1968. **Kristinn Friðriksson**
gegn
Kristínu Hansen f. h. dánarbús Skúla Hansens, Guðrúnu Tryggvadóttur og Hauki Þorsteinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1, b, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. október 1968, er barst dóminum 11. október 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur, að lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til og að varnaraðiljum verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um frávísun.

Málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Ákvæði hins kærða dóms um frávísun er staðfest.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. september 1968.

Dómarinn tók mál þetta ex officio til dóms eða úrskurðar föstudaginn 13. september s.l. Stefnandi málsins er Kristinn Friðriksson, sem dvelst á Gesta- og sjómannaheimili Hjálpræðishersins, Reykjavík. Stefndu eru Kristín Hansen, Hamrahlíð 21, Reykjavík, f. h. dánarbús Skúla Hansens, Guðrún Tryggvadóttir tannlæknir, til heimilis að Ægissíðu 84, Reykjavík, og Haukur Þorsteinsson tannlæknir, til heimilis að Lönguhlíð 21, Reykjavík.

I.

Um efnishlið málsins.

Rétt þykir að taka orðrétt upp kröfur stefnanda í málinu ásamt athugasemdum, sem hann gerir við hvern einstakan kröfulið.

„Fyrsta bóta- og fjárkrafa stefnanda er sú, að hinir stefndu ofan og neðanskráðir aðilar verði dæmdir til þess að skaffa stefnanda nýjar falskar tennur, nánar nýja falska tanngarða, er passa á tanngóma stefnanda, sem eru rétt formaðir að allri gerð og lögun án aukakostnaðar fyrir hina nýsmíðuðu tanngarða, er Guðrún, tannlæknir, tróð upp í munn stefnanda á tannlækningastofu db. Skúla Hansen, tannlæknis, Óðinsgötu 4, Reykjavík, þann 11. marz 1965. Er hún, Guðrún tannlæknir, tók við fullri greiðslu fyrir, kr. 5.000.00 — fimm þúsund krónur. Samanber grein no. 5-6-7-8-9-10-20-21-22-23 um yfirlit um tildrög að málshöfðun í sáttarstefnu.

Önnur bóta- og fjárkrafa stefnanda kr. 50.000.00 — fimmtíu þúsund krónur — er byggist upp af tveimur kröfum, sem eru eftirfarandi: Að hinir stefndu ofan- og neðanskráðu aðilar verði dæmdir til þess að stefnanda, er miðast við með og frá 11. marz 1965 og til dagsetningar sáttarstefnu. Í kr. 50.000.00 er sú bóta- og fjárkrafa stefnanda, að allir þeir peningar, sem stefnandi er nú þegar búinn að greiða út úr eigin vasa í þessum málarekstri, verði dæmdir til greiðslu til stefnanda og sem verða lagðir fram í réttinum og sundurliðuðum reikningum. Hin bóta- og fjárkrafa stefnanda í ofan skráðum kr. 50.000.00, sem eru ómakslaunakrafa stefnanda, að hinir stefndu ofan- og neðanskráðu aðilar verði dæmdir til þess að greiða stefnanda ómakslaun fyrir alla þá vinnu og fyrirhöfn, sem stefnandi er nú þegar búinn að leggja fram sjálfur í þessum leiðinlega málarekstri. En ómakslaunakrafa stefnanda fari eftir mati dómstólanna.

Þriðja bóta- og fjárkrafa stefnanda kr. 200.000.00 — tvö hundruð þúsund krónur. Þessi bótakrafa byggist á miskabótum samkvæmt einkamálalögum, sem stefnandi gerir kröfu til, að hinir stefndu ofan- og neðanskráðu aðilar verði dæmdir til þess að greiða stefnanda í miskabætur, sem ákveðast eftir mati dómstólanna. Samanber grein no. 20-21-22-23 í yfirliti yfir tildrög að málshöfðun í sáttarstefnu.

Fjórða fjárkrafa stefnanda er eftirfarandi, samkvæmt einkamálalögum, að hinir stefndu ofan- og neðanskráðu aðilar verði dæmdir til þess að greiða stefnanda fullkomin málafærslulaun

frá dagsetningu sáttastefnu þessarar, ásamt fullkomnum bankavöxtum af útlögðum peningum frá og með 11. marz 1965, með og frá dagsetningu sáttarstefnu og ásamt bankavöxtum af öllum þeim peningum, sem stefnandi kemur til með að leggja fram og greiðir úr eigin vasa í þessum málarekstri í matsmálinu nr. 86/1965. Skv. grein no. 23 í sáttarstefnu og yfirlit yfir tildrög að málshöfðun".

Tildrögum málsins lýsir stefnandi í sáttakæru svo:

„Í febrúarmánuði 1965, um 10. eða uppúr 10. febrúar, varð ég að láta gera við falskar tennur, er Skúli Hansen, tannlæknir, lét smíða handa mér fyrir um það bil 16 eða 18 árum síðan, og tókst smíði fölsku tannanna með þeirri snilld, að efri tanngarðurinn er mér nothæfur ennþá. En fyrir um það 6 árum síðan brotnaði neðri tanngarðurinn og lét Skúli Hansen tannlæknir þá þegar smíða mér nýjan neðrigóms-tanngarð, er mistókst smíðin á, og sem aðeins átti að verða mér bráðabirgða tanngarður frá, Skúla Hansens hendi. (Sem aðeins er mín sök að sá tanngarður er til ennþá). Eins og að framan greinir þá var Skúli Hansen minn fyrsti og eini tannlæknir. Því var það, að þá er ég þurfti að fá viðgerð á gömlu tanngörðunum, samkvæmt ofanrituðu, þá hringdi ég í síma tannlækningastofu Skúla Hansen, á Óðinsgötu 4 og spyr eftir Skúla Hansen tannlækni, en fæ það svar í símanum, að Skúli sé dáinn, er hafði algjörlega farið fram hjá mér, og varð mér til hrygðar, að hinn mæti maður væri dáinn.

Gr. no. 2. Þar sem ég þekkti engan tannlæknir hér í bæ, þá leitaði ég mér upplýsinga um það, hvaða starfsfólk starfaði á tannlækningastofu dánarbús Skúla Hansen tannlæknis, og er ég fékk þær upplýsingar að Guðrún Tryggvadóttir tannlæknir væri búin að starfa svo árum saman á tannlækningastofu Skúla Hansen, og það undir hans stjórn, og þá taldi ég að það væru þau fullkomnustu meðmæli, er Guðrún tannlæknir gæti fengið, og að Guðrún hefði mótazt af hinni drengilegu og prúðmannlegu framkomu Skúla Hansen tannlæknis til manna og málefna.

Gr. no. 3. En það virðist ekki hafa verið rétt athugað hjá mér í sambandi við Guðrúnu Tryggvadóttur tannlæknir enda var ég ekki búinn að leita mér upplýsinga um ætterni Guðrúnar.

Gr. no. 4. Uppúr 10. eða fyrir 15. febrúar 1965, að ég kom inn á tannlækningastofu dánarbús Skúla Hansen á Óðinsgötu 4 hér í bæ og átt samtal við Guðrúnu tannlæknir um viðgerð á gömlu tanngörðunum, er hún, Guðrún, tók við til skoðunar. Þegar Guðrún var búin að skoða gömlu tanngarðana, kvað hún

upp þann dóm, að það borgaði sig ekki fyrir mig að láta gera við þá. En Guðrún tannlæknir bauðst til þess að smíða nýja tanngarða handa mér.

Gr. no. 5. Urðum við Guðrún tannlæknir ekki á sama máli um smíði á nýjum fölskum tönnum, eða tanngörðum handa mér, og þráttuðum við um þetta fram og til baka, og sitt sýndist hvoru, en ég hélt, að gömlu tanngarðarnir hæfðu mér gömlum manninum, sem væri kominn með annan fótinn niður í gröfina, en það vildi Guðrún ekki heyra, en hélt ákveðið fram sínum dómi. Þá spurði ég Guðrúnu tannlæknir að því, hvað kostuðu nýjar falskar tennur, eða nánar framtekið, nýir tanngarðar, og svarið var kr. 5.000.00, þá spurði ég Guðrúnu hvaða verð hún tæki fyrir viðgerðina á gömlu tanngörðunum, ef hún fengist til þess að láta gera við gömlu tanngarðana, og svarið var kr. 800.00, minnst að setja þrjár tennur í þá, en Guðrún sagði að það borgaði sig ekki fyrir mig, og sem endaði með því, að Guðrún tannlæknir fékk vilja sínum framkomið í því að taka gipsmót af mínum tanngómum, og kom ég til Guðrúnar tannlæknis á meðan að hún var að undirbúa smíði nýju tanngarðanna. Í síðasta skiptið var Guðrún búin að móta tanngarðana í vax og bauð mér þá að koma að spegli til þess að sjá og segja um, hvernig mér finndist, að vaxtanngarðarnir færu á mínum tanngómum. Og er ég beit saman vaxtanngörðunum eftir fyrirmælum frá Guðrúnu, þá sagði ég henni, að þessir vaxtanngarðar væru allt of stórir og særðu mig tilfinnanlega og væru mér óþægilegir í alla staði. En Guðrún tannlæknir svaraði umkvörtunum mínum með því að staðhæfa, að þau særindi og óþægindi, er ég finndi til af vaxtanngörðunum, hyrfu við smíði nýju tanngarðanna, en það vildi ekki sannast að svo yrði. Samkvæmt ofanskráðu varð ég undrandi, þegar sú spurningu kom frá Guðrúnu tannlæknir, hvernig mér líkuðu vaxtanngarðarnir að öðru leyti, en þeirri spurningu Guðrúnar benti ég henni á, að hinir nýsmíðuðu tanngarðar frá henni Guðrúnu gætu þeir einir svarað.

Gr. no. 6. Guðrún tannlæknir tilkynnti mér, að nýju tanngarðarnir yrðu smíðaðir og til afhendingar þriðjudaginn 3. marz 1965 og yrði ég að koma þann dag til þess að taka á móti nýsmíðuðu tanngörðunum og greiða henni Guðrúnu kr. 5.000.00 fyrir þá. Vegna vissra ástæðna gat ég ekki komið umræddan dag, en hringdi til Guðrúnar tannlæknis og bað hana að afsaka mig, er hún tók þverlega og taldi öll tormerki á.

Gr. no. 7. Fimmtudagskvöldið 11. marz 1965, kom ég inná

tannlækningastofu dánarbúsins að Óðinsgötu 4, um kl. 5½—6 e. h., og fékk viðtal við Guðrúnu tannlæknir, og þá óskaði ég eftir því að mega greiða henni Guðrúnu nýsmíðuðu tanngarðana, en þar sem ég átti engan tíma pantaðan hjá Guðrúnu, til þess að hún gæti skoðað það, hvort nýsmíðuðu tanngarðarnir frá henni pössuðu á mína tanngóma og væru rétt formaðir að allri gerð og lögun og í alla staði nothæfir fyrir mig. Því óskaði ég þess að mega eiga greidda nýsmíðuðu tanngarðana hjá Guðrúnu í einn eða fleiri daga eftir samkomulagi og ástæðum, en því neitaði Guðrún eindregið, og sá ég enga skynsamlega ástæðu fyrir neitun Guðrúnar, að krefjast þess ákveðið af mér, að ég tæki nú þegar við nýsmíðuðu tanngörðunum hjá henni. Og vorum við Guðrún að þrátta um þetta inni í símaherberginu sem er á milli tveggja tannlækningastofa, og gengið úr símaherberginu inn í þær.

Samanber gr. no. 6, þar sem ég hafði ekki farið niður í bæ frá því á sunnudag 28/2 og það ekki til þess að ná mér í mat niðri á Þórsbar, og þurfti ég því að koma í fjóra staði í bænum, en bjóst við um klukkutíma töf hjá Guðrúnu, á meðan hún væri að athuga það, hvort að nýju tanngarðarnir pössuðu á mína tanngóma, og að hún Guðrún þyrfti að laga tanngarðana eitthvað til að byrja með. Þá er við Guðrún vorum að þrátta um framanskráð, þá kemur inná biðstofu tannlækningastofunnar myndarleg dökkhærð kona, er Guðrún þegar tekur á móti og býður henni inná aðra tannlækningastofuna, en innangangur er úr símaherberginu, því það var auðséð, að þessi kona átti pantaðan tíma hjá Guðrúnu. Nú kemur Guðrún fram í símaherbergið til mín og krefst þess af mér að ég komi inn á hina tannlækningastofuna og bauð mér að setjast þar í stól. En þá spurði ég Guðrúnu að því, hvort hún vildi ekki hjálpa mér úr frakkanum, og hvort ég ætti ekki að taka af mér höfuðfatið. En þá kom hið dásamlega svar Guðrúnar tannlæknis, að það tæki því ekki og það væri bara tímasóun, en bauð mér enn og aftur að setjast í stólinn, sem hún Guðrún stóð við, sem ég og gerði í staðinn fyrir það að kveðja Guðrúnu og ganga út. Nú hafði Guðrún tannlæknir snör handtök, hún tók út úr mér gömlu tanngarðana og tróð nýsmíðuðu tanngörðunum uppí mig, og sagði mér að bíta saman tanngörðunum, sem og ég gerði, en þá skeði það, að efri tanngarðurinn skar mig hægra megin, svo að Guðrún varð að taka tanngarðinn tvisvar út úr mér til þess að taka af honum, þar með sagði Guðrún tannlæknir, að það væri nú allt í bezta lagi með nýsmíðuðu tanngarðana, og sagði Guðrún tannlæknir, að ég mætti fara,

er ég væri búinn að greiða kr. 5.000.00 (fimm þúsund krónur) fyrir nýju tanngarðana til hennar Guðrúnar tannlæknis, sem ég og gerði, og tók Guðrún á móti peningunum af fyllstu ánægju og gleði. Því spyr ég samkvæmt framanskráðu, er það orðin algild regla hjá tannlæknum hér í bæ, að það fólk er kaupir nýjar falskar tennur af þeim tannlæknunum, að þeir troði uppí munn á viðkomandi nýju fölsku tönnunum án þess að athuga um það nákvæmlega, hvort að fölsku tennurnar eru passandi á tanngóma kaupandans?

Gr. no. 8. Föstudaginn 12. marz 1965 hringdi ég í síma 15894, tannlækningastofu dánarbúsins á Óðinsgötu 4, og fæ samtal við Guðrúnu tannlæknir, og sagði ég Guðrúnu frá þeim göllum, eða vansmíði, er væri þá þegar að koma í ljós í sambandi við nýsmíðuðu tanngarðana frá henni, og neitaði Guðrún því eindregið, að það gæti verið um vansmíði að ræða, þar sem hún Guðrún tannlæknir hefði tekið sjálf gips- og vaxmótin af mínum tanngómum og látið smíða nýju tanngarðana eftir þeim. Guðrún sagði mér að koma þá þegar niður á tannlækningastofu dánarbús Skúla Hansen á Óðinsgötu 4 og sagðist þá sjá um það, að tannsmiðurinn á tannlækningastofu dánarbúsins gæti þá slípað fyrir mig og lagað nýsmíðuðu tanngarðana eftir því er mér þurfa findist. Það varð ekkert samkomulag á milli mín og Guðrúnar að tannsmiðurinn tæki það verk að sér, er ég taldi, að Guðrún tannlæknir bæri einni skilda til að vinna.

Gr. no. 9. Samkvæmt framanrituðu hafði ég hugmynd um það, að Guðrúnu tannlækni hefði mistekizt að taka rétt gips- og vaxmót af mínum tanngómum, og það myndi verða mjög erfitt fyrir mig að fá Guðrúnu til þess að viðurkenna mistök sín. Því var það að ég fór til tannlæknis hér í bæ, og hann skoðaði gömlu tanngarðana fyrir mig, sem miðaðist við væntanlega viðgerð, ef til kæmi, sem hann lét framkvæma fyrir mig uppúr 16. marz 1965, og viðgerðin tókst af mikilli snilld (nánar um þetta atriði á öðrum stað).

Gr. no. 10. Þessi þrjú dægur, sem viðgerðin stóð yfir á gömlu tanngörðunum, þá reyndi ég að nota nýsmíðuðu tanngarðana frá Guðrúnu tannlækni, og það án árangurs, því að þá er ég reyndi að borða með þeim, þá særðu þeir mig tilfinnanlega, og svo losnuðu þeir af tanngómunum og sátu í matnum. Ég ætla að benda á það, sem er sjáanlegt án tæknilegrar athugunar. Með því að bera saman gömlu tanngarðana og nýju tanngarðana frá Guðrúnu tannlæknir sést hringmálsmismunur á gömlu tanngörðunum

og nýju tanngörðunum, en þó eru ekki nema 14 tennur í neðri og efri tanngarði, bæði í gömlu og nýju tanngörðunum. Vegna þess hve hringmálsmismunurinn er mikill, þá verða tennurnar í nýju tanngörðunum óþéttar, og myndast egghvassar brúnir á milli tannanna, er skera tunguna og særa varirnar. Þetta læt ég nægja, en áskil mér rétt til þess að sanna þessa og aðra smíðagalla tæknilega á nýsmíðuðu tanngörðunum frá Guðrúnu tannlækni á öðrum vettvangi.

Gr. no. 11. Ég hringdi í síma tannlækningastofu dánarbús Skúla Hansen tannlæknis að Óðinsgötu 4 þriðjudaginn 16. og fimmtudag 18. marz 1965, og fékk þá samtal báða dagana við Guðrúnu tannlæknir, sem entu í stuttum samtölum með afhringingu af Guðrúnu tannlæknir. Fimmtudag 25. marz 1965 og fæ samtal enn og aftur við Guðrúnu tannlæknir, og þá ræddum við Guðrún aðallega saman um framanskráða smíðagalla á tanngörðunum frá henni Guðrúnu, og spurði ég þá Guðrúnu að því, hvað hún Guðrún tannlækir vildi gera við nýsmíðuðu tanngarðana, svo að þeir yrðu mér fullkomlega nothæfir að formi til og að allri gerð og lögun. Og svar Guðrúnar tannlæknis var það, að hún Guðrún skildi taka aftan af endunum á tanngörðunum og slípa niður gómkúluna á efri tanngarði, sem er og allt of há. En ég taldi öll vandkvæði á því við Guðrúnu tannlæknir, að það yrði hægt að stalla alla smíðagalla af nýju tanngörðunum á þennan hátt, en þá varð Guðrúnu all skapfátt, eins og í báðum fyrri símasamtölunum, svo að Guðrún sleit símasambandið, af fullkomri kurteisi?

Gr. no. 12. Fimmtudaginn 1. apríl 1965 kem ég á tannlækningastofu dánarbús Skúla Hansen, Óðinsgötu 4, og fékk viðtal við Guðrúnu tannlæknir, og fórum við Guðrún að tala um nýsmíðuðu tanngarðana frá henni, og þá benti hún Guðrún mér á það, að ég hefði enga þekkingu á tannfærði, og tók það fram um tannviðgerðir og tannsmíði, og hafði ég ekkert við það að athuga. En mér skildist, að hún Guðrún tannlæknir vildi fara að kenna mér tannfræðina bæði bóklega og í fyrirlestraformi, en þar sem ég gat búizt við því, að Guðrún yrði nokkuð dýr á kennslunni, þá kvaddi ég og fór.

Gr. no. 13. Eftir fyrsta apríl 1965 talaði ég ekki við Guðrúnu tannlæknir í síma þá er ég hringdi í síma 15894 tannlækningastofunnar, en þá talaði ég við Rut? aðstoðarstúlku á tannlækningastofunni, og bar hún kveðju frá mér og fyrirspurn til Guðrúnar um það, hvort það hefði skapazt nokkur grundvöllur

í samkomulagsátt, og reyndist það ekki vera, yfir mánuðina apríl og maí. En svo skeður það, að það verður samkomulag um það, að ég komi niður á tannlækningastofuna fimmtudaginn 10. júní 1965 kl. 3—3.30, sem og ég gerði, til þess að hún Guðrún fengi nú möguleika til þess að skoða og meta smíðagallana á hinum nýsmíðuðu tanngörðum frá Guðrúnu tannlæknir. En þar sannaðist málsháttur inn „Að það er skammgóður vermir að pissa í skó sinn". En vegna framkomu Guðrúnar, eins og að framan er skráð, þá fékk ég mann til þess að koma með mér, og er við fengum samtal við Guðrúnu tannlæknir, þá var öll framkoma hennar og móttökur á þann veg, að það varð ekkert samkomulag, og þá tilkynnti ég Guðrúnu tannlæknir, að nú yrði ég að krefjast mats á nýsmíðuðu tanngörðunum frá henni Guðrúnu, sem og ég gerði 15. júní 1965".

Stefnandi byggir kröfur sínar með vissu á því, að hinar umræddu tennur hafi verið ranglega smíðaðar og haldnar verulegum göllum.

Að öðrum þræði eða til vara virðist stefnandi byggja kröfur sínar á því, að stefnda Guðrún hafi með röngum upplýsingum um ástand og kostnað við að bæta úr gömlu tanngörðunum fengið sig til þess að kaupa nýjar tennur. Þessi síðarefnda málsástæða kemur þó ekki verulega skýrt fram í skjölum málsins.

Stefnandi hefur ekki rökstutt kröfur sínar sérstaklega á hendur stefnda dánarbúi Skúla Hansens og stefnda Hauki.

Stefndu hafa látið sækja þing í málinu. Hafa þau gert þær dómkröfur, að þau verði sýknuð af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

II.

Um formhlið málsins.

Stefnandi höfðaði mál þetta með sáttakæru, birtri 2. apríl 1966, og stefnu, birtri 24. júní 1966.

Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur þann 28. júní 1966. Stefnandi, sem hefur í öllum atriðum, sem máli skipta, rekið mál sitt sjálfur, lagði fram við þingfestingu málsins sex skjöl. Á reglulegu bæjarþingi hinn 20. september 1966 kom fram greinargerð af hálfu stefndu. Var þá leitað sátta með aðiljum með venjulegum hætti, en síðan hófst sameiginleg gagnaöflun. Síðan fengu aðiljar nokkurn frest fyrir hinu reglulega bæjarþingi, og lagði stefnandi fram nokkur skjöl, en undirritaður dómari

hafði þá fyrst þýðingarmikil afskipti af máli þessu, er vitnaleiðslur hófust þann 20. október 1967.

Strax í upphafi þótti dómaranum ljóst, að málatilbúnaður stefnanda væri haldinn miklum göllum. Með því að stefndu höfðu þó ekki krafizt frávísunar og lítill tími gefizt til leiðbeiningar á hinu reglulega bæjarþingi, taldi dómarinn, að með leiðbeiningum sínum eða annarri lögfræðilegri aðstoð mætti forða frekari göllum og bæta úr þeim, sem fyrir voru, þannig að unnt yrði að kveða upp efnisdóm í málinu.

Á áðurgreindu þingi þann 20. október 1967 var stefnandi sjálfur mættur og með honum til aðstoðar Högni Jónsson héraðsdómslögmaður. Högni Jónsson vék þó af þessu þingi, áður en því lauk, og hefur enginn mætt með stefnanda honum til aðstoðar síðar.

Þegar á þessu þingi benti dómarinn stefnanda á það, að málið væri ruglingslega framsett af hans hálfu og að nokkuð bæri á ofreifun og endurtekningum, og ráðlagði dómarinn stefnanda eindregið til þess að fá sér lögmann í málinu.

Á þessu þingi var tekin aðiljaskýrsla af stefnda Hauki og stefndu Guðrúnu, og matsmaðurinn Hallur Hallsson tannlæknir staðfesti þar mat sitt og gaf vitnaskýrslu að auki.

Strax á þessu þingi komu fram erfiðleikar að ná hugsanasambandi við stefnanda og fá hann til að halda sér við þau atriði, sem máli skipta.

Þann 8. desember 1967 var næst þingað í málinu. Tók dómarinn þá fyrst aðiljaskýrslu af stefnanda sjálfum, en því næst voru stefnandi og stefnda Guðrún samprófuð um þau atriði, sem á milli bar. Í lok þessa réttarhalds óskaði stefnandi eftir að gefa frekari aðiljaskýrslu í málinu.

Dómarinn tók það til bragðs að heyra óformlega á þau atriði, sem stefnandi óskaði að koma að. Þótti dómaranum líkur á því, að viðbótarskýrsla þessi varðaði að verulegu leyti efni, sem ekki skiptu máli fyrir úrslit þessa máls, og tók dómarinn þá ákvörðun að leggja fyrir stefnanda, að hann ritaði niður þá viðbótaraðiljaskýrslu, sem hann teldi sig þurfa að gefa, og legði hana skriflega fyrir dómarann, sem síðan tæki það til úrskurðar, hver atriði skýrslu þessarar mættu komast að.

Dómarinn frestaði þinginu í þessu skyni um eina viku.

Hvorki í næsta réttarhaldi þann 15. desember 1967 né síðar kom framhaldsaðiljaskýrsla þessi fram. Þann 15. júní 1965 hafði stefnandi krafizt mats á nýsmíðuðu tönnunum. Hinir dómkvöddu matsmenn, þeir Viðar Pétursson og Hallur Hallsson jr. tann-

læknir, skiluðu matsgerð, dagsettri 10. september 1965, sbr. rskj. nr. 4. Næst var þingað í málinu föstudaginn 15. desember 1967. Þinghald þetta hófst með venjulegum ábendingum dómara til stefnanda um leiðbeiningarskyldu sína. Sérstaklega benti dómarinn stefnanda á það, að hann gæti krafizt yfirmats um tennurnar, og jafnframt benti dómarinn stefnanda á það, að það gæti valdið honum réttarspjöllum, ef krafizt yrði yfirmats, eftir að dómur gengi. Kom nú einnig í ljós, að stefnandi mundi mjög fara að eigin höfði og lítt sinna leiðbeiningum dómara. Þannig krafðist stefnandi þess í þessu þinghaldi að fá að leggja fram tvö skjöl þrátt fyrir leiðbeiningar dómara um það, að þau væru þýðingarlaus fyrir málið, og það gæti varðað hann réttarspjöllum að leggja fram þýðingarlaus skjöl.

Í þinghaldi þessu kom vitnið Hallur Hallsson fyrir dóm að nýju. Þrátt fyrir vilja stefnanda og tilraunir dómara tókst ekki að fá stefnanda til að útbúa spurningar fyrir vitni, sem dómarinn gat hent reiður á.

Í þessu þinghaldi kom matsmaðurinn Viðar Pétursson tannlæknir fyrir dóm og staðfesti mat sitt og gaf vitnaskýrslu að auki.

Af því, sem á undan var gengið í málinu, og af óformlegri aðiljaskýrslu stefnanda þóttu verulegar líkur til þess, að taka yrði mál þetta óvenjulegum og föstum tökum.

Í lok ofangreinds þinghalds (15. desember 1967) tók því dómarinn eftirfarandi ákvörðun í málinu:

„Næsta þinghald í máli þessu skal verða á föstudaginn 12. janúar 1968 kl. 1315. Fyrir þann tíma skulu aðiljar semja nákvæma skýrslu yfir þau vitni, sem þeir telja sig þurfa að leiða í máli þessu, og tilgreina nákvæmlega þær spurningar, sem aðiljar telja, að leggja þurfi fyrir hvert vitni. Þá skal og gerð skrá yfir þau gögn, sem aðiljar telja sig þurfa að koma að í málinu að öðru leyti, þar með talin aðiljaskýrsla. Þá skulu aðiljar vera undir það búnir að flytja málið munnlega um framlagningu þeirra gagna, sem þeir telja sig þurfa að leggja fram, en dómarinn benti aðiljum ljósum orðum á það, að svo gæti farið, að dómarinn tæki málið ex officio eða samkvæmt kröfu til úrskurðar um framlagningu frekari gagna í máli þessu".

Er þing var sett að nýju þann 12. janúar 1968, var stefnandi þó ekki mættur, en hafði boðað forföll.

Samkvæmt bókum embættisins hefur stefnandi þann 16. febrúar 1968 beðið um undirmat á notagildi gömlu tanngarðanna á þar

tilgreindu tímabili. Samkvæmt beiðni þessari voru matsmenn dómkvaddir á bæjarþinginu þann 26. febrúar 1968. Sjálf matsgerðin hefur eigi verið lögð fram í málinu.

Með bréfi, dagsettu 29. apríl 1968, krafðist nú stefnandi yfirmats á bæði nýju og gömlu tönnunum.

Í mat þetta voru á bæjarþinginu útnefndir þann 6. maí 1968 þeir Friðleifur Stefánsson, Ríkrarður Pálsson og Hængur Þorsteinsson tannlæknir til að framkvæma mat þetta.

Dóminum barst bréf frá yfirmatsmönnunum, dags. 4. júní 1968.

Bréf þetta, sem legið hefur frammi í réttinum til sýnis, lagði dómarinn fram nú við uppkvaðningu dómsins. Þykir eftir atvikum rétt að rekja hér efni bréfsins:

„Samkvæmt matskvaðningu í matsmálinu nr. 67/1968 höfum við undirritaðir nú gert tvær tilraunir til að framkvæma hið umbeðna mat.

Í fyrra sinn var boðað til matsins þ. 25. maí kl. 14 að Bolholti 4.

Samkvæmt matskvaðningu skyldi þessum aðilum tilkynnt um matið:

Kristínu S. Hansen, Hamrahlíð 21,
Guðrúnu Tryggvadóttur, tannlækni, Ægissíðu 84,
Hauki Þorsteinssyni, tannlækni, Lönguhlíð 21,
og matsbeiðanda Kristni P. Friðrikssyni, Kirkjustræti 2.

Var hringt í þessa aðila daginn áður, og náðist til allra nema Kristínar S. Hansen. Voru og allir mættir á tilsettum tíma, er til hafði náðst. Er til matsins skyldi ganga, hafði matsbeiðandi ýmsar athugasemdir fram að færa. Taldi hann, að boða hefði átt Leif Þorsteinsson frá Myndiðn, er skýra skyldi tekniskar ljósmyndir af gervitönnum þeim, er metnar skyldu, og Kolbein Kristófersson frá röntgendeild Landspítalans, er skýra skyldi röntgenmyndir, er teknar höfðu verið af gómum matsbeiðanda. Sömuleiðis hefðu matsmenn átt að sjá um, að röntgenmyndir þessar, er geymdar væru hjá borgardómaraembættinu, væru til staðar. Sömuleiðis taldi matsbeiðandi, að matið hefði verið boðað með of stuttum fyrirvara og leggja ætti fram fjarvistarsönnun fyrir Kristínu Hansen.

Matsmenn töldu, að þeim hefði ekki borið skylda til að boða aðra en þá, er í matskvaðningu voru nefndir. Fynndist þeim og eðlilegt, að matsbeiðandi sæi um að skaffa þeim þau hjálpargögn, er hann krefðist, að fram kæmu. Matsmenn féllust á, að boðunarfrestur hefði verið í styttra lagi, en þar sem enginn

þeirra, er til náðist, hefði í símtalinu haft neitt á móti tilteknum tíma, hefðu þeir talið þetta nægan fyrirvara. Afur á móti töldu matsmenn sér enga skyldu bera til að leggja fram fjarvistarsönnun fyrir Kristínu Hansen. Þar sem matsmenn telja sig vera óvilhalla og samningalipra menn, gerðu þeir að tillögu sinni, að matsgerðinni yrði frestað. Féllust þeir einnig á að boða Kristínu Hansen með ábyrgðarbréfi og Leif Þorsteinsson símleiðis, þar sem matsbeiðandi taldi ljósmyndirnar hinar mikilvægustu. Allir viðstaddir féllust á frestun, og var ákveðið, að matið skyldi fara fram þ. 31. maí kl. 20 á sama stað.

Rétt er að geta þess, að matsbeiðandi viðhafði þau orð við matsmenn, að ef mat yrði ekki óvilhallt að hans dómi, ættu þeir yfir höfði sér málsókn líkt og fyrstu matsmenn myndu fá á sig.

Matsmenn framkvæmdu nú boðun, eins og um var samið, og fengu einnig þær upplýsingar hjá borgardómaraembættinu, að matsbeiðanda bæri sjálfum að koma með þau gögn til matsins, er þar væru, ef hann vildi, að þau yrðu notuð við matið. Var matsbeiðanda tilkynnt þetta.

Þann 31. maí kl. 20 voru þessir aðilar mættir:

Guðrún Tryggvadóttir, tannlæknir, Ægissíðu 84,
Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl., lögfræðingur Guðrúnar,
Haukur Þorsteinsson, tannlæknir, Lönguhlíð 21,
Leifur Þorsteinsson, ljósmyndari, Lundi v/Nýbýlaveg,
svo og matsbeiðandi og matsmenn.

Matsmenn spurðu matsbeiðanda því næst, hvort hann hefði meðferðis áður nefndar röntgenmyndir. Kvaðst matsbeiðandi ekki hafa sótt þær né ætla að sækja þær. Til þess hefði hann enga heimild, þó að dómarar segðu annað. Matsbeiðandi sneri sér nú að Guðrúnu Tryggvadóttur, lagði fyrir framan hana gervitennur þær, er meta skyldi, og spurði hana, hvort þetta væru gervitennur þær, er hún hafði smíðað fyrir hann og afhent honum gegn greiðslu króna 5.000.00 í febrúar 1965. Guðrún kvaðst reikna með því. Þetta taldi matsbeiðandi ekkert svar og krafðist afdráttarlauss svars, já eða nei. Matsmenn og Guðmundur Ingvi bentu matsbeiðanda á, að hér væri ekki um nein réttarhöld að ræða og bæri því Guðrúnu engin skylda til að svara þesu. Matsbeiðandi kvaðst hins vegar ekki geta samþykkt, að Guðrún yrði viðstödd matið, nema hún gæfi afdráttarlaust jákvætt svar. Guðmundur Ingvi fór nú fram á, að matskvaðning og matsbeiðni matsbeiðanda yrðu lesnar, og var svo gert. Matsmenn spurðu því næst matsbeiðanda, hvort matið gæti farið fram.

Matsbeiðandi kvað þess engan kost, fyrr en Guðrún hefði gefið annað hvort ákveðið svar eða að hún yfirgæfi matið. Þessu neitaði Guðmundur Ingvi fyrir hönd skjólstæðings síns afdráttarlaust. Matsmenn bentu nú matsbeiðanda á, að í matsbeiðni, undirritaðri af honum sjálfum, væri tekið fram, að Guðrúnu væri án nokkurra skilyrða gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna við matið. Matsbeiðandi kvað það engu máli skipta og sagði, að um þetta atriði yrði að ganga dómsúrskurður og jafnvel hæstaréttarúrskurður. Var nú sýnt, að ekki myndi geta farið fram mat, og tilkynntu matsmenn, að þeir gætu eigi frekar að gert og myndu senda yfirborgardómara þar að lútandi skýrslu. Áminnti matsbeiðandi matsmenn um að skýra nú satt og rétt frá öllu.

Herra yfirborgardómari: Við teljum, að við höfum gert okkar bezta í að reyna að framkvæma þetta umbeðna mat, og er það á engan hátt okkar sök, að ekki tókst að framkvæma það. Förum við því fram á, að við verðum leystir frá kvöð þessari. Vegna þess tíma og fyrirhafnar, sem þetta hefur kostað okkur, förum við fram á, að matsbeiðanda verði gert að greiða hverjum okkar um sig krónur 850.00 í ómakslaun.

Við vottum hér með, að skýrsla þessi er gefin samkvæmt beztu vitund og samvizku".

Jafnframt barst dóminum bréf frá stefnanda sjálfum, dagsett 20. júní 1968, um úrskurð á tilteknum atriðum.

Bréf þetta hljóðar svo:

„Krafa stefnanda um *Úrskurð* á neðanskráðum atriðum.

Til

Yfirborgardómara
bæjarþings Reykjavíkur,
Túngötu 14,
Reykjavík.

Samanber réttarskjöl málanna.

Samkvæmt Matsmálinu Nr. 86/1965
Nú
í bæjarþingi Reykjavíkur
málinu Nr. 3223/1966.

Endurrit úr bæjarþingsbók Reykjavíkur, fimmtudaginn 26. október 1967 í málinu Nr. 3223/1966.

Þá gefur stefnda, Guðrún Tryggvadóttir tannlæknir, aðila skýrslu í bæjarþingi Reykjavíkur í málinu Nr. 86/1965, samanber Skoðunar- og matsgerð, dagsett í Reykjavík 10. september 1965.

En nú í bæjarþingi Reykjavíkur, málinu Nr. 3223/1966. Um smíði sína á framangreindum gervitanngörðum.

Stefnandi leggur nú fram Nr. 13 gervitanngarða o. s. frv., samkvæmt blaðsíðu 7, er hefst á línu 1, til og með 2.

Eru nú tennur þessar sýndar mættu, og kvaðst hún reikna með því o. s. frv., samkvæmt blaðsíðu 7, er hefst á línu 3, til og með línu 6 og ½.

Samanber föstudaginn 8. desember 1967, sannprófun stefndu og stefnanda, og endurrit úr bæjarþingsbók Reykjavíkur í málinu Nr. 3223/1966, 15. desember 1967.

Samkvæmt yfirmatsbeiðni stefnanda, dagsett Reykjavík 29. apríl 1968. Um það, að dómkvaddir væru þrír yfirmatsmenn til þess að skoða og meta, og það hæfa og óvilhalla menn, ónotaða og nothæfa formgallaða gervitanngarða (gervitennur), er stefnda, Guðrún tannlæknir, smíðaði handa yfirmatsbeiðanda á sínum tíma. Og til þess hæfa að framkvæma öll ákvæði yfirmatsbeiðninnar.

Samanber dómkvaðningu, dagsett Reykjavík 1968, voru dómkvaddir þrír yfirmatsmenn til þess að framkvæma hið umbeðna yfirmat, sem nánar greinir frá dómkvaðningin.

Föstudaginn 31. maí 1968 ákváðu yfirmatsmenn að matið ætti að framkvæmast kl. 8 e. h. á tannlækningastofu Hængs Þorsteinssonar að Bolholti 4, Reykjavík.

Þá ætlaðist yfirmatsbeiðandi til þess, af yfirmatsmönnum, að hafa tilkynnt öllum aðilum formlega um matið og hafa þau skjöl í höndunum, sem fram eru tekin í yfirmatsbeiðni af matsbeiðanda.

Framanskráð föstudagskvöld, þá er yfirmatið átti að framkvæmast, þá mætti stefndu, Guðrún tannlæknir, og Haukur tannlæknir, ásamt lögfræðingi stefndu, en yfirmatsbeiðanda var ekki tilkynnt um það, að það væri nokkur, sem væri mættur við yfirmatið fyrir stefndu Kristínu S. Hansen, ekkju Skúla Hansen tannlæknis, og ákvað yfirmatsbeiðandi að láta það atriði bíða síns tíma.

Nú eru yfirmatsmenn að undirbúa framkvæmdir á yfirmatinu, en þá biður yfirmatsbeiðandi Hæng tannlækni að koma með gervitanngarðana (gervitennurnar) og leggja þá (eða þær) á borðið í herberginu við hliðina á tannlækningastofunni, sem og Hængur tannlæknir gerði.

Þá kvaddi yfirmatsbeiðandi þá yfirmatsmennina til vitnis um eftirfarandi, sem yfirmatsbeiðandi bað yfirmatsmennina að vitna um fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Yfirmatsbeiðandi bendir nú stefndri, Guðrúnu tannlækni Tryggvadóttur, á gervitanngarðana (eða gervitennurnar) á borðinu, og krefur stefndu, Guðrúnu tannlækni, um það að svara því nú af eður á og það til um það.

Hvort að þetta séu ekki gervitanngarðarnir (eða gervitennurnar), sem að stefnda, Guðrún tannlæknir, hóf smíði á 3. febrúar 1965 handa yfirmatsbeiðanda, sem og er stefnandi bæjarþingsmálsins Reykjavíkur Nr. 3223/1966.

Og afhendir yfirmatsbeiðandi gervitanngarðana (eða gervitennurnar) sem réttformaðri að allri gerð og lögun og fyllilega mathæfa að yðar dómi, samanber yfirmatsbeiðni dagsett Reykjavík 29. apríl 1968.

Og afhentuð yfirmatsbeiðanda gervitanngarðana (eða gervitennurnar) á tannlækningastofu dánarbús Skúla Hansen tannlæknis þann 11. marz 1965, gegn Kr. 5.000.00 — fimm þúsund krónur — greiðslu.

Þá biður yfirmatsbeiðandi Hæng tannlækni um það að lána stefndu, Guðrúnu tannlækni, stólinn (tannlækningastólinn), sem og Hængur tannlæknir játaði að gera.

Til þess að stefnda, Guðrún tannlæknir, ætti möguleika á því að bera umrædda gervitanngarða (eða gervitennur) upp í munn yfirmatsbeiðanda.

Svo að stefnda hefði fullkomnari möguleika til þess að svara framanskráðri spurningu.

En svar stefndu, Guðrúnar tannlæknis, var það, að stefnda reiknaði með því, að þetta séu tennur þær o. s. frv., samanber aðilaskýrslu stefndu.

En stefnda, Guðrún tannlæknir, svaraði því engu til um það að skoða framanskráða gervitanngarða (eða gervitenur) uppi í munni yfirmatsbeiðanda, að viðstöddum yfirmatsmönnum.

Og þar sem lögfræðingur stefndu, Hrl. Guðmundur Ingi Sigursson, bar fram heldur ekki neinar kröfur fyrir hönd stefndu.

Þá taldi yfirmatsbeiðandi sig hafa þann rétt til þess að kveðja stefndu, Guðrúnu tannlækni, frá yfirmatinu.

Þar sem að yfirmatsbeiðandi telur, samkvæmt framanskráðu, að stefnda, Guðrún tannlæknir, hafi þar engra hagsmuna að gæta, samanber útreikning stefndu.

Nú fara yfirmatsmennirnir, ásamt yfirmatsbeiðanda, inn í herbergið sem tannlækningastóllinn er staðsettur í, til þess að framkvæma yfirmatið samkvæmt yfirmatsbeiðninni.

En þar sem stefnda, Guðrún tannlæknir, sýnir það ótvírætt með

framkomu sinnni, að stefnda ætlaði sér ekki að taka til greina framanskráð.

Þá ákveður yfirmatsbeiðandi að fresta yfirmatinu um óákveðinn tíma.

En leggja fram deilumál stefndrar, Guðrúnar tannlæknis, og yfirmatsbeiðanda til *Úrskurðar* Yfirborgardómara bæjarþings Reykjavíkur, þar sem að lögfræðingur stefndu framber engin mótmæli fyrir hennar hönd.

Samkvæmt framanskráðu og samanber réttarskjöl málanna, samkvæmt matsmálinu Nr. 86/1965, Nú í bæjarþingi Reykjavíkur í málinu Nr. 3223/1966.

Samkvæmt *Stjórnarskrá Íslands* og *einkamálalöggjafarinnar*??? Að þá krefst stefnandi framanskráinna mála og samkvæmt ákvæðum bréfs þessa og framanskráðum framlögðum réttarskjölum.

Þess af Yfirborgardómara bæjarþings Reykjavíkur um það, að neðanskráð *atriði verði tekin til Úrskurðar:*

Í fyrsta lagi. Er það *krafa* stefnanda um það, að neðanskráð *atriði verði tekin til Úrskurðar.* Um hagsmunarétt stefndu, Guðrúnar Tryggvadóttur tannlæknis, við yfirmatið á gervitanngörðunum (eða gervitönnunum) er stefnda svarar til með því „og kveðst hún reikna með því o. s. frv.", samanber aðilaskýrslur stefndu um smíði stefndu á gervitanngörðunum (eða gervitönnunum) handa stefnanda og samanber ákveðnar greinar bréfs þessa og framlögðum réttarskjölum málanna og yfirmatsbeiðni stefnanda.

Í öðru lagi. Er það *krafa* stefnanda um það, að neðanskráð *atriði verði tekin til Úrskurðar:* Að stefnda, Guðrún Tryggvadóttir, tannlæknir, verði *Úrskurðuð* til þess að sanna það *ótvírætt* með fullkomnum rökum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, að stefnandi *leggi fram* aðra gervitanngarða (eða gervitennur) fyrst við undirmatið 2. sept. 1965, samanber réttarskjal Nr. 4 1965, nú í bæjarþingi Reykjavíkur þann 26. október 1967. En þá gervitanngarða (eða gervitennur) sem og stefnandi tók við úr höndum stefndrar, Guðrúnar tannlæknis, 11. marz 1965, á tannlækningastofu dánarbús Skúla Hansen tannlæknis, að Óðinsgötu 4 hér í bæ. Og samanber vissar greinar bréfs þessa og framlögð um réttarskjöl málanna og yfirmatsbeiðni stefnanda.

Í þriðja lagi. Er það krafa stefnanda um það, að neðanskráð atriði verði tekið til *Úrskurðar.* Samkvæmt aðilaskýrslu hinna stefndu aðila, Guðrúar tannlæknis og Hauks tannlæknis, er þau

gáfu í bæjarþingi Reykjavíkur, fimmtudaginn 26. október 1967. Aðilaskýrsla hinna stefndu aðila ber ekki saman um það *atriði*. Stefndi, Haukur tannlæknir, skýrir svo frá: mætti starfaði á stofunni fyrir Kristínu Snæhólm? En stefnda, Guðrún tannlæknir, skýrir mætt svo frá: unnið á stofunni, þ. e. ekkjuna Kristínu. En báðum hinum stefndu aðilum kemur saman um það *atriði* í aðilaskýrslu sinni, að þau hafi verið ráðin á sama grundvelli og áður var hjá Skúla, hjá Kristínu S. Hansen, ekkju Skúla Hansen tannlæknis. Samanber réttarskjöl málanna og yfirmatsbeiðni.

Í fjórða lagi: er það *krafa* stefnanda um það, að neðanskráð *atriði verði tekið til Úrskurðar*. Því spyr stefnandi að því. Því var ekki í næsta réttarhaldi, sem framkvæmt var í framanskráðum málum, kvödd fyrir bæjarþing Reykjavíkurbæjar stefnda, Kristín S. Hansen, ekkja Skúla Hansen tannlæknis. Til þess þá að staðfesta greinargerð sína, réttarskjal nr. 7. Og til þess þar og þá að gefa aðilaskýrslu sína um rekstrarfyrirkomulag á tannlækningastofu dánarbús Skúla Hansen tannlæknis, þar til að sala fór fram á tannlækningastofu dánarbúsins. Svo að aðilaskýrsla stefndu, Kristínar S. Hansen, lægi frammi í framanskráðum málum í bæjarþingi Reykjavíkurbæjar. Samkvæmt réttarskjala málanna og yfirmatsbeiðni stefnanda.

Í fimmta lagi. Er það *krafa* stefnanda um það, að neðanskráð *atriði verði tekið til Úrskurðar*. Um það er spurt, hvaða aðili eða aðilar eru það, sem eru hér að verki og bera ábyrgð á því, að framanskráð aðilaskýrsla stefndu Kristínar S. Hansen, er ekki til í bæjarþingi Reykjavíkurbæjar, til sannprófunar á aðilaskýrslum hinna stefdu aðila, Guðrúnar tannlæknis og Hauks tannlæknis. Samkvæmt réttarskjala málanna og yfirmatsbeiðni stefnanda".

Dómarinn þingaði næst í málinu þann 13. september 1968. Dómarinn lét þess strax getið við stefnanda, að kröfur hans samkvæmt bréfi þessu væru mjög illskiljanlegar og að því leyti sem þær væru skiljanlegar tæplega andlag sérstaks úrskurðar. Engu að síður krafðist stefnandi þess, að nefnt bréf sitt yrði skilyrðislaust lagt fram í réttinum, og krafðist hann jafnframt þess, að rétturinn úrskurðaði um þar tilgreind atriði. Þegar hér var komið sögu, tók dómarinn fram, að honum sýndist verulegir formgallar vera á málinu, eins og það nú lægi fyrir, og hefði hann ákveðið ex officio að taka það þegar í stað til dóms eða úrskurðar.

Var aðiljum gefinn kostur á að láta uppi álit sitt á ákvörðun dómara. Aðiljar höfðu engar athugasemdir fram að færa, en

óskuðu eftir því báðir að koma að málskostnaðarkröfum í þessum þætti málsins.

Að því loknu tók dómarinn málið til dóms eða úrskurðar.

III.

Niðurstaða.

Svo sem hér að framan hefur verið rakið, hefur mál þetta verið mjög illt viðfangs.

Sáttakæran, sem er 8 vélritaðar síður, hefur að geyma ruglingslega fram setta málavexti og kröfugerð, sem engan veginn er skýr.

Stefnan, sem er 5 vélritaðar síður, fjallar að mestu leyti um framkvæmd fyrsta matsins og ýmsar hugleiðingar stefnanda í því sambandi ásamt óskýrri kröfugerð.

Greinargerð stefnanda er 14 vélritaðar síður. Í greinargerð þessari er kröfugerð stefnanda enn endurtekin, málavextir eru þar enn ruglingslega fram settir í löngu máli, og enn fremur má þar finna ýmsar fyrirspurnir og ábendingar til stefndu Guðrúnar.

Mörg skjöl, sem stefnandi hefur lagt fram, eru þýðingarlaus fyrir málið og til þess fallin að flækja það.

Ljóst er af framansögðu, að málatilbúnaður stefnanda brýtur mjög í bága við fyrirmæli laga nr. 85/1936 um skýran og greiðan flutning máls, og kröfur stefnanda eru óskýrar og nokkuð á reiki, að því er virðist.

Þykir málatilbúnaður einkum hafa brotið gegn 88. gr., 105. gr. og 114. gr. nefndra laga. Tilraunir dómarans samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936 til að leiðbeina stefnanda hafa hverfandi árangur borið. Hefur stefnandi þverskallazt við að sinna leiðbeiningum dómara, en mjög farið að eigin höfði. Í samræmi við fordæmi og á grundvelli meginreglunnar í 88. gr. og 116. gr. laga nr. 85/1936 hefði málatilbúnaður og framkoma stefnanda nægt til þess að vísa máli þessu þegar frá dómi.

Við það verður þó eigi látið sitja.

Málarekstur stefnanda og framkoma hans annars hingað til þykir gefa næga vísbendingu um það, að breytinga sé ekki að vænta né að leiðbeiningar dómara muni koma að nokkru gagni, þótt málið héldi áfram.

Af því, sem að framan er rakið, þykir nægjanlega í ljós leitt, að stefnandi er óhæfur til að flytja mál þetta sjálfur. Samkvæmt því brestur stefnanda réttarfarsskilyrði, þ. e. málflutningshæfi (processhabilitet).

Af þeim sökum ber þegar ex officio að vísa máli þessu frá dómi.

Samkvæmt 180. gr. ber að dæma stefnanda til að greiða málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00 til hvers stefndu um sig.

Dómarinn lætur þess getið, að honum hafi ekki þótt ástæða til þess að kveðja til meðdómendur samkvæmt 200. gr. laga nr. 85/1936, með því að dómur þessi snerist eingöngu um réttarfarsleg atriði.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Kristinn Friðriksson, greiði stefndu, Kristínu Hansen f. h. dánarbús Skúla Hansens, Guðrúnu Tryggvadóttur og Hauki Þorsteinssyni, kr. 8.000.00 til hvers um sig í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1968.

Nr. 107/1967. **Haraldur Skúlason**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Theodóru Bjarnadóttur og gagnsök
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. ágúst 1967, krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. sept-

ember 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 35.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 16. október 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur umboðsmaður aðaláfrýjanda lýst því, að aðaláfrýjandi hafi verið leigubílstjóri og ökukennari, eins og haldið var fram ómótmælt í héraði af hendi gagnáfrýjanda.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað hér fyrir dómi, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Haraldur Skúlason, greiði gagnáfrýjanda, Theodóru Bjarnadóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júní 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. f. m., hefur Theodóra Bjarnadóttir húsfrú, Miðstræti 11, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. apríl 1965, gegn Haraldi Skúlasyni bifreiðarstjóra, Akurgerði 60 hér í borg, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 35.000.00 með 7% ársvöxtum frá 16. október 1964 til 31. desember s. á. og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan málflutning hækkaði stefnandi vaxtakröfu sína þannig, að hann krafðist 7% ársvaxta frá 31. desember 1965 til greiðsludags. Af hálfu stefnda var samþykkt, að þessi hækkun vaxtakröfu fengi að komast að án framhaldsstefnu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Í stefnu skýrir stefnandi svo frá málavöxtum, að eiginmaður hennar, Þórður Þórðarson, hafi keypt bifreiðina R 8264 fyrir

hennar hönd af stefnda hinn 16. október 1964. Áður en kaupin voru gerð, hafi stefndi sérstaklega tekið fram, að vél bifreiðarinnar væri í lagi og „mundi endast annan bíl", eins og hann orðaði það. Strax er bifreiðin kom til Vestmannaeyja, hafi komið í ljós, að hún var fjarri því að vera í lagi. Hafi vélin reynzt gersamlega útslitin og nauðsynlegt hafi verið að „gera vélina upp", svo að hún yrði ökufær. Þá hafi tengsli bifreiðarinnar verið í ólagi ásamt fleiru. Viðgerð á bifreiðinni hafi verið framkvæmd og hafi kostnaður viðgerðarinnar í heild numið samtals kr. 31.637.00, sem eiginmaður hennar hafi greitt. Auk þess hafi hún orðið fyrir frekari fjárútlátum vegna umgetinna galla bifreiðarinnar. Nemi tjón stefnanda vegna síðastgreindra atriða kr. 3.363.00. Heildarstjón stefnanda verði samkvæmt þessu kr. 35.000.00 (31.637.00 + 3.363.00).

Í vottorði, dags. 30. marz 1965, hefur eiginmaður stefnanda skýrt svo frá málavöxtum:

„Ég annaðist kaup á bifreiðinni R 8264 fyrir hönd og í umboði eiginkonu minnar, Theodóru Bjarnadóttur. Ég hef einnig annazt hennar vegna allt í sambandi við viðgerðir, sem fram hafa farið á bifreiðinni, og eru þess vegna viðgerðarreikningarnir stílaðir á mitt nafn. Þegar ég skoðaði bifreiðina heima hjá seljanda, Haraldi Skúlasyni, að Akurgerði 60 í Reykjavík, áður en kaupin fóru fram, innti ég Harald alveg sérstaklega eftir vélinni. Ég hef lítið vit á bílvélum, en mér virtist vera óeðlilegur hávaði í vélinni. Þá lýsti Haraldur því yfir, að vélin væri mjög lítið keyrð, hér væri aðeins um ventlaglamur að ræða og vélin myndi örugglega endast annan bíl, ef hún væri tekin úr þessum og sett í hann. Þar sem mér var sagt, að Haraldur Skúlason væri leigubílstjóri að atvinnu og ökukennari, tók ég hann trúanlegan með þetta.

Eftir að ég hafði gert kaupin fyrir konu mína, var það fyrsta verk mitt, eftir að bíllinn kom til Vestmannaeyja, að fara með hann á verkstæði til Hreggviðs Jónssonar, bifreiðaverkstæði, til að láta stilla ventlana, en það var gert 23.—26. okt. s.l., en kostnaður við þetta varð kr. 1.170.00. Það kom í ljós, að gangurinn í bílnum lagaðist ekkert við, að ventlarnir voru stilltir, enda kom þá í ljós, að rokkerarmarnir voru „hönk"-slitnir, eins og Haraldi Skúlasyni hefur augsýnilega verið vel kunnugt um, því að annars hefði hann ekki farið að leiða aukasmurningsleiðslu upp á armana. Þegar þessi fyrsta viðgerð fór fram, sagði verkstjóri verkstæðisins, Tómas Hreggviðsson, mér, að þessi vél

í bílnum væri gjörsamlega útkeyrð. Ég trúði þessu ekki, að Haraldur Skúlason hefði logið svo að mér, að þetta gæti staðizt.

Strax þarna hafði ég símasamband við Ásgeir Karlsson, bílasala á Bílasölunni Billinn, Hverfisgötu 75 B, sem hafði milligöngu um söluna á bílnum, og bað hann um að bera fram kvörtun við Harald Skúlason, sem hann sagðist hafa gert, og um sama leyti hafði ég samband við Harald sjálfan og tjáði honum vandræði mín í þessu með bílinn. Hann sagði mér, að hann tryði þessu ekki. Síðan átti ég mörg símtöl við Harald, og var viðkvæðið jafnan hjá honum sama, að hann tryði ekki. Í þessu sambandi er rétt að geta um það, að Haraldur ráðlagði mér að nota ákveðna olíutegund, Mobil-oil 20, en mér er nú sagt, að hún sé notuð á lítið slitnar vélar. Það er þannig alrangt, að ég hafi ekki kvartað við Harald strax, þar sem ég hafði oft samband við hann, meðan ég trúði á, að vélin væri eins og hann sagði hana.

Um mánaðamótin nóvember/desember reyndi ég mjög oft að ná símasambandi við Harald, þar sem þá lá fyrir að senda vélina til Egils Vilhjálmssonar h/f til uppgerðar, en aldrei náðist í Harald, og sagði kona hans við mig í síma eitt sinn, er ég hringdi, að hún vissi ekkert, hvar hann væri niður kominn, og það þýddi ekki fyrir mig að hringja aftur í þetta númer, því að hann kæmi ekki meira þangað heim. Þegar vélin kom aftur úr viðgerðinni, var Haraldi skrifað ábyrgðarbréf af mér, dags. 22. desember s.l., þar sem gangur málsins var nokkuð rakinn, og ég setti fram skaðabótakröfur vegna þess. Þessu bréfi svaraði Haraldur ekki bréflega, en hringdi til mín og lofaðist til að ræða málið nánar, sem svo ekki varð af. Fól þá kona mín Jóni Hjaltasyni hrl. að krefja Harald um skaðabætur vegna þessa leynda galla á bílnum og hef ég lesið svarbréf Haralds við því, dags. 28. jan. s.l.

Þar er m. a. að því sveigt, að ég eða kona mín getum hæglega hafa eyðilagt bifreiðina á tveim mánuðum. Þessari staðhæfingu svara vottorð Egils Vilhjálmssonar h/f og Tómasar Hreggviðssonar, að vélin hafi verið útslitin, en ekki verið skemmd, enda var bíllinn lítið í gangi, þar sem hann var lítt gangfær, áður en vélarendurnýjunin fór fram.

Við Harald var strax kvartað út af bifreiðinni, eins og áður er rakið, enda var honum fullkunnugt um nauðsyn viðgerðarinnar, en frumreikningar liggja allir fyrir sundurliðaðir. Ég hefði aldrei keypt bílinn á nafn konu minnar né heldur sjálfur,

ef mér hefði verið kunnugt eða mig hefði getað rennt grun í, að vélin væri útkeyrð í bílnum. Ég tel mig því hafa verið beittan stórkostlegum svikum af Haraldi, er hann taldi mér trú um, að vélin væri í bezta ástandi.

Til viðbótar við það, sem nú hefur verið sagt um galla á vélinni, reyndist kúppling bifreiðarinnar einnig mjög léleg. Út af þessu kvartaði ég líka við Harald. Spurði ég hann eftir því, áður en ég keypti bílinn, hvaða tíst þetta væri í kúpplingunni. Það sagðist hann ekki skilja. Hún væri í góðu lagi og nýendurnýjuð. Hann hefði verið að kenna á bílinn og eina, sem hefði getað bilað við það, væri kúpplingsdiskurinn. Hann væri nýendurnýjaður og það væri nýbúið að taka kúpplinguna upp. Ég varð strax að láta setja nýja legu á kúpplinguna, eftir að bíllinn kom til Vestmannaeyja, og tjáði Haraldi um það strax í okkar fyrstu símtölum. Kúpplingsklærnar þurftu líka endurnýjunar við, en þær voru endurnýjaðar eftir áramót".

Þórður Þórðarson hefur fyrir dómi lýst ofangreint vottorð efnislega rétt og jafnframt greint svo frá, að hann hafi á sínum tíma reynt að selja bifreiðina fyrir stefnanda. Maður að nafni Þráinn Sigurðsson hafi um tíma haft hug á að kaupa hana. Hafi hann fengið að reyna bifreiðina og verið með hana af og til í 2—3 daga. Þráinn hafi orðið afhuga kaupunum vegna þess, að hann taldi vélina ónýta. Þetta var um jólaleytið 1964. Síðar, þegar búið var að gera við vél bifreiðarinnar, kveðst Þórður hafa selt hana, að hann minnir í ársbyrjun 1965, Guðmundi nokkrum Sveinbjörnssyni og hafi Guðmundur greitt bifreiðina með því að greiða kr. 80.000.00 í peningum og með því að afhenda 6 manna fólksbifreið, Lincoln, árgerð 1952. Kveðst hann hafa áætlað söluverðið kr. 130.000.00, þar sem hann telur, að Lincoln bifreiðin hafi verið að verðmæti 50.000.00 krónur. Þá kvaðst hann ekki minnast þess, að stefndi hafi minnzt á ákveðinn kílómetrafjölda, sem búið væri að keyra bifreiðina, er sala fór fram, en hann hafði séð í reynsluakstrinum um kvöldið, að mælirinn var ónýtur. Hann hafi heyrt glamur í ventlum og spurt, af hverju það stafaði, og fengið það svar, að þetta væri aðeins venjulegt ventlaglamur, sem laga mætti með lítilli fyrirhöfn. Hann kveðst ekki hafa vitað um tilhögun olíuleiðslunnar, sem síðar verður greint frá, enda sé það ósatt, að Haraldur hafi sagt honum frá því. Vélarhlífina á bílnum hafi hann ekki opnað, áður en kaupin voru gerð. Hann kveðst ekki hafa tekið það sem gamanmál, heldur sem alvöru, þegar stefndi sagði, að vélin

mundi endast annan bíl. Þá segir Þórður, að stefndi hafi sagt, að hann væri að selja bílinn, vegna þess að hann hefði misst ökuréttindi.

Í málinu liggur frammi vottorð Tómasar Hreggviðssonar bifvélavirkjameistara, dags. 19. febrúar 1965. Er það svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Tómas Hreggviðsson, bifvélavirki, Sóleyjargötu 3, Vestmannaeyjum, verkstjóri hjá Bifreiðaverkstæði Hreggviðs Jónssonar, Vestmannaeyjum, get vottað, að Þórður Þórðarson, Miðstræti 11 hér, kom með bifreiðina R 8264 til viðgerðar á verkstæðið hinn 23. október 1964, og bað hann okkur að stilla ventla á bifreiðinni, þar sem hún glamraði á ventlum. Við athugun sáum við, að „rokker"-armar voru mjög mikið slitnir, og gerðum við tilraun til að slípa þá niður. Við nánari athugun kom í ljós, að olíuleiðsla hafði verið leidd upp á „rokker"-armana, sýnilega vegna þess, að vélin var það slitin, að ekki náðist þrýstingur með olíudælunni að ná olíu upp á vélina. Eftir að hafa skoðað vélina, sögðum við Þórði sem rétt var, að vélin væri gjörsamlega útslitin og ónýt og yrði að endurnýjast".

Ofangreint vottorð hefur nefndur Tómas staðfest fyrir dómi og jafnframt skýrt svo frá, að Þórður Þórðarson hafi ekki viljað trúa því, að endurnýja þyrfti vél bifreiðarinnar, en vitnið kveðst hafa litið svo á, að nauðsynlegt væri að „gera hana upp". Þá segir vitnið, að öxlarnir fyrir alla „rokker"-armana hafi verið jafnslitnir, þannig að þurft hafi að skipta um þá alla.

Vitnið Sæmundur Sæmundsson bifvélavirki hefur skýrt svo frá, að Þórður Þórðarson hafi þann 23. október 1964 komið á bifvélaverkstæði Hreggviðs Jónssonar með umrædda bifreið og óskað þess, að ventlar hennar yrðu stilltir, þar sem hún glamraði á ventlum. Kveðst vitnið hafa unnið þann dag allan við að stilla ventla og slípa þolla úr „rokker"-örmum vélarinnar. Að því loknu hafi vitnið og Tómas Hreggviðsson verkstjóri sagt Þórði, að þetta væri tilgangslaust verk, þar sem vélin væri greinilega útslitin. Þórður hafi orðið mjög undrandi og lýst því yfir, að seljandi hefði sagt, að vélin væri óslitin og að ekkert væri að henni nema glamur á ventlum. Þá hafi þeir sagt Þórði frá olíuleiðslunni, sem leidd var inn á öxulinn, sem „rokker"-armarnir leika á, en vitnið segir, að olían hafi borizt af öxlinum inn á „rokker"-armana. Það er álit vitnisins, að ástæðan til þess, að olíuleiðslunni var þannig fyrir komið, hafi verið sú, að smurdælan hafi ekki haldið uppi þrýstingi gegnum vélina, sem kunni að hafa stafað af sliti í dælunni.

Í málinu liggur frammi vottorð Vals Steingrímssonar, dags. 16. desember 1964, svohljóðandi:

„Ég undirritaður verkstjóri á mótorverkstæði E. V. h/f lýsi því yfir, að vél sú, Vord V-860, sem þér senduð hér til endurbyggingar, var mjög slitin, en ógölluð".

Í málinu liggja frammi tvö vottorð bílasölumannsins Haralds Karlssonar, sem annaðist sölu á nefndri bifreið. Í vottorðunum kemur fram, að stefnandi hefur viðhaft þau ummæli við söluna, að vélin væri svo góð, að hún mundi endast annan bíl.

Síðastgreindir vottorðsgefendur hafa ekki komið fyrir dóm.

Stefndi hefur gefið skýrslu fyrir dómi og greint svo frá, að Þórður Þórðarson hafi skoðað bifreiðina vel og vandlega og ekið henni til reynslu, áður en kaupin voru gerð. Hafi Þórður ekki gert neinar athugasemdir við bifreiðina, aðrar en þær, að hann hafi minnzt á ventlaglamur, sem þeir hafi rætt um, og hafi Þórði verið sagt, að ventlarnir væru bilaðir, enda hafi það legið í augum uppi, vegna þess hve mikið hafi heyrzt í þeim. Þá kveðst stefndi hafa upplýst Þórð um, að kílómetramælirinn hafi verið kominn einu sinni yfir 100.000.00 km, en við söluna sýndi hann töluna 86.000.00 km. Stefndi kveðst hafa haft vitneskju um, að olíuleiðslan var leidd beint inn á ventlana, og segir, að Þórði hafi einnig verið um það kunnugt. Stefndi kveðst hins vegar ekki hafa vitað, að vélin þarfnaðist endurnýjunar við, þegar kaupin fóru fram. Þá staðfesti stefndi, að hann hefði í gamni látið þau orð falla, að vélin væri vís til þess að endast annan bíl. Stefndi kveðst ekki minnast, hvenær Þórður Þórðarson kvartaði fyrst við hann út af bifreiðinni, en kveðst hafa keypt „rokker"-arma á sínum tíma fyrir Þórð í bifreiðina.

Stefndi var viðstaddur hinn munnlega málflutning. Lýsti hann því þá yfir, að kílómetramælir bifreiðarinnar hefði verið í lagi, þegar sala bifreiðarinnar fór fram, en þegar gjaldmælirinn var tekinn úr bifreiðinni, hafi kílómetramælirinn verið tekinn úr sambandi og ekki hafi verið búið að tengja hann að nýju, þegar sala fór fram.

Kröfur sínar í málinu byggir stefnandi á því, að stefndi hafi leynt eiginmann stefnanda því við kaupin, að vélin væri útslitin og þyrfti endurnýjunar við, svo og öðrum göllum, sem bifreiðin var haldin, en ekki sáust við skoðun. Því er mótmælt af hálfu stefnanda, að stefndi hafi upplýst Þórð um það, hve mikið væri búið að aka bifreiðinni, svo og að búið væri að breyta olíuleiðslunni. Samkvæmt gögnum málsins sé ljóst, að bifreiðin hafi verið

haldin leyndum göllum, sem stefndi beri bótaábyrgð á gagnvart stefnanda og beri stefnda því að greiða stefnanda það tjón, sem hún hefur orðið fyrir vegna gallanna, en stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. „Rokker"-armar	kr.	1.232.50
2. Flutningskostnaður á vél	—	100.00
3. Reikningur Hreggviðs Jónssonar fyrir að stilla ventla o. fl., dags. 23.—26. október 1964	—	1.170.00
4. Reikningur sama fyrir vinnu við vél og tengsli 18.—19. nóvember 1964 og fleira	—	1.655.00
5. Reikningur Egils Vilhjálmssonar h/f fyrir efni og vinnu við að gera upp vélina	—	17.974.50
6. Reikningur Hreggviðs Jónssonar fyrir vinnu við vél á tímabilinu 4.—30. desember 1964	—	5.055.00
7. Reikningur sama fyrir sama tímabil	—	2.990.00
8. Reikningur sama fyrir vinnu við vatnslás og við að stilla vél	—	205.00
9. Reikningur sama fyrir vinnu við tengsli og fleira 8. febrúar 1965	—	1.255.00
	Kr.	31.637.00
10. Flutningskostnaður	—	644.00
11. Símakostnaður	—	419.00
12. Afnotamissir	—	2.300.00
	Samtals kr.	35.000.00

Kröfu sína um sýknu byggir stefndi fyrst og fremst á því, að eiginmanni stefnanda hafi verið ljóst og mátt vera ljóst, að hann var að kaupa gamla og notaða bifreið, og honum hafi m. a. verið bent á, að búið var að aka bifreiðinni yfir 186.000 km. og að olíuleiðslu hefði verið breytt. Því er mótmælt, að bifreiðin hafi verið haldin nokkrum leyndum göllum. Hefur stefndi sérstaklega vitnað í vottorð Vals Steingrímssonar, en það sanni, að vélin var að vísu slitin, en ógölluð. Einnig megi vel vera, að stefnandi eða eiginmaður hennar hafi skemmt bifreiðina, eftir að hún kom í þeirra hendur. Þá sé á það að líta, að söluverð bifreiðarinnar hafi verið lágt, aðeins kr. 140.000.00, miðað við verð nýrrar bifreiðar af sömu tegund, kr. 340—360.000.00. Að lokum er því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi hafi ekki skotið nægum stoðum undir kröfur sínar, þar sem hún hafi ekki

látið dómkveðja sérfróða matsmenn til þess að skoða bifreiðina strax í upphafi. Sé skaðabótakrafa stefnanda því byggð á svo veikum grundvelli, að vart verði séð, að dómendur geti nú, eins og málum er komið, gert sér grein fyrir ástandi bifreiðarinnar við söluna. Þessi vanræksla stefnanda eigi að koma honum í koll og leiði það einnig til þess, að taka eigi sýknukröfu til greina.

Ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til þess, að vél bifreiðarinnar hafi skemmzt, eftir að bifreiðin kom í vörzlur stefnanda. Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að af gögnum málsins megi ráða, að vél bifreiðarinnar hafi verið svo slitin, að hún megnaði ekki að færa smurolíuna upp á „rokker"-armana, nema með því að breyta smurleiðslunni. Ósannað er í málinu, að stefndi hafi skýrt Þórði Þórðarsyni frá breytingunni á olíuleiðslunni eða eðli hennar. Verður því að líta svo á, að með hinni slitnu vél hafi bifreiðin verið haldin leyndum galla, sem stefndi ber ábyrgð á gagnvart stefnanda, enda vissi stefndi um breytinguna á olíuleiðslunni og mátti honum því vera ljóst, að vélin væri mjög slitin. Stefndi hefur ekki sannað, að söluverð bifreiðarinnar hafi verið óvenjulega lágt. Verður því að miða við, að söluverðið hafi verið nálægt markaðsverði slíkra bifreiða. Hluti af hinum framlögðu reikningum er kostnaður vegna viðgerða á öðrum hlutum bifreiðarinnar en vélinni. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi hins vegar ekki sannað aðra galla á bifreiðinni en hina slitnu vél. Þegar allt þetta er virt og einnig það, að stefnandi lét ekki meta gallann, þá þykir með hliðsjón af málavöxtum öllum rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda bætur, sem reiknast í einu lagi kr. 16.000.00, og er þá haft í huga, að stefnandi fékk nýuppgerða vél í stað hinnar eldri, og jafnframt tekið tillit til afnotamissis stefnanda af bifreiðinni. Þá ber stefnda að greiða stefnanda vexti af ofangreindri fjárhæð, eins og síðar verður lýst. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 7.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Sigurgesti Guðjónssyni og Sigurþóri Guðjónssyni bifvélavirkjameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, Haraldur Skúlason, greiði stefnanda, Theodóru Bjarnadóttur, kr. 16.000.00 með 7% ársvöxtum frá 16. október 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til

1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 7.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1968.

Nr. 180/1967. **Kaupfélag Norður-Þingeyinga**
(Bergur Bjarnason hdl.)
gegn
Þorsteini Jónssyni,
Brynjari Halldórssyni og
Skúla Þór Jónssyni
(Jónas A. Aðalsteinsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Fiskverð. Samvinnufélög.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1967. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í bréfi Landssambands íslenzkra útvegsmanna, dags. 22. október 1968, til lögmanns stefndu, er lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, segir m. a. svo:

„Fyrst eftir gildistöku laga nr. 97/1961 bárust okkur kvartanir frá nokkrum aðiljum um það, að nokkur kaupfélagsfrystihús teldu sér óskylt að greiða verð það, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákvað sem lágmarksverð ferskra sjávarafurða.

Að tilstuðlan okkar féllust öll viðkomandi frystihús á það sjónarmið, að þeim bæri skylda til að greiða greint verð

til viðskiptaaðilja sinna, að undanskildu Kaupfélagi N.-Þingeyinga, Kópaskeri".

Af þessu efni hefur verið lagt fram bréf Sambands íslenzkra samvinnufélaga til lögmanns áfrýjanda, dags. 26. október 1968, þar sem m. a. segir svo:

„Bréfið", þ. e. áðurgreint bréf Landssambands íslenzkra útvegsmanna, „er út af fyrir sig rétt, en gefur tilefni til athugasemda,

a) mjög víða, þar sem kaupfélögin hafa fiskvinnslustöðvar, er sú starfsemi rekin í formi sérstakra hlutafélaga, sem viðkomandi kaupfélag er aðili að,

b) að sjálfsögðu er allur gangur á því, hvort þeir, sem leggja afla sinn til kaupfélags, eru félagsmenn þess eða ekki".

Eigi er í ljós leitt, að skipti aðilja, sem mál þetta er af risið, séu undanþegin ákvæðum laga nr. 97/1961 um verðlagsráð sjávarútvegsins. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað hér fyrir dómi, kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kaupfélag Norður-Þingeyinga, greiði stefndu, Þorsteini Jónssyni, Brynjari Halldórssyni og Skúla Þór Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. september 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Þorsteinn Jónsson, Hringbraut 79, Húsavík, persónulega og f. h. Brynjars Halldórssonar, Húsavík, og Skúla Þórs Jónssonar, Melum, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, birtri 20. maí 1966, á hendur Kaupfélagi N.-Þingeyinga, Kópaskeri, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 124.699.46 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1963 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Stefndi hefur gert þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Samkomulag er með málsaðiljum um að reka mál þetta hér fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur.

Málavextir eru svofelldir:

Föstudaginn 5. janúar 1962 var haldinn stjórnarfundur í Kaupfélagi N.-Þingeyinga. Af hálfu stjórnarinnar sátu fundinn þessir menn: Pétur Siggeirsson, Páll Þorleifsson, Þórarinn Haraldsson, Ingimundur Jónsson og Jóhann Helgason. Kaupfélagsstjórinn, Þórhallur Björnsson, sat og fund þennan. Á fundi þessum var einnig mættur stefnandi málsins Þorsteinn Jónsson.

Meðal annarra mála, sem rædd voru á þessum stjórnarfundi, var móttaka á fiski frá bátnum m/b Kára, ÞH 84, eign stefnenda. Mun stjórnin hafa boðið stefnanda Þorsteini Jónssyni að greiða um það bil 85% af fullnaðarverði þess fisks, sem m/b Kári legði upp hjá kaupfélaginu, en fullnaðaruppgjör mundi fara fram síðar. Um þetta atriði er gerð svofelld bókun í fundargerðarbók kaupfélagsins:

„3. mál. Fiskmóttaka. Mættur var Þorsteinn Jónsson á fundinum. Kaupfélagið hefur lagt í nokkurn kostnað til fiskmóttöku með það fyrir augum að gera „Kára", báti Þorsteins Jónssonar, fært að stunda róðra frá Kópaskeri. Stjórnin heimilar framkvæmdastjóra að semja fyrir þetta ár um móttöku fiskjar af þessum báti á grundvelli áætlunarverðs".

Samkvæmt þessu samkomulagi lagði m/b Kári upp afla sinn hjá Kaupfélagi N.-Þingeyinga á tímabilinu 1. janúar 1962 til 31. maí 1963, en stefnendur voru í föstum viðskiptum við Kaupfélag N.-Þingeyinga þetta tímabil. Kaupfélagið reiknaði stefnanda til tekna áætlunarverð, sem reyndist vera um það bil 85% af verði því, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákvarðaði sem lágmarksverð fyrir viðkomandi tímabil. Ákvarðanir verðlagsráðsins voru teknar, eftir að nefndur stjórnarfundur var haldinn. Stefnufjárhæðin er þannig mismunur á áætlunarverði stefnda og lágmarksverði samkvæmt verðákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Stefndi hefur ekki fengizt til að greiða mismun þennan þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir stefnenda. Verður nú vikið að framburðum vitna og stefnanda Þorsteins Jónssonar hér fyrir dóminum.

Stefnandi Þorsteinn Jónsson hefur skýrt svo frá, að hann og

félagar hans hafi allir verið félagsmenn í Kaupfélagi N.-Þingeyinga, áður en hann keypti bátinn Kára um mitt sumar 1961.

Stefnandinn Þorsteinn Jónsson hefur skýrt svo frá, að áður en fundurinn, sem haldinn var 5. janúar 1962 í stjórn Kaupfélags N.-Þingeyinga, hafi farið fram, hafi hann verið búinn að tala við kaupfélagsstjórann, Þórhall Björnsson, og hafi tal þeirra snúizt um það, að kaupfélagið tæki á móti fiski, en ekki með hvaða skilmálum. Stefnandi kveðst hafa verið mjög stutt á fundi kaupfélagsstjórnarinnar. Er hann hafi komið á fundinn, hafi stjórnin verið þar fyrir svo og kaupfélagsstjórinn. Þorsteinn kveðst hafa gengið á eintal með einum stjórnarmannanna, Þórarni Haraldssyni, en þó í sama herbergi. Þorsteinn segir Þórarin hafa í umræðu sinn spurt sig að því, hvort hann gæti sætt sig við 85% skráðs verðs, sem yrði þá borgað út hálfsmánaðarlega, en afgangurinn um áramót, eða hvort stefnandi heimtaði fullt verð strax. Þorsteinn segir, að sér hafi skilizt á Þórarni, að þetta hafi verið skilmálar, sem kaupfélagsstjórnin hefði orðið ásátt um að bjóða honum. Síðan segir Þorsteinn, að aðrir stjórnarmenn hafi spurt, hvort Þorsteinn og Þórarinn hafi orðið ásáttir um skilmála, og þeir sagt, að svo væri, og kvaðst Þorsteinn síðan hafa vikið af fundinum. Þorsteinn taldi, að með skráðu verði hafi verið átt við það verð, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákvæði, en ekki hafi það berum orðum verið tekið fram á greindum fundi. Stefnandi Þorsteinn kvaðst ekki hafa frétt af því fyrr en eftir áramót 1962 og 1963, er hann fór að ganga eftir eftirstöðvum fiskverðsins, að halli hefði orðið á fiskverkun og sölu miðað við verð Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Þá segist Þorsteinn heldur ekki minnast þess, að kaupfélagsstjórinn, Þórhallur Björnsson, hafi fyrr en eftir áramót 1962 og 1963 látið orð falla í þá átt, að kaupfélagið tæki við fiskinum á grundvelli sannvirðis, en ekki samkvæmt verði Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Þorsteinn sagði, að aldrei hefði verið minnzt á umboðssölu.

Þórhallur Björnsson hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann hafi verið kaupfélagsstjóri í Kaupfélagi N.-Þingeyinga á þeim tíma, sem um er fjallað í máli þessu. Hann kveðst hafa setið umræddan fund stjórnarinnar, svo sem venja sé til, og man eftir því, að stefnandi Þorsteinn kom á þann fund. Hins vegar mundi hann ekki, hvernig viðræður við stefnanda áttu sér stað á þessum fundi. Hann telur þó líklegt, að annað hvort hafi hann eða stjórnarformaður, Pétur Siggeirsson, eða þeir báðir rætt við stefnanda. Þórhallur taldi, að í stjórninni hefði

verið um það rætt, að stefnanda yrði borguð ákveðin hundraðstala af verði verðlagsráðs, en honum í umræddri bókun, sem gerð var á fundinum, verið falið að ákveða þann hundraðshluta og niðurstaðan orðið 85% eða því sem næst. Hann mundi ekki, hvort hann talaði um þetta við stefnanda þá þegar á umræddum fundi, en telur ekki ósennilegt, að þessi tala hafi verið nefnd á fundinum. Þórhallur kvaðst ekki muna, hvernig orð féllu á fundinum, en telur, að enginn hafi átt að geta farið í grafgötur með, að stefnandi ætti að fá sannvirði afurðanna og hafi það verið ákveðinn skilningur sinn og kaupfélagsstjórnarinnar. Þóhallur taldi, að í bókun þeirri, sem gerð var á nefndum fundi, hafi sér verið fengin heimild til að semja við stefnanda um það, hvert verð yrði borgað út sem áætlunarverð, og sagði, að í stjórninni hefði verið um það rætt að ganga eins langt og þeir töldu sér fært í því efni og lengra en almennt hefði tíðkazt um útborganir til félagsmanna í formi áætlaðs verðs. Þórhallur kvaðst telja öruggt, að hann hefði átt viðræður við stefnanda, áður en umræddur fundur fór fram, enda hefði að öðrum kosti ekki verið lagt í kostnað við framkvæmdir til þess að taka á móti fiski. Þórhallur sagðist ekki muna, hvort í viðtölum hans við stefnanda hafi hann tekið fram orðið sannvirði, enda sagðist hann ekki muna nákvæmlega, hvernig orð hafi fallið. Þórhallur sagði, að á því tímabili, sem Kaupfélag N.-Þingeyinga hafi tekið á móti fiski af báti stefnenda, hefði kaupfélagið einnig tekið fisk til verkunar af ýmsum öðrum bátum og hafi kaupfélagið gert upp við þá báta á sama grundvelli og kaupfélagið telur, að gera eigi upp við stefnendur.

Þórhallur taldi, að það hefði ekki verið fyrr en á árinu 1963, þó fyrir lok maí þess árs, að honum hafi orðið það ljóst, að stefnandi taldi sig eiga rétt á fullu verði í samræmi við ákvörðun verðlagsráðs.

Páll Þorleifsson, sem var í stjórn Kaupfélags Norður-Þingeyinga, þegar fundur þessi átti sér stað, hefur skýrt svo frá, að hann hafi setið umræddan fund, enda verið þar fundarritari. Hann kveðst muna eftir, að stefnandi Þorsteinn hafi mætt á þessum fundi. Páll sagði, að með áætlunarverði hafi jafnan verið átt við það verð, sem útborgað hafi verið, og hafi þess yfirleitt verið gætt að hafa það ekki hærra en ætla mætti, að fullnaðarverð yrði, þ. e. a. s. það verð, sem fékkst raunverulega fyrir afurðir við sölu. Hann segist muna eftir, að um það hafi verið rætt í stjórn kaupfélagsins að taka fisk af stefnanda og telur áreiðan-

legt, að út frá því hafi verið gengið í stjórninni, að stefnandi ætti að fá fullnaðarverð, enda sé það sá grundvöllur, sem kaupfélagið starfi á. Ekki mundi Páll eftir því, hvernig orð féllu í viðræðunum við stefnanda á fyrrgreindum fundi eða hvernig þær fóru fram, en taldi, að framkvæmdastjórinn og stjórnarformaður hefðu rætt við stefnanda.

Pétur Siggeirsson hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann hafi verið stjórnarformaður í Kaupfélagi Norður-Þingeyinga á þeim tíma, sem fyrrgreindur fundur var haldinn. Fyrir fundinum hafi legið tilmæli frá stefnanda um það, að kaupfélagið tæki við fiski af honum. Hafi á fundinum verið samþykkt, áður en stefnandi mætti þar, að honum yrði greitt áætlunarverð og síðan viðbót eftir því, hvað kæmi út úr fisksölunni. Pétur kvaðst muna eftir því, að um það hafi verið rætt að greiða nokkru hærra áætlunarverð en tíðkazt hafi um landbúnaðarvörur, enda hafi stefnandi á þessum tíma verið að kaupa bát. Sagði hann, að þetta áætlunarverð hafi áreiðanlega verið miðað við það, hvað mundi fást fyrir fiskinn á markaði. Eigi mundi hann, hvernig orð féllu, er stefnandi mætti á fundinum, en hann telur sig hafa gert stefnanda fyllilega ljósa fyrrgreinda skilmála, sem stjórnin var búin að fallast á.

Jóhann Helgason hefur skýrt svo frá, að hann hafi mætt á fyrrgreindum fundi sem varamaður í stjórn kaupfélagsins. Hann sagði, að áður en stefnandi mætti á fundinum, hafi verið búið að ræða um það, að fiskmóttaka yrði með sama sniði og þegar stefndi tæki annars við afurðum af félagsmönnum. Taldi hann, að stefnanda hefði verið gerð grein fyrir þessu, er hann mætti á fundinum, en þorði ekki að fara með það nánar, hvernig orð féllu né hver hefði aðallega átt viðræður við stefnanda. Hann tók fram í þessu sambandi, að fundurinn með stefnanda hafi verið í viðræðuformi, sem allir hefðu átt hlut að, og taldi hann, að Þórhallur hefði átt fyrsta orðið.

Þórarinn Haraldsson, sem var stjórnarformaður í Kaupfélagi N.-Þingeyinga og sat fyrrgreindan fund, hefur skýrt svo frá, að þegar stefnandi mætti á fundinum, hafi áður verið búið að ræða um það í stjórninni, með hvaða skilmálum fiskur yrði tekinn af stefnanda. Segir Þórarinn, að stjórnarmenn hafi verið sammála um það, að ekki væri hægt að greiða meira fyrir fiskinn en út úr honum fengist, enda hefði slíkur háttur verið hafður á um afurðir bænda. Hafi þó verið um það rætt að greiða eitthvað meira upp í það verð en tíðkaðist um kjöt og gærur, en upp í

þær afurðir hafi verið greit 75—80%. Þórarinn taldi, að stefnanda hefði á þessum fundi verið boðin 85% af því verði, sem var ákveðið fiskverð, og síðan viðbót, ef hærra verð fengist fyrir fiskinn samkvæmt endanlegu uppgjöri. Hann taldi, að allar úrslitaumræður hafi farið fram við borð í stjórnarherbergi, þar sem allir stjórnarmenn hafi setið auk stefnanda. Þórarinn kvað það geta staðizt, að hann hafi spurt stefnanda, hvort hann gæti sætt sig við 85% skráðs verðs eða hvort hann heimtaði fullt verð strax, en hann telur það fjarri, að hann hafi verið einhver milligöngumaður milli stefnanda annars vegar og stjórnar eða stjórnarformanns kaupfélagsins hins vegar.

Stefnendur byggja dómkröfur sínar á því, að ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins sé bindandi sem lágmarksverð í lögskiptum þeim, sem mál þetta grundvallast á, bæði fyrir fiskkaupendur og fiskseljendur, enda eigi báðir fulltrúa í Verðlagsráði sjávarútvegsins. Vitna stefnendur um þetta atriði til 10. gr. laga nr. 97 frá 1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 60/1964, og svo vitna þeir til reglugerðar nr. 180/1962.

Þá benda stefnendur á það, að 14. gr. nefndra laga nr. 97/1961 hefði fellt úr gildi 11. gr. laga nr. 1 frá 5. janúar 1938 um Síldarverksmiðjur ríkisins svo og önnur þau lagaákvæði, er brjóti í bága við nefnd lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Því eigi samvinnufélagalögin nr. 46/1937 ekki við í því tilviki, sem hér er um fjallað. Þá hafa stefnendur mótmælt því, að stefndi hafi tekið fisk þann í umboðssölu, er m/b Kári lagði upp hjá stefnda á fyrrgreindu tímabili. Að endingu mótmæla stefnendur því, að halli hafi orðið á fisksölunni, enda hafi stefndi þrátt fyrir áskoranir stefnenda ekki lagt fram fullnægjandi reikningsyfirlit um viðskipti þessi.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að haustið 1961 hafi hann lagt í töluverðan kostnað, hátt í ½ milljón króna, til þess að geta tekið við fiski til sölumeðferðar af stefnendum. Í framhaldi af því hafi verið haldinn fundur í stjórn hins stefnda kaupfélags. Á þessum fundi hafi stefnandi Þorsteinn Jónsson verið viðstaddur og honum verið fullkunnugt um það, að samþykki fundarins um að taka á móti fiski af báti stefnenda á grundvelli áætlunarverðs þýddi það, að stefnendur skyldu fá greitt sannvirði þeirra afurða, er þeir legðu til kaupfélagsins.

Stefndi bendir á, að Kaupfélag Norður-Þingeyinga sé samvinnufélag samkvæmt lögum nr. 46 frá 13. júní 1937 og stefnendur

séu meðlimir þessa samvinnufélags. Sem slíkir hafi stefnendur lagt afurðir m/b Kára til sölumeðferðar hjá stefnda, sbr. 2. gr., 2. tl., nefndra laga um samvinnufélög, og samkvæmt þeim sömu lögum, 2. og 3. grein, geti stefndi ekki greitt stefnendum hærra verð en hann hefur þegar gert í því tilviki, sem hér er um fjallað.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er það skoðun stefnda, að hann hafi tekið við fiskafurðum m/b Kára til sölumeðferðar frá stefendum sem hverjum öðrum félagsmönnum sínum og stefnendum beri síðan aldrei meira en rétt og endanlegt verð, svo sem öllum öðrum meðlimum samvinnufélags. Fyrir því eigi lög nr. 97/1961, 10. gr., ekki við um þetta mál. Jafnvel þótt stefndi yrði talinn hafa keypt fiskafurðirnar af stefnendum, telur stefndi, að andi og meginreglur laga um samvinnufélög gildi í þessu tilfelli framar nefndri 10. gr. laga nr. 97/1961.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 97/1961, sbr. lög nr. 60/1964, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, er aðalverkefni verðlagsráðs m. a. að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla, sem seldur er til vinnslu hér á landi eða selja skal í skip eða annað flutningatæki til útflutnings óunninn. Enn fremur segir í 7. gr., 1. mgr., að verðlagsráð skuli við ákvarðanir sínar um lágmarksverð sjávarafla m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum svo og framleiðslukostnaði þeirra. Samkvæmt 10. gr. laganna eru ákvarðanir verðlagsráðs bindandi sem lágmarksverð, og má enginn selja sjávarafla undir því verði, sem ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum laganna.

Samkvæmt 14. gr. laganna eru jafnframt felld „úr gildi 11. gr. l. nr. 1 frá 5. janúar 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins, svo og önnur þau lagaákvæði, er brjóta í bága við lög þessi".

Hvorki í lögunum, greinargerð með frumvarpinu, er það var lagt fram á Alþingi, né umræðum um málið á þeim vettvangi kemur það fram, að samvinnufélög eigi að vera undanþæg ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins um lágmarksverð á ferskum sjávarafla. Verður því að telja vegna hinna fortakslausu ákvæða 10. gr. og 14. gr. laga nr. 97/1961, að stefndi sé bundinn af því lágmarksverði, sem verðlagsráðið hefur ákveðið í því tilviki, sem hér um ræðir, og lög nr. 46/1937 um samvinnufélög fái hér engu um þokað. Verður dómkrafa stefnenda því tekin til greina, enda hefur hún eigi sætt tölulegum andmælum af hálfu stefnda.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að

gjalda stefnendum kr. 124.699.46 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1963 til greiðsludags svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.964.00, og hefur þá verið tekið tillit til reiknings yfir vélritunarkostnað að upphæð kr. 1.100.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Árna Stefánssyni hæstaréttarlögmanni og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Norður-Þingeyinga, greiði stefnanda Þorsteini Jónssyni persónulega og fyrir hönd Brynjars Halldórssonar og Skúla Þórs Jónssonar kr. 124.699.46 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1963 til greiðsludags og kr. 20.964.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1968.

Nr. 159/1968. **Lárus Blöndal** (Benedikt Blöndal hrl.)
og Vilmundur Jónsson
(Sigurður Baldursson hrl.)
gegn
Halldóri Arinbjarnar
(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Lögbann. Ritfrelsi. Kjörbörn.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1968 og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur og lögbannsgerð verði úr gildi felld og þeim dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt grunnreglum laga um þagnarvernd einkalífs á stefndi rétt til þess, að nöfn náttúrlegra foreldra kjörbarns hans, þess, sem í máli þessu greinir, verði eigi birt í ritinu „Læknar á Íslandi", sem áfrýjendur ritstýra. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Lárus Blöndal og Vilmundur Jónsson, greiði stefnda, Halldóri Arinbjarnar, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. ágúst 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. f. m., hefur Halldór Arinbjarnar læknir, Hvassaleiti 44 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. október 1967, gegn Lárusi Blöndal, Rauðalæk 42, Vilmundi Jónssyni, Ingólfsstræti 14, og til réttargæzlu Pétri Ólafssyni forstjóra f. h. Ísafoldarprentsmiðju, öllum í Reykjavík.

Kröfur stefnanda í málinu eru þær, að staðfest verði lögbann, sem sett var samkvæmt úrskurði borgarfógeta í Reykjavík, uppkveðnum 11. september 1967, gegn því, að nafna foreldra kjörbarns stefnanda verði getið í bók þeirri, sem fyrirhugað er að gefa út um æviágrip lækna á Íslandi og sem stefndu standa fyrir útgáfu að. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum að mati dómarans, þar á meðal kostnaðar við lögbannið.

Stefndu, Lárus Blöndal og Vilmundur Jónsson, hafa krafizt þess, að lögbannsgerð sú, sem fram fór hinn 11. september 1967,

verði felld úr gildi. Hafa stefndu og hvor um sig krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Engar kröfur að formi til hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hefur hann ekki gert sjálfstæðar kröfur í málinu.

Málavextir eru þeir, að á árinu 1961 tóku stefndu, Lárus Blöndal og Vilmundur Jónsson, að sér sem höfundar að gera úr garði og búa til prentunar fyrir réttargæzlustefnda, sem hafði á hendi útgáfu, nýja, endurskoðaða og aukna útgáfu ritsins „Læknar á Íslandi" (útg. 1944). Í samningi með þessum aðiljum, sem dagsettur er 30. september 1961 og undirritaður 31. maí 1963, segir m. a., að efnistilhögun og formi verði í ritinu í höfuðatriðum haldið óbreyttu. Þó verði talin börn lækna með fæðingar/dánardögum, stöðu karla og sjálfstæðra kvenna, en getið hjúskapar giftra kvenna. Verði að öðru leyti vikið frá meðferð efnis, kemur aðeins til álita að endurbæta það og auka frá því, sem er, en skerðing þess kemur ekki til greina. Höfundar skuli annast innheimtu á drögum æviatriða lækna til aukningar ritinu. Þó leggi útgefandi til prentuð eyðublöð til þessarar gagnasöfnunar eftir fyrirsögn höfunda.

Í eyðublaði því, sem læknum var sent til útfyllingar, var óskað upplýsinga um börn þeirra, þar á meðal að getið yrði upphaflegra foreldra kjörbarns.

Stefnandi og eiginkona hans höfðu hinn 4. apríl 1957 fengið gefins til ættleiðingar meybarn, og var ættleiðingarbréf þeim til handa gefið út hinn 5. júlí 1957.

Er stefnandi útfyllti framangreint eyðublað frá stefndu, gaf hann upp, að barnið væri kjörbarn, en lét hins vegar ósvarað því, hverjir væru foreldrar þess. Getur stefnandi þess í aðiljaskýrslu sinni, dags. 11. október 1967, að foreldrar barnsins, sem voru gift hjón, hafi látið það frá sér vegna ómegðar, fátæktar og heilsuleysis. Af þessum sökum hafi hann ekki gefið upp nöfn þeirra í eyðublaðinu, þar eð hann taldi slíkt ástæðulaust og til þess að valda foreldrum barnsins og því sjálfu óþarfa sársauka og erfiðleikum.

Þar sem stefnandi hafði eigi látið í té hér umræddar upplýsingar, öfluðu stefndu Lárus og Vilmundur þeirra úr Þjóðskránni hjá Hagstofu Íslands. Er stefnandi varð þessa vís og taldi höfunda hafa í hyggju að birta þær upplýsingar í ritinu, átti hann viðræður við þá bæði einslega og með öðrum læknum, er líkt var ástatt um, svo og bréfaskipti, þar sem hann fór fram á, að

sleppt yrði að birta nöfn foreldra kjörbarnsins í ritinu. Samskipti stefnanda og stefndu að þessu leyti leiddu eigi til endanlegrar niðurstöðu. Stefnandi fékk því lögbann sett gegn því, að umræddar upplýsingar yrðu birtar í ritinu, svo sem áður greinir.

Krafa stefnanda í málinu er reist á 66. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um friðhelgi heimilis svo og þeirri reglu, sem fram komi í 229. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 1940 um vernd gegn uppljóstrunum um einkalíf borgaranna. Telur stefnandi, að birting á nöfnum foreldra kjörbarns hans í margnefndu riti gegn hans samþykki brjóti í bága við þá vernd, sem framangreind ákvæði veiti honum. Hér sé um að ræða svo nána þætti einkalífs hans. Bendir hann á í því sambandi, að þróun réttarins beinist sífellt í þá átt að rjúfa öll tengsl kjörbarna við foreldra sína, bæði á vettvangi erfðarréttarins og löggjafar um ættleiðingu. Þrátt fyrir hina almennu reglu íslenzks réttar um tjáningarfrelsi og prentfrelsi sé mönnum settar vissar skorður gegn þeim rétti, en það séu einkum skorður til verndar einkalífi manna og hagsmunum. Ákvæði 8. gr. laga nr. 13/1905 um rithöfundarétt og prentrétt eigi hér ekki við, enda geti það ákvæðií engu breytt um rétt stefnanda á vernd einkalífs hans. Bendir stefnandi og á það í þessu sambandi, að ákvæði 26. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann veiti honum rétt til að vernda slíkan rétt sinn með lögbanni. Tekur stefnandi það einnig fram, að hér umrætt rit sé ekki ættfræðirit, heldur sé það einvörðungu handbók til skjótra upplýsinga, sem aldrei verði tæmandi taldar. Hann geri ekki kröfu til þess, að sleppt verði í ritinu þeirri staðreynd, að barn hans sé kjörbarn, heldur eingöngu nöfnum foreldra þess.

Kröfur stefndu eru studdar þeim rökum, að þeir séu höfundar að ritinu og ráði því allri gerð þess og efni. Tilgangur að útgáfu ritsins sé sá að samræma upplýsingar um lækna á Íslandi og meðal þeirra breytinga frá hinni fyrri útgáfu ritsins, sem gera skyldi á þessu riti, hafi verið sú, að geta barna lækna, en þeirra hafi eigi verið getið í hinni fyrri útgáfu. Stefndu telji það skyldu sína, að margnefnt rit verði öruggt í upplýsingum sínum og rétt, enda sé hér um að ræða ættfræðirit og ætt manns, en ekki einkamál hans. Upplýsingar þær, sem stefnandi vill meina, að birtar verði í ritinu og lögbannið tekur til, eru að finna í opinberum skjölum, en samkvæmt 8. gr. laga nr. 13/1905 er hverjum og einum heimil birting slíkra skjala. Þá benda stefndu á það, að eigi sé endanlega ráðið af þeirra hálfu efni ritsins, en telja

hins vegar ákvörðun um slíkt að öllu leyti vera á þeirra valdi sem höfunda. Af þeirri ástæðu hafi þeir eigi enn gefið stefnanda svar um það, hvort þær upplýsingar, sem lögbannið nær til, verði í hinu væntanlega riti við útgáfu.

Við hinn munnlega flutning málsins upplýstu lögmenn stefndu, að stefndu hefðu afhent réttargæzlustefnda handrit að ritinu, en það mun bera nafnið „Læknar á Íslandi", og hann gert prófarkir að því. En samkvæmt þeim próförkum eru birt nöfn foreldra kjörbarns stefnanda.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá Hagstofu Íslands, dags. 11. júlí 1968, en þar segir m. a., að hver lögráða maður geti hjá Þjóðskránni fengið fæðingarvottorð um hvern sem er. Sé beðið um fæðingarvottorð fyrir ættleiddan mann, þá komi fram á því bæði nöfn foreldra og kjörforeldra.

Rit það, sem í máli þessu ræðir, „Læknar á Íslandi", er skrá yfir alla lækna hér á landi, þar sem getið er ýmissa atriða í æviferli þeirra, einkum náms og starfa svo og fjölskyldu þeirra. Þessi atriði eru fyrst og fremst byggð á upplýsingum frá læknunum sjálfum í svörum þeirra við ákveðnum spurningum frá höfundum. Ritinu er ætlað að verða almenningi til upplýsinga um læknastéttina. Telur dómarinn því, að þeir, sem ritið getur, eigi rétt til nokkurrar íhlutunar um það, hvað um þá er birt í ritinu.

Í tilviki því, sem mál þetta snýst um, er um það atriði að ræða, hvort stefndu sé heimilt gegn andmælum stefnanda að birta í ritinu nöfn foreldra kjörbarns hans.

Tengsl kjörbarns við foreldra sína rofnar að lögum við ættleiðingu, en skapast með sama hætti við kjörforeldra. Eðli ættleiðingarinnar er þann veg háttað, að það er nokkurt viðkvæmnismál þeirra, sem hlut eiga að máli, og tengt persónulegu einkalífi, enda tilkoma hennar með margvíslegu móti. Er það því álit dómsins, að samkvæmt grundvallarreglum persónuréttarins eigi stefnandi rétt til þess að meina birtingu á nöfnum foreldra kjörbarns hans í framangreindu riti, þótt upplýsinga þar að lútandi verði aflað hjá opinberum stjórnvöldum.

Samkvæmt þessu framansögðu ber að taka kröfur stefnanda til greina í málinu, og verður lögbann það, sem lagt var með úrskurði borgarfógeta í Reykjavík hinn 11. september 1967, við því, að getið verði nafna foreldra kjörbarns hans í ritinu „Læknar á Íslandi", staðfest.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Hákon Guðmundsson yfirborgardómari kvað upp dóm þennan, en uppsaga hans hefur dregizt fram yfir venju vegna sumarleyfa.

Dómsorð:

Framangreint lögbann staðfestist.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 11. september 1967.

Gerðarbeiðandi, Halldór Arinbjarnar læknir, Hvassaleiti 44, hefur krafizt þess, að lögbann verði lagt við því, að í væntanlegu ritverki um lækna á Íslandi (Læknatal á Íslandi) verði getið nafna náttúrlegra foreldra kjörbarns hans. Lögbannsgerð þessari er beint að höfundum rits þessa, Lárusi H. Blöndal, Rauðalæk 42, og Vilmundi Jónssyni, Ingólfsstræti 14, svo og til réttargæzlu að Pétri Ólafssyni f. h. Ísafoldarprentsmiðju, sem gerðarbeiðandi kveður munu vera útgefanda verks þessa. Gerðarbeiðandi hefur krafizt málskostnaðar úr höndum gerðarþolanna.

Greinargerðir hafa fram komið af hálfu þeirra Lárusar H. Blöndals og Péturs Ólafssonar annars vegar og Vilmundar Jónssonar hins vegar. Réttarkröfur þeirra eru þær *aðallega,* að synjað verði um lögbannsgerð þessa og gerðarbeiðanda verði gert að greiða málskostnað, en *til vara,* að gerðin verði því aðeins látin ná framgangi að gerðarbeiðandi setji 10 milljón kr. lögbannstryggingu.

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 24. ágúst s.l., og hefur uppkvaðning úrskurðar dregizt vegna forfalla.

Í málinu liggja fyrir bréf, sem gerðarbeiðandi ásamt fleiri læknum hefur ritað gerðarþola Vilmundi Jónssyni og ritstjórn Læknatals, hið fyrsta þeirra dagsett 13. október 1965. Kemur fram í bréfum þessum viðleitni lækna þessara til þess að fá fellt niður úr Læknatali nöfn náttúrlegra foreldra kjörbarna hvers þeirra um sig, en þær tilraunir hafi reynzt árangurslausar.

Vísar gerðarbeiðandi í máli þessu til 66. greinar stjórnarskrár um friðhelgi einkalífs og til 229. greinar almennra hegningarlaga um viðurlög við brotum fyrrnefndrar stjórnarskrárgreinar. Bendir hann á, að hann hafi við ættleiðinguna gengið út frá því, að atriði þau, sem lögbannskrafa þessi gengur út á, yrðu ekki gerð opinber af óviðkomandi aðiljum, og það að þarflausu.

Gerðarþolar telja óheimilt að verða við kröfu gerðarbeiðanda um lögbann. Upplýsingar þær, sem gerðarbeiðandi vilji hindra,

að komi fyrir almenningssjónir, sé að finna í opinberum skjölum, sem öllum sé heimilt að gefa út, sbr. 8. gr. laga nr. 13/1905. Ætt manns sé ekki einkamál hans, sbr. ýmsar greinar laga nr. 39/1921. Þannig eigi tilvitnanir gerðarbeiðanda í stjórnarskrá og hegningarlög ekki við. Aftur á móti megi í þessu sambandi benda á 72. grein stjórnarskrár, þar sem segi, að ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi megi aldrei í lög leiða, og geti gerðarbeiðandi ekki farið með fógetavaldi að manni og sagt honum fyrir um það, hvernig hann megi eða megi ekki skrifa. Varakrafan í málinu sé byggð á því, að hætt sé við, að mikið fjártjón hljótist af lögbanni, nái það fram að ganga, og megi svo fara, að ritið stöðvist alveg, ef menn fari þá leið, sem gerðarbeiðandi hafi hér hafið, og fari slíkt alsendis í bág við vald það, sem gerðarþolar hafi yfir efni ritsins, en afskipti gerðarbeiðanda gætu fyrst komið til, þá er ritið liggi fyrir útgefið á prenti. Lögbannsbeiðni sé loks formlega gölluð, þar eð ekkert liggi fyrir um afstöðu hinna náttúrlegu foreldra kjörbarns gerðarbeiðanda né heldur kjörbarnsins sjálfs og engar upplýsingar liggi fyrir um aldur þess.

Ekki virðist neitt það hafa komið fram í máli þessu, sem útiloki, að gerðarbeiðandi eigi þann rétt, sem hann krefst viðurkenningar á í lögbannsmáli þessu, en það er að ráða sjálfur, hvort birt verði í Læknatali nöfn náttúrlegra foreldra kjörbarns hans. Verður ekki annað fyrir hendi en að láta lögbannsgerð þessa ná framgangi gegn því, að gerðarbeiðandi setji tryggingu, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 100.000.00.

Ekki þykir rétt að sinna framkomnum kröfum aðilja um málskostnað fyrir fógetarétti, enda verða væntanlega hafðar uppi málskostnaðarkröfur í staðfestingarmáli.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Lögbannsgerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn 100 þúsund króna tryggingu af hans hálfu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 30. október 1968.

Nr. 108/1967. **Hinrik Ragnarsson**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Gunnari Ásgeirssyni h/f
(Vilhjálmur Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. ágúst 1967. Krefst hann þess, að í aðalsök í héraði verði honum dæmt að greiða stefnda kr. 11.792.00. Hins vegar verði stefnda dæmt að greiða honum í gagnsök í héraði kr. 112.700.00 með 8% ársvöxtum frá 21. maí 1964 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi ekki lagt fram ný gögn og engin þau rök fært fram, er hnekki áliti hinna dómkvöddu skoðunarmanna og sérfróðu samdómenda. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Samkvæmt þessu ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilegur kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hinrik Ragnarsson, greiði stefnda, Gunnari Ásgeirssyni h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. maí 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. apríl 1967, hefur stefnandi, Gunnar Ásgeirsson h/f, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 13. nóvember 1964, á hendur Hinriki Ragnarssyni, Skipasundi 9, Reykjavík, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 41.784.00 auk 8% ársvaxta frá gjalddaga til greiðsludags og málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu og að honum verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Með gagnstefnu, útgefinni 13. apríl 1966, höfðar stefndi gagnsóknarmál á hendur Gunnari Ásgeirssyni h/f, Suðurlandsbraut 16, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 112.700.00 ásamt 8% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 21. maí 1964 til greiðsludags. Jafnframt krefst hann málskostnaðar að mati réttarins.

Gagnstefndi krefst algerrar sýknu af kröfum gagnstefnanda og að honum verði gert að greiða málskostnað að mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins breytti aðalstefndi og gagnstefnandi kröfum sínum þannig, að hann féll frá mótmælum gegn dskj. nr. 4 og 5, þannig að umbjóðanda sínum (sic) yrði aðeins gert að greiða kr. 11.792.00. Í gagnsök krefst hann skuldajafnaðar og sjálfstæðs dóms um kröfuafganginn. Að öðru leyti eru kröfur hans óbreyttar.

Að tilhlutun dómsins og með samþykki aðilja var málið endurupptekið þann 2. maí 1967 og þá lögð fram tvö ný skjöl. Aðalstefndi og gagnstefnandi kom fyrir dóm þann 3. maí s. á. og tjáði sig á ný um sakarefnið. Málið var síðan lagt í dóm sama dag, og voru kröfur aðilja óbreyttar.

Í aðalsök eru málavextir þessir að sögn aðalstefnanda: Snemma á árinu 1963 ákvað aðalstefndi að kaupa hjá aðalstefnanda Volvovöruflutningabifreið. Bifreiðin kom til landsins með m/s Laxá þann 6. maí 1963. Á leiðinni yfir hafið varð m/s Laxá fyrir brotsjó. Bifreið aðalstefnda var á þilfari. Er brotsjórinn gekk yfir skipið, kastaðist hún af lestarlúgunni, en stöðvaðist á borðstokknum með framhjól og vélarhús útbyrðis. Telur aðalstefnandi, að sennilegt se, að gírkassahús bifreiðarinnar hafi brotnað við að lenda á borðstokknum, en meginhluti þyngdar bifreiðarinnar lenti á gírkassanum. Bifreiðin vó í flutningi 6.780 kg., en framhlutinn er mun þyngri en afturhlutinn. Einnig skekktist pallur bifreiðarinnar mikið, þannig að framendinn gekk út yfir á hægri

hlið, en við það bognaði öxull sá, sem festir pallinn niður á bifreiðargrindina að aftan. Þá skemmdust sturtur og margt fleira.

Þegar ljóst varð, hve skemmdir bifreiðarinnar voru miklar og alvarlegar, var aðalstefnda Hinriki boðið upp á tvo kosti:

1. Að pöntuð yrði fyrir hann ný sams konar bifreið og skemmda bifreiðin auglýst til sölu í þáverandi ástandi og seld hæstbjóðanda eða að gert yrði við hana og hún yrði síðan seld einhverjum öðrum en Hinriki, þar eð ný bifreið yrði pöntuð handa honum.
2. Að gert yrði við bifreiðina og stefndi Hinrik tæki við henni að því loknu, og yrði þá samið við hann um fébætur til viðbótar fyrir óbeint tjón og þær skemmdir, sem síðar kynnu að koma fram.

Báðar þessar lausnir á málinu voru ræddar við aðalstefnda. Á þessu stigi málsins var honum enn fremur heimilt að draga pöntun sína til baka og hætta við öll kaup, þar eð með pöntun á annarri bifreið var fyrirsjáanlegur nokkurra mánaða dráttur á afgreiðslu.

Engin ákvörðun var tekin, fyrr en aðalstefndi Hinrik kom með ákveðna tillögu að eigin frumkvæði um, að hann tæki við bifreiðinni í því ástandi, sem hún var í, óviðgerðri, og gerði sjálfur eða léti gera við skemmdirnar, en fengi tjónið bætt með peningum, og fór hann fram á ákveðna upphæð, er nam kr. 120.000.00.

Þessum viðræðum lauk með samkomulagi allra aðilja um, að uppgjör á tjóninu færi fram beint á milli Hinriks og Sjóvátryggingarfélagsins, sem bifreiðin var tryggð hjá. Í því uppgjöri var tekið tillit til verðs á nýjum gírkassa, sem ekki var vitað, hve væri illa skemmdur, svo og skemmdum af völdum salts, sem síðar kynnu að koma fram. Endanlegt uppgjör var þannig, að Sjóvátryggingarfélag Íslands greiddi aðalstefnda Hinriki kr. 97.500.00, og gekk sú greiðsla inn á reikning hans hjá stefnanda.

Að þessum samningum loknum tók aðalstefndi við bifreiðinni og hóf að láta gera við hana, og hafði aðalstefnandi ekki önnur bein afskipti af viðgerðinni en þau að útvega þá hluti, sem þurfti og mögulegt reyndist að útvega.

Eftir að samningarnir um bótagreiðslur fyrir tjónið voru gerðir, ákvað aðalstefndi að láta gera við brotna gírkassann, þótt reiknað hafi verið með nýjum gírkassa í bótaupphæðinni. Um borð í skipinu hafði bifreiðin verið í 2. gír, og mátti því strax búast við, að a. m. k. hann hefði skemmzt, þegar bifreiðin hentist til á þilfari skipsins, auk gírkassahússins, sem brotnaði, enda mun

aðalstefndi hafa pantað m. a. 2.-gírs hjól, sem komið gat til greina að endurnýja. Einnig pantaði hann nýtt gírkassahús, en þá vildi það óhapp til, að verksmiðjan afgreiddi rangt hús, þótt af sömu stærð í bifreið væri. En þar sem aðalstefndi og gagnstefnandi hefur fallið frá mótmælum sínum gegn greiðslu þeirra reikninga, er snerta gírkassahúsið, verða ekki raktar frekar deilur aðilja í sambandi við það, enda koma þær ekki við gagnsökina.

Þann 21. maí 1964 kveður aðalstefnandi aðalstefnda hafa komið til sín og tjáð sér, að þann dag hafi hann verið að losa hlass af bifreiðinni hjá Hafskip h/f suður í Tívolí. Þegar hann ætlaði að lyfta pallinum upp, hafi jarðvegurinn undir hægra afturhjóli gefið eftir og bifreiðin sigið niður þeim megin með þem afleiðingum, að pallurinn hefði leitað undan hallanum, beygt og rifið lausan aftasta bitann, þverbitann (sturtuöxulinn), og fallið niður á bifreiðargrindina, en þá hafi sturtustrokkarnir orðið á milli, bognað og eyðilagzt.

Sturtuöxull þessi (aftasti þverbitinn) sé sá sami og bognað hafi í sjótjóninu og verið gert við hjá vélsmiðjunni Katli. Eftir þetta tjón bað aðalstefndi um, að nauðsynlegir hlutir yrðu pantaðir fyrir sig, og var það gert samdægurs með símskeyti. Þegar varahlutirnir voru afgreiddir til aðalstefnda nokkrum dögum síðar, óskaði hann eftir gjaldfresti, og var hann veittur umyrðalaust.

Um það bil þrem mánuðum eftir þetta talaði aðalstefnandi við aðalstefnda og krafði hann um skuld hans við fyrirtækið, og var þá liðinn fjórfaldur sá greiðslufrestur, sem um hafði verið talað, en þá neitaði aðalstefndi öllum greiðslum og kvað aðalstefnanda bera ábyrgð á öllu því tjóni, sem hann hefði orðið fyrir.

Eftir framangreinda viðgerð kom í ljós á fyrsta vinnudegi, að hluti af öðrum hinna nýju sturtustrokka þandist út, og kom þá aðalstefndi með bifreiðina til aðalstefnanda. Var þá skipt um þann hluta strokksins, sem skemmdist, og var því lokið samdægurs. Aðalstefndi vann sjálfur að viðgerðinni eftir getu. Næsta dag endurtók sig sama atvikið, og bilaði sá hluti strokksins, sem skipt hafði verið um daginn áður. Daginn eftir hafði afkastagetu verkstæðisins verið ráðstafað, svo að ekki var hægt þá að gera við skemmdirnar. Var aðalstefnda skýrt frá því, og kvað hann það ekki koma að sök, því að hann ætlaði að kaupa sér nýjar sturtur.

Aðalstefnandi mótmælir því, að nokkur hafi sagt aðalstefnda,

að ómögulegt væri að gera við hinar nýju sturtur, enda fráleitt að telja viðgerð ómögulega. Svo fór, að aðalstefnandi fékk ekki tækifæri til þess að ganga úr skugga um, hvað olli þessum bilunum á tveim sturtustrokkum í röð á sama hátt, en hann telur sennilegt, að við hnjaskið, þegar pallurinn fór af bifreiðinni í Tívolí, hafi ákveðinn loki í vökvakerfinu skaddazt og því hafi álagið af hlassinu allt lent á öðrum sturtustrokknum í stað þess að jafnast á báða, þó sé þetta aðeins ályktun, en ekki vissa.

Aðalstefndi og gagnstefnandi skýrir þannig frá málavöxtum:

Hann kveðst hafa sjálfur boðizt til að taka bifreiðina, eins og hún var eftir sjótjónið, með því skilyrði, að hann fengi sjálfur sem reyndur bifreiðarstjóri að sjá um viðgerðina og koma henni á þau verkstæði, sem hann samþykkti. Þá hafi verið samið svo um, að hann fengi bætur þær, sem Sjóvátryggingarfélagið greiddi, kr. 97.500.00.

Hann veitti bifreiðinni viðtöku 10. maí 1963, og að loknum þeim undirstöðuviðgerðum, er Bifreiðaeftirlit ríkisins taldi gildar, var bifreiðin skráð þann 24. maí 1963 R 3726. Eftir þetta hóf hann akstur bifreiðarinnar í sambandi við atvinnu sína með venjulegum hætti. Þann 5. júlí 1963 fékk hann endanlegan reikning fyrir bifreiðinni, og reyndist heildarverðið vera kr. 660.860.00. Þar frá drógust kr. 20.187.00, lækkun á tollgjöldum vegna sjótjónsins.

Síðan vann hann að viðgerð bifreiðarinnar í áföngum, eftir því sem hagaði til um atvinnu hans og fjárráð. Eftir að gert hafði verið við gírhúsið, lét hann vélsmiðjuna Ketil gera við aftari sturtuöxulinn, sem skemmzt hafði við sjótjónið, og enn fremur við vinstra hliðarborðið á vörupalli. Sturtustrokkar (cylinderar) skemmdust ekki við sjótjónið.

Þegar bifreiðin var tekin í notkun, kom í ljós, að sturtustrokkarnir reyndust ófullnægjandi. Leit út fyrir, að þessi veila stafaði af göllum í þrýstivökvakerfi því, sem stjórnað er úr húsi bifreiðarinnar. Undan þessu var þegar í stað kvartað við aðalstefnanda, en forsvarsmenn fyrirtækisins töldu sig ekki geta gert sér fyllilega ljóst, hvað um væri að ræða, og báðu þess, að beðið yrði, þar til fyrirmæli fengjust frá verksmiðjunni um, hvað gera skyldi.

Í þessu sambandi getur aðalstefndi þess, að með sömu ferð og hann fékk sína bifreið hafi Ásmundur Guðmundsson bifreiðarstjóri einnig fengið bifreið, sem ekki varð fyrir neinu sjótjóni,

en á henni komu nákvæmlega sömu gallar fram á sturtum. Virtist þeim báðum, að hér hlyti að vera um verksmiðjugalla að ræða, þar sem ekki hafði neitt komið fram, sem benti til þess, að bifreiðin hefði orðið fyrir skemmdum á lyftibúnaði við sjótjónið.

Þann 21. maí 1964 kveðst hann hafa verið við vinnu með bifreiðina suður í Tívolí. Tiltölulega létt hlass var á henni, eingöngu gjall, svonefnd „rauðamöl". Þá gaf sig sturtustrokkur með þeim hætti, að vörupalli varð ekki komið í fulla hæð, og gat hann því ekki losnað við hlassið. Hugðist hann þá láta pallinn síga og reyna síðar að lyfta honum aftur, en þá skipti engum togum, að aftasti þverbitinn reif sig lausan, og sturtustrokkarnir sprungu. Jafnframt bognuðu þeir, svo að vörupallurinn skekktist til hægri, þannig að vinstra framhorn hans nam við stýrishúsið, og skemmdist það allmikið, þar eð fullt hlass var á fremri hluta pallsins. Nokkurs misræmis gætir í frásögn aðalstefnda af þessum atburði. Ofangreind lýsing á atburðinum er úr aðiljaskýrslu hans á dskj. nr. 9.

Á tjónskýrslu, sem hann viðurkennir að hafa gefið Sjóvátryggingarfélagi Íslands, dskj. nr. 34, segir svo:

„Á ofangreindum stað (þ. e. Tívolí) var ég að losa rauðamöl af bifreiðinni. Þegar ég var að lyfta pallinum, seig undan bifreiðinni hægra megin, en við það hallaðist pallurinn yfir í hægri hliðina og sleit cylendra og skemmdi fleira við það að brotna undan þunga sínum".

Í réttarhaldinu 7. nóvember 1966 skýrir aðalstefndi svo frá, að er hann var búinn að lyfta pallinum ca. metra miðað við framenda pallsins, þá stöðvaðist pallurinn, þ. e. sturturnar hættu að hífa. Slakaði hann þá pallinum niður, en við það gaf sturtubitinn eða cylender sig, og um leið seig bifreiðin niður við það, að þyngslin komu öll út í aðra hliðina. Á bifreiðinni var í þetta sinn 90 tunnur af rauðamöl, eða ca. 8—9 tonn.

Aðalstefndi kveðst strax hafa skýrt aðalstefnanda frá þessu, og voru þá pantaðir nýir strokkar í sturturnar og aftasti öxullinn. Viðgerðin var framkvæmd á Vélaverkstæðinu Boða í Þorlákshöfn. Ekki var gert neitt annað en setja í þá varahluti, sem keyptir höfðu verið hjá aðalstefnanda, utan þess að rétta vörupall og hliðarborð.

Þann 3. júní fór hann svo sína fyrstu ferð að þessari viðgerð lokinni. En í annarri ferðinni sama dag, er hann var að sturta

hlassi með venjulegum hætti, veitti nærstaddur maður því athygli, að sturtustrokkarnir voru að gefa sig. Vegna þess að hann var aðvaraður í tæka tíð, tókst að forða tjóni.

Við athugun kom í ljós, að nýju sturtustrokkarnir reyndust ónothæfir. Var aðalstefnanda tilkynnt þetta þegar í stað. Umboðið taldi sig geta bætt úr þessu, en daginn eftir fóru þessir strokkar alveg. Eftir þetta kveðst hann hafa gefizt upp við að leita frekar til aðalstefnanda um viðgerðir, enda hafi hann beinlínis skýrt sér frá, að ekki væri mögulegt að gera við hinar nýju sturtur. Hann hafi því neyðzt til að kaupa nýjar sturtur hjá Ísarn h/f og hafi þær reynzt fullnægjandi.

Í aðalsök reisir aðalstefnandi kröfur sínar á fjórum reikningum, dskj. nr. 3, 4, 5 og 6. Reikningar þessir eru fyrir ýmsum varahlutum, sem aðalstefndi hefur orðið að kaupa til viðgerðar bifreiðarinnar og nema samanlagt stefnukröfunni. Hann bendir á, að skemmdir þær, sem á bifreið aðalstefnda urðu, hafi ekki stafað af neinum verksmiðjugöllum, heldur af óhöppum, sem bifreiðin varð fyrir og áður hefur verið lýst.

Aðalstefndi telur hluti þá, sem um getur á dskj. nr. 3 og 6, hafa verið gallaða og beri sér ekki að greiða þá.

Eins og áður greinir, viðurkenndi aðalstefndi í munnlegum málflutningi reikningana á dskj. nr. 4 og 5, og koma því aðeins til álita reikningarnir á dskj. nr. 3 og 6. Reikningurinn á dskj. nr. 3 er dags. 1. júní 1964 og hljóðar upp á tvo sturtustrokka, kr. 22.736.00, og einn aftari burðaröxul í sturtur, kr. 5.655.00, eða samtals kr. 28.391.00.

Í sambandi við mótmæli sín gegn þessum kröfulið svo og kröfur sínar í gagnsök óskaði aðalstefndi og gagnstefnandi eftir því, að dómkvaddir yrðu tveir óvilhallir menn til þess að meta tjón það, sem aðalstefndi hafði orðið fyrir vegna galla, er komu fram í lyftubúnaði hinnar umdeildu bifreiðar.

Þann 1. desember 1965 dómkvaddi yfirborgardómari þá Sigurgest Guðjónsson bifvélavirkja og Valdimar Leonhardsson verkstjóra til þess að framkvæma hið umbeðna mat. Frá þeim liggja fyrir tvær matsgerðir á dskj. nr. 21 og 35.

Á dómþingi 7. nóvember 1966 lýstu báðir matsmennirnir því yfir, að þeir hefðu ekki séð neina verksmiðjugalla á þeim hlutum, sem þeir skoðuðu úr bifreiðinni, þar á meðal hinum umdeildu strokkum.

Eins og að framan greinir, bila vökvasturtur fyrst hinn 21. maí 1964 og eyðileggjast þá sturtustrokkar báðum megin svo og

þverbiti að aftan. Þessir sturtustrokkar voru hinir upphaflegu, sem komið höfðu með bifreiðinni og aðalstefndi ekki talið ástæðu til að endurnýja eftir sjótjónið, sem að framan greinir, enda höfðu þeir verið í notkun í um það bil eitt ár, er umrædd bilun varð.

Þverbitinn, sem bilaði, var hins vegar viðgerður og styrktur af aðalstefnda, er hann lét framkvæma viðgerðir eftir sjótjónið, en þá skemmdist hann, svo sem frá er greint í aðiljaskýrslu og víðar. Hafði hinn viðgerði og styrkti þverbiti þá verið í notkun í um það bil eitt ár.

Í matsgerðinni á dskj. nr. 35 segja hinir dómkvöddu matsmenn um þessa bilun vökvasturtanna:

„Við skoðun var það ljóst, að strokkar þeir, sem fyrr höfðu verið í bílnum, höfðu orðið fyrir áfalli utan frá, þegar bílpallurinn í lyftistöðu skekktist á grindinni við það, að þverbiti að aftan bilar. Þar af leiðandi beyglast og bogna strokkarnir".

Í aðiljaskýrslu aðalstefnda, dskj. nr. 9, segir meðal annars um tjónið í Tívolí:

„Var ég með tiltölulega létt hlass á bílnum, þ. e. eingöngu gjall, svonefnda „rauðamöl"," og síðar, „þar eð fullt hlass var á fremri hluta pallsins". Í réttarhaldi hinn 7. nóvember 1966 bar aðalstefndi enn fremur, að hann telji, að á bifreiðinni hafi verið 90 tunnur af rauðamöl, eða 8—9 tonn. Samkvæmt skoðunarvottorði bifreiðarinnar, dskj. nr. 14, er leyfilegur hlassþungi bifreiðarinnar 8.220 kg. Af þessu má ráða, að hlassþungi hafi við þetta tækifæri verið í leyfilegu hámarki og hefði því ekki átt að reyna meira á sturturnar en oft áður, ef ekki hefðu komið til sérstakar aðstæður, þá er hlassinu var sturtað af bifreiðinni.

Hinir sérfróðu dómendur telja allar líkur benda til þess, að sérstakar og óeðlilegar aðstæður hafi skapazt við Tívolíbilunina við það, að sigið hafi undan öðru afturhjólinu, þá er pallinum var lyft, en við það hafi meiri þungi lagzt á þá hlið pallsins og þar með á þverbitann sömu megin, sem þá hafi bognað eða brotnað. Hafi þá pallurinn fallið niður á bílgrindina þeim megin og við það muni sturtustrokkarnir hafa klemmzt utan frá, svo sem verksummerki á þeim benda til, eins og greint er frá í matsgerðinni. Við slíkar aðstæður getur umræddur lyftibúnaður bilað, enda þótt ekki hafi verið gallar fyrir hendi.

Eins og fram kemur í málinu, kvaddi aðalstefndi aðalstefnanda ekki á vettvang til þess að athuga bilun og aðstæður. Ekki kvaddi aðalstefndi aðra aðilja og óvilhalla til rannsóknar. Er

því öll vitneskja um þetta atvik samkvæmt frásögn hans sjálfs og óstudd vitnisburðum annarra.

Aðalstefnda bar þegar í stað að láta skoða allar aðstæður og tryggja sér þannig sannanir fyrir því, að bilunin hefði ekki orðið sökum þess, að of mikill þungi hefði verið lagður á þann hluta vökvasturtanna, sem bilaði.

Þess ber að gæta, að matsmennirnir sjá þær bilanir, sem urðu við þetta tækifæri, en geta ekki gert sér grein fyrir, hver frumorsökin var, þ. e. hvers vegna þverbitinn bilaði, en skemmd sturtustrokkanna telja þeir vera afleiðingu bilunar þverbitans.

Hinir sérfróðu dómendur telja, að hér verði ekki hjá því komizt að fjalla nánar um gerð alls búnaðar vökvalyftanna, og þá einkum um sérstakan vökvaloka (avlastningsventil), sem komið var fyrir í bílgrindinni undir aftanverðum vörupallinum lítið eitt framan við þverbitann. Loki þessi er merktur nr. 7 á dskj. nr. 40. Þessa loka er hvergi getið í málinu, fyrr en meðdómendur höfðu sjálfir skoðað þá hluti lyftubúnaðarins, sem til sýnis voru hjá aðalstefnda, og aflað sér frekari upplýsinga. Þessi loki gegnir því hlutverki að stöðva lyftingu pallsins, þegar pallurinn er kominn í hæstu stöðu, og verður slíkt að gerast, áður en sturtustrokkarnir hafa náð mestu lengd sinni. Á umræddum loka er armur. Við hann er festur annar endinn á stálvír eða keðju, sem í hinn endann er fest á vörupallinn að neðan. Þegar pallurinn lyftist, kemur að því, að slaki fer allur af vírnum eða keðjunni, sem þá kippir í arminn við áframhaldandi hækkun pallsins. Við það opnar lokinn fyrir sérstaka olíurás, sem hindrar, að olíudælan dæli meiri olíu inn á sturtustrokkana, og stöðvast þá lyftingin.

Hinir sérfróðu dómendur álíta, að eftirfarandi gallar komi fram, ef þessi loki starfar ekki sem skyldi:

1. Vír eða keðja of stutt. Pallurinn kemst aldrei í fulla hæð, þar sem lokinn opnar of fljótt.
2. Snurða kemur á vírinn eða keðjuna eða kræki st á bak við hindrun. Pallurinn kemst ekki í fulla hæð, þegar slíkt á sér stað. Ef vír eða keðja er lipur og án snurðu eða annarra hindrana og strengist í beina línu, kemst pallurinn í fulla hæð. Þess skal hér getið, að vír eða keðja er undir palli óvarin fyrir aurslettum og nálægt afturhjólum bifreiðarinnar.
3. Vír eða keðja er of löng. Pallurinn fer í fulla hæð, en lokinn opnar ekki, og olíudælan heldur áfram að dæla olíu inn á sturtustrokkana, en þegar þeir hafa náð sinni mestu lengd

(komnir í botn), eykst olíuþrýstingur stöðugt, þar til einhver hluti vökvakerfisins springur, svo sem t. d. strokkur, ef hann er veikasti hluti kerfisins.

4. Loki er óþéttur inn á við, þ. e. lokar ekki þétt fyrir olíurennsli í olíuleiðslum, nr. 10 og 11 á dskj. nr. 40. Stuttri stund (háð stærð lokans) eftir að lyfting hefst, stöðvast hún, þar sem olíuþrýstingur í röri nr. 10 og 9, dskj. nr. 40, opnar í stjórnloka frá þrýstihlið olíudælunnar yfir í frárennsli til olíugeymis, en þá getur ekki myndazt teljandi olíuþrýstingur í sturtustrokkum.
5. Loki er óþéttur út á við, þ. e. olía lekur út úr lokanum og þar með út úr olíukerfinu. Eftir að lyfting er stöðvuð, hvort sem er í hárri eða lágri stöðu pallsins, byrjar að síga olía úr öðrum sturtustrokknum (vinstra megin), og lendir þungi frá palli og hlassi meir og meir á hinn sturtustrokkinn. Átakið á pallinn skekkist, og geta afleiðingarnar orðið, að sturtustrokkurinn gefi eftir vegna hins háa þrýstings eða þverbiti að aftan bognar eða brotnar hinum megin.

Þar sem umgetinn loki er ekki fyrir hendi, er ekki hægt að ganga úr skugga um það nú, hvort gallar 4 eða 5 hafi verið fyrir hendi.

Engar upplýsingar eru til í málinu um afsláttarventilinn (avlastningsventil) eða umbúnað hans, svo sem vír, keðju, lengd og ásigkomulag. Þessi loki var ekki meðal þeirra hluta úr lyftibúnaði sturtanna, sem til sýnis voru hjá aðalstefnda. Ekkert virðist hafa verið átt við þennan loka, þegar viðgerð fór fram eftir sjótjónið og síðan eftir tjónið í Tívolí þann 21. maí 1964.

Hinir sérfróðu dómendur álíta, að galli sá á lyftuhæfni, sem oftsinnis er getið í aðiljaskýrslu aðalstefnda og sem aðalstefnandi viðurkennir, að kvartað hafi verið undan, þ. e. að pallur hafi oft stöðvazt á uppleið og áður en hann hafi komizt í fulla hæð, muni hafa stafað af því, að umræddur loki hafi stundum opnað of fljótt (vír eða keðja hafi verið hindruð í að strengjast í beina línu eða fengið á sig snurðu). Ekki hafi hann þó verið óþéttur, þar sem slíkt mundi hafa komið fram við notkun lyftanna það ár, sem þær voru í notkun, einkum þegar þyngra hlass var á bifreiðinni en aðalstefnandi telur, að verið hafi, er bilunin varð í Tívolí. Galli á vír eða keðju er ekki leyndur, þar sem vírinn er sýnilegur og háður stöðugu eftirliti bifreiðarstjóra, ef tryggja skal, að vökvasturturnar starfi rétt.

Eins og áður segir, var ekki skipt um þennan loka eftir sjó-

tjónið eða eftir Tívolítjónið. Í bæði skiptin bognar þverbiti eða brotnar, og pallurinn skekkist á bílgrindinni. Ekki er sá möguleiki útilokaður, að lokinn hafi orðið fyrir hnjaski eða einhverjum áverka við annað hvort þessara óhappa. Það kemur skýrt fram í málinu, að ekkert var átt við þennan loka eftir Tívolítjónið, enda viðurkennt af aðalstefnda, að ekkert hafi verið við hann átt.

Eftir viðgerðina, sem fram fór þar á eftir, bilaði hluti af öðrum sturtustrokk strax í annarri ökuferð, og síðan endurtók sama bilun sig á endurnýjuðu stykki í sturtustrokknum. Hinir dómkvöddu matsmenn segja í matsgerðinni á dskj. nr. 35 um þessar bilanir, að bilun er annars eðlis, sem lýsir sér þannig, að strokkendinn þenst út, þar sem þétti- og stýringarró er skrúfuð í hann. Enn fremur segja þeir síðar: „Orsök fyrir þessari bilun virðist vera, að lyftustrokkarnir eru ekki nógu sterkbyggðir fyrir þann þunga, sem á þá var lagður. Ekki var hægt að fá uppgefið frá seljanda, hvað lyfturnar eru gefnar upp fyrir að lyfta þungu hlassi ...“.

Enn fremur telja hinir sérfróðu dómendur eftir að hafa skoðað umrædda sturtustrokka, að hinir biluðu hlutar sturtustrokkanna hafi látið undan hærri olíuþrýstingi en þeir þoldu. Þar sem sama bilunin endurtekur sig tvívegis í sama sturtustrokk, en engar samsvarandi bilanir eru sýnilegar á hinum sturtustrokkinum, telja þeir mestar líkur til, að álag hafi orðið meira á þann strokkinn, sem bilaði, en hinn. Líkleg orsök þess getur verið bilun á áðurgreindum afsláttarloka (avlastningsloka), sem þá sennilega hefur orðið við Tívolítjónið.

Aðalstefndi veitti aðalstefnanda ekki tækifæri til þess að ganga úr skugga um, hvað olli hinni endurteknu bilun á öðrum sturtustrokknum. Ekkert liggur fyrir um það, hve þungt hlass var á bifreiðinni, þegar bilanir áttu sér stað, né heldur, hvernig aðstæður voru, er farmurinn var losaður við það tækifæri.

Aðalstefnda bar þegar í stað að láta skoða allar aðstæður og tryggja sér þannig sannanir fyrir því, að bilanirnar hefðu ekki stafað af því, að of mikill þungi hefði verið lagður á strokkinn, sem bilaði. Þá er þess að gæta, að matsmennirnir sjá þessar bilanir, en geta ekki gert sér grein fyrir, hver frumorsök þeirra hafi verið.

Skal þá vikið að stjórnloka, sem um getur í matsgerðinni á dskj. nr. 35. Þar segir svo:

„... Skoðaður var stjórnventill lyftikerfisins. Sjáanlegt var, að gerðar höfðu verið breytingar á stimpli í honum með það fyrir augum að lagfæra ágalla í lyftihæfni, en það ekki haft áhrif til

bóta, en þá reynt að koma honum aftur í fyrra horf með aukastykkjum, sem ekki voru þau upphaflegu ...".

Meðdómendurnir hafa skoðað hinn umrædda stjórnloka og gert sér grein fyrir, hvernig hann á að starfa. Til sýnis var einnig hjá aðalstefnda nýr og ónotaður stjórnloki af sömu gerð og lokinn, sem í bifreiðinni var.

Gerð hefur verið breyting á stjórnlokanum, svo sem getið er í matsgerðinni á dskj. nr. 35. Breytingin er í því fólgin, að rennt er sæti fyrir aukagorm í lítinn olíustimpil, sem tengdur er rörunum 9 og 10 á dskj. nr. 40 frá áður umræddum loka (avlastningsventli). Auk þess er komið fyrir lausum tappa innan í þessum aukagormi. Þessar breytingar hafa eftirfarandi áhrif:

1. Aukagormur hjálpar til að loka olíurás frá þrýstihlið olíudælu út í frárennsli úr stjórnloka og út í olíugeymi. Ef þessi loki er ekki þéttur, verður yfirleitt engin lyfting á palli, þar sem ekki nær að byggjast upp nægilegur olíuþrýstingur í sturtustrokknum, en átak frá lyftustrokkum verður óhjákvæmilega að vera mest í upphafi lyftingarinnar. Aukagormurinn veldur einnig því, að meiri olíuþrýsting þarf en ella til að opna framhjárennsli frá dælu. Afsláttarventillinn verkar á þennan loka og opnar hann, þegar pallur er kominn í hæstu lyftistöðu, ef sá loki starfar rétt. Ef leki eða óþéttleiki er lítill um þennan litla loka í stjórnlokanum, er mögulegt, að lyfting eigi sér stað, en lyfting verður hægari en annars mundi verða og stöðvast ekki á miðri leið. Óþéttleiki þessi veldur ekki ójöfnu álagi á sturtustrokka.
2. Ef lausi tappinn er ekki fyrir hendi, verður afsláttarventillinn þar með óvirkur. Er óhugsandi, að svo hafi verið, þar sem pallurinn færi þá í hverri lyftingu yfir hæstu leyfilegu stöðu eða hækkaði, þar til sturtustrokkar væru útdregnir í botn og yrði afleiðingin stöðug hækkun á olíuþrýstingi eftir það, þar til strokkur eða einhver annar hluti olíukerfisins spryngi. Mundi þetta ske, þótt ekkert hlass væri á bifreiðinni.

Af framansögðu er ljóst, að þessi breyting á stjórnloka hefur ekki haft áhrif á eða getað bætt úr ágalla á lyftihæfni vökvasturtanna, sem lýsir sér í því, að lyfting stöðvast, áður en pallurinn er kominn í fulla hæð. Hinir sérfróðu dómendur telja, að allar líkur bendi til þess, að breyting þessi hafi verið framkvæmd þannig, að hún hafi ekki getað haft áhrif á eða getað valdið

endurteknum bilunum á sturtustrokkunum, enda framkvæmd fyrir Tívolítjónið.

Aðalstefndi, Hinrik Ragnarsson, kom fyrir dóm þann 3. maí 1967. Hann lýsti þá yfir, að myndirnar á dskj. nr. 39 og 40 sýndu ekki nákvæmlega rétta mynd af sturtum þeim, sem á bifreið hans voru. Staðsetning sturtustrokkanna er öðruvísi og endar þeirra ekki eins. Hins vegar sýndu myndirnar vökvakerfi af sömu gerð og það, er var í bifreiðinni, þ. e. vökvadælu, stjórnloka, sturtustrokka og afsláttarventil (avlastningsventil), sem staðsettur var úti á grind vinstra megin aftan við fjaðraklossa. Frá armi á afsláttarventli lá vír festur í hinn endann í neðri brún pallsins.

Hann gat þess, að umræddur vetill sé ennþá í bifreiðinni, en hafi ekki verið notaður, síðan skipt var um sturtur, því að hann hafi ekki átt við þær. Þá upplýsti hann, að aðalstefnandi hefði sagt fyrir um og framkvæmt breytingar á stjórnventlinum sér að kostnaðarlausu og hefði sú viðgerð farið fram nokkru fyrir Tívolítjónið. Sjálfur hafi hann aldrei átt neitt við þennan stjórnventil.

Skal nú aftur horfið að kröfum aðalstefnanda í aðalsökinni. Reikningurinn á dskj. nr. 3 er fyrir tveim sturtustrokkum og einum aftari burðaröxli í sturtur, samtals að upphæð kr. 28.391.00.

Eins og málum er lýst hér að framan, hefur aðalstefnda ekki tekizt að leiða í ljós nægileg rök fyrir því, að hinir umdeildu sturtustrokkar hafi verið haldnir verksmiðjugöllum eða neinum öðrum annmörkum, sem leysi hann frá greiðsluskyldu. Þverbiti sá, sem endurnýja varð, skemmdist í sjótjóninu, og ber því aðalstefnda að greiða hann. Samkvæmt þessu ber að taka þennan kröfulið til greina.

Reikningurinn á dskj. nr. 6 er fyrir cylender í seinni sturtustrokkana. Um þennan reikning gilda sömu skýringar og rök, sem frá er greint hér að framan. Ósannað er, að hann hafi verið haldinn neinum göllum. Ber því að taka þennan kröfulið til greina.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfur aðalstefnanda í aðalsök til greina, svo sem krafizt er, þó þannig, að vextir skulu vera 7% frá útgáfu stefnu til 1. janúar 1965, en 6% frá þeim tíma til 1. janúar 1966, en 8% frá þeim tíma til greiðsludags.

Í gagnsök reisir gagnstefnandi kröfur sínar á því, að lyftubúnaður bifreiðarinnar hafi verið haldinn leyndum göllum, er hún var keypt. Gallar þessir hafi ekki komið í ljós fyrr en á árinu 1964. Beri gagnstefndi skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni,

sem gagnstefnandi hafi orðið fyrir af þessum sökum. Þessu til stuðnings bendir gagnstefnandi á, að er hann fór að nota bifreiðina með venjulegum hætti, hafi lyftubúnaðurinn reynzt allsendis ófullnægjandi, t. d. hafi hinir upphaflegu lyftustrokkar verið alveg ónýtir. Á sömu lund hafi farið með nýjar lyftur, er keyptar voru af gagnstefnda. Þær hafi bilað á fyrsta degi, sem átti að nota þær. Þess vegna hafi hann neyðzt til að kaupa nothæfar vörupallslyftur hjá Ísarn h/f og hafi þær reynzt haldgóðar.

Gagnstefndi reisir sýknukröfu sína á eftirfarandi rökum: Báðir þeir hlutir, sem deilt er um í máli þessu, þ. e. gírkassi og sturtur (sturtuöxlar), skemmdust í sjótjóni á leið til landsins. Gagnstefnandi fékk fullar og ríflegar tjónbætur greiddar í peningum. Hann sá sjálfur um framkvæmd viðgerða á eigin kostnað og ábyrgð.

Skemmdir, sem urðu á viðgerða sturtuöxlinum við losun í Tívolí, stöfuðu af því, að bifreiðin seig niður í jörðina öðrum megin að aftan, megi telja óhapp eða slys og séu þau óhöpp alltíð hjá bifreiðarstjórum. Engin verksmiðjuábyrgð nái yfir slík óhöpp. Venjuleg verksmiðjuábyrgð gildi aðeins í 6 mánuði, en er óhapp þetta kom fyrir, hafi bifreiðin verið búin að vera í notkun í nær því eitt ár.

Þá bendi allar líkur til þess, að bilun á seinni sturtustrokkum megi rekja til tjónsins í Tívolí.

Málsástæðum hefur verið lýst, svo sem kostur er, í aðalsök, og verða þær ekki endurteknar frekar.

Rök gagnstefnanda í gagnsök eru í megindráttum þau sömu og höfð voru uppi til varna í aðalsök, og hefur verið tekin afstaða til þeirra í aðalsökinni.

Gagnstefnandi hirti ekki um að tryggja sér með skoðun eða mati sannanir fyrir orsökum þeirra skemmda, sem komu fram á bifreiðinni, þótt honum væri það innan handar. Brestur hann því allar sannanir fyrir því, að bifreiðin hafi verið haldin nokkrum leyndum göllum, er bakað geti aðalstefnanda fébótaábyrgð. Ber því að sýkna gagnstefnda af kröfum gagnstefnanda í máli þessu. Rétt þykir, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber aðalstefnda til að greiða aðalstefnanda kr. 41.784.00 auk 7% ársvaxta frá 13. nóvember 1964 til 1. janúar 1965, en 6% ársvaxta frá þeim tíma til 1. janúar 1966, en 8% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags, og kr. 9.000.00 í málskostnað. Í gagnsök skal gagn-

stefndi vera sýkn af kröfum gagnstefnanda. Málskostnaður í gagnsök fellur niður.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendum Guðmundi Björnssyni verkfræðingi og Sigþóri Guðjónssyni bifvélavirkja.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Hinrik Ragnarsson, Reykjavík, greiði aðalstefnanda, Gunnari Ásgeirssyni h/f, Reykjavík, kr. 41.784.00 auk 7% ársvaxta frá 13. nóvember 1964 til janúar 1965, 6% ársvaxta frá þeim tíma til 1. janúar 1966, en 8% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags, og kr. 9.000.00 í málskostnað.

Í gagnsök skal gagnstefndi, Gunnar Ásgeirsson h/f, vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Hinriks Ragnarssonar. Málskostnaður í gagnsök falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1968.

Nr. 191/1968. **Halldór Gunnarsson**
gegn
Matthíasi Bjarnasyni og
Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. október 1968 samkvæmt heimild í 21. gr., 1, a, laga nr. 57/1962, og bárust skjöl málsins Hæstarétti 23. október 1968. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðilja Matthíasi Bjarnasyni verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili Matthías Bjarnason krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Ekkert er fram komið, er leiða eigi til þess, að héraðsdómari víki sæti í máli því, sem um er að tefla, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja Matthíasi Bjarnasyni kærumálskostnað, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Halldór Gunnarsson, greiði varnaraðilja Matthíasi Bjarnasyni kærumálskostnað, kr. 3.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Ísafjarðar 28. september 1968.

Ár 1968, laugardaginn 28. september, var í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar, sem haldinn var í dómssal bæjarfógetaembættisins að Pólgötu 2 á Ísafirði af formanni dómsins, Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 13. september.

Mál þetta, sem var þingfest 24. 4. 1967, hefur Matthías Bjarnason alþingismaður, Ísafirði, höfðað fyrir bæjarþingi Ísafjarðar með stefnu, útgefinni 22. marz 1967, gegn Halldóri Gunnarssyni skipstjóra, Ísafirði, til greiðslu á skuld, kr. 4.992.00 auk 7% ársvaxta frá 4. janúar 1964 til greiðsludags, og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir eru þeir, að stefnandi kvaðst hafa gengið í ábyrgð fyrir stefnda á greiðslu farseðils með Loftleiðum h/f frá Reykjavík—Osló—Bergen—Reykjavík, útgefins 3. október 1963, fyrir konu stefnda. Stefndi greiddi ekki farseðilinn, og varð því stefnandi að gera það eftir kröfu umboðsmanns Loftleiða h/f á Ísafirði 6. janúar 1964 með kr. 4.992.00, sem er stefnukrafan.

Stefndi telur hins vegar, að hann eigi ekki að greiða stefnukröfuna. Beri Djúpbátnum h/f að gera það og krefst því sýknu á þeirri forsendu, að kröfunni verði skuldajafnað við inneign, sem hann telur sig eiga hjá Djúpbátnum h/f.

Málið var 13. 9. s.l. flutt úr bæjarþingi í þennan dóm.

Í þinghaldi 13. september s.l. gerði umboðsmaður stefnda þá

kröfu, að hinn reglulegi formaður dómsins víki sæti í þessu máli, og byggði kröfu sína á því, að formaður dómsins hefði gerzt sekur um trúnaðarbrot gagnvart sér með því að leggja fram í málinu einkabréf, dómskj. nr. 8. Enn fremur taldi hann formann dómsins viðriðinn málið sem aðalmann í stjórn Djúpbátsins h/f, en í málinu: Djúpbáturinn h/f gegn Halldóri Gunnarssyni sé umbjóðandi hans skuldfærður Djúpbátnum h/f um umstefnda fjárhæð, sbr. dómsskj. nr. 3 í því máli, sem rekið er hér fyrir sama dómi, 5. tl., sbr. dskj. nr. 10.

Umboðsmaður stefnanda mótmælti þessari kröfu og taldi, að Djúpbátnum h/f væri þetta mál algerlega óviðkomandi, enda hafi hin umstefnda upphæð verið dregin út úr bókum Djúpbátsins h/f og viðskiptareikningi stefnda, eins og dskj. nr. 10 beri með sér.

Enn fremur hélt hann því fram, að hér væri ekki um trúnaðarbrot að ræða og enda þótt svo væri, snerti það ekki efni þessa máls.

Bréf umboðsmanns stefnda, dags. 29. 1. 1968, er á dskj. nr. 8. Þar segir, að þetta mál verði ekki dæmt nema í nánu sambandi við málið: Djúpbáturinn h/f gegn Halldóri Gunnarssyni. Af þeim sökum virðist honum rétt, að formaður dómsins víki sæti ex officio. Leiðbeiningu þessa til formanns dómsins hefur lögmaðurinn merkt: Trúnaðarmál.

Ekki verður séð, að í þessu máli hafi stofnazt neitt trúnaðarsamband milli formanns dómsins og lögmannsins, sem valda ætti, að hann víki sæti í málinu. Trúnaðarmálið virðist einhliða athöfn lögmannsins.

Á dskj. nr. 10 í máli þessu eru færðar fjárhæðir vegna ýmiss kostnaðar, sem greiddur var fyrir stefnda, er hann fór erlendis ásamt konu sinni haustið 1963. Þar á meðal er umstefnd fjárhæð færð sem fargjald fyrir frúna með Loftleiðum h/f.

Fyrir aftan fjárhæðina er sett mínusmerki, og síðan er sama fjárhæð færð neðar á dskj. merkt M. Bj. (Matthías Bjarnason), stefnanda í málinu, og er skuld stefnda við Djúpbátinn h/f þar talin kr. 14.088.88.

Auðsætt er af þessari sundurliðun, að stefnandi telur stefnufjárhæðina ekki koma Djúpbátnum h/f við, og verður að fallast á það, enda er þessi greiðsla fyrir fargjald konu stefnda, sem ekki fór í erindum Djúpbátsins h/f erlendis með ábyrgð stefnanda þessa máls. Stefndi fór þessa ferð til Noregs til þess að sækja skip fyrir Djúpbátinn h/f.

Þótt formaður dómsins eigi sæti í stjórn Djúpbátsins h/f af hálfu sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu, sem er hluthafi í félaginu, þá verður ekki fallizt á, að hann skuli víkja sæti í þessu máli, þar sem engin þau tengsl eru milli félagsstjórnarinnar og þessa máls, er valda ætti því. Er hér um að ræða persónulegt samband milli stefnanda og stefnda, eins og fram kemur einnig á dskj. nr. 4, yfirlýsingu umboðsmanns Loftleiða h/f á Ísafirði. Þar segir, að stefnandi hafi ábyrgzt greiðslu farseðils konu stefnda og að stefnandi hafi sjálfur greitt umboðsmanni farseðilinn.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur lögmanns stefnda ekki teknar til greina.

Ályktarorð:

Formanni dómsins ber ekki að víkja sæti í máli þessu.

Föstudaginn 1. nóvember 1968.

Nr. 72/1968. **Fjöliðjan h/f**
gegn
Birni Hermannssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fjöliðjan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Birni Hermannssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. nóvember 1968.

Nr. 73/1968. **Fjöliðjan h/f**
gegn
Bjarna I. Gestssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fjöliðjan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Bjarna I. Gestssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. nóvember 1968.

Nr. 70/1968. **Fjöliðjan h/f**
gegn
Jóni Kr. Jónssyni f. h. Ásdísar H. Jónsdóttur.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fjöliðjan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Jóni Kr. Jónssyni f. h. Ásdísar H. Jónsdóttur, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. nóvember 1968.

Nr. 71/1968. **Fjöliðjan h/f**
gegn
Sigurði Finnbogasyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fjöliðjan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Sigurði Finnbogasyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. nóvember 1968.

Nr. 196/1968. **Efnagerð Reykjavíkur h/f**
gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Efnagerð Reykjavíkur h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 11. nóvember 1968.

Nr. 92/1968. **Bæjarútgerð Reykjavíkur**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Guðjóni Jónssyni og
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
Guðjón Jónsson
gegn
Bæjarútgerð Reykjavíkur og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæzlu.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Vinnuslys. Fyrning sjókröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur með stefnu 6. maí 1968 skotið til Hæstaréttar dómum, er upp voru kveðnir í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 20. janúar 1966 og 15. marz 1968. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 20. maí 1968. Gerir hann þær dómkröfur, að áfrýjun dóms sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 20. janúar 1966, verði dæmd ógild og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 63.708.00 með 7% ársvöxtum frá 11. september 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann krefst og, að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur frá 20. janúar 1966 var ekki áfrýjað sérstaklega samkvæmt heimild í 5. málsgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, en áfrýjun sakarefnis í

heild, beggja dómanna, var heimil innan þriggja mánaða frá uppsögu síðari dómsins.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um óskipta fébótaábyrgð aðaláfrýjanda á tjóni gagnáfrýjanda. Samkvæmt 13. gr. siglingalaga nr. 56/1914, sem voru í gildi, er slysið varð hinn 11. febrúar 1962, var ábyrgðin takmörkuð við skipið, b/v Skúla Magnússon, RE 202. Stefna í framhaldssök var birt 28. febrúar 1968, en skipið var selt úr landi til niðurrifs hinn 17. júlí 1967. Sjóveðréttur fyrir framhaldskröfunni var þá fallinn niður fyrir fyrningu samkvæmt 251. gr. greindra laga. Þar sem þessi sjóveðréttarkrafa hvíldi eigi lengur á skipinu, er sala fór fram, voru skilyrði 241. gr. sömu laga fyrir stofnun sjálfskuldarábyrgðar aðaláfrýjanda eigi fyrir hendi. Samkvæmt þessu er eigi unnt að taka kröfu gagnáfrýjanda í framhaldssök til greina. Hins vegar varð aðaláfrýjandi samkvæmt sömu lagagrein sjálfskuldaraðili að réttmætum kröfum gagnáfrýjanda í frumsök, en sjóveðréttur féll að sjálfsögðu niður við niðurrif skipsins.

Í frumstefnu krefst gagnáfrýjandi bóta fyrir vinnutekjutap, kr. 20.000.00, og fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum, kr. 10.000.00. Eftir málavöxtum þykir bera að taka þessar fjárhæðir að fullu til greina með þeim vöxtum, sem krafizt er. Þá þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði gagnáfrýjanda, Guðjóni Jónssyni, kr. 30.000.00 með 7% ársvöxtum frá 11. september 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo kr. 20.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 20. janúar 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. þ. m., hefur Guðjón Jónsson sjómaður, Bergstaðastræti 96 hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 2. september 1964, á hendur Bæjarútgerð Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 35.000.00 með 8% ársvöxtum frá 11. september 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Þá krefst stefnandi og viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Að ósk lögmanna aðilja við munnlegan flutning málsins ákvað dómurinn samkvæmt ákvæði 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, að málið skyldi nú aðeins flutt um fébótaábyrgð stefnda á tjóni stefnanda af völdum slyss þess, er fjallað er um í máli þessu, en lögmennirnir áskildu sér rétt til að fjalla um fjárhæð fébótanna að gengnum dómi um hið fyrrgreinda sakarefni.

Af hálfu stefnanda eru þær dómkröfur gerðar í þessum þætti málsins, að viðurkennd verði óskipt fébótaábyrgð stefnda á tjóni stefnanda af völdum slyss þess, er hann varð fyrir hin 11. september 1962, og að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað í þessum þætti málsins. Þá er og krafizt sjóveðréttar í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar í þessum þætti málsins, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur því eru engar kröfur gerðar, og ekki hafa verið hafðar uppi kröfur af þess hálfu í málinu.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn hinn 11. september 1962 var b/v Skúli Magnússon að veiðum á Nýfundnalandsmiðum, og var stefnandi, sem var háseti á skipinu, að störfum á þilfari. Hafði hann verið skipverji á togurum af og til í fjögur ár. Er verið var að taka inn bakborðsvörpu skipsins, vildi það til, að með henni komu upp gamlar netjakúlur, er vafizt höfðu utan um róphæðjuna. Er kúlurnar komu upp á borðstokkinn, sprungu a. m. k. tvær þeirra, og lentu brot úr þeim í vinstri hendi stefnanda. Hlaut hann af því meiðsli á hendinni, og brotaði litli fingur. Þegar eftir slysið var búið að

sárum stefnanda, og var hann frá vinnu, það sem eftir var ferðarinnar. Komst hann undir læknishendur hinn 20. september, er skipið kom til Reykjavíkur. Kom fram, að um brot inn í lið var að ræða á fremstu kjúku litla fingurs vinstri handar.

Kröfur stefnanda eru á því byggðar, að slys þetta hafi orðið fyrir handvömm og vangæzlu skipstjórnarmanna og skipverja, sem stefndi beri ábyrgð á. Er því haldið fram í því sambandi, að raunverulega hafi enginn stjórnað verki, er verið var að hífa vörpuna. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi verið að vinna að hættulegum störfum, en auk þess hafi hér verið um að ræða bilun eða tjón á hlutum, enda verði að telja, að stefndi beri ábyrgð á tjóni, sem verður með þeim hætti, að hlutir splundrist snögglega við að verða fyrir hnjaski.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að slys stefnanda hafi orðið fyrir hreina óhappatilviljun og sé hvorki að kenna lélegri verkstjórn né galla á skipinu eða tækjum þess. Umræddar alumíníumkúlur hafi verið aðskotahlutir, sem komið hafi upp með vörpu skipsins, og verði skipstjórnarmönnum og þeim, sem ábyrgð bera á störfum þeirra, á engan hátt um kennt. Þá er því admælt, að reglur skaðabótaréttar um hættulegan atvinnurekstur komi hér til álita.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið pokamaður, er unnið var við að taka inn vörpuna, og hafi hann staðið aftan við rópinn. Er varpan kom upp, kveður hann í ljós hafa komið, að lengja af netjakúlum úr alumíníum hafi verið þannig flækt um hlekki á rópkeðjunni, sem hann hafi átt að koma króki í, að það hafi ekki verið hægt. Hann kveður togað hafa verið í togvírinn eins og venjulega og hafi hlekkirnir verið komnir upp á borðstokkinn og kúlurnar með. Við það kveður hann kúlurnar hafa þrýstst að borðstokknum og sprungið. Hann kveður brot úr kúlunum hafa kastazt í vinstri hönd sína og hafi hann við það sjálfur kastazt í burtu. Stefnandi kveður búið hafa verið að toga togvírinn á enda, en ekki kveðst hann þó vita, hvort togvindan hafi verið stöðvuð. Er slysið varð, kveðst stefnandi hafa verið að koma króki í hlekkina á rópkeðjunni. Hann kveður bátsmanninn hafa verið við togvinduna, en kveður hann hafa hlaupið til sín til að hjálpa til við að koma króknum í hlekkina og hafði bátsmaðurinn verið búinn að vera við það nokkurn tíma, þegar slysið varð. Ekki kveðst stefnandi vita, hvort togvindan var stöðvuð á meðan.

Pétur Þorbjörnsson, sem var 1. stýrimaður á b/v Skúla Magnús-

syni í umræddri veiðiferð, var sjónarvottur að slysinu, þar sem hann var á stjórnpalli við hliðarglugga bakborðsmegin. Hann kveður nokkrar gamlar netjakúlur úr alumíníum hafa komið upp með vörpunni og hafi þær verið fastar og vafðar þannig um rópstroffu, að illa hafi gengið að koma króki í festingu á bobbingaendanum. Muni kúlurnar síðan hafa orðið fyrir einhverju hnjaski á borðstokknum og hafi tvær þeirra sprungið með háum hvelli. Brot úr kúlunum hafi hrokkið í vinstri hönd stefnanda og hafi hann við það meiðzt á litla fingri, baugfingri og löngutöng. Pétur kveður það koma mjög oft fyrir, að gamlar netjakúlur, sem komi upp með vörpunni, molni, detti í sundur og springi eða splundrist, án þess að slíkur kraftur sé í sprengingunni, að brotin þeytist í allar áttir. Kveður Pétur sér ekki kunnugt um, að slys hafi hlotizt af slíkum atburði, fyrr en stefnandi máls þessa slasaðist. Pétur kveðst aðeins hafa vitað til þess einu sinni áður, að netjakúlur úr alumíníum hafi sprungið með miklum krafti, og hafi það verið, er þeim var slegið saman viljandi. Ekki kveðst Pétur minnast þess, að nein sérstök óvarkárni hafi verið höfð í frammi við togvinduna, en ekki kveðst hann muna, hvort hún hafi verið stöðvuð, er kúlurnar sprungu.

Guðmundur Helgason, bátsmaður á b/v Skúla Magnússyni, var einnig sjónarvottur að umræddu slysi. Hann kveðst hafa verið við togvinduna, en síðan hafa stöðvað hana og farið stefnanda til hjálpar við starf hans. Kveðst hann hafa verið hjá stefnanda og verið að aðstoða hann við að ná inn vörpunni, þegar slysið varð. Hann kveðst hafa séð kúlurnar snerta borðstokkinn og telur, að þær hafi ekki þolað það. Guðmundur kveðst hafa verið á togurum frá því á árinu 1958 og starfað sem bátsmaður í tæp 2 ár.

Það er ekki óalgengt við togveiðar, að gamlar netjakúlur komi upp með vörpu og togvírum, og er ekki um slíkt að sakast við skipstjórnarmenn. Það er regla á íslenzkum togurum, að bátsmaður stjórni verkum á þilfari á annarri vökunni. Það er ekki í ljós leitt, að nein vangæzla hafi verið höfð við að hífa vörpuna með togvindunni, og verður í því sambandi að leggja til grundvallar, að vindan hafi verið stöðvuð, er Guðmundur Helgason bátsmaður fór að aðstoða stefnanda við verk hans. Það er ljóst, að netjakúlurnar, sem vafizt höfðu utan um rópkeðjuna, hafi skapað stefnanda nokkra erfiðleika við verk það, sem hann átti að framkvæma, og hefur hann við það þurft að vera alveg við kúlurnar. Stýrimanni þeim, sem á stjórnpalli var og var sjónar-

vottur að atburðinum, var kunnugt um vissa eiginleika, sem slíkar netjakúlur kunna að hafa og hætta getur stafað af, þótt ekki hafi honum verið kunnugt um, að slys hafi áður af hlotizt. Gaf hann þó stefnanda ekki fyrirmæli um að framkvæma verkið á annan hátt, sem þó átti að vera hægt. Verður því að telja, að ekki hafi verið viðhöfð nægileg aðgæzla við stjórn verksins og því verði að leggja á stefnda óskipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins.

Eftir atvikum þykir rétt, að ákvörðun um viðurkenningu sjóveðréttar bíði, þar til fjallað verður um fjárhæð fébótanna.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Eiríki Kristóferssyni, fyrrverandi skipherra, og Halldóri Gíslasyni skipstjóra.

Dómsorð:

Viðurkennd er óskipt fébótaábyrgð stefnda, Bæjarútgerðar Reykjavíkur, á tjóni stefnanda, Guðjóns Jónssonar, af völdum slyss þess, er hann varð fyrir um borð í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, hinn 11. september 1962.

Stefndi greiði stefnanda kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. marz 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 1. þ. m., hefur Guðjón Jónsson sjómaður, Bergstaðastræti 96 hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 2. september 1964, á hendur Bæjarútgerð Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 35.000.00 með 8% ársvöxtum frá 11. september 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Þá hefur stefnandi krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda hefur verið krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Að ósk lögmanna aðilja var sakarefninu skipt samkvæmt ákvæði 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936 og málið fyrst tekið til úrlausnar um fébótaábyrgð stefnda á tjóni stefnanda af völdum slyss þess, sem fjallað er um í máli þessu.

Með dómi, uppkveðnum hinn 20. janúar 1966, var viðurkennd óskipt fébótaábyrgð stefnda, Bæjarútgerðar Reykjavíkur, á tjóni

stefnanda af völdum slyss þess, sem hann varð fyrir um borð í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, hinn 11. september 1962.

Með framhaldsstefnu, útgefinni hinn 28. febrúar 1968, voru dómkröfur stefnanda hækkaðar og þess krafizt, að Bæjarútgerð Reykjavíkur verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 63.708.00 eða aðra lægri fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá 11. september 1962 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í. Þá var sem fyrr krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, fyrir öllum dæmdum kröfum.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar í greinargerð framhaldssakar, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæðir, sem séu lægri en kröfur stefnanda.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og ekki hafa verið hafðar uppi kröfur af hans hendi í málinu.

Málavextir eru þeir, að þriðjudaginn 11. september 1962 var b/v Skúli Magnússon á veiðum á Nýfundnalandsmiðum. Stefnandi, sem var háseti á skipinu, var að störfum á þilfari. Er verið var að taka inn bakborðsvörpu skipsins, vildi það til, að upp komu með henni gamlar netjakúlur, er vafizt höfðu utan um ropkeðjuna. Er kúlurnar komu upp á borðstokkinn, sprungu a. m. k. tvær þeirra, og lentu brot úr þeim í vinstri hendi stefnanda. Hlaut hann af því meiðsli, og m. a. brotnaði litli fingur. Þegar eftir slysið var búið að sárum stefnanda, og var hann frá vinnu, það sem eftir var ferðarinnar. Komst hann undir læknishendur hinn 20. september, er skipið kom til Reykjavíkur.

Hinn 28. júní 1966 mat Páll Sigurðsson læknir örorku. Í mati læknisins segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

„Samkvæmt slysatilkynningu varð slysið með þeim hætti, að slasaði, sem vann sem netamaður á botnvörpungnum Skúla Magnússyni, var við vinnu á dekki að taka inn trollið, en þegar slasaði ætlaði að kræka í eina netakúlu, þá sprakk kúlan, og við það meiddist hann á vinstri hendi.

Slasaði kom til læknis 8 dögum eftir slysið og í vottorði Hauks Kristjánssonar, yfirlæknis á Slysavarðstofu, 16. 10. 1962, þá var um að ræða bólgu og eymsli á vinstra litla fingri, og er sjúkdómsgreining fractura phal. dist. dig. v. man. sin et contusio dig. III et IV man. sin. Í athugasemdum í sama vottorði segir, að maðurinn hafi komið með 11 daga gamalt brot inn í lið basalt í fremstu kjúku og hafi verið mikil dislocatio, sem ekki hafi verið

hægt að reponera, og að maðurinn muni því hafa talsverða örorku í framtíðinni.

Maðurinn hefur ekki komið til viðtals hjá undirrituðum nú, en það liggur fyrir nýtt vottorð frá héraðslækninum í Ólafsfirði, Hreggviði Hermannssyni, dags. 12. 4. 1966, og segir þar svo:

„Guðjón Sævar Jónsson, f. 26. 3. 1941, kv. sjómaður, Vesturgata 9, Ólafsfirði. Viðkomandi slasaðist 11. 9. 1962, þá starfandi hjá Bæjarútgerð R.víkur. Gert var að meiðslum á Slysavarðstofu R.víkur, en þar er hægt að fá allar upplýsingar um, hvernig meiðslum var háttað. Sjúkl. segir, að hann hafi fengið brot á fremsta köggli litla fingurs v. handar og sprungu í fremsta köggul baugfingurs og löngu tangar v. handar.

Sjúklingur telur sig jafngóðan í hendi að öðru leyti en því, að hann þolir mjög illa kulda á litla fingri, sem hann segir hvítna upp, dofna og fær þá seiðingsverk í hann, eins eymsli ef tekið er um fremstu liðamót þess fingurs.

Objectift: Basis á phalanx III digiti V man. sin. er mun breiðari v. megin en h. megin gæti verið eftirstöðvar eftir brot í gegnum köggulinn. Hreyfing í liðnum lítil sem engin ca. 10°".

Ályktun: Hér er um að ræða 25 ára gamlan mann, sem slasast við vinnu sína fyrir nærri fjórum árum. Við slysið hlaut hann brot á litla fingri vinstri handar og marðist á baugfingri og löngutöng sömu handar. Hann kom til læknis 11 dögum eftir meiðslið, og var þá ekki hægt að gera að brotinu.

Sem afleiðing meiðslisins nú þá hefur maðurinn nokkra aflögun á yztu kjúku litla fingurs vinstri handar og stirðleika í yzta lið fingursins. Auk þess þolir hann illa kulda og er aumur í liðnum.

Vegna slyssins þá hefur maðurinn hlotið tímabundna og varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin þannig:

Í hálfan mánuð	100%	örorka
Í hálfan mánuð	75%	—
Í einn mánuð	50%	—
Í einn mánuð	25%	—
Í einn mánuð	10%	—

og síðan varanleg örorka 2%".

Á grundvelli örorkumats þessa hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda.

Í bréfi tryggingafræðingsins, dags. hinn 25. janúar 1967, segir

svo um grundvöll útreikningsins og niðurstöðu, auk þess sem þar er rakin niðurstaða örorkumats Páls Sigurðssonar læknis:

„Guðjón er sagður fæddur 26. marz 1941 og hefur samkvæmt því verið 21 árs að aldri, er hann varð fyrir slysi því, er hér um ræðir. Í bréfi yðar, herra hæstaréttarlögmaður, dags. 13. desember 1966, takið þér fram, að hann hafi verið togaramaður hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur, er hann slasaðist, en hafi starfað sem bátasjómaður eftir slysið. Hins vegar hafið þér ekki látið í té upplýsingar um vinnutekjur Guðjóns.

Með hliðsjón af ofanrituðum upplýsingum um störf Guðjóns hef ég aflað mér vitneskju um greiðslur til Lífeyrissjóðs togarasjómanna (er nú nefnist Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum) hans vegna. Eru fyrstu greiðslur frá árinu 1958, en hinar síðustu frá ársbyrjun 1966. Árin 1959, 1963 og 1964 hafa greiðslur verið nokkuð reglubundnar, en stopulli árin 1960—1962 og 1965. Árin 1959—1962 hafa iðgjöld til sjóðsins verið greidd af eftirfarandi tekjum:

Árið 1959	kr. 63.731.00	(266 d.)
— 1960	— 25.873.00	(129 d.)
— 1961	— 12.719.00	(35 d.)
— 1962	— 59.860.00	(171 d.)

Þegar tekið er tillit til aldurs Guðjóns framan af þessu tímabili svo og hins, að sennilega hefur hann haft verulegar tekjur af öðrum störfum, sbr. hinn tilgreinda dagafjölda á togurum hér að ofan, tel ég ekki unnt að styðjast við ofangreindar tekjur, þegar framtíðar vinnutekjur eru áætlaðar. Hins vegar tel ég ekki annan grundvöll eðlilegri en reiknaðar tekjur togarasjómanna, sem að neðan greinir.

Við útreikning á árstekjum háseta á togurum er ég vanur að styðjast við upplýsingar frá Bæjarútgerð Reykjavíkur um launagreiðslur á togurum þess fyrirtækis svo og kjarabreytingar (hækkun fastra launa og fiskverð), sem átt hafa sér stað. Miðað við 300 daga úthald á ári reiknast mér þá árstekjur vera sem hér segir:

Árið 1962	kr. 87.726.00
— 1963	— 103.897.00
— 1964	— 111.887.00
— 1965	— 126.635.00
— 1966	— 149.744.00
Frá 1. 1. 1967	— 159.361.00

Mér virðist leika vafi á, hvort rétt sé hér að reikna með lífeyrisréttindum togarasjómanna (Guðjón hefur tekið út inneign sína í lífeyrissjóðnum), en þau réttindi er ég vanur að reikna á þann hátt, að framlagi vinnuveitanda (6% af launum) er bætt við vinnutekjurnar, en í staðinn gert ráð fyrir, að starfi sé hætt eigi síðar en við 65 ára aldur.

Miðað við þann tekjugrundvöll, sem hér hefur verið lýst, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

	Án lífeyrisréttinda	Með lífeyrisréttindum
Vegna tímabundins orkutaps í 4 mán.	kr. 12.233.00	kr. 12.967.00
Vegna varanlegs orkutaps eftir það ..	— 39.316.00	— 40.841.00
Samtals	kr. 51.549.00	kr. 53.808.00

Við útreikning hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna, sem slasaði kann að hafa fengið frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins.

Reiknað er með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1951—1960".

Hinar endanlegu dómkröfur stefnanda eru sundurliðaðar þannig:

1. Vinnutekjutap samkvæmt tjónútreikningi	kr. 58.808.00
2. Bætur fyrir þjáningu, lýti og röskun á stöðu og högum	— 10.000.00
3. Kostnaður við örorkumat	— 1.500.00
4. Kostnaður við tjónútreikning	— 2.400.00
	Kr. 67.708.00
Frá þessari fjárhæð hefur stefnandi dregið greiðslu frá Brunabótafélagi Íslands	— 4.000.00
	Kr. 63.708.00

Verður nú afstaða tekin til hinna einstöku kröfuliða.

Um 1. Kröfuliður þessi er byggður á örorkumati Páls Sigurðssonar læknis og tjónútreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings. Af hálfu stefnda er fjárhæð kröfuliðs þessa mótmælt sem of hárri. Er því haldið fram, að eigi hafi verið sýnt fram á, að

stefnandi hafi orðið fyrir slíku raunverulegu tjóni, að bótakrafa hans sé í nokkru samræmi við raunverulegar afleiðingar þess, enda skipti læknisfræðilegt örorkumat ekki máli um tekjuöflunarhæfi stefnanda, þar sem niðurstaða matsins sé aðeins 2% varanleg örorka. Það kemur fram af gögnum málsins, að stefnandi hefur orðið af einni veiðiferð með skipinu, en hefur fengið nokkuð kaup þann tíma. Hefur hann síðan byrjað að starfa að nýju hjá stefnda. Þegar virt er það, sem hér hefur verið rakið, og haft í huga annað það, sem máli þykir skipta við ákvörðun bóta sem þessara, þá þykir fjárhæð þessa kröfuliðs hæfilega ákveðin kr. 25.000.00.

Um 2. Kröfuliður þessi hefur ekki sætt tölulegum andmælum af hálfu stefnda. Verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 3. og 4. Kröfuliðir þessir eru studdir framlögðum reikningum og hafa ekki sætt tölulegum andmælum. Eftir öllum atvikum þykir rétt að taka afstöðu til þeirra við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt þessu verður stefnda gert að greiða stefnanda kr. 35.000.00 (25.000.00 + 10.000.00) að frádregnum kr. 4.000.00, sem stefnandi hefur fengið greiddar frá Brunabótafélagi Íslands. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 31.000.00 með vöxtum, sem ákveðast 7% frá 11. september 1962 til 1. janúar 1965, 6% frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 12.000.00, þar með talinn kostnaður við örorkumat og örorkutjónsútreikning.

Þótt b/v Skúli Magnússon hafi nú verið seldur úr landi, þykir stefnandi eiga rétt á að fá viðurkennt með dómi, að kröfur hans samkvæmt ákvæði 4. tl. 236. gr. laga nr. 56/1954, sbr. nú ákvæði 4. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963, hafa notið sjóveðréttar í skipinu og þess réttar, sem af því leiðir. Verður því viðurkenndur sjóveðréttur í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Eiríki Kristóferssyni, fyrrverandi skipherra, og Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnanda, Guðjóni Jónssyni, kr. 31.000.00 með 7% ársvöxtum frá 11. september 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til

1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað.

Viðurkenndur er sjóveðréttur stefnanda til handa í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1968.

Nr. 97/1968. **Strandberg h/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Guðfinnu Ástu Strandberg
(Áki Jakobsson hrl.)
og
Guðfinna Ásta Strandberg
gegn
Strandbergi h/f, Erni Baldvinssyni og Guðjóni Baldvinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Nafnréttur. Ættarnafn. Firma. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. maí 1968, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. s. m. og krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, Guðfinnu Ástu Strandbergs, og málskostnaðar úr hennar hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. maí 1968, áfrýjað málinu með stefnu sama dag og krafizt þess, að aðaláfrýjanda, Strandbergi h/f, verði dæmt skylt að fella niður úr firmaheiti sínu nafnið „Strandberg“ og afmá það úr hlutafélagaskrá. Þá hefur gagnáfrýjandi krafizt þess,

að aðaláfrýjanda og stefndu, Erni Baldvinssyni og Guðjóni Baldvinssyni, verði dæmt að greiða henni óskipt kr. 50.000.00 með 7% ársvöxtum frá 30. september 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, tók faðir gagnáfrýjanda, Árni Jónsson, upp ættarnafnið Strandberg á árinu 1916 samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 41/1913, og var nafnið birt í B-deild Stjórnartíðinda 1916. Gagnáfrýjanda er því heimilt að bera ættarnafn þetta samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1925.

Hinn 9. ágúst 1961 skráðu stefndu Örn og Guðjón sameignarfélag hér í Reykjavík með firmanafninu Strandberg. Sameignarfélag þetta var afmáð úr firmaskrá 22. júní 1967 að ósk eigenda, en sama dag var skráð í hlutafélagaskrá hlutafélagið Strandberg, og eru stefndu Örn og Guðjón báðir meðal stofnenda þess og stefndi Örn formaður félagsstjórnar.

Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 84/1933 er bannað að nota í atvinnuskyni nafn, sem sá hefur ekki rétt til, er notar. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms er aðaláfrýjanda því óheimilt að nota ættarnafn gagnáfrýjanda í firmanafni sínu, og ber að staðfesta héraðsdóminn að þessu leyti.

II.

Með hliðsjón af bótareglum 3. mgr., sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 84/1933 þykir gagnáfrýjandi eiga rétt á nokkrum bótum vegna fyrrgreindrar háttsemi. Þar sem stefndu Örn og Guðjón stofnuðu fyrst án heimildar sameignarfélag, er bar ættarnafn gagnáfrýjanda, en lögðu það niður og stofnuðu hlutafélag með sama nafni, þá er rétt, að þeir greiði óskipt með aðaláfrýjanda bætur til gagnáfrýjanda, er þykja hæfilegar kr. 10.000.00, auk 7% ársvaxta frá 30. september 1967.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að aðaláfrýjandi og stefndu greiði gagnáfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjanda, Strandbergi h/f, er skylt að fella úr firmaheiti sínu nafnið „Strandberg“ og afmá það úr hlutafélagaskrá.

Aðaláfrýjandi og stefndu, Örn Baldvinsson og Guðjón Baldvinsson, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Guðfinnu Ástu Strandberg, kr. 10.000.00 með 7% ársvöxtum frá 30. september 1967 til greiðsludags og kr. 18.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Guðfinna Ásta Strandberg, Víðihvammi 6, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. september 1967, gegn Erni Baldvinssyni, til heimilis að Lindarflöt 35, Garðahreppi, formanni stjórnar hlutafélagsins Strandbergs, Reykjavík, f. h. félagsins og enn fremur nefndum Erni persónulega og gegn Guðjóni Baldvinssyni persónulega, til heimilis að Lindarflöt 50, Garðahreppi.

Í stefnu hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að hlutafélagið Strandberg verði skyldað til þess með dómi að fella niður nafnið Strandberg, og jafnframt hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 50.000.00 í miskabætur ásamt 7% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags og málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Stefndu hafa gert þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi sömu kröfur og í stefnu, sem raktar hafa verið hér að framan, að því viðbættu, að hann krafðist þess, að hlutafélagið Strandberg yrði dæmt til þess að afmá orðið Strandberg úr hlutafélagaskrá.

Lögmaður stefndu hefur fallizt á, að breyting þessi á kröfugerð stefnanda fái komizt að í málinu.

Leitazt hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir.

Árið 1916 tók Árni Jónsson, bakari í Kaupmannahöfn, upp ættar-

nafnið Strandberg samkvæmt heimild í lögum nr. 41 frá 10. nóvember 1913. Var nafnið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda árið 1916, bls. 386—387. Stefnandi, sem er dóttir nefnds Árna Jónssonar, telur, að sér beri réttur til ættarnafnsins Strandbergs samkvæmt 3. gr. laga nr. 54 frá 27. júní 1925.

Hinn 9. ágúst 1961 létu stefndu Guðjón Baldvinsson og Örn Baldvinsson skrá í Reykjavík sameignarfélag undir nafninu Strandberg og ráku það sem verzlunarfirma þar til 22. júní 1967. Þá var sameignarfélag þetta afmáð úr firmaskrá, en sama dag var af sömu aðiljum skráð hlutafélagið Strandberg h/f í Reykjavík.

Hinn 20. september 1967 ritaði lögmaður stefnanda firmanu Strandbergi s/f, umboðs- og heildverzlun, bréf, þar sem þess er farið á leit, að firmað felli niður nafnið Strandberg úr firmaheiti sínu, þar sem þessi notkun brjóti gegn rétti stefnanda til nafnsins.

Með bréfi, dags. 22. september 1967, svaraði lögmaður stefndu þessari málaleitan lögmanns stefnanda neitandi.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt 10. gr. laga nr. 42 frá 1903 um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð megi enginn maður nota í firma sínu nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis. Hafi stefndu því verið óheimilt að nota nafnið Strandberg, sem sé skráð ættarnafn hennar, þar eð faðir hennar Árni Jónsson hafi tekið það nafn upp og látið skrá það samkvæmt lögum nr. 41 frá 1913 og sú nafnupptaka hafi verið birt á löglegan hátt í Stjórnartíðindum árið 1916. Að vísu sé nú búið að afnema lög nr. 41 frá 1913, en samkvæmt 3. gr. núgildandi nafnalaga nr. 54 frá 1925 megi þeir, sem tóku upp ættarnöfn, eftir að lög nr. 41 frá 1913 komu í gildi, og börn þeirra halda þeim ættarnöfnum alla ævi. Stefnandi telur, að með því að nota á þennan hátt skráð ættarnafn hennar sem firmanafn hafi stefndu brotið gegn löglegum rétti hennar og því beri að skylda þá til að fella nafnið niður úr heiti hlutafélagsins.

Stefnandi telur, að sér hafi verið gerður miski með því, að ættarnafn hennar hafi verið notað þannig sem firmanafn. Þetta hafi átt sér stað með sameignarfélagið Strandberg, sem þeir meðstefndu Guðjón og Örn Baldvinssynir hafi skráð og rekið í sex ár, og það endurtaki sig nú með hlutafélagið Strandberg, sem þeir bræður séu aðiljar að og skráð hafi verið síðastliðið

sumar. Stefnandi telur, að kr. 50.000.00 séu hæfilegar miskabætur sér til handa vegna hinnar ólöglegu notkunar á ættarnafni hennar.

Stefndu Guðjón og Örn Baldvinssynir reisa sýknukröfur sínar á því, að þeir hafi lagt niður sameignarfélagið Strandberg hinn 22. júní 1967 og sé því til einskis að krefjast þess, að þeir verði skyldaðir til þess að leggja nafnið niður. Sé því af þeirri ástæðu ekki efni til þess að hafa uppi kröfugerð á hendur þeim persónulega.

Stefndi Strandberg h/f byggir sýknukröfu sína á því, að skýra beri 10. gr. laga nr. 42 frá 1903 þröngt, þar sem m. a. segir:

„Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis".

Telur stefndi, að þetta lagaákvæði taki til dæmis ekki til þeirra firmaheita, sem eðli sínu samkvæmt skírskota ekki sérstaklega til nafngreindrar persónu, heldur séu tekin beint úr orðasafni íslenzkrar náttúru, svo sem eigi sér stað um orðið „Strandberg". Þurfi tæplega að undirstrika, hver munur sé á firmaheitinu Strandberg h/f og því, ef firma væri nefnt Guðfinna Ásta Strandberg h/f. Hið fyrra standi eitt sér og þurfi ekki að fela í sér nafn tiltekins manns eða benda til tengsla við neinn tiltekinn einstakling, eins og eigi sér hins vegar stað um hið síðarnefnda.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 42 frá 1903 eigi íslenzk firmu að bera nöfn, sem samrýmist íslenzku málkerfi. Þannig hafi það tíðkazt að taka firmaheiti úr orðaforða íslenzkrar náttúru, rétt eins og átt hafi sér stað um ættarnöfnin, meðan upptaka hafi verið látin viðgangast. Í mjög mörgum tilfellum beri svo við, að tiltekið orð hafi verið tekið upp sem ættarnafn, firmaheiti, skipsnafn og bæjarheiti. Útilokað væri og auk þess mundi það hafa í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar, ef þeir, sem hafa tiltekið orð heimilað sem ættarnafn, gætu bannað öllum öðrum notkun þess í allt öðrum tilgangi. Ekki sé nokkur leið að sjá, að stefnandi hafi öðlazt þann rétt yfir orðinu „Strandberg", að öll önnur notkun þess til nafngiftar sé ólögleg. Það sé kunnara en frá þurfi að segja, að venja sé, að íslenzkir þegnar kenni sig til föður og að ættarnöfn sé undantekning, sem heimiluð sé þeim, er þegar hafi tekið þau upp og niðjum þeirra auk þeirra, sem veitt var sérstök heimild til þess að taka upp ættarnöfn, eins og átti sér stað um föður stefnanda.

Til vara krefjast stefndu þess, að hugsanlegar miskabætur verði

felldar niður eða stórlega lækkaðar, þar eð engar sönnur séu á það færðar, að notkun orðsins „Strandbergs“ sem firmaheitis hafi skapað stefnanda nokkurn miska.

Svo sem fyrr er rakið, tók Árni Jónsson, faðir stefnanda, upp ættarnafnið „Strandberg“ árið 1916 í samræmi við ákvæði þágildandi laga um mannanöfn nr. 41/1913. Þau lög voru felld úr gildi með lögum um mannanöfn nr. 54 frá 1925. Í 2. mgr. 3. gr. áðurgreindra laga segir svo: „Þeir íslenzkir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, sem upp eru tekin síðan lög nr. 41, 1913, komu í gildi, meiga halda þeim alla ævi“. Samkvæmt þessu ákvæði hefur stefnandi, sem er dóttir Árna Jónssonar, rétt til að bera ættarnafnið „Strandberg“.

Í 10. gr., 1. mgr., laga nr. 42/1903 um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð segir: „Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis“.

Telja verður, að firmaheitið „Strandberg h/f“ sé til þess fallið að vekja þá hugmynd, að hið stefnda félag sé í tengslum við þá menn, er bera ættarnafnið Strandberg. Með því verður að telja, að upptaka nafnsins „Strandbergs“ í firmaheiti sé brot gegn 10. gr. laga nr. 42/1903, sbr. 18. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög, enda verður ekki á það fallizt með stefndu, að skýra beri ákvæði þessi þröngt.

Ber því samkvæmt kröfu stefnanda að dæma stefnda hlutafélagið Strandberg til þess að fella niður nafnið „Strandberg“ úr firmaheiti sínu og afmá það úr hlutafélagaskrá.

Að því er varðar miskabótakröfu stefnanda á hendur stefndu, þá hefur eigi verið gert sennilegt, að hún hafi orðið fyrir miska vegna hinnar ólögmætu notkunar stefndu á ættarnafni hennar. Þar sem ákvæði 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er fjallar um miskabætur, er einungis heimildarákvæði, þykir ekki efni til að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda miskabætur. Verða því stefndu Guðjón og Örn Baldvinssynir sýknaðir í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður gagnvart þeim.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda Strandberg h/f til þess að greiða stefnanda málskostnað, enda fengust forsvarsmenn þess eigi til að fella niður nafnið án málssóknar, er eftir því var leitað. Þykir málskostnaður þessi hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt

meðdómendunum Gauki Jörundssyni lektor og Jóni L. Arnalds deildarstjóra.

Dómsorð:

Stefndu Guðjón og Örn Baldvinssynir eiga að vera sýknir persónulega í máli þessu. Málskostnaður gagnvart þeim fellur niður.

Stefnda Strandberg h/f er skylt að fella niður úr firmaheiti sínu nafnið „Strandberg" og afmá það úr hlutafélagaskrá.

Stefndi Strandberg h/f greiði stefnanda, Guðfinnu Ástu Strandberg, kr. 8.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1968.

Nr. 103/1968. **Rafmagnsveitur ríkisins**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Hákoni Sigurðssyni
(Skúli J. Pálmason hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Vinnuslys. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. maí 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu samkvæmt heim-

ild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 með stefnu 31. maí 1968, gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 927.835.70 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 916.135.00 frá 31. janúar 1961 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 75.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Rafmagnsveitur ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Hákoni Sigurðssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 75.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. desember 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 16. f. m., hefur Hákon Sigurðsson rafvirki, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 17. september 1966, á hendur Rafmagnsveitum ríkisins til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 927.835.70 með 7% ársvöxtum af kr. 918.135.00 frá 31. janúar 1961 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara, að hin umstefnda fjárhæð verði lækkuð verulega og málskostnaður verði látinn niður falla.

Þá hefur stefnandi stefnt Vátryggingafélaginu Tryggingu h/f til réttargæzlu, en stefndi hefur keypt ábyrgðartryggingu hjá félaginu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og af hans hálfu eru engar kröfur hafðar uppi í málinu.

Málavextir eru þeir, að hinn 31. janúar 1961 var stefnandi, sem þá var starfsmaður stefnda, að vinna uppi í stauraspennistöð skammt frá bænum Grænahaugi í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu. Stefnandi hafði notað svonefnda stauraskó til að kom-

ast upp að spennistöðinni og hafði um sig öryggisbelti. Umrætt öryggisbelti er gert úr ofnum gjarðarborða og er í tveimur hlutum, mittisól og lífreim. Á mittisólinni eru tvær D-laga hringjur. Á endum lífreimarinnar eru eins konar taumlásar lokaðir með fjöður. Er lífreimin fest við mittisólina með því að krækja lásunum á hringjurnar á mittisólinni, og loka þá fjaðrirnar lásunum. Þegar klifrað er upp staura, er lífreiminni venjulega brugðið utan um staurinn til stuðnings, og einnig er lífreiminni brugðið utan um slár eða einangrara, þegar komið er í vinnustöðu.

Er stefnandi var að vinna við spennistöðina, vildi svo til, að hann féll úr staurnum og slasaðist, eins og síðar verður rakið. Tveir samstarfsmenn stefnanda voru nálægir, er slysið varð. Annar þeirra, Þórhallur Dan Kristjánsson, vann við spennistöðina með stefnanda, en hinn, Sigurður Þorsteinsson, var við vinnu á jörðu niðri.

Hefur Þórhallur gefið eftirfarandi lýsingu á atburðinum. Þórhallur kveður þá þrjá hafa verið að byrja að ganga frá heimtaugarspenninum og hafi það verið um kl. 1700. Hann kveður kalda hafa verið á norðan og dálítið frost. Þórhallur kveður aðstæður vera þannig, að spennirinn sé festur á tvo staura og sé hann festur að ofan með járnslá og með tréslá að neðan. Fyrir ofan járnslána kveður hann svo vera þriðju slána, en á hana séu festir einangrarar. Þórhallur kveður þá Hákon hafa byrjað að ganga frá þeim og hafi þeir farið upp sinn hvorn staurinn. Þeir hafi svo farið úr stauraskónum og staðið á járnslánni og haft öryggisbeltin krækt utan um slána, sem einangrararnir voru á. Þórhallur kveður klofajárn vera sett um slána og séu þau festingar fyrir einangrarana, en bolti sé settur í að neðan og jarðsambandsvír settur undir róna. Hann kveður þá hafa hert róna með höndunum, eins og þeir hafi getað. Kveðst Þórhallur hafa verið búinn að taka lykil úr belti sínu til að herða naglann. Þórhallur kveðst nú ekki hafa tekið það eftir stefnanda, að hann hafi séð, hvort hann var búinn að taka lykilinn úr sínu belti, en hann kveðst hafa séð, að stefnandi kippti sér að slánni og sneri sér eitthvað í beltinu og settist svo í það. Kveður hann þá beltið hafa gefið eftir og hafi stefnandi fallið aftur yfir sig, en hann hafi rétt sig við á leiðinni niður og hafi, að því er virtist, komið niður á fæturna og sitjandann. Kveður Þórhallur stefnanda hafa náð að hafa hönd á heimtaugarlínunni, um leið og hann féll, og muni það hafa hjálpað til, að hann kom ekki verr niður. Þórhallur kveður stefnanda hafa legið alveg hreyfingarlausan, eftir

að hann kom niður, og hafi þeir Sigurður ekki hreyft við honum. Þórhallur kveðst hafa séð, þegar hann kom niður úr staurnum, að beltið hafi legið afkrækt út frá stefnanda. Kveðst hann strax hafa skoðað lásinn og þá hafa séð, að í honum var moldarköggull, er muni hafa komið í við fallið. Þórhallur kveður það skoðun sína, að beltið hafi hlotið að opnast á einhvern hátt eða að það hafi staðið á sér og hafi það svo afkrækzt við hreyfinguna, en hann kveður þá báða hafa verið búna að sitja í beltunum um 10 mínútur. Þórhallur kveður stefnanda hafa verið mjög lipran stauramann, duglegan og gætinn að sama skapi.

Sigurður Þorsteinsson var að vinna hálfboginn á jörðu niðri, er slysið varð. Kveðst hann hafa heyrt eitthvað hrapa niður úr staurnum og þá litið upp. Hafi hann þá séð, að stefnandi var að falla niður og virzt hann lenda aftur yfir sig og koma niður á bakið.

Ágreiningslaust er með aðiljum að leggja frásagnir þessar til grundvallar um atvik að slysinu. Hefur stefnandi og fyrir dómi lýst þær réttar.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að yfirleitt sé sami maður jafnan með sitt belti, að minnsta kosti hafi svo verið í hans flokki, og hafi enginn annar en hann notað belti það, sem hann var með, er slysið varð. Stefnandi telur, að eitthvað hafi verið búið að nota beltið, er hann fékk það í hendur, en kveður það samt hafa verið nýlegt og ekki slitið. Álítur stefnandi, að hann hafi verið búinn að nota beltið í um það bil hálft ár, er slysið varð. Stefnandi kveðst hafa vitað, áður en slysið varð, að belti með ferköntuðum hringjum gætu opnazt við visst átak, þegar lásinn er í vissri afstöðu til hringjunnar, en hins vegar kveðst hann hafa talið, að belti með D-laga hringju væru alveg örugg.

Vitnið Guðjón Guðmundsson, rekstrarstjóri Rafmagnsveitna ríkisins, hefur skýrt svo frá, að eftir því sem hann og starfsmenn stofnunarinnar viti bezt, hafi umrætt belti verið keypt beint frá hinum erlenda framleiðanda eða erlendu verkfærasölufyrirtæki. Ekki kveðst hann hafa getað komizt að því, hvenær beltið var keypt, en kveður það hafa verið keypt nýtt og eftir því sem hann bezt viti, hafi það verið afhent stefnanda beint, enda hafi hann verið verkstjóri á þessum tíma. Ekki kveðst vitnið geta sagt með vissu, hversu lengi beltið hafi verið í notkun, er slysið varð, en það kveðst telja, að það hafi þá ekki verið búið að vera lengi í notkun. Vitnið kveður ekki hafa verið um að ræða neitt slit á beltinu sökum notkunar. Ekki kveður vitnið neina athugun

eða prófun fara fram á nýjum öryggisbeltum, þegar þau eru tekin í notkun, að öðru leyti en því, að ytra útlit þeirra sé skoðað. Kveður vitnið belti þessi vera keypt frá viðurkenndum framleiðendum í trausti þess, að ekki sé um neina galla að ræða, enda sé ekkert til sparað við kaup á slíkum öryggistækjum. Vitnið kveður „fabrikationsgalla" fyrst og fremst vera smíðaeða efnisgalla, en með „konstruktionsgalla" kveður vitnið átt við það, að tæknilegri uppbyggingu hlutar sé áfátt. Vitnið telur ekki unnt fyrir starfsmenn, sem fá slík belti í hendur, að uppgötva slíkan konstruktionsgalla á þeim. Kveður vitnið konstruktionsgalla hafa komið fram í öryggisbeltum, sem verið hafi með ferhyrndum hringjum, og hafi hann verið í því fólginn, að þegar lásinn á lífreiminni hafi verið í vissri afstöðu til hringjunnar, hafi lásinn getað opnazt, án þess að þrýst væri á læsingu hans með höndunum.

Ekki hlutuðust fyrirsvarsmenn stefnda til um það, að opinber rannsókn færi fram út af slysinu. Ekki hlutaðist heldur stefnandi sjálfur eða fyrirsvarsmaður hans til um, að slík rannsókn færi fram. Hins vegar framkvæmdi Öryggiseftirlit ríkisins að frumkvæði lögmanns stefnanda athugun á öryggisbelti því, sem stefnandi notaði, er slysið varð. Er umsögn stofnunarinnar um þessa athugun svohljóðandi:

„Bréf yðar, herra hæstaréttarlögmaður, dags. 1. des. s.l., hefur eftirlitið móttekið ásamt öryggisbelti (belti með stuðningsreim) merktu með eirplötu, sem sýnir, að það er af gerð LC-23-C og framleitt af R. H. Ruhrke Co. Phila. USA fyrir Signal Corps U. S. Army.

Við fyrstu athugun verður ekki annað séð en að beltið ásamt stuðningsreiminni og festingum hennar sé af viðurkenndri gerð og í fullkomnu lagi. Við nánari athugun og tilraunir kom svo í ljós, að þegar slaknaði á stuðningsreiminni þannig, að tengihringir hennar lögðust afturávið, þurfti ekki nema lítið en snöggt átak til þess, að hringurinn legðist þannig að lás festikróksins, að hann opnaðist og krókurinn kræktist úr hringnum. Þessa stöðu milli króka og hringja virtist auðvelt að fá á báðum tengihringjunum, en annar krókurinn virtist hafa frekari tilhneigingu til að krækjast úr hringnum.

Að þessum athugunum gerðum telur eftirlitið, að slys það, sem Hákon Sigurðsson varð fyrir, hafi orsakazt af framangreindum galla á beltinu og að beltið verði að teljast ónothæft".

Þrátt fyrir það, þótt opinber rannsókn færi eigi fram, þykir

mega leggja dóm á málið, enda er eigi ágreiningur um það, að orsök slyssins verði rakin til þess, að annar af öryggislásum þeim, sem tengja lífreimina við mittisólina, hafi opnazt.

Af hálfu stefnanda er fébótaábyrgð stefnda byggð á því, að atvinnurekstur sá, sem stefndi annist og stefnandi hafi starfað við, sé stórhættulegur. Beri stefnda því að bæta stefnanda allt það tjón, sem hann hafi orðið fyrir af völdum slyssins. Þá er fébótaábyrgð stefnda og byggð á því, að öryggisbelti það, sem stefnanda hafi verið fengið til afnota við vinnu sína, hafi verið gallað, smíði þess sé röng og hafi það því verið haldið smíðagalla (kostruktionsgalla) og hafi þessi galli verið orsök slyssins. Er því haldið fram, að hvor grundvöllurinn fyrir sig sé fullnægjandi til þess, að stefnda beri að bæta stefnanda allt það tjón, sem hann hafi hlotið af völdum slyssins.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að fébótaábyrgð verði ekki lögð á hann eftir hlutlægum reglum. Er því haldið fram, að atvinnurekstur sá, sem stefndi hefur með höndum, sé ekki hættulegur í þeim skilningi, sem lagður sé í það hlugtak samkvæmt íslenzkum skaðabótarétti. Þá er því haldið fram, að fébótaábyrgð verði ekki lögð á eftir öðrum hlutlægum reglum, enda sé það andstætt meginreglu íslenzks skaðabótaréttar. Komi hins vegar til álita að beita rýmkaðri saknæmisreglu, þá sé á það að líta, að stefndi hafi keypt umrætt öryggisbelti, sem sé af viðurkenndri gerð, af framleiðanda þess og hafi beltið verið nýlegt og í fullkomnu lagi. Stefndi og starfsmenn hans hafi mátt treysta því, að beltið væri í fullkomnu lagi, enda hafi kunnáttumenn ekki komið auga á gallann fyrr en eftir slysið, er leitað var skýringa á því, hvernig það hafi getað orðið. Er því haldið fram, að orsök slyssins verði ekki rakin til neinna mistaka af hálfu fyrirsvarsmanna stefnda eða starfsmanna hans. Er því haldið fram, að fyrirsvarsmenn og starfsmenn stefnda hafi viðhaft alla þá gát, sem krafizt verði af reyndum og gætnum starfsmönnum á því athafnasviði, sem hér um ræðir. Verði eigi fallizt á þessar málsástæður, þá er því haldið fram, að eigi beri að dæma stefnanda fullar bætur. Er á það bent í því sambandi, að stefnandi hafi verið sá kunnáttumaður í þjónustu stefnda, sem átt hafi að gæta þess, að umrætt belti væri í fullkomnu lagi. Er því og haldið fram, að stefnandi hafi verið vanur stauramaður, auk þess flokksstjóri (verkstjóri) og hafi hann verið búinn að starfa við slík störf og hafi borið gott skynbragð á slík belti,

enda verið búinn að nota þau um árabil. Er því haldið fram, að stefnandi hafi haft kunnáttu til og verið fær um að halda beltinu í lagi og hafi stefnandi með því að gæta þess eigi viðhaft þá háttsemi, sem leiði til þess, að hann verði sjálfur að bera hluta af tjóni því, sem hann hefur orðið fyrir af völdum slyssins.

Það er ágreiningslaust, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að annar af lásum þeim, sem tengja lífreimina við beltið, hafi opnazt, en við það hafi stefnandi fallið úr staurnum, eins og áður er lýst. Samkvæmt umsögn Öryggiseftirlits ríkisins verður að telja, að öryggisbeltið sé haldið þeim smíðagalla (konstruktionsgalla), að lásar þeir, sem tengja lífreimina við beltið, geti opnazt við notkun við vinnu í staurum án beins tilverknaðar notandans. Er það og skoðun hinna sérfróðu samdómenda, sem rannsakað hafa beltið.

Umrætt öryggisbelti hafði verið fengið stefnanda til nota við vinnu hans uppi í staurum, enda varð slík vinna ekki framkvæmd án slíks beltis. Var hér um að ræða sérstaka öryggisráðstöfun, sem fyrir er mælt í 1. mgr. 25. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Stefnandi mátti því treysta því, að beltið væri ekki haldið slíkum smíðagalla (konstruktionsgalla), að lásar þeir, sem tengja lífreimina við beltið, gætu opnazt án beins tilverknaðar notanda beltisins. Það verður eigi talið, að fyrirsvarsmenn stefnda eða starfsmenn hans, þar á meðal stefnandi, hafi mátt gera sér grein fyrir smíðagalla þeim, sem á beltinu er, eða að þeir hafi haft ástæðu til að draga í efa öryggi það, sem beltið átti að veita. Hins vegar þykir vinnuveitandi verða að bera ábyrgð á því gagnvart starfsmanni sínum, að slíkt öryggistæki sé ekki haldið leyndum galla, sem telja verður að umræddur smíðagalli (konstruktionsgalli) hafi verið. Verður því lögð á stefnda fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins. Það er eigi í ljós leitt, að stefnandi hafi ekki notað öryggisbeltið á réttan hátt, er slysið varð, eða sýnt af sér aðra óaðgæzlu við framkvæmd verksins. Eins og áður er rakið, verður eigi talið, að stefnandi hafi mátt gera sér grein fyrir smíðagalla þeim, sem á beltinu er, eða að hann hafi haft ástæðu til að draga í efa öryggi það, sem beltið átti að veita. Þykir því ekki grundvöllur til að skipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, og verður hún lögð óskipt á stefnda.

Verður nú afstaða tekin til fjárhæðar dómkröfu stefnanda, en hún er sundurliðuð þannig:

1. Örorkutjón samkvæmt útreikningum Ómars Árnasonar, cand act.,	kr.	908.132.00	
að frádregnum bótum frá Tryggingastofnun ríkisins,	—	78.534.00	
slysakaupi frá stefnda	—	4.462.50	
og bótum frá réttargæzlustefnda	—	7.000.00	
			kr. 818.135.50
2. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi, lýti og röskun á stöðu og högum			— 100.000.00
3. Útlagður kostnaður			— 9.700.00
			Kr. 927.835.50

Um 1. Daginn eftir slysið var stefnandi lagður í Landspítalann. Um meiðsli þau, sem stefnandi hlaut við slysið, dvölina á sjúkrahúsinu og niðurstöðu síðari skoðunar segir svo í vottorði dr. med. Snorra Hallgrímssonar, dags. hinn 2. júlí 1965:

„... Slysið var talið hafa skeð með þeim hætti, að er hann var að vinna við raflögn í rafmagnsstaur, féll hann niður og kom niður á hægri fót og bak á frosinn uppmokstur úr skurði. Fallið var talið hafa verið 7—8 metrar.

Daginn eftir var Hákon lagður í IV. deild Landspítalans, og leiddi rannsókn þar í ljós brot á I. lendalið og afrifubrot á V. ristarbeini hægri fótar. Engin einkenni um sköddun á mænu.

Hann var látinn liggja rúmfastur í sex vikur og útskrifaðist af deildinni 16. 3. 1961.

Hann byrjaði að vinna lítilsháttar í júní 1961, en telur sig ekki hafa getað unnið fullan vinnudag, fyrr en komið var fram í ágúst sama ár.

Við skoðunina 23. f. m. upplýsir Hákon, að hann hafi alltaf, síðan hann fór að hafa fótavist eftir slysið, haft nokkur óþægindi í bakinu. Hann á erfitt með að beita sér við lyftingar, fær þá sársaukatilkenningu í mitt mjóbakið og finnst það vilji gefa eftir. Þá fær hann þreytuverk í bakið við að standa eða sitja til lengdar og hefur einnig verk í bakinu í hvíld, eftir áreynslu. Úthvíldur er hann að jafnaði óþægindalaus, en er mun úthaldsminni við vinnu en fyrir slysið. Hann treystir sér ekki til að stunda vinnu, sem hefur verulega bakraun í för með sér, eins og til dæmis mokstur með skóflu.

Síðastliðin tvö ár hefur Hákon verið látinn nota orthopediskt corsett, og hefur það verulega bætt líðan hans, en hann telur sig ekki geta verið án corsetts. Hann finnur ekki til neinna óþæginda frá ristarbrotinu.

Við skoðun kom eftirfarandi í ljós:

Kröftugur og hraustlegur maður. Gangur eðlilegur. Við skoðun á hrygg sést væg útbeygja til hægri í mjóbaki. Hreyfing í mjóbaki er sem næst eðlileg, en við mestu beygingu fram á við kvartar hann um vægan sársauka í miðju mjóbaki. Ganglimir virðast eðlilegir.

Röntgenskoðun strax eftir slysið sýndi þrýstingsbrot á I. lendalið, en auk þess sprungu þvert upp í gegnum liðbolinn framantil, og var lítilsháttar stallur á neðri liðfleti liðbolsins svo og á framhlið hans. Engin teljandi hliðarskekkja. Röntgenskoðun í október 1963 sýnir, að brotið er vel gróið, en beinútvöxtur hefur myndazt á frambrún liðsins ofantil, og skagar þessi beinútvöxtur upp á við í áttina að næsta liðbol fyrir ofan.

Hér er um að ræða þrítugan rafvirkja, sem fyrir rúmum fjórum árum hlaut brot á I. lendalið með þeim afleiðingum, að liðbolurinn hefur aflagazt nokkuð, og auk þess hefur orðið sköddun á brjóskþófanum milli þessa liðbols og næsta liðbols fyrir ofan, en það má ráða af þeim breytingum, sem sjást á röntgenmyndum. Þá má einnig gera ráð fyrir, að næsti brjóskþófi fyrir neðan hinn brotna liðbol hafi skaddazt við slysið, þar eð neðri liðflötur liðbolsins hafði brotnað og aflagazt nokkuð. Óþægindi þau, sem Hákon lýsir, samsvara því, sem búast má við eftir meiðsli sem þetta, og má gera ráð fyrir, að þessi óþægindi fari sízt minnkandi með árunum. Öllu heldur má búast við vaxandi slitbreytingum frá umræddum brjóskþófum og þá um leið vaxandi óþægindum. Gera má ráð fyrir, að hann muni framvegis þurfa að nota orthopediskt corsett".

Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur skoðað stefnanda og metið örorku hans af völdum slyssins. Auk þess sem vottorð dr. med. Snorra Hallgrímssonar er rakið í mati tryggingayfirlæknisins, segir þar svo:

„Slysið var með þeim hætti, að slasaði var við vinnu sína fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og var við vinnu í stauraspennistöð í ca. 6 metra hæð, en féll þá niður og aftur yfir sig.

Hann mun hafa verið fluttur á Landspítalann næsta dag, og í vottorði prófessors Snorra Hallgrímssonar 6/11 1961 þá segir,

að um hafi verið að ræða Fractura columnae LI et fractura tuberositas metatarsi V.

Önnur læknisvottorð bárust ekki um manninn þá, en sumarið 1965 mun hann hafa leitað til prófessors Snorra Hallgrímssonar, og það liggur fyrir vottorð prófessors Snorra um ástand mannsins, og er það svohljóðandi: ...

Maðurinn kom til viðtals hjá undirrituðum hinn 21/6 1965. Hann skýrir frá meiðslinu, eins og lýst er hér að framan.

Kveðst hafa verið frá vinnu um það bil 6 mánuði eftir slysið. Hefur ekki verið frá vinnu síðan vegna bakóþæginda, en kveðst að jafnaði hafa verki í baki við alla áreynslu. Hann hefur notað stuðningsbol síðastliðið eitt og hálft ár og telur sig ekki geta verið án þess.

Við skoðun á baki er ekkert athugavert að finna.

Röntgenskoðun vísast til vottorðs prófessors Snorra Hallgrímssonar.

Ályktun: Hér er um að ræða þrítugan mann, sem slasast við vinnu sína fyrir nærri fimm árum og hlaut þá brot á hrygg og fæti. Hann hefur haft varanleg óþægindi vegna hryggbrotsins, hefur ekki þolað áreynsluvinnu, en hefur getað stundað starf sitt sem rafvirki. Hann notar stuðningsbol að staðaldri.

Röntgenskoðun sýnir breytingar í hrygg á brotstaðnum, og er sennilegt, að viðloðandi og varanleg óþægindi verði í bakinu vegna meiðslisins.

Maðurinn hefur vegna slyssins hlotið tímabundna og varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin þannig:

Í 6 mánuði .. .. 100% örorka
Í 3 — .. .. 75% —
Í 3 — .. .. 50% —
Í 6 — .. .. 25% —
Og síðan varanleg örorka 20%".

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Ómar Árnason tryggingafræðingur reiknað örorkutjón stefnanda. Um grundvöll útreikningsins og niðurstöðu segir svo í bréfi tryggingafræðingsins, dags. hinn 25. janúar 1966:

„Útreikningurinn er grundvallaður á örorkumati Páls Sigurðssonar læknis, sem metur í bréfi, dags. 25. 10. 1965, örorku slasaða af völdum slyssins sem hér greinir:

Tafla 1. Örorkumat.

Tímabil:	Mánuðir:	Örorka:
Frá 31. 01. '61 til 30. 07. '61	6	100%
— 31. 07. '61 — 30. 10. '61	3	75%
— 31. 10. '61 — 30. 01. '62	3	50%
— 31. 01. '62 — 30. 07. '62	6	25%
— 31. 07. '62 varanlega		20%

Ennfremur byggist útreikningurinn á vinnutekjum slasaða árin 1958—1960 samkvæmt skattframtölum hans og slysatilkynningu. Tekjur þessar eru sýndar í töflu 2 ásamt samsvarandi unnum dagvinnustundum á viku, miðað við 47⅓ vinnuviku á ári samkvæmt kauptaxta rafvirkja hjá Rafmagnsveitum ríkisins að meðtöldu orlofi. En eins og fram kemur í skattframtölum og samkvæmt upplýsingum Kaj Ólafssonar, fulltr. hjá Rafmagnsveitum ríkisins, var slasaði starfsmaður þar frá 8. 12. 1958 og flokksstjóri með 10% álagi á kaup frá október 1960.

Tafla 2. Vinnutekjur og unnar stundir fyrir slys.

Ár	Vinnutekjur. Kr.	Meðalvikukaup ársins í dagvinnu (48 klst.) incl. orlof. Kr./viku	Samsvarandi unnar dagvinnustundir á viku. Klst./viku
1958	119.617.00	1.295.90	93.6
1959	94.761.00	1.303.91	73.7
1960	110.845.00	1.319.50	85.2
		Meðaltal 1958—1960 =	84.2.

Samkvæmt töflu 2 hefur slasaði síðustu þrjú ár fyrir slysið að meðaltali unnið 84.2 dagvinnustundir á viku, sem samsvara 48 stunda dagvinnu, 10 stunda eftirvinnu og 10.6 stunda næturvinnu á viku. Þykir því hæfilegt að miða áætlun um vinnutekjur slasaða eftir slysið við 48 stunda dagvinnu, 10 stunda eftirvinnu og 10½ stunda næturvinnu á viku í 47⅓ viku á ári að meðtöldu orlofi. Hinn 1. 09. 1965 styttist dagvinnuvikan í 44 stundir, og þykir frá þeim tíma hæfilegt að miða áætlaðar vinnutekjur við 44 stunda dagvinnu, 10 stunda eftirvinnu og 12½ stunda næturvinnu.

Tafla 3 sýnir þannig áætlaðar árlegar vinnutekjur, reiknaðar í samræmi við ofangreindan kauptaxta rafvirkja með þeim breyt-

ingum, sem á honum hafa orðið og slasaði hefði notið góðs af frá slysdegi til dagsins í dag. Af breytingum ber helzt að nefna eftirfarandi:

Frá 1. 7. '61 til 1. 9. '65 greiðist 10% álag á kaup fyrir óþrifavinnu, og er reiknað með, að slasaði fái að meðaltali 5% álag. Frá 12. 7. '63 greiðist 15% álag fyrir flokkstjórn í stað 10% áður, en sem fyrr greinir var slasaði flokksstjóri. Frá sama tíma, 12. 7. '63, greiðist 10% álag fyrir námskeið, en samkvæmt Kaj Ólafssyni hafði slasaði sótt slíkt námskeið og fengið því það álag auk hinna. Stighækkandi kaup greiðist frá 12. 7. '63 eftir 3 og 5 ára vinnutíma og frá 1. 9. '65 eftir 1, 2, 3 og 8 ára vinnutíma, og reiknast slasaði því í hæsta flokki frá 8. 12. '66. Hlutfall milli dag-, eftir- og næturvinnu breytist fram og aftur á tímabilinu, sem gerir það að verkum, að hlutfall milli meðalvikukaups ársins í dagvinnu eingöngu, sem sýnt er í töflu 3, og áætlaðra ársvinnutekna breytist frá ári til árs. Tafla 3 sýnir einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hluti af áætluðum vinnutekjum og örorka er metin, sbr. töflu 1.

Tafla 3. Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap.

Ár eftir slysið	Aldur Ár	Meðalvikukaup í dagv. eing. incl. orlof. Kr./viku	Áætlaðar vinnutekjur Kr./ár	Áætlað vinnutekjutap Kr./ár
1.	26	1.611.35	134.561.00	107.630.00
2.	27	1.866.32	156.423.00	34.967.00
3.	28	2.374.35	198.930.00	39.786.00
4.	29	3.146.07	259.877.00	51.976.00
5.	30	3.570.09	299.519.00	59.904.00
6.	31	3.800.05	337.002.00	67.400.00
7. og síðari	32	3.859.81	342.290.00	68.458.00

Verðmæti vinnutekjutaps samkvæmt áætlun þessari á slysdegi reiknast nema:

Vegna tímabundinnar örorku í 18 mánuði .. .. kr. 120.808.00
Vegna varanlegrar örorku eftir þann tíma .. .. — 743.271.00

Samtals kr. 864.079.00

Reiknað er með 7% vöxtum p. a., dánarlíkum íslenzkra karla

samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkum fyrir missi starfsorku eftir sænskri reynslu".

Eins og fram kemur í bréfi tryggingafræðingsins, er útreikningur þessi byggður á vinnutekjum stefnanda árin 1958—1960 samkvæmt skattframtölum hans og slysatilkynningu. Stefnandi taldi ekki fram til skatts á árinu 1961, og áætluðu skattayfirvöld stefnanda í tekjur á árinu 1960 kr. 75.000.00. Samkvæmt tilkynningu stefnda til Tryggingastofnunar ríkisins um slysið kemur fram, að vinnutekjur stefnanda á árinu 1960 námu kr. 110.845.36. Tryggingafræðingurinn endurskoðaði útreikning sinn með tilliti til þeirrar vísitöluhækkunar, sem orðið hafði hinn 1. september 1966, eins og fram kemur í bréfi hans frá 15. september 1966. Samkvæmt því kveður hann heildarniðurstöðu útreiknings síns frá 25. janúar 1966 hækka úr kr. 864.079.00 í kr. 908.132.00. Vegna athugasemda, sem komið höfðu fram af hálfu stefnda, gerði tryggingafræðingurinn frekari grein fyrir útreikningum sínum í síðastgreindu bréfi. Segir þar m. a. svo:

„Að beiðni yðar hef ég endurskoðað útreikninga mína á ofangreindu tjóni frá 25. janúar 1966 með tilliti til þeirrar vísitöluhækkunar, sem orðið hefur síðan, svo og hef ég séð skýrslur hr. Þóris Bergssonar tryggingafræðings frá 28/3 1966 og 13/6 1966.

I. Með tilliti til hækkunar vísitölu pr. 1. sept. 1966 þá hækkar heildarniðurstaða útreiknings míns frá janúar s.l. úr kr. 864.079.00 í kr. 908.132.00.

II. Með tilvísun í útreikninga hr. Þóris Bergssonar vil ég taka þetta fram:

Ef ég tek út úr reikningum mínum það 10% álag á kaup, sem Hákon fékk frá 12/7 1963 fyrir námskeið, sem hann sótti, þá lækkar niðurstaða mín í kr. 839.245.00. Ef ég tek út úr útreikningum mínum 2 tíma viðbót á næturvinnu vegna styttingar dagvinnutíma rafvirkja frá 1/9 1965, þá lækkar niðurstaðan í kr. 877.475.00. En ef ég tek hvort tveggja þetta út úr mínum útreikningum, þá nemur heildarniðurstaða mín kr. 811.380.00; allt miðað við vísitöluhækkanir á kaup til og með 1/9 1966. . . .".

Samkvæmt vottorði Tryggingastofnunar ríkisins hefur stefnandi fengið greitt vegna slyssins frá stofnuninni dagpeninga, kr. 1.216.00, örorkubætur, kr. 78.534.00, og vexti af örorkubótum, kr. 21.258.00.

Af hálfu stefnda er mótmælt grundvelli þeim, sem tryggingafræðingurinn byggir útreikninga sína á, svo og niðurstöðum þeirra og fjárhæð þeirri, sem stefnandi krefur um samkvæmt

þessum lið. Er því haldið fram í því sambandi, að bætur vegna tímabundinnar örorku séu of háar svo og bætur fyrir varanlega örorku, enda sé eigi rétt að reikna með 10% álagi fyrir námskeið, 5% álagi vegna óþrifavinnu, eigi beri að reikna með vinnutapi, á meðan á námi stendur. Þá beri og að hafa í huga, að raunverulegur orkumissir sé minni en hið læknisfræðilega mat segi til um og hið persónubundna tap stefnanda sé mun minna en útreikningur Ómars Árnasonar segi til um. Þá er því haldið fram, að við ákvörðun bóta beri að taka tillit til skattfrelsis þeirra og hagræðis þess, sem stefnandi hafi af eingreiðslu bótanna. Þá er því haldið fram, að frá bótum, eins og þær kunni að verða ákveðnar, beri að draga greiðslur þær, sem til stefnanda hafa gengið frá stefnda, réttargæzlustefnda og Tryggingastofnun ríkisins.

Þegar hliðsjón er höfð af útreikningum þeim á fjárhagstjóni stefnanda af völdum slyssins, sem stefnandi byggir á og byggðir eru á vinnutekjum hans árin fyrir slysið, tillit tekið til kauplagsbreytinga, sem orðið hafa, frá því er slysið varð, og jafnframt höfð í huga önnur þau atriði, sem máli þykja skipta við ákvörðun bóta sem þessara, þá þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 500.000.00. Hafa þá verið dregnar frá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 79.750.00, og greiðslur frá stefnda, kr. 4.462.00, og réttargæzlustefnda, kr. 7.000.00.

Um 2. Af hálfu stefnda hefur fjárhæð þessa kröfuliðs verið mótmælt sem of hárri.

Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin og lýst varanlegum áverkum, sem hann ber af völdum slyssins. Þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 70.000.00.

Um 3. Kröfuliður þessi, sem studdur er framlögðum gögnum, hefur ekki sætt andmælum. Verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 579.700.00 (500.000.00 + 70.000.00 + 9.700.00).

Af hálfu stefnda hefur því verið andmælt, að dæmdir verði vextir lengra aftur í tímann en fjögur ár frá þingfestingardegi, enda séu eldri vextir fyrndir.

Mál þetta var þingfest hinn 22. september 1966. Samkvæmt því eru eldri vextir en frá 22. september 1962 fyrndir, sbr. ákvæði 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Með hliðsjón af kröfugerð stefnanda verður stefndi því dæmdur til að greiða vexti sem hér segir: 7% ársvexti af kr. 570.000.00 frá 22. september 1962 til 1. janúar

1965, 6% ársvexti af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvexti af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 80.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Guðmundi Björnssyni vélaverkfræðingi og Sigurði Halldórssyni rafmagnsverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Rafmagnsveitur ríkisins, greiði stefnanda, Hákoni Sigurðssyni, kr. 579.700.00 með 7% ársvöxtum af kr. 570.000.00 frá 22. september 1962 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 80.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1968.

Nr. 149/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Jónmundi Jónssyni
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Bifreiðar. Banaslys.

Dómur Hæstaréttar.

Ekki er upplýst í rannsókn máls þessa, að framrúða bifreiðarinnar G 3052 hafi verið óhrein og ákærði hafi þess vegna eigi haft næga útsýn úr bifreiðinni, er slys það varð,

sem mál þetta er af risið, en ákærði, sem einn hefur borið um þetta atriði, kveður rúðuþurrkur hafa verið í gangi og hann hafi haft allgóða útsýn úr bifreiðinni. Vegna þessa ákæruatriðis verður honum því eigi dæmd refsing samkvæmt 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sem í gildi voru, þegar greint slys varð.

Að öðru leyti er atvikum máls þessa nægilega lýst í héraðsdómi og brot ákærða þar heimfærð til réttra refsiákvæða. Hann viðhafði ekki næga aðgæzlu, er hann ók suður Hofsvallagötu og hugðist beygja vestur Grenimel og árekstur varð milli bifreiðanna G 3052 og G 2878 með þeim afleiðingum, sem í hinum áfrýjaða dómi getur. Var þessi akstur hans meginorsök að slysi því, er þarna varð.

Að þessu athuguðu þykir mega staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jónmundur Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 20. júní 1968.

Ár 1968, fimmtudaginn 20. júní, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður var á skrifstofu embættisins af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 754/1967: Ákæruvaldið gegn Jónmundi Jónssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. janúar 1968, er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dags. 4. janúar 1966, höfðað gegn Jón-

mundi Jónssyni vélskóflustjóra, Möðruvöllum í Kjós, fyrir að hafa um klukkan 1500 mánudaginn 11. október 1965 eigi gætt nægilegrar varkárni við akstur bifreiðarinnar G 3052, er hann ætlaði að beygja af Hofsvallagötu í Reykjavík til vesturs inn á Grenimel, með þeim afleiðingum, að hann ók á bifreiðina G 2878, sem í þann mund var ekið á móti til norðurs, en við áreksturinn slösuðust farþegar í þeirri bifreið, og einn þeirra, Soffía Sigríður Guðmundsdóttir, Fögrubrekku, Seltjarnarnesi, lézt samdægurs af völdum meiðsla sinna, annar farþegi, Ósk Magnúsdóttir, Sæbóli, Seltjarnarnesi, hlaut brot á vinstra læri, höfuðhögg, mar á líkama og handlegg og sár og mar á fætur, og loks hlaut Kristín Ásgeirsdóttir, Fögrubrekku, fleiður og mar á vinstra augnlok, skurð á vinstra hné, bólgu og mar á hægri rist auk taugaáfalls. Þegar slysið gerðist, var bifreiðin G 3052 mjög vanbúin, hemla- og stýrisútbúnaður lélegur, báðir hjólbarðar á afturhjólum sléttslitnir, sláttur á drifskafti og innra afturhjóli hægra megin og bifreiðin 430 kg. of þung miðað við leyfilegan hámarksþunga með hlassi, þá var og framrúða mjög óhrein.

Telst brot ákærða varða við 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. og 2. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr., d-lið, 49. gr. og 1. mgr. 56. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 6. marz 1920 í Kjós, Möðruvöllum, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1958 13/3 í Hafnarfirði: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þessir:

Hinn 11. október 1965 um klukkan 1500 varð umferðarslys á gatnamótum Hofsvallagötu og Grenimels í Reykjavík. Þarna rákust saman vöruflutningabifreiðin G 3052, sem ekið var suður Hofsvallagötu og beygði til vesturs áleiðis inn á Grenimel, og fólksbifreiðin G 2878, sem ekið var norður Hofsvallagötu. Bifreiðin G 2878 skemmdist mikið, bifreiðin öll rifin og dælduð. Þá dældaðist hægra framhorn vöruflutningabifreiðarinnar, og höggvarinn rispaðist. Við áreksturinn slösuðust farþegar í fólksbifreiðinni G 2878 sem hér segir:

Soffía Sigríður Guðmundsdóttir rif- og viðbeinsbrotnaði, mikil

meiðsli í kviðarholi, einkum mikil skemmd í lifur. Andaðist daginn eftir slysið, 12. október 1965.

Kristín Ásgeirsdóttir fékk fleiður og mar á vinstra augnlok, örlítinn skurð á vinstra hné og bólgu og mar á hægri rist. Hún varð fyrir augaáfalli af árekstrinum.

Ósk Magnúsdóttir hlaut lærbrot á vinstra læri, mar á hægri hlið og handlegg og sár og mar á fæturna.

Litlu eftir að slysið varð, komu lögreglumenn á vettvang, gerðu uppdrátt og tóku ljósmyndir af slysstaðnum, og hafa gögn þessi verið lögð fram.

Bifreiðaeftirlitsmaðurinn Ingvar Björnsson skoðaði bifreiðina G 3052 á slysstað, og segir svo í vottorði hans, að hemlar og stýrisútbúnaður hennar hafi verið í slæmu ástandi, og við hemlun á 15 km hraða miðað við klukkustund var aðeins sýnilegt hemlafar eftir hægra afturhjól. Þá kom og í ljós, að stýrisvél hafði verið mjög laus. Af þeim þrem skrúfboltum, sem eiga að halda vélinni fastri, sáust engin merki þess, að fremri boltinn að ofan hafi verið í að undanförnu. Aftari boltinn að ofan var það laus, að um 1 sm bil var milli vélarinnar og grindarinnar. Neðsti boltinn hafði sýnilega verið laus um tíma og brotnað við árekstrinn. Báðir hjólbarðar á vinstri afturhjólum voru nær sléttslitnir. Grindarbiti (þverbiti) að framan var brotinn frá grind vinstra megin, einnig var neðsta blað hægri framfjaðrar þverbrotið, bæði brotin virtust gömul. Á drifskafti og innra afturhjóli var mikill sláttur í akstri. Ekkert aðvörunarmerki var fyrir loftþrýsting á hemlabúnaði. Er bifreiðin var vigtuð, var heildarþyngd hennar með farmi 11.740 kg., hvíldu 4.170 á framás og 7.570 á afturás. Eigin þyngd bifreiðarinnar var 5.200 kg., leyfður þungi á framás 3.500 kg., en á afturás 7.600 kg., heildarþyngd með hlassi 11.300 kg.

Nánari athugun á hemlabúnaði bifreiðarinnar var svo gerð af Pálma Friðrikssyni bifreiðaeftirlitsmanni og Borgþóri Þórhallssyni rannsóknarlögreglumanni, og segir svo um það í vottorði Pálma, að bifreiðin hafi þá verið til viðgerðar á Bílaverkstæði Hafnarfjarðar, og voru hemlarnir reyndir í akstri, áður en viðgerð á þeim hófst. Er bifreiðinni var ekið óhlaðinni á 35—40 km hraða miðað við klukkustund, tóku hemlar meira á hægra framhjóli, og snerizt bifreiðin til hægri að framan, en afturhluti bifreiðarinnar snerist mikið til vinstri (fór langt í að vera þversum á veginum). Þetta var endurtekið bæði á malborinni og malbikaðri götu, og var útkoman alltaf hin sama.

Athuguð var herzla á hemlum framhjóla, og var hún svo til jöfn, enda breyttist hemlun bifreiðarinnar ekkert við jöfnunina.

Voru framhjólin svo tekin af bifreiðinni, og kom þá í ljós, að önnur hælstýring aftari hemlaskósins var brotin, og líklegt talið, að þegar átak kom á hemlaskóinn, hafi hann skekkzt og þvingazt þannig út í hemlaskálina, að hemlavirkun hafi orðið meiri á hægra en vinstra framhjóli.

Að viðgerð lokinni reyndust hemlar í fullkomnu lagi. Á slysstaðnum var vegurinn góður, en blautur, enda rigning um það leyti, er slysið varð.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að mánudaginn 11. október 1965 hafi hann í forföllum hins fastráðna ökumanns vörubifreiðarinnar G 3052 ekið henni frá steypustöð Malar og Sands h/f við Álftanesveg, eftir Hafnarfjarðarvegi og Hringbraut og suður Hofsvallagötu, unz hann kom að gatnamótum Hofsvallagötu og Grenimels. Kvaðst hann þá hafa dregið úr ferð bifreiðarinnar og beygt til hægri til að aka vestur Grenimel og hefði hann gefið það til kynna með stefnuljósi. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við, að nein bifreið kæmi úr suðurátt, er hann byrjaði að beygja, og hann haldið áfram að beygja inn á Grenimel án þess að stöðva bifreiðina. Er hann hafi verið kominn yfir miðlínu götunnar, kvaðst hann hafa orðið var við ljósleita bifreið, sem þá var komin nálægt gatnamótunum og virtist ekið á mikilli ferð norður Hofsvallagötu og vikið til vinstri, um leið og reynt var að koma henni framhjá vörubifreiðinni. Ákærði kvaðst þá hafa hemlað til að forðast árekstur, en það dugði ekki til, bifreiðarnar skullu saman, þannig að stuðari vöruflutningabifreiðarinnar gekk inn í fólksbifreiðina G 2878 framan til á hægra frambretti hennar, og hafði fólksbifreiðin runnið áfram á stuðara vörubifreiðarinnar, meðan hún var að stöðvast.

Ákærði taldi sig ekki hafa verið á meiri ferð en 15 til 20 km hraða miðað við klukkustund, áður en hann fór að beygja inn á Grenimelinn, og hafi engin bifreið verið á undan vörubifreiðinni á leið suður Hofsvallagötu. Ákærði kvaðst hafa verið í alla staði vel fyrirkallaður og sofið eðlilegan tíma nóttina fyrir slysið. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað annað en vörubifreiðin væri í fullkomnu lagi og ekki fundið neitt óvanalegt né athugavert við hana, er hann ók henni. Eftir slysið kvaðst ákærði hafa farið út úr vörubifreiðinni og hafi konan verið meðvitundarlaus í framsæti fólksbifreiðarinnar, en báðir karlmennirnir, sem í henni voru, hafi verið ómeiddir og komið strax út og hafi ökumaður fólks-

bifreiðarinnar, að því er ákærði taldi, hlaupið frá til að kalla á lögreglu og sjúkrabifreið.

Ákærði kvaðst svo hafa beðið í vörubifreiðinni, þar til bifreiðaeftirlitsmaðurinn kom á vettvang, og látið annan fótinn hvíla á fóthemlinum og því hafi loftið verið farið af bremsunum, er bifreiðin var skoðuð, og bifreiðaeftirlitsmaður ekki hlaðið loftbremsurnar upp í nema fjögurra punda þrýsting, áður en þær voru prófaðar.

Ásgeir Sigurður Ásgeirsson, Fögrubrekku, Seltjarnarnesi, ökumaður bifreiðarinnar G 2878, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið bifreiðinni frá heimili sínu 11. október s.l. og hafi móðir hans, Soffía Sigríður Guðmundsdóttir, systir hans Kristín, vinkona hennar, Ósk Magnúsdóttir, og Símon Guðmundsson, Tjarnarstíg 5, Seltjarnarnesi, verið með honum í henni. Kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni eftir Nesvegi, Sörlaskjóli og Hofsvallagötu og ekið með 40 til 45 km hraða miðað við klukkustund. Engri bifreið hafi verið ekið á undan G 2878, en er hann hafi verið á móts við Melabúðina, hafi hann séð vörubifreið við gatnamót Hofsvallagötu og Víðimels. Hann kvaðst svo hafa haldið ferðinni áfram norður Hofsvallagötu og er hann hafi nálgazt gatnamót Hofsvallagötu og Grenimels, hafi hann séð vörubifreiðina koma suður götuna á móti sér, en ekki séð hana gefa nein stefnuljós um, að henni yrði beygt, en er hann hafi verið kominn á bifreiðinni G 2878 á móts við miðju Grenimelsins, hafi vörubifreiðinni verið snöggbeygt til hægri, og kvaðst hann þá hafa hemlað, en það hafi ekki nægt til, bifreiðarnar hafi skollið saman, þannig að hægra stuðarahorn vörubifreiðarinnar gekk inn í bifreiðina G 2878 framan til við hægri framhurð og inn í bifreiðina við hurðarkarm og í hurð og hafi hurðarkarmurinn klemmzt svo niður og þrengt að móður hans, að leggja hafi orðið niður bakið á báðum framsætunum til þess að ná henni út úr bifreiðini, en hún hafi verið meðvitundarlaus og mikið slösuð. Ósk hafi verið slæm í fæti, enda fótbrotnað, og systir hans hafi fengið taugaáfall, en hann og Símon hafi ekki slasazt. Ásgeir kvað bilið milli bifreiðanna hafa verið það stutt, er vörubílnum var beygt, að hann hafi engan tíma haft til að stöðva eða gera annað til að koma í veg fyrir slysið. Hann kvaðst hafa verið vel fyrirkallaður, sofið eðlilegan svefn nóttina áður.

Vitnið Haukur Matthíasson, Laufásvegi 25 í Reykjavík, fæddur 20. júní 1948, hefur skýrt svo frá, að er áðurnefnt slys varð, hafi hann verið að aka suður Hofsvallagötu og beygt inn á götuna af

Hringbraut. Á undan því hafi verið vörubifreiðin G 3052, sem ekið var hægt fyrst á vinstri hluta vegarins, en svo verið færð yfir að miðhluta götunnar, er bifreiðin nálgaðist gatnamót Grenimels, og um leið dregið úr ferð hennar. Vitnið kvaðst og hafa dregið úr ferðinni, enda þá verið ljóst, að ökumaður vörubifreiðarinnar ætlaði að beygja til hægri inn á Grenimel. Vitnið sagði, að er vörubifreiðin var í fyrrgreindri stöðu, hafi bifreið þess verið aftan til við hana, en alveg vinstra megin í götunni miðað við stefnu bifreiðanna, og hafi þá opnazt fyrir því sjónmál fram á götuna. Sá það þá um leið bifreið koma norður götuna og gizkaði á, að hún hafi verið um 20 metra sunnan gatnamótanna, en vörubifreiðin hafi þá ekki verið komin yfir miðlínu götunnar né farin að beygja inn á Grenimelinn. Vitnið kvað það strax hafa flogið í hug þess, að þarna yrði árekstur, en taldi þó öruggt, að ökumaður vörubifreiðarinnar mundi stöðva, meðan hin bifreiðin færi fram hjá. Það hefði svo ekki skipt neinum togum, að vörubifreiðinni var ekið hægt, en viðstöðulaust, til hægri og bar hina bifreiðina hraðar að gatnamótunum, og varð þá árekstur. Framendi vörubifreiðarinnar hafi lent á hægri hlið Volkswagen-bifreiðarinnar, en um leið hafi þetta horfið sjónum þess, svo að það gat ekki sagt um það, hvort fólksbifreiðin ýttist til vinstri við áreksturinn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð neitt óeðlilegt við akstur fólksbifreiðarinnar og kvaðst ekki álíta, að hraði hennar hafi verið mikill.

Vitnið kvaðst hvorki hafa séð stefnu- né bremsluljós loga á vörubifreiðinni, enda þá verið komið það mikið til hliðar við vörubifreiðina í þann mund, er áreksturinn varð, að það mundi ekki hafa getað séð bremsuljós, og taldi og mögulegt, að vörubifreiðin hefði gefið stefnuljós, án þess að það sæi það.

Vitnið Sveinbjörg Eyvindsdóttir, Hrauntungu 54, Kópavogi, fædd 22. október 1949, kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni R 90, er atburður sá, er hér skiptir máli, átti sér stað. Er bifreiðin R 90 var að fara fram úr vörubifreiðinni G 3052 vinstra megin á mótum Grenimels og Hofsvallagötu, kvaðst vitnið hafa séð, að vörubifreiðin var komin yfir miðlínu Hofsvallagötu og ýtti Volkswagen-bifreið á undan sér, unz hún stöðvaðist.

Vitnið Magnús Þórðarson blaðamaður, Kaplaskjólsvegi 39, Reykjavík, fæddur 6. september 1932, kvaðst hafa verið staddur fyrir utan anddyri Melabúðarinnar, er umræddur árekstur átti sér stað, og þá hafa veitt athygli bifreiðinni G 2878, sem ekið var norður Hofsvallagötu, og virtist vitninu bifreiðinni vera ekið

nokkuð hratt, eða hraðar en venjulegur umferðarhraði er þarna á götunni, og það því litið um öxl á eftir bifreiðinni og fylgt henni með augunum, en er það hafi verið að líta af henni, hafi það séð hemlaljós kvikna, og í sama mund virtist því bifreiðinni vera sveigt til vinstri. Þetta vakti meir athygli vitnisins, og leit það nú meir í átt til bifreiðarinnar og sá þá um leð stóra græna vörubifreið, sem beygt var í veg fyrir bifreiðina G 2878 og lenti með miklu afli á hægri framhlið hennar, sem við það kastaðist til vinstri, og fylgdi vörubifreiðin fast á eftir. Vitnið fór þegar á slysstaðinn eftir áreksturinn og sá, að kona sat í framsæti fólksbifreiðarinnar, meðvitundarlaus og virtist dáin, í aftursæti bifreiðarinnar lá hreyfingarlaus stúlka, en fyrir utan á gangstéttinni var stúlka í mikilli geðshræringu. Vörubifreiðin hafi verið fast upp í fólksbifreiðinni G 2878.

Vitnið Stefán Hilmar Stefánsson, Kársnesbraut 93, Kópavogi, fæddur 25. nóvember 1943, kvaðst hafa verið statt á gangstéttinni við Melabúðina, er umræddur árekstur varð, og horft norður eftir götunni og veitt athygli Volkswagen-bifreið, sem ekið var norður götuna. Vitnið kvað bifreiðinni hafa verið ekið með eðlilegum hraða, á að gizka 40—45 km miðað við klukkustund. Þegar bifreið þessi hafi verið komin að gatnamótum Grenimels og Hofsvallagötu, kvaðst vitnið hafa veitt athygli vörubifreið, sem ekið var suður Hofsvallagötu og var þá komin yfir miðlínu götunnar þarna hjá gatnamótunum og gaf stefnumerki um, að henni yrði beygt til hægri. Var vörubifreiðinni ekið mjög hægt, og kvaðst vitnið hafa búizt við, að hún yrði stöðvuð, áður en hún færi yfir miðlínu götunnar, en svo hafi ekki orðið, í þess stað hafi verið haldið áfram að beygja vörubifreiðinni til hægri og í veg fyrir Volkswagen-bifreiðina, sem á síðustu stundu hafi verið sveigt frá til vinstri, en það hafi ekki nægt til, vörubifreiðin hafi skollið á hægri hlið Volkswagen-bifreiðarinnar, sem við það ýttist á undan vörubifreiðinni í þá stöðu, sem framlagður uppdráttur sýnir.

Vitnið kvað akstur bifreiðanna hafa að öðru leyti verið eðlilegan.

Farþegarnir í bifreiðinni G 2878, Ósk Magnúsdóttir, fædd 13. janúar 1949, og Símon Guðmundsson, Tjarnarstíg 5, Seltjarnarnesi, fæddur 7. nóvember 1944, hafa skýrt frá atvikum í meginatriðum á sama veg.

Kveður Símon bifreiðinni G 2878 hafa verið ekið á eðlilegum hraða norður Hofsvallagötu, á um 30—40 km hraða miðað við klukkustund. Er bifreiðin nálgaðist gatnamót Grenimels og Hofs-

vallagötu, kvaðst Símon hafa veitt athygli stórri vöruflutningabifreið á hægri hönd og er bifreiðin G 2878 hafi verið á móts við miðjan Grenimel, hafi vörubifreiðin beygt í vestur og ekið þvert yfir veginn, svo að hún lenti á afturhluta frambrettis og hægri hurð bifreiðarinnar G 2878, þannig að bifreiðin hafi runnið 1—2 metra undan stuðara vörubílsins. Símon kvað Ásgeir hafa verið búinn að draga töluvert úr hraða bifreiðarinnar, er árekturinn varð, en kvaðst ekki hafa orðið þess var, að vörubifreiðinni hafi verið hemlað.

Farþegarnir lýsa svo því, hvernig var umhorfs eftir árekturinn, á sama veg og fram hefur komið hjá öðrum vitnum.

Í ályktun krufningarskýrslu Níelsar Dungals læknis segir, að við krufningu á líki Soffíu S. Guðmundsdóttur hafi fundizt, að mikil sprunga hafi verið á lifrinni og hafi verið gerð mikil aðgerð á konunni til þess að skera burtu hér um bil hálfa lifrina og sauma sárið vel saman, en þrátt fyrir það hefur blæðingin haldið áfram, því að í kviðarholinu hafi fundizt 1.7 lítri af blóði. Banamein konunnar hafi verið hin mikla lifrarskemmd og blæðing út frá henni, sem hefur valdið mjög lágum blóðþrýstingi og leitt konuna tiltölulega fljótt til bana.

Málavöxtum hefur nú verið lýst, eftir því sem ástæða þykir til.

Er ljóst, að Ásgeir Ásgeirsson ók bifreiðinni G 2878 norður Hofsvallagötu á 40 til 45 km hraða miðað við klukkustund, unz hann kom á móts við miðju Grenimelsins, að hann snarhemlaði, er vörubifreiðinni G 3052 var ekið í veg fyrir bifreið hans, G 2878, og árekstur varð. Ekki sá Ásgeir, að logaði á stefnuljósi vörubifreiðarinnar, þó að vitni stödd við Melabúðina sæju þau greinilega. Ásgeir virðist því ekki hafa beint athyglinni nógu vel að umferðinni og ekið of hratt, þegar litið er til þess, að þarna voru gatnamót, vegur blautur og hann átt að vera við því búinn að þurfa að stöðva bifreiðina skyndilega.

Á hinn bóginn hefur ákærði viðurkennt að hafa ekki séð bifreiðina G 2878, fyrr en hún var komin nálægt gatnamótum Grenimels og Hofsvallagötu, en þá hafi hann verið búinn að beygja yfir miðlínu götunnar í átt inn á Grenimel og hemlað vörubifreiðinni, rétt í því að hann sá til ferða G 2878, en árekstur orðið svo til um leið, en bifreiðinni G 2878 hafi verið vikið til vinstri, um leið og hún reyndi að komast fram hjá bifreið ákærða. Þykir ákærði ekki hafa með þessu sýnt þá varkárni, er honum bar skylda til, þegar litið er til þess, að hann var að beygja á gatnamótum og bar að víkja fyrir umferð norður Hofsvallagötu, og

verður hann því talinn vera samvaldur að dauða Soffíu Sigríðar Guðmundsdóttur og meiðslum á öðrum farþegum í bifreiðinni G 2878 sem og miklum skemmdum á bifreiðinni G 2878 fyrir gáleysislegan akstur í umrætt sinn, og með því hefur hann brotið 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr., d-lið, 49. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Ekki er í máli þessu upplýst, að hælstýring á aftari hemlaskó hægra framhjóls vörubifreiðarinnar hafi verið brotin og hemlar því í ólagi fyrir áreksturinn, og verður að ætla, að hún hafi eins og bolti í stýrisvél getað brotnað við árekstur, og verður ákærða því ekki refsað fyrir að aka bifreið með hemlabúnað í ólagi né verður honum refsað fyrir brot á 1. og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga, þar eð ekki er upplýst, að hann hafi verið umráðamaður vörubifreiðarinnar.

Þá ber og að refsa ákærða fyrir að aka vörubifreiðinni með of þungum farmi í umrætt sinn, en þá ábyrgð verður að leggja á ökumann, að hann aðgæti hvort farartæki sé löglega hlaðið, áður en hann hefur akstur. Einnig verður að telja, að ákærði hafi gerzt sekur um að aka vörubifreiðinni með losaralegri stýrisvél, sléttslitnum hjólbörðum á afturhjólum, fjaðrabúnaði o. fl. í ólagi.

Hefur ákærði með síðastnefndum tilvikum gerzt brotlegur við 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 56. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga og með hliðsjón af 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 2 ár frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Ragnars Jónssonar, sem ákveðin eru kr. 5.000.00.

Töluverður dráttur hefur orðið á dómsuppsögu, og stafar hann af önnum dómarans. Annar dráttur á meðferð málsins verður ekki afsakaður.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jónmundur Jónsson, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 2 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-

arlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Ragnars Jónssonar, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1968.

Nr. 154/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Vilhelm Ingólfssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Verðlagsbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eigi verður í máli þessu dæmd endurgreiðsla né upptaka ólögmæts hagnaðar, eins og kröfugerð og málsreifan að þessu leyti er háttað. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Vilhelm Ingólfsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 6. ágúst 1968.

Ár 1968, þriðjudaginn 6. ágúst, var á dómþingi verðlagsdóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara (dómsformanni) og Eyjólfi Jónssyni skrifstofustjóra, kveðinn upp dómur í verðlagsdómsmálinu nr. 435/1968: Ákæruvaldið gegn Vilhelm Ingólfssyni, sem tekið var til dóms 22. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 17. apríl 1968, gegn Vilhelm Ingólfssyni hárskerameistara, Reynihvammi 17, Kópavogi, fæddum 13. marz 1933 í Reykjavík, „fyrir verðlagsbrot með því að hafa frá og með laugardeginum 6. apríl 1968 selt á rakarastofu sinni að Miklubraut 68 í Reykjavík herraklippingu á kr. 80.00 í stað kr. 73.00 og aðra þjónustu of háu verði í samræmi við það, s. s. rakstur á kr. 60.00 í stað kr. 54.00. Þriðjudaginn 9. apríl seldi ákærði t. d. 25—30 klippingar á ofangreindu verði, þ. á m. á tímabilinu kl. 1100—1130 þann dag starfsmönnum verðlagsstjóra, eftirlitsmönnunum Þórarni Fjeldsted og Kristjáni Theodórssyni.

Telst þetta varða við tilkynningar verðlagsstjóra nr. 12 30. október 1967 og nr. 11 5. apríl 1968, sbr. 3. gr., sbr. 20. gr. laga um verðlagsmál nr. 54 14. júní 1960, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 72 29. nóvember 1967.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar til endurgreiðslu oftekinnar álagningar til framangreindra aðilja og upptöku annars ólöglegs ávinnings samkvæmt 1. mgr. i. f. 20. gr. nefndra laga um verðlagsmál og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Með tilkynningu nr. 12/1967, 30. október, ákvað verðlagsstjórinn, að frá 31. október 1967, er lög um verðstöðvun féllu úr gildi, skyldi fyrst um sinn óheimilt að hækka verð eða álagningu á hvers konar vörum eða þjónustu, nema leyfi verðlagsnefndar kæmi til. Tilkynning nr. 12/1967 var birt í Lögbirtingablaði, 61. tbl., 8. nóvember 1967.

Í febrúar s.l. tók Meistarafélag hárskera að beita sér fyrir því, að verkskrá félagsins yrði undanþegin verðlagsákvæðum, og ritaði verðlagsnefnd um þetta hinn 12. febrúar, 28. febrúar, 7. marz og 2. apríl. Varakrafa félagsins var sú, að leyfð yrði hækkun um 25% á ákvæðum verðskrárinnar.

Föstudaginn 5. apríl var málefni þetta tekið fyrir á fundi í

verðlagsnefnd. Var þar felld tillaga um að verða við óskum hárskera um afnám á verðlagsákvæðum, en samþykkt var að leyfa hækkun á verðskrá um 14%, þannig að klipping hækkaði úr 64 kr. í 73 kr. og aðrir liðir að sama skapi.

Hinn 9. apríl sendi verðlagsstjóri tvo starfsmanna sinna, Kristján Theodórsson og Þórarin Fjeldsted, í rakarastofu ákærða, sem er á Miklubraut 68. Létu þeir þar klippa sig, og var tekið af hvorum þeirra 80 kr. gjald fyrir.

Ákærði lýsti yfir því, er hann kom fyrir dóm hinn 10. apríl, við dómsrannsókn út af kæru verðlagsstjóra, að hann hefði frá laugardagsmorgni 6. apríl selt venjulega herraklippingu á kr. 80.00. Ákærði kannast við, að hann hafi átt tal við verðlagsstjóra föstudaginn 5. apríl síðdegis og þá fengið að vita um ákvörðun verðlagsnefndar um 14% hækkun.

Ákærði skýrir svo frá, að 2. apríl hafi verið haldinn fundur í Meistarafélagi hárskera og hafi þar verið lögð fram verðskrá, sem verðlagsnefnd hárskera hafði samið, en ákærði er formaður þeirrar nefndar. Hafi verið samþykkt að fara eftir þessari verðskrá, ef viðunandi lausn fengist ekki hjá verðlagsnefnd.

Þá segir ákærði, að föstudagskvöldið 5. apríl hafi verið haldinn fundur í meistarafélaginu og skýrt frá ákvörðun verðlagsnefndar um 14% hækkun. Hafi þarna verið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu að selja vinnu frá næsta morgni samkvæmt verðskránni, sem samþykkt hafði verið 2. apríl.

Ákærði hefur lýst yfir því, að hann hafi ekki selt rakstur á því tímabili, er ákæra tekur til, og ekkert er heldur fram komið um það í öðrum gögnum málsins.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að tilkynning verðlagsstjóra frá 31. október 1967 hafi ekki nægja lagastoð. Lög um heimild til verðstöðvunar hafi þá verið fallin úr gildi. Í lögum nr. 34/1960 sé verðlagsnefnd að vísu veitt heimild til að ákveða hámarksverð, m. a. á snyrtingu, en þá verði að ákveða, hvert hámarksverðið skuli vera, og svo óákveðið orðalag sem það, að fyrst um sinn skuli óheimilt að hækka verð á hvers konar þjónustu, fullnægi ekki skilyrðum 3. gr. laga nr. 54/1960. Þá er því mótmælt, að verðlagsnefnd hafi nokkru sinni gefið út tilkynningar um hámarksverð á þjónustu hárskera, sem mark sé á takandi. Loks er því haldið fram, að þótt tilkynningar 12/1967 og 11/1968 væru að formi til réttar, skorti þær efnislegan grundvöll.

Niðurstöður.

Telja verður, að verðlagsnefnd hafi samkvæmt 3. gr. laga nr. 54/1960 haft heimild til að kveða svo á hinn 30. október 1967, að óheimilt væri að hækka verð á þeirri þjónustu, sem hér er um að ræða, frá því, sem áður var, en ekki er ágreiningur um, að herraklipping var þá seld á 64 krónur. Hinn 5. apríl leyfði verðlagsnefnd hækkun að þessu leyti upp í 73 kr. Með því að selja herraklippingu eigi að síður á 80 kr. á því tímabili, er ákæra tekur til, hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 20. gr. laga nr. 54/1960. Ekki er á hinn bóginn fram komið, að ákærði hafi selt rakstur á of háu verði.

Við ákvörðun refsingar verður að gæta þess, að um var að ræða samtök ákærða og annarra stéttarbræðra hans um að hækka verð á þjónustu í trássi við ákvarðanir verðlagsstjóra.

Refsing ákærða, sem aldrei hefur fyrr verið kærður fyrir lagabrot, ákveðst 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Í máli þessu er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til „endurgreiðslu oftekinnar álagningar til framangreindra aðilja". Af hálfu verðlagsstjóra hefur ekki verið gerð nein fébótakrafa, en hann á tilkall til þess ávinnings, sem ákærði hafði af því að klippa umrædda tvo starfsmenn hans.

Þá er krafizt upptöku „annars ólöglegs ávinnings". Það er að vísu ljóst, að um einhvern ólögmætan ávinning hefur verið að ræða af brotum ákærða, en engin tök eru á að sannreyna þann hagnað. Er þannig ekki fært að verða við kröfu ákæruvalds um ávinningsupptöku.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Vilhelm Ingólfsson, greiði 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1968.

Nr. 198/1968. **Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f**
gegn
Jóhanni Þórlindssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Kæruмál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Arnar G. Hinriksson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. október 1968, er barst dóminum 4. nóvember 1968, og krafizt þess, að úr gildi verði felld synjun fógeta um að lýsa fjárnámi í v/b Hafborgu, GK 99, auk bifreiðarinnar Ö 1119.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 3, laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Fjárnámsgerð fógetadóms Keflavíkur 9. október 1968.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 birtan dóm bæjarþings Keflavíkur, uppkveðinn 18. 9. 1967, og krefst fjárnáms til tryggingar dómskuldinni, kr. 60.973.82, auk 1% mánaðarvaxta frá 5. 10. 1966 til greiðsludags, kr. 170.00 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 10.000.00 í málskostnað, kr. 130.00 í ritlaun og dómsbirtingu og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli er ekki mættur í réttinum, en af hans hálfu mætti að tilhlutan fógetans Málfríður Þóroddsdóttir, eiginkona gerðar-

þola, og skoraði fógeti á hana að greiða umkrafða skuld, en hún kveðst ekki greiða.

Skoraði fógeti á mættu að benda á eignir gerðarþola til lögtaks og brýndi fyrir henni að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum. Umboðsmaður gerðarbeiðanda bendir á eftirtalda muni til fjárnáms: bifreiðina Ö 1119 og m/b Hafborgu, GK 99, sem nú er í Grindavík.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í bifreiðinni Ö 1119, en að gerðinni væri frestað, hvað bátinn varðar, til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar áfallins og áfallandi að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarþola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu (sic) á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa að viðlagðri refsiábyrgð að lögum.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krafðist þess, að fógeti lýsti því yfir, að fjárnám væri gert í m/b Hafborgu, GK 99. Fógeti varð ekki við þeirri kröfu, þar sem báturinn er ekki staddur nú innan lögsagnarumdæmisins.

Mánudaginn 18. nóvember 1968.

Nr. 171/1967. **Sigmar Pétursson** (Ingi R. Helgason hrl.)
gegn
Oddnýju Aðalsteinsdóttur og gagnsök.
(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Vinnuslys. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. október s. á. Krefst hann þess, að sér verði einungis gert að

greiða gagnáfrýjanda kr. 34.370.00 með þeim vöxtum, sem krafizt er, svo og málskostnað fyrir héraðsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 6. febrúar 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. janúar s. á. Dómkröfur hennar eru, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða kr. 150.220.00 með vöxtum, svo sem í héraðsdómi greinir, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er rækilega lýst í héraðsdómi. Að líkindum höfðu handbrögð gagnáfrýjanda meiri hættu í för með sér en þau handtök, sem henni hafði verið leiðbeint um að beita við starfið, en hins vegar var sú aðferð einnig hættusöm. Orsakir slyssins verða því raktar til þess, að aðstæður voru óhæfilegar og umbúnaði áfátt á vinnustaðnum. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Sigmar Pétursson, greiði gagnáfrýjanda, Oddnýju Aðalsteinsdóttur, kr. 15.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, gerðust atvik máls þessa í eldhúsi veitingastofu, er aðaláfrýjandi rak. Gagnáfrýjandi var ráðin þar til starfa, og var það meðal annars í hennar verkahring að sjá um kaffigerð. Skyldi hún færa heitt vatn úr heitupotti einum í stóra kaffikönnu, og var efri brún kaffikönnunnar um 161.5 cm frá gólfi. Var þannig að þessu unnið, að vatn var látið renna úr heitupottinum í lítinn pott,

er tók um 6 lítra. Potti þessum, sem var með eyrum, skyldi síðan lyft með höndunum og úr honum hellt í kaffikönnuna. Fallast má á það álit héraðsdóms, að tæki þessi og umbúnaður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegur og til þess megi rekja meginorsakir slyssins. Fram er komið, að handtök gagnáfrýjanda, er hún lyfti pottinum og hellti í kaffikönnuna, voru önnur en tíðkazt hafði hjá starfsfólki þarna, svo sem lýst er í héraðsdómi. Ósannað er, að aðaláfrýjandi hafi beint því til gagnáfrýjanda að nota sérstök handtök við verk þetta, er hann sagði henni til verka. Vitnið Þorbjörg Magnúsdóttir, er þarna vann, kveðst oft hafa séð gagnáfrýjanda hella vatni á kaffikönnuna „og hafa aðvarað hana um, að hún myndi fá pottinn yfir sig, ef hún notaði þá aðferð við verkið, sem hún var vön" og „oft hafa tekið pottinn af" gagnáfrýjanda „og hellt upp á fyrir hana, vegna þess að henni virtist aðferð hennar vera ábótavant". Gagnáfrýjandi hafði svarað aðvörunum aðeins þannig, að „þetta væri hennar aðferð". Vitnið Steinunn Sveinsdóttir, sem einnig vann þarna, hefur borið fyrir dómi, að gagnáfrýjandi hafi oft verið aðvöruð um „að halda á pottinum, eins og hún var vön". Þá hefur enn ein starfsstúlka þarna borið fyrir dómi, að hún hafi heyrt gagnáfrýjanda varaða við „þeirri aðferð, sem hún notaði við að hella upp á könnuna". Handtök gagnáfrýjanda við verk þetta voru óheppileg og buðu hættu heim. Þegar til þessa er litið og þar sem hún sinnti eigi aðvörunum samstarfsfólks síns, verður að telja, að hún eigi sjálf nokkra sök á slysinu.

Þegar til þessa alls er litið, er rétt, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hennar að ⅔ hlutum.

Allir dómendur Hæstaréttar eru ásáttir um, að heildartjón gagnáfrýjanda sé hæfilega metið kr. 80.220.00. Ber því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda ⅔ hluta þess fjár, eða kr. 53.480.00, ásamt vöxtum.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sigmar Pétursson, greiði gagnáfrýjanda, Oddnýju Aðalsteinsdóttur, kr. 53.480.00 með 7% ársvöxtum frá 19. desember 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 22. f. m., hefur Oddný Aðalsteinsdóttir, nú til heimilis að Háaleitisbraut 26 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 15. júlí 1964, á hendur Sigmari Péturssyni, nú til heimilis að Stórholti 47 hér í borg, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 75.220.00 auk 8% ársvaxta frá 19. desember 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómarans.

Af hálfu stefnda voru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að sök verði skipt til helminga, og til þrautavara, að fjárhæð kröfu stefnanda verði lækkuð til mikilla muna að mati dómarans. Þá var og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Með stefnu, útgefinni hinn 14. september 1965, höfðaði stefnandi framhaldssök í málinu. Voru nú þær kröfur gerðar í aðalsök og framhaldssök, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 150.220.00 með 8% ársvöxtum frá 19. desember 1962 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfu þeirri, sem höfð er uppi í framhaldssökinni, svo og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að hinn 4. desember 1962 varð stefnandi fyrir því slysi, er hún starfaði í Breiðfirðingabúð, sem stefndi rak, að sjóðandi vatn helltist yfir hana, er hún var að hella upp á stóra kaffikönnu í eldhúsi veitingahússins. Hlaut stefnandi af þessu brunasár og síðar varanlega áverka. Hefur hún höfðað mál þetta til heimtu bóta úr hendi stefnanda.

Umrædd kaffikanna er af þeirri gerð, sem notuð er í eldhúsum veitingahúsa og gistihúsa. Er hún á fótum, og er heildarhæð hennar um 84.5 cm og þvermál að innan um 35 cm.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hún hafi verið búin að starfa í Breiðfirðingabúð í um einn til tvo mánuði, er slysið varð. Kveður hún forstjóra veitingahússins, stefnda í máli þessu, hafa ráðið sig til starfsins, sem verið hafi við vinnu í eldhúsi. Stuttu áður en hún hóf starfið, kveður hún stefnda hafa sýnt sér, í hverju starfið var fólgið. Meðal annarra starfa sinna þarna kveður stefnandi hafa verið það að hella upp á kaffikönnuna. Er stefndi sýndi stefnanda störfin, kveður hún hann hafa sagt sér, að hún ætti að hella upp á kaffikönnuna, og kveður hún hann hafa sýnt sér, hvernig hún ætti að gera það. Fyrst hafi hún átt að setja vatn í hitunarketilinn og síðan hella því yfir á kaffikönnuna. Til þess hafi hún átt að nota pott, sem þarna hafi verið. Ekki kveður stefnandi stefnda hafa sýnt sér, hvaða handtökum hún skyldi beita við að lyfta pottinum og hella úr honum í kaffikönnuna. Stefnandi kveðst alltaf hafa unnið starf þetta á sinni vakt þann tíma, sem hún starfaði í veitingahúsinu. Stefnandi kveðst hafa gert eins og fyrir hana hafi verið lagt. Hún hafi hitað vatnið í hitunarkatlinum og er hún hafi verið búin að setja kaffi í könnuna, hafi hún byrjað að hella yfir. Hún hafi látið sjóðandi vatn renna úr katlinum í pottinn, þar til hann hafi verið hálfur eða rúmlega það. Síðan hafi hún beygt sig niður til að grípa um eyru pottsins og síðan lyft pottinum upp á efri brún kaffikönnunnar. Þar kveðst hún hafa þurft að tylla pottinum til þess að snúa höndunum. Er hún lyfti pottinum, kveðst stefnandi hafa tekið þannig á honum, að hún hafi gripið tryggilega með fingurna inn í eyru hans og með lófana upp, en er hún hafi tyllt pottinum á brún kaffikönnunnar, þá hafi hún sleppt annarri hendinni í einu og snúið þannig, að handarbökin hafi snúið upp, og þannig hafi hún getað hellt úr pottinum inn í pokann í kaffikönnunni. Er slysið varð, kveðst stefnandi hafa verið að snúa fyrri eða seinni hendinni, en skyndilega hafi potturinn snúizt og sjóðandi vatnið kvetzt yfir hana. Stefnandi kveður efri brún kaffikönnunnar hafa verið í það mikilli hæð, að hún hafi þurft að tylla sér á tá til þess að geta séð, hvort hún væri full. Er það álit stefnanda, að efri brún kaffikönnunnar hafi verið um það bil í ennishæð hennar. Stefnandi kveðst hafa fundið til mikils sársauka, strax og vatnið skvettist yfir hana, og hafi hún þá hoppað frá kaffikönnunni. Hún kveður svo til allt vatnið hafa farið framan í sig.

Hafi það skvetzt yfir brjóst sér, en ekki kveður hún það hafa farið í andlitið. Stefnandi kveðst hafa verið klædd í fleyginn, ermalausan kjól og í hnepptri treyju, sem þó hafi verið fráhneppt. Strax eftir slysið kveðst stefnandi hafa þotið að kaldavatnskrana og kælt að mestu brunasárið á brjóstinu, en hins vegar hafi hún brennzt á öðrum stöðum og hafi sumt af því orðið bruni þriðja stigs. Stefnandi kveðst síðan hafa verið flutt í slysavarðstofuna, þar sem gert hafi verið að sárum hennar, en síðan hafi hún verið flutt í sjúkrahús. Stefnandi kveðst hafa verið „vel fyrirkölluð", er slysið varð, og kveður ekkert hafa haft truflandi áhrif á sig, sem kynni að hafa valdið slysinu. Stefnandi kveðst hafa verið vel skóuð og staðið vel að vinnunni. Ekki kveðst stefnandi hafa verið blaut um hendur.

Stefndi Sigmar hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi starfað í eldhúsi veitingahússins sem eldhúsafgreiðslustúlka. Meðal starfa hennar hafi verið að hella upp á kaffikönnuna í eldhúsinu. Hann kveðst telja fullvíst, að er hann gekk um með stefnanda, áður en hún hóf starfið, þá hafi hann sagt henni frá og sýnt henni, hvernig hella átti upp á kaffikönnuna. Stefndi kveðst ekki hafa verið viðstaddur, er slysið varð, en kveðst hafa verið staddur í veitingahúsinu. Hann kveður sér hafa orðið kunnugt um slysið stuttu síðar og kveðst hafa farið með stefnanda í slysavarðstofuna. Stefndi kveðst telja, að stefnandi hafi haldið ranglega um eyru pottsins, er slysið varð, þannig að lófarnir hafi snúið upp í stað þess að halda þannig um eyru pottsins, að handarbökin sneru upp, eins og aðrir geri og hafi gert við þetta verk. Kveðst stefndi hafa aðvarað stefnanda og skýrt henni frá, hvernig bezt væri að halda á pottinum. Stefndi kveður aðstæður á vinnustaðnum hafa verið óbreyttar í um 15 ár, án þess að nokkur athugasemd hafi verið gerð af hálfu Öryggiseftirlits ríkisins. Kveður stefndi breytingar þær, sem nú hafa verið gerðar og m. a. voru fólgnar í því að lækka borðið, sem kaffikannan stendur á, hafa verið gerðar í sambandi við aðrar breytingar á húsnæði veitingahússins.

Vitnið Steinunn Sveinsdóttir, starfsstúlka í veitingahúsinu, hefur skýrt svo frá, að hún hafi verið við vinnu sína kvöld það, er slysið varð, og unnið við framreiðslu í sal. Hún kveðst ekki hafa veitt athygli, hvernig slysið bar að, en kveðst hafa verið þarna í námunda í eldhúsinu. Ekki kveðst Steinunn sjálf vera vön að hella upp á kaffikönnu eins og þá, sem þarna er í eld-

húsinu, en hún kveðst minnast þess, að stefnandi hafi oft verið vöruð við að halda á pottinum, eins og hún var vön að gera. Kveður Steinunn stefnanda ekki hafa haldið eins á pottinum og stúlka sú, sem á móti henni vann.

Vitnið Guðríður Guðlaugsdóttir, starfsstúlka í veitingahúsinu, hefur skýrt svo frá, að hún hafi verið stödd inni í eldhúsinu, er slysið varð. Kveðst hún ásamt vitninu Steinunni hafa setið bak við skáp, sem skipti eldhúsinu í tvennt. Hún kveðst því ekki hafa séð slysið, en hlaupið til, þegar stefnandi hrópaði upp yfir sig. Ekki kveðst Guðríður hafa unnið við starf það, sem stefnandi vann við, er slysið varð. Guðríður kveðst minnast þess, að Þorbjörg Magnúdóttir og Sigurbjörn Jónsson hafi varað stefnanda við þeirri aðferð, sem hún notaði við að hella upp á kaffikönnuna. Kveður vitnið stefnanda hafa haldið þannig um eyru pottsins, að lófarnir hafi snúið upp, og síðan hafi hún svo snúið pottinum einhvern veginn í höndum sér, þegar hún hellti úr honum.

Vitnið Þorbjörg Magnúsdóttir, starfsstúlka í veitingahúsinu, kveðst hafa verið við starf sitt í fatageymslu veitingahússins kvöld það, er slysið varð. Kveðst hún ekki hafa vitað af slysinu, fyrr en góðri stund eftir að það varð. Þorbjörg kveðst því ekki hafa verið sjónarvottur að slysinu, en hún kveðst oft hafa séð stefnanda hella upp á kaffikönnuna, áður en slysið varð. Kveðst Þorbjörg hafa varað hana við því, að hún mundi fá pottinn yfir sig, ef hún notaði þá aðferð við verkið, sem hún var vön að nota. Kveðst Þorbjörg oft hafa tekið pottinn af stefnanda og hellt upp á fyrir hana, vegna þess að henni hafi virzt aðferð stefnanda ábótavant. Þorbjörg kveður stefnanda hafa haldið þannig um eyrun á pottinum, að lófarnir hafi snúið upp, en hún kveðst aldrei hafa horft til enda á stefnanda við verkið, því að sér hafi óað svo við aðferð þeirri, sem stefnandi beitti.

Fljótlega eftir slysið var stefnandi flutt í slysavarðstofuna, þar sem gert var að sárum hennar. Í vottorði Tryggva Þorsteinssonar læknis, dags. hinn 28. febrúar 1963, segir svo um áverka þá, sem stefnandi hlaut, og aðgerðir, sem framkvæmdar voru á slysavarðstofunni:

„Þann 4. 12. 1962 kl. 2210 var komið með Oddnýju Aðalsteinsdóttur til heimilis Bröttugötu 6, Rvík, hingað á Slysavarðstofuna vegna brunasára, er hún hafði hlotið við störf sín í Breiðfirðingabúð þá um kvöldið. En pottur með sjóðandi vatni hafði

steyptzt yfir hana, þegar hún ætlaði að lyfta honum upp fyrir framan sig. Við rannsókn kom eftirfarandi í ljós.

1.° bruni á höku og framan til á hálsi.

1.° og 2.° bruni á hægri öxl og hægri upphandlegg.

Ennfremur 1.° bruni á hægri framhandlegg og hægri úlnlið.

1.° og 2.° bruni á bringu og á báðum brjóstum (medialt á brjóstum).

1.° og 2.° bruni á kviðvegg, út að rifjabogum og niður fyrir nafla.

1.° bruni framan til á báðum hnjám, upp á mið læri framanverð og niður á efstu ⅓ hluta fótleggja.

Oddný var í yfirvofandi shock hættu, og voru gerðar viðeigandi ráðstafanir til að hindra það. Auk þess búið um brunasárin. Lá Oddný hér á Slysavarðstofunni þar til 8. 12., að hún var flutt á Landakotsspítala. Útskrifaðist hún þaðan þ. 24. 12. Gekk áfram til skiptinga (að eigin sögn) til dr. Bjarna Jónssonar.

Við skoðun hér þ. 23. 2. '63 voru sárin vel gróin, en eðlilega örmyndanir sáust á nokkrum stöðum.

2×6 cm óslétt ör á hæ. upphandlegg innanverðum.

Upphleypt keloid-leg örmyndun greinótt og rauðleit, framan til á hægri öxl, á ca. 11×4 cm stóru svæði 1×4 cm stórt ör medialt á hægra brjósti.

Minni háttar ör á bringspölum og kringum naflann.

Framan til á báðum hnjám og niður á leggina er greinileg litarbreyting, en ekki verulegt ör.

Oddný var óvinnufær vegna ofangreinds slyss 4. 12. '62—1. 3. '63. Oddný hefur að sjálfsögðu haft verulegar þjáningar í sambandi við þessi útbreiddu brunasár".

Stefnandi leitaði til Árna Björnssonar læknis hinn 17. september 1963. Í umsögn læknisins af því tilefni segir svo:

„... Við skoðun finnst eftirfarandi: Á brjósti framanverðu neðan við viðbein er ca. lófastór rauðleitur flekkur, sem nær niður á milli brjóstanna. Neðanvert á brjóstveggnum yfir vinstri rifjaboga er allstórt, dálítið upphleypt ör. Á hægri öxl og framan við hægri holhönd eru mjög upphleypt ör á tiltölulega litlu svæði. Ennfremur á innanverðum hægra upphandlegg ofan við olnboga, og kringum það ör er barnslófastór brúnlitaður blettur. Loks er smáör dálítið upphleypt neðan við hægra brjóst.

Ör þessi eru þannig staðsett, að af þeim eru allveruleg lýti. Ekki er hægt með aðgerðum að nema þau burt, og ekki er að

búast við verulegum breytingum á þeim héðan í frá, nema ef til vill á mjög löngum tíma".

Öryggiseftirlit ríkisins framkvæmdi rannsókn á orsök slyssins, um mánuði eftir að það varð. Í skýrslu skoðunarmannsins Helga Gunnarssonar kemur fram, að þá hafi verið búið að framkvæma breytingu á aðstæðum frá því, sem var, er slysið varð, og hafi kaffikannan við það verið færð nokkru neðar. Þó hafi mátt sjá, að hæð frá gólfi að efri brún kaffikönnunnar hafi verið um 160 cm fyrir breytinguna. Er það álit skoðunarmannsins, að um vanbúnað hafi verið að ræða og að töluverð hætta hafi verið því samfara að framkvæma verk það, sem stefnandi vann, við þær aðstæður, sem þarna voru fyrir breytinguna, og geti það hafa átt sinn þátt í orsök slyssins.

Eftir að mál þetta var höfðað, framkvæmdi rannsóknarlögreglan rannsókn á slysi því, sem stefnandi varð fyrir. Í skýrslu þessari kemur fram, að aðstæður hafi verið nokkuð breyttar frá því, sem var, er slysið varð. Kemur fram, að kaffikannan og hitapotturinn standa á palli og sé efri brún kaffikönnunnar í 148 cm hæð. Greinilega megi þó sjá, að kannan hafi verið lækkuð frá því, sem áður var, og nemi sú lækkun 13.5 cm. Upprunaleg hæð á efri brún kaffikönnunnar hafi því verið 161.5 cm. Þá kemur fram í skýrslunni, að hitapotturinn standi inni í horni, en kaffikannan við hliðina á honum, en frá tækjum þessum sé 71 cm breitt bil að borði, sem þarna sé, og á milli tækjanna og borðsins standi sá, sem vinni við að hella upp á kaffikönnuna. Samkvæmt skýrslunni er stefnandi 170 cm á hæð, en hæð á móts við enni hennar um 164.5 cm.

Kröfur stefnanda í málinu eru byggðar á því, að slysið hafi orsakazt af vanbúnaði á vinnustað, og því beri stefndi fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi hafi orðið fyrir. Er því haldið fram, að kaffikannan hafi verið svo há, að óforsvaranlegt hafi verið að láta hella upp á hana við þær aðstæður.

Kröfur stefnda eru byggðar á því, að aðbúnaður og aðferðin við að hella upp á kaffikönnuna sé sú sama og tíðkist á öllum veitingahúsum, sem hafi kaffikönnur af sömu stærð og þessi, og hafi engum athugasemdum verið hreyft af hálfu Öryggiseftirlits ríkisins af því tilefni. Hins vegar sé á það að líta, að stúlka sú, sem verkið vinni, þurfi að fara varlega, þar sem hún hafi undir höndum sjóðandi vatn. Þessa hafi stefnandi ekki gætt og eigi hún því ein alla sök á slysinu. Er því haldið fram, að stefnandi hafi ætíð haldið á annan veg á pottinum og hellt úr honum en

henni hafi verið sagt til um. Þá er því og haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið vel fyrirkölluð, er slysið varð, og hafi ástand hennar verið slíkt, að hún hafi átt að vera heima.

Dómarinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður, eins og þær eru nú.

Það verður að telja samkvæmt því, sem rakið hefur verið um aðstæður á vinnustaðnum, er slysið varð, að óhæfilegt hefur verið að láta stefnanda hella upp á kaffikönnuna við þær aðstæður að þurfa að lyfta pottinum með sjóðandi heitu vatni upp fyrir efri brún kaffikönnunnar, sem hefur verið um það bil í ennishæð stefnanda. Smáóhapp við að handleika pottinn eða ósjálfrátt viðbragð við að snerta heitan pottinn gátu valdið því, að stefnandi missti pottinn yfir sig eða að úr honum skvettist á hana. Hefur stefnandi við þessar aðstæður ekki haft nægilegt vald á pottinum, hvaða handtökum sem hún beitti. Verður því að telja, að umbúnaði á vinnustað hafi verið svo áfátt, að til þess megi rekja orsök slyssins. Því verður lögð á stefnda fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins. Það er ósannað, að stefndi hafi leiðbeint stefnanda um að beita ákveðnum handtökum við að hella úr pottinum í kaffikönnuna. Það verður ekki metið stefnanda til eigin sakar, þótt hún hafi beitt handtökum þeim, sem hún hefur lýst, við að hella úr pottinum í kaffikönnuna, þótt samstarfsfólk hennar hafi varað hana við. Samkvæmt þessu verður fébótaábyrgð á tjóni stefnanda lögð óskipt á stefnda.

Verða nú dómkröfur stefnanda athugaðar, en þær eru sundurliðaðar þannig:

1. Bætur fyrir tapaðar vinnutekjur tímabilið 19. desember 1962—28. febrúar 1963	kr.	5.650.00
2. Lækniskostnaður og kostnaður við myndatöku	—	1.050.00
3. Bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum	—	150.000.00
	Kr.	156.700.00
Frá þessari fjárhæð hefur stefnandi dregið greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins	—	6.480.00
	Kr.	150.220.00

Um 1. Samkvæmt vottorði Tryggva Þorsteinssonar læknis, sem áður er rakið, var stefnandi óvinnufær tímabilið 4. desember

1962 til 1. marz 1963. Stefndi greiddi stefnanda laun í að minnsta kosti hálfan mánuð af þessum tíma. Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir, að kröfuliður þessi sætti ekki andmælum tölulega. Verður fjárhæð hans því lögð til grundvallar við úrlausn málsins óbreytt.

Um 2. Kröfuliður þessi er studdur gögnum og hefur ekki sætt sérstökum andmælum. Verður fjárhæð hans því lögð til grundvallar við úrlausn málsins óbreytt.

Um 3. Í frumstefnu nam fjárhæð kröfuliðs þessa kr. 75.000.00. Með framhaldsstefnu, sem áður er rakin, hækkaði stefnandi fjárhæð kröfuliðs þessa um kr. 75.000.00, og nemur fjárhæð kröfuliðs þessa í endanlegri kröfugerð stefnanda því kr. 150.000.00. Þessi breyting á kröfugerð stefnanda er studd þeim rökum, að hin upphaflega fjárhæð hafi verið of lág og í fyrri kröfugerð hafi eigi verið krafizt bóta fyrir röskun á stöðu og högum. Af hálfu stefnda hefur því verið mótmælt, að skilyrði séu til hækkunar á þessum kröfulið. Er því haldið fram, að stefnanda hafi borið að hafa uppi rétta kröfu um tjónbætur þegar í frumstefnu við þingfestingu málsins, enda hafi þá þegar verið fyrir hendi skilyrði til slíks. Er því haldið fram, að stefnandi geti ekki hækkað fjárhæð kröfuliðs þessa með framhaldsstefnu, sbr. lokaákvæði 2. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936. Er því og haldið fram í þessu sambandi, að áskilnaður á reikningi, þar sem upphaflegar dómkröfur stefnanda eru sundurliðaðar, veiti stefnanda rétt (sic) til þessarar breytingar á dómkröfunum. Það verður að telja, að hækkun sú, sem gerð var á fjárhæð kröfuliðs þessa með höfðun framhaldssakar, byggist á breyttu mati stefnanda á tjóni því, sem hún telur sig hafa orðið fyrir af völdum slyssins. Tjón það, sem krafizt er bóta fyrir samkvæmt þessum kröfulið, er ekki þess eðlis, að um algert matsatriði sé að ræða. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936 þykir verða að telja, að höfðun framhaldssakarinnar hafi verið stefnanda heimil. Af hálfu stefnda hefur fjárhæð kröfuliðs þessa verið mótmælt sem of hárri. Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin, lýst áverkum, sem hún hlaut, raktar líkur fyrir því, að úr þeim megi bæta. Að öllu því athuguðu, sem hér hefur verið rakið, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 80.000.00.

Samkvæmt þessu nemur tjón stefnanda samtals kr. 86.700.00. Frá þeirri fjárhæð ber að draga greiðslur þær, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 6.480.00, og nemur tjón stefnanda þá kr. 80.220.00. Verður stefndi dæmdur til að greiða

stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, sem ákveðast með hliðsjón af kröfugerð stefnanda 7% ársvextir frá 19. desember 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigmar Pétursson, greiði stefnanda, Oddnýju Aðalsteinsdóttur, kr. 80.220.00 með 7% ársvöxtum frá 19. desember 1962 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. nóvember 1968.

Nr. 60/1968. **Sigmar Pétursson** (Ingi R. Helgason hrl.)
gegn
Þorsteini Eiríkssyni (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Vinnulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigmar Pétursson, greiði stefnda, Þorsteini Eiríkssyni, kr. 30.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur hljómsveit Þorsteins Eiríkssonar hér í borg höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. febrúar 1965 og birtri 23. s. m., gegn Sigmari Péturssyni veitingamanni, Óðinsgötu 19 hér í borg, til greiðslu á kr. 231.822.50 með 7% ársvöxtum af kr. 34.947.50 frá 1. janúar 1965 til 1. febrúar s. á. og af kr. 231.822.50 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómarans.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og honum tildæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda vegna þessara tilefnislausu málaferla. Jafnframt áskilur stefndi sér rétt til gagnsakar á hendur stefnanda þessa máls vegna skaðabóta.

Við munnlegan flutning málsins var sú varakrafa gerð, að dómkröfur verði verulega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að sumarið 1964 hafi stefndi ráðið hljómsveit Þorsteins Eiríkssonar (þ. e. stefnanda) til að leika fyrir dansi til 1. maí 1965 og muni hljómsveitin hafa byrjað hinn 12. september 1964. Samningur hafi verið munnlegur og gerður við hljómsveitarstjórann, Þorstein Eiríksson, Álftamýri 24, og hafi verið um það samið, að tryggð væri vinna 4 kvöld í viku og jafnframt, eins og það hafi verið orðað, að vinna yrði ekki minni en í fyrra, en þá hafi hljómsveitin leikið fyrir dansi fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld og oft önnur kvöld einnig. Stefnandi kveður, eins og kunnugt sé, hafa risið upp kjaradeilu um áramótin 1964—1965 milli hljómsveitarmanna og veitingamanna og hafi orðið úr því verkfall hjá hljómlistarmönnum. Samkomulag hafi þó náðst von bráðar, eða hinn 12. janúar, milli aðilja, en eitt atriði þess hafi verið það, að

ráðningarsamningar milli aðilja, sem í gildi hefðu verið fyrir verkfall, skyldu halda gildi sínu eftir verkfallið óbreyttir. Í samræmi við þetta hafi stefnandi hafið vinnu á ný í Sigtúni. En um miðjan janúarmánuð 1965 hafi svo stefndi skrifað bréf til hljómsveitarstjórans, dags. 14. janúar, svohljóðandi:

„Hér með er hljómsveit yðar sagt upp starfi í Sigtúni frá og með 1. febrúar n. k.“.

Bréfið hafi verið undirskrifað af stefnda sjálfum og auk þess hafi verið stimplað undir nafnið „Sigtún“.

Hinn 16. janúar hafi svo stjórn Félags íslenzkra hljómlistarmanna ritað Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, þar sem uppsögninni hafi verið mótmælt. Hafi nú verið reynt að koma á sáttum í málinu, en árangurslaust. Hafi þá lögmaður stefnanda skrifað stefnda bréf hinn 26. janúar og beðið hann (stefnda) að hafa samband við sig. Því bréfi hafi stefndi ekki sinnt og sé því mál þetta höfðað.

Stefnandi sundurliðar kröfuupphæðina þannig:

1.	Ógreiddir veikindadagar til Árna Ísleifssonar vikuna 30. nóv. 1964 til 7. des s. á. .. .. kr.	1.837.50
2.	Ógreitt hljómsveitinni fyrir áramót 1964—1965 —	33.110.00
3.	Fyrir samningsrof, umsamin trygging fyrir tímabilið 1. febrúar til 1. maí 1965 .. .. —	196.875.00
	Samtals kr.	231.822.50

Aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur hafa farið fram í máli þessu. Hljómsveitarstjórinn, Þorsteinn Eiríksson, skýrir m. a. svo frá, að hann hafi byrjað að vinna fyrir stefnda sem hljómsveitarstjóri á árinu 1961 og hafi hljómsveitin eingöngu spilað í Breiðfirðingabúð þar til haustið 1963, að stefndi hafi tekið við rekstri Sigtúns, en þá hafi hljómsveitin flutzt þangað og leikið þar, þangað til henni hafi verið sagt upp í janúarmánði 1965. Segir Þorsteinn, að hljómsveitin hafi ekki leikið í Breiðfirðingabúð, eftir að hún hóf að leika í Sigtúni. Þorsteinn kveður svo hafa verið um samið, að hljómsveitin léki minnst 4 kvöld í viku eða ef til vill meira, er hún hóf að leika í Sigtúni. Þorsteinn kveður svo hafa verið um samið strax vorið 1964, að næsta vetur léki hljómsveitin í Sigtúni með óbreyttum samningum, og segir hann, að með þessu hafi verið samið um það, að hljómsveitin léki í Sigtúni frá 1. október 1964 til 1. maí 1965, enda tekur hann

fram, að hann viti ekki til, að samningar við hljómsveitir séu gerðir fyrir annað tímabil. Segir hann það undantekningarlaust, að hljómsveitir séu ráðnar fyrir þennan tíma. Mætti Þorsteinn segir, að samningurinn á dómsskj. nr. 17 í máli þesu sé eini skriflegi samningurinn, sem gerður hafi verið milli aðiljanna um ráðningu og störf hljómsveitarinnar, enda hafi samkomulag aðiljanna verið svo gott, að ekki hafi verið talin ástæða til þess. Þá kveður mætti Þorsteinn stefnda ekki hafa beðið hljómsveitina um að flytja sig upp í Breiðfirðingabúð og leika þar fyrir dansi, áður en hann sagði henni upp starfi, og kveður hann þetta ekki hafa komið fram hjá stefnda, fyrr en eftir að uppsögnin var komin fram og eftir að Svavar Gests, formaður F. Í. H., hafði látið málið til sín taka. Þá tekur mætti Þorsteinn fram, að ef stefndi hefði haft rétt til að flytja hljómsveitina upp í Breiðfirðingabúð, þá hefði hann ekki þurft að vera að senda hljómsveitinni uppsagnarbréf.

Þorsteinn kveður það rétt vera, að Árni Ísleifsson hafi verið frá vinnu vegna veikinda vikuna 30. nóvember 1964 til 7. desember s. á. Til skýringar á 2. lið kröfugerðarinnar segir hann, að það hafi verið gert ráð fyrir því, að hljómsveitin spilaði minnst 4 til 5 kvöld í viku, og kveður hann, að reiknað sé með, að vinna 4 kvöld samsvari 15 til 17 stunda vinnutíma. Hann kveður það ekki hafa tíðkazt í viðskiptum stefnda og hljómsveitarinnar að gera reikning fyrir 15 stunda vinnu í hverri viku, þar sem það hafi verið dálítið misjafnt, hvað hljómsveitin lék mikið í hverri viku, og segir hann, að reiknað hafi verið með, að heildarvinnutíminn jafnaðist út yfir allt vinnutímabilið.

Þorsteinn kveður það ekki hafa komið fyrir á þeim tíma, sem hljómsveitin starfaði fyrir stefnda, að hún hafi leikið til jafnaðar hvert samningstímabil minna en 15 stundir á viku, og hafi því ekki komið til, að þurft hafi að gera sérstakan reikning fyrir tíma, sem ekki hafi verið unnir, til þess að ná lágmarkstryggingartíma. Að því er varðar samninginn á dskj. nr. 17, segir Þorsteinn, að hljómsveitin hafi á samningstímanum haft vinnu, sem fullnægði lágmarksvinnutíma samningsins. Að gefnu tilefni kveðst Þorsteinn ekki hafa unnið önnur störf, á meðan hann starfaði sem hljómsveitarstjóri hjá stefnda, að undanskyldu því, að hann hafi á sumrin unnið að bílamálningu sem lausamaður. Þorsteinn skýrir svo frá að gefnu tilefni, að hann hafi svarað þeim tilmælum stefnda, að hljómsveitin færi að leika í Breiðfirðingabúð, eftir að uppsögnin kom fram, algerlega neitandi.

Kveðst hann áður hafa haft samráð við meðlimi hljómsveitarinnar. Þorsteinn kveður það rétt vera, að stefndi hafi fundið einhvern galla á hljómsveitinni og hafi talið, að hún ætti að vera „svona og svona", eins og hann segir. Þorsteinn tekur einnig fram að gefnu tilefni, að stefndi hafi sagt við meðlimi hljómsveitarinnar, að honum líkaði vel við hljómsveitina. Þorsteinn kveður hljómsveitina eiginlega hafa leystst upp, eftir að henni var sagt upp, en þó hafi það komið fyrir, að einstakir meðlimir hennar, einn, tveir eða þrír, hafi leikið saman í lausamennsku. Eftir uppsögnina kveðst Þorsteinn sjálfur hafa farið að vinna á bílamálningarverkstæði því, sem hann hafði áður starfað á í ígripum. Kveðst hann hafa byrjað að vinna þar, strax og hljómsveitin hætti störfum hjá stefnda. Kveðst Þorsteinn starfa þar í tímavinnu, en kvaðst ekki geta, er yfirheyrslan fór fram, sagt um, hvaða laun hann hafi haft á bílamálningarverkstæðinu.

Árni Ísleifsson hefur skýrt svo frá í þinghaldi í máli þessu, sem fram fór 27. október 1965, að hann hafi verið meðlimur hljómsveitar Þorsteins Eiríkssonar, en hljómsveitin starfi ekki lengur sem slík og hafi hún að miklu leyti leystst upp eftir uppsögn stefnda. Tekur Árni fram, að er uppsögnin hafi komið fram, hafi öll veitingahús verið búin að ráða hljómsveitir til vors. Hann kveðst ekki hafa leikið með hljómsveitinni, eftir að stefndi sagði henni upp, en þá hafi hann verið búinn að leika hjá stefnda í 3 ár samfleytt, eða frá 12. desember 1961. Árni kveður sig minna, að það hafi verið um mánaðamótin september—október 1963, sem hljómsveitin byrjaði að leika í Sigtúni. Hann segir, að starfsemi stefnda hafi legið niðri í Sigtúni sumarið 1964, en stefndi hafi viljað tryggja sér, að hljómsveitin léki fyrir hann þar næsta tímabil, þ. e. frá hausti 1964. Segir Árni, að það hafi því orðið úr, að stefndi tryggði hljómsveitinni vinnu við að leika í Breiðfirðingabúð sumarið 1964. Hann segir, að meðlimir hljómsveitarinnar hafi ætíð litið svo á, að tryggingartímabil hljómsveitarinnar væri frá 1. október til 1. maí næsta ár, og segir hann, að aldrei hafi annað komið fram af hálfu stefnda. Tekur Árni fram í þessu sambandi, að stefndi hafi í viðræðum sínum við meðlimi hljómsveitarinnar skýrt þeim frá komu ýmissa skemmtikrafta, sem hljómsveitin þyrfti að aðstoða, en skemmtikraftar þessir hafi sumir hverjir ekki átt að koma, fyrr en komið var fram á vor 1965. Árni tekur fram, að það sé ekki rétt, sem komið hafi fram hjá stefnda, að tíðar breytingar hafi orðið á mönnum í hljómsveitinni. Segir hann, að eina breytingin, sem

gerð hafi verið á hljómsveitinni, eftir að hún fór að leika í Sigtúni, hafi verið gerð að ósk og í samráði við stefnda. Hafi breyting þessi verið sú, að Gunnar Helgi Pálsson, sem áður lék í hljómsveit Svavars Gests, hafi komið í stað Kristjáns Jónssonar, sem hætti, þegar hljómsveitin fór að leika í Breiðfirðingabúð vorið 1964. Árni tekur fram, að hljómsveitin hafi aldrei æft jafnmikið og um haustið 1964. Árni skýrir svo frá að gefnu tilefni, að svo hafi verið um talað, að hljómsveitinni yrði tryggð vinna fjögur kvöld í viku og annar tilfallandi hljóðfæraleikur í Sigtúni. Hann tekur fram, að það hafi komið fyrir á skólaskemmtunum, að fyrirsvarsmenn þeirra hafi fengið aðrar hljómsveitir til að leika, en hann kveður meðlimi stefnanda hafa fengið greidd laun í slíkum tilvikum, þótt þeir léku ekki. Um dómsskj. nr. 11, sem Árna var sýnt, segir hann, að þar komi fram yfirlit yfir tíma þá, sem vantaði upp á það, að hljómsveitin hefði leikið fjögur kvöld í viku. Tekur hann fram í þessu sambandi, að er hann hafi rætt um þetta við Þorstein Eiríksson, að tíma vantaði upp á, hafi Þorsteinn svarað því til, að stefndi Sigmar hafi sagt, að vinna yrði svo mikil síðar, jafnvel 6 kvöld í viku, þegar skemmtikraftarnir kæmu, og ætlaðist stefndi til, að þetta jafnaðist upp yfir allt tímabilið. Segir Árni, að við svo búið hafi þetta verið látið kyrrt liggja. Árni segir, að eftir að hljómsveitinni hafi verið sagt upp, hafi hann verið atvinnulaus um nokkurn tíma, en síðan hafi hann farið að leika í Tjarnarbæ og leikið þar fram á vor. Segir hann, að vinna í Tjarnarbæ hafi verið mun minni en trygging sú, sem stefndi hafi lofað. Árni tekur fram, að eftir að uppsögn stefnda hafi komið fram, hafi stefndi talað um það, að hljómsveitin færi í Breiðfirðingabúð og léki þar eitt kvöld í viku, en þar hafi þá verið fyrir hljómsveit, sem ráðin hafi verið til vorsins. Segir Árni, að meðlimir hljómsveitarinnar hafi ekki viljað fallast á þetta, enda hafi þeir talið, að þeir væru ráðnir til að leika í Sigtúni.

Guðni S. Guðnason hefur skýrt svo frá fyrir dómi, er vitna- og aðiljayfirheyrslur fóru fram í máli þessu, að hann hafi verið einn af meðlimum hljómsveitar Þorsteins Eiríkssonar. Hann kveður hljómsveitina hafa leikið í Sigtúni frá hausti 1963 fram í maí 1964, en þá hafi komið til mála, að stefndi lokaði Sigtúni yfir sumarið, en til að tryggja sér áframhaldandi störf hljómsveitarinnar hafi stefndi fengið hana til að leika í Breiðfirðingabúð. Guðni kveður stefnda hafa óskað eftir því vorið 1964, að hljómsveitin léki í Sigtúni næsta tímabil, þ. e. frá 1. október 1964 til

1. maí 1965, og hafi hljómsveitin leikið í Breiðfirðingabúð um sumarið, en síðan byrjað að leika í Sigtúni í septembermánuði, en þá hafi Hallbjörg Bjarnadóttir skemmt í Sigtúni og hljómsveitin aðstoðað hana.

Guðni segir að gefnu tilefni, að er hljómsveitin hafi byrjað að leika í Sigtúni, hafi stefndi lofað sömu kjörum og hljómsveitin hafði áður, þ. e. að leika minnst 4 kvöld í viku, og þá verið reiknað með, að það væri síðari hluta vikunnar, frá fimmtudegi. Guðni kveður það hafa komið flatt upp á sig, þegar stefndi sagði hljómsveitinni upp. Segir hann, að stefndi hafi þá nýlega verið búinn að láta þá skoðun í ljós við sig, að hann væri ánægður með hljómsveitina. Guðni kveður hljómsveitina hafa leystst upp, eftir að henni var sagt upp störfum. Kveðst hann eftir það ekki hafa haft fast starf í hljómsveit fyrr en haustið 1965. Hann kveðst eftir uppsögnina hafa farið að leika suður á Keflavíkurflugvelli ásamt tveimur og stundum þremur öðrum meðlimum hljómsveitarinnar eitt og eitt kvöld, eftir því sem til hafi fallið, og kveður hann svo hafa verið fram á sumar. Hann kveðst einnig eftir uppsögnina hafa unnið við bílaviðgerðir hjá Hreini Halldórssyni, en hann kveðst ekki vera lærður bifvélavirki og því hafa starfað sem aðstoðarmaður eða verkamaður.

Guðni kveður málavaxtalýsingu í stefnu, sem kynnt var honum, vera rétta. Enn fremur kveður hann sundurliðun dómkrafna á dómsskj. nr. 11 rétta.

Gunnar H. Pálsson hefur komið fyrir dóm í máli þessu og staðfest málavaxtalýsingu í stefnu, sem hann kveðst telja rétta, og enn fremur skýrslu sína á dómsskj. nr. 9 og kannast við undirskrift sína undir hana. Gunnar kveðst fyrir mörgum árum hafa spilað með hljómsveit Svavars Gests í Sjálfstæðishúsinu (nú Sigtún) og kveðst af þeirri reynslu hafa vitað, að mikið væri þar að gera eftir áramót. Hann kveðst einnig hafa frétt hjá meðlimum hljómsveitar Þorsteins Eiríkssonar á árinu 1964, áður en hann réðst til hljómsveitarinnar, að enn væri mikið að gera í Sigtúni eftir áramót. Kveður hann þetta vera skýringuna á því, að hann hafi hætt í hljómsveit Svavars Gests og ráðizt til hljómsveitar Þorsteins Eiríkssonar. Gunnar kveður að gefnu tilefni hljóðfæraleik ekki vera aðalstarf sitt. Hann kveður aðalstarf sitt vera skrifstofustörf hjá „Völundi" h/f, en þangað kveðst Gunnar hafa ráðizt 10. október 1964 og starfa þar enn.

Hins vegar tekur Gunnar fram, að hann hafi haft meiri tekjur af hljóðfæraleik sínum heldur en skrifstofustörfunum. Eftir að

Gunnar hætti að leika með hljómsveit Þorsteins Eiríkssonar í Sigtúni, kveðst hann hafa leikið með Þorsteini Eiríkssyni og nokkrum öðrum úr hljómsveitinni á Keflavíkurflugvelli og leikið þar 6—7 sinnum fram til 1. maí s.l. Hinn 25. maí, að því er Gunnar telur, kveðst hann hafa ráðizt í hljómsveit þá, sem leikur á „Röðli", og leika með henni 6 kvöld í viku.

Svavar Gests, formaður Félags íslenzkra hljómlistarmanna, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og staðfest bréf sitt og yfirlýsingu á dómsskj. nr. 4 og nr. 6. Segir hann, að F. Í. H. og S. V. G. hafi bæði virt það almenna lagaákvæði, að hafi starfsmenn starfað hjá sama vinnuveitanda í 1 ár, þá sé gagnkvæmur uppsagnarfrestur 1 mánuður. Svavar kveðst hafa það frá meðlimum hljómsveitarinnar, að hún væri ráðin til 1. maí. Einnig kveðst hann hafa ráðið það af blaðafregnum, sem birzt hafi um haustið 1964, er starfræksla Sigtúns hófst að nýju, að hljómsveitin hafi verið ráðin til vors. Tekur vitnið fram í þessu sambandi, að starfræksla Sigtúns og Sjálfstæðishússins hafi yfirleitt verið frá hausti til vors, en legið niðri að mestu yfir sumartímann. Vitnið tekur fram, að það komi iðulega fyrir, að hljómsveitir geri munnlega samninga við atvinnurekendur. Sjálft kveðst vitnið yfirleitt gera skriflega samninga um ráðningu hljómsveitar sinnar. Aðspurt segir vitnið sér ekki vera kunnugt um, hvort skriflegur ráðningarsamningur hafi verið í gildi við hljómsveitina á Hótel Borg frá því haustið 1964 til 15. janúar 1965. Hins vegar kveður vitnið sér vera kunnugt um, að skriflegir ráðningarsamningar hafi verið tíðkaðir og séu í gildi gagnvart hljómsveitum í Klúbbnum og á Hótel Sögu.

Stefndi, Sigmar Pétursson, sem komið hefur fyrir dóm í máli þessu, skýrir svo frá að gefnu tilefni, að samningurinn á dómsskj. nr. 17 sé fyrsti skriflegi samningurinn, sem hann hafi gert um leik hljómsveitar þeirrar, sem starfað hafi í Breiðfirðingabúð.

Hann kveðst síðar ekki hafa gert skriflega samninga um leik hljómsveita í Breiðfirðingabúð. Hann kveðst ekki hafa gert skriflega samninga um leik hljómsveita í Sigtúni, eftir að hann tók við rekstri þess. Hann kveðst telja hljómsveit lausráðna, meðan ekki er gerður skriflegur samningur. Spurður um það, hvernig samningum hafi verið hagað við hljómsveitir þær, er leikið höfðu í Breiðfirðingabúð, áður en samningurinn á dómsskj. nr. 17 var gerður, segir stefndi, að það hafi ekki verið á annan hátt en þann, að þeir, sem að hljómsveitum þessum stóðu, hafi beðið um að fá að sitja fyrir vinnu þeirri, er til félli, og hafi þetta gilt

bæði um sumar og vetur. Stefndi segir að gefnu tilefni, að ekki hafi beint verið rætt um starfstíma fram í tímann, en þó hafi ef til vill verið rætt um það á vorin, að hljómsveitin léki áfram yfir sumarið, og á haustin, að hljómsveitin léki áfram yfir veturinn. Stefndi segir að gefnu tilefni, að aldrei hafi verið rætt um neinn ákveðinn tíma í þessu sambandi og hafi það verið gert til þess, að hljómsveitin gæti farið og leikið annars staðar, ef hún vildi, og eins hafi hann verið viðbúinn að láta hljómsveitina hætta, ef honum líkaði ekki við hana. Stefndi tekur nú fram í þessu sambandi, að á þessum tíma hafi hann aðeins greitt hljómsveitinni fyrir unnar vinnustundir. Stefndi segir nú að gefnu tilefni, að hljómsveit Þorsteins Eiríkssonar hafi leikið í Breiðfirðingabúð veturinn 1962—1963 samkvæmt þeim kjörum, sem ákveðin voru í samningnum á dómsskj. nr. 17, og að á samningstímanum 1. október 1962—30. apríl 1963 hafi hann gert vikulega upp við hljómsveitina á sunnudögum. Stefndi segir, að mjög sjaldan hafi komið fyrir, að hljómsveitin hafi leikið minna en 16 stundir á viku, en ef það hafi komið fyrir, hafi hann greitt hljómsveitinni laun fyrir lágmarkstryggingu, þ. e. 16 stundir. Stefndi segir, að er samningstímanum samkvæmt dómsskj. nr. 17 var að ljúka, hafi Þorsteinn Eiríksson gert ítrekaðar tilraunir til að fá stefnda til að gera nýjan samning, en stefndi kveðst hafa hafnað því. Stefndi segir nú að gefnu tilefni, að er leið að lokum samningsins samkvæmt dómsskj. nr. 17, hafi Þorsteinn Eiríksson sagt sér, að hann hefði von um, að hljómsveitin gæti fengið vinnu annars staðar. Stefndi kveðst því hafa rætt við aðra hljómsveitarmenn til að fá þá til að leika, ef hljómsveit Þorsteins Eiríkssonar hætti, og hafi hann m. a. rætt við Jóhannes Eggertsson og Steinþór Steingrímsson í því sambandi. Stefndi segir, að er það hafi brugðizt, að hljómsveitin fengi þá vinnu, sem hún bjóst við, hafi svo um samizt, að hljómsveitin mætti leika áfram í Breiðfirðingabúð, en ekki hafi verið tiltekið um lágmarkstryggingu. Stefndi segir, að hljómsveitin hafi síðan leikið áfram í Breiðfirðingabúð sumarið 1963 og hafi sú breyting orðið á högum sínum haustið 1963, að hann hafi tekið við rekstri Sjálfstæðishússins og rekið það undir nafninu Sigtún. Stefndi kveðst þá hafa boðið Þorsteini Eiríkssyni, að hann bætti mönnum við hljómsveitina og léki í Sigtúni og hafi Þorsteinn tekið þessu og hafið að leika í Sigtúni ásamt tveimur nýjum hljóðfæraleikurum og söngvara, sem bætt hafi verið við hljómsveitina. Stefndi segir, að ekki hafi verið gerður skriflegur samningur um störf hljómsveitarinnar í Sig-

túni og hafi ekki verið samið um neitt ákveðið starfstímabil hljómsveitarinnar í Sigtúni né heldur verið samið um, að tryggður væri lágmarksvinnutími. Stefndi segir, að hljómsveit Þorsteins Eiríkssonar hafi leikið í Sigtúni fram til 10. eða 15. maí 1964, að því er hann telur. Segir stefndi, að rekstri Sigtúns hafi á þessum tíma verið hagað þannig, að hann ýmist hafi leigt húsið út til ýmissa félagssamtaka eða rekið það sjálfur „opið", eins og hann kallar það. Stefndi segir, að uppgjöri til hljómsveitarinnar á þessu tímabili hafi verið hagað þannig, að félögin hafi sjálf greitt hljómsveitinni, en þó hafi það komið fyrir, að félögin hafi greitt til stefnda samkvæmt reikningi hljómsveitarinnar. Aðspurður, hvernig staðið hafi á því, að aðiljar, sem leigt hafi Sigtún og komið með eigin hljómsveitir, hafi þrátt fyrir það greitt hljómsveit Þorsteins Eiríkssonar, þótt hún léki ekki, svarar stefndi því til, að það hafi komið fyrir, að skólar, sem leigt hafi Sigtún, hafi ekki óskað eftir því, að hljómsveit Þorsteins Eiríkssonar léki, og hafi þá útvegað hljómsveit sjálfir. Segir stefndi það hafa verið alveg fyrir utan sig, hvað hljómsveit Þorsteins Eiríkssonar hafi samið við þessa aðilja. Stefndi kveðst hafa bent viðkomandi aðiljum á það, hvaða hljómsveit léki í húsinu, en síðan hafi þessir aðiljar orðið að velja eða hafna.

Aðspurður, hvort stefndi hafi sagt þeim aðiljum, sem útvegað hafi aðra hljómsveit til að leika í samkvæmum sínum, að þeir þyrftu eftir sem áður að greiða hljómsveit Þorsteins Eiríkssonar laun, svarar stefndi því til, að hann hafi vegna aðstöðu sinnar reynt að hafa áhrif á það, að hljómsveitin fengi þá vinnu, sem til félli í húsinu, án þess þó að hann væri henni nokkuð samningsbundinn, og kveðst stefndi ekki minnast þess að hafa bent skólunum á, að þeir þyrftu að greiða hljómsveit Þorsteins Eiríkssonar út, ef þeir kæmu með aðra hljómsveit. Stefndi kveður sér vera kunnugt um það, að hljómsveitin tæki við greiðslum, þó að hún léki ekki. Hann kveðst hafa látið það óátalið, þar sem hann hafi ekki talið það snerta sína hagsmuni á nokkurn hátt.

Í þinghaldi 23. marz 1966 skýrir stefndi svo frá, að er hljómsveit Þorsteins Eiríkssonar hætti að leika í Sigtúni vorið 1964, hafi hún hafið að leika í Breiðfirðingabúð og hafi hún leikið þar um sumarið, þó hafi hún á þessum tíma leikið stöku kvöld í Sigtúni. Stefndi segir að gefnu tilefni, að um það leyti, sem hljómsveitin hætti að leika í Sigtúni, en hóf að leika í Breiðfirðingabúð þetta vor, hafi það verið ákveðið, að hljómsveitin hæfi að leika að nýju í Sigtúni þá næsta haust. Stefndi segir, að ekkert hafi

verið ákveðið um það, hversu hljómsveitin léki þá lengi í Sigtúni, og ekki kveður hann heldur neitt hafa verið ákveðið um tryggingu á lágmarksvinnustundafjölda á viku. Stefndi skýrir svo frá, að er það hafi frétzt, að hljómsveitin mundi hefja leik að nýju í Sigtúni þá um haustið, hafi sér farið að berast kvartanir og hafi hann því ekki talið rétt að ráða hljómsveitina til neins ákveðins tíma og ekki heldur að gefa neina tryggingu sem lágmarksvinnustundafjölda á viku. Stefndi segir, að eftir að hljómsveitin hóf að leika í Sigtúni að nýju um haustið, hafi kvartanir þessar verið orðnar óbærilegar og hafi hann því ákveðið að segja hljómsveitinni upp. Stefnda var í umræddu þinghaldi sýnt bréfið á dómsskjali nr. 3, og kannaðist hann við undirskrift sína undir það og kvað það vera uppsagnarbréf það, er hann hafi ritað hljómsveitarstjóranum í samræmi við framangreinda ákvörðun sína. Stefndi kveðst í sambandi við þetta hafa boðið hljómsveitarstjóranum, að hljómsveitin léki í Breiðfirðingabúð, þar sem hann kveður aðrar kröfur gerðar til hljómsveitar, en afstaða hljómsveitarstjórans til þessa hafi verið neikvæð. Stefndi tekur fram, að hann hafi ekki gert þetta, af því að hann hafi talið sér bera neina lagalega skyldu til þess, heldur hafi hann gert þetta vegna þess, að sér hafi verið persónulega vel við menn þá, sem í hljómsveitinni voru. Stefndi tekur fram, að hljómsveitarstjórinn hafi synjað uppástungu hans, áður en nokkuð var farið að ræða um það, hversu mikil vinna væri fyrir hljómsveitina í Breiðfirðingabúð. Stefndi tekur fram, að orðalag bréfsins á dómsskj. nr. 3 byggist á því, að hann hafi talið hljómsveitina starfsmenn í Sigtúni um þessar mundir. Stefndi segir, að hljómsveit Þorsteins Eiríkssonar hafi hætt að leika í Sigtúni í lok janúarmánaðar 1965 og hafi þá hljómsveit Hauks Morthens hafið að leika þar. Hann segir, að veturinn 1965 hafi hinar og þessar hljómsveitir leikið í Breiðfirðingabúð, en engin fastráðin. Aðspurður af lögmanni stefnanda, hvort Bítlahljómsveitir hafi spilað í Breiðfirðingabúð flest önnur kvöld en sunnudagskvöld veturinn 1964 til 1965, svarar stefndi því til, að það hafi verið hljóðfæraleikarar hjá sér flest kvöld vikunnar, en enginn fastráðinn. Að gefnu tilefni frá lögmanni sínum segir stefndi, að hann hefði beðið hljómsveit Þorsteins Eiríkssonar um að leika Bítlamúsik, þegar þess hefði gerzt þörf, ef orðið hefði af því, að hljómsveitin hefði leikið í Breiðfirðingabúð, auk þess kveðst stefndi mundu geta hafa haft sama fyrirkomulag og hann hafði áður að láta leika gömlu dansana á annari hæðinni, en nýju dansana á hinni samtímis, og þá að sjálfsögðu með

tveimur hljómsveitum, en það kveður stefndi vera algengt fyrirkomulag við rekstur í Breiðfirðingabúð.

Hefur nú verið rakið það helzta, sem fram kemur í aðiljayfirheyrslum og vitnaleiðslu í málinu.

Eins og þegar er fram komið, reisir stefnandi kröfur sínar í máli þessu á því, að um ólögmæta uppsögn af hálfu stefnda hafi verið að ræða, og skírskotar í því sambandi til venju svo og yfirlýsinga á dómsskj. nr. 7—9 (incl.) og dómsskj. nr. 12 og 13 og uppsagnarbréfs stefnda á dómsskj. nr. 3.

Stefndi hins vegar styður sýknukröfu sína þeim rökum, að enginn samningur um ákveðinn ráðningartíma hafi verið fyrir hendi milli aðilja. Hann kveðst, áður en hann sagði stefnanda formlega upp vinnu í Sigtúni, hafa beðið hann að flytja sig upp í Breiðfirðingabúð og leika þar fyrir dansi, eins og hljómsveitin hefði áður gert, en þessu hafi hljómsveitarstjórinn (Þorsteinn Eiríksson) hafnað fortakslaust. Stefndi kveðst telja sér rétt og frjálst að flytja starfskrafta sína á milli veitingahúsanna, nema um annað sé sérstaklega samið. Nú hafi svo ekki verið, auk þess sem slíkur flutningur hefði tíðkazt gagnvart þessum vinnuþiggjanda óátalið af honum um nokkurt árabil, og hafi því hljómsveitinni borið að flytja sig í Breiðfirðingabúð að fyrirlagi hans. Þegar því hafi verið hafnað, kveðst stefndi hafa sagt stefnanda upp vistinni formlega með 2ja vikna fyrirvara, en tilgreint í uppsögninni Sigtún, þar sem stefnanda hafi eftir sem áður staðið opið að leika í Breiðfirðingabúð. Af þessu kveður stefndi ljóst, að stefnandi hafi neitað að vinna fyrir hann með sama hætti og áður, og þegar af þeirri ástæðu eigi hann engar bætur vegna ólögmætrar uppsagnar.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í aðiljayfirheyrslum og vitnaleiðslum í málinu svo og framlögðum gögnum þess, sbr. sérstaklega yfirlýsingar á dómsskj. nr. 6—9 incl., sem ekki hefur sérstaklega verið mótmælt af hálfu stefnda, þykir mega fallast á þann skilning stefnanda, sem hann m. a. reisir kröfur sínar á, að hann hafi verið ráðinn hjá stefnda til 1. maí 1965, enda þótt ekki væri gerður um það skriflegur samningur.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi, áður en hann sagði stefnanda formlega upp í Sigtúni, beðið hann að flytja sig í Breiðfirðingabúð og leika þar fyrir dansi og hafi því raunverulega verið um flutning á milli vinnustaða að ræða, en ekki algera uppsögn. Af hálfu stefnanda er því hins vegar mótmælt, að stefndi hafi boðið honum að flytja sig í Breiðfirðingabúð og leika þar fyrir dansi, fyrr en eftir að stefndi sagði stefnanda upp

í Sigtúni, og þá aðeins eitt kvöld í viku, enda hafi verið þar fyrir hljómsveit, sem ráðin hafi verið til vorsins. Þessu boði stefnda kveðst stefnandi alveg hafa hafnað, enda kveðst hann hafa verið ráðinn til að leika í Sigtúni.

Stefndi hefur ekki fært nægar sannanir að því gegn mótmælum stefnanda, að stefnandi hafi átt kost á að flytja sig í Breiðfirðingabúð og njóta þar hliðstæðra kjara og hann hafði í Sigtúni, og verður því að líta svo á, að um uppsögn hafi verið að ræða af hálfu stefnda, enda verður ekki séð, að nauðsyn hafi verið að skrifa stefnanda uppsagnarbréf, ef aðeins hefði verið um að ræða flutning á milli vinnustaða.

Samkvæmt framanrituðu þykir stefnandi eiga rétt til bóta úr hendi stefnda, og skulu nú hinir einstöku liðir bótakröfunnar athugaðir.

Um 1. lið, ógreidda veikindadaga til Árna Ísleigssonar vikuna 30. nóvember 1964 til 7. desember s. á., kr. 1.837.50.

Samkvæmt samningi á dómsskj. nr. 16 milli Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags íslenzkra hljómlistarmanna segir svo í 1. gr. m. a., að innifalið í ofangreindu kaupi sé veikindadagagjald, en því er ómótmælt, að þetta ákvæði samningsins hafi verið í gildi 1964. Þykja því ekki efni til að taka þennan kröfulið til greina.

Um 2. lið, ógreitt hljómsveitinni fyrir áramót 1964—1965, kr. 33.110.00.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið og telur hann gerðan út í hött. Kveðst hann hafa kvittaða reikninga hljómlistarmannanna sjálfra (stefnanda) fyrir vinnu sinni frá september—desember 1964.

Gegn mótmælum stefnda þykir þessi kröfuliður ekki vera nægilega röktuddur, til þess að unnt sé að taka hann til greina.

Um 3. lið, fyrir samningsrof, umsamin trygging fyrir tímabilið 1. febrúar til 1. maí 1965, kr. 196.875.00.

Eins og áður greinir, þykir verða að líta svo á samkvæmt gögnum málsins og því, sem á annan hátt er upplýst í því, að stefnandi hafi verið ráðinn hjá stefnda til 1. maí 1965 og eigi því stefnandi rétt til bóta úr hendi stefnda vegna ólögmætrar uppsagnar. Stefndi heldur því fram, að sér hafi haustið 1964 farið að berast kvartanir út af hljómsveit stefnanda og hafi kvartanir þessar verið orðnar óbærilegar og hafi hann því ákveðið að segja hljómsveitinni upp. Ekki hefur þó stefndi stutt þessa staðhæfingu sína neinum þeim rökum, sem réttlæta þyki uppsögn

hans, enda liggur eigi alls kostar ljóst fyrir, hvers eðlis kvartanir þessar hafi verið.

Stefnandi miðar kröfu sína samkvæmt þessum lið við 15 klukkustunda vinnutryggingu á viku. Stefndi hefur mótmælt því, að um nokkra slíka tryggingu hafi verið að ræða, eins og hann hefur mótmælt því, að um nokkra fasta samninga við stefnanda hafi verið að ræða, sem áður greinir.

Nú lítur dómurinn hins vegar svo á, eins og þegar er fram komið, að stefnandi hafi verið ráðinn hjá stefnda til 1. maí 1965.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að þegar umrædd ráðning átti sér stað, hafi verið gert ráð fyrir því, að hljómsveitin spilaði minnst 4 til 5 kvöld í viku, og samsvari vinna í 4 kvöld 15 til 17 stunda vinnutíma. Er þessi staðhæfing og í samræmi við samning á milli sömu aðilja frá 1962, sem lagður hefur verið fram sem dómsskj. nr. 17 í máli þessu, en þar er hljómsveitinni tryggð 16 klukkustunda lágmarksvinna á viku hverri.

Þegar litið er til þess, sem að framan greinir, að hinir sömu aðiljar, sem reka mál þetta, sömdu á árinu 1962 um 16 klukkustunda lágmarksvinnu á viku hverri, þykir með ólíkindum, að stefnandi hafi eigi gætt svo þýðingarmikils atriðis við samningsgerð þá, sem mál þetta er risið af, þótt munnleg væri. Þykir því þrátt fyrir mótmæli stefnda mega grundvalla dóm á þeirri staðhæfingu stefnanda, að samið hafi verið um 15 stunda lágmarksvinnu á viku, þar sem veigamikil rök þykja hníga að því, að svo hafi verið, samkvæmt framanrituðu.

Lögmaður stefnanda hefur við munnlegan flutning málsins upplýst, að samningsbundinn taxti hljómsveitarinnar hafi á þeim tíma, sem henni var sagt upp, verið kr. 1.050.00 á klst. Er því ómótmælt af hálfu stefnda.

Að öllu því, sem að framan greinir, athuguðu þykir því mega taka þennan lið til greina óbreyttan ásamt vaxtakröfu, enda liggur eigi fyrir í málinu, að stefnandi hafi haft tekjur, sem neinu nemi, í atvinnugrein sinni á uppsagnartímanum.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigmar Pétursson, greiði stefnanda, hljómsveit Þorsteins Eiríkssonar, kr. 196.875.00 ásamt 7% ársvöxtum

frá 1. febrúar 1965 til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. nóvember 1968.

Nr. 168/1967. **Guðjón Pétursson** (Gísli G. Ísleifsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Logi Guðbrandsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi og gjafsóknarleyfi 20. október 1967. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1.642.179.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Eins og í héraðsdómi greinir, var áfrýjandi sem sjúklingur „í röntgenmeðferð í Röntgenstofunni, Reykjavík, 1927—1930 (incl.) og í Röntgendeild Landspítalans 1931—1937 (incl.) vegna eczema chron. manuum", sbr. skýrslu dr. med. Gísla Fr. Petersens, núverandi yfirlæknis Röntgendeildar Landspítalans, til Læknaráðs Íslands, dags. 16. marz 1965.

Í máli þessu krefst áfrýjandi bóta úr hendi stefnda vegna heilsutjóns af völdum röntgenbruna, er stafi annað hvort af of mikilli geislun eða af göllum tækja, sem notuð hafi verið til geislunar í greindum stofnunum.

II.

Atvik máls þessa eru eigi í ljós leidd sem skyldi.

1. Af hendi stefnda er því haldið fram, að Röntgenstofan (Radiumstofan) hafi verið einkafyrirtæki, sem hann geti enga ábyrgð borið á. Rétt var að fá um þetta skýrslu yfirstjórnar heilbrigðismála landsins, þar sem fram kæmi, hvernig rekstri stofnunar þessarar var háttað, að því er varðaði stjórn hennar, kostnað og læknisþjónustu.

2. Stefndi hefur og haldið því fram, að tilraunir þær, sem gerðar voru í Röntgenstofu og Röntgendeild Landspítalans til að lækna mein áfrýjanda með geislun, hafi verið ákveðnar af einkalæknum áfrýjanda og framkvæmdar á þeirra ábyrgð. Rétt hefði verið að fá um þetta efni skýrslu fyrirsvarsmanna stofnananna og vætti lækna, sem í hlut áttu.

3. Nauðsynlegt var að fá rækilega skýrslu um geislameðferð áfrýjanda eftir 1932, þar á meðal um, hvenær hann á árinu 1937 hlaut geislun þá, sem getið er í skýrslu dr. med. Gísla Fr. Petersens til Læknaráðs, er áður getur. Í greindri skýrslu er getið skoðunar áfrýjanda „12. 2. '57", og var rétt að leiða í ljós, hvort þá var enn um geislameðferð áfrýjanda að tefla.

4. Valtýr Albertsson læknir hefur í vottorði 27. apríl 1963, sem lagt hefur verið fram í málinu, skýrt svo frá, að áfrýjandi muni „fyrst hafa leitað til" sín árið 1931, og kveðst Valtýr læknir síðan hafa verið heimilislæknir áfrýjanda „þangað til fyrir um það bil 4 árum". Er læknirinn hefur í vottorðinu lýst sjúkdómi áfrýjanda nokkuð og læknisgatilraunum, kemst hann svo að orði: „Ég taldi, að um of mikla röntgengeislun væri að ræða og húðin þess vegna svo þunn, að sár duttu auðveldlega á hana". Valtýr læknir kom ekki fyrir dóm, og nánari vitneskja hefur ekki fengizt um það, hvenær hann komst að greindri niðurstöðu um mein

áfrýjanda. En athugaefni er, hvenær læknar, sem í hlut áttu, máttu sjá, að geislameðferð olli áfrýjanda líkamsspjöllum í stað heilsubótar. Bar að gefa þessu efni gaum og afla um það gagna eftir föngum.

III.

Þar sem dómsmál þetta var vanreifað af hendi málsaðilja, svo sem rakið var, hefði héraðsdómur samkvæmt heimild í 120. gr. laga nr. 85/1936 átt að beina til þeirra að afla gagna um atriði, sem að framan greinir, og svo annarra gagna, eftir því sem efni kunnu að vera til. Að því loknu átti dómurinn að leggja málið af nýju fyrir Læknaráð Íslands, sbr. 2. gr. laga nr. 14/1942, til umsagnar vegna breyttra horfa, ef því var að skipta. Að svo vöxnu þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar samkvæmt framangreindu og uppsögu dóms af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, kr. 70.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Guðjóns Péturssonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hans, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 70.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Guðjón Pétursson húsgagnasmíðameistari, Njálsgötu 10 A hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, að fengnu gjafsóknarleyfi, með

stefnu, útgefinni hinn 14. maí 1964, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.642.179.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Samkvæmt gjafsóknarleyfi, sem gefið var út til handa stefnanda hinn 9. júlí 1963, er gjafsóknin takmörkuð við það, að kostnaður ríkissjóðs við gjafsóknina fari ekki fram úr kr. 15.000.00.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að dæmd verði stórfelld lækkun á stefnukröfunni. Þá er þess krafizt, að stefnandi verði dæmdur til að greiða fullan málskostnað að mati dómsins án tillits til þess, að um gjafsóknarmál sé að ræða.

Samkvæmt skýrslu stefnanda eru málavextir þessir:

Á árunum 1924—1929, er stefnandi stundaði húsgagnasmíði, fékk hann útbrot eða bóluþref á húðina á höndum og andliti. Endurtók þetta sig öðru hverju á þessum árum og vildi ekki batna, þótt læknar, sem hann leitaði til, létu hann hafa ýmiss konar smyrsl til að nota við þessum sjúkdómi. Á árinu 1927 sendi sérfræðingur í húðsjúkdómum, sem stefnandi hafði leitað til, stefnanda til sérfræðings í röntgengeislun. Hlaut stefnandi síðan geislameðferð öðru hverju á árunum 1927—1932. Ekki virtust útbrotin batna við þessar aðgerðir, en eftir því sem lengra leið, versnaði bletturinn, sem aðallega hafði verið geislaður, en það var á handarbaki hægri handar upp af þumal- og vísifingri. Var þessi blettur að smáversna til ársins 1933. Það ár kom þarna sár, í fyrstu mjög lítið, en stækkaði, eftir því sem árin liðu, þar til það var orðið á stærð við fimmeyring. Úr sárinu vall oftast vilsa og dauðar holdtrefjar öðru hverju. Stefnandi kveðst síðan hafa verið með þetta opna sár frá árinu 1933 til ársins 1958. Öll þessi ár kveðst hann hafa verið oft á ári hjá heimilislækni sínum, sem síðan hafi sent hann til sérfræðinga, en ekkert hafi dugað. Stefnandi kveður flesta af læknum þeim, sem hann hafi leitað til, hafa nefnt útbrotin exem. Kveður hann þau hafa horfið öðru hverju, en brotizt aftur út mjög óreglulega og hafi hann verið farinn að taka eftir því, að ekki hafi verið sama, úr hvaða efni hann var að vinna, enda hafi síðar komið í ljós, að hann hafi haft ofnæmi fyrir ýmsum efnum, sem hann hafi verið að vinna úr. Eftir að sárið kom á höndina, kveður stefnandi sér hafa virzt hann verða næmari fyrir útbrotunum en áður og eftir því sem lengra leið, hafi honum farið að líða verr. Hafi hann þá átt

erfitt með svefn og oft verið slæmur á taugum. Stefnandi kveður það svo hafa verið um 1944, að hann hafi til reynslu farið í böð hjá Jónasi Kristjánssyni lækni, því að stefnandi kveðst hafa viljað reyna sem flest, er talið var, að gæti orðið til bóta. Kveður hann Jónas þá hafa sagt sér, að búið væri að stórskemma höndina með röntgengeislum, sem erfitt mundi að bæta úr, en böðin mundu hvorki bæta né skemma. Stefnandi kveðst nú nokkru síðar hafa tjáð heimilislækni sínum ummæli Jónasar Kristjánssonar, en hann hafi litlu svarað. Þá kveður stefnandi einn af sérfræðingum þeim, sem hann leitaði til, hafa sagt, að þetta gæti hann ekki læknað. Nokkru síðar kveðst stefnandi hafa leitað til annars sérfræðings í húðsjúkdómum og síðan hafa gengið til hans í um fjögur ár frá því á árinu 1948 og þar til seint á árinu 1951. Kveður stefnandi sér hafa virzt læknirinn hafa mikinn áhuga á að lækna meinsemdina, en það hafi ekki viljað ganga greitt. Stefnandi kveðst hafa reynt að komast eftir því, hvað hægt væri að gera og hvað gert hefði verið erlendis til að græða röntgensár. Kveðst stefnandi hafa óskað eftir því við heimilislækni sinn, að hann yrði sendur til útlanda til aðgerðar á hendinni. Eftir að samráð hafði verið haft við trúnaðarlækni sjúkrasamlagsins í Reykjavík, hafi svo verið ákveðið, að hann færi til Rigshospitalet í Kaupmannahöfn. Kveðst hann síðan hafa vistazt á húðsjúkdómadeild sjúkrahússins hinn 31. desember 1951. Kveðst stefnandi hafa verið rannsakaður af yfirlækni deildarinnar, H. Haxthausen, sérfræðingum í húðflutningum og fleiri læknum. Stefnandi kveðst hafa haft meðferðis tölur frá Röntgendeild Landspítalans yfir röntgengeislanir þær, sem hann hafi fengið fyrir þau ár, sem hann hlaut geislameðferð þar, en hann kveður tölur fyrir hin árin, sem hann var geislaður, ekki hafa fundizt, áður en hann fór utan, og hafi því ekki verið nema ágizkun, hve margar röntgeneiningar hann hafði fengið. Stefnandi kveðst nú hafa verið undir handleiðslu H. Haxthausen, yfirlæknis á húðsjúkdómadeildinni, í tvo mánuði. Ekki kveður stefnandi hafa orðið af uppskurði, en kveður yfirlækninn hafa mælt fyrir um bakstra- og smyrslakúr allan þann tíma. Hann kveður tekizt hafa að koma þunnu skæni yfir sárið, en strax og hann kom heim og var farinn að vinna, hafi allt farið í sama horf og áður. Stefnandi kveðst hafa fengið vottorð hjá prófessor Haxthausen um meinsemdina í hendinni, áður en hann fór af sjúkrahúsinu, og kveðst hafa sýnt það trúnaðarlækni sjúkrasamlagsins hér í borg, en hann hafi ekki viljað mikið úr því gera. Stefnandi kveðst hafa hugsað sér, er hann kom

heim af sjúkrahúsinu í Kaupmannahöfn, að leita réttar síns út af röntgensárinu og afleiðingum þess, en hann kveður þessi viðbrögð trúnaðarlæknisins hafa haft þau áhrif á sig, að hann hafi látið það bíða. Stefnandi kveður nú nokkurn tíma hafa liðið. Hann hafi oftast verið að vinna, en fundið, að smátt og smátt var mátturinn í hendinni að dvína. Hafi svo verið komið síðari hluta árs 1957, að hann hafi átt orðið erfitt með að stjórna og lyfta verkfærum, hvað þá stærri hlutum. Kveðst hann síðan í febrúarmánuði 1958 alveg hafa gefizt upp við að vinna á verkstæði því, sem hann hafði rekið ásamt öðrum manni. Stefnandi kveður það svo hafa verið nokkru seinna, að hann hafi þurft að hitta Snorra Hallgrímsson prófessor. Hafi Snorri þá séð höndina og skoðað hana og sagt, að hún þyrfti aðgerðar við, og það sem fyrst. Hafi Snorri síðan fengið Árna Björnsson lækni til að taka þetta að sér. Hafi síðan verið framkvæmdar aðgerðir á hendinni á tímabilinu apríl—júní 1958. Stefnandi kveður það svo hafa verið um tveimur árum seinna, að vísifingur hægri handar hafi orðið máttlaus. Þá hafi verið komin smáhola í efstu liðamót fingursins og hafi ollið úr vilsa. Hafi þá ekki verið annað að gera en nema fingurinn í burt og hafi Árni Björnsson læknir framkvæmt þá aðgerð.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Röntgendeildar Landspítalans, dags. 19. október 1962, svohljóðandi:

„Samkv. journölum radiumstofunnar og Röntgendeildar Landspítalans hefur Guðjón Pétursson fengið eftirfarandi geislanir.

1927	*H. hönd*				*V. hönd*			
9/2	½	Sab.	x 3	(felt)	½	Sab.	x 3	(felt)
11/2	½	—	x 3	—	½	—	x 2	—
2/3	½	—	x 2	—	½	—	x 2	—
4/3	½	—	x 2	—	½	—	x 2	—
24/6	¼	—	x 2	—	¼	—	x 2	—
27/6	½	—	x 2	—	½	—	x 2	—
22/11	½	—	x 2	—	½	—	x 2	—
25/11	½	—	x 2	—	½	—	x 2	—

Í öll skiptin geislað með suðulampa 2 m A FH-F 20 cm í 4 mm 2 mm A1. filter nema 24/6 þá geislað með Coolidge lampa með 2mA — 20 am FHF ½ mm A1. filter og 27/6 var filter haft 1. mm A1.

1928 *H. hönd*
30/3 ½ Sab. (4½ mín 2 m A FHF 20 cm filter 2 mm A1.
3/4 ½ —
16/10 ½ — (handarbak)
16/10 ½ — radialmegin (volart?)
18/10 ½ — (x 2) *V. hönd*
18/10 ½ — radialmegin ½ Sab.

1929 *H. handarbak* *V. hönd + ulf. volart.*
15/1 ½ Sab. x 2 (felt) ½ Sab. x 2 (felt)
17/1 ½ — x 2 — *V. handarbak*
½ Sab. x 2
Suðulampi 2 m A 4 mín. FHF 20 cm 2 mm A1.

1930 *H. handarbak* *V. handarbak*
25/3 ½ Sab. x 2 27/3 ½ Sab. x 2
28/3 ½ — x 2 29/3 ½ — x 2

H. hönd
13/5 ½ Sab. x 2
15/5 ½ Sab. x 2
Lampi Coolidge 4 ma 4½ mín. ½ FHF 20 cm 2 mm A1.
Journall frá 1931 finnst ekki.

1932

12/1	H. langatöng	½ Sab. F 2 mm A1. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
14/1	H. langatöng	½ Sab. F 2 mm A1. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
3/2	H. handarbak	½ Sab. F 2 mm A1. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
5/4	H. hönd	½ Sab. F 2 mm A1. Lampi Metrol Kv. 2151 m A 41 mín. 4½
7/4	H. hönd	½ Sab. F 2 mm A1. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
11/4	H. hönd	½ Sab. F 2 mm A1. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
24/5	Fingur h. og v. handar	½ Sab. F 2 mm A1. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
26/5	Fingur h. og v. handar	½ Sab. F 2 mm A1. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½

4/7	Hönd og v. langatöng	½ Sab. F 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
6/7	Hönd og v. langatöng	½ Sab. F 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
9/8	H. hönd	½ Sab. F 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
29/11	H. hönd	½ Sab. F 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
2/12	H. hönd	½ Sab. F 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín 4½".

Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur metið örorku stefnanda samkvæmt matsgerð, dags. hinn 5. desember 1963. Er þar rakin sjúkrasaga stefnanda svo og læknisvottorð, sem aflað hefur verið um sjúkdóm stefnanda og meðferð þá, sem hann hefur hlotið. Er matsgerð þessi svohljóðandi:

„Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, þá var ofannefndur maður geislaður með röntgengeislum bæði á radiumstofunni og röntgendeild Landspítalans á árunum 1927 til 1932 vegna útbrota á höndum. Mestir geislar voru settir á hægra handarbak og fingur hægri handar.

Fyrir geislunina hafði hann haft slík útbrot eða bólukraðak í húð á höndum og andliti og hafði leitað lækna og sérfræðinga, en án árangurs þrátt fyrir lyfjameðferð. Á þessum árum (1924—1929) var maðurinn að læra húsgagnasmíði.

Ekki virðast röntgengeislarnir hafa haft áhrif til góðs á útbrotin, og varð versnun á hægri hönd, og datt sár á húðina í byrjun árs 1933, og var það sár síðan opið allan tímann til 1958.

Á þessu tímabili var maðurinn oft til meðferðar hjá læknum, bæði hjá heimilislækni sínum, sérfræðingum í húðsjúkdómum og öðrum læknum.

Um þá læknismeðferð liggja fyrir vottorð, og eru þau svohljóðandi:

Vottorð frá Valtý Albertssyni lækni, dags. 27. apríl 1963, er hann var heimilislæknir Guðjóns Péturssonar frá því 1931 og þar til 1958 eða 1959.

Vottorðið er svohljóðandi:

„Guðjón Pétursson, Njálsgötu 10 A, mun fyrst hafa leitað til mín árið 1931, og var ég síðan heimilislæknir hans, þangað til fyrir um það bil 4 árum.

Nokkrum árum áður en ég sá hann fyrst, hafði farið að bera

á útbrotum á h. hönd Guðjóns. Reynd höfðu verið bæði lyf og geislanir. Ekki hafði honum batnað við geislana, enda virtust útbrotin að einhverju leyti orsakast af efnum, sem hann vann við sem húsgagnasmiður. Komu oft sár á höndina, og varð hann oft að ganga með hana reifaða tímunum saman og þá óvinnufær og illa haldinn. Ég taldi, að um of mikla röntgengeislun væri að ræða og húðin þess vegna svo þunn, að sár duttu auðveldlega á hana. Helzt hemaði yfir sárin, ef hann gat tekið sér alllanga hvíld frá störfum, en fjárhagur hans leyfði það ekki. Kom mjög til álita, að hann skipti um starf, en atvinna, sem honum hentaði, lá ekki á lausu. Fyrir um það bil 11 árum var hann ca. 2 mánuði til lækninga í Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn án þess að fá bata. Fyrir nokkrum árum varð hann að hætta störfum sem húsgagnasmiður. Var síðan reynt að græða húð á sárið, og þurfti þá að taka af honum vísifingur h. handar".

Það liggur fyrir vottorð frá Hannesi Þórarinssyni, sérfr. í húðsjúkdómum, dags. 16/3 1963, en hjá honum var Guðjón til meðferðar frá árinu 1948 og fram til ársins 1951.

Vottorð Hannesar Þórarinssonar er svohljóðandi:

„Guðjón Pétursson, Njálsgötu 10 A, Reykjavík, leitaði mín árið 1948 vegna eczems á höndum, er hann kvaðst hafa haft um 25 ára skeið. Er ég skoðaði hann fyrst 28/5 '48, voru vessandi útbrot og mikil bólga á báðum höndum. Nokkrum dögum seinna hafði bólgan hjaðnað verulega, og sáust þá breytingar á h. handarbaki, er ég taldi bera vott um síðverkun af mikilli röntgengeislun. Grunnt sár var á handarbakinu, ca. 1.5 cm í þvermál, og húðin í kringum það var greinilega rýrnuð (atrophisk) og hárlaus.

Kvaðst Guðjón hafa fengið röntgenmeðferð á árunum 1927—32, aðallega á h. handarbak.

Ég stundaði hann síðan vegna eczems til ársloka 1951.

Reyndist það mjög erfitt viðfangs, og tel ég, að röntgenáhrif hafi átt talsverðan þátt í því.

Á þessu tímabili var Guðjón oft óvinnufær af þessum sökum og stundum rúmfastur. Mikil vanlíðan fylgdi þessu, verkir og kláði, og átti hann oft bágt með svefn.

Skv. spjaldskrá minni kom hann 48 sinnum til mín frá maí '48 til des. '51".

Árið 1951 var Guðjón sendur til Kaupmannahafnar til athugunar og meðferðar og lá þar á Rigshospitalet — afdelingen for hud- og könssygdomme, og það liggja fyrir 2 vottorð, annað frá prof. overlæge H. Haxthausen, svohljóðandi:

„Snedkermester Guðjón Pétursson, Reykjavík, ligger her på afdelingen siden 21. december 1951 til behandling for en Röntgenforbrænding, som er lægt under omslags- og salvebehandling her".

Hitt vottorðið er frá Gustav Asboe-Hansen, prófessor, dr. med., dags. 30. janúar 1963, og er það svohljóðandi:

„I besvarelse af Deres skrivelse af 23. januar 1963 skal jeg oplyse følgende:

Snedkermester Guðjón Pétursson, Reykjavík, var indlagt i Rigshospitalets afdeling for hudsygdomme 31/12 '51 til 3/3 '52.

Diagnose: Röntgenforbrænding. Dupuytrens kontaktur.

I journalen er det oplyst, at patienten kort efter, at han i 1923 begynte som snedker, udviklede et eczem af kronisk type på begge hænder med overfölsomhed for diverse træsorter, især mahogni, desunden for terpentin, cellulose og salmiak.

Det er desunden oplyst, at patienten har fået röntgenbehandling af begge hænder i Reykjavik i 1929 med en dosis på 750 r, i 1931—32 12—125=1500 r. I 1935 viste der sig et sår på hö. hånd, som jævnt og langsomt voksede i de fölgende år.

Ved indlæggelsen fandtes i 1. hö. fingerinterstits på hö. håndryg en 1-örestor ulcration med gulligt belagt bund, afgrænset af en ikke-voldagtig rand, som var fast, men forskydelig. Der var ingen teleangiectasier. På ve. håndryg var huden let skællende. Professor Haxthausen har den 6/2 '52 til journalen dikteret fölgende: „Såret er nu helt lægt, men den dækkende epidermis er meget tynd, og der er betydelig röntgentrofi og sclerose i omfanget".

Under opholdet er patienten opereret for sin Duputren's kontraktur med en operatio plastica cum aponeurosectomia palmare a. m. MCIndoe.

I journalen findes ingen kopier af attester fra röntgenstuen i Reykjavik. Hvis hr. Pétursson i 1951 har bragt sådanne med sig, vil de sandsynligvis være returneret med udskrivningskortet til dr. W. Albertsson, Reykjavik, den 6. marts 1952".

Við meðferðina á spítalanum í Kaupmannahöfn tókst að fá sárið til að gróa, en strax og heim var komið, fór allt í sama horf og áður.

Maðurinn hefur þrívegis legið á Landspítala, tvívegis árið 1958 frá 9/4—5/6 og frá 18/6—23/6 og á árinu 1960 frá 23/3—31/3. Hann var þar til meðferðar hjá Árna Björnssyni lækni, og í vottorði Árna frá 24/1 1963 þá segir svo:

„Guðjón Pétursson, f. 24. 4. 1903, til heimilis að Njálsgötu 10 A

í Reykjavík, lá á handlæknisdeild Landspítalans 9. 4. '58—5. 6. '58, 18. 6. '58—23. 6. '58 og 23. 3.—31. 3. '60. Hann var lagður inn vegna hægfara húðbreytinga og sármyndana á hægri hendi.

Að sögn sjúklings hafði hann fengið geislameðferð alloft vegna eczems á höndum, og hafði hann fengið „síðast" geislameðferð síðast 1931. Sár segir hann, að hafi myndazt fljótlega eftir síðustu geislameðferð og hafi þau aldrei gróið til fulls. Fylgir þeim oft bólga og mikill sársauki. Enn fremur hefur höndin smátt og smátt stirðnað, og hefur það valdið sjúklingi miklum óþægindum við vinnu.

Við skoðun á hægri hönd sjást breytingar á húð, sem einkennandi er fyrir langvarandi geislaverkun. Húðin á öllu handarbaki ásamt vísifingri og þumalfingri er gljáandi, hárlaus, þykknuð og með tveimur smásárum. Auk þess sjást æðavíkkanir, sem einkennandi eru fyrir þetta ástand. Mikill stirðleiki var í öllum liðum vísifingurs og enn fremur í grunnlið þumalfingurs. Á þeim tímum, sem sjúklingur dvaldist á handlæknisdeild Landspítalans, voru gerðar á honum sjö aðgerðir. Húðin var skorin burt af handarbakinu og hold flutt af vinstri handlegg. Var höndin fest við handlegginn, og varð sjúklingur að vera í þeim stellingum í þrjár vikur. Við það stirðnaði hann í öxlunum, og var mjög erfitt að koma þeim í eðlilega hreyfingu á eftir. Í síðustu aðgerð var vísifingur tekinn rétt ofan við mitt miðhandarbein.

Vefjarannsókn á húðinni og handarbakinu sýndi breytingar, sem sérkennandi eru fyrir húð, sem orðið hefur fyrir verkunum af röntgengeislum.

Ástand er nú þannig, hvað höndina snertir, að húð hefur verið flutt á mikinn hluta handarbaksins, og er hún eðlileg útlits, en tilfinning er dauf. Vísifingur vantar alveg ásamt miðhandarbeini hans. Stirðleiki er nokkur í þumalfingursliðum, og breytingar sjást á húðinni ofan á þumalfingri og ulnart á handarbakinu sjálfu. Þessar breytingar geta staðið í stað, en þær geta líka haldið áfram og valdið óþægindum og jafnvel sármyndunum í framtíðinni".

Síðan síðasta aðgerð var gerð, 1960, hefur ekki komið sár á höndina.

Maðurinn kom til viðtals hjá undirrituðum 4/10 1963. Hann skýrir frá sjúkleika sínum, eins og lýst hefur verið hér að framan, en leggur auk þess fram vélritaða skýrslu, er hann hefur tekið saman um sjúkdómssögu sína. Hann kveðst hafa hætt verkstæðisvinnu í febrúar 1958, var síðan á sjúkrahúsum á árinu 1958, eins

og fyrr segir, en byrjaði síðan vinnu í október á skrifstofu Landssambands íslenzkra iðnaðarmanna og vann þar til haustsins 1962. Kveðst nú vinna við innheimtustörf.

Fyrir utan þann sjúkdóm, er um ræðir hér að framan, þá kveðst hann yfirleitt hafa verið hraustur fram til ársins 1962, að hann fékk magasár og lá á sjúkrahúsi af þeim sökum.

Aðalkvartanir mannsins nú eru stirðleiki í hægri hönd og kraftleysi og kvartar um titring, ef hann ætlar að gera eitthvað. Hefur auk þess haft verki og stirðleika í handleggjum og herðum, og jókst þetta nokkuð við aðgerðir þær, er gerðar voru á Landspítala og getið er um í vottorði Árna Björnssonar.

Um ástand og útlit hægri handar vísast til vottorðs Árna Björnssonar frá 24/1 1963 og að framan er ritað.

Auk þeirra vottorða, er fyrr greinir, eru vottorð frá röntgendeild Landspítalans, undirritað af Kolbeini Kristóferssyni yfirlækni, þar sem talið er upp, hvaða geislameðferð Guðjón hefur fengið á radiumstofu og röntgendeild á árunum 1927, 1928, 1929, 1930 og 1932, en journal stofnunarinnar frá 1931 hefur ekki fundizt.

Ályktun: Hér er um að ræða 60 ára gamlan mann, sem fær geislameðferð vegna útbrota á höndum á árunum 1927—1932. Í ljós kemur síðar, að maðurinn hefur fengið röntgenbruna á hægri hönd, og fékk hann sár á handarbak, sem greri aldrei frá því 1933 og þar til 1958, að skurðaðgerð var gerð og húð flutt á handarbakið. Árið 1960 var svo vísifingur tekinn af ásamt hluta af handarbakslegg.

Ástand handarinnar er nú þannig, að húð hefur verið flutt á mikinn hluta handarbaks, vísifingur vantar ásamt miðhandarbeini, stirðleiki er í þumalfingursliðum báðum, og breytingar eru í húðinni ofan á þumalfingri og ölnarmegin á handarbaki.

Það hefur verið staðfest með vefjarannsókn á húð þeirri, er tekin var af handarbaki, er skinnflutningur var gerður á Landspítala 1958, að breytingar sáust, sem sérkennandi eru fyrir húð, sem orðið hefur fyrir verkunum af röntgengeislum.

Allar líkur benda því til þess, að sár það, er maðurinn fékk á höndina 1933 og ekki greri í 20 ár, hafi verið sár vegna röntgenbruna.

Það verður að telja, að maðurinn hafi hlotið varanlega örorku vegna þeirrar röntgenmeðferðar, er hann fékk á árunum 1927 til 1932, en ekki verður séð, að afleiðingar röntgenmeðferðarinnar

komi örugglega í ljós fyrr en á árinu 1933, og er því eðlilegt að reikna örorku hans frá þeim tíma.

Varanlega örorku hans frá 1933 til 1950 tel ég hæfilega metna 10%, en frá 1951 til 1960 15%. Fyrir dvöl á sjúkrahúsum árin 1952, 1958 og 1960 tel ég eðlilegt að meta stiglækkandi örorku þannig:

Í 5 mánuði 100% örorka
- 3 — 75% —
- 6 — 50% —
- 6 — 25% —

en síðan það örorkustig, er fyrr greinir.

Frá 1. júlí 1960 tel ég varanlega örorku hans hæfilega metna 25%, og tel ég líklegt, að það verði framtíðarörorka hans vegna röntgenbrunans".

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 28. desember 1964, var málið lagt fyrir Læknaráð og álits þess leitað um eftirfarandi atriði:

„1. Er það sennileg afleiðing geislameðferðar á árunum 1927—1932, að Guðjón Pétursson fékk sár á hægra handarbak á árinu 1933, sem var svo „kroniskt" og endaði með því, að vísifingur hægri handar ásamt hluta af miðhandarbeini var numinn burt á árinu 1958?
2. Álítur Læknaráð, ef svar við fyrstu spurningu er jákvætt, að geislamagn hafi verið of mikið, eigi hafi átt að nota geislameðferð við sjúkdóm þann, er Guðjón Pétursson gekk með, galli hafi verið á tækjum þeim eða útbúnaði, sem notaður var, eða jafnvel um tvö eða öll þessi atriði hafi verið að ræða?
3. Telur Læknaráð, að samhengi sé milli líkamlegs ástands Guðjóns Péturssonar undanfarin 30 ár og andlegs ástands hans nú og hann geti því verið meira en 25% (sem er metin varanleg líkamleg örorka) öryrki, hvað vinnugetu snertir, og hve mikla örorku álítur Læknaráð þá vera um að ræða?"

Samkvæmt úrskurði Læknaráðs, uppkveðnum hinn 19. marz 1965, varð ályktun þess um framangreind atriði þessi:

„Ad 1. Já.

Ad 2. Á þeim tíma, sem umrædd geislameðferð fór fram, mun geislamagn það, sem notað var við meðferð sjúkdóms Guðjóns Péturssonar, ekki hafa verið talið óeðlilega mikið. Að fenginni reynslu og aukinni þekkingu á síðverkunum röntgengeisla hefur

á síðari árum verið notað minna geislamagn við meðferð húðsjúkdóma. Þó tíðkast enn að nota röntgengeislameðferð við kroniskt ekzem. Ekkert kemur fram í gögnum málsins, sem bendi til, að galli hafi verið á tækjum þeim og útbúnaði, sem notaður var.

Ad 3. Af gögnum málsins verður ekki séð, að hvaða leyti andlegt ástand Guðjóns Péturssonar sé afbrigðilegt og því ekki unnt að leggja dóm á það, hvort um meira en 25% örorku sé að ræða".

Eins og fram kom í vottorði Röntgendeildar Landspítalans, sem áður er getið, hafði journal frá árinu 1931 ekki fundizt. Journal þessi hefur síðar komið fram. Hefur verið lagt fram vottorð Gísla Petersens yfirlæknis, dags. hinn 9. október 1965, um geislameðferð þá, sem stefnandi hlaut á árinu 1931. Segir svo um þetta efni í vottorði yfirlæknisins:

„Geislameðferð 1931: H. hönd, ½ Sab. x 3, v. hönd, ½ Sab. x 4, Metrolampi, 125 kv, 4 mA, 2 mm Al".

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 30. júní 1966, var málið lagt fyrir Læknaráð að nýju og álits þess leitað um eftirfarandi atriði:

„Telur Læknaráð, að þær upplýsingar, er nú liggja fyrir um geislameðferð, sem Guðjón Pétursson hlaut á árinu 1931, breyti áliti ráðsins samkvæmt úrskurði þess frá 4. júní 1965, og ef svo er, á hvern hátt?"

Af þessu tilefni kvað Læknaráð að nýju upp úrskurð í málinu hinn 23. desember 1966. Auk þess sem í þessum úrskurði er vísað til málsatvika þeirra, sem upplýst voru, er hinn fyrri úrskurður ráðsins gekk, segir svo um málsatvik:

„... 2. Í málinu hefur verið lagt fram bréf frá Landspítalanum til Gísla Ísleifssonar hrl., dags. 9. október 1965, undirritað af Gísla Fr. Petersen, yfirlækni Röntgendeildar, svohljóðandi:

„Skv. ósk yðar fylgja hér með viðbótarupplýsingar um geislameðferð Guðjóns Péturssonar húsgagnasmiðs.

Geislameðferð 1931: H. hönd, ½ Sab. x 3, v. hönd, ½ Sab. x 4. Metrolampi, 125 kv. mA, 2 mm Al.".

Á fundi réttarmáladeildar læknaráðs 19. marz 1965, er mál þetta var til afgreiðslu, var mættur Gísli Fr. Petersen yfirlæknir, sem tilkvaddur hafði verið sem sérfræðilegur ráðunautur í geislalækningum skv. heimild í 1. mgr. 4. gr. laga um læknaráð nr. 14/1942. Yfirlæknirinn lét þá deildinni í té svohljóðandi skriflega greinargerð, sem dagsett er 16. marz 1965:

„Samkvæmt beiðni réttarmáladeildar læknaráðs sendi ég hér með viðbótarupplýsingar og greinargerð vegna röntgengeislameðferðar Guðjóns Péturssonar húsgagnasmiðs, Njálsgötu 10 A,

Reykjavík, en hann var í röntgenmeðferð í Röntgenstofunni, Reykjavík, 1927—1930 (incl.) og í röntgendeild Landspítalans 1931—1937 (incl.) vegna eczema chron. manuum.

Til viðbótar því, sem greint er í vottorði frá röntgendeild Landspítalans, dags. 19. okt. 1962, undirritað af Kolbeini Kristóferssyni, kemur geislameðferð 1931, sem ekki lágu fyrir upplýsingar um: H. hönd, ½ Sab. x 3, v. hönd, ½ Sab. x 4. Metrolampi, 125 kv, 4 mA, 2 mm Al. 1937: H. hönd, 100 r x 6, 170 kv, 6 mA, ½ Cu + Al.

Í sjúkraskrá er þess getið 20/11 '31, að „Hendurnar yfirleitt góðar nú, þó er dál. recidiv. á h. löngutöng". 4/3 '37, við komu, er talið, að sjúklingur hafi fengið töluverðan bata eftir fyrri geislameðferð, en um ½ ári eftir að henni lauk, hafi eczematös útbrot tekið sig upp aftur. „Húðin er töluvert þykk, dál. hyperæmisk, með smá teleangiectasium. Auk þess smá sár og skinnflagningur. Aðallega er þetta localiserað á h. handarbaki radialt". 1/4 '37: „Útbrot hafa minnkað og dregið úr hyperæmiunni og infiltrationinni". Við skoðun 12/2 '57 er þess getið, að „Á h. hendi, handarbaksmegin, upp af þumalfingursgreipinni er húðin rauð, atrofisk, létt hreistruð og með vætlandi sári".

Ljóst er af framangreindu, að sjúklingur hefur fengið húðbreytingar á h. handarbak, sem einkennandi eru fyrir skaðlega síðverkun röntgengeisla, og er þeim fyrst lýst 4/3 '37, sbr. ofan.

Á þeim tíma, sem umrædd geislameðferð fór fram, voru læknum ekki eins kunnar og nú síðverkanir röntgengeisla, og virðist í öllum aðalatriðum hafa verið farið eftir þeirri venju, sem þá tíðkaðist. Ekki var almennt viðurkennt fast form fyrir geislameðferð og er tæplega enn. Nú er gefið við slíka húðsjúkdóma, sem hér um ræðir, minna geislamagn í hvert sinn og í heild"."

Varð ályktun ráðsins þessi:

„Er læknaráð svaraði fyrri spurningum varðandi þetta mál, sbr. úrskurð læknaráðs frá 4. júní 1965, var því kunnugt um þær viðbótarupplýsingar, sem Gísli Ísleifsson hrl. leggur nú fram með bréfi yfirlæknis röntgendeildar Landspítalans, dr. med. Gísla Fr. Petersen, sbr. hér að framan, og var tekið fullt tillit til þeirra í svörum ráðsins þá, enda þótt það komi ekki fram í yfirliti því, sem fylgdi ályktun læknaráðs, dags. 4. júní 1965".

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að hann hafi á árunum 1917—1932 verið brenndur á hægri hendi með röntgengeislum og muni bruninn annað hvort hafa orsakazt af of mikilli geislun eða vegna þess, að tæki hafi verið biluð. Hvor sem ástæðan sé,

þá beri stofnanir þær, sem starfræktu röntgengeislunartækin, þ. e. Geislalækningastofa ríkisins árin 1927—1931 að báðum meðtöldum og Röntgendeild Landspítalans á árinu 1932, óskoraða skaðabótaábyrgð á því, hvernig til tókst. Stofnanir þessar hafi báðar verið ríkisstofnanir og sé ríkissjóður því greiðsluskyldur fyrir hönd stofnana þessara samkvæmt reglum íslenzks skaðabótaréttar.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa. Er því haldið fram, að geislalækningar hér í bæ hafi í upphafi og á þeim tíma, sem hér um ræðir, verið starfræktar af einstaklingum. Þótt ríkisvaldið hafi að einhverju leyti styrkt slíka starfsemi, þá verði ekki af því talið, að um opinberan rekstur hafi verið að ræða. Er því mótmælt, að nokkrir þeir læknar eða þær lækningastofnanir hafi komið hér við sögu á greindu tímabili, sem ríkissjóður verði gerður ábyrgur fyrir. Þá er því haldið fram, að ósannað sé, að nokkur þau mistök hafi orðið hjá læknum eða lækningastofnunum, sem með vissu verði talin hafa valdið sjúkdómi þeim eða sjúkdómsafleiðingum, sem fjallað er um í máli þessu. Ekkert sé komið fram um það, að geislunarmeðferðin hafi ekki verið réttilega framkvæmd sem slík eða að skort hafi á einhverjar þær varúðarráðstafanir, sem átt hafi að viðhafa. Er því haldið fram, að ósannað sé, að nokkur læknisfræðileg mistök hafi orðið, sem sjúkdómur stefnanda verði rakinn til, enda sé ástæða til að ætla, að um ólæknandi sjúkdóm hafi verið að ræða, sem að einhverju leyti hafi átt rætur sínar að rekja til starfs stefnanda sem húsgagnasmiðs. Þá er því haldið fram, að jafnvel þótt talið yrði, að stefnandi hefði hlotið umræddan áverka af geislunarmeðferð á Landspítalanum eða annarri ríkisstofnun, þá hafi það allt að einu verið einkalæknar stefnanda, sem sagt hafi fyrir um, að sú meðferð yrði reynd og hafi það því verið á þeirra ábyrgð. Þá er því einnig haldið fram, að þótt talið yrði, að stefndi bæri ábyrgð á lækningaaðferðum og lækningaframkvæmdum þeirra lækna, sem hér hafa komið við sögu, og jafnvel þótt talið yrði, að einhver mistök hefðu þar á orðið, þá komi skaðabótaábyrgð stefnda allt að einu ekki til greina. Til þess að skaðabótaábyrgð verði felld á stefnda, hafi mistök þurft að vera stórfelld, ótvíræð og óafsakanleg, en eigi sé haldið fram af hálfu stefnanda, að svo hafi verið. Þá hefur sú varnarástæða komið fram, að þótt ríkisvaldið leggi landsmönnum til sjúkrahús og þjónustu lækna sem almenna þjónustu, þá séu menn ekki skyldaðir til að þiggja þá þjónustu. Samkvæmt hinni

almennu skaðabótareglu geti ábyrgð ríkissjóðs einungis komið til greina í sambandi við það, að valdir hafi verið eða samþykktir til slíkra starfa óhæfir menn eða að þeim hafi ekki verið veitt tilhlýðilegt eftirlit, en hvorugu þessara atriða sé til að dreifa í máli þessu.

Það er ljóst af vottorði Röntgendeildar Landspítalans, að stefnandi hefur á árunum 1927—1932 að báðum meðtöldum hlotið geislameðferð í Radiumstofunni og Röntgendeild Landspítalans. Það er einnig ljóst af upplýsingum þeim, sem fram hafa komið við meðferð málsins í Læknaráði, að stefnandi hefur einnig hlotið geislameðferð í Röntgendeild Landspítalans á árinu 1937. Röntgendeild Landspítalans tók til starfa í ársbyrjun 1931, og kom fyrsti sjúklingurinn til geislameðferðar þar hinn 27. janúar 1931. Hefur röntgenmeðferð sú, sem stefnandi hlaut á árunum 1932 og 1937, farið fram í Röntgendeild Landspítalans. Við stofnun Röntgendeildar Landspítalans var Röntgenstofan lögð niður sem sérstök stofnun.

Það er álit hinna sérfróðu samdómenda, að gögn málsins og skoðun þeirra á stefnanda taki af allan vafa um það, að hann hafi orðið fyrir alvarlegum skemmdum af völdum röntgengeisla með drepi bæði í mjúkum vefjum hægri handar og eins í beini (osteo-radio-necrosis). Miðað við núverandi þekkingu er allt geislamagn það, sem stefnandi hefur hlotið, mikið. Mæling var í þá daga ónákvæm, og má telja, að um nokkur frávik hafi getað verið að ræða. Frá líffræðilegu sjónarmiði er öll röntgengeislun skaðsamleg, og þegar geislað er á þennan hátt, þá veldur hver viðbótarskammtur auknum skemmdum eða aukinni hættu á skemmdum. Samkvæmt skýrslum, sem liggja fyrir um geislanir þær, sem stefnandi fékk á tímabilinu 1927—1932, er að minnsta kosti 25% gefið á árinu 1932, og verður að telja, að hundraðshluti þeirrar geislunar, sem stefnandi fékk samtals á árunum 1931—1932 og 1937, hafi verið talsvert yfir 25% heildargeislunarinnar.

Samkvæmt því, sem áður er sagt um líffræðileg áhrif röntgengeislunar, verður að telja mjög miklar líkur á því, að geislaskammturinn, sem stefnandi fékk á árunum 1932 og 1937, hafi ráðið úrslitum um það, hve illa tókst til, er hann fékk drep í mjúka vefi og bein hægri handar. Geislameðferð þessa hlaut stefnandi í Röntgendeild Landspítalans. Af þessari ástæðu verður því að telja, að stefnanda hafi verið rétt að beina málssókn þessari að stefnda, sem bar ábyrgð á rekstri röntgendeildarinnar, og

skipti því ekki máli, hvort stofnun sú, sem hafði með höndum geislunarmeðferð stefnanda fyrir þann tíma, var starfrækt á ábyrgð ríkisins. Í ljósi núverandi þekkingar á mælingu geislamagns, áhrifum röntgengeisla og eðlisfræðilegum eiginleikum þeirra má segja, að geislun sú, sem notuð var á árunum 1928, 1929, 1930, 1931, 1932 og 1937 hafi verið of „hörð", þ. e. áhrifa hennar hafi gætt meira í þeim vefjum, sem urðu fyrir drepinu, heldur en í húðinni sjálfri. Þetta mun þó ekki hafa verið almennt viðurkennt og þekkt á þeim tíma, sem geislunin var gefin. Það þykir því eigi fram komið, að geislameðferð sú, sem stefnandi hlaut, hafi ekki verið framkvæmd á réttan hátt (lege artis). Þá þykir ekkert fram komið um það, að um bilun hafi verið að ræða í tækjum þeim, sem notuð voru til geislunarinnar, en slík bilun mundi í flestum tilvikum vera þess eðlis, að geislamagn væri minna en áætlað var. Samkvæmt þessu þykir því ekki verða lögð á stefnda fébótaábyrgð á tjóni því, sem hann hefur hlotið af völdum geislameðferðarinnar. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Dæma ber ríkissjóð til að greiða skipuðum talsmanni stefnanda, Gísla G. Ísleifssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 15.000.00 upp í málskostnaðarlaun hans, en við þá hámarksfjárhæð var gjafsóknarleyfi stefnanda takmarkað.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Ólafi Tryggvasyni lækni og Ásmundi Brekkan lækni.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðjóns Péturssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður. Ríkissjóður Íslands greiði skipuðum talsmanni stefnanda, Gísla G. Ísleifssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 15.000.00 upp í málssóknarlaun hans innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. nóvember 1968.

Nr. 77/1968. **Alfreð Eymundsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Óla Þorbergssyni og gagnsök
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðakaup. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1968, krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 11. júní 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 57.246.19 ásamt 7% ársvöxtum frá 22. marz 1965 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Alfreð Eymundsson, greiði gagnáfrýjanda, Óla Þorbergssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar 1968, hefur stefnandi, Óli Þorbergsson húsgagnasmiður, Dunhaga 13 hér í borg, höfðað

fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 19. febrúar 1966, á hendur Alfreð Eymundssyni rafvirkjameistara, Stóragerði 34, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta og kostnaðar að fjárhæð kr. 57.246.19 með 7% ársvöxtum frá 22. marz 1965 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Stefndi gerir þær réttarkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

Stefnandi hefur lýst málavöxtum þannig:

Með afsali, dags. 22. marz 1965, keypti hann bifreiðina R 6466 (nú R 10042) af stefnda. Samkvæmt afsali er bifreið þessi af gerðinni Opel Caravan, árgerð 1964, en samkvæmt vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins, dags. 7. júlí 1965, kom bifreiðin til skráningar 30. júlí 1963.

Á afsalsdegi sýndi hraðamælir bifreiðarinnar 14.400 ekna km. Stefndi hafi tjáð stefnanda, að fyrri eigandi bifreiðarinnar, Aðalsteinn Guðmundsson, Glaðheimum 12 hér í borg, hafi verið búinn að aka henni 3.000 km, er hann seldi stefnda hana. Upplýst sé þá, að þegar Sigurði Kjartanssyni, Þinghólsbraut 40, Kópavogi, stóð til boða að kaupa þessa bifreið í marz eða apríl 1964 af Aðalsteini, þá hafi henni samkvæmt hraðamæli verið ekið yfir 30.000 km. Sé því ljóst, að stefnda hafi verið fullkunnugt um, að búið var að aka bifreiðinni varla minna en ca. 60.000 km, að því er ætla má. Þar að auki leyndi stefndi við kaupin því, að bifreiðin hafði að minnsta kosti lent í tveim árekstrum, þar sem hann lagði mikla áherzlu á, að ekkert hefði komið fyrir hana. Það hafi verið ákvörðunarástæða hjá sér í sambandi við kaupin á bifreiðinni R 6466, að hún væri af árgerðinni 1964, svo sem greint var í afsali, og að henni hafi verið ekið þá aðeins 14.400 km, eins og kílómetramælir bifreiðarinnar sýndi á afsalsdegi.

Af þessum sökum telur stefnandi, að stefndi hafi haft svik í frammi við sölu bifreiðarinnar og beri hann því fulla ábyrgð á tjóni því svo og kostnaði og óhagræði, sem hann hafi orðið fyrir í sambandi við kaupin.

Strax er stefnandi varð þess var, að stefndi hafði blekkt hann í þessum viðskiptum, taldi hann rétt að gefa honum kost á að bæta sér tjónið, en er í ljós kom, að stefndi reyndist ófáanlegur til þess, var ekki um annað að ræða en að láta dóm ganga í málinu.

Þann 28. september 1965 sneri lögmaður stefnda sér til yfirborgardómarans í Reykjavík og bað um, að dómkvaddir yrðu tveir óvilhallir menn til þess að ákveða hæfilegar bætur honum

til handa vegna rangra og villandi upplýsinga um ástand og notkun bifreiðarinnar R 10042, er hann keypti af stefnda. Þess var óskað, að hinir dómkvöddu matsmenn skoðuðu bifreiðina, kynntu sér allt, er efni gæfust til í þessu sambandi, og ákvæðu hæfilegar bætur. Yfirborgardómari dómkvaddi hinn 1. október 1965 þá Gunnar Björnsson bifreiðasmíðameistara og Sigurgest Guðjónsson bifvélavirkjameistara til þess að framkvæma umbeðið mat. Matsgerð þeirra er dagsett 21. október 1965 og er þannig:

„Samkvæmt dómkvaðningu yfirborgardómarans í Reykjavík 1. okt. s.l. höfum við undirritaðir skoðað bifreiðina R 10042, Opel árgerð 1964. Smíðaár 1963.

Beðið er um matið vegna ágreinings um, hvað búið hafi verið að aka bifreiðinni mikið, er síðustu eigendaskipti fóru fram, en það var 22. marz 1965. Eigandi segir, að km mælir hafi staðið á 14.400 km, er afsal fór fram. Síðan er búið að aka bifreiðinni tæpa 10 þúsund km. Bifreiðin var skráð ný í Bifreiðaeftirliti ríkisins 30. júlí 1963.

Við skoðun kom ekki í ljós, að gallar væru á bifreiðinni vegna viðgerðar á tjóni hjá fyrri eiganda, og bifreiðin leit vel út.

Við nákvæma skoðun, sem fram fór á bifreiðinni laugardaginn 9. október í Bílasmiðjunni og 14. október á verkstæði Péturs M. Þorsteinssonar við Nýbýlaveg í Kópavogi, kom ýmislegt í ljós, sem bendir til þess, að búið sé að aka bifreiðinni meira en km teljari sýnir og þá sérstaklega, að hjólbarðar, sem eigandi kom með og kvaðst hafa skipt um fljótlega, eftir að kaup fóru fram, voru orðnir mjög slitnir. Búið var að skipta um hemlaborða að aftan og renna skálar og framborðar slitnir að hnoðum. Benda má einnig á það, að eftir tæpa 20 mánuði frá skráningu, þegar afsal fór fram til núverandi eiganda, stóð km teljari á 14.400 km, eins og að framan greinir. Er það óvenjulítill akstur miðað við þann tíma, sem bifreiðin var búin að vera í notkun.

Miðað við það, sem að framan greinir, teljum við mestar líkur benda til, að bifreiðinni hafi verið ekið ca. 45 þús. km, er skoðun fór fram, og þá ca. 35 þúsund km, er núverandi eigandi keypti hana.

Miðað við það, að búið hafi verið að aka bifreiðinni ca. 35 þúsund km, er kaupin fóru fram og þau hafi verið miðuð við 14.400 km akstur, teljum við hæfilegt, að kaupverðið lækki um kr. 16.000.00.

Við skoðun voru mættir ásamt matsmönnum Óli Þorbergsson,

núverandi eigandi, og Alfreð Eymundsson, fyrrverandi eigandi".

Þann 22. október 1965 ritar lögmaður stefnanda stefnda bréf, þar sem hann sendir honum afrit af matsgerðinni og óskar eftir svari um það, hvort hann vilji fallast á sættir í málinu gegn því að greiða sér kr. 19.692.35 auk hæfilegra innheimtulauna. Þessu bréfi svarar lögmaður stefnda 26. október 1965 og mótmælir öllum kröfum hans, sem fram komu í fyrrgreindu bréfi.

Stefnandi máls þessa, Óli Pálmi Halldór Þorbergsson, hefur komið fyrir dóm þann 3. apríl 1967. Meginefni sáttakærunnar, dskj. nr. 2, var lesið upp fyrir honum, og kvað hann þar rétt frá greint. Hann ítrekar, að er hann skoðaði bifreiðina á bílasölunni, þar sem hann keypti hana, hafi hann sagt við stefnda eitthvað á þessa leið: „Það hefur ekkert komið fyrir svona fallega bifreið?" Hafi stefndi svarað því til, að ekkert hefði komið fyrir bifreiðina, svo að hann vissi til. Þá skýrir hann svo frá, að Sigurður Kr. Kjartansson rafvirkjameistari hafi eitt sinn haft orð á því við sig, að hann kannaðist við bifreið þá, sem hann var á, en gæti ekki komið því fyrir sig, hvaða bifreið þetta væri. Nokkru síðar var hann staddur á heimili Sigurðar, og kom þá Aðalsteinn Guðmundsson, sem síðar kemur við sögu, af tilviljun að húsinu. Hafi þá þeir Sigurður og Aðalsteinn fundið það út, að bifreið stefnanda, sem stóð fyrir utan húsið, var sama bifreiðin, sem Aðalsteinn seldi stefnda. Sigurður hafi í framhaldi af þessu sagt stefnanda, að hann hafi haft í huga að kaupa bifreið þessa árið áður af Aðalsteini og hafi þá kílómetrateljari bifreiðarinnar sýnt röska 30.000 km. Stefnandi skýrði frá því, að á tímabilinu frá því að hann keypti bifreiðina og þar til hann bað um dómkvaðningu matsmanna, hafi hann látið skipta um demparagúmmí að framan, púströr og hljóðdúnk, en man ekki, hvort um fleiri viðgerðir hafi verið að ræða. Hins vegar hafi engir verulegir eða óvenjulegir gallar komið fram á bifreiðinni. Hann tók þá fram, að þegar bifreiðinni var ekið á ósléttum vegi, hafi verið ljóst, að „fínustu taugarnar" voru farnar úr henni. Þá hafi það einnig komið í ljós, eftir að hann fór að keyra bifreiðina úti á vegum, að hún hafi verið meira keyrð heldur en mælirinn sagði til um. Í framhaldi af þessu skýrir hann svo frá, að hann hafi farið í sumarfrí í byrjun júlí 1965 og varð þess þá var, að hjólbarðar bifreiðarinnar voru gerslitnir og kappaðir. Hann fór á bifreiðinni til Ísafjarðar, og á þeirri leið voru hjólbarðarnir búnir að springa fjórum sinnum. Varð hann að láta senda sér tvo nýja hjólbarða frá Reykjavík til Ísafjarðar, og er hann kom heim,

keypti hann tvo nýja hjólbarða. Hann kveðst ekki muna, hve kílómetramælirinn sýndi háa tölu, þegar hann lagði af stað til Ísafjarðar. Á Ísafirði hafi hjólbarðarnir, sem voru að aftan, verið teknir af og framhjólbarðarnir settir undir bifreiðina að aftan, en hinir nýju að framan. Þegar stefnandi seldi bifreiðina á árinu 1966, sýndi kílómetramælirinn 40.000 km. Hann kveðst hafa sagt kaupanda, að þetta væri ekki að sínu áliti rétt mælisstaða og að hann stæði í málaferlum út af kaupum bifreiðarinnar vegna mælisstöðunnar o. fl.

Aðalsteinn Kristinn Guðmundsson húsasmíðameistari hefur komið fyrir dóm 15. apríl 1967. Vitnið staðhæfir, að kílómetramælir bifreiðarinnar hafi sýt meira en 30.000 km, þegar hann seldi stefnda bifreiðina. Vitnið kveðst ekki muna nákvæmlega, hvað mælirinn sýndi, en telur, að hann hafi sýnt eitthvað á milli 30.000 og 35.000 km. Vitnið kvaðst reka byggingastarfsemi á eigin reikning og nota mikið eigin bifreið í sambandi við atvinnurekstur sinn ásamt heimilisafnotum. Vitnið kveðst hafa verið að byggja hús við Háaleitisbraut á þeim tíma, er hann átti bifreiðina. Þá segist vitnið ekki hafa orðið vart við neina bilun í kílómetramælinum og ekki hafi það hreyft við honum, meðan það átti bifreiðina. Það kveðst hafa skipt um bremsuborða að framan, skömmu áður en það seldi bifreiðina, og hafi Guðmundur Karlsson bifvélavirki annazt þá viðgerð. Þá segir vitnið, að keyrt hafi verið á bifreiðina í janúarmánuði 1964, og var gert við þær skemmdir í Bílaskálanum við Suðurlandsbraut. Þá tók vitnið fram, að bifreiðaverkstæðið, þ. e. Bílaskálinn, hafi látið stilla bifreiðina á stillingarverkstæði að ósk tryggingafélagsins, eftir að viðgerð fór fram.

Sigurður Kristinn Kjartansson rafvirkjameistari hefur komið fyrir dóm 3. apríl 1967 og staðfest, að það hafi verið í júní eða júlí 1964, sem hann hafi verið að hugsa um að kaupa af Aðalsteini Guðmundssyni bifreið, sem var af gerðinni Opel Caravan, árgerð 1964. Um þær mundir, sem hann var að hugsa um kaup á bifreiðinni, kynnti hann sér ástand hennar, þar á meðal mælisstöðu. Bifreiðin hafi verið að sínum dómi í mjög góðu ástandi, en óþarflega dýr og vönduð fyrir þá vinnu, sem hann stundaði. Vitnið kveðst hafa veitt því athygli, að bifreiðinni hafði verið ekið nokkuð yfir 30.000 km, en man samt ekki nákvæmlega, hve mikið. Vitninu kveðst hafa verið kunnugt um, að Aðalsteinn notaði þessa bifreið mikið í sambandi við vinnu sína, og kveðst vitnið oft hafa unnið sem rafvirki við byggingu þá, sem Aðal-

steinn hafði með að gera, og hafi það því fylgzt vel með, hvernig Aðalsteinn notaði bifreiðina.

Vitnið Trjámann Tryggvason hefur komið fyrir dóm þann 3. apríl 1967. Vitnið hafði verið starfsmaður hjá stefnda frá árinu 1963 og kvaðst ennþá vinna hjá honum. Vitnið kvaðst ekki vera fagmaður, en vinna þó við rafmagnsstörf hjá stefnda. Vitnið skýrði svo frá, að daginn, sem stefndi keypti bifreið þá, sem um er deilt í málinu, hafi hann komið með hana niður á Heilsuverndarstöð, þar sem vitnið var að vinna. Vitnið skoðaði þá bifreiðina, settist upp í hana og kveðst hafa litið á kílómetramælinn, sem sýnt hafi tölu, er var innan við 10.000 km, en vitnið kveðst ekki geta sagt neitt um, hver talan var að öðru leyti. Vitnið tók fram, að þetta hefði verið í byrjun júnímánaðar 1964.

Þá hefur Ragnar Júlíusson skólastjóri komið fyrir dóm þann 3. maí 1967. Vitnið skýrði svo frá, að fyrri hluta sumars eða vorið 1964 hafi það verið sett á Bílasölu Guðmundar á Bergþórugötu 3 í þeim hugleiðingum að kaupa sér bifreið til einkanota. Kveðst vitnið hafa skoðað bifreið af gerðinni Opel Caravan af árgerðinni 1964, tvílita, ljósbláa með dökkbláum toppi. Vitnið man, að bifreiðin bar númerið R 4069. Þessi bifreið segir vitnið, að sig minni, að kosta hafi átt sem næst kr. 200.000.00. Vitnið kveðst hafa litið inn í bifreiðina og hafi það undrazt, hvers vegna svona lítið notuð bifreið væri til sölu. Það kveðst hafa litið á kílómetramælinn og séð, að bifreiðin var lítið keyrð. Ekki man vitnið, hvaða tölu mælirinn sýndi, en tekur fram, að það kalli bíl lítið keyrðan, ef honum hefur ekki verið ekið yfir 10.000 til 12.000 km. Vitnið tók fram, að það gæti ekki staðhæft, að mælirinn hefði einmitt sýnt þessa tölu. Verið geti, að hann hafi sýnt eitthvað meira eða minna. Vitnið kveðst hafa snúið sér til Guðmundar bílasala og spurt eitthvað á þessa leið: „Hvers vegna maðurinn væri að selja bílinn?“ Guðmundur hafi þá svarað eitthvað á þá leið, að trúlega þyrfti maðurinn að losa peninga vegna byggingarframkvæmda. Vitnið tók fram, að einhvern veginn hefði það haft vitneskju um, að bifreiðin hefði lent í árekstri, en getur ekki gert grein fyrir, hvernig það fékk þá vitneskju. Vitnið var sérstaklega að því spurt, hvort það teldi útilokað, að kílómetramælir bifreiðarinnar hafi sýnt yfir 30.000 km. Vitnið kveður það útilokað og skírskotar til þess, sem það hefur áður sagt. Þá tók vitnið fram, að það hafi frá unga aldri haft áhuga á bifreiðum, verið haldinn sannkallaðri „bíladellu“, og kveðst hafa fylgzt mjög vel með bifreiðum og bifreiðaframleiðslu og einnig eiga

sérlega gott með að muna tölur, þ. e. a. s. bílnúmer. Vitnið tók fram, að það væri hvorki skylt né tengt aðiljum málsins né málkunnugt þeim.

Vitnið Baldur Guðmundsson sölumaður hefur komið fyrir dóm 3. maí 1967. Vitnið kvaðst vera sölumaður á bílasölu föður síns að Bergþórugötu 3. Það kveðst ekki hafa haft nein afskipti af sölu bifreiðar þeirrar, sem hér er um deilt. Það treystir sér ekki til að segja neitt um, hvaða tölu kílómetramælir bifreiðarinnar sýndi. Vitnið tók fram, að bifreiðin hefði verið falleg í útliti og vel með farin.

Þá hefur Jósep Gunnar Jósepsson húsasmíðameistari komið fyrir dóm 3. apríl 1967. Vitnið kveðst hafa verið í fylgd með stefnanda, er hann skoðaði bifreið þá, sem hér er um deilt, í þeim tilgangi að kaupa hana af stefnda. Stefndi hafi sjálfur sýnt þeim bifreiðina við Bifreiðasölu Guðmundar að Bergþórugötu 3 og lýst því yfir, að hún væri í fyrsta flokks ástandi, og lagt alveg sérstaka áherzlu á, að ekkert hefði komið fyrir hana. Sagði hann, að sér væri ekki kunnugt um aðra galla á henni en þann, að eitthvað lítils háttar tíst væri í öðrum framdempara, enda væri ekki við neinum göllum að búast, þar eð bifreiðinni hefði ekki verið ekið meira en kringum 3.000 km, þegar hann keypti hana, og mælirinn sýndi nú rösklega 14.000 km. Vitnið man ekki nákvæmlega, hvenær þessi skoðun fór fram, en nokkrum dögum síðar sá það stefnanda í bifreiðinni. Vitnið kveðst hafa athugað kílómetramælinn í bifreiðinni alveg sérstaklega og skrásett töluna, sem var rösklega 14.000 km, í vasabók sína. Kveðst vitnið hafa sagt við stefnanda eitthvað á þessa leið, að ekki væri eftir miklum göllum að leita á svona nýrri bifreið. Vitnið kveðst ekki hafa skoðað hjólbarða bifreiðarinnar í þetta sinn og hafi frekar ráðlagt stefnanda að kaupa bifreiðina heldur en hitt. Síðar kveðst vitnið hafa skoðað hjólbarðana, og fannst vitninu þeir þá mjög mikið slitnir eða óeðlilega mikið miðað við ekki meiri notkun. Kveðst þá vitnið hafa ásakað sig fyrir að hafa ekki skoðað þá strax. Vitnið kveðst ekki hafa sérþekkingu á bifreiðum, en kveðst hafa átt og ekið bifreið síðan á árinu 1933. Þá tók vitnið fram, að það og stefnandi væru kunningjar og af þeim ástæðum einum hafi það farið með stefnanda til þess að skoða bifreiðina, áður en hann festi kaup á henni.

Vitnið Stefán Sigmar Eyjólfsson bifvélavirki hefur komið fyrir dóm 5. júlí 1967. Vitnið kveðst sem starfsmaður Vélverks h/f að Hverfisgötu 103 hafa unnið við bifreiðina í júnímánuði 1966.

Segir vitnið, að stefnandi hafi komið með bifreiðina á verkstæðið. Meðan bifreiðin var á verkstæðinu ræddi stefnandi við aðkomumann, sem vitnið vissi ekki hvað hét, og heyrði vitnið, að stefnandi sagði aðkomumanninum, að sú tala, sem kílómetramælirinn sýndi, væri ekki rétt miðað við það, sem búið væri að aka bifreiðinni. Vitnið kveðst engan þátt hafa tekið í þessum samræðum, aðeins hlustað á þetta, en síðar hafi það vitað, að aðkomumaðurinn var sá, sem keypti bifreiðina af stefnanda.

Guðmundur Jónatan Guðmundsson bifreiðasali hefur komið fyrir dóm 5. júní 1967. Vitnið kveðst hafa séð um sölu á bifreið þeirri, sem hér er um deilt. Vitnið tók fram, að sér væri kunnugt um, að bifreiðin hefði lent í árekstri, en hún hafi litið út eins og ný, er hún var seld stefnanda. Vitnið kveðst ekki muna, hvort það leit á kílómetramælinn, og kveðst ekki vita, hvaða tölu hann hafi sýnt, þegar afsalið á dskj. nr. 21 var útgefið. Vitnið kvaðst hafa undirritað afsalið á dskj. nr. 7 sem vitundarvottur, en það hafi ekkert haft með söluna að gera að öðru leyti og engar frekari upplýsingar geta gefið í málinu.

Stefndi hefur fyrir dómi lýst því yfir, að er hann keypti bifreiðina af Aðalsteini Guðmundssyni, hafi mælirinn sýnt 7.800 eða 8.700 km, og kveðst hann ekki vita til þess, að kílómetramælirinn hafi bilað, meðan hann átti bifreiðina. Þá hefur stefndi eindregið neitað því að hafa sjálfur hreyft nokkuð við kílómetramælinum eða aðrir á hans vegum. Hann kveðst ekki hafa skipt um hjólbarða á bifreiðinni, meðan hún var í eigu hans. Hann kveðst hafa fengið vitneskju um það, að bifreiðin hafði lent í árekstri, áður en hann eignaðist hana. Ekki segir stefndi, að neitt hafi verið rætt um það atriði, er kaupin fóru fram. Hann neitar því enn fremur eindregið, að stefnandi hafi nokkuð spurzt fyrir um það, hvort eitthvað hefði komið fyrir bifreiðina. Sér hefði ekki fundizt ástæða til að minnast á áreksturinn, vegna þess að bifreið, sem hann tók upp í söluverð umræddrar bifreiðar, hafi greinilega verið ákeyrð og stefnanda hafi ekki þótt ástæða til að minnast neitt á það. Stefndi kveður það rangt, að hann hafi haft aðra bifreið til afnota, meðan hann átti bifreið þá, sem um er deilt í málinu. Einhvern veginn hafi sá misskilningur slæðzt inn í greinargerðina á dskj. nr. 19. Stefndi kveðst hafa notað bifreiðina í sambandi við vinnu sína og einnig til einkaafnota. Hann kveðst hafa búið í Stóragerði 34, meðan bifreiðin var í eigu hans. Hann kveðst hafa ekið í bifreiðinni til vinnu sinnar og heim á kvöldin og enn fremur farið á henni í mat,

þegar svo bar undir. Í því sambandi tekur hann þó fram, að hann hafi oft neytt hádegisverðar á Heilsuverndarstöðinni, sem var aðalvinnustaður hans á þeim tíma. Þá kveðst hann sumarið 1964 hafa ekið bifreiðinni norður á Akureyri og í Mývatnssveit. Enn fremur hafi hann sama sumar ekið henni austur í Gnúpverjahrepp, en aðrar ökuferðir út úr bænum minnist hann ekki að hafa farið.

Þá tók stefndi fram, að hann hefði keypt nýja bifreið í júlí 1965 og verið búinn að keyra hana 6.000—7.000 km, þegar hann seldi hana í september eða október 1965. Hann kveðst hafa keypt Volkswagen-bifreið, þegar hann seldi áðurgreinda bifreið, og kveðst hafa ekið henni 5.000 km, þar til hann seldi hana í júnímánuði 1966, að því er hann minnir.

Stefndi var að því spurður, hvort honum hefði fundizt bifreiðinni hafa verið ekið óeðlilega lítið miðað við tæpa árs notkun, þegar hann keypti hana. Hann svaraði því þannig, að er hann keypti bifreiðina, hafi hún litið vel út og hvergi verið hægt að sjá neitt á henni. Hann hafi því talið hana svo til nýja, enda ætíð reiknað með, að hún væri af árgerðinni 1964. Það hafi því komið sér á óvart, þegar hann frétti síðar, að bifreiðin var skrásett í júlí 1963.

Sigurgestur Guðjónsson hefur komið fyrir dóm sem vitni í málinu. Hann staðfesti matsgerð sína á dskj. nr. 4 og kvað hana gerða eftir beztu vitund og samvizku. Lögmaður stefnda spurði vitnið: „Lagði matsbeiðandi fram nokkra sönnun um, að hjólbarðarnir, sem hann kom með, væru hjólbarðar þeir, sem voru á bílnum, er hann keypti hann?“ Vitnið svaraði: „Hann lagði ekki fram nein gögn fyrir því, en sagði, að þetta væru hjólbarðarnir“. Vitnið minnist þess ekki, að vefengt hafi verið, að þetta væru hjólbarðarnir undan bifreiðinni, en kveðst ekki geta fullyrt, hvort einhverjar vefengingar hefðu komið fram við matsgerðina í þá átt. Vitnið var þá spurt, hvort hjólbarðarnir gætu verið þetta slitnir eftir 25.000 km akstur. Vitnið svarar: „Ég tel, að það muni ekki vera. Ég tel einnig, að hemlaborðar að framan hafi verið óeðlilega slitnir miðað við 25.000 km akstur“. Lögmaður stefnda spurði vitnið: „Er slit á hemlaborðum og hjólbörðum breytilegt eftir aksturslagi manna?“ Vitnið svaraði:: „Það breytir mjög litlu um slit á þessum hlutum“.

Þá hefur Gunnar Björnsson matsmaður komið fyrir dóm sem vitni þann 26. apríl 1967. Matsgerðin á dskj. nr. 4 var lesin upp fyrir vitninu, og staðfesti það undirskrift sína og kvað mats-

gerðina gerða eftir beztu samvizku og þekkingu. Vitnið segir, að matsbeiðandi hafi ekki lagt fram neina sérstaka sönnun um, að hjólbarðarnir, sem hann sýndi, væru þeir sömu og voru á bifreiðinni, þegar hann keypti hana. Vitnið minnist þess ekki, að stefndi hafi vefengt við matsskoðunina, að þetta væru sömu hjólbarðarnir. Vitnið kveðst þó ekki vilja fullyrða neitt um þetta. Þá telur vitnið útilokað, að öll dekkin, sem sýnd voru, væru svo slitin sem raun bar vitni eftir aðeins 25.000 kílómetra akstur. Segir vitnið, að dekk að framan geti þó slitnað óvenju mikið, ef bifreiðin skemmist að framan við árekstur eða högg af vegi. Bifreiðin hafi litið mjög vel út. Það er álit vitnisins, að auðvelt sé að vinda ofan af kílómetramælinum, þannig að hann segi lægri tölu en svarar til aksturs. Þá segir vitnið, að hægt sé að taka mælinn úr sambandi, þannig að hann mæli ekki. Vitnið segir, að matsmennirnir hafi skoðað mælinn og séð, að lakk var sprungið af einni skrúfu. Minnir vitnið, að þeir hafi tekið mælinn úr mælaborðinu. Vitnið segir, að þeir hafi þó alls ekki verið öruggir um það, að mælirinn hafi verið hreyfður.

Stefndi, Alfreð Eymundsson, var að því spurður fyrir dómi 3. apríl 1967, hvort hann hefði sett eða látið setja kappa í hjólbarða bifreiðarinnar, meðan hann átti hana. Því svaraði hann neitandi. Hann kvaðst hafa séð fjóra eða fimm hjólbarða aftan á bifreiðinni, sem hafi verið af svokallaðri station-gerð, þegar mætti var viðstaddur fyrri skoðun matsmanna, en sú skoðun hafði farið fram í starfsstöð Bílasmiðjunnar h/f við Laugaveg. Hann kveðst ekki þora að fullyrða neitt um það, hvort þetta voru sömu hjólbarðarnir, sem fylgdu bifreiðinni, þegar hann seldi hana. Hann kveðst ekki hafa dregið í efa með beinni yfirlýsingu við matsmenn eða stefnanda, að þetta væru sömu hjólbarðarnir, enda minnist hann þess ekki, að hann væri inntur eftir því sérstaklega. Hann tók fram, að bifreiðinni hefði fylgt tvöfalt varadekk á felgu, þegar hann afhenti stefnanda hana, og hafi ástand dekkjanna verið mjög gott, þegar hann afhenti stefnanda bifreiðina.

Stefndi og Aðalsteinn Kristinn Guðmundsson hafa verið samprófaðir, en samræmi náðist ekki í framburði þeirra um það atriði, hvaða tölu hraðamælir bifreiðarinnar hafði sýnt, er kaupin fóru fram.

Þá hefur stefndi fyrir dómi 25. maí 1967 lýst því yfir, að hann hafi átt símtal við Einar Evensen, Blönduósi, en Einar keypti bifreið þá, sem hér er um deilt, af stefnanda. Hann segir, að í símtalinu hafi Einar tjáð sér, að stefnandi hafi ekki minnzt á

það, að tala kílómetramælisins kynni að vera röng né að málaferli stæðu út af því. Það eina, sem stefnandi hafi tekið fram viðvíkjandi ástandi bifreiðarinnar, hafi verið, að bifreiðin hefði fengið högg á vélarhlíf. Þá segir hann, að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið kr. 190.000.00.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að það hafi verið alger ákvörðunarástæða hjá sér í sambandi við kaupin á bifreiðinni, að hún væri af árgerð 1964, eins og greint var í afsali, og að henni hefði ekki verið ekið meira en 14.400 km, eins og kílómetrateljari hennar sýndi á afsalsdegi, svo og það, að bifreiðin hafi aldrei lent í árekstri. Af þessum sökum telji hann, að stefndi hafi haft svik í frammi við sölu bifreiðarinnar R 6466 og beri hann því fulla ábyrgð á því tjóni og kostnaði og óhagræði, sem hann hafi orðið fyrir vegna þessarar framkomu seljanda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi, sem eignaðist bifreiðina þann 22. marz 1965, hafi ekki hreyft neinum athugasemdum við kaupin fyrr en seint í ágústmánuði það sama ár. Þá fyrst fari hann að gera ýmsar athugasemdir við kaupin og krefjast skaðabóta sökum ýmissa vankanta á þeim. Engar þær athugasemdir, sem stefnandi hafi gert við kaupin, eigi við rök að styðjast. Bifreiðin sé af árgerðinni 1964, svo sem vottorð Bifreiðaeftirlitsins beri með sér, og sé því ekki þar til að dreifa neinum blekkingum af hálfu stefnda. Hraðamælir bifreiðarinnar hafi sýnt 14.400 km, þá er kaupin voru gerð. Meðan bifreiðin var í eigu stefnanda, hafi hann ekið henni ekki meira en ca. 7.500 km á því tímabili og sé það engan veginn óeðlileg meðalnotkun bifreiða yfirleitt. Stefndi hafi hagað sér fullkomlega eins og honum bar í sambandi við sölu bifreiðarinnar til stefnanda, því að eins og tekið sé fram í afsali, þá hafi stefnandi athugað bifreiðina gaumgæfilega, áður en hann festi kaup á henni, og sætt sig við hana að öllu leyti. Þá bendir stefndi á, að skoðun og mat bifreiðarinnar hafi ekki farið fram, fyrr en hún hafði verið átta mánuði í eigu stefnanda. Við matið leggi matsmennirnir til grundvallar niðurstöðu sinni að öllu leyti umsögn stefnanda og gögn, sem hann hafi haft meðferðis, svo sem slitna hjólbarða, er hann kvaðst hafa tekið undan bifreiðinni, skömmu eftir að hann eignaðist hana. Sé svo að sjá, að matsmennirnir styðjist að mestu leyti við hjólbarða þessa, er þeir komast að niðurstöðu sinni. Ósannað sé, að hjólbarðar þessir séu af bifreið þeirri, sem um er deilt, og geti þannig gefið nokkra vitneskju um, hve mikið henni hefur verið ekið. Þá vísar hann algerlega á bug þeirri full-

yrðingu matsmanna, að óeðlilegt sé, að bifreiðinni hafi ekki verið ekið meira en 14.400 km á þeim tuttugu mánuðum, sem hún hafi verið í notkun hér á landi. Leiði þetta til þess, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1.	Skaðabætur samkvæmt mati Gunnars Björnssonar og Sigurgests Guðjónssonar	kr. 16.000.00
2.	Skaðabætur vegna rangra upplýsinga um aldur R 6466, 13.5% fyrning af kr. 204.102.51 í eitt ár	— 27.553.84
3.	Bætur fyrir vinnutap og óhagræði	— 10.000.00
4.	Dómkvaðning matsmanna	— 257.50
5.	Reikningur Péturs M. Þorsteinssonar	— 434.85
6.	Matskostnaður	— 3.000.00
		Samtals kr. 57.246.19

Um lið 1.

Eins og að framan greinir, ber mikið í milli eftir frásögn vitna um ekinn kílómetrafjölda bifreiðarinnar, þegar hún var seld. Trjámann Tryggvason kveðst hafa séð bifreiðina sama daginn og hún var seld stefnda og hafði þá kílómetramælirinn sýnt tölu innan við 10.000 km. Vitnið Ragnar Júlíusson kveðst hafa séð umrædda bifreið á Bílasölu Guðmundar á Bergþórugötunni og skoðað hana. Hann hafi þá veitt því athygli, að bifreiðin var lítið keyrð, og telur hann, að hún hafi ekki verið keyrð yfir 10.000.00 til 12.000 km. Aftur á móti hefur vitnið Sigurður Kr. Kjartansson, sem á sínum tíma var að hugsa um að kaupa bifreiðina af Aðalsteini Guðmundssyni, borið, að hann hafi veitt því athygli, að kílómetramælirinn sýndi yfir 30.000 ekna km. Þá hefur Aðalsteinn Guðmundsson, sá er átti bifreiðina og seldi stefnda hana, borið það, að kílómetramælirinn hafi sýnt yfir 30.000 ekna km, er hann seldi stefnda bifreiðina.

Þegar þess er gætt, að vitnið Aðalsteinn Guðmundsson þekkti bifreiðina bezt allra þeirra, sem komið hafa fyrir dóm, og mátti bezt um það vita, hversu marga km henni hefði verið ekið, þykir verða að leggja framburð hans ásamt framburði Sigurðar Kr. Kjartanssonar til grundvallar fyrir raunverulega eknum kílómetrafjölda bifreiðarinnar, þegar stefnandi keypti hana. Enda styður álit hinna dómkvöddu matsmanna þá staðhæfingu, að bifreiðinni hafi verið ekið fleiri km heldur en stefndi hefur frá skýrt,

og þykir því nægilega sannað, að bifreiðinni hafi verið ekið meira en 14.400 km, sem teljaramælirinn sýndi á afsalsdegi.

Þótt ósannað sé í málinu, af hvers völdum mælirinn hefur ekki sýnt rétta tölu, þykir stefndi verða að bera ábyrgð á því að hafa ekki veitt stefnanda réttar upplýsingar um ekinn kílómetrafjölda, sem var ákvörðunarástæða um verðlagningu bifreiðarinnar. Ber honum því að bæta stefnanda það tjón, sem hann hefur beðið við þessar röngu upplýsingar, og þykir það hæfilega ákveðið kr. 16.000.00. Ekki eru efni til að dæma stefnda sýknu á grundvelli reglna íslenzks réttar um tómlætisverkanir.

Um lið 2.

Þennan lið byggir stefnandi á því, að hann hafi fengið rangar upplýsingar um aldur bifreiðarinnar.

Fyrir liggur í málinu vottorð Bifreiðaeftirlitsins á dskj. nr. 6, þar sem segir, að bifreiðin sé skrásett þann 30. júlí 1963 á númerið R 4069, Opel Caravan, árgerð 1964.

Það mun ekki vera óvenjulegt í bifreiðaviðskiptum, að bifreiðar komi til landsins sama ár, sem þær eru smíðaðar, en árgerðin kennd við næsta ár á eftir. Þó mun venjan yfirleitt vera sú, að bifreiðar koma ekki til landsins og í notkun hér fyrr en seint á því ári. Sú bifreið, sem hér um ræðir, er skrásett 30. júlí 1963, eins og fyrr segir, og í skoðunarvottorði er árgerðin tilgreind 1964. Stefnandi hafði aðstöðu til að kynna sér þetta atriði hjá opinberri stofnun, Bifreiðaeftirlitinu, og verður því ekki fallizt á þá skoðun hans, að stefndi hafi viðhaft blekkingar í þessu sambandi. Verður þess vegna ekki unnt að taka þennan kröfulið til greina, og ber að sýkna stefnda af honum í málinu.

Um lið 3.

Bætur fyrir vinnutap og óhagræði.

Stefnandi hefur ekki lagt fram nein gögn, sem styðja þessa kröfu hans, og verður hún því ekki tekin til greina, og ber að sýkna stefnda af henni.

Höfð verður hliðsjón af lið 4, 5 og 6, er málskostnaður er ákveðinn.

Þótt bifreiðin hafi lent í árekstri, áður en hún var seld, er ósannað, að það hafi rýrt neitt verðmæti hennar, og verður því sú málsástæða ekki tekin til greina, enda hafa ekki verið gerðar ákveðnar kröfur í því sambandi.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 16.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 22. marz 1965 til greiðsludags svo og kr. 7.900.00 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendum Valdimar Leonhardssyni bifvélavirkja og Guðmundi Björnssyni vélaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Alfreð Eymundsson, greiði stefnanda, Óla Þorbergssyni, kr. 16.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 22. marz 1965 til greiðsludags og kr. 7.900.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. nóvember 1968.

Nr. 147/1968. **Kristín Sigmarsdóttir**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þinglýsingargjald.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst s.l. Krefst hún þess, að gjald fyrir þinglýsingu yfirlýsingar þeirrar, dags. 10. marz 1966, er í úrskurði héraðsdóms greinir, verði ákveðið kr. 50.00. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristín Sigmarsdóttir, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður þinglýsingardóms Reykjavíkur 18. júní 1968.

Mál þetta, sem hefur verið skriflega flutt, var tekið til úrskurðar 28. maí s.l.

Kröfur sóknaraðilja (úrskurðarbeiðanda), Kristínar Sigmarsdóttur, Hátúni 8 hér í borg, eru þær, að þinglýsingargjald verði ákveðið kr. 50.00 af yfirlýsingu hennar og fyrrverandi eiginmanns hennar, Júlíusar Halldórssonar, Ármúla 6, einnig hér í borg, dags. 10. marz 1966, um, að við skilnað þeirra hjóna hafi íbúð í húsinu nr. 8 við Hátún hér í borg fallið í hennar hlut, en íbúð þessi er 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í suðurálmu hússins, talin 3.02% úr heildareigninni og því að fasteignamati kr. 67.065.14, því að eignin öll er að fasteignamati kr. 2.220.700.00, sbr. rskj. nr. 11. Þá krefst sóknaraðili og málskostnaðar að skaðlausu.

Kröfur varnaraðilja eru þær, að þinglýsingargjaldið verði ákveðið kr. 415.00, þ. e. miðist við fasteignamatsverð íbúðarinnar, og að sóknaraðilja verði gert að greiða hæfilegan málskostnað eftir mati eða ákvörðun dómara.

Málavextir eru þessir:

Í marzmánuði 1966 mun umboðsmaður sóknaraðilja, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, hafa lagt inn hjá embættinu til athugunar vegna gjaldtöku yfirlýsingu Kristínar Sigmarsdóttur og Júlíusar Halldórssonar, dags. 10. marz 1966, ásamt samningi þeirra hjóna um fjárskipti þeirra, dags. sama dag, og er yfirlýsingin á þessa leið: „YFIRLÝSING. Við undirrituð hjón lýsum því hér með yfir, að um leið og við sömdum um fjárskipti vegna skilnaðar að borði og sæng í dag, varð að samkomulagi milli okkar, að íbúð að Hátúni 8, Reykjavík, á III. hæð frá jörðu talið, áður þinglýst eign undirritaðs, Júlíusar Halldórssonar, verði hér eftir þinglýst eign undirritaðrar, Kristínar Sigmarsdóttur. Kristín tekur við öllum sköttum og skyldum af eigninni og hirðir arð hennar frá og með 15. október 1965 að telja. Reykjavík, 10. marz 1966. Júlíus Halldórsson (sign.) — Júlíus Halldórsson, Hring-

braut 114 — Kristín Sigmarsdóttir (sign.) — Kristín Sigmarsdóttir, Hátúni 8. Vitundarvottar: Að undirskrift Kristínar Sigmarsdóttur: Jóna Guðmundsdóttir (sign.) Ásta Magnúsd. (sign.). Eigendaskipta er getið. F. h. Lóðaskrárritarinn í Reykjavík 29. marz 1966. Gjald kr. 50.00 greitt. Alex. H. Jóhannsson".

Samkvæmt þeirri venju, sem hafði verið farið eftir hér í Reykjavík um margra ára bil, var talið, að af umræddri yfirlýsingu ætti að greiða kr. 840.00 í þinglýsingargjald og kr. 2.128.00 í stimpilgjald. Að loknum þessum útreikningi mun umboðsmaður konunnar hafa fengið þessi skjöl afhent aftur, því að með bréfi, dags. 29. marz 1966, en mótteknu 30. marz 1966, sendir hann bréf til dómara þessa máls (rskj. nr. 1) ásamt umræddri yfirlýsingu (rskj. nr. 2), dags. 10. marz 1966, og óskar eftir, að dómarinn hlutist til um, að yfirlýsingu þessari verði þinglýst sem eignarheimild Kristínar að íbúðinni. Bréfi þessu fylgdi einnig eintak af fyrrgreindum fjárskiptasamningi þeirra hjóna, dags. 10. marz 1966 (rskj. nr. 3). Í stað kr. 840.00 fyrir þinglýsingu skjalsins fylgdi bréfi þessu tékki að fjárhæð kr. 50.00 fyrir þinglýsingargjaldi og óskað eftir, að dómarinn kvæði upp úrskurð um hæð þinglýsingargjaldsins.

Hér var um nýmæli að ræða, en hinn 3. nóvember 1965 féll dómur í Hæstarétti í máli Ingibjargar Magnúsdóttur gegn fjármálaráðherra, Hrd. XXXVI, bls. 766, og mun þessi krafa umboðsmanns sóknaraðilja hafa verið sett fram með hliðsjón af umræddum hæstaréttardómi. Í þessu sama bréfi tekur umboðsmaður konunnar það fram, að hann sendi enga greiðslu fyrir stimpilgjaldi, enda telji hann, að umbjóðanda sínum beri ekki skylda til að greiða neitt stimpilgjald af yfirlýsingu þessari, með því að umbjóðandi hans hafi fengið eign þessa upp í sinn búshelming, án þess að samhliða væri um sölu eða söluafsal að ræða. Óskar umboðsmaður konunnar eftir, að dómarinn kveði upp úrskurð um stimpilgjaldið samkvæmt lögum nr. 75/1921, 14. gr., en ef dómarinn geti ekki fallizt á að kveða upp úrskurð um stimpilgjaldið, neyðist hann til að inna það af hendi með fyrirvara og áskilnaði um endurgreiðslu, en óskar að fá að vita, áður en stimpilsekt kynni að falla á skjalið.

Vegna umrædds bréfs umboðsmanns sóknaraðilja, dags. 29. marz 1966, ritar dómari þessa máls fjármálaráðuneytinu bréf, dags. 20. apríl 1966 (rskj. nr. 4). Vegna þess að í bréfi þessu kemur fram rökstuðningur fyrir umræddum gjaldtökum, þykir rétt að taka það hér upp orðrétt.

„20. apríl 1966. Ég leyfi mér hér með að senda ráðuneytinu ljósrit af bréfi Magnúsar Thorlacius hrl., dags. 29. marz s.l., ásamt ljósriti af yfirlýsingu hjónanna Júlíusar Halldórssonar og Kristínar Sigmarsdóttur, dags. 10. marz s.l., um, að íbúð í húsinu nr. 8 við Hátún hér í borg hafi við skilnað þeirra fallið í hlut konunnar, svo og ljósrit af samningi milli nefndra hjóna, dags. 10. marz s.l., um skiptingu eigna o. fl. vegna umrædds skilnaðar þeirra.

Er óskað eftir þinglýsingu á nefndri yfirlýsingu, en fyrir þinglýsingu hennar hefi ég talið að greiða bæri kr. 840.00 í þinglýsingargjald, en kr. 2.128.00 í stimpilgjald. Hins vegar telur Magnús Thorlacius hrl., að fyrir þinglýsingu yfirlýsingar þessarar eigi aðeins að greiða kr. 50.00 í þinglýsingargjald, en að um greiðslu stimpilgjalds geti ekki verið að ræða í þessu tilfelli.

Fer Magnús fram á, að kveðinn verði upp úrskurður hér við embættið um hæð þinglýsingargjaldsins, og býst ég við, að hann hafi þar í huga dóm Hæstaréttar frá 3/11 1965 í málinu nr. 177/1965: Ingibjörg Magnúsdóttir gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Hrd. XXXVI, bls. 766. Mér þykir rétt að taka fram, að mér finnst 50 kr. greiðsla tæplega geta talizt hæfileg trygging fyrir greiðslu þinglýsingargjalds.

Varðandi stimpilgjald telur hæstaréttarlögmaðurinn, að umrætt skjal eigi að vera stimpilfrjálst, vegna þess að konan hafi fengið íbúð þessa upp í sinn búshelming, án þess að samhliða hafi verið um sölu að ræða, og óskar eftir, að hér við embættið verði kveðinn upp úrskurður um stimpilgjaldið og vitnar þar í 14. gr. laga nr. 75/1921, en ef ekki verði á það fallizt, að kveðinn verði upp úrskurður um stimpilgjaldið, þá muni hann neyðast til að inna það af hendi með fyrirvara og áskilnaði um endurgreiðslu.

Í 14. gr. laga nr. 75/1921 segir svo: „Ef gjaldandi er óánægður með ákvörðun gjaldsins, getur hann skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins inna tveggja mánaða, en fylgja skal jafnan umsögn stimplunarmanns. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una við úrskurð stjórnarráðsins, getur hann lagt málið fyrir dómstólana".

Af þessu virðist ljóst, að telja verður hæpið, að stimplunarmaður eigi að kveða upp úrskurð um fjárhæð stimpilgjalds, heldur eigi gangur mála að vera sá, er greinir í umræddri 14. gr. stimpillaganna.

Þá ætla ég að víkja að því, hvers vegna ég hefi krafizt þinglýsingargjalds að fjárhæð kr. 840.00 og stimpilgjalds að fjárhæð kr. 2.128.00.

Af umræddri yfirlýsingu, sem þinglýsa á, verður ekki séð, um hvaða eignir hafi verið að ræða í búi þessu umfram greinda íbúð í Hátúni 8 hér í borg, en í umræddum samningi milli hjónanna, dags. 10. marz 1966, er getið fleiri eigna.

Samkvæmt nefndum samningi fær maðurinn í sinn hlut: Fiskbúð að Ásgarði 24 hér í borg með tilheyrandi (þessa fiskbúð seldi hann Friðbert Friðbertssyni með afsali, *dags. 2/12 1965*, og er kaupverðs þar ekki getið), bifreiðina R 16036, innstæðu í bönkum og stofnsjóði KEA, og sést ekki, um hvaða fjárhæðir þar hafi verið að ræða. Þá tekur maðurinn að sér að greiða skuldir, kr. 520.000.00, auk þess tekur hann að sér að greiða hálfa veðskuld á íbúð þeirri í Hátúni 8, sem konan fær í sinn hlut, svo og allar aðrar skuldir vegna félagsbús þeirra hjóna. Maðurinn á ekki að greiða lífeyri með konunni, á meðan skilnaður að borði og sæng varir eða síðar.

Konan fær í sinn hlut umrædda íbúð í húsinu nr. 8 við Hátún hér í borg og allt það innbú, sem var í hennar vörzlu þann 10/3 1966 að undanskildum 2 armstólum, sem maðurinn fær.

Heldur hæstaréttarlögmaðurinn því fram, að hér sé um jöfn skipti að ræða og þess vegna eigi umrædd yfirlýsing að vera stimpilfrjáls.

Ekki er það með öllu útilokað, að svo sé, en eigi held ég, að hægt sé að ætlast til þess, að þeir, sem ekki fá frekari upplýsingar en þær, er í umræddum samningi greinir, geti með góðu móti sannfærzt um, að hér sé um hnífjöfn skipti að ræða. Eigi verður séð, að uppskrift eða virðing hafi farið fram á eignum bús þessa eða hversu hátt aðilar hafi virt fasteignir búsins, hvers virði bifreiðin hafi verið talin, innbú hátt virt eða um hversu miklar innstæður hafi verið að ræða skv. 3. lið samningsins.

Í búi þessu er um tvær fasteignir að ræða, og fær maðurinn í sinn hlut minni fasteignina og sennilega meira lausafé, en tekur að sér að greiða miklu meiri skuldir en konan. Konan fær í sinn hlut stærri fasteignina og á aðeins að greiða ½ veðskuld þá, er á íbúðinni hvílir.

Ef bæði hjónin hefðu eignazt báðar fasteignir búsins að jöfnu, er augljóst, að slík eignarheimild hefði verið stimpilfrjáls, en hér er búinu ekki skipt þannig, heldur fær maðurinn fasteign, sem er ódýrari að fasteignamati, en konan fær fasteign, sem er dýrari að fasteignamati. Í slíkum tilfellum hefur gjaldtöku hér við embættið verið hagað þannig, sbr. bréf embættisins til ráðuneytisins, dags. 6. jan. 1964, að fái bæði hjónin jafnmikið að fast-

eignamati í fasteign eða fasteignum, hefur aðeins verið tekið þinglýsingargjald af einföldu fasteignamati, en fái hjónin hins vegar misjafnlega mikið að fasteignamati í fasteignum, er tekið þinglýsingargjald af einföldu fasteignamati af þeim hluta eignanna, sem því ber sem maka, en tekið þinglýsingargjald og stimpilgjald af fimmföldum mismuninum að fasteignamati.

Umræddur hluti í Ásgarði 24 er talinn að fasteignamati kr. 24.498.80, en umræddur hluti í Hátúni 8, sem talinn er 3.02%, en ekki 3.2%, eins og hæstaréttarlögmaðurinn telur, er að fasteignamati kr. 67.065.14. Samtals var því í búi þessu um fasteignir að ræða, sem eru samtals að fasteignamati kr. 91.562.94. Helmingur af fasteignum búsins er því að fasteignamati kr. 45.781.47.

Íbúðin að Hátúni 8 er að fasteignamati kr. 67.065.14. Þinglýsingargjald af umræddri yfirlýsingu er því reiknað af kr. 45.781.47 + kr. 106.418.35 (21.283.67×5) = kr. 152.199.82, en stimpilgjald af kr. 106.418.35.

Miðað við þessa gjaldstofna verður þinglýsingargjald kr. 840.00, en stimpilgjald kr. 2.128.00.

Er þess beiðzt, að ráðuneytið úrskurði gjaldstofn stimpilgjalds, en láti í té greinargerð varðandi þinglýsingargjald.

Fjármálaráðuneytið,
Reykjavík".

Næst gerist það í máli þessu, að með bréfi, dags. 30. apríl 1966 (rskj. nr. 5), sendir umboðsmaður sóknaraðilja kr. 2.128.00 til greiðslu á stimpilgjaldi af umræddri yfirlýsingu. Tekur umboðsmaðurinn það fram, að greiðsla þessi sé innt af hendi með fyrirvara og áskilnaði um endurgreiðslu, ef því væri að skipta. Í þessu sama bréfi er það tekið fram, að ef dómarinn krefjist tryggingar fyrir þinglýsingargjaldinu, sem hann neiti að greiða nema eftir úrskurði, þá sé hann reiðubúinn til að setja hana, þegar hann sé látinn vita.

Með bréfi, dags. 15. júní 1966 (rskj. nr. 6), féllst fjármálaráðuneytið á fjárhæð stimpilgjalds af umræddri yfirlýsingu (rskj. nr. 2), en tekur fram, að að því er þinglýsingargjaldið snerti, fallist ráðuneytið á sjónarmið dómara þessa máls, en að úrlausn slíkra ágreiningsatriða muni teljast heyra undir dómstóla, sbr. hæstaréttardóm frá 3. nóvember 1965 í málinu nr. 177/1965.

Hvílir málið nú um stund á því stigi, að umrædd yfirlýsing er stimpluð með fyrirvara um endurgreiðslu, en óþinglýst. Trygging fyrir greiðslu þinglýsingargjalds ekki sett, enda ekki eftir henni gengið. Ástæðan fyrir þessum drætti var meðal annars

sú, að þá hafði verið áfrýjað til Hæstaréttar dómi í máli bæjarþings Reykjavíkur nr. 1637/1965: Ingibjörg Magnúsdóttir gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs varðandi greiðslu stimpilgjalds af eignarheimild fyrir íbúð í húsinu nr. 36 við Digranesveg í Kópavogi, er Ingibjörg fékk í sinn hlut við hjúskaparslit, en úrslit þessa máls mundu verða mjög mikilvæg í sambandi við gjaldtöku af eignarheimildum fyrir fasteignum við hjúskaparslit.

Með því að augljóst var, að ekki væri hægt að bíða með frekari aðgerðir í máli þessu, þinglýsti dómari þessa máls umræddri yfirlýsingu hinn 26. október 1966, enda þótt enginn úrskurður um fjárhæð þinglýsingargjalds hefði gengið eða trygging sett fyrir gjaldinu.

Hvílir nú málið um stund.

Hinn 15. desember 1967 féll í Hæstarétti dómur í málinu nr. 20/1966: Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Ingibjörgu Magnúsdóttur, en dómur þessi er mjög mikilvægur í sambandi við gjaldtöku þinglýsingar- og stimpilgjalds af eignarheimildum fyrir fasteignum í hjúskaparslitamálum.

Stóð nú ekki á því, að líf færðist í mál þetta. Dómara þessa máls barst bréf umboðsmanns sóknaraðilja, dags. 19. desember 1967 (rskj. nr. 7), ásamt greinargerð í máli þessu (rskj. nr. 8). Jafnframt krefur hann ríkissjóð um stimpilgjald það, er hann hafði greitt af yfirlýsingu þessari, og fékk það endurgreitt.

Verða nú þáttaskil í máli þessu vegna breyttra viðhorfa, og ritaði dómari þessa máls umboðsmanni sóknaraðilja bréf hinn 22. janúar 1968 (rskj. nr. 9), þar sem segir m. a., að við umræddan dóm Hæstaréttar í málinu: Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Ingibjörgu Magnúsdóttur hafi skapazt ný viðhorf í máli þessu. Hefði þessi dómur legið fyrir, er hann hafi verið að reikna út gjöld af umræddri yfirlýsingu, þá hefði hann krafið um kr. 415.00 í þinglýsingargjald, sem er miðað við fasteignamat íbúðarinnar, en ekki gert kröfu til stimpilsgjalds. Vegna þessara breyttu viðhorfa svo og vegna endurgreiðslu á stimpilgjaldinu þá óskaði dómarinn eftir nýrri greinargerð frá sóknaraðilja um, að deilan um þinglýsingargjaldið væri aðeins um það, hvort greiða bæri þinglýsingargjald af fasteignamatsverði íbúðarinnar, eða kr. 50.00, eins og sóknaraðili hefur talið, að væri hið rétta þinglýsingargjald af umræddri yfirlýsingu.

Dómarinn harmar, að í bréf þetta hafa slæðzt tvær villur. Hin fyrri er sú, að umrædd yfirlýsing hafi verið stimpluð 8. maí 1966, en skjalið virðist hafa verið stimplað hinn 6. maí 1966,

en dagsetning er ógreinileg í stimpli. Hin villan er, að umboðsmaður sóknaraðilja hafi neitað að setja tryggingu fyrir þinglýsingargjaldi. Þetta er á misskilningi byggt, sbr. niðurlag bréfs hans, dags. 30/4 1966 (rskj. nr. 5), þar sem hann neitar að greiða þinglýsingargjaldið nema eftir úrskurði, en kveðst reiðubúinn að setja tryggingu fyrir því. Athygli er þó vakin á því, að trygging fyrir þinglýsingargjaldinu er ekki boðin fram fyrr. Því miður hefur þetta misminni dómarans valdið því, að hann þinglýsti skjalinu síðar en hann hefði annars gert, en þó ekki fyrr en eftir 30. apríl 1966, því að fyrr fór engin greiðsla fram varðandi stimpilgjald.

Varnaraðili leggur fram greinargerð, dags. 9. marz 1968 (rskj. nr. 12). Samkvæmt þeirri greinargerð telur umboðsmaður varnaraðilja, að þinglýsingargjald eigi að miða við fasteignamat umræddrar íbúðar, sem talið sé vera kr. 67.065.14. Eigi gjaldið samkvæmt því að vera kr. 415.00, en þó að frádregnum kr. 50.00, sem greiddar hafi verið.

Málið var nú tekið fyrir í þinglýsingarrétti Reykjavíkur hinn 29. apríl s.l. Skjöl málsins nr. 1—13 incl. voru þá lögð fram og þingmerkt, en málinu þá frestað til 6. maí s.l. að ósk umboðsmanns sóknaraðilja til þess að leggja fram nýja greinargerð vegna breyttra viðhorfa í máli þessu.

Hinn 6. maí s.l. var málið tekið fyrir í annað sinn. Leggur þá umboðsmaður sóknaraðilja fram ljósrit af skattframtali Júlíusar Halldórssonar fyrir árið 1965 (rskj. nr. 14) og sókn (rskj. nr. 15). Sátta var þá leitað í málinu, en án árangurs, og í þessu réttarhaldi var ákveðinn skriflegur málflutningur í máli þessu með samþykki aðilja, en málinu frestað til 20. maí s.l.

Enn er málið tekið fyrir 20. maí s.l., en þá frestað til 28. maí s.l.

Að lokum er málið tekið fyrir hinn 28. maí s.l. Í því réttarhaldi lagði umboðsmaður varnaraðilja fram ljósrit af afsali Júlíusar Halldórssonar til Friðberts Friðbertssonar, dags. 2. desember 1965, fyrir fiskbúð í Ásgarði 20—24 hér í borg (rskj. nr. 16), en fleiri eru réttarskjölin ekki. Í þessu réttarhaldi var málið tekið til úrskurðar, þar sem umboðsmenn aðilja töldu ekki ástæðu til frekari gagnaöflunar eða málsútlistunar.

Samkvæmt skattframtali Júlíusar Halldórssonar fyrir árið 1965 (rskj. nr. 16), átti hann tvær fasteignir, fiskbúð að Ásgarði 22—24 og íbúð í Hátúni 8, báðar hér í borg.

Umboðsmaður sóknaraðilja upplýsir í sókn sinni (rskj. nr. 15),

að um áramótin 1965—1966 hafi umbjóðandi hans sótt um skilnað að borði og sæng við eiginmann sinn, Júlíus Halldórsson, Ármúla 6 hér í borg, og hafi leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng verið gefið út þann 14. janúar 1966. Hinn 10. marz 1966 hafi umboðsmönnum þeirra hjóna tekizt að koma á samkomulagi um eignaskiptin (rskj. nr. 3). Hafi þeir lagt til grundvallar helmingaskiptaregluna, enda hafi annað ekki komið til mála. Ekki hafi verið um neins konar afsal á fasteignum að ræða, heldur hafi átt sér stað skipti milli hjóna. Engar þinglýsingar hafi þurft með varðandi fiskbúð að Ásgarði 22—24, því að hún hafi haldizt áfram á nafni mannsins. Hin fasteignin hafi komið í hlut konunnar og því hafi þurft nafnbreytingar um þá eign.

Eins og fram kemur í bréfi dómara þessa máls til fjármálaráðuneytisins, dags. 20. apríl 1966 (rskj. nr. 4), sbr. og rskj. nr. 16, seldi Júlíus Halldórsson Friðbert Friðbertssyni, Langholtsvegi 19 hér í borg, umrædda fiskbúð að Ásgarði 22—24 með afsali, dags. 2. desember 1965 og þinglýstu hinn 31. janúar 1966, þ. e. áður en sóknaraðili er talin hafa óskað eftir skilnaði við mann sinn, Júlíus Halldórsson. Af þessu er augljóst, að þinglýsing kemur ekki til mála, að því er umrædda fiskbúð snertir, því að hún hefur þegar verið seld, er umrædd hjón semja um fjármál sín vegna skilnaðar hinn 10. marz 1966. Þessi misskilningur hefur þó engin áhrif haft í sambandi við útreikning á þinglýsingar- og stimpilgjaldi af umræddri yfirlýsingu, því að gert hefur verið ráð fyrir því, að andvirði fiskbúðarinnar hafi runnið til Júlíusar ,enda er tekið fram í umræddri yfirlýsingu (rskj. nr. 2), að Kristín taki við öllum sköttum og skyldum af íbúðinni í Hátúni 8 frá og með 15. október 1965 að telja.

Hefur nú málavöxtum verið lýst.

Sóknaraðili (úrskurðarbeiðandi) telur, að þinglýsingargjald af umræddri yfirlýsingu eigi að vera kr. 50.00, þ. e. að þinglýsingargjald af yfirlýsingunni eigi að taka samkvæmt 24. gr. laga nr. 104/1965 um aukatekjur ríkissjóðs, en greinin er svohljóðandi: „Fyrir að þinglýsa skjölum, sem hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjölum, sem ekki eru afsöl eða haft á fasteignum eða lausafé, skal gjalda 50.00 kr. Sé þess konar skjölum þinglýst við Hæstarétt, skal gjalda 100.00 kr.“.

Telja verður, að umrædd yfirlýsing sé heimildarskjal (afsal) fyrir eign, sem hægt sé að meta til ákveðins verðs, og að af þeim sökum geti þinglýsingargjaldið ekki fallið undir 24. gr. auka-

tekjulaganna, jafnvel þótt rétthafi samkvæmt yfirlýsingu þessari hafi áður átt samaðild að eign þessari ásamt fleiri eignum.

Krafa varnaraðilja er, að þinglýsingargjaldið verði ákveðið kr. 415.00, þ. e. miðist við fasteignamatsverð íbúðarinnar og eigi því að falla undir 23. gr. aukatekjulaganna nr. 104/1965.

Í áratugi hefur töku þinglýsingargjalds verið þannig háttað, a. m. k. hér í Reykjavík, að þegar þinglýst hefur verið stimpilfrjálsri eignarheimild maka og eða erfingja við skipti, að þá hefur þinglýsingargjaldið verið miðað við fasteignamat eignarinnar, hafi annað og hærra verð ekki verið lagt til grundvallar við skiptin, t. d. vegna skulda, og hefur ekki þótt ástæða til að setja ný og fyllri ákvæði varðandi slíkar gjaldtökur, þótt ný aukatekjulög hafi verið sett bæði 1954 og 1965.

Íbúð sú, sem sóknaraðili, Kristín Sigmarsdóttir, eignast með umræddri yfirlýsingu, er, eins og áður greinir, að fasteignamati kr. 67.065.14 og veðskuld sú, sem hún tekur að sér að greiða, er ca. kr. 89.000.00 : 2 = 44.500.00, eða undir fasteignamati, og verður því að fallast á það sjónarmið varnaraðilja, að þinglýsingargjaldið eigi að reiknast af fasteignamatsverði íbúðarinnar og eigi að vera kr. 415.00, en þar af hefur sóknaraðili áður greitt kr. 50.00.

Báðir aðiljar hafa krafizt málskostnaðar, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ólafur A. Pálsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan, en hann er uppkveðinn nokkru seinna en dómari ætlaði sér, en það tókst ekki vegna anna hans.

Því úrskurðast:

Þinglýsingargjald af yfirlýsingu fyrrverandi hjóna, Júlíusar Halldórssonar og Kristínar Sigmarsdóttur, dags. 10/3 1966, um, að 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í suðurálmu hússins nr. 8 við Hátún hér í borg, talin að fasteignamati kr. 67.065.14, verði eign Kristínar, ákveðst kr. 415.00, en þar af hafa verið greiddar kr. 50.00.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 20. nóvember 1968.

Nr. 46/1968. **Ríkharður Kristjánsson**
og
Guðrún Ólafsdóttir
(Árni Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Ásum h/f og til réttargæzlu
Brunabótafélagi Íslands
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa um dánarbætur. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 6. marz 1968 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 200.000.00 með 6% ársvöxtum frá 2. desember 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Um kjör Kristjáns heitins Björgvinssonar sem skipverja á skipi stefnda, v/b Guðrúnu, GK 37, skyldi fara samkvæmt heildarkjarasamningi samtaka útgerðarmanna og sjómanna frá 2. febrúar 1965, en þar segir svo í 18. gr.: „Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til, gegn öllum slysum, hvort heldur þau verða um borð eða í landi fyrir kr. 200.000.00 — tvö hundruð þúsund krónur — miðað við dauða eða fulla örorku. Gildir trygging þessi meðan viðkomandi er skráður á skipið".

Skýra verður samningsákvæði þetta þannig, að með því hafi útgerðarmaður tekið á sig þá skyldu að vátryggja skipverja gegn slysum, en um tryggingarskilmála skyldi fara eftir lögum.

Atvikum að slysi því, sem um er fjallað í máli þessu, er rækilega lýst í héraðsdómi. Telja verður í ljós leitt, að

orsakir slyssins megi rekja til ölvunar Kristjáns heitins og stórkostlegs gáleysis hans. Samkvæmt því og með hliðsjón af reglum 124. gr. laga nr. 20/1954, sbr. 20. gr. sömu laga, varð slys þetta eigi með þeim hætti, að skylt sé að bæta það samkvæmt almennum reglum um slysatryggingar, enda er sú niðurstaða í samræmi við góðar venjur í vátryggingarmálum.

Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 30. janúar 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 18. desember s.l., hafa Ríkharður Kristjánsson og Guðrún Ólafsdóttir, Kelduhvammi 9, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 29. október 1966, á hendur Ásum h/f, Hafnarfirði, og Brunabótafélagi Íslands til réttargæzlu til heimtu bótakröfu að fjárhæð kr. 200.000.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 2. desember 1965 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnendur í máli þessu eru foreldrar Kristjáns Björgvins Ríkharðssonar, Kelduhvammi 9, Hafnarfirði, er drukknaði í Vestmannaeyjahöfn 2. desember 1965.

Kristján heitinn var skipverji á vélbátnum Guðrúnu, GK 37, Hafnarfirði, er slysið skeði, og skráður upp á síldveiðisamninga sjómanna og útvegsmanna frá 2. febrúar 1965. V/b Guðrún, GK 37, var gerð út af Ásum h/f, Hafnarfirði.

Stefnukrafan í máli þessu er dánarbótakrafa, byggð á 18. gr. fyrrgreindra síldveiðisamninga frá 2. febrúar 1965, en samkvæmt þeirri grein kaupir útgerðarmaður líf- og örorkutryggingu fyrir hvern þann mann, er samningurinn tekur til, og tryggir þá þannig gegn öllum slysum, hvort heldur þau verða um borð eða í landi, fyrir kr. 200.000.00 miðað við dauða eða fulla örorku. Upphæðina skal greiða aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, sbr. 18. gr.

Umrædd trygging var keypt hjá Brunabótafélagi Íslands af stefnda, Ásum h/f, og er tryggingarskírteinið gefið út 27. apríl 1965.

Af hálfu stefnda, Ása h/f, er krafizt sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr þeirra hendi að mati réttarins.

Á hendur réttargæzlustefnda, Brunabótafélagi Íslands, eru engar sjálfstæðar kröfur gerðar og engar sjálfstæðar kröfur gerðar af þess hálfu.

Málavextir eru þeir, að Kristján heitinn Ríkharðsson var á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja nóttina, sem slysið skeði, og lenti þar í einhverjum ryskingum um það leyti sem dansleiknum var að ljúka, eða um kl. 0130 hinn 2. desember 1965. Þaðan mun hann hafa farið niður að höfninni og um borð í báta, sem þar lágu. Á þessu ferðalagi fór Kristján í sjóinn, og það síðasta, sem um hann er vitað lifandi, er það, að tveir sjómenn, sem fylgzt höfðu með þessu ferðalagi hans, sáu hann synda í sjónum í átt að einum bátnum, sem lá í höfninni. Lík Kristjáns fannst síðan í Vestmannaeyjahöfn kl. 1400 hinn 2. desember 1965.

Umræddir tveir sjómenn, þeir Gylfi Guðjónsson, bátsverji á v/b Viðey, RE 12, og Sigtryggur Vilhjálmsson, bátsverji á v/b Halkion, VE 205, gáfu skýrslu fyrir lögreglunni í Vestmannaeyjum hinn 2. desember 1965.

Gylfi segir svo í skýrslu sinni:

„Um kl. 0130 í nótt var ég staddur fyrir utan Samkomuhús Vestmannaeyja, þar sem dansleik var að ljúka. Með mér var Sigtryggur Vilhjálmsson, bátsverji á m/b Halkion, VE 205. Nokkur mannsöfnuður var þarna fyrir utan og flestir ölvaðir. Við Sigtryggur gengum síðan niður á Bárugötu, þar sem menn voru í slagsmálum. Þarna þekkti ég nokkra menn af v/b Guðrúnu, GK 37, þar á meðal var Kristján Ríkharðsson, sem var mikið ölvaður. Einnig var þarna bróðir Kristjáns, Sigurjón, sem einnig er bátsverji á v/b Guðrúnu. Bræðrunum lenti saman í slagsmálum, og virtist mér það í illu. Ég gerði tilraun til að skilja þá ásamt fleiri mönnum, sem ekki bar þó árangur. Þarna var annar maður, sem ég ekki þekkti, sem einnig lenti í handalögmálum við Kristján.

Er þetta hafði gengið nokkra stund, sáum við Sigtryggur hvar Kristján hljóp niður Bárugötu í átt að höfninni. Á þessum hlaupum sáum við Kristján kasta frá sér jakkanum. Við sáum hann alltaf af og til, þar sem hann fór í átt að Friðarhöfninni. Þegar hann kom að höfninni, fór hann um borð í báta, sem bundnir

voru í suðurgarð hafnarinnar. Yztur þessara báta var v/b Elías Steinsson, og sáum við hann fara um borð í þann bát. Okkur sýndist Kristján stökkva í sjóinn, og tókum við þá til fótanna og fórum um borð í báta, sem voru þarna skammt frá. Yztur þessara báta var v/b Kap II. Þaðan sáum við, hvar Kristján synti í sjónum í átt að v/b Elíasi Steinssyni. Ég kallaði til Kristjáns að vera rólegur, þar sem ég væri að koma. Hann anzaði mér engu. Einnig kallaði ég til Sigtryggs að ná í bjarghring, sem hann gerði. Ég stökk síðan um borð í v/b Elías Steinsson, en við það missti ég sjónar af Kristjáni og sá hann ekki meira. Þetta skeði allt í einni svipan. Ég tel óhugsandi, að Kristján hefði komizt um borð í bát eða upp á bryggju.

Við Sigtryggur dvöldum þarna í um tíu mínútur og svipuðumst eftir Kristjáni. Síðan fórum við um borð í v/b Guðrúnu og höfðum þar tal af skipstjóranum og skýrðum honum frá, hvað skeð hafði. Að því búnu fórum við til lögreglunnar.

Ég þekkti Kristján vel og er viss um, að ekki var um annan mann að ræða en hann. Ég var ekki undir áhrifum áfengis, þegar þetta skeði.

V/b Guðrún var hinum megin í höfninni, og taldi ég í fyrstu, þegar ég sá Kristján stökkva í sjóinn, að hann ætlaði sér að synda yfir höfnina og að v/b Guðrúnu.

Mér er kunnugt um, að Kristján var vel syndur".

Hinn sjónarvotturinn, Sigtryggur Vilhjálmsson, staðfesti skýrslu Gylfa óbreytta að öðru leyti en því, að hann kvaðst ekki hafa þekkt Kristján og kvaðst ekki minnast þess að hafa séð hann, fyrr en þetta skeði.

Sigurjón Ríkharðsson, skipsfélagi og bróðir hins látna, gaf svofellda skýrslu sama dag:

„Í gærkvöldi var ég á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja ásamt skipsfélögum mínum, þar á meðal bróður mínum Kristjáni. Þegar dansleiknum lauk, gekk ég eftir Vestmannabrautinni áleiðis að Bárugötunni. Á mótum þessara gatna sat Kristján fyrir mér og hljóp á mig. Ég tók þá báðum höndum framan í frakka hans og hélt Kristjáni frá mér. Við það mun frakkinn hafa rifnað. Þarna urðu nokkrar ryskingar með okkur, og duttum við báðir í götuna. Ég forðaði mér síðan frá þessu og fór um borð. Ég sá Kristján ekki meira. Okkur Kristjáni hafði sinnazt smávegis á dansleiknum. Ég var lítið undir áhrifum áfengis, þegar þetta skeði".

Niðurstaða líkskoðunar Þórhalls B. Ólafssonar, héraðslæknis

í Vestmannaeyjum, varð sú, að hinn látni hefði dáið köfnunardauða, þ. e. drukknað.

Lítils háttar áverkar fundust á útlimum líksins, og telur læknirinn, að þeir hafi myndazt við sundtök eða umbrot í höfninni, þar sem mikið er um báta og ef til vill lausa hluti.

Læknirinn taldi samkvæmt vottorði sínu, að dánarorsökin væri svo augljós, að ekki væri ástæða til krufningar.

Málsástæður.

Umboðsmaður stefnenda segir svo í greinargerð sinni:

„Eins og sjá má af framangreindum atvikum að slysinu, er hér um ótvírætt slysatilfelli að ræða. Kristján heitinn hefur vafalaust ætlað um borð í v/b Guðrúnu, sem hann var háseti á, en þar sem hann er í æstu skapi eftir átökin uppi í bænum, gætir hann ekki að sér sem skyldi og tekur skakka leið um borð í bátinn. Önnur atvik gátu einnig mjög auðveldlega leitt til þess, að Kristján fór ekki rétta leið um borð. Um þetta leyti er dimmt af nóttu og ekki auðvelt að átta sig á afstöðunni, sízt fyrir utanbæjarmann, vafalaust lítið kunnugan. Þetta leiðir til þess, að Kristján lendir um borð í bátum, sem liggja í höfninni andspænis v/b Guðrúnu og nokkurn spöl frá henni. Allt virðist benda til þess, að Kristján hafi ekki áttað sig á því fyrr en of seint, að hann væri ekki á réttri leið og hann ekki getað stöðvað sig á ferð sinni yfir bátana, þegar hann kom að yzta bátnum, og því fallið í sjóinn. Því er af gefnu tilefni algerlega mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að Kristján heitinn hafi stokkið í sjóinn eða ætlað að stytta sér aldur, enda bendir það atferli hans síðar, þegar hann er að reyna að synda að bátnum, sem hann féll útbyrðis af, eindregið til hins gagnstæða. Vitnin, sem fylgdust með ferðum Kristjáns, höfðu ekki neina aðstöðu til þess að greina hreyfingar hans nákvæmlega, þegar hann féll fyrir borð.

Hér er því tvímælalaust um hreint slysatilfelli að ræða, sem veldur dauða. Leiðir því af 18. gr. fyrrgreinds síldveiðisamnings, að stefnendur máls þessa, sem eru foreldrar Kristjáns heitins, eiga rétt á greiðslu þeirra dánarbóta, sem út af er stefnt í málinu. Kristján heitinn var barnlaus og ógiftur.

Til vara er bótaréttur umbj. minna á því byggður, að jafnvel þótt svo yrði litið á, að Kristján heitinn hafi átt nokkra eða alla sök á umræddu slysi, þá á það ekki að firra umbj. mína rétti til dánarbótanna. Í umræddri 18. gr. eru engir þeir fyrirvarar, sem takmarki bótaskylduna, þegar slysið á annað borð hefur orðið.

Loks skal bent á, að Tryggingastofnun ríkisins hefur fyrir sitt

leyti greitt fullar dánarbætur vegna slyss þessa, sbr. rskj. nr. 6, og er það atriði út af fyrir sig röksemd fyrir réttmæti kröfu þeirrar, sem málssókn þessi fjallar um".

Stefndu telja hins vegar, að þarna hafi ekki verið um slys að ræða í skilningi bótaréttar.

Í viðkomandi vátryggingarskilmálum er slys skilgreint sem „skyndilegur utanaðkomandi atburður, sem veldur meiðslum á líkama tryggða og gerist sannanlega án vilja hans".

Telja stefndu, að ekki hafi verið um slys að ræða, enda sé ljóst, að hinn látni hafi viljandi valdið vátryggingaratburðinum og nægi það til sýknu, en vitna jafnframt til ákvæðis í tryggingarskilmálum, þar sem segir, að félagið bæti ekki slys, sem tryggði verður fyrir undir áhrifum áfengis, nema sannað sé, að ekkert samband hafi verið milli ástands tryggða og slyssins.

Einnig vitna stefndu til ákvæðis tryggingarskilmálanna, sem undanþiggja félagið bótaábyrgð vegna slyss, sem verður vegna stórkostlega vítaverðs gáleysis tryggða.

Telja stefndu fullsannað, að bæði þessi ákvæði eigi við umrætt slys.

Enn fremur benda stefndu á, að í tryggingarskilmálunum er tekið fram, að tryggingin nái eingöngu til slysa, er hinir tryggðu verða fyrir í þjónustu útgerðarmanns skips þess, er um er að tefla, og verða um borð í skipinu eða við störf í landi á þess vegum (atvinnuslysatrygging), þar með talin ferð á beinni leið frá heimili til skips og frá skipi til heimilis.

Telja stefndu, að einnig þetta ákvæði firri félagið bótaábyrgð í því tilviki, er hér um ræðir.

Stefnendur mótmæla því sem fráleitu, að um sjálfsmorð hafi verið að tefla. Ekkert bendi til þess, að hinn látni hafi stuðlað að atburðinum vitandi vits, hann hafi einmitt reynt að koma í veg fyrir atburðinn og bjarga sér frá drukknun.

Fráleitt sé að byggja á þeim framburði vitna, að hinn látni hafi stokkið fyrir borð. Það sé ekki hægt að greina atburði svo nákvæmlega á svo löngu færi, að unnt sé að segja um, hvort maður stekkur eða fellur.

Í þessu efni telja stefnendur, að sönnunarbyrðin hvíli á stefndu.

Stefnendur telja, að fyrrgreind ákvæði tryggingarskilmálanna um takmörkun bótaskyldu standist ekki, hvorki hin almennu né sérstöku, allra sízt gagnvart þriðja manni, sem ekki veit um skilmálana, en það telja stefnendur, að hinn látni hafi ekki vitað. Útgerðarmanni skipsins hafi verið skylt að kaupa tryggingu sam-

kvæmt 18. gr. fyrrgreinds kjarasamnings. Umrædd ákvæði tryggingarskilmálanna séu bersýnilega andstæð ákvæðum 18. gr. samningsins, en þar séu fortakslaus ákvæði um, að útgerðarmaður kaupi tryggingu fyrir öllum slysum og hafi útgerðarmaður ekki heimild til að semja um tryggingarskilmála, sem séu hinum tryggða skipverja í óhag. Vitna stefnendur til 7. gr. laga nr. 80/1938 og 6. og 7. gr. laga nr. 16/1958. Einnig vitna stefnendur til viðurlagaákvæðis 124. gr. laga nr. 20/1954.

Álit réttarins.

Rétturinn lítur svo á, að atburður sá, sem mál þetta er risið út af, falli undir hugtakið slys, þar sem ósannað sé, að um sjálfsmorð hafi verið að ræða.

Samkvæmt 18. gr. fyrrgreinds kjarasamnings bar útgerðarmanni að tryggja á sinn kostnað umræddan starfsmann sinn „gegn öllum slysum, hvort heldur þau verða um borð eða í landi".

Kemur þá fyrst til álita, hvernig túlka beri umrætt samningsákvæði, þ. e. athuga nánar, hvers konar tryggingu útgerðarmanninum hafi borið að kaupa og hverja fyrirvara honum hafi verið heimilt að semja um við tryggingafélagið.

Telja verður, að útgerðarmanninum hafi borið að kaupa venjulega slysatryggingu með venjulegum skilmálum.

Ef um vanefnd væri að ræða af hálfu útgerðarmannsins á þeirri samningsskyldu, t. d. að hann hefði samið um óvenjulega eða óeðlilega fyrirvara til takmörkunar á bótaábyrgð tryggingafélagsins, kynni honum að bera skylda til að greiða tjónþola bætur, þótt tryggingafélagið væri ekki bótaskylt vegna umsaminnar takmörkunar á ábyrgð sinni.

Nú er að athuga skilmála þá, er útgerðarmaðurinn, Ásar h/f, samdi um við Brunabótafélag Íslands, á hvaða fyrirvara í þeim skilmálum kunni að reyna í máli þessu og hvort útgerðarmaðurinn með því að semja um þá hafi brotið samningsskyldu sína samkvæmt 18. gr. kjarasamningsins og eins hvort þeir fyrirvarar kunni að brjóta í bága við lög, en þá yrðu þeir ógildir.

Í 1. gr. umræddra skilmála segir:

„Félagið greiðir bætur vegna slyss, sem tryggði verður fyrir, eins og segir í skírteini þessu.

Með orðinu *slys* er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama tryggða og gerist sannanlega án vilja hans".

Í niðurlagi hins tilvitnaða ákvæðis er þannig gert ráð fyrir, að

sönnunarbyrðin hvíli á vátryggðum, þ. e. þeim, er krefur félagið um bætur.

Þykir þessi fyrirvari ganga óhæfilega langt.

Frjálst sönnunarmat er aðalregla í íslenzkum rétti. Það virðist augljóst, enda í samræmi við íslenzka og norræna dómiðkun, að sönnunarbyrðin fyrir því, að vátryggingaratburðurinn hafi gerzt, hvíli á vátryggðum, en vilji félagið bera fyrir sig 18. gr. vátryggingarsamningslaganna eða fyrirvara, er ganga í sömu átt og sú grein, hvílir sönnunarbyrðin á því.

Eins og fyrr greinir, segir í 3. grein, b-lið, skilmálanna, að félagið bæti ekki „slys, sem tryggði verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í glæpsamlegum verknaði eða undir áhrifum áfengis, nema sannað sé, að ekkert samband hafi verið milli ástands tryggða og slyssins".

20. gr. vátryggingarsamningslaganna hljóðar svo:

„Eigi verður, svo gilt sé, samið svo um, að félagið skuli laust úr ábyrgð, er því, að vátryggingaratburðurinn gerðist, hefur verið valdið af vangá, er ekki verður talin stórkostleg.

Ákvæði þetta er því þó eigi til fyrirstöðu, að samið sé um það, bæði að félagið skuli leyst úr ábyrgð, er vátryggður hefur valdið vátryggingaratburðinum í ölæði, er honum verður sjálfum gefin sök á, að félagið megi draga allt að 5% frá bótum, er vátryggingaratburðurinn stafar frá vangá, er eigi verður talin stórkostleg".

Tilvitnaður fyrirvari í 3. gr. skilmálanna er í nokkru ósamræmi við þessa lagagrein, en hún verður að teljast ófrávíkjanleg, sbr. 3. gr. sömu laga, og verður því að túlka fyrirvarann, þ. e. þau atriði hans, er á reynir í máli þessu, í samræmi við umrædda 20. grein. Félagið hafði þannig eingöngu heimild til að undanþiggja sig ábyrgð, um að „ölæði" væri að ræða. Hafna verður þeirri sönnunarreglu, er sett er í fyrirvaranum, þar sem hún þykir ganga allt of langt.

Sé fyrirvarinn túlkaður með þessum takmörkunum, þykir útgerðarmaðurinn ekki hafa brotið skyldu sína samkvæmt 18. gr. kjarasamningsins gagnvart starfsmanni sínum, þótt hann semdi um greindan fyrirvara, er þá telst venjulegur og ekki óeðlilegur.

Kemur þá til álita, hvað orðið „ölæði" merkir.

Dönsku lögin nota orðið „beruselse", en að öðru leyti er 20. gr. beggja laganna samhljóða. Samkvæmt almennri málvenju má því ætla, að 20. gr. íslenzku laganna eigi við allmiklu hærra stig

ölvunar en sama grein dönsku laganna, en aðrar leiðbeiningar um skilning á tilvitnuðu orði verða ekki fundnar.

Að öðru leyti virðist forsenda þess, að 20. gr. laga nr. 20/1954 verði beitt og þar með umræddum fyrirvara, sú, að a. m. k. gálaus verknaður hafi verið orsök tjónsins.

Mundi þar vera um hlutlægt gáleysismat að ræða, burt séð frá ástandi tjónþola (þ. e. subjektivu mati).

Sönnunarbyrðin fyrir því, að um ölæði hafi verið að ræða, hvílir á félaginu. Enn fremur virðist félagið bera sönnunarbyrði fyrir því, að ölæðið hafi verið orsök atburðarins.

Það yrði ekki talið nægilegt, þótt ölæðið teldist ein af orsökum atburðarins, heldur yrði það að vera veruleg orsök, þ. e. telja megi, að atburðurinn hefði ekki orðið, ef um ölæði hefði ekki verið að ræða.

Hins vegar yrði tæpast, þegar sannað er, að atburðinum var valdið af tryggðum og að hann var ölóður, talið, að ríkra sannana verði krafizt af félaginu fyrir því, að ölæðið hafi verið orsök atburðarins.

Dönsk dómvenja virðist a. m. k. ekki benda til þess.

Einnig kynni 51. gr. vátryggingarsamningslaganna að eiga hér við, þ. e., að ölæði, er tjónþoli á sjálfur sök á, yrði talið brot á varúðarreglum.

Vátryggður yrði sjálfur talinn eiga sök á ölæði sínu, hafi hann viljandi innbyrt það magn af vínanda, er hann vissi eða mátti vita, að hann yrði ölóður af.

Hvað snertir efri mörk þess ölvunarstigs, sem átt er við með orðinu ölæði í 20. gr., virðist ljóst, að hugtakið falli ekki undir pathologiskan rús.

Hann yrði talinn geðtruflun um stundarsakir, sbr. 19. gr. laga nr. 20/1954.

Niðurstöður.

Fyrirvari sá, er settur er í 3. gr., b-lið, umræddra slysatryggingarskilmála, þykir ekki fara í bága við 18. gr. umrædds kjarasamnings útvegsmanna og sjómanna, sé hann túlkaður í samræmi við 20. gr. laga nr. 20/1954, enda ógildur að því leyti sem hann gengur lengra en nefnd lagagrein.

Með hliðsjón af framburði vitna og þegar öll gögn málsins eru virt, þykir umræddur fyrirvari eiga við í máli þessu.

Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnenda í máli þessu.

Rétturinn telur þau vafaatriði í málinu, að rétt sé, að hvor

aðilja beri málskostnað sinn. Uppkvaðning dóms þessa dróst vegna veikindaforfalla eins dómenda.

Dóm þennan kvað upp Már Pétursson, fulltrúi bæjarfógeta, ásamt meðdómsmönnunum Jónatan Sveinssyni skipstjóra og Þorsteini Einarssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Ásar h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Ríkharðs Kristjánssonar og Guðrúnar Ólafsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 25. nóvember 1968.

Nr. 137/1968. **Matarbúðin h/f og Elís Árnason**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Félagi íslenzkra kjötiðnaðarmanna og gagnsök
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögbannsgerð felld úr gildi. Iðnaður. Félagsdómur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 2. ágúst 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júlí s. á., og krefjast þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og lögbannsgerð sú, er í málinu greinir, verði úr gildi felld og svo að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 22. ágúst 1968 og gerir þær dómkröfur:

Að aðaláfrýjanda Matarbúðinni h/f verði dæmt óheimilt að láta aðaláfrýjanda Elís Árnason starfa að kjötvinnslu í

verzlun félagsins, sem samkvæmt löggildingu kjötiðnaðar sem iðngreinar á undir starf kjötiðnaðarmanna, svo sem hvers konar farsgerð, úrbeiningu á kjöti, pylsu- og kæfugerð og söltun og reykingu á kjöti.

Að aðaláfrýjanda Elísi Árnasyni verði dæmt óheimilt að vinna framangreint starf í verzlun aðaláfrýjanda, Matarbúðinn h/f.

Að staðfest verði lögbann, er lagt var við fyrrgreindri starfsemi hinn 6. marz 1968.

Að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í 2. gr. laga nr. 70/1954 um breytingu á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir, að heimilt skuli stéttarfélögum, félögum meistara og iðnrekenda og einstökum atvinnurekendum að leita úrskurðar Félagsdóms um það, hvort starfsemi falli undir I. og II. kafla laga um iðju og iðnað, svo og um það, til hvaða löggiltrar iðngreinar hún taki. Við meðferð slíks máls skal Félagsdómur samkvæmt 1. gr. laga nr. 70/1954 skipaður tveimur öðrum sérkunnáttudómurum en endranær. Grunnúrlausnarefni máls þess, sem gagnáfrýjandi nú rekur gegn aðaláfrýjendum og hér er til meðferðar, ber undir Félagsdóm samkvæmt téðri 2. gr. laga nr. 70/1954, skýrðri eftir eðlisrökum og samræmis. Að þessu athuguðu og þar sem gagnáfrýjandi hefur eigi gert gangskör að því að leggja grunnviðfangsefnið fyrir Félagsdóm, sbr. 117. gr. laga nr. 85/1936, ber að fella hinn áfrýjaða dóm og lögbannsgerð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og lögbannsgerð er úr gildi felld.

Gagnáfrýjandi, Félag íslenzkra kjötiðnaðarmanna, greiði aðaláfrýjendum, Matarbúðinni h/f og Elísi Árnasyni, óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 8. apríl 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. marz 1968, hefur Félag íslenzkra kjötiðnaðarmanna höfðað fyrir réttinum á hendur Matarbúðinni h/f hér í bæ og Elísi Árnasyni matreiðslumanni, Álfheimum 23, Reykjavík, með framlagningu skjala í dóm á bæjarþingi 11. marz 1968, þar sem umboðsmaður stefndu var mættur til að svara til saka.

DÓMKRÖFUR: Af hálfu stefnanda er þess krafizt, að stefnda Matarbúðinni h/f verði dæmt óheimilt að láta stefnda Elís Árnason starfa að kjötvinnslu í verzlun félagsins, sem samkvæmt löggildingu kjötiðnaðar sem iðngreinar á undir starf kjötiðnaðarmanna, svo sem hvers konar farsgerð, útbeiningu á kjöti, pylsu- og kæfugerð og söltun og reykingu á kjöti. Á hendur stefnda Elísi Árnasyni er gerð sú krafa, að honum verði óheimilað að vinna framangreind störf í verzlun stefnda Matarbúðarinnar h/f. Krafizt er staðfestingar á lögbanni, sem lagt var við starfsemi stefndu 6. marz 1968. Loks er þess krafizt, að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að óskiptu eftir mati dómsins.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, að stefnanda verði gert að greiða stefnda Matarbúðinni h/f skaðabætur vegna lögbannsins, kr. 40.000.00, eða aðra lægri fjárhæð samkvæmt mati réttarins. Loks er krafizt málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Bótakrafan miðast við tjón, sem stefndi Matarbúðin h/f telur sig hafa orðið fyrir af lögbanninu á tímabilinu frá 6. marz 1968 til 25. marz 1968 og sundurliðast svo:

Vegna missis sölu	kr. 30.000.00
Fyrir lánstraustsspjöll, óþægindi og tap á framtíðarviðskiptum	— 10.000.00
	Samtals kr. 40.000.00

MÁLAVEXTIR. Árið 1960 festi stefndi Elís kaup á Matarbúðinni, Austurgötu 47 hér í bæ, ásamt öðrum manni. Var síðan stofnað hlutafélag um rekstur verzlunarinnar. Starfaði stefndi við verzlunina síðan og hefur séð um rekstur hennar að öllu leyti frá síðari hluta árs 1961. Stefndi lauk sveinsprófi í matreiðslu 12. júní 1954. Kveður hann prófraun sína m. a. hafa verið fólgna í kjötskurði, gerð kjötdeigs (fars) og léttsöltun kjöts. Að námi loknu kveðst hann hafa fengið tilsögn í reykingu hjá lærðum

kjötiðnaðarmanni. Frá því hann hóf störf í verzlun stefnda Matarbúðarinnar h/f, kveðst stefndi hafa gert kjötdeig (fars), kæfu, saltað kjötvefju (rúllupylsu), saltað kjöt, reykt og hakkað og útbeinað allt kjöt, sem hann hefur þurft á að halda í verzluninni. Hann kveðst hafa selt kjötdeig í eina verzlun og gert öðru hverju fyrir aðra úr hráefni, sem sú verzlun hefur lagt til, allt þar til lögbann var lagt við starfsemi hans. Hann kveðst lítið hafa gert af því að laga áleggspylsu, aðeins hangipylsu og steikt álegg öðru hverju.

Af hálfu stefnanda er skýrt svo frá, að í öndverðum marz s.l. hafi félagsmenn verið í verkfalli, mánudaginn 4. marz hafi verkfallsverðir félagsins komið í verzlun stefnda Matarbúðarinnar h/f og hitt þar fyrir stefnda Elís, þar sem hann vann að gerð kjötdeigs. Skýrðu verkfallsverðirnir stefnda frá því, að honum væri óheimilt að vinna þetta verk. Stefndi kvaðst vera matreiðslumaður og hafa unnið að kjötdeigsgerð árum saman óátalið og mundi halda því áfram. Var nú stefndi Elís kærður til refsingar, en hélt þó uppteknum hætti. Var þá brugðið á það ráð að krefjast lögbanns. Miðvikudaginn 6. marz 1968 var lögbann lagt við kjötvinnslu stefndu, nánar tiltekið framleiðslu hráunninnar kjötvöru, svo sem gerð kjötdeigs, útbeiningu á kjöti, pylsugerð, kæfugerð, söltun og reykingu á kjöti. Var síðan mál þetta höfðað, eins og að framan greinir.

MÁLSÁSTÆÐUR. Meginröksemd stefnanda er, að sú starfsemi stefndu, sem dómkröfur lúta að, sé kjötiðnaðarstörf og öðrum óheimil en þeim, sem sveins- eða meistararéttindi hafa í kjötiðnaði, sem er löggilt iðngrein.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að kröfur stefnanda brjóti gegn rétti stefnda sem kjötkaupmanns samkvæmt verzlunarleyfi og að honum sé auk þess heimil sú starfsemi, sem krafizt er, að honum sé óheimiluð, þar sem hann sé lærður matreiðslumaður. Því er haldið fram, að ef kröfur stefnanda næðu fram að ganga, væri skertur réttur, sem nýtur lögverndar samkvæmt 69. gr. stjórnarskrárinnar. Enn er því haldið fram, að kröfur stefnanda fari gegn hagsmunum neytenda af því að eiga kost góðrar vöru og þjónustu, enda mundu þeir fáu kjötiðnaðarmenn, sem völ er á, engan veginn geta annað þeim störfum, sem kjötkaupmenn yrðu að leggja niður, ef viðurkennt væri, að kröfur stefnanda styddust við lög.

Stefnandi heldur því fram á móti, að ekki skipti máli, hvort stefndi Elís kunni til þeirra verka, sem krafizt er, að honum séu

óheimiluð, iðnréttindi hans veiti honum rétt til starfa í veitingahúsum og á skipum, en ekki í kjötvinnslustöðvum. Það er talið þjóna hagsmunum neytenda bezt, að kjötiðnaður sé efldur, til að neytendur eigi kost á betri vöru. Því er haldið fram, að þótt svo kynni að fara, að niðurstaða dóms fæli í sér viðurkenningu á því, að kjötkaupmenn hefðu ekki rétt til kjötiðnaðarstarfa, sem þeir hafa haft með höndum hingað til, mætti bæta úr því með undanþágum eftir þörfum samkvæmt 15. gr. laga nr. 18/1927 um iðju og iðnað, hafi oft áður verið gripið til þess ráðs á berskuárum annarra iðngreina.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að lögbann hafi verið óþarft til að fá dómsúrskurð lagðan á kröfur stefnanda, sem auk þess séu ólögmætar. Bótakrafan er studd þeim rökum, að sala hafi mjög dregizt saman, meðan lögbannið var virkt, stefndi hafi þurft að kaupa frá öðrum vörur, sem hann vann sjálfur áður, hann hafi glatað viðskiptavinum, orðið fyrir lánstraustsspjöllum og öðru óhagræði.

ÁLIT RÉTTARINS. Samkvæmt 14. grein laga nr. 18 31. maí 1927 um iðju og iðnað má enginn reka iðnað (handiðn), nema meistari í iðninni hafi þar alla verkstjórn á hendi. „Enginn má stunda iðnað nema meistarar, sveinar og nemendur í iðninni". Í greininni er getið undantekninga frá ákvæðum þessum, sem ekki varða efni þessa máls. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 93 frá 22. apríl 1960 er kjötiðnaður meðal löggiltra iðngreina. Svo er og um matreiðslu. Í 15. tölulið 59. gr. reglugerðarinnar segir svo um prófkröfur í kjötiðnaði:

„Próftaki skal:

a. Skera helming af nauti til vinnslu;
b. skera alikálfsskrokk í því augnamiði, að búa til kálfsvefju;
c. hluta sundur hálft svín;
d. hluta sundur lambsskrokk;
e. vefja svínslæri;
f. búa til bæjarabjúgu;
g. búa til blóðmör eða lifrarpylsu;
h. búa til kjötkæfu eða lifrargæfu;
i. enn fremur skal nemandinn munnlega skýra reykingu, suðu, söltun og annað, sem iðninni tilheyrir".

Í 20. tölulið sömu greinar segir svo m. a. um prófkröfur í matreiðslu:

„Próftaki skal:

a. Taka bein úr kjöti eða fiski (er kjötið og fiskurinn tölusett

og próftakinn dregur eina tölu, og tekur bein úr því, er talan vísar til) ...".

Í B-lið 18. greinar reglugerðar nr. 86 frá 31. júlí 1959 um Matsveina- og veitingaþjónaskólann segir svo m. a.:

„1. Nemandi skal kunna að hluta sundur skrokka af lömbum, svínum, kálfum og nautum, og vita í hvaða matarrétti hentugast er að nota hvern vöðva eða vöðvahluta af þessum kjöttegundum. Hann skal kunna allar algengar aðferðir við að steikja og sjóða kjöt og fisk, og geta matreitt algenga heita og kalda matarrétti.

2. ... 3. ... 4. Nemandi skal þekkja til hlítar þau hráefni, sem hann vinnur úr, og vita, við hvaða aðstæður er bezt að geyma fæðutegundir og hvernig þær verða bezt hagnýttar. Hann skal þekkja alla lögboðna stimpla á kjöti, svo og önnur gæðamerki á matvælum, sem lögboðin eru hér á landi".

Í 2. gr. laga nr. 52 frá 27. júní 1925 um verzlunaratvinnu eru mjög frjálsleg ákvæði um skilyrði til að öðlast verzlunarleyfi. Ekki eru sett sérstök skilyrði til að öðlast leyfi til að reka verzlun með kjötvörur.

Í. 3. málslið 1. greinar laga um Matsveina- og veitingaþjónaskóla nr. 82 frá 5. júní 1947 segir svo: „Skólinn skal veita hagnýta fræðslu þeim, sem gerast vilja matsveinar eða veitingaþjónar á skipum eða í gisti- og veitingahúsum".

Af framangreindum lagaákvæðum verður ljóst, að allnáinn skyldleiki er með kjötiðn og matreiðslu, enda leiðir það af eðli máls. Sambandi iðngreinanna er aðallega þannig háttað, að matreiðslumenn taka við kjötvörum úr hendi kjötiðnaðarmanna á mismunandi vinnslustigum og elda úr því matarrétti. Fræðsla matreiðslumanna miðar fyrst og fremst að því, að þeir starfi að iðn sinni í eldhúsum veitingahúsa og skipa, og er það skoðun réttarins, að þar sé eðlilegt, að þeir vinni ýmis þau störf, sem ella yrðu talin til kjötiðnaðar, það er taki við kjöti lítt eða ekki unnu, útbeini það og meðhöndli á ýmsa vegu til undirbúnings eldunar.

Ekki er þess getið í lögunum um Matsveina- og veitingaþjónaskólann eða í öðrum settum réttarreglum, að fræðsla metreiðslumanna miði að því, að þeir geti starfað við matargerð í verzlunum. Það hefur þó tíðkazt í nokkrum mæli á síðari árum, að tilbúnir réttir séu seldir í verzlunum. Í eldhúsi slíkrar verzlunar verður að telja eðlilegt, að matsveinar vinni sams konar störf og í eldhúsum veitingahúsa og skipa. Á hinn bóginn er það ugglaust

og ágreiningslaust í málinu, að matsveinar hafa ekki rétt til að vinna að kjötiðn í kjötvinnslustöðvum, en slíkar stöðvar eru réttur vettvangur kjötiðnaðarmanna. Tækjabúnaður matsveins í eldhúsi og kjötiðnaðarmanns í kjötvinnslustöð er allfrábrugðinn, og er hentugt að hafa þann mismun til viðmiðunar, þegar skorið er úr um mörk iðngreinanna. Fallast verður á það með stefnanda sem meginreglu, að hlutverk matreiðslumanna sé að meðhöndla hráefni til eldunar og framreiðslu, en að kjötiðnaðarmenn taki við hráefni í heilum hlutum úr hendi slátrara og vinni það í áframhaldandi keðju í hendur neytenda í sölubúðum og matsveina í eldhúsum.

Eins og fram er komið, eiga hvorki kjötiðnaðarmenn né matsveinar öðrum fremur rétt til að fá leyfi til starfrækslu kjötverzlana. Löggjöfin um verzlunaratvinnu einkennist þannig af hinu mesta frjálslyndi, en iðnlöggjöfin miðar að því að veita lærðum handiðnaðarmönnum sérréttindi til starfa á tilteknum sviðum.

Með hliðsjón af þessum ólíku sjónarmiðum verður það meginverkefni réttarins í þessu máli að greina milli þeirra starfa, sem eðlilegt er, að unnin séu af ófaglærðu fólki í kjötverzlunum, og þeirra starfa, sem eðlilegt er, að unnin séu af kjötiðnaðarmönnum í kjötvinnslustöðvum. Enn fremur ber að hafa í huga, að stefndi Elís kann að njóta rýmri réttar en ófaglærðir kjötkaupmenn og verzlunarmenn, að því er varðar matreiðslu. Hafa ber í huga eftirfarandi meginsjónarmið: Æskilegt er, að neytendur eigi kost á sem beztri vöru. Mikilvægt er, að lögkjör matvælaiðnaðar séu með þeim hætti, að hann geti náð sem mestum þroska, enda er matvælaframleiðsla meginþáttur atvinnu landsmanna. Þannig er áríðandi, að svo sé búið að kjötiðn, að hún verði eftirsóknarverð atvinnugrein, en einnig er mikilvægt, að þekking matreiðslumanna nýtist þar, sem hún kemur að gagni.

Að því er varðar gerð kjötdeigs (fars), verður að vísu að játa því, að lærdómur matreiðslumanna nær til hennar, en kjötdeigsgerð er undirstaða pylsugerðar, sem er kjarni kjötiðnarinnar, og verður því að telja, að öðrum en kjötiðnaðarmönnum sé óheimilt að gera kjötdeig utan eldhúsa. Þannig er stefndu óheimil kjötdeigsgerð bæði til sölu í eigin verzlun og öðrum, og það án tillits til þess, hver leggur til hráefnið. Pylsugerð er stefndu og að sjálfsögðu óheimil. Reyking á kjötvörum er tvímælalaust á sérsviði kjötiðnaðarmanna, og er stefndu með öllu óheimilt að starfrækja reikhús eða reykofn, án þess að kjötiðnaðarmaður komi

þar nærri. Telja verður, að útbeining og hökkun á kjöti sé nauðsynlegur þáttur í rekstri kjötbúðar, og verður því að telja, að stefnda sé sú starfsemi heimil sem kjötkaupmanni. Af því leiðir, að telja verður stefndu heimilt að gera slagvefju (rúllupylsu) úr kjöti, sem þannig hefur verið útbeinað. Telja verður, að stefnda sé heimilt að gera kæfu í eldhúsi, þar sem meginþáttur kæfugerðar er suða. Loks er það skoðun réttarins, að söltun kjöts sé eðlilegur þáttur í starfsemi kjötverzlunar.

Að því er varðar þá starfsemi stefndu, sem þeim er talin óheimil hér að framan, þykir verða að fallast á kröfu stefnanda um staðfestingu lögbanns.

Eftir upplýsingum, sem rétturinn hefur aflað sér um sölu í matvöruverzlunum í marzmánuði, hefur sala almennt dregizt saman vegna verkfalls og minnkandi kaupgetu. Verður því ekki talið sannað, að stefndi Matarbúðin h/f hafi orðið fyrir eins miklu tjóni af völdum lögbanns og haldið er fram. Þykja bætur vegna lögbanns, að því er varðar þá starfsemi, sem stefndu er talin heimil, þá hæfilega ákveðnar kr. 5.000.00 fyrir miska og fjártjón.

Rétt þykir, að stefndu greiði að óskiptu stefnanda málskostnað, kr. 15.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Þorvaldur Guðmundsson veitingamaður og Edward Frederiksen, eftirlitsmaður gisti- og veitingastaða.

Dómsorð:

Stefnda Matarbúðinni h/f er óheimilt að láta stefnda Elís Árnason starfa að kjötdeigsgerð og pylsugerð í verzlun sinni svo og að reykingu á kjötvörum. Stefnda Elís Árnasyni er óheimilt að vinna þessi störf í verzlun stefnda Matarbúðarinnar h/f. Stefndu er og óheimil öll önnur starfsemi, sem samkvæmt löggildingu kjötiðnaðar sem iðngreinar á undir starf kjötiðnaðarmanna. Lögbann, sem fram fór 6. marz 1968, er staðfest, að því er varðar framangreinda starfsemi. Stefndu er heimil eftirfarandi starfsemi: útbeining á kjöti, slagvefjugerð og kæfugerð svo og hökkun og söltun á kjöti.

Stefnanda, Félagi íslenzkra kjötiðnaðarmanna, ber að greiða stefnda Matarbúðinni h/f kr. 5.000.00 í bætur fyrir lögbann við þessari starfsemi.

Stefndu, Matarbúðin h/f og Elís Árnason, greiði stefnanda, Félagi íslenzkra kjötiðnaðarmanna, málskostnað, kr. 15.000.00.

Allar greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Lögbannsgerð fógetadóms Hafnarfjarðar 6. marz 1968.

Fyrir var tekið: Lögbannsmálið: Félag íslenzkra kjötiðnaðarmanna gegn Matarbúðinni h/f.

Af hálfu gerðarbeiðanda sækir þing Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður, en fyrir gerðarþola mætir Elís Árnason matreiðslumaður, Álfheimum 23, Reykjavík, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri varnaraðilja.

Fógeti leggur fram nr. 1 lögbannsbeiðni. ...

Beiðnin er lesin í réttinum. Fógeti spyr gerðarþola um álit hans á kröfunni. Hann kveðst telja kröfuna óréttmæta. Segist hann hafa réttindi til þeirra kjötiðnaðarstarfa, sem hann stundar, þar sem hann sé lærður matreiðslumaður. Kveður hann próf sitt í þeirri grein hafa verið fólgið í því að gera kjötfars. Hann kveðst kaupa kjöt í heilum skrokkum, útbeina það og vinna úr því.

Nú mætir í réttinum Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður sem lögfræðilegur ráðunautur og málflutningsumboðsmaður gerðarþola.

Af hálfu gerðarþola er óskað nánari skýringar á því, hver starfsemi hans ætlazt sé til, að bönnuð verði.

Þá kemur í réttinn Thorvald Imsland, gjaldkeri gerðarbeiðanda. Kveður hann kröfu félags síns um stöðvun á kjötvinnslu ná til allrar framleiðslu á hráunninni kjötvöru, svo sem farsgerð, útbeiningu á kjöti, pylsugerð og kæfu, söltun og reykingu á kjöti.

Málflutningsumboðsmaður gerðarbeiðanda lýsir því yfir, að lögbannskröfunni sé jafnframt beint að fyrirsvarsmanni gerðarþola, Elís Árnasyni, persónulega.

Samkomulag er með aðiljum um, að gerðarbeiðandi setji 75.000.00 króna tryggingu fyrir tjóni, sem kunni að stafa af gerðinni. Af hálfu gerðarþola er réttur áskilinn til að krefjast viðbótartryggingar, ef staðfestingarmáli verði ekki lokið innan þriggja vikna.

Fógeti lýsir yfir lögbanni samkvæmt framanrituðu gegn tryggingu að fjárhæð kr. 75.000.00.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda leggur fram ávísun útgefna af Sparisjóði Alþýðu. Tryggingin er samþykkt. Fógeti skýrir fyrir gerðarþola þýðingu gerðarinnar.

Mánudaginn 25. nóvember 1968.

Nr. 191/1967. **Hilmar Þorbjörnsson**
(Árni Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Ágústu Jónsdóttur
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Úrskurður um útburð felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Skúli Thorarensen, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæsaréttar með stefnu 6. desember 1967 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétt.

Stefndi krefst staðfestingar úrskurðar fógeta og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ágreiningur er um eignarrétt til geymsluherbergis þess, sem mál þetta fjallar um. Samkvæmt gögnum málsins liggur ekki svo ljóst fyrir um eignarréttinn, að fógetadómi hafi verið rétt að taka kröfu stefndu um útburð til greina. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð fógeta úr gildi.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður fógeta er úr gildi felldur.

Stefndi, Ágústa Jónsdóttir, greiði áfrýjanda, Hilmari Þorbjörnssyni, kr. 6.000.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Hafnarfjarðar 20. nóvember 1967.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 14. nóvember s.l., höfðar Ágústa Jónsdóttir, Álfaskeiði hér í bæ, með gerðarbeiðni, dagsettri 28. marz s.l., gegn Hilmari Þorbjörnssyni, Austurbrún 2, Reykjavík. Aðiljar eru mættir.

Gerðarbeiðandi fer þess á leit, að rétturinn svipti téðan gerðarþola umráðarétti yfir geymslu, sem hún telur fylgja íbúð þeirri, sem hún á á efri hæð hússins Lækjargötu 10 hér í bæ. Geymslan er suðvesturherbergi í kjallara nefnds húss. Kjallarinn kallast einnig jarðhæð eða 1. hæð hússins.

Málavextir.

Upp úr 1940 byggðu gerðarþoli, Hilmar Þorbjörnsson, og faðir hans, Þorbjörn Klemensson, í sameiningu húseignina Lækjargötu 10 B hér í bæ.

Er byggingu hússins var lokið, bjó gerðarþoli á neðri hæð (II. hæð, miðhæð), en Þorbjörn Klemensson á efri hæð (III. hæð).

Sambýli fjölskyldnanna var mjög gott. Húseignin fyrir utan íbúðir var notuð óátalið af báðum eftir þörfum.

Jarðhæð (1. hæð, kjallari) hússins er þannig háttað, að götumegin eru 2 stór samliggjandi herbergi með dyr út að götu. Þau hafa verið leigð undir starfsemi nú í mörg ár, nuddstofu. Þá tekur við veggur eftir miðju húsinu nokkurn veginn í vestur-austurstefnu samhliða götunni. Sunnan hans eru 3 herbergi. Í suðaustri er geymsla með mjóum, bröttum stiga ofan af neðri hæð. Úr þeirri geymslu eru dyr í miðstöðvar- og þvottaherbergi, nokkru minna. Úr miðstöðvar- og þvottaherbergi eru dyr út í port og að geymsluherbergi í suðvestri. Á þeirri geymslu eru dyr út úr vesturgafli hússins og inn í leiguhúsnæði í norðurhluta jarðhæðar.

Rétturinn hefur tvisvar farið á staðinn og athugað vettvang málsins.

Um geymslu í suðvesturhorni hússins er deilt.

Um fasteign þessa var aldrei gerður neinn skiptasamningur og henni aldrei formlega skipt. En 24/1 1964 fékk gerðarþoli leyfi gerðarbeiðanda til að selja íbúð þá, er hann hafði búið í, ásamt ½ suðausturgeymslu í kjallara og ⅓ miðstöðvar og þvottahúss.

Hilmar Þorbjörnsson fluttist til Reykjavíkur, en gat ekki flutt þangað alla búslóðina.

Spurði hann þá gerðarbeiðanda, hvort henni væri ekki sama,

þótt hann léti dót sitt í suðvesturgeymslu. Fékk hann það, og var dót hans þar geymt þar til á þessu ári.

Haustið 1966 seldi gerðarbeiðandi efri hæð hússins, og með kaupunum fylgdi umdeild geymsla í suðvesturhorni þess. Gerðarbeiðandi bað gerðarþola þá strax að rýma þessa geymslu og fá sér umráð hennar, en við þeirri beiðni hefur gerðarþoli ekki orðið.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að hún hafi átt efri íbúðarhæð hússins, en gerðarþoli neðri íbúðarhæð. Hvorri íbúð hafi fylgt jafnstórt geymsluherbergi í kjallara. Herbergi í suðausturhorni hafi verið alla tíð eign gerðarþola og fylgt neðri hæð hússins sem geymsla. Eins hafi herbergi í suðvesturhorni kjallara alla tíð verið eign þeirra hjóna og fylgt íbúð á efri hæð sem geymsla. Kjallari annars og útihús hafi verið í óskiptri sameign.

Gerðarbeiðandi kveður eiginmann sinn hafa sagt sér, þegar þau fluttu í húsið Lækjargötu 10 og athuguðu kjallarann, um herbergi í suðausturhorni, þetta er okkar geymsla, þ. e. þeirra hjónanna, en ekki gerðarþola. Þetta hafi svo verið alla tíð, en með góðu fjölskyldusamkomulagi hafi allir gengið um báðar geymslurnar.

Gerðarbeiðandi segir, að þau maður hennar hafi aldrei geymt neitt í geymslu gerðarþola í suðausturherbergi. Þar sem útidyr á geymslu þeirra séu á götuhæð, hafi gerðarþoli óátalið geymt reiðhjól sitt þar, á meðan hann var hjólríðandi.

Á árinu 1959 hafi gerðarþoli flutzt alfarinn til Ameríku, en komið snögga ferð hingað til lands árið 1961, en ílenzt hér. Ca. ári síðar hafi gerðarþoli lagt yfirráð sín á sameign aðilja, verkstæðishús, og skipt þar um læsingu. Síðan kveðst gerðarbeiðandi ekki hafa fengið aðgang að því húsi. Gerðarbeiðandi segir, að gerðarþoli hafi síðan haustið 1966 lagt yfirráð sín á aðra sameign aðilja, með því að hann hafi ekki gert skil á leigutekjum fyrir afnot af húsnæði, sem nuddstofa hefur á leigu á götuhæð.

Er gerðarþoli hafi selt íbúð sína á neðri hæð með leyfi gerðarbeiðanda, spurði hann gerðarbeiðanda, hvort hann mætti ekki geyma búslóð sína í geymslu hennar. Gerðarbeiðandi kveðst hafa sagt, að það væri sjálfsagt. Síðan kveðst gerðarbeiðandi hafa orðið þess vör, að gerðarþoli setti nýja læsingu í hurð milli þvottaherbergis og geymslu gerðarbeiðanda. Ekki fékk gerðarbeiðandi lykil að þessari læsingu.

Haustið 1966 ákvað gerðarbeiðandi að selja íbúð sína á efri hæð ásamt meðfylgjandi geymslu.

Er gerðarbeiðandi bað gerðarþola að rýma geymsluherbergi gerðarbeiðanda, sagði hann: „Ég læt ekki geymsluna, hún á að fylgja nuddstofunni".

Gerðarþoli skýrir svo frá, að hann hafi byggt húsið Lækjargötu 10 hér í bæ með föður sínum. 1943 hafi foreldrar sínir flutt inn í íbúð sína á efri hæð. Þá hafi ekki verið búið að afmarka hina umdeildu geymslu. Síðan hafi geymsluherbergin í kjallara verið notuð af báðum aðiljum. Gerðarþoli kveður gerðarbeiðanda hafa geymt eigur sínar í báðum geymslunum í kjallaranum.

Árin 1942—1944 kveðst gerðarþoli hafa haft verkstæði sitt á jarðhæð hússins. Síðan hafi plássið verið leigt blómaverzlun og umdeild geymsla verið stíuð í tvennt með trévegg þeim, sem ekki nær upp í loft og enn stendur í herberginu.

Gerðarþoli kveðst hafa geymt krossvið tilheyrandi verkstæði sínu, borðvið, reiðhjól sitt o. fl. í umdeildri geymslu.

Um herbergin á jarðhæð hafi verið umgangur beggja hæðanna, enda hafi þau verið óumdeilanlega óskipt eign aðiljanna, dánarbús Þorbjarnar Klemenssonar, sem er látinn, og gerðarþola. Kona Þorbjarnar, móðir gerðarþola og gerðarbeiðandi í þessu máli, situr í óskiptu búi.

Í greinargerð gerðarþola segir, að þegar gerðarþoli seldi sína hæð árið 1964, hafi henni fylgt samkvæmt samþykki gerðarbeiðanda hálf geymslan í suðausturhorni kjallarans. Var það ætlun gerðarþola, að hinn helmingur suðausturherbergis í kjallara fylgdi efri hæð. Eðlilegast sé, að geymsla sú, er deilt er um í þessu máli, fylgi því sérstaka verzlunar- eða iðnaðarhúsnæði, sem einnig er á jarðhæð og snýr út að götu, enda þurfi að vera frjáls umgangur um þá geymslu vegna afnota þess húsnæðis af þvottahúsi.

Sala gerðarbeiðanda á allri hinni umdeildu geymslu fái ekki staðizt, þar sem ekki hefði verið leitað samþykkis gerðarþola.

Gerðarþoli kveðst aldrei hafa meinað gerðarbeiðanda aðgang að téðri geymslu. Þar sem umdeild geymsla sé óskipt sameign, standi gerðarbeiðanda opið að nota hana að hálfu, enda eigi gerðarbeiðandi að hafa sinn lykil að geymslunni.

Sala gerðarbeiðanda á öllu umdeildu geymsluherbergi kveður gerðarþoli mistök, sem vonandi takist að leysa.

Vitnið Jón Þorbjörnsson, sonur gerðarbeiðanda og bróðir gerðarþola, skýrir svo frá, að umdeild geymsla hafi alltaf tilheyrt efri hæð hússins. Gerðarbeiðandi hafi margsagt gerðarþola, að

rýma geymsluna. Gerðarþoli hafi átt neðri hæð, en selt hana ásamt geymslu í suðausturhorni kjallara.

Vitnið Marinó Þorbjörnsson, sonur gerðarbeiðanda og bróðir gerðarþola, telur, að umdeilt geymsluherbergi hafi alltaf tilheyrt efri hæð hússins. Faðir hans hafi tekið geymsluna til afnota, eftir að blómaverzlunin hætti á jarðhæð hússins. Gerðarþoli hafi átt neðri hæð, sem hann seldi fyrir nokkrum árum ásamt geymslu í suðausturhorni jarðhæðar. Gerðarþoli hafi, er hann seldi sína hæð, fengið leyfi gerðarbeiðanda til þess að geyma húsgögn og fleira til bráðabirgða í umdeildri geymslu, á meðan hann væri að koma sér fyrir í nýjum heimkynnum. Þessu hafi ekki verið amazt við, þar til gerðarbeiðandi seldi efri hæðina ásamt umdeildri geymslu og hafi þá gerðarþola strax verið boðið að rýma umdeilda geymslu og síðan margítrekað.

Vitnið Guðmundur Guðmundsson kveðst hafa verið iðnnemi gerðarþola og föður hans í 4 ár, kringum árið 1950. Vitnið leigði herbergi hjá föður gerðarþola á efri hæð. Vitninu var kunnugt, að gerðarþoli geymdi sitt dót í báðum geymsluherbergjum í kjallara. Um geymslurnar hafi oft verið gengið. Föt voru skilin eftir í vestara geymsluherbergi.

Vitnið Magnús Guðmundsson rak blómaverzlun á jarðhæð hússins Lækjargötu 10 1946—1948. Vitnið kveðst hafa fengið afnot af geymslu í suðvesturenda hjá Þorbirni heitnum og átti aðeins við hann um þau afnot. Gerðarþoli hafi aldrei skipt sér af afnotum vitnisins af þessari geymslu, en Þorbjörn hafi fundið að, ef honum líkaði ekki meðferð vitnisins. Vitnið minnir, að gerðarþoli hafi haft geymslu í suðausturhorni kjallara, þar sem stiginn kemur niður af hæðinni. Vitnið man ekki eftir trévegg í umdeildri geymslu. Ekki man vitnið eftir dyrum úr götuhæð inn í umdeilt geymsluherbergi.

Vitnið Þorbjörn Eiríksson, dóttursonur gerðarbeiðanda og systursonur gerðarþola, skýrir svo frá, að það muni einu sinni, rétt áður en það lauk iðnnámi sínu hjá afa sínum og gerðarþola, að það lét reiðhjól sitt inn í geymsluna, sem stiginn upp á neðri hæð af jarðhæð er í. Afi vitnisins hafi séð hjólið og rekið vitnið með það og sagt, að vitnið yrði að geyma hjólið sitt úti, fyrst það gat ekki geymt það inni í geymslu, sem hann kallaði sína geymslu. Það er herbergi það, sem um er deilt í máli þessu. Geymsla afa vitnisins hafi þrengzt vegna stækkunar nuddstofu. Vitnið kveður engan skilvegg hafa verið þar, áður en dyr voru á milli nuddstofu og geymslunnar. Skilveggur hafi verið settur,

þegar nuddstofan kom. Vitnið kveðst muna, að afi þess segði, að það yrði að taka hluta af geymslu sinni handa nuddstofunni. Vitnið kveðst hafa fært þar til dót, áður en skilveggur var smíðaður.

Vitnið kveðst aldrei hafa orðið vart við, að gerðarþoli geymdi eignir sínar í umræddri geymslu. Þar hafi þó verið m. a. gamalt, ónotað hjól, sem vitnið vissi ekki, hver átti.

Gerðarbeiðandi telst réttur aðili þessa máls fyrir hönd dánarbús Þorbjarnar Klemenssonar, enda hefur aðild hennar eigi verið mótmælt af hálfu gerðarþola. Gerðarbeiðandi hefur afhent kaupanda íbúð á efri hæð. Í málssókn þessa varð gerðarbeiðandi að fara til þess að efna kaupsamning, að því er varðar umrædda geymslu í suðvesturhorni kjallarans.

Gerðarþoli byggði húsið Lækjargötu 10 með föður sínum.

Frá upphafi skiptist húsið þannig í raun, að gerðarþoli bjó á neðri hæð, en Þorbjörn Klemensson, faðir hans, á efri hæð.

Það er sannað, að feðgarnir geymdu eigur sínar í geymslum sitt hvorum megin við miðstöðvar- og þvottaherbergi í suðurhelmingi kjallara og jarðhæðar. Um þessi herbergi var umgangur tíður.

Gerðarbeiðandi fullyrðir hins vegar, að geymslurnar hafi samt sem áður talizt fylgja hvorri íbúð, geymsla í suðausturhorni kjallara tilheyrt neðri hæð, íbúð gerðarþola, en geymsla í suðvesturhorni tilheyrt efri hæð, íbúð gerðarbeiðanda.

Með íbúð sinni seldi gerðarþoli helming þeirrar geymslu, sem gerðarbeiðandi segir, að frá upphafi hafi fylgt íbúð gerðarþola. Með sölu sinnar íbúðar ásamt geymslu með leyfi gerðarbeiðanda telst gerðarþoli hafa veitt gerðarbeiðanda sama rétt, enda hefur gerðarþoli eigi mótmælt sölunni, nema að því er tekur til umdeilds geymsluherbergis.

Sala gerðarþola á hluta geymsluherbergis í suðausturhorni kjallara þykja styðja fullyrðingu gerðarbeiðanda að nokkru. Gerðarþoli hefur reynt að styðja mál sitt með því, að gerðarbeiðandi hafi viðurkennt sameign geymsluherbergja með því, að hún skrifaði undir yfirlýsingu um, að gerðarþola væri heimilt að selja ½ geymslu í suðausturhorni kjallara. Á þessa málsástæðu verður ekki fallizt. Gerðarbeiðanda kom ekki við, hvort gerðarþoli seldi hálfa eða heila geymsluna fyrst hún áleit, að hún fylgdi öll íbúðarhæð gerðarþola.

Eiðfestur framburður vitnisins Þorbjarnar Eiríkssonar um ummæli látins eiginmanns gerðarbeiðanda, afa vitnisins, þykir

styrkja framburð gerðarbeiðanda um, að látinn eiginmaður hennar hafi sagt henni að geymslan í suðausturhorni kjallara fylgdi íbúð þeirra á efri hæð.

Framburðir vitnanna Jóns og Marinós Þorbjörnssona, sona gerðarbeiðanda og bræðra gerðarþola, og Magnúsar Guðmundssonar sömuleiðis. Framburðir þessara vitna eru teknir gildir sem staðfestir.

Framburðir nefndra vitna þykja sanna nægilega, að umrædd geymsla í suðvesturhorni kjallara (jarðhæðar) hússins Lækjargötu 10 hér í bæ hafi alla tíð tilheyrt efri hæð hússins, þó að hún hafi verið notuð í góðu fjölskyldusamkomulagi eins og geymsla neðri hæðar í suðausturhorni kjallarans.

Með sölu sinni á neðri hæð ásamt hluta úr suðausturgeymslu í kjallara með leyfi gerðarbeiðanda þykir réttinum sameign aðilja hafa skipzt, að því er íbúðir og geymslur þeirra varðar.

Skal því umbeðinn útburður fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Því úrskurðast:

Gerðarþoli, Hilmar Þorbjörnsson, Austurbrún 2, Reykjavík, skal að beiðni gerðarbeiðanda borinn út úr umráðum geymsluherbergis í suðvesturhorni kjallara (jarðhæðar, I. hæðar) hússins Lækjargötu 10 hér í bæ á ábyrgð gerðarbeiðanda, Ágústu Jónsdóttur, Álfaskeiði hér í bæ.

Málskostnaður í máli þessu fellur niður.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1968.

Nr. 28/1968. **Þorvaldur Baldvinsson**
(Sigurður Sigurðsson hrl.)
gegn
Aðalsteini Loftssyni
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnulaun. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Freyr Ófeigsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, og samdómsmennirnir Bjarni Jóhannesson skipstjóri og Þorsteinn Stefánsson skipstjóri hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum fébætur, kr. 156.944.95, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 til greiðsludags, orlofsfé, 7% bótafjárhæðar, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi. Þá krefst áfrýjandi sjóveðréttar til tryggingar fjárhæðum þessum í v/b Lofti Baldvinssyni, EA 124.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvik eru skilmerkilega rakin í héraðsdómi. Áfrýjandi, sem var lögskráður háseti á v/b Lofti Baldvinssyni og búsettur á Dalvík, dvaldist heima hjá sér í sumarleyfi, er skipið affermdi þar síldarafla hinn 28. ágúst 1965. Er skipið hélt þaðan á síldarmiðin við Jan Mayen hinn 30. s. m., taldi áfrýjandi sig eiga eftir tvo daga af sumarleyfi sínu. Áfrýjandi gat ekki treyst því, að skipið kæmi í höfn af nýju innan þess tíma. Bar honum því, eins og á stóð, að gefa sig fram til starfs síns á skipinu, áður en það hélt frá Dalvík. Þar sem áfrýjandi gerði það ekki, var skipstjóra rétt að víkja honum úr skiprúmi án fyrirvara. Samkvæmt þessu verður staðfest dómsorð hins áfrýjaða dóms, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað. Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði

stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorvaldur Baldvinsson, greiði stefnda, Aðalsteini Loftssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 4. desember 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 24. nóvember s.l., hefur Þorvaldur Baldvinsson sjómaður, Ásvegi 6, Dalvík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Eyjafjarðarsýslu með stefnu, útgefinni 22. ágúst 1966, á hendur Aðalsteini Loftssyni útgerðarmanni, Bjarkarbraut 3, Dalvík, til greiðslu skaðabóta vegna fyrirvaralausrar uppsagnar. Gerir stefnandi aðallega þær dómkröfur, að stefnda verði gerð að greiða honum kr. 156.944.95 í skaðabætur ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 tilgreiðsludags. Til vara krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 133.814.95 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 til greiðsludags, og til þrautavara er þess krafizt, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 15.694.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 5. september 1965 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í v/s Lofti Baldvinssyni til tryggingar öllum dæmdum fjárhæðum og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfum sínum á þann veg, að til viðbótar framangreindum kröfum krefst hann 7% orlofs.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar að mati dómsins, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða stefnanda hásetahlut, eins og hann var á v/s Lofti Baldvinssyni, EA 124, frá og með 5. september 1965 til 11. september 1965 og að málskostnaður verði niður felldur.

Eftir þingfestingu málsins var það með samkomulagi aðilja flutt í sjó- og verzlunardóm Akureyrar og rekið þar.

Stefnandi kveður málsatvik þau, að stefnandi hafi verið háseti á fiskiskipi stefnda, v/s Lofti Baldvinssyni, EA 124, sumarið 1965 og hafi hann lögskráðst á skipið í ársbyrjun sama ár. Hinn 29. maí 1965 hafi hann lögskráðst sem háseti á skipið til síldveiða með herpinót við Norður- og Austurland, að hann taldi til 31. desember 1965. Í byrjun síldarvertíðar hafi orðið samkomulag innan áhafnar skipsins um það, að hver skipverji fengi 15 daga sumarleyfi. Hafi skipstjóri, Gunnar Arason, látið þau orð falla, að hann léti þetta afskiptalaust, svo framarlega sem skipshöfnin héldi sinni réttu tölu, eða 12 mönnum.

Annan dag júlímánaðar 1965 kl. 1000 hafi skipið látið úr höfn að loknu verkfalli. Hafi stefnandi þá fengið leyfi skipstjóra til að vera í landi til 6. s. m., til þess að hann gæti verið við jarðarför ömmu sinnar, gegn því skilyrði, að hann fengi þann skipverja, sem átti sumarleyfi á þeim tíma, til þess að taka að sér störf hans. Kl. 2100 að kvöldi þess 6. júlí 1965 kveðst stefnandi samkvæmt boði skipstjóra hafa farið til Seyðisfjarðar og verið kominn að skipshlið kl. 0400 til 0500 nóttina á eftir. Telur stefnandi leyfi sitt í þetta sinn hafa verið um 5 sólarhringar. Stefnandi kveðst síðan hafa farið í sumarleyfi aftur 22. ágúst 1965, og taldi hann því eiga að ljúka 1. september s. á. V/s Loftur Baldvinsson lét úr höfn á Dalvík 30. ágúst, að hyggju stefnanda, og hélt á miðin við Jan Mayen.

Fimmta dag septembermánaðar næstan á eftir kveður stefnandi skipstjórann hafa hringt til sín um loftskeytastöð og tjáð sér, að hann þyrfti ekki að mæta til skips á ný, þar sem hann hefði ekki mætt til skips, er það var í Dalvíkurhöfn næst á undan. Kveðst stefnandi enga kvaðningu eða boð hafa fengið frá skipstjóra um að mæta til skips í það sinn.

Bótakröfu sína byggir stefnandi á því, að stefndi sem eigandi og útgerðarmaður Lofts Baldvinssonar, EA 124, beri bótaábyrgð á því, að honum var vikið úr starfi sínu þrátt fyrir gerðan ráðningarsamning út síldarvertíðina samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins, sbr. III. kafla laga nr. 66/1963.

Aðalkrafa stefnanda í málinu er við það miðuð, að hann fái fullan aflahlut frá brottvikningardegi, eða 5. september 1965, til loka síldarvertíðar, sem stefnandi telur vera áramót. Stefnandi kveður afla Lofts Baldvinssonar, EA 124, á framangreindu tímabili hafa verið eftirfarandi samkvæmt upplýsingum Fiskifélags Íslands.

Í bræðslu 17.182 mál á kr. 235.00, samtals	kr.	4.037.770.00
Uppsaltaðar tunnur 645 á kr. 350.00, samtals	—	225.750.00
Uppmældar tunnur 2.580 á kr. 257.00	—	663.060.00
Suðurlandssíld 166.610 kg. á kr. 1.40	—	223.254.00
Samtals	kr.	5.159.834.00

Samkvæmt síldarsamningi beri skipshöfn 36.5% af aflaverðmæti, eða í þessu tilfelli kr. 1.883.339.41, sem síðan skiptist í 12 staði, eða kr. 156.944.95 í hlut hvers skipverja, sem er hið sama og aðalkrafan nemur.

Varakrafa stefnanda er framangreindur aflahlutur að frádregnum hlut hans á báti hans, Sæbjörgu, EA 72, til 31. desember 1965, krónum 23.130.00.

Frá brottrekstrardegi til 24. s. m. kveðst stefnandi hafa verið atvinnulaus, en þá keypt 8 rúmlesta þilfarsbát og hafið róðra á honum 19. október 1965. Stefnandi kveður aflaverðmæti til áramóta hafa numið kr. 51.400.00, en þar af hafi hann greitt vinnulaun kr. 4.480.00 og annan kostnað kr. 11.319.00, kostnað vegna beitukaupa kr. 6.971.00 og fyrir olíur kr. 5.500.00. Stefnandi kveður nettóþénustu af útgerðinni enga hafa verið, því að hann hafi orðið að láta allt þetta kaup í viðgerðarkostnað á vél bátsins og í veiðarfæratap, en taprekstur orðið á útgerðinni, kr. 5.971.00.

Þrautavarakrafa stefnanda er meðalaflahlutur í 7 daga á tímabilinu frá brottrekstrardegi, 5. september 1965, til þess tíma, er skipið hætti síldveiðum, en þar til kveður stefnandi hafa liðið 70 daga, eða 10 vikur.

Stefndi skýrir svo frá, að á sumarsíldveiðum 1965 hafi skipverjar ýmissa síldveiðiskipa orðið ásáttir um að fara í frí til skiptis yfir sumarmánuðina. Svo hafi einnig verið á v/s Lofti Baldvinssyni, sem er eign stefnda, og hafi stefnandi verið í fríi síðustu daga ágústmánaðar. Stefndi kveður skipverja skipsins hafa rætt um það sín á milli, að eigi væri unnt að ákveða frí hvers skipverja upp á ákveðinn dag, þar eð taka yrði tillit til þess, hvar skipið væri að veiðum í hvert skipti, hvar aflanum væri landað o. þ. h. Kveður stefndi Loft Baldvinsson hafa komið til Dalvíkur með síld þann 30. og 31. ágúst. Þegar ákveðið var, hvenær skipið færi, hafi skipstjóri skipsins sent einn skipverjann, Friðgeir Höskuldsson, til stefnanda til að flytja honum þau boð, að hann skyldi mæta til skips. Hafi skipstjóri ákveðið að

kalla stefnanda til skips, þar eð veiðisvæði síldveiðiskipanna var á þessum tíma einkum við Jan Mayen og eigi víst, hvenær skipið yrði næst í höfn. Þann eina dag, sem stefnandi átti eftir af frii sínu, hafi skipstjóri ætlað að láta hann fá síðar, ef þannig hagaði til. Kveður stefndi Friðgeir Höskuldsson hafa flutt stefnanda þau boð skipstjóra, að hann ætti að mæta til skips, en hann sagðist eigi mundu mæta og hafði orð á því við Friðgeir, að það tæki því eigi fyrir sig að fara með skipinu, þar eð hann væri að hætta. Friðgeir hafi síðan flutt skipstjóra þessi boð stefnanda.

Telur stefndi, að stefnandi hafi með framangreindu hátterni sínu fyrirgert rétti sínum til að vera skipverji, þar eð víkja megi skipverja bótalaust úr skiprúmi, sem eigi mætir til skips, þegar hann er boðaður til skips af skipstjóra, sbr. 33. gr. sjómannalaga nr. 67/1963.

Er sýknukrafa stefnda byggð á þessu.

Varakrafa stefnda er á því byggð, að stefnandi hafi eigi verið ráðinn um ákveðinn tíma á v/s Loft Baldvinsson, og hafi því verið heimilt að segja honum upp starfi með viku fyrirvara, sbr. 13. gr. gildandi sjómannnalaga.

Skipstjórinn á v/s Lofti Baldvinssyni, Gunnar Arason, skýrði svo frá fyrir dómi, að hinn 29. ágúst 1965 hafi v/s Loftur Baldvinsson komið inn til Dalvíkur og landað þar. Að morgni hins 30. ágúst hafi Friðgeir Höskuldsson komið til sín og spurzt fyrir um, hvort hann ætti ekki að fara í frí. Kvaðst skipstjórinn þá hafa sagt Friðgeiri að fara til stefnanda og segja honum, að hann ætti að koma um borð, en Friðgeir ætti að fara í frí og að það ætti að fara til Jan Mayen. Kvaðst skipstjórinn hafa litið svo á, að hann væri að gefa stefnanda fyrirmæli um að mæta til skips án tillits til þess, hvernig stefnanda og Friðgeiri semdist um fríið sín á milli. Hann kvað Friðgeir hafa komið til sín eða hafa hitt stefnanda og tjáð sér, að stefnandi vildi ekki koma um borð. Hann kveðst hafa séð stefnanda tilsýndar á götu á Dalvík, er hann var á leið til skips, en ekki haft tal af honum þá. Hann kvaðst hafa lagt af stað kl. 1830 hinn 30. ágúst frá Dalvík á miðin við Jan Mayen. Hann kvaðst síðan hafa hringt í stefnanda utan af sjó og sagt honum upp starfinu.

Skipstjórinn kvaðst hafa ráðið stefnanda til óákveðins tíma á síldveiðarnar norðan- og austanlands. Hann kvað algengt að hásetar segðu upp starfi sínu með viku fyrirvara, meðan á umræddum veiðum stæði. Skipstjórinn kvað það ekki hafa verið venju að hringja í skipsmenn fyrirfram, þegar þeir áttu að mæta

til skips úr fríum sínum, þegar komið var til hafnar þeirrar, sem þeir áttu heima.

Skipstjórinn kvað 13—14 daga hafa verið liðna af sumarfríi stefnanda, er hann lét boða hann til skips.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að Friðgeir Höskuldsson, skipsfélagi hans, hafi komið til hans, þrem dögum áður en sumarleyfi hans átti að ljúka, þar sem hann var við vinnu sína ásamt Gunnari Jónssyni, en þeir unnu við smíðar í íbúð stefnanda. Kvað stefnandi Friðgeir hafa farið þess á leit við sig, að hann færi strax um borð, svo að hann, Friðgeir, gæti tekið sumarleyfi sitt. Stefandi kvaðst ekki hafa getað orðið við þeirri beiðni, þar sem svo stóð á með bygginguna. Stefnandi kvað Friðgeir aldrei hafa borið sér þau orð skipstjóra, að honum bæri að koma þá strax um borð.

Vitnið Gunnar Jónsson hefur staðfest þá frásögn stefnanda, að Friðgeir Höskuldsson hafi komið til þeirra, þar sem þeir voru við vinnu sína, og farið þess á leit við stefnanda, að hann, Friðgeir, gæti tekið sumarleyfi sitt, en stefnandi kvað sér ómögulegt að fara til skips fyrr en að loknu sumarleyfi.

Vitnið kvað Friðgeir aldrei hafa borið stefnanda þau orð skipstjóra, að hann skyldi mæta til skips þá strax, en vitnið kvaðst gerla hafa heyrt, hvað þeim fór í milli.

Vitnið Friðgeir Höskuldsson skýrði svo frá, að hann hefði átt að fara í frí, er fríi stefnanda lyki. Er v/s Loftur Baldvinsson kom inn til Dalvíkur síðast í ágúst, kvaðst vitnið hafa spurt skipstjórann, hvort ekki væri í lagi, að hann færi nú í frí, en skipstjóri hefði sagt það í lagi og beðið hann að hafa samband við stefnanda og tilkynna honum það. Vitnið kvaðst hafa hitt stefnanda að máli, en stefnandi hafi þá sagt, að hann væri ekki búinn með fríið og mundi því ekki fara um borð.

Vitnið kvað skipstjóra einungis hafa beðið sig að láta stefnanda vita, að það væri að fara í frí. Um boð eða skipun hafi ekki verið að ræða.

Stefnandi og vitnið Gunnar Jónsson hafa enn fremur skýrt frá því, að þeir hafi hitt skipverja af v/s Lofti Baldvinssyni, þ. á m. skipstjórann, síðar sama daginn og Friðgeir kom að máli við stefnanda og hafi þá ekkert verið minnzt á það, að stefnandi skyldi koma um borð.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir ekki sannað, að stefnandi hafi fengið boð frá skipstjóra v/s Lofts Baldvinssonar um að mæta til skips í umrætt sinn, og ber stefnda því að

greiða stefnanda skaðabætur vegna uppsagnarinnar. Verður sýknukrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Lögð hafa verið fram í málinu vottorð lögskráningarmanns um lögskráningu stefnanda á v/s Loft Baldvinsson hinn 29. maí 1965, enn fremur ljósrit af skipshafnarskrá. Samkvæmt gögnum þessum hefur verið skráð í dálk nr. 6 í skipshafnarskránni, þ. e. ferð sú eða farleið, sem sjómaðurinn er ráðinn til, „síldveiðar með herpinót við Norður- og Austurland". Í dálk nr. 10 er hins vegar ekkert skráð, en þar ber að skrá, hvenær vistmánuður endar, sé skráð ákveðinn tíma. Í dálki nr. 11 segir, að vátryggt sé til 31. desember 1965.

Í vottorði Sjóvátryggingarfélags Íslands, sem lagt er fram í málinu, segir, að tryggingar þær, er um ræðir á v/s Loft Baldvinsson á árinu 1965, hafi verið teknar um áramótin 1964/1965, og skyldu þær gilda fyrir allt að 13 manna áhöfn. Tekið er fram, að aðeins sé tryggður viss fjöldi manna, en ekki sérstakir menn.

Komið hefur fram í málinu, að ekki sé óalgengt að hásetar á síldveiðum norðan- og austanlands segi upp starfi sínu með viku fyrirvara, áður en vertíð lýkur, og er það í samræmi við álit hinna sérfróðu meðdómsmanna.

Samkvæmt framansögðu verður að fallast á það með stefnda, að stefnandi hafi verið ráðinn til óákveðins tíma og hafi því aðeins átt rétt á viku uppsagnarfresti, sbr. 13. gr. laga nr. 67/1963.

Stefnandi á því að fá greiddan aflahlut, eins og hann var á v/s Lofti Baldvinssyni í eina viku frá 5. september 1965, en þann dag telst stefnanda hafa verið sagt upp starfinu.

Samkvæmt upplýsingum stefnda hefur afli v/s Lofts Baldvinssonar á tímabilinu 5.—11. september 1965 verið þessi:

1. 5. september landaði skip 790 mál á kr. 202.00 .. kr. 159.580.00
2. 11. september landaði skip 353 mál á kr. 202.00 — 71.104.00

Samtals kr. 230.684.00

Hlutur háseta á v/s Lofti Baldvinssyni úr ofangreindu aflamagni:

Hlutaskipti 36.5% í 12 staði, eða 3.041% pr. mann,
230.684.00×3.041 = ... kr. 7.015.10
Orlof 7% .. .. — 491.06

Samtals kr. 7.506.16

Þessum upplýsingum stefnda hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefnanda, og verða þær því lagðar til grundvallar í málinu. Stefndi hefur ekki haft uppi kröfu um, að frá verði dreginn fæðiskostnaður.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda til greiðslu á kr. 7.506.16 auk 7% ársvaxta frá 11. september 1965 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Stefnandi á sjóveðrétt í v/s Lofti Baldvinssyni, EA 124, til tryggingar fjárhæðum þessum, sbr. 2. tölulið 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Dómsorð:

Stefndi, Aðalsteinn Loftsson, greiði stefnanda, Þorvaldi Baldvinssyni, kr. 7.506.16 ásamt 7% ársvöxtum frá 11. september 1965 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Stefnandi á sjóveðrétt í v/s Lofti Baldvinssyni, EA 124, til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1968.

Nr. 31/1968. **Einar Guðfinnsson h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Borgþóri Sigfússyni
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. janúar

s. á. Krefst hann sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, var áfrýjandi hæstbjóðandi í bátinn Sæúlf, GK 43 (áður Hugrúnu, ÍS 7), á nauðungaruppboði, er fram fór hinn 9. október 1964, og krafðist hann þess þá, að báturinn yrði lagður honum út sem ófullnægðum veðhafa. Boð áfrýjanda í bátinn var samþykkt, en hvenær það var, kemur ekki fram í héraðsdómi og eigi heldur, hvenær stefndi lýsti eignarrétti sínum til línuspils þess, sem í bátnum var, er hann var boðinn upp. Þá er eigi upplýst, hvenær áfrýjandi veitti bátnum móttöku, og ekki hefur verið aflað aðiljaskýrslna af hendi fyrirsvarsmanna áfrýjanda.

Þar sem mál þetta er svo vanreifað sem að framan getur, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins frá og með þinghaldi 22. júní 1967 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 22. júní 1967 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Stefndi, Borgþór Sigfússon, greiði áfrýjanda, Einari Guðfinnssyni h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júní 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. þ. m., hefur Borgþór Sigfússon, Skúlaskeiði 14, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. september 1966, gegn Einari Guðfinnssyni

h/f, Bolungarvík, og gert þær réttarkröfur, að stefnda verði gert að greiða kr. 30.000.00 auk 8% ársvaxta frá 9. október 1964 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt þess, að hann verði algerlega sýknaður og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Reynt hefur verið að koma á sátt í málinu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Samkomulag er með aðiljum að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, að á nauðungaruppboði, sem fram fór í uppboðsrétti Hafnarfjarðar hinn 9. október 1964, var boðinn upp vélbáturinn Sæúlfur, GK 43 (áður Hugrún, ÍS 7). Eigandi bátsins og útgerðarmaður var Sigurður Sigurjónsson skipstjóri, Hafnarfirði, og hafði hann áður keypt hann af stefnda í máli þessu. Er báturinn var boðin upp, var í honum línuspil, sem þeir Sigurður Sigurjónsson og stefnandi máls þessa áttu í óskiptri sameign. Hafði spil þetta áður verið í v/b Vonarstjörnunni, sem Sigurður þessi og stefnandi áttu saman. Hafði Sigurður Sigurjónsson fengið leyfi til að taka spilið úr v/b Vonarstjörnunni og setja það í v/b Sæúlf, GK 43 (ex Hugrúnu, ÍS 7), og nota það þar í um það bil viku tíma, á meðan hann biði eftir nýju spili fyrir skipið. Ekki varð úr, að spilinu væri skilað, og var það enn í bátnum, er hann var boðinn upp á fyrrgreindu nauðungaruppboði, svo sem áður getur. Á uppboði þessu varð stefndi hæstbjóðandi með kr. 2.100.000.00, og var það boð hans samþykkt. Stefnandi var ekki við uppboðið, en eftir að hann komst að raun um, að spilið hafði verið í bátnum, þegar nauðungaruppboðið fór fram, kom hann eignarréttarkröfu sinni að hjá uppboðsréttinum.

Eftir að boð stefnda í bátinn hafði verið samþykkt, krafðist hann jafnframt útlagningar sem ófullnægður veðhafi. Hinn 1. marz 1965 var báturinn lagður stefnda út sem ófullnægðum veðhafa. Hafði þá krafa stefnanda viðvíkjandi spilinu borizt uppboðsréttinum, en lögmaður stefnda (útlagningarhafa) hafði mótmælt henni sem órökstuddri og of seint fram kominni. Af þessu tilefni bókaði uppboðshaldari m. a. svofelldan fyrirvara í uppboðsbók, áður en hann lagði stefnda út bátinn til fullrar eignar og umráða sem ófullnægðum veðhafa. „... Fyrirvari er gerður af hálfu uppboðshaldara um eignarrétt að vökvaspili, sem talið er hafa verið í bátnum, er uppboð fór fram".

Ágreiningslaust er, að spilið hafi verið í bátnum, er stefnda

var lagður hann út. Kveðst stefnandi margoft hafa boðið stefnda að selja honum sinn hluta í spilinu, þ. e. helminginn, en án árangurs. Stefnandi kveður sér heldur ekki hafa tekizt að ná rétti sínum með því að fá spilið selt á uppboði til slita á sameigninni, þar sem stefndi seldi spilið með bátnum, áður en það tækist. Umboðsmaður stefnanda hafði óskað eftir slíku uppboði með bréfi til lögreglustjórans í Bolungarvík, dags. 13. maí 1966. Í svarbréfi lögreglustjórans í Bolungarvík, dags. 20. maí 1966, er þess getið, að báturinn hafi verið seldur til Vestmannaeyja í janúarmánuði 1966.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að hann hafi verið eigandi að hálfu framangreindu spili, þegar nauðungaruppboðið fór fram. Sá eignarréttur hafi hvorki fallið niður við nauðungaruppboðið né útlagninguna, enda eigi traustnámsreglur hér ekki við, en auk þess hafi fyrirvari verið gerður um eignarréttinn að spilinu, þá útlagningin fór fram, og sé því útilokað, að stefndi hafi verið í góðri trú um þetta efni, er hann eignaðist bátinn.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að vökvaspil hafi verið í skipinu, þegar hann hafi selt það Sigurði Sigurjónssyni. Hann hafi síðan keypt skipið aftur á nauðungaruppboði ásamt öllu fylgifé þess, þ. á m. spili því, sem í því hafi verið, og ekki vitað annað, þegar uppboðið fór fram, en það væri sama spilið, er í skipinu hafði verið.

Stefndi hafi því orðið eigandi spilsins við uppboðið, þar sem það hafi verið einn hluti skipsins, áfast við það. Auk þess bendir stefndi á það, að eldra spil hafi verið tekið úr skipinu, eftir því sem stefnandi upplýsti, en ekkert komið í staðinn. Af þessum sökum heldur stefndi því fram, að stefnandi eigi ekki beina kröfu á hendur sér, en hins vegar kunni hann að eiga skaðabótakröfu á hendur Sigurði Sigurjónssyni.

Þegar stefnda var veitt útlagningarafsal fyrir skipinu, hafði stefnandi sett fram kröfu sína til eignarréttar í margnefndu spili. Í útlagningarafsalið var skráður fyrirvari um þetta atriði svo og önnur og það fram tekið, að stefndi eignaðist skipið með framangreindum skilmálum. Af þessum sökum verður ekki talið, að eignarréttur stefnanda í spilinu hafi við útlagninguna færzt yfir til stefnda fyrir traustfang. Á stefnandi því nú kröfurétt á hendur stefnda um helming andvirðis spilsins, enda verður úr því sem komið er eigi gagnvart stefnda beitt öðrum rétti.

Verður dómkrafa stefnanda, sem eigi hefur sætt tölulegum and-

mælum, því tekin til greina, enda var stefnanda rétt að sækja stefnda í venjulegu dómsmáli, úr því að uppboðshaldari felldi ekki á sínum tíma úrskurð um kröfu hans.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi er dæmdur til að greiða stefnanda kr. 30.000.00 með 8% ársvöxtum frá 9. október 1964 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að gjalda stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 7.500.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Gunnari Bjarnasyni verkfræðingi og Þórði Gröndal verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Einar Guðfinnsson h/f, greiði stefnanda, Borgþóri Sigfússyni, kr. 30.000.00 með 8% ársvöxtum frá 9. október 1964 til greiðsludags og kr. 7.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1968.

Nr. 203/1968. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Gísla Ólafi Gíslasyni
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir áfrýjun málsins hafa þeir Herbert Árnason lögregluvarðstjóri og lögreglumennirnir Halldór Ársæll Jensson og Vilhjálmur Grétar Árnason, sem fjölluðu um mál ákærða, komið fyrir dóm og borið vætti. Eru þeir samsaga um að

„hafa séð greinileg áfengisáhrif á ákærða", er hann var handtekinn og fluttur á lögreglustöðina í Keflavík 1. ágúst 1967.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Ólafur Gíslason, sæti varðhaldi 15 daga.

Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 12. júní 1968.

Árið 1968, miðvikudaginn 12. júní, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður var á skrifstofu embættisins af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 117/1968: Ákæruvaldið gegn Gísla Ólafi Gíslasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Gísla Ólafi Gíslasyni vélstjóra, Stafnesvegi 1, Sandgerði, fyrir að aka þriðjudaginn 1. ágúst 1967 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 4188 frá heimili sínu í Sandgerði áleiðis til Keflavíkur allt þar til lögreglan kom í veg fyrir frekari akstur hans á Sandgerðisheiði við mót Keflavíkurvegar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 6. júlí 1922 í Sandgerði, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1943 18/5 í Reykjavík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 15/1 í Reykjavík: Dómur aukaréttar: 3ja mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1947 8/12 Í Reykjavík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1951 1/10 í Hafnarfirði: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1953 17/10 í Hafnarfirði: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1960 5/4 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. umferðarlaga.

1961 10/6 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 15 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 1 ár, að frádregnum á mánuðum og 13 dögum, fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum, frá dómsbirtingu. (Dómsbirting 28. 7. 1965).

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 1. ágúst 1967 kl. 1850 var lögreglunni í Keflavík tilkynnt, að rauð pall-bifreið væri á leið til Keflavíkur frá Sandgerði og væri ökumaður hennar sennilega ölvaður. Hófu lögreglumenn þegar leit að bifreiðinni og stöðvuðu skömmu síðar rauða pall-bifreið, sem bar skrásetningarmerkið G 4188, á Sandgerðisheiði.

Reyndist ökumaður hennar vera ákærði í máli þessu, og fundu lögreglumennirnir talsverða áfengislykt af honum og sáu, að hann var valtar á fótum. Hann var því færður til læknis, sem tók úr honum blóð til alkóhólrannsóknar, og enn fremur var tekin af honum varðstjóraskýrsla.

Í varðstjóraskýrslu er ástandi ákærða svo lýst, að lítils háttar áfengisþefur hafi verið af andardrætti hans, andlit eðlilegt, fatnaður velktur, framkoma kurteis, augu vot, jafnvægi óstöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Hér fyrir dómi hefur ákærði lýst málsatvikum svo, að aðfaranótt þriðjudagsins 1. ágúst s.l. hafi hann verið við vinnu og ekkert sofið þann dag. Um kl. 1200 sama dag kvaðst ákærði hafa hafið víndrykkju og drukkið dálítið úr glasi af whisky fram til klukkan 1430, en annars verið úti við að mála girðingu hússins nr. 1 við Stafnesveg í Sandgerði.

Ákærði kvaðst hafa um kl. 1830 tekið bifreið sína G 4188 og ekið henni áleiðis til Keflavíkur, en drukkið skömmu áður hálft glas af whisky. Leiðin, sem hann kveðst hafa ekið, var frá

heimili hans að Stafnesvegi 1 að vegamótum Keflavíkurvegarins, sem liggur af heiðinni, og að Rockville ratsjárstöð varnarliðsins.

Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og ekki hafa neytt áfengis við aksturinn né að honum loknum.

Í blóðsýnishorni því, sem tekið var úr ákærða í umrætt sinn, fundust við alkóhólrannsókn reducerandi efni, sem samsvara 0.96‰ af alkóhóli.

Með eigin framburði ákærða, skýrslu lögreglunnar og niðurstöðu alkóhólrannsóknar er nægilega sannað, að ákærði hefur gerzt sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, og hefur með því brotið þau refsiákvæði, sem þar eru rakin.

Þann 10. júní 1961 var ákærði með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu dæmdur í 15 daga varðhaldsrefsingu og sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dómsins, 28. júlí 1965, þó að frádregnum 5 mánuðum og 13 dögum. 22. febrúar 1966 var varðhaldsrefsingunni með náðun breytt í 5.000.00 króna sekt, sem ákærði greiddi að fullu 24. maí sama ár.

Ákærði hefur í máli þessu krafizt vægustu refsingar og leggur áherzlu á, að fyrrnefndur dómur hafi ekki ítrekunaráhrif, þar eð meir en 5 ár eru liðin frá dómsuppsögu og megi ekki miða við dómsbirtingu, þar eð ákærði hafi allan tímann frá dómsuppsögu og fram að dómsbirtingu verið búsettur í Sandgerði og því engin vandkvæði verið á því að birta ákærða dóminn fyrr.

Dómarinn hafði samband við dómarann í fyrrgreindu máli, og upplýsti hann, að dráttur hefði orðið á birtingu dómsins og hefði sú frestun á birtingu orðið vegna þess, að ákærði var um lengri tíma háður bifreið vegna meiðsla, sem hann hlaut í bílslysi, og frestunin verið gerð í samráði við dómsmálaráðuneytið og einungis fyrir slæmar ástæður hjá ákærða, svo að hann mætti aka bifreið, meðan hann væri að jafna sig eftir meiðslin.

Með vísun til 71. gr., 3. mgr., hegningarlaga nr. 19/1940 verður margnefndur dómur frá 10. júní talinn hafa ítrekunaráhrif, þar eð ekki eru liðin full 5 ár frá því, að refsingin samkvæmt honum var úttekin.

Refsing ákærða þykir því samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga hæfilega ákveðin 10 daga varðhald.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá 9. febrúar 1968.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Vilhjálms Þórhallssonar, sem ákveðast kr. 3.500.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gísli Ólafur Gíslason, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er frá 9. febrúar 1968 að telja sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Vilhjálms Þórhallssonar, kr. 3.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1968.

Nr. 218/1968. **Karl Jónsson**
gegn
Fiskiðjunni h/f

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. október 1968, sem barst Hæstarétti 20. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b., laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að efni til. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að ákvæði héraðsdóms um frávísun verði staðfest og að sóknaraðilja verði gert að greiða honum málskostnað í héraði svo og kærumálskostnað.

Auglýsingin um skiptafundinn 19. september 1968, sem taka skyldi ákvörðun um aðild þrotabúsins að riftunarmálinu, var ekki skýr um það efni né birt á lögmætan hátt, er um svo mikilvæga ráðstöfun var að tefla, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1943, enda voru lánardrottnum ekki sendar sérstakar tilkynningar um fundinn. Með þessari athugasemd og að öðru

leyti með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um frávísun málsins frá héraðsdómi.

Varnaraðili hefur ekki kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms, og verður kröfu hans um málskostnað í héraði því ekki sinnt.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. október 1968.

Mál þetta var dómtekið 20. september s.l. Það er höfðað með stefnu, birtri 3. febrúar 1968. Stefnandi málsins er Karl Jónsson, Seyðisfirði. Stefndi er Fiskiðjan h/f í Vestmannaeyjum.

I.

Um efnishlið málsins.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að neðnagreindum kaupsamningi, dags. 28. desember 1966, verði rift, að stefnda verði gert að greiða þrotabúi Friðriks Jörgensens kr. 2.244.000.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 28. desember 1966 til greiðsludags og að stefnda verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu. Stefndi hefur krafizt þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Til vara hefur stefndi krafizt þess, að honum verði heimilað að skuldajafna hinni stefndu kröfu við kröfur stefnda á hendur þrotabúi Friðriks Jörgensens, en að málskostnaður verði felldur niður.

Samkvæmt sóknarskjölum eru málavextir og málsástæður þær, að með kaupsamningi, dags. 28. desember 1966, hafi Friðrik Jörgensen, sem hafi rekið mikla útflutningsverzlun í Reykjavík um nokkurra árabil, selt stefnda í máli þessu 110 smálestir af þurrkuðum smáfiski (bútung), sem verið hafi til verkunar, þurrkunar og pökkunar í fiskverkunarstöð bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, Hafnarfirði. Upplýst er í málinu, að fiskur þessi er enn til í vörzlum Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar. Umsamið kaupverð hafi verið kr. 2.244.000.00, en hafi getað orðið hærra eða lægra, eftir

því hvaða verð fengist fyrir fiskinn við endanlega afskipun til útflutnings samkvæmt nánari ákvæðum kaupsamningsins. Þá hafi í kaupsamningnum verið svo um samið, að kaupverð fisksins gengi til að lækka skuld seljanda við stefnda. Þann 14. apríl 1967, eða aðeins 3 mánuðum og 16 dögum eftir að samningurinn hafði verið gerður, hafi bú Friðriks Jörgensens verið tekið til gjaldþrotaskipta og á skiptafundi í búinu þann 12. febrúar 1968 hafi stefnanda verið heimilað að höfða mál þetta til riftingar á umræddum samningi, en búinu þó að skaðlausu.

Stefnandi heldur því fram, að umræddur samningur hafi verið gerður eingöngu í þeim tilgangi að ívilna stefnda á hinn grófasta hátt á kostnað annarra skuldheimtumanna búsins, og beri því að rifta honum með dómi og dæma stefnda til að greiða búinu andvirði vörunnar.

Stefnandi kveður riftunarkröfu sína aðallega byggjast á 19. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 25/1929. Þannig sé ljóst, að samningurinn hafi verið gerður á síðustu sex mánuðum, áður en skiptin byrjuðu. Enn fremur, að fiskur sá, sem seldur hafi verið, sé „óvenjulegur gjaldeyrir" í merkingu laganna. Fyrirtæki stefnda starfræki ekki útflutningsverzlun með fisk, en það hafi þrotamaður hins vegar gert, enda hafi hann annazt um allan útflutning á framleiðsluvörum stefnda og þannig hafi krafa stefnda á hendur honum myndazt, að þrotamaður hafi ekki staðið skil á andvirði hinna seldu afurða.

Þrotamanni hafi að sjálfsögðu borið að greiða andvirðið í peningum, enda hafi það verið venja í viðskiptum þeirra.

Þá telur stefnandi enn fremur, að riftunarkrafan verði byggð á 23. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Heldur stefnandi því fram, að þrotamaður hafi, þegar samningurinn var gerður, séð fyrir gjaldþrotið. Hann hafi, löngu áður en gjaldþrotið varð, verið kominn í mjög alvarlega fjárhagslega erfiðleika og viðskiptabanki hans hafi kært hann fyrir sakadómi fyrir meint fjársvik, aðeins fimm dögum áður en samningurinn var gerður. Fyrirsvarsmenn stefnda hafi haft mikil og náin skipti við þrotamann á þessum tíma, enda hafi þrotamaður verið hluthafi í félaginu, og heldur stefnandi því fram, að fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið fullkunnugt um, að þrotamaður hafi verið kominn í algert greiðsluþrot, þegar samningurinn var gerður.

Áðurnefndur kaupsamningur hljóðar svo:

„Neðanskráðir aðilar, Friðrik Jörgensen, útflutningsverzlun í Reykjavík, og hér eftir nefnd seljandi, og Fiskiðjan h/f í Vest-

mannaeyjum, og hér eftir nefnd kaupandi, gera með sér svofelldan samning:

1. gr.

Kaupandi kaupir og seljandi selur ca. 110 smálestir af þurrverkuðum smáfiski (bútung), sem nú er til verkunar, þurrkunar og pökkunar í fiskverkunarstöð Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar í Hafnarfirði. Geymsluvottorð forstöðumanns Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, er greinir nánar um magn hins selda, fylgir samningi þessum og skoðast sem hluti hans.

2. gr.

Kaupverð framangreindra afurða, kr. 2.244.000.00, hefur kaupandi greitt með því að lækka skuld seljanda við kaupanda um sömu fjárhæð.

3. gr.

Seljandi hefur samið við Bæjarútgerð Hafnarfjarðar í Hafnarfirði um að fullverka, þurrka, pakka og geyma framangreindar fiskafurðir og hefur þegar greitt fyrirfram vegna verkunarinnar kr. 150.000.00 af kr. 400.000.00, sem Bæjarútgerðin hefur gert samning um við kaupanda og skuli vera fullnaðargreiðsla fyrir verkunina.

Seljandi sér um efndir samnings síns gagnvart Bæjarútgerðinni, en framselur kaupanda réttindi sín gagnvart honum.

4. gr.

Kaupandi felur seljanda að hafa fyrir sína hönd meðalgöngu um sölu framangreindra afurða. Fáist við þá sölu hærra verð fyrir afurðirnar en það, sem lagt er til grundvallar samkvæmt 2. gr. hér að framan (þ. e. kr. 24.00 pr. kg. að frádregnum 15%) eða magn hins selda reynist meira en áætlað er í 1. gr., skal þá endanlegt söluverð alls hins selda renna til kaupanda, enda lækki þá skuld seljanda að sama skapi.

Á sama hátt skal skuld seljanda aftur hækka að sama skapi, reynist söluverð lægra en við er miðað í 2. gr. eða magn minna en ráð er fyrir gert samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Nú verður ákveðið af hálfu hins opinbera að greiða uppbætur vegna verkunar á hinum seldu afurðum, og skulu þá uppbætur þær allar renna til kaupanda, enda lækki hann þá skuld seljanda sem þeim nemur.

6. gr.

Seljandi ábyrgist áframhaldandi geymslu hins selda í fiskverkunarstöð Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, þar til afskipun til útflutnings fer fram, svo og að tryggingar afurðanna til þess tíma séu í lagi og afhendir kaupanda tryggingarskírteini þar um með árituðu framsali.

7. gr.

Rísi mál vegna samnings þessa, skal það rekið á bæjarþingi Reykjavíkur, og þarf ekki að leggja það til sátta fyrir sáttamenn.

Samningur þessi er í tveimur samhljóða eintökum, sínu handa hvorum aðila".

Stefndi hefur gert þá grein fyrir kröfu sinni um sýknu, að hann hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að Friðrik Jörgensen ætti fyrir skuldum, þegar framangreindur samningur hafi verið gerður 28. desember 1966. Hefur stefndi bent á nokkur atriði til stuðnings fullyrðingu sinni, en þau sjónarmið verða ekki rakin nánar hér. Þá hefur stefndi einnig haldið því fram, að greiðslan hafi ekki, eins og á stóð, verið óvanalegur gjaldeyrir í viðskiptum aðilja.

II.

Um formhlið málsins.

Með greinargerð, framlagðri 25. marz 1968 á bæjarþingi Reykjavíkur, hefur stefndi krafizt frávísunar málsins og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins úr hendi stefnanda.

Í þessum þætti málsins hefur stefnandi krafizt þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og að málskostnaður verði tildæmdur honum við endanlegan dóm í málinu.

Reynt var að sætta aðilja, en sú viðleitni bar ekki árangur.

Umboð stefnanda til málshöfðunar þessarar byggði hann upphaflega á heimild skiptaréttar Reykjavíkur frá 12. janúar 1968.

Í endurriti því úr skiptabók Reykjavíkur, sem lagt hefur verið fram í málinu, segir um heimild þessa á þá leið, að skiptaráðandi hafi gert fyrirspurn til þeirra Skúla J. Pálmasonar héraðsdómslögmanns og Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, hvort umbjóðendur þeirra væru viðbúnir að reka riftunarmál búinu að skaðlausu, ef heimild yrði veitt. Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður hafi þá lýst því yfir, að umbjóðendur hans mundu viðbúnir að höfða riftunarmál á eigin kostnað, ef heimild fengist til þess. Leitað hafi verið álits fundarmanna, hvort heimila ætti framangreinda málssókn búinu að kostnaðarlausu. Mótmæli hafi komið fram frá Sveini Snorrasyni hæstaréttarlögmanni

f. h. umbjóðenda sinna, þ. á m. stefnda í máli þessu. Skiptaráðandi hafi ákveðið að veita Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Karls Jónssonar heimild til að höfða mál til riftunar á sölusamningi gjaldþrota og Fiskimjölsverksmiðjunnar og Fiskiðjunnar í Vestmannaeyjum, dagsettum 28. desember 1966, búinu að kostnaðarlausu, enda skyldi það fé, sem kynni að fást við riftunina, renna í búið.

Hinn 25. janúar 1968 ritaði umboðsmaður stefnda skiptarétti Reykjavíkur bréf út af afgreiðslu skiptafundar 12. janúar 1968. Bréf þetta er svohljóðandi:

„Efni: Þrotabú Friðriks Jörgensen: Afgreiðsla skiptafundar 12. janúar 1968 á heimild til hæstaréttarlögmanns Guðjóns Steingrímssonar um að höfða mál til riftunar samninga.

Jafnframt því að vísa til mótmæla þeirra, er ég hafði uppi á skiptafundi 12. janúar s.l. gegn veitingu heimildar til handa hrl. Guðjóni Steingrímssyni til þess í nafni þrotabúsins að höfða mál til riftunar samningum gjaldþrota, Friðriks Jörgensen, við umbj. mína, Fiskiðjuna h/f og Fiskimjölsverksmiðjuna h/f í Vestmannaeyjum, hinn 28. desember 1966, leyfi ég mér enn á ný að ítreka mótmæli mín og vil til viðbótar fyrri ábendingum mínum styðja mótmæli mín neðangreindum rökum:

1. Ég tel, að hér sé um svo veigamikla ráðstöfun að ræða, að nauðsynlegt hafi verið að geta hennar í fundarboði. Ég tel enn fremur, að fundinn hefði átt að boða sérstaklega, en mér er ekki kunnugt um, að neinum kröfuhafa hafi verið send fundarboð, skriflega ellegar með auglýsingu, en ákvörðun einungis tekin á næsta fundi á undan, þ. e. a. s. hinn 8. desember 1967, en fundarboð síðan ekki sent. Voru enda, eins og bókun fundar ber með sér, ekki nema örfáir mættir á fundinum. Ég geri því þegar af þessari ástæðu kröfu til þess, að afstaða fundarins verði endurskoðuð og öllum skuldheimtumönnum gefinn kostur á að tjá sig um þessa ráðstöfun.

2. Á skiptafundi 12. janúar s.l. lýsti hrl. Guðjón Steingrímsson því yfir, að hann væri reiðubúinn til þess að taka að sér fyrir hönd búsins og því að skaðlausu að höfða riftunarmál á hendur umbj. mínum. Ég hygg, að fundarmenn allir hafi skilið hæstaréttarlögmanninn svo, að hann ætlaði persónulega að ábyrgjast skaðleysi búsins.

Mér hafa í gær borizt tvær stefnur, gefnar út af Karli Jónssyni, Seyðisfirði, fyrir hönd þrotabús Friðriks Jörgensen í Reykjavík gegn umbj. mínum, Fiskiðjunni h/f og Fiskimjölsverksmiðj-

unni h/f í Vestmannaeyjum. Ég vefengi, að aðili þessi sé það fjárhagslega vel stæður, að hann geti haldið búinu skaðlausu af afleiðingum málshöfðana þessara. Í því sambandi vil ég vekja athygli á því, að reynt hefur verið nú í heilt ár að selja fisk þann, er Fiskiðjan h/f keypti af gjaldþrota í desembermánuði 1966. Sem kunnugt er hafa skreiðarmarkaðir verið svo til lokaðir allt síðastliðið ár. Eftir þrotlausar tilraunir, erfiði og fjárútlát eygja umbj. mínir nú möguleika á að selja fisk þennan fyrir um það bil 170 sterlingspund lestina með áföllnum kostnaði og vátryggingu á ákvörðunarstað. Ef riftunarmál yrði nú höfðað og það tapaðist af búinu, yrði stefnandi að sjálfsögðu að bæta tjón það, er af því leiddi, auk málskostnaðar, en ég vefengi sem fyrr segir, að Karl Jónsson á Seyðisfirði hafi til þess bolmagn og þykir því rétt bæði vegna búsins og umbj. minna, að gerð verði krafa um, að hann setji nægilega tryggingu fyrir skaðleysi búsins. Ef mál þetta hins vegar ynnist af búinu, hefur búið að vísu fiskinn með áföllnum kostnaði, en hann er þegar orðinn all verulegur.

3. Ég hefi ítrekað gert kröfur til skiptaráðanda um, að aflað væri úr vörzlu sakadóms viðskiptamannareikninga gjaldþrota. Þeir reikningar hafa enn ekki verið lagðir fram í skiptaréttinum. Þá hefur í annan stað ekki verið staðreynt neitt um lýstar kröfur í búið ellegar hverjar kröfur búið kann að eiga á hendur þriðja manni. Einnig með hliðsjón af þessu atriði tel ég ekki tímabært, að nú sé tekin ákvörðun um málshöfðun á hendur umbj. mínum til riftunar á fyrrgreindum samningum.

4. Ég geri kröfu til þess, að skiptaráðandi kynni sér til hlítar efni og aðdraganda samninga þeirra, er gerðir hafa verið við umbj. mína, og kynni niðurstöðu þeirrar athugunar fyrir umboðsmönnum skuldheimtumanna, áður en rasað er að ástæðulausu í málshöfðanir, sem ef til vill eru algerlega óþarfar, er gætu leitt til verulegra fjárútláta fyrir búið sjálft. Ég ítreka að lokum kröfu mína um endurskoðun á afgreiðslu fundarins 12. janúar s.l. og vænti þess, að skiptarétturinn fresti ákvörðun sinni í þessu efni þar til að betur athuguðu máli og eftir að hafa sent öllum umboðsmönnum skuldheimtumanna búsins fundarboð og gefið þeim kost á að taka afstöðu til málsins.

Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að láta í té allar upplýsingar, er ég má".

Föstudaginn 26. janúar 1968 var skiptaréttur Reykjavíkur haldinn á ný. Var þá m. a. tekið fyrir ofangreint bréf Sveins Snorrasonar hæstréttarlögmanns, dags. 25. janúar 1968. Í endur-

ritinu úr skiptabók Reykjavíkur segir m. a. um þetta efni, að lesið hafi verið bréf Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, dags. 25. janúar 1968. Efni bréfsins hafi verið rætt og hafi Sveinn Snorrason haldið fram þeirri skoðun sinni, að óheppilegt væri að hrapa að málssókn þeirri til riftunar á samningum gjaldþrota við Fiskiðjuna í Vestmannaeyjum og Fiskimjölsverksmiðjuna. Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður hafi sýnt í dóminum tvær stefnur, dags. 22. janúar 1968, sem vörðuðu riftun á ofangreindum samningum. Skiptaráðandi hafi sagzt mundu ræða við Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmann um stefnur þessar, hvort þær væru í samræmi við heimild þá, sem honum hafði verið veitt á skiptafundi 12. janúar 1968. Hafi atriði þessu verið slegið á frest og yrði það lagt fyrir annan skiptafund, sem haldinn yrði, áður en málin yrðu tekin fyrir í bæjarþinginu.

Samkvæmt skjölum málsins hefur lögmaður stefnda enn sent skiptaráðandanum í Reykjavík bréf, dags. 8. marz 1968, þar sem skiptaréttur er m. a. beðinn um að staðfesta það, að samrit af stefnum Karls Jónssonar, dagsettum 22. janúar 1968, á hendur Fiskiðjunni h/f í Vestmannaeyjum og Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f hafi verið lagðar fram á skiptafundi þrotabúsins 26. janúar 1968 og að fundurinn hafi ekki talið stefnurnar vera í samræmi við heimild skiptafundar 12. janúar 1968 og að skiptaráðandinn hafi lýst því yfir á fundinum 26. janúar, að hann mundi sjá um, að ekki yrði af málshöfðun að svo stöddu.

Í svarbréfi skiptaréttarins, undirrituðu 15. marz 1968, segir um þetta efni á þessa leið: „Eins og sést á fundargerðinni frá 26. janúar, tók fundurinn enga afstöðu til málshöfðunar Karls Jónssonar. Ég hef engin fyrirheit gefið um frestun á málshöfðun. Hins vegar tjáði ég hrl. Guðjóni Steingrímssyni að fundinum loknum, að ég teldi ekki rétt að stefna riftunarmálunum í nafni þrotabúsins, þar eð það gæti bakað búinu málskostnað, en málshöfðunarheimildin var við það miðuð, að mál yrðu sótt búinu að kostnaðarlausu. Enn fremur tjáði ég Guðjóni, að hann hefði enga heimild frá þrotabúinu til að gera ákveðnar fjárkröfur í riftunarmálunum, heldur aðeins kröfu um heimild til riftunar á samningnum, enda væri hugsanleg fjárheimta í sambandi við riftun með öllu ókannað mál af búsins hálfu".

Málið var sótt og varið um frávísunarkröfuna þann 16. maí 1968, en tekið til dóms eða úrskurðar að því loknu.

Kröfum sínum til stuðnings hefur stefndi bent á, að sóknaraðild máls þessa sé samaðild allra lýstra skuldheimtumanna bús-

ins. Sakaraðild í málinu sé þess vegna óskipt. Stefnandi geti því ekki átt sjálfstæða aðild nema fyrir sinni kröfu. Sé hins vegar litið svo á, að málið sé flutt fyrir búið sjálft, þá telur stefndi, að umboð skorti. Málshöfðunin hafi verið samþykkt á skiptafundi þann 12. janúar 1968. Sá fundur hafi verið boðaður á fundi 8. desember 1967, en þá hafi ekkert verið tekið fram um, hver mál yrðu á dagskrá þann 12. janúar 1968. Eftir að mótmæli hefðu komið fram, hefði því ekki átt að höfða málið, nema að öllum kröfuhöfum yrði áður gefinn kostur á því að koma á nýjan fund til að taka afstöðu til, hvort riftunarmál skyldi höfðað.

Loks hefði stefndi bent á ýmis önnur atriði máli sínu til stuðnings. Þannig hefur stefndi haldið því fram, að enda þótt riftunarheimild væri viðurkennd, leiddi það einasta til þess, að krafa stefnda í búið hækkaði, sem því næmi, en stefndi ætti í þess stað kröfu til skuldajafnaðar samkvæmt 17. gr. gjaldþrotaskiptalaganna, en úrskurð um það atriði eigi skiptaráðandi.

Stefnandi hefur hins vegar haldið því fram, að málið væri höfðað fyrir hönd þrotabúsins samkvæmt löglegu umboði skiptaréttar.

Stefnandi hefur bent á, að nauðsyn hafi borið til að hraða málssókn þessari, svo að þetta mál tefði ekki fyrir skiptum búsins. Þann 27. maí 1968 var mál þetta endurupptekið með heimild í 120. gr. laga nr. 85/1936. Var aðiljum gefinn kostur á að afla skýrra gagna um það, hvort þrotabú Friðriks Jörgensens væri samþykkt málssókninni, eins og hún lægi fyrir í máli þessu.

Aðiljum var síðan veittur frestur í þessu skyni, fyrst til 6. júní, þá til 12. júní, þá til 19. júní, þá til 5. júlí. Loks þann 20. september 1968 var lagt fram endurrit úr skiptabók Reykjavíkur um málflutningsumboð það, sem hér um ræðir. Í endurritinu segir svo um þetta atriði: „Fram kom tillaga frá Guðmundi Péturssyni, hrl., um, að málshöfðanda, Karli Jónssyni, yrði veitt heimild til þess að halda áfram riftunarmálunum, sem þegar hafa verið höfðuð, og gera í þeim kröfur, bæði um riftun samninga og ákveðnar fjárkröfur á hendur varnaraðilum um skil á hinum umsömdu verðmætum eða andvirði þeirra á hendur þrotabúsins.

Þessi tillaga var borin undir atkvæði, og greiddu henni atkvæði: Guðmundur Pétursson, Guðjón Steingrímsson og Guðmundur V. Jósepsson. Á móti voru Sveinn Snorrason, sem jafnframt ítrekaði fyrri mótmæli sín um gildi þessarar ákvörðunar, vegna þess hve fáir voru á fundi og skamms fyrirvara í auglýsingu og ekki nægjanlega glöggt tekið fram, hvað þar yrði til meðferðar.

Skiptaráðandi lýsti yfir því, að þar sem málshöfðanirnar væru gerðar búinu að skaðlausu og að mótmæli gegn þeim hafa ekki komið fram nema frá þeim lögmanni, sem fer með umboð varnaraðila við skiptin, sæi hann ekki ástæðu til annars en að samþykkja f. h. þrotabúsins tillögu Guðmundar Péturssonar hrl., en þó með þeim fyrirvara, að málshöfðandi eða umboðsmaður hans leggi fram ítarlega greinargerð um grundvöll fyrir fjárkröfum sínum, áður en málið verður endanlega tekið til dóms".

Þann 20. september s.l. var mál þetta svo sótt og varið að nýju samkvæmt ákvæðum 120. gr. laga nr. 85/1936. Benti þá stefndi m. a. á, að síðastgreindur skiptafundur hefði verið boðaður allt of seint og ónákvæmlega. Þannig hafi skiptafundurinn, sem hafi verið haldinn 19. september 1968, aðeins verið auglýstur í Morgunblaðinu þann 18. september 1968. Ekki hafi heldur verið í auglýsingu þessari gefið ótvírætt til kynna, hvað ætti að taka fyrir. Þá benti stefndi einnig á, að málflutningsumboðið væri bundið skilyrðum.

Stefnandi hélt því hins vegar fram, að með ákvörðun skiptaréttar hinn 19. september 1968 væri búið að skera úr um heimild hans til flutnings máls þessa með óyggjandi hætti.

III.

Niðurstaða.

Svo sem áður er rakið, þótti vafi á því, hvort eða að hve miklu leyti þrotabú Friðriks Jörgensens vildi vera aðili máls þessa. Þannig var í bréfi skiptaráðanda, undirrituðu 15. marz 1968, tekið fram, að málshöfðunarheimild Karls Jónssonar væri við það miðuð, að hún væri búinu að skaðlausu, og enn fremur er þar gert ráð fyrir, að málshöfðunarheimildin næði aðeins til að rifta samningnum, en að skiptaréttur gæti síðar, ef dómurinn féllist á riftunarkröfuna, ákveðið það sjálfstætt, hvort riftun skyldi koma til framkvæmda.

Af því tilefni var aðiljum gefinn kostur á að afla skýrra gagna um það, hvort þrotabú Friðriks Jörgensens væri samþykkt málsókninni, eins og hún lægi fyrir í málinu, þ. e., að búið væri aðili.

Svar skiptaréttar Reykjavíkur var að vísu það, að hann sæi ekki ástæðu til annars en að samþykkja f. h. þrotabúsins málshöfðunarheimild til handa Karli Jónssyni til að halda áfram riftunarmáli þessu og gera í því kröfur um riftun og fjárkröfur. Hins vegar er heimildin ennþá reist á þeirri forsendu, að málshöfðunin sé búinu að skaðlausu.

Ekki er fyllilega ljóst, við hvað þarna er átt, og er ekki tekið af skarið um, hvort þrotabúið vilji eiga aðild að málinu. Þar sem umboð Karls Jónssonar hefur verið vefengt, liggur eigi nægilega skýrt fyrir, hvort hann hafi umboð til að binda þrotabúið við málssókn þessa. Auk þess eru þær heimildir, sem Karli kunna að vera veittar af hálfu búsins, bundnar því skilyrði, „að málshöfðandi eða umboðsmaður hans leggi fram ítarlega greinargerð um grundvöll fyrir fjárkröfum sínum, áður en málið verður endanlega tekið til dóms", en ekki hafa fengizt nánari skýringar á því. Veldur það því, að vafi getur risið, hvort nefndar heimildir séu fyrir hendi, og samrýmist það eigi meginreglum réttarfarslaga um greiða og afdráttarlausa málsmeðferð. Af þessum sökum verður eigi hjá því komizt að vísa málinu frá dómi, enda er það eigi fyrr en tekin hefur verið til þess endanleg afstaða af hálfu þrotabúsins, hvort það vilji eiga aðild að riftunarmáli á hendur stefnda, að til greina kemur, að Karl Jónsson geti höfðað slíkt riftunarmál á sitt eindæmi. Þykir eigi ástæða til að skera úr því hér, hvern rétt hann eigi í því tilliti né að hverjum aðiljum slík málssókn yrði að beinast, ef á slíkan rétt yrði fallizt.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Bjarna B. Jónssyni hagfræðingi og Gauki Jörundssyni lektor.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1968.

Nr. 219/1968. **Karl Jónsson**
gegn
Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f.

Dóminn skipuðu hin'r reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. október 1968, sem barst Hæstarétti 20. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b., laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að efni til. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að ákvæði héraðsdóms um frávísun verði staðfest og að sóknaraðilja verði gert að greiða honum málskostnað í héraði svo og kærumálskostnað.

Auglýsingin um skiptafundinn 19. september 1968, sem taka skyldi ákvörðun um aðild þrotabúsins að riftunarmálinu, var ekki skýr um það efni né birt á lögmætan hátt, er um svo mikilvæga ráðstöfun var að tefla, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1943, enda voru lánardrottnum ekki sendar sérstakar tilkynningar um fundinn. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um frávísun málsins frá héraðsdómi.

Varnaraðili hefur ekki kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms, og verður kröfu hans um málskostnað í héraði því ekki sinnt.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. október 1968.

Mál þetta var dómtekið 20. september s.l. Það er höfðað með stefnu, birtri 3. febrúar 1968. Stefnandi málsins er Karl Jónsson, Seyðisfirði. Stefndi er Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum.

I.

Um efnishlið málsins.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að neðnagreindum kaupsamningi, dags. 28. desember 1966, verði rift, að stefnda verði gert að greiða þrotabúi Friðriks Jörgensens kr. 3.998.400.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 28. desember 1966 til greiðsludags og að stefnda verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu. Stefndi hefur krafizt þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Til vara hefur stefndi krafizt þess, að honum verði heimilað að skuldajafna hinni stefndu kröfu við kröfur stefnda á hendur þrotabúi Friðriks Jörgensens, en að málskostnaður verði felldur niður.

Samkvæmt sóknarskjölum eru málavextir og málsástæður þær, að með kaupsamningi, dags. 28. desember 1966, hafi Friðrik Jörgensen, sem hafi rekið mikla útflutningsverzlun í Reykjavík um nokkurra árabil, selt stefnda í máli þessu 280 smálestir af blautverkuðum, pökkuðum og metnum saltfiski, sem hafi verið geymdur í kæligeymslu Faxafisks h/f í Hafnarfirði. Umsamið kaupverð hafi verið kr. 3.998.400.00, en hafi getað orðið hærra eða lægra, eftir því hvaða verð fengist fyrir fiskinn við endanlega afskipan til útflutnings samkvæmt nánari ákvæðum kaupsamningsins. Þá hafi í kaupsamningnum verið svo um samið, að kaupverð fisksins gengi til að lækka skuld seljanda við stefnda. Þann 14. apríl 1967, eða aðeins 3 mánuðum og 16 dögum eftir að samningurinn hafði verið gerður, hafi bú Friðriks Jörgensens verið tekið til gjaldþrotaskipta og á skiptafundi í búinu þann 12. febrúar 1968 hafi stefnanda verið heimilað að höfða mál þetta til riftingar á umræddum samningi, en búinu þó að skaðlausu. Fiskbirgðir þær, sem hafi verið seldar með samningi þessum, hafi verið fluttar út snemma á síðastliðnu ári á nafni stefnda.

Stefnandi heldur því fram, að umræddur samningur hafi verið gerður eingöngu í þeim tilgangi að ívilna stefnda á hinn grófasta hátt á kostnað annarra skuldheimtumanna búsins, og beri því að

rifta honum með dómi og dæma stefnda til að greiða búinu andvirði vörunnar.

Stefnandi kveður riftunarkröfu sína aðallega byggjast á 19. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 25/1929. Þannig sé ljóst, að samningurinn hafi verið gerður á síðustu sex mánuðum, áður en skiptin byrjuðu. Enn fremur, að saltfiskur sá, sem seldur hafi verið, sé „óvenjulegur gjaldeyrir" í merkingu laganna. Fyrirtæki stefnda starfræki ekki útflutningsverzlun með fisk, en það hafi þrotamaður hins vegar gert, enda hafi hann annazt um allan útflutning á framleiðsluvörum stefnda og þannig hafi krafa stefnda á hendur honum myndazt, og þrotamaður hafi ekki staðið skil á andvirði hinna seldu afurða.

Þrotamanni hafi að sjálfsögðu borið að greiða andvirðið í peningum, enda hafi það verið venja í viðskiptum þeirra.

Þá telur stefnandi enn fremur, að riftunarkrafan verði byggð á 23. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Heldur stefnandi því fram, að þrotamaður hafi, þegar samningurinn var gerður, séð fyrir gjaldþrotið. Hann hafi, löngu áður en gjaldþrotið varð, verið kominn í mjög alvarlega fjárhagslega erfiðleika og viðskiptabanki hans hafi kært hann fyrir sakadómi fyrir meint fjársvik, aðeins fimm dögum áður en samningurinn var gerður. Fyrirsvarsmenn stefnda hafi haft mikil og náin skipti við þrotamann á þessum tíma, enda hafi þrotamaður verið hluthafi í félaginu, og heldur stefnandi því fram, að fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið fullkunnugt um, að þrotamaður hafi verið kominn í algert greiðsluþrot, þegar samningurinn var gerður.

Áðurnefndur kaupsamningur hljóðar svo:

„Neðanskráðir aðilar, Friðrik Jörgensen, útflutningsverzlun, Reykjavík, annars vegar, og hér eftir nefndur seljandi, og Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f hins vegar, og hér eftir nefnd kaupandi, gera með sér svofelldan samning:

1. gr.

Kaupandi kaupir og seljandi selur ca. 280 smálestir af blautverkuðum, pökkuðum og metnum saltfiski, sem nú er geymdur í kæligeymslum Faxafisks h/f í Hafnarfirði. Fiskurinn er flokkaður og sérgreindur í fyrrgreindum fiskigeymslum og vísast um þá flokkun og nánari sérgreiningu til vottorðs Fiskmats ríkisins, svo og til geymsluvottorðs fyrirsvarsmanna Faxafisks h/f, er fylgja samningi þessum og skoðast sem hluti hans.

2. gr.

Kaupverð framangreindra afurða, kr. 3.998.400.00, hefur kaupandi þegar greitt með því að lækka skuld seljanda við kaupanda um sömu fjárhæð.

3. gr.

Kaupandi felur seljanda að hafa fyrir sína hönd meðalgöngu um sölu framangreindra afurða. Fáist við þá sölu hærra verð fyrir afurðirnar en það, sem lagt er til grundvallar í 2. mgr. (þ. e. meðalverð £ 140-0-0 pr. smálest að frádregnum 15%), skal sú fjárhæð öll renna til kaupanda, enda lækki skuld seljanda við kaupanda að sama skapi. Sama gildir og, ef hinar seldu afurðir reynast að lokum meiri að magni til en frá er greint í 1. gr. samnings þessa.

Reynist hið selda magn afurða minna, ellegar söluverð lægra við endanlega afskipun varanna til útflutnings, skal skuld seljanda við kaupanda á sama hátt aftur færð upp sem þeim mismun nemur.

4. gr.

Seljandi ábyrgist áframhaldandi geymslu afurðanna, svo og að tryggingar þeirra séu jafnan í fullkomnu lagi, og afhendir kaupanda tryggingarskírteini þar um með árituðu framsali.

5. gr.

Rísi mál vegna samnings þessa, skal það rekið á bæjarþingi Reykjavíkur, og þarf ekki að leggja það til sátta fyrir sáttamenn.

Samningur þessi er í tveimur samhljóða eintökum, sínu handa hvorum aðila".

Stefndi hefur gert þá grein fyrir kröfu sinni um sýknu, að hann hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að Friðrik Jörgensen ætti fyrir skuldum, þegar framangreindur samningur var gerður 28. desember 1966. Hefur stefndi bent á nokkur atriði til stuðnings fullyrðingu sinni, en þau sjónarmið verða ekki rakin nánar hér. Þá hefur stefndi einnig haldið því fram, að greiðslan hafi ekki, eins og á stóð, verið óvanalegur gjaldeyrir í viðskiptum aðilja.

II.

Um formhlið málsins.

Með greinargerð, framlagðri 25. marz 1968 á bæjarþingi Reykjavíkur, hefur stefndi krafizt frávísunar málsins og að stefnda verði

tildæmdur málskostnaður að mati dómsins úr hendi stefnanda.

Í þessum þætti málsins hefur stefnandi krafizt þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og að málskostnaður verði tildæmdur honum við endanlegan dóm í málinu.

Reynt var að sætta aðilja, en sú viðleitni bar ekki árangur.

Umboð stefnanda til málshöfðunar þessarar byggði hann upphaflega á heimild skiptaréttar Reykjavíkur frá 12. janúar 1968.

Í endurriti því úr skiptabók Reykjavíkur, sem lagt hefur verið fram í málinu, segir um heimild þessa á þá leið, að skiptaráðandi hafi gert fyrirspurn til þeirra Skúla J. Pálmasonar héraðsdómslögmanns og Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, hvort umbjóðendur þeirra væru viðbúnir að reka riftunarmál búinu að skaðlausu, ef heimild yrði veitt. Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður hafi þá lýst því yfir, að umbjóðendur hans mundu viðbúnir að höfða riftunarmál á eigin kostnað, ef heimild fengist til þess. Leitað hafi verið álits fundarmanna, hvort heimila ætti framangreinda málssókn búinu að kostnaðarlausu. Mótmæli hafi komið fram frá Sveini Snorrasyni hæstaréttarlögmanni f. h. umbjóðenda sinna, þ. á m. stefnda í máli þessu. Skiptaráðandi hafi ákveðið að veita Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Karls Jónssonar heimild til að höfða mál til riftunar á sölusamningi gjaldþrota og Fiskimjölsverksmiðjunnar og Fiskiðjunnar í Vestmannaeyjum, dagsettum 28. desember 1966, búinu að kostnaðarlausu, enda skyldi það fé, sem kynni að fást við riftunina, renna í búið.

Hinn 25. janúar 1968 ritaði umboðsmaður stefnda skiptarétti Reykjavíkur bréf út af afgreiðslu skiptafundar 12. janúar 1968. Bréf þetta er svohljóðandi:

„Efni: Þrotabú Friðriks Jörgensen: Afgreiðsla skiptafundar 12. janúar 1968 á heimild til hæstaréttarlögmanns Guðjóns Steingrímssonar um að höfða mál til riftunar samninga.

Jafnframt því að vísa til mótmæla þeirra, er ég hafði uppi á skiptafundi 12. janúar s.l. gegn veitingu heimildar til handa hrl. Guðjóni Steingrímssyni til þess í nafni þrotabúsins að höfða mál til riftunar samningum gjaldþrota, Friðriks Jörgensen, við umbj. mína, Fiskiðjuna h/f og Fiskimjölsverksmiðjuna h/f í Vestmannaeyjum, hinn 28. desember 1966, leyfi ég mér enn á ný að ítreka mótmæli mín og vil til viðbótar fyrri ábendingum mínum styðja mótmæli mín neðangreindum rökum:

1. Ég tel, að hér sé um svo veigamikla ráðstöfun að ræða, að

nauðsynlegt hafi verið að geta hennar í fundarboði. Ég tel enn fremur, að fundinn hefði átt að boða sérstaklega, en mér er ekki kunnugt um, að neinum kröfuhafa hafi verið send fundarboð, skriflega ellegar með auglýsingu, en ákvörðun einungis tekin á næsta fundi á undan, þ. e. a. s. hinn 8. desember 1967, en fundarboð síðan ekki sent. Voru enda, eins og bókun fundar ber með sér, ekki nema örfáir mættir á fundinum. Ég geri því þegar af þessari ástæðu kröfu til þess, að afstaða fundarins verði endurskoðuð og öllum skuldheimtumönnum gefinn kostur á að tjá sig um þessa ráðstöfun.

2. Á skiptafundi 12. janúar s.l. lýsti hrl. Guðjón Steingrímsson því yfir, að hann væri reiðubúinn til þess að taka að sér fyrir hönd búsins og því að skaðlausu að höfða riftunarmál á hendur umbj. mínum. Ég hygg, að fundarmenn allir hafi skilið hæstaréttarlögmanninn svo, að hann ætlaði persónulega að ábyrgjast skaðleysi búsins.

Mér hafa í gær borizt tvær stefnur, gefnar út af Karli Jónssyni, Seyðisfirði, fyrir hönd þrotabús Friðriks Jörgensen í Reykjavík gegn umbj. mínum, Fiskiðjunni h/f og Fiskimjölsverksmiðjunni h/f í Vestmannaeyjum. Ég véfengi, að aðili þessi sé það fjárhagslega vel stæður, að hann geti haldið búinu skaðlausu af afleiðingum málshöfðana þessara. Í því sambandi vil ég vekja athygli á því, að reynt hefur verið nú í heilt ár að selja fisk þann, er Fiskiðjan h/f keypti af gjaldþrota í desembermánuði 1966. Sem kunnugt er hafa skreiðarmarkaðir verið svo til lokaðir allt síðastliðið ár. Eftir þrotlausar tilraunir, erfiði og fjárútlát eygja umbj. mínir nú möguleika á að selja fisk þennan fyrir um það bil 170 sterlingspund lestina með áföllnum kostnaði og vátryggingu á ákvörðunarstað. Ef riftunarmál yrði nú höfðað og það tapaðist af búinu, yrði stefnandi að sjálfsögðu að bæta tjón það, er af því leiddi, auk málskostnaðar, en ég véfengi sem fyrr segir, að Karl Jónsson á Seyðisfirði hafi til þess bolmagn og þykir því rétt bæði vegna búsins og umbj. minna, að gerð verði krafa um, að hann setji nægilega tryggingu fyrir skaðleysi búsins. Ef mál þetta hins vegar ynnist af búinu, hefur búið að vísu fiskinn með áföllnum kostnaði, en hann er þegar orðinn all verulegur.

3. Ég hefi ítrekað gert kröfur til skiptaráðanda um, að aflað væri úr vörzlu sakadóms viðskiptamannareikninga gjaldþrota. Þeir reikningar hafa enn ekki verið lagðir fram í skiptaréttinum.

Þá hefur í annan stað ekki verið staðreynt neitt um lýstar kröfur í búið ellegar hverjar kröfur búið kann að eiga á hendur

þriðja manni. Einnig með hliðsjón af þessu atriði tel ég ekki tímabært, að nú sé tekin ákvörðun um málshöfðun á hendur umbj. mínum til riftunar á fyrrgreindum samningum.

4. Ég geri kröfu til þess, að skiptaráðandi kynni sér til hlítar efni og aðdraganda samninga þeirra, er gerðir hafa verið við umbj. mína, og kynni niðurstöðu þeirrar athugunar fyrir umboðsmönnum skuldheimtumanna, áður en rasað er að ástæðulausu í málshöfðanir, sem ef til vill eru algerlega óþarfar, er gætu leitt til verulegra fjárútláta fyrir búið sjálft. Ég ítreka að lokum kröfu mína um endurskoðun á afgreiðslu fundarins 12. janúar s.l. og vænti þess, að skiptarétturinn fresti ákvörðun sinni í þessu efni þar til að betur athuguðu máli og eftir að hafa sent öllum umboðsmönnum skuldheimtumanna búsins fundarboð og gefið þeim kost á að taka afstöðu til málsins.

Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að láta í té allar upplýsingar, er ég má".

Föstudaginn 26. janúar 1968 var skiptaréttur Reykjavíkur haldinn á ný. Var þá m. a. tekið fyrir ofangreint bréf Sveins Snorrasonar hæstréttarlögmanns, dags. 25. janúar 1968. Í endurritinu úr skiptabók Reykjavíkur segir m. a. um þetta efni, að lesið hafi verið bréf Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, dags. 25. janúar 1968. Efni bréfsins hafi verið rætt og hafi Sveinn Snorrason haldið fram þeirri skoðun sinni, að óheppilegt væri að hrapa að málssókn þeirri til riftunar á samningum gjaldþrota við Fiskiðjuna í Vestmannaeyjum og Fiskimjölsverksmiðjuna. Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður hafi sýnt í dóminum tvær stefnur, dags. 22. janúar 1968, sem vörðuðu riftun á ofangreindum samningum. Skiptaráðandi hafi sagzt mundu ræða við Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmann um stefnur þessar, hvort þær væru í samræmi við heimild þá, sem honum hafði verið veitt á skiptafundi 12. janúar 1968. Hafi atriði þessu verið slegið á frest og yrði það lagt fyrir annan skiptafund, sem haldinn yrði, áður en málin yrðu tekin fyrir í bæjarþinginu.

Samkvæmt skjölum málsins hefur lögmaður stefnda enn sent skiptaráðandanum í Reykjavík bréf, dags. 8. marz 1968, þar sem skiptaréttur er m. a. beðinn um að staðfesta það, að samrit af stefnum Karls Jónssonar, dagsettum 22. janúar 1968, á hendur Fiskiðjunni h/f í Vestmannaeyjum og Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f hafi verið lagðar fram á skiptafundi þrotabúsins 26. janúar 1968 og að fundurinn hafi ekki talið stefnurnar vera í samræmi við heimild skiptafundar 12. janúar 1968

og að skiptaráðandinn hafi lýst því yfir á fundinum 26. janúar, að hann mundi sjá um, að ekki yrði af málshöfðun að svo stöddu.

Í svarbréfi skiptaréttarins, undirrituðu 15. marz 1968, segir um þetta efni á þessa leið: „Eins og sést á fundargerðinni frá 26. janúar, tók fundurinn enga afstöðu til málshöfðunar Karls Jónssonar. Ég hef engin fyrirheit gefið um frestun á málshöfðun. Hins vegar tjáði ég hrl. Guðjóni Steingrímssyni að fundinum loknum, að ég teldi ekki rétt að stefna riftunarmálunum í nafni þrotabúsins, þar eð það gæti bakað búinu málskostnað, en málshöfðunarheimildin var við það miðuð, að mál yrðu sótt búinu að kostnaðarlausu. Enn fremur tjáði ég Guðjóni, að hann hefði enga heimild frá þrotabúinu til að gera ákveðnar fjárkröfur í riftunarmálunum, heldur aðeins kröfu um heimild til riftunar á samningnum, enda væri hugsanleg fjárheimta í sambandi við riftun með öllu ókannað mál af búsins hálfu".

Málið var sótt og varið um frávísunarkröfuna þann 16. maí 1968, en tekið til dóms eða úrskurðar að því loknu.

Kröfum sínum til stuðnings hefur stefndi bent á, að sóknaraðild máls þessa sé samaðild allra lýstra skuldheimtumanna búsins. Sakaraðild í málinu sé þess vegna óskipt. Stefnandi geti því ekki átt sjálfstæða aðild nema fyrir sinni kröfu. Sé hins vegar litið svo á, að málið sé flutt fyrir búið sjálft, þá telur stefndi, að umboð skorti. Málshöfðunin hafi verið samþykkt á skiptafundi þann 12. janúar 1968. Sá fundur hafi verið boðaður á fundi 8. desember 1967, en þá hafi ekkert verið tekið fram um, hver mál yrðu á dagskrá þann 12. janúar 1968. Eftir að mótmæli hefðu komið fram, hefði því ekki átt að höfða málið, nema að öllum kröfuhöfum yrði áður gefinn kostur á því að koma á nýjan fund til að taka afstöðu til, hvort riftunarmál ætti að höfða.

Loks hefði stefndi bent á ýmis önnur atriði máli sínu til stuðnings. Þannig hefur stefndi haldið því fram, að enda þótt riftunarheimild væri viðurkennd, leiddi það einasta til þess, að krafa stefnda í búið hækkaði, sem því næmi, en stefndi ætti í þess stað kröfu til skuldajafnaðar samkvæmt 17. gr. gjaldþrotaskiptalaganna, en úrskurð um það atriði eigi skiptaráðandi.

Stefnandi hefur hins vegar haldið því fram, að málið væri höfðað fyrir hönd þrotabúsins samkvæmt löglegu umboði skiptaréttar.

Stefnandi hefur bent á, að nauðsyn hafi borið til að hraða málssókn þessari, svo að þetta mál tefði ekki fyrir skiptum bús-

ins. Þann 27. maí 1968 var mál þetta endurupptekið með heimild í 120. gr. laga nr. 85/1936. Var aðiljum gefinn kostur á að afla skýrra gagna um það, hvort þrotabú Friðriks Jörgensens væri samþykkt málssókninni, eins og hún lægi fyrir í máli þessu.

Aðiljum var síðan veittur frestur í þessu skyni, fyrst til 6. júní, þá til 12. júní, þá til 19. júní og til 5. júlí. Loks þann 20. september 1968 var lagt fram endurrit úr skiptabók Reykjavíkur um málflutningsumboð það, sem hér um ræðir. Í endurritinu segir svo um þetta atriði: „Fram kom tillaga frá Guðmundi Péturssyni, hrl., um, að málshöfðanda, Karli Jónssyni, yrði veitt heimild til þess að halda áfram riftunarmálunum, sem þegar hafa verið höfðuð, og gera í þeim kröfur, bæði um riftun samninga og ákveðnar fjárkröfur á hendur varnaraðilum um skil á hinum umsömdu verðmætum eða andvirði þeirra á hendur þrotabúsins.

Þessi tillaga var borin undir atkvæði, og greiddu henni atkvæði: Guðmundur Pétursson, Guðjón Steingrímsson og Guðmundur V. Jósepsson. Á móti voru Sveinn Snorrason, sem jafnframt ítrekaði fyrri mótmæli sín um gildi þessarar ákvörðunar, vegna þess hve fáir voru á fundi og skamms fyrirvara í auglýsingu og ekki nægjanlega glöggt tekið fram, hvað þar yrði til meðferðar.

Skiptaráðandi lýsti yfir því, að þar sem málshöfðanirnar væru gerðar búinu að skaðlausu og að mótmæli gegn þeim hafa ekki komið fram nema frá þeim lögmanni, sem fer með umboð varnaraðila við skiptin, sæi hann ekki ástæðu til annars en að samþykkja f. h. þrotabúsins tillögu Guðmundar Péturssonar hrl., en þó með þeim fyrirvara, að málshöfðandi eða umboðsmaður hans leggi fram ítarlega greinargerð um grundvöll fyrir fjárkröfum sínum, áður en málið verður endanlega tekið til dóms".

Þann 20. september s.l. var mál þetta svo sótt og varið að nýju samkvæmt ákvæðum 120. gr. laga nr. 85/1936. Benti þá stefndi m. a. á, að síðastgreindur skiptafundur hefði verið boðaður allt of seint og ónákvæmlega. Þannig hafi skiptafundurinn, sem hafi verið haldinn 19. september 1968, aðeins verið auglýstur í Morgunblaðinu þann 18. september 1968. Ekki hafi heldur verið í auglýsingu þessari gefið ótvírætt til kynna, hvað ætti að taka fyrir. Þá benti stefndi einnig á, að málflutningsumboðið væri bundið skilyrðum.

Stefnandi hélt því hins vegar fram, að með ákvörðun skiptaréttar hinn 19. september 1968 væri búið að skera úr um heimild hans til flutnings máls þessa með óyggjandi hætti.

III.

Niðurstaða.

Svo sem áður er rakið, þótti vafi á því, hvort eða að hve miklu leyti þrotabú Friðriks Jörgensens vildi vera aðili máls þessa. Þannig var í bréfi skiptaráðanda, undirrituðu 15. marz 1968, tekið fram, að málshöfðunarheimild Karls Jónssonar væri við það miðuð, að hún væri búinu að skaðlausu, og enn fremur er þar gert ráð fyrir, að málshöfðunarheimildin næði aðeins til að rifta samningnum, en að skiptaréttur gæti síðar, ef dómurinn féllist á riftunarkröfuna, ákveðið það sjálfstætt, hvort riftun skyldi koma til framkvæmda.

Af því tilefni var aðiljum gefinn kostur á að afla skýrra gagna um það, hvort þrotabú Friðriks Jörgensens væri samþykkt málssókninni, eins og hún lægi fyrir í málinu, þ. e., að búið væri aðili.

Svar skiptaréttar Reykjavíkur var að vísu það, að hann sæi ekki ástæðu til annars en að samþykkja f. h. þrotabúsins málshöfðunarheimild til handa Karli Jónssyni til að halda áfram riftunarmáli þessu og gera í því kröfur um riftun og fjárkröfur. Hins vegar er heimildin ennþá reist á þeirri forsendu, að málshöfðunin sé búinu að skaðlausu.

Ekki er fyllilega ljóst, við hvað þarna er átt, og er ekki tekið af skarið um, hvort þrotabúið vilji eiga aðild að málinu. Þar sem umboð Karls Jónssonar hefur verið vefengt, liggur eigi nægilega skýrt fyrir, hvort hann hafi umboð til að binda þrotabúið við málssókn þessa. Auk þess eru þær heimildir, sem Karli kunna að vera veittar af hálfu búsins, bundnar því skilyrði, „að málshöfðandi eða umboðsmaður hans leggi fram ítarlega greinargerð um grundvöll fyrir fjárkröfum sínum, áður en málið verður endanlega tekið til dóms“, en ekki hafa fengizt nánari skýringar á því. Veldur það því, að vafi getur risið, hvort nefndar heimildir séu fyrir hendi, og samrýmist það eigi meginreglum réttarfarslaga um greiða og afdráttarlausa málsmeðferð. Af þessum sökum verður eigi hjá því komizt að vísa málinu frá dómi, enda er það eigi fyrr en tekin hefur verið til þess endanleg afstaða af hálfu þrotabúsins, hvort það vilji eiga aðild að riftunarmáli á hendur stefnda, að til greina kemur, að Karl Jónsson geti höfðað slíkt riftunarmál á sitt eindæmi. Þykir eigi ástæða til að skera úr því hér, hvern rétt hann eigi í því tilliti né að hverjum aðiljum slík málssókn yrði að beinast, ef á slíkan rétt yrði fallizt.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm

þennan ásamt meðdómendunum Bjarna B. Jónssyni hagfræðingi og Gauki Jörundssyni lektor.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.
Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 2. desember 1968.

Nr. 24/1968. **Þorkell Helgi Pálsson**
gegn
Birni Pálssyni.

Hafning máls.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm í dag, var þess krafizt af hálfu áfrýjanda, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefnda var sótt dómþing og krafizt ómaksbóta. Samkvæmt þessu verður mál þetta hafið og stefnda dæmdar ómaksbætur úr hendi áfrýjanda, kr. 7.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. desember 1968.

Nr. 50/1968. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Samband íslenzkra samvinnufélaga, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. desember 1968.

Nr. 179/1968. **Búi Jóhannsson**
gegn
Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Emil Helgasyni, Kristjáni Eiríkssyni, Erni Eyjólfssyni, Guðbjörgu E. Guðmundsdóttur, Landssíma Íslands, Búnaðarbanka Íslands, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Ingimar Guðmundssyni, Brunabótafélagi Íslands og bæjarstjóranum í Kópavogi f. h. bæjarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Búi Jóhannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 4. desember 1968.

Nr. 66/1968. **Valtýr Þorsteinsson** (Friðrik Magnússon hrl.)
gegn
Hinriki Albertssyni og gagnsök
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabætur. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. marz 1968, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1968, birtri 3. maí 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að bótafjárhæð, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð og að gagn-

áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 3. maí 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 1.604.865.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 24. maí 1963 til 1. janúar 1965, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í v/s Akraborg, EA 50, til tryggingar greindum fjárhæðum.

I.

Atvikum máls þessa er lýst í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð dr. med. Bjarna Jónssonar yfirlæknis, dags. 8. nóvember 1968, svohljóðandi:

„Hinrik Albertsson, fæddur 20. 11. 1925, var lagður í Landakotsspítala þ. 10. október 1963. 24. maí þ. á. hafði vinstri öln brotnað. Hafði sjúklingur verið í gipsumbúðum, þar til fáum dögum áður en hann kom á spítalann, en ekki hafði brotið gróið. Þ. 16. október var gerð aðgerð á handleggnum, farið inn á brotið, sást, að þar var bandvefur á milli brotenda, en hvergi beinmyndun þar. Þessi bandvefur var hreinsaður í burtu, beinendar særðir, og féllu þeir þá saman, og voru þeir festir með tveimur skrúfum, og var bein, sem tekið var ofar úr öln, pakkað meðfram brotstaðnum. Sárið greri með eðlilegum hætti, og sjúklingur fór af spítalanum þ. 26. október og var þá í gipsumbúðum.

Nú get ég ekki séð, hvenær gipsumbúðirnar voru teknar, en sjúklingur var röntgenskoðaður með nokkurra vikna millibili, og var fyrsta myndin tekin þ. 16. 11. 1963, og sýndist þá gróðurmyndun í brotinu vera allgóð. Brotið hélzt í skorðum, en ekki varð eins gott áframhald á gróðrinum, eins og virtist í fyrstu. Sjúklingur hafði alltaf dálitla tilkenningu í handleggnum, en hún var lítil. Þegar kom fram á vorið, fór að sjást, að beinendar voru nokkuð kalkríkir, en þar sem sjúklingur hafði þá allgóðan kraft í hendi, brotið hélzt alveg í skorðum, var hann látinn æfa handlegginn, bæði hreyf-

ingar í olnboga og hendi, og var honum leyft að nota höndina til léttra verka. Talaði sjúklingur um að fara á síldveiðar, en hann er sjómaður að atvinnu, og féllst ég á það í þeirri von, að brotið gæti haldið áfram að gróa, en ef svo færi ekki, mundi þurfa að taka til við það enn á ný.

Umsögn röntgenlæknis þ. 30. 5. 1964 er svohljóðandi: „Status á brotstaðnum í vinstri framhandlegg (ulna sin.) virðist svipaður og við síðustu skoðun þ. 25. 4. Brotlínan er ennþá glögg og nokkur sclerosis er á brotstaðnum. Skrúfnaglarnir eru að sjá losaralegir, einkum sá distali. Lítið sér til callusmyndunar. Situs virðist ekki hafa haggazt, og sennilega er brotið fast".

Leið nú af sumarið. Þ. 14. nóvember 1964 segir svo í röntgenumsögn: „Alláberandi sclerosis er á brotstaðnum í ulna sin., og vottar fyrir valgusstöðu. Skrúfnaglarnir eru losaralegir, brotlínan er ennþá alláberandi, og virðist vafasamt, að brotið sé vel fast".

Sjúklingur var aftur lagður í Landakotsspítala þ. 16. desember 1964, og voru skrúfurnar fjarlægðar daginn eftir. Sárið greri með eðlilegum hætti, og fór sjúklingur af spítalanum þ. 23. desember 1964.

Þ. 15. febrúar 1965 kemur sjúklingur enn í Landakotsspítala, og þ. 18. febrúar er gerð aðgerð á handleggnum. Farið er inn á brotstaðinn, hreinsað það, sem þar er af lausum bandvef, og beinendar særðir, en síðan er mergnagli þræddur eftir mergholinu, eftir að borað hefur verið upp mergholið á neðra brotinu líka. Röntgenskoðun sýndi góða stillingu á broti og nagla. Þetta sár greri líka með eðlilegum hætti, og fór sjúklingur af spítalanum þ. 27. 2. 1965. Nú greri brotið. Var sjúklingur síðast röntgenskoðaður 12. janúar 1966, og sýndist brotið í vinstri öln vera þá vel gróið.

Ég sá sjúkling síðast 1. nóvember 1968. Hann sagðist þreytast mun fyrr í vinstri handlegg en í þeim hægri og fengi hann þreytuverki í handlegginn eftir langan vinnudag. Að öðru leyti sagði hann, að sér væru góð not af handleggnum. Hann sagðist hafa byrjað að vinna í apríllok 1966. Við skoðun sjást 3 vel gróin ör á vinstri framhandlegg, hjarar-

hreyfing í v. olnboga er 10° minni í báðar áttir en í þeim hægri, en hverfihreyfing er eins í báðum. Vinstri framhandleggur er nokkru rýrari en sá hægri. Aðrar hreyfingar í liðamótum handar og handleggjar eru eðlilegar.

Hér er um að ræða 42 ára gamlan mann, sem handleggsbrotnaði fyrir 5 árum. Brotinu gekk illa að gróa, og hafa 3svar verið gerðar aðgerðir á handleggnum, og greri það loks eftir þá síðustu".

Þá hefur og verið lögð fram ný álitsgerð cand. act. Bjarna Þórðarsonar um tjón gagnáfrýjanda vegna örorku af völdum slyss þess, sem mál þetta er af risið, dags. 30. september 1968, og er meginmál álitsgerðarinnar á þessa leið:

„Að ósk yðar", þ. e. lögmanns aðaláfrýjanda, „hef ég endurreiknað örorkutjón Hinriks Albertssonar vegna slyss 24. maí 1963. Fyrri útreikningur minn á örorkutjóni hans er dags. 4. marz 1967. Síðan hafa orðið mjög miklar breytingar á forsendum þeim, sem lagðar voru til grundvallar framtíðarvinnutekjuáætlun Hinriks. Meðaltekjur kvæntra sjómanna árið 1967 reyndust talsvert lægri en meðaltekjur þeirra árið 1966, eða kr. 225.162.00 á móti kr. 288.163.00, en í fyrri útreikningnum var áætlað, að meðaltekjurnar árið 1967 yrðu hærri en árið 1966.

Ógerlegt er að spá um, hvort hér er um varanlega lækkun á meðaltekjum sjómanna að ræða eða tímabundna sveiflu einungis. Aflabrögð það sem af er árinu 1968 gefa ekki ástæðu til að ætla, að veruleg breyting verði á meðaltekjum ársins 1968, miðað við 1967.

Með hliðsjón af þessari óvissu um þróun meðaltekna sjómanna hef ég áætlað Hinrik vinnutekjur frá slysdegi á tvo vegu:

1. Sjóvinnutekjur hans árin 1960—1962 eru umreiknaðar til kauplags á slysdegi og síðan eftir þeim breytingum, sem orðið hafa á meðaltekjum kvæntra sjómanna samkvæmt úrtakstölum Efnahagsstofnunarinnar, og er gert ráð fyrir, að meðaltekjurnar frá og með árinu 1967 séu jafnháar meðaltekjum árið 1967.

2. Sjóvinnutekjur hans árin 1960—1962 eru umreiknaðar

á sama hátt, nema nú er gert ráð fyrir, að meðaltekjurnar hækki jafnt árin 1969—1972, þannig að árið 1968 séu þær jafnar meðaltekjum ársins 1967, en árið 1972 jafnar meðaltekjum 1966.

Landvinnutekjurnar eru í báðum tilvikum umreiknaðar eftir breytingum á taxta Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu.

Fyrri vinnutekjuáætlunin er sýnd í næstu töflu. Þar er einnig sýnt áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örkan er metin á hverjum tíma:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 235.567.00	kr. 235.567.00
2. — — —	— 308.477.00	— 233.221.00
3. — — —	— 376.510.00	— 336.301.00
4. — — —	— 374.128.00	— 111.679.00
5. — — —	— 324.812.00	— 48.722.00
6. — — —	— 326.579.00	— 48.987.00
Síðan árlega	— 326.768.00	— 49.015.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 780.266.00
Vegna varanlegrar örorku	— 433.711.00
	Samtals kr. 1.213.977.00

Samkvæmt seinni vinnutekjuáætluninni nema vinnutekjur 10. árið eftir slysið og síðan árlega kr. 409.903.00 og vinnutekjutapið kr. 61.485.00.

Verðmæti vinnutekjutapsins samkvæmt þeirri áætlun reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 780.266.00
Vegna varanlegrar örorku	— 512.976.00
	Samtals kr. 1.293.242.00

Greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og vegna samningsbundinnar slysatryggingar hafa ekki verið dregnar frá. Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda. Notaður er sami reiknigrundvöllur og í fyrri útreikningi".

II.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber aðaláfrýjanda að bæta tjón gagnáfrýjanda óskipt.

Gagnáfrýjandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Vinnutekjutap vegna tímabundinnar örorku	kr.	780.998.00
2. Vinnutekjutap vegna varanlegrar örorku	—	581.567.00
3. Miskabætur	—	500.000.00
4. Kostnaður við örorkumat og tjónreikning	—	4.300.00
	Kr.	1.866.865.00
Þar frá dregur gagnáfrýjandi tryggingarbætur á vegum aðaláfrýjanda	—	262.000.00
	Kr.	1.604.865.00

sem gagnáfrýjandi krefst úr hendi aðaláfrýjanda.

Eins og í héraðsdómi greinir, hefur Tryggingastofnun ríkisins greitt gagnáfrýjanda vegna slyss hans dagpeninga, kr. 142.859.15, og örorkubætur, kr. 65.724.00, samtals kr. 208.583.15.

Um 1. kröfulið. Með hliðsjón af örorkumati gagnáfrýjanda, tjónmatsgerðum og öðrum gögnum, er fram hafa komið í málinu, og þegar þess er gætt, að bætur, sem hér er um að tefla, eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þykir óbætt tjón gagnáfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið kr. 500.000.00. Hafa þá verið frádregnar tryggingarbætur, er áður getur, samtals að fjárhæð kr. 470.583.15 (kr. 262.000.00 + kr. 208.583.15).

Um 2. kröfulið. Þegar virt eru læknisgögn málsins og sjúkrasaga gagnáfrýjanda, þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 75.000.00.

Um 3. kröfulið. Kostnað þann, er hér um ræðir, er rétt að taka með við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt þessu telst óbætt heildartjón gagnáfrýjanda kr. 575.000.00. Ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 24. maí 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 140.000.00. Samkvæmt lögjöfnun frá ákvæðum 4. tl. 236. gr., sbr. 13. gr. siglingalaga nr. 56/1914, sem í gildi voru, er gagnáfrýjandi slasaðist, á hann sjóveðrétt í v/s Akraborg, EA 50, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Valtýr Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Hinriki Albertssyni, kr. 575.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. maí 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 140.000.00.

Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt í v/s Akraborg, EA 50, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 13. júlí 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., var höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 22. maí 1965, þingfest 3. júní 1965, af Hinriki Albertssyni sjómanni, Öldulóð 17, Hafnarfirði, gegn Valtý Þorsteinssyni útgerðarmanni, Fjólugötu 15, Akureyri. Gerði stefnandi þær kröfur í stefnu, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2.000.000.00 ásamt 8% ársvöxtum af upphæðinni frá 24. maí 1963 til 31. desember 1964, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og til viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Akraborg, EA 50, til tryggingar dæmd-

um upphæðum og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Enn fremur er Gísla Ólafssyni forstjóra, Hávallagötu 32, Reykjavík, stefnt til réttargæzlu fyrir hönd Tryggingamiðstöðvarinnar h/f í Reykjavík.

Í greinargerð á dskj. nr. 7 gerði stefnandi eftirfarandi breytingar á kröfugerð sinni. Í stað kr. 2.000.000.00, sem krafizt er í stefnu, krefst hann kr. 1.600.565.00 í skaðabætur. Að öðru leyti er krafa hans óbreytt.

Stefndi hefur mótmælt kröfunni sem allt of hárri og órökstuddri og krafizt stórlækkunar á henni eftir mati dómsins. Einnig mótmælir hann hærri vöxtum en 7% ársvöxtum frá 24. maí 1963 til 1. janúar 1965, 6% frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags af upphæð þeirri, er tildæmd kann að verða. Loks krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavexti kveður stefnandi vera þessa: Hann var háseti á fiskiskipi stefnda, m/s Akraborg, EA 50, vorið 1963, en skipið var þá á síldveiðum við Suður- og Suðvesturland. Þann 24. maí 1963 um kl. 2000 var verið að ljúka við að hafa úr afar stóru kasti, sem skipið hafði fengið í Faxaflóa. Þá vildi það slys til, að svonefndur „svanaháls" á bómu brotnaði með þeim afleiðingum, að bóman slóst í vinstri framhandlegg stefnanda og þríbraut aðra pípuna. Bóma þessi er notuð til að halda nótinni opinni, á meðan verið er að háfa úr henni.

Eftir slysið var bátnum þegar haldið til Reykjavíkur og komið þangað kl. 0300 aðfaranótt 25. maí. Stefnandi var þegar fluttur í slysavarðstofuna, þar sem gert var að meiðslum hans, en síðan fluttur heim um hádegi. Var stefnandi síðan óvinnufær að mestu fram á árið 1966, að undanskildum sumarsíldveiðitímanum 1964, en þá var hann á síldveiðiskipinu m/s Þórði Jónassyni, og verður nánar vikið að sjúkrasögu hans, þegar rakin verða læknisvottorð, er fyrir liggja í málinu.

Bótakrafa stefnanda felur í sér tjón vegna tekjumissis, örorkubætur, miskabætur vegna þjáninga og óþæginda og röskun á stöðu og högum og bætur vegna annars kostnaðar, er hann hefur orðið fyrir vegna slyssins.

Sundurliðar stefnandi kröfu sína þannig:

1. Vegna tímabundinnar örorku	kr.	780.998.00
2. Vegna varanlegrar örorku	—	581.567.00
Samtals vegna örorku	kr.	1.362.565.00

Miskabætur vegna þjáninga, óþæginda og röskunar á stöðu og högum	kr.	500.000.00
	Kr.	1.862.565.00
Þar frá dragast bætur, sem réttargæzlustefndi, Tryggingamiðstöðin h/f, hefur greitt stefnanda upp í tjónið	—	262.000.00
	Kr.	1.600.565.00

Stefnandi kveðst byggja skaðabótakröfu sína á því, að stefndi, Valtýr Þorsteinsson, eigandi og útgerðarmaður m/s Akraborgar, EA 50, beri bótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi hafði orðið fyrir vegna slyssins, samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins og hafi stefndi viðurkennt þessa bótaskyldu sína, þar sem stefnanda hafi þegar verið greiddar nokkrar bætur vegna slyssins af réttargæzlustefnda, en þar hafi stefndi keypt ábyrgðartryggingu vegna nefnds báts.

11. janúar 1964 fór fram sjóferðapróf í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur vegna slyss stefnanda.

Í útdrætti úr dagbók m/s Akraborgar, EA 50, 24. maí 1963, sem fram var lagður í réttinum og staðfestur af skipstjóra og stýrimanni fyrir dóminum, segir svo:

„... Kastað kl. 18.00, mjög stórt kast. Kl. 20.30, þegar búið var af háfa ca. 1400 tunnur úr kastinu, brotnar boltinn, sem heldur fastri nótarbómunni og gengur í gegnum borðstokkinn aftan við gálgann stjórnborðsmegin. Þegar boltinn slitnaði og bóman kipptist út undan þyngslum síldarinnar, slóst bóman í Hinrik Albertsson með þeim afleiðingum, að hann handleggsbrotnaði og meiddist eitthvað á síðu. Kl. 21.00 sett á ferð til lands".

Fyrir sjódóminum skýrði skipstjórinn á m/s Akraborg svo frá: Hann kvað hér hafa verið um að ræða bómu um 2 m langa, er haldi pokanum út og sé staðsett stjórnborðsmegin aftan við gálgann. Skipstjórinn sagði, að kastið hefði verið mjög stórt og þunginn á bómunni venju fremur mikill. Hann kvað boltann hafa verið sveran og sterklegan og kvaðst hafa athugað sárið og hafi það verið alveg nýtt og enginn framleiðslugalli sjáanlegur. Skipstjórinn sagðist ekki geta fullyrt, hvernig þetta hefði atvikazt, en hann gerði ráð fyrir, að þungi nótarinnar hefði þvingað bómuna

niður á borðstokkinn og við það kunni að hafa komið beygja á boltann og við það hafi hann hrokkið í sundur.

Skipstjórinn sagði, að stefnandi hefði staðið aftan við bómuna á þeim stað, sem hann hefði verið vanur að standa, og dregið inn garnið og hafi hann enga óaðgæzlu sýnt í starfinu, enda vanur síldveiðimaður.

Stefnandi og stýrimaðurinn gáfu einnig skýrslu fyrir dóminum, og eru þær efnislega samhljóða skýrslu skipstjórans.

Eins og áður er að vikið, hefur stefndi viðurkennt skaðabótaskyldu sína vegna slyss stefnanda, en hann hefur fært fram ýmis rök fyrir lækkun kröfu hans, og verður nú að þeim vikið.

Stefndi bendir á, að stefnandi hafi upplýst í greinargerð sinni, að stefnanda hafi verið greiddir dagpeningar og örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Dagpeningagreiðslurnar nemi kr. 142.859.15 og örorkubótagreiðslan nemi kr. 65.724.00, eða samtals kr. 208.583.15. Þessa upphæð beri að draga að fullu frá dómkröfu stefnanda. Hér sé um að ræða bótagreiðslur samkvæmt lögboðinni slysatryggingu, sem atvinnurekanda er skylt að kaupa vegna starfsmanna sinna og atvinnurekandi kostar að fullu, sbr. lög nr. 40/1963, 40. gr.

Þá bendir stefndi á eftirfarandi: Í örorkumati, dskj. nr. 8, sé stefnanda metin tímabundin örorka samfleytt frá stefnudegi, 24. maí 1963, til 31. október 1966. Í útreikningi vinnuteknatjóns stefnanda á dskj. nr. 9 sé svo stefnanda áætlað vinnuteknatap miðað við örorkumatið. Það sé hins vegar upplýst í málinu, að stefnandi hafi verið talinn fullvinnufær í júníbyrjun 1964, eða um ári eftir slysið. Þann 4. júní s. á. hafi stefnandi ráðizt í skiprúm á m/s Þórð Jónasson, EA 350, sem sé eign stefnda, Valtýs Þorsteinssonar. Stefnandi hafi verið í þessu skiprúmi frá 4. júní til 11. nóvember s. á. Aflahlutur stefnanda á þessu tímabili hafi verið kr. 243.583.18, sbr. viðskiptareikning hans við útgerðina, dskj. nr. 14. Krefst stefndi þess, að upphæð þessi komi til frádráttar kröfu stefnanda með fullri upphæð. Þá hefur stefndi skírskotað til eftirfarandi atriða:

Þegar stefnandi hætti störfum á m/s Þórði Jónassyni í nóvember 1964, leitaði hann læknis vegna óþæginda, er hann fann til í handleggnum, sem slasazt hafði. Kom þá í ljós, að brotið hafði ekki að fullu gróið. Var stefnandi þá lagður í sjúkrahús og dvaldi þar frá 16. 12.—23. 12. 1964. Voru þá teknir burt naglar, sem settir höfðu verið við fyrri aðgerð á brotinu, og var gert ráð fyrir, að gera þyrfti aðgerð síðar. Aðgerð fór síðan fram, og lá

stefnandi í sjúkrahúsi frá 15. 2.—27. 2. 1965. Í þetta sinn greri brotið, og við röntgenskoðun 16. marz 1966 sést, að brotið er að fullu gróið í góðri stöðu. Þá segir stefndi, að stefnandi hafi verið talinn fullgróinn meina sinna og vinnufær að öllu leyti, þegar hann hafi ráðizt í skiprúm á Þórði Jónassyni þann 4. jún. 1964, fullum 13 mánuðum eftir slysið. Stefnda var þá með öllu ókunnugt um, að stefnandi væri þá ekki að fullu gróinn meina sinna. Læknar stefnanda og hann sjálfur máttu hins vegar gerzt vita um heilsufar hans og verði stefnda ekki gefin sök á þeim mistökum, að stefnandi hóf störf, áður en meiðsli hans voru fullgróin. Þótt síðar hafi komið í ljós, að ástand stefnanda hafi versnað, vegna þess að hann hóf störf of snemma, og komið hafi í ljós, að læknisaðgerðir á honum hafi misheppnazt eða þeim hafi verið ábótavant, svo að hann hafi orðið að ganga undir læknisaðgerð á ný og orðið ófær til vinnu af þeim sökum um langan tíma, verði stefnda ekki gefin sök á því og verði það að teljast stefnda óviðkomandi. Hefur stefndi í því sambandi bent á, að stefnandi hafi fundið til í handleggnum allt sumarið 1964 og hafi hann því sýnt af sér gáleysi með því að vinna svo lengi sem raun var á án þess að láta skoða sig og benti í því sambandi á dómvenju um skiptingu sakar.

Stefnandi hefur mótmælt öllum lækkunarkröfum stefnda. Kröfunni um lækkun vegna þess, að afleiðingar meiðslanna tóku sig upp, hefur stefnandi sérstaklega mótmælt með þeim rökum, að hann hafi verið hjá hinum hæfasta lækni, Bjarna Jónssyni yfirlækni, og farið á síldveiðar 1964 með hans ráði.

Ekki hefur stefnandi hirt um að afla vottorða lækna, er stunduðu hann vegna slyssins, eða ekki hafa þau verið lögð fram í málinu, en fram hefur verið lagt örorkumat Páls Sigurðssonar trykkingalæknis, og segir þar, sbr. dskj. nr. 8:

„Slysið varð með þeim hætti, að slasaði, er var háseti á fiskiskipinu Akraborg, varð fyrir slysi, er pokabóma brotnaði og slóst í slasaða.

Slasaði var fluttur á Slysavarðstofuna í Reykjavík, og í vottorði Tryggva Þorsteinssonar frá 13/6 1963 segir, að um hafi verið að ræða fractura ulnae sin.

Þrátt fyrir gipsmeðferð þá greri brotið ekki, og um haustið var slasaði lagður í Landakotsspítala og dvaldist þar frá 10/10 til 26/10 1963. Sjúkdómsgreining var þá pseudarthrosis ulnae sin. og meðferð var osteosynthesis. Brotið greri ekki að heldur, og slasaði var lagður enn á Landakotsspítala í desember 1964. Lá

þar frá 16/12—23/12, og voru þá teknir naglar, sem settir höfðu verið fyrir aðgerð. Af aðgerðarlýsingu þá kemur í ljós, að brotið er ekki gróið, og var gert ráð fyrir, að gera þyrfti aðgerð síðar. Maðurinn lá enn á Landakotsspítala frá 15/2 til 27/2 1965, og var enn gerð aðgerð og Küntschernagli þræddur í mergholið.

Í þetta sinn greri brotið, og við röntgenskoðun, sem gerð var í Slysavarðstofu 16. marz 1966, þá sést, að brotið er að fullu gróið í góðri stöðu.

Slasaði kom til viðtals hjá undirrituðum síðast 10/8 '66, en á slystímanum hefur hann oft komið til undirritaðs. Við komuna 10/8 kveðst hann hafa unnið að mestu leyti síðustu 4 mánuði. Þreytist aðallega í vinstri öxl og fram í handlegginn. Kvartar um nokkurn stirðleika í vinstri olnbogalið og þreytu í liðnum við áreynslu.

Skoðun: Almennt ástand er eðlilegt. Vinstri handlimur: Hreyfingar í axlarlið virðast eðlilegar og sársaukalausar. Vinstri olnbogi: Hreyfing í liðnum er 160—60 (hægri 180—30). Hverfihreyfing er eðlileg. Kraftur í handlimnum virðist eðlilegur.

Ályktun: Hér er um að ræða mann, sem slasast við vinnu sína fyrir rúmlega 3 árum. Hann brotnaði á vinstri öln. Brotið greri ekki, og þurfti þrívegis að gera skurðaðgerð, áður en brotið greri. Nú er brotið gróið, en maðurinn hefur nokkurn stirðleika í olnbogalið og verki í handlimnum, og er sennilegt, að þau óþægindi verði viðloðandi.

Vegna slyssins hefur maðurinn hlotið tímabundna og varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin þannig:

Frá	24/5	1963	til	31/5	1964	100% örorka
—	1/6	1964	-	31/7	1964	50% —
—	1/8	1964	-	31/10	1964	25% —
—	1/11	1964	-	31/12	1965	100% —
—	1/1	1966	-	30/6	1966	75% —
—	1/7	1966	-	31/8	1966	50% —
—	1/9	1966	-	31/10	1966	25% —

og síðan varanleg örorka 15%".

Þá hefur stefnandi lagt fram í málinu mat Bjarna Þórðarsonar, cand. act., á örorkutjóni sínu. Er þar lagt til grundvallar örorka stefnanda samkvæmt örorkumati Páls Sigurðssonar, er að framan greinir, og launatekjur stefnanda þrjú síðustu árin fyrir slysið,

en þær voru þessar samkvæmt skattskýrslu hans: 1960 kr. 79.829.00, 1961 kr. 175.596.00 og 1962 kr. 236.315.00. Enn fremur segir svo í matinu:

„Af tekjum ársins 1960 voru laun frá Jóni Gunnarssyni kr. 48.807.00, en laun greiddust að fullu úr þrotabúi Jóns. Samkvæmt upplýsingum Hinriks skiptast þessi laun þannig, að um kr. 12.000.00 eru hásetahlutur, en afgangurinn laun fyrir störf við fiskverkun Jóns. Annarra tekna þessara ára hefur Hinrik aflað sem háseti á togara og vélskipum.

Ég hefi umreiknað hásetatekjur Hinriks til kauplags á slysdegi og síðan eftir breytingum á meðaltekjum kvæntra sjómanna samkvæmt úrtakstölum Efnahagsstofnunarinnar og eftir breytingum á þorskverði frá 1. jan. 1966. Landvinnutekjurnar eru umreiknaðar eftir breytingum á taxta Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu.

Þannig umreiknaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar er einnig sýnt áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin á hverjum tíma:

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 235.567.00	kr. 235.567.00
2. — — —	— 308.477.00	— 233.221.00
3. — — —	— 377.228.00	— 336.839.00
4. — — —	— 421.100.00	— 118.974.00
Síðan árlega	— 439.739.00	— 65.961.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 780.998.00
Vegna varanlegrar örorku	— 581.567.00
Samtals	kr. 1.362.565.00

Greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og vegna samningsbundinnar slysatryggingar hafa ekki verið dregnar frá. Ekki hefur heldur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt sænskri reynslu".

Álit dómsins er, að taka beri kröfur stefnanda um ábyrgð stefnda á tjóni stefnanda til greina samkvæmt viðurkenningu hans og atvikum að slysinu, eins og þau koma fram við sjóprófið og að framan er rakið, og verður þá vikið að lækkunarkröfum stefnda.

Upplýst er í málinu, að bótagreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt slysatryggingarákvæðum almannatryggingalaganna hafa numið kr. 208.583.15. Samkvæmt 40. gr. nefndra laga ber atvinnurekendum að bera kostnað af þessum tryggingum, og ber því að draga þessa upphæð frá kröfu stefnanda.

Ekki verður fallizt á þá kröfu stefnda, að síldarhlutur stefnanda sumarið 1964 komi að fullu til frádráttar kröfu hans, enda er stefnanda ekki úrskurðað nema 50—25% örorka mestan hluta þessa tíma. Hins vegar þykir mega taka nokkurt tillit til þessara tiltölulega miklu tekna á þessu tímabili við ákvörðun bótanna.

Ekki verður heldur fallizt á þá kröfu stefnda, að hann beri enga ábyrgð á tekjutjóni stefnanda eftir 4. júní 1964. Það var með ráði þekkts sérfræðings, að stefnandi réð sig til síldveiða 1964, og ekki er upplýst, að neitt nýtt slys hafi hent stefnanda, og verður því að telja atvinnutjón stefnanda og miska, sem verður eftir þetta, beina afleiðingu af slysi hans 1963, og verður stefnanda ekki gefin sök á, hvernig fór.

Ályktun um 1. lið.

Þennan lið, kr. 1.362.565.00, byggir stefnandi á mati Bjarna Þórðarsonar, cand act., er að framan er rakið, að frádregnum bótum frá réttargæzlustefnda, kr. 262.000.00, og verða þá eftir kr. 1.100.565.00. Frá þessu ber einnig að draga bætur Tryggingastofnunar ríkisins, eins og að framan greinir, kr. 208.583.15, og verða þá eftir af kröfunni kr. 891.981.85. Rétt þykir að leggja mat tryggingafræðingsins til grundvallar, enda hafa ekki komið fram rökstudd andmæli gegn því sem slíku. Með tilliti til þess, er að framan greinir, m. a. tekna stefnanda sumarið 1964, og þess, að fé þetta er skattfrjálst, og þess hagræðis að fá greiðsluna í einu lagi, þykir liður þessi hæfilega ákveðinn kr. 575.000.00.

Ályktun um 2. lið.

Þá verður vikið að kröfu stefnanda um miskabætur vegna þjáninga, óþæginda og röskunar á stöðu og högum.

Lögmaður stefnanda hefur bent á, að stefnandi hafi liðið óvenjumiklar og langvarandi þjáningar af slysi þessu. Hann hafi verið fjórum sinnum til aðgerðar á sjúkrahúsi á 3 árum og orðið að bera gipsumbúðir langtímum saman og finni til í handleggnum

og séu ekki líkur á því, að það hverfi alveg. Þá treysti hann sér ekki til að stunda sjómennsku lengur, sem hann hafi gert frá unglingsárum, og sé það mikil röskun á stöðu og högum.

Stefndi hefur mótmælt miskabótakröfunni sem allt of hárri og óraunhæfri og þess krafizt, að hún verði lækkuð stórlega. Skírskotar stefndi til þess, að meiðsli stefnanda hafi verið brot á ölnarbeini og hafi brot hans gróið að fullu. Hreyfingar á axlarlið séu eðlilegar og sársaukalausar, hreyfing í v. olnboga sé 160—60, en í hægri 180—30, hverfihreyfing sé eðlileg og kraftur í handleggnum sé eðlilegur, örorka 15%, sbr. dskj. nr. 8. Samkvæmt þessum staðreyndum og dómvenju fáist krafan engan veginn staðizt.

Samkvæmt því, er að framan greinir um slys stefnanda og afleiðingar þess, þykja bætur undir þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 45.000.00.

Enn fremur hefur stefnandi gert kröfu um greiðslu á kostnaði við örorkumat, kr. 1.500.00, örorkutjón, kr. 2.800.00, og mat lögfræðings, samtals kr. 7.900.00. Fyrri liðirnir hafa ekki sætt andmælum gagnaðilja, og verða þeir því teknir til greina, en síðasta liðnum hefur verið mótmælt sem sjálfstæðum lið, og verður þetta að skoðast sem liður í málflutningslaunum stefnanda.

Samkvæmt því, er að framan greinir, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 624.300.00 (575.000.00, 45.000.00, 1.500.00 og 2.800.00) með 7% ársvöxtum frá 24. maí 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Einnig ber að taka til greina kröfur stefnanda um sjóveðrétt í m/s Akraborg, EA 50, fyrir öllum dæmdum fjárhæðum.

Eftir þessa niðurstöðu þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og með tilliti til þess, að réttargæzlustefndi hafði ekki greitt nema kr. 102.000.00, þegar málið var höfðað, þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 76.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógeta, og meðdómsmennirnir Bjarni Jóhannesson skipstjóri og Björn Baldvinsson hafnarvörður.

Dómsorð:

Stefndi, Valtýr Þorsteinsson, greiði stefnanda, Hinriki Albertssyni, kr. 624.300.00 með 7% ársvöxtum frá 24. maí 1963 til 1. janúar 1965 og með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% vöxtum frá þeim degi til greiðsludags og

kr. 76.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dómsins.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í m/s Akraborg, EA 50, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dóminum má fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. desember 1968.

Nr. 189/1968. **Hjörleifur Hallgríms**
(Jón Hjálmarsson hrl.)
gegn
Kristjáni Gíslasyni (enginn)
og
Emil M. Andersen
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Víxilmál. Afsögn víxils.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. október 1968. Krefst hann þess, að hinum stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt „kr. 83.995.60 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af kr. 43.995.60 frá 1. marz 1968 og af kr. 40.000.00 frá 15. marz 1968, hvort tveggja til greiðsludags, kr. 561.00 í bankakostnað og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti".

Stefndi Emil krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda Kristjáns hafa engar kröfur verið gerðar.

Samkvæmt gögnum málsins og 3. mgr. 2. gr. víxillaga nr. 93/1933 var greiðslustaður víxlanna heimili samþykkjanda þeirra, stefnda Kristjáns. Samkvæmt 91. gr. sömu laga átti afsagnargerð að fara þar fram. Með þessum athugasemdum

og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, sbr. og lög nr. 54/1965 og auglýsingu Seðlabanka Íslands 18. maí 1965 um dráttarvexti af víxlum og tékkum, ber að staðfesta héraðsdóminn.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda Emil kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hjörleifur Hallgríms, greiði stefnda Emil M. Andersen kr. 10.000.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 11. september 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með dómstefnu, útgefinni 19. f. m. og birtri s. d., af Hjörleifi Hallgríms kaupmanni, Faxastíg 35 hér í bæ, á hendur Kristjáni Gíslasyni útgerðarmanni, Svalbarða, og Emil M. Andersen útgerðarmanni, Heiðarvegi 13, báðum hér í bæ, til heimtu skuldar samkvæmt 2 víxlum að fjárhæð kr. 83.995.60 með 1% vöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1/3 1968, kr. 561.00 í bankakostnað auk alls málskostnaðar að skaðlausu.

Skuldina kveður stefnandi vera samkvæmt 2 víxlum, útgefnum 28. og 29. ágúst 1967 af stefnda Emil og ábektum af honum, en samþykktum af stefnda Kristjáni til greiðslu í Landsbanka (sic) Íslands, Vestmannaeyjum.

Annar víxillinn, kr. 43.995.60, var í gjalddaga 1. marz s.l., en hinn, kr. 40.000.00, þann 15. s. m.

Víxlarnir hafa verið í innheimtu í Útvegsbankanum hér og bera bankanúmer 098421 og 098422. Voru þeir afsagðir sökum greiðslufalls hinn 4. 3. s.l. og þann 18. s. m. Kveður stefnandi síðari innheimtutilraunir ekki hafa borið árangur og sé mál því höfðað.

Varðandi víxlana er það að athuga, að óljóst er um greiðslustað þeirra, sbr. að ofan. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 93/1933 ber því að líta svo á, að greiðslustaður sé heimili samþykkjanda.

Bar því að sýna þá þar til greiðslu, en eigi í Útvegsbankanum. Samkvæmt þessu var sýningunni áfátt og afsögnin gildislaus.

Samkvæmt 53. gr. víxillaganna er víxilréttur þannig glataður gagnvart öðrum en samþykkjanda.

Ber því ex officio að sýkna stefnda Emil af kröfum stefnanda.

Stefndi Kristján mætti hvorki né lét mæta í málinu, og ber því að leggja dóm á málið, hvað hann varðar, eftir framlögðum skjölum og skilríkjum stefnanda, og með því að dómkröfur hans, sem m. a. hefur lagt fram stimpluð frumrit téðra víxla, eru í samræmi við téð skjöl, ber að taka höfuðstólskröfuna til greina að fullu gagnvart stefnda Kristjáni.

Þá ber að taka kröfuna um 1% mánaðarvexti til greina, að því er stefnda Kristján varðar, þó svo, að vextir af kr. 40.000.00 greiðist einungis frá 15/3 s.l., en frá 1/3 greiðast vextir einungis af kr. 43.995.60.

Með vísan til framanritaðs ber að taka til greina, að því er stefnda Kristján varðar, þann lið bankakostnaðarkröfunnar, er lýtur að stimpilkostnaði, en nefnd skjöl auk víxilnótu, dskj. nr. 5, bera með sér, að það gjald nam kr. 201.00.

Með vísan til sama skjals svo og fylgiskjala víxlanna, þ. e. afsagnargerða, er ljóst, að annar svonefndur bankakostnaður er fólginn í afsagnarkostnaði, kr. 180.00. Þennan kostnað þykir eigi bera að dæma stefnda Kristján til að greiða vegna galla þeirra við sýningu og afsögn, sem áður greinir, og þykir bera ex officio að sýkna hann að þessu leyti.

Eftir úrslitum málsins ber að tildæma stefnanda málskostnað úr henda stefnda Kristjáns, er þykir hæfilega metinn kr. 11.000.00. Stefndi Emil mætti ekki í málinu, og ber honum því eigi málskostnaður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Emil M. Andersen skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefndi Kristján Gíslason greiði Hjörleifi Hallgríms kr. 83.995.60 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1/3 s.l. til greiðsludags af kr. 43.995.60, en frá 15/3 s.l. til greiðsludags af kr. 40.000.00, kr. 201.00 í stimpilkostnað og kr. 11.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. desember 1968.

Nr. 160/1968. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Björn Hermannsson hrl.)
gegn
Jóni Pétri Guðmundssyni og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1968, og krefst hann þess, að dæmt verði, að honum beri einungis að bæta tjón gagnáfrýjanda að ⅓ hluta og kröfufjárhæðir verði lækkaðar. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. október 1968 og krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 2.765.410.00 með 7% ársvöxtum frá 4. október 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Héraðsdómur í máli þessu var uppsagður 11. júlí 1968. Þar sem meira en 3 mánuðir voru liðnir frá uppsögu héraðsdóms, er gagnáfrýjunarstefna var gefin út, og áfrýjunarleyfis hafði eigi verið aflað, sbr. 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962, og liðinn frestur samkvæmt 3. mgr. 20. gr. sömu laga, var gagnáfrýjun óheimil. Verður því gagnsökinni vísað frá Hæstarétti.

II.

Atvikum slyss þess, er mál þetta fjallar um, er rækilega lýst í héraðsdómi, og má fallast á niðurstöðu hans um skiptingu fébótaábyrgðar.

Með hliðsjón af gögnum málsins og þegar þess er gætt,

að skaðabætur þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þykir fjárhagstjón stefnda hæfilega metið kr. 1.280.000.00, og hefur þá verið frádregið verðmæti örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 288.475.00, og verðmæti barnalífeyris frá sömu stofnun, kr. 62.708.00. Tjón stefnda vegna þjáninga, lýta og röskunar á stöðu og högum er hæfilega ákveðið í **héraðsdómi, kr. 200.000.00.**

Samkvæmt þessu telst heildartjón stefnda, sem hér skiptir máli, kr. 1.480.000.00. Ber áfrýjanda að bæta honum ¾ hluta þess, kr. 1.110.000.00, auk vaxta. Hinn 11. maí 1967 greiddi áfrýjandi til stefnda kr. 75.000.00 „upp í bætur" vegna slyss þessa. Kemur það fé hér til frádráttar. Ber áfrýjanda því að greiða stefnda kr. 1.035.000.00 auk 7% ársvaxta af kr. 1.110.000.00 frá 4. október 1966 til 11. maí 1967 og af kr. 1.035.000.00 frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 180.000.00.

Dómsorð:

Gagnsök í máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Jóni Pétri Guðmundssyni, kr. 1.035.000.00 auk 7% ársvaxta af kr. 1.110.000.00 frá 4. október 1966 til 11. maí 1967 og af kr. 1.035.000.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo kr. 180.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júlí 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var miðvikudaginn 19. júní 1968, hefur stefnandi, Jón Pétur Guðmundsson, Hafnargötu 48, Keflavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 24. ágúst 1967, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á kr. 2.818.734.00 auk 8% ársvaxta frá 4. október 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að stefnukrafan verði lækkuð stórlega og málskostnaður verði látinn niður falla.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfu sinni þannig, að hann krafðist, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kr. 2.765.410.00 auk vaxta, svo sem áður greinir. Kröfur stefnda voru hinar sömu og áður.

Málsatvikum er þannig lýst í stefnu: Hinn 4. október 1966 var stefnandi á leið úr Reykjavík til Keflavíkur. Er hann var kominn fram hjá Hvassahrauni, ók bifreiðin VL 4564 fram úr bifreið hans. Eftir það virðast þessar bifreiðar hafa fylgzt nokkurn veginn að áleiðis til Keflavíkur með stuttu millibili. Á eftir þeim allt frá Minni-Vatnsleysu var þriðju bifreiðinni ekið, og var eigandi hennar og ökumaður Jósafat Arngrímsson forstjóri. Gizkar hann á, að að minnsta kosti 100 metrar hafi verið milli hvers bíls. Þegar halla tók af Stapanum og komið var inn undir Innri-Njarðvík, stöðvaði ökumaður VL 4564 skyndilega bifreið sína, nokkru eftir að farið var fram hjá bifreið, sem tilheyrði varnarliðinu eða starfsmanni þess og stefndi í átt til Reykjavíkur.

Jafnskjótt og ökumaður VL 4564 hafði stöðvað bifreið sína, fór hann að aka henni aftur á bak og snúa henni til, sjáanlega í þeim tilgangi að aka yfir á vinstri vegarhelming til þess að hafa tal af hinum varnarliðsmanninum, sem stóð hjá bifreiðinni, er var á leið til Reykjavíkur, og veifaði í átt til ökumanns VL 4564, er hann ók fram hjá. Skipti þá engum togum, að þessi akstur varnarliðsmannsins á bifreiðinni VL 4564 hafði þær afleiðingar, að stefnandi, er hugðist reyna að aka fram hjá bifreiðinni, átti þess ekki kost, og árekstur varð óumflýjanlegur. Við áreksturinn hlaut stefnandi mikil meiðsli, og verður þeim lýst síðar. Hann lá á sjúkrahúsi sökum meiðslanna í allt að 19 vikur og var auk þess óvinnufær sjúklingur í heimahúsum til mánaðamótanna maí—júní 1967.

Í lögregluskýrslu undirritaðri af Nikulási Vestmann, lögregluþjóni á Keflavíkurflugvelli, og dagsett er sama dag, koma eftirfarandi upplýsingar fram:

Lögregluþjónninn kveðst hafa farið á slysstaðinn ásamt Skúla Thorarensen varðstjóra, sem gerði afstöðuteikningu. Sjúkrabifreið frá Keflavík kom á staðinn og einnig Guðjón Klemenzson læknir. Ökumaður Ö 444 var fluttur á sjúkrahús í Keflavík, og kom í ljós, að hann hafði hlotið slæmt fótbrot á hægri fótlegg, marizt og hruflazt á nokkrum stöðum, en ekki meiðzt alvarlega utan fótbrotsins.

Stjórnandi VL 4564 hafi tjáð lögreglumanninum, að hann hefði fyrst aðeins ekið aftur á bak, en misst stjórn á bifreiðinni og verið hræddur um, að hún færi út af vegarkantinum, svo að hann hefði stöðvað hana og þá ekki skipt neinum togum, að ekið hafi verið aftan á bifreið hans.

Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, sem tilkynnti umferðarslys þetta, kvaðst hafa verið í bifreið, sem var næst á eftir Ö 444, og hafa séð, með hvaða hætti slysið skeði.

Lögreglumaðurinn og varðstjórinn skoðuðu skemmdir bifreiðanna, og virtist þeim sjáanlegar skemmdir á Ö 444 vera þessar: Framendinn ónýtur. Báðar hurðir dældaðar. Stýri og mælaborð úr lagi gengið og framrúða brotin. Sjáanlegar skemmdir á VL 4564 voru þessar: Rúða í hurð á afturenda bifreiðarinnar brotin. Aftasta rúðan hægra megin brotin. Hægra afturhorn bifreiðarinnar ónýtt. Afturhurð mikið dælduð. Afturhögghlíf dælduð. Festing á hljóðkútsröri að afan brotin. Vinstra afturaurbretti dældað, hægra afturaurbretti ónýtt og klæðning rifin innan úr bifreiðinni aftast. Ekki hafi nein ölvunareinkenni sézt á ökumönnum. Dagsbirta var og aksturskilyrði ekki á neinn hátt óvenjuleg. Þessari lögregluskýrslu fylgir uppdráttur af slysstaðnum, gerður af Skúla Thorarensen.

Á tímabilinu 12.—28. október 1966 fór fram rannsókn á málinu í sakadómi Keflavíkurflugvallar. Skal nú það, sem þar kom fram, rakið í meginatriðum.

Stefnandi málsins skýrir svo frá: Hann kveðst hafa verið að koma úr Reykjavík, er slysið skeði. Bifreiðinni VL 4564 verið ekið fram úr sér, rétt eftir að komið var fram hjá Hvassahrauni. Þegar komið var upp á Stapann, hafi hann tekið eftir bifreið, sem stóð á hægri vegarbrún, og hafi ökumaður hennar staðið við hlið bifreiðarinnar. Hann kveðst hafa litið aðeins á bifreið þessa og síðan fram á veginn og séð þá, að VL 4564 hafi verið stöðvuð á vegarbrúninni utan steypta vegarins. Hann segist hafa ætlað að fara fram hjá bifreiðinni hægra megin, en skyndilega hafi hann séð, að bifreiðin kom yfir á hægri vegarhelming og sér hafi þá orðið ljóst, að bifreiðinni var ekið aftur á bak. Hann hafi þá hemlað, en VL 4564 hafi þá verið ekið aftur á bak þvert fyrir sig og árekstri ekki verið forðað. Hann var spurður að, hve hratt hann hefði ekið, og taldi hann það hafa verið milli 60 og 70 km miðað við klst., er hann tók að hemla.

Ökumaður VL 4564, Elmer Casper Miller, sjóliði í bandaríska varnarliðinu, hefur skýrt svo frá atvikum:

Hann kveðst hafa verið að koma frá Reykjavík, er slysið varð, og hafa farið fram úr bifreiðinni Ö 444, rétt eftir að þeir fóru fram hjá vegaskattskýlinu. Nokkru eftir að hann ók fram hjá Grindavíkurvegi, segist hann hafa séð Ledford liðþjálfa, þar sem hann stóð hjá bíl sínum og veifaði. Mættur segist þá hafa stöðvað bifreið sína á vinstri vegarbrún. Hann hafi þá verið um það bil 45 yarda frá bifreið Ledfords og því ætlað að bakka bifreið sinni til að athuga, hvað að væri hjá liðþjálfanum. Fyrst hafi hann litið í baksýnisspegilinn og eigi séð bifreið koma. Hann segir, að verið geti, að hann hafi bakkað bifreiðinni smáspöl eftir vinstri vegarkanti, en hann hafi verið búinn að stöðva bifreiðina, áður en áreksturinn skeði. Hann kveðst hafa ekið með 45 til 50 mílna hraða miðað við klst. Ekki kveðst hann minnast þess að hafa sagt lögreglunni á slysstað, að hann hefði misst stjórn á bifreiðinni.

Elza Raymond Ledford, liðþjálfi í bandaríska varnarliðinu, hefur borið eftirfarandi fyrir dómi: Hann kveðst hafa verið á leið til Reykjavíkur fyrir hádegi þann 4. október, er bifreið hans bilaði. Þá hafi hann ætlað að reyna að fá far aftur til flugvallarins og í því skyni veifað bifreiðarstjóranum á VL 4564. Segir hann, að sú bifreið hafi stöðvað um 40—45 metra fyrir aftan sína bifreið. Síðan hafi bifreiðarstjórinn á VL 4564 bakkað bifreið sinni út af veginum og muni bifreiðin hafa að mestu verið komin út á vegarbrún, er áreksturinn varð. Hann taldi líklegt, að VL 4564 hefði verið lítið eitt skökk á vegarbrúninni, er slysið skeði. Ekki treysti hann sér til að gizka á, hve hratt Ö 444 var ekið.

Vitnið Jósafat Arngrímsson hefur borið eftirfarandi fyrir dómi: Vitnið skýrði svo frá, að það hefði verið að koma úr Reykjavík fyrir hádegi þriðjudaginn 4. október 1966. Vitnið segir, að þrír bílar hafi fylgzt að frá Minni-Vatnsleysu áleiðis til Keflavíkur og hafi VL 4564 verið fyrstur, þá Ö 444 og loks vitnið, er ók eigin bíl. Vitnið segir, að ekið hafi verið með jöfnum hraða og að minnsta kosti 100 metrar hafi verið milli hvers bíls. Ekki segist vitnið geta sagt um, hve hratt var ekið, þar sem það hafi ekki fylgzt með hraðanum, en segir, að örugglega hafi verið ekið undir löglegum hámarkshraða, sem sé 80 km á klst. Vitnið segir, að nokkuð hafi dregið úr hraðanum, er ekið var upp á Vogastapa. Er komið var inn undir Innri-Njarðvík, segir vitnið bifreiðarstjórann á VL 4564 hafa stöðvað bifreiðina úti í kanti utan vegar um 30 m eftir að hafa farið fram hjá bifreið þeirri,

sem tilheyrði varnarliðinu eða starfsmanni þess og sneri í átt til Reykjavíkur. Hann hafi stöðvað bifreiðina að hálfu leyti utan steypta vegarins. Segir vitnið, að síðan hafi VL 4564 verið ekið aftur á bak inn á veginn og í þann mund hafi bifreiðarnar rekizt saman. Vitnið tók fram, að engin umferð hafi verið á móti, er slysið varð, og ekkert heft útsýn yfir veginn. Þá sagði vitnið, að bifreiðinni VL 4564 hefði verið ekið snögglega aftur á bak inn á veginn, en ekki kvaðst vitnið hafa séð, að henni hefði verið ekið yfir miðlínu vegarins.

Vitnið Helgi Nikulás Vestmann hefur borið eftirfarandi: Vitnið segir, að Elmer C. Miller hafi sagt sér á slysstað, að hann hefði ekið bifreiðinni aðeins aftur á bak, en óttazt að missa hana út af vegbrúninni og því stöðvað hana. Hefðu hægri hjól bifreiðarinnar verið inni á steypta veginum, en vinstri hjólin utan hans. Vitnið segir Miller hafa sagt sér, að hann hefði verið búinn að stöðva bifreiðina, er áreksturinn átti sér stað.

Þessi dómsrannsókn var send saksóknara ríkisins til umsagnar, en með bréfi, dags. 30. nóvember 1966, tilkynnti hann, að frekari rannsóknar væri ekki krafizt af hálfu ákæruvaldsins. Þann 20. nóvember 1967 ritar lögmaður stefnanda, Páll S. Pálsson, lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli bréf, þar sem hann óskar eftir, að framhaldsrannsókn fari fram í málinu til frekari upplýsinga á öllum atvikum. Leggur hann þar sérstaka áherzlu á, að varnarliðsmenn þeir, sem við sögu koma, verði kallaðir fyrir dóm og samprófaðir við stefnanda málsins og vitni. Málið var svo tekið til framhaldsrannsóknar 7. desember 1967, og er þá upplýst, að varnarliðsmennirnir eru farnir af landi burt.

Skulu nú rakin þau helztu atriði, sem fram komu í rannsókninni og verða mega til þess að upplýsa málið frekar.

Stefnandi kveðst ekki hafa veitt því eftirtekt, að bifreiðinni VL 4564 var ekið aftur á bak á móti sér, fyrr en bifreiðin fór yfir miðlínu vegarins. Hann kvaðst ekki hafa hemlað upphaflega vegna þess, að hann hefði búizt við árekstri, heldur vegna þess að hann hafi ekki þorað að taka á sig ábyrgðina að fara vinstra megin fram hjá bifreiðinni. Í þessu réttarhaldi var stefnanda sýndur uppdrátturinn, er hann hafði gert af slysstað og fylgdi með bréfi hans til Páls S. Pálssonarí lögmanns hans, dags. 24. 8. 1967. Staðfesti hann, að uppdráttur þessi sýndi aðdraganda árekstrarins, eins vel og hann gæti lýst honum. Hann kvaðst hafa ætlað að fara fram hjá bifreiðinni VL 4564 hægra megin í fyrstu, en kveðst þó ekki hafa haft í frammi neina tilburði í þá

átt. Hann var að því spurður, hve langt bil hefði verið á milli bifreiðanna í akstrinum, og gizkar hann á, að það hafi verið 300 m, og bætti því við, að bilið hefði alla vega verið það mikið, að ekki hefði átt að stafa hætta af, þótt VL 4564 hefði snögghemlað. Hann benti einnig á, að eins og fram kemur á dskj. nr. 29, hafi hann ekki hemlað að fullu í upphafi, þar sem hann hafi ekki búizt við árekstri. Eftir áreksturinn hafi ökumaður VL 4564 komið til sín, rétt sér vasaklút og sagt: „It is all my fault". Þá tók hann fram, að ekki hefði verið búið að taka niður umferðarskilti, er sýndu 80 km hámarkshraða á klst., er slysið varð. Hann tók einnig fram, að hann hefði réttindi til að kenna bifreiðaakstur, og kvaðst hafa stundað kennsluna sem aukavinnu í 3 ár.

Vitnið Jósafat Arngrímsson tók fram, að þar sem bifreið stefnanda hafi verið á milli sín og varnarliðsbifreiðarinnar, þá geti það ekki borið um með vissu, hvort varnarliðsbifreiðinni hafi verið ekið aftur á bak eða áfram, en vitnið sagðist hafa séð, er bifreiðinni var sveigt skyndilega fyrir bifreið stefnanda, og kveðst vitnið þá hafa sagt við sjálft sig: „Er maðurinn vitlaus". Aðspurt sagðist vitnið telja, að það hefði séð varnarliðsbifreiðina, ef henni hefði verið ekið yfir miðlínu vegarins, en tekur fram, að athygli þess hafi beinzt að því að stöðva sína eigin bifreið. Þá kveðst vitnið telja, að árekstri hefði ekki verið forðað, vegna þess hve bil milli bifreiðanna styttist, eftir að varnarliðsbifreiðin hafði stöðvazt við vegarbrún og henni svo skyndilega sveigt í veg fyrir bifreið stefnanda.

Vitnið Sigtryggur Árnason, yfirlögregluþjónn í Keflavík, hefur borið eftirfarandi fyrir dómi:

Vitnið kvaðst hafa farið á slysstað í sjúkrabifreið ásamt Viðari Péturssyni. Þegar það kom á staðinn, var stefnandi undir stýri bifreiðar sinnar. Segir vitnið, að hann hafi sagt sér, að varlega yrði að fara með sig, því að sér væri ákaflega illt í fæti. Vitnið kveðst hafa spurt stefnanda að, hvernig slysið hefði borið að, og hafi hann þá sagt sér, að varnarliðsbifreiðin hafi komið óvænt bakkandi á móti sér og farið yfir á hægri vegarhelming, en síðan þvert yfir veginn í veg fyrir sig.

Á leiðinni til Sjúkrahúss Keflavíkur kveðst vitnið hafa rætt nánar við stefnanda og hafi hann þá sagt sér, að hann hefði ekið á eftir varnarliðsbifreiðinni langleiðina frá Reykjavík og hafi heldur dregið í sundur með þeim, er komið var inn undir Stapa. Hann hafi svo séð ljós aftan á varnarliðsbifreiðinni og henni allt í einu bakkað yfir á hægri vegarhelming og síðan sveigt til baka

yfir til vinstri. Vitnið tók fram, að stefnandi hafi sagt sér, að hann hefði ætlað að stinga bifreið sinni út af, en ekki haft tíma til þess. Hann hafi áttað sig um seinan á því, að varnarliðsbifreiðin hafi komið aftur yfir á vinstri vegarhelming. Þá tók vitnið fram, að sér hafi þótt slysið einkennilegt, þar sem stefnandi hafði réttindi til að kenna bifreiðaakstur og sé góður í umferðinni í Keflavík. Vitnið var að gefnu tilefni frá lögmanni stefnanda spurt um álit þess að aðdraganda slyssins, eftir að vitnið hafði komið á slysstað og kynnt sér myndir þær, sem lagðar hafa verið fram í málinu. Vitnið svaraði því til, að það áliti, að myndirnar skýrðu sig sjálfar og slysið muni hafa átt sér stað, eins og stefnandi hefur skýrt frá. Það álit sitt rökstuddi vitnið nánar með því að segja, að þar sem bifreið stefnanda hafi runnið áfram í föstum hemlum og komið á hægra horn varnarliðsbifreiðarinnar og snúizt síðan á veginum, þá hljóti varnarliðsbifreiðin að hafa verið á ferð, því að ef svo hefði ekki verið, hefði bara rekizt þar saman járn í járn og bifreið stefnanda ekki átt að hendast til, eins og hún gerði.

Vitnið Skúli Thorarensen kom fyrir dóm og lýsti því yfir, að vettvangsteikning sú, er hann hafði gert og lögð hefur verið fram í málinu, sé gerð eftir beztu sannfæringu og vitund.

Vitnið tók fram eftir að hafa skoðað ljósmyndir þær, sem lagðar hafa verið fram í málinu, að ákomustaður á bifreið stefnanda sé lítið eitt til hægri við miðju, eins og vettvangsteikning og ljósmynd sýna. Vitnið kvaðst ekki hafa talað við stefnanda á slysstað, þar sem hann taldi hann vera miður sín. Ekki treysti vitnið sér til þess að gefa frekari upplýsingar í málinu.

Þá kom fyrir dóminn sem vitni Viðar Már Pétursson lögreglumaður. Hann var í sjúkrabifreiðinni, sem sótti stefnanda, og segist hafa heyrt hann segja Sigtryggi Árnasyni, að varnarliðsbifreiðinni hefði verið bakkað á móti sér.

Þá kom enn fremur aftur fyrir dóminn Helgi Nikulás Vestmann. Vitnið kvaðst ekki hafa talað neitt við stefnanda á slysstað og ekki talið það tiltækilegt vegna ásigkomulags hans. Vitnið tók fram, að eftir því sem það bezt viti, þá hafi aksturshæfni verið góð, bæði hvað snertir veður og færð.

Öll vitnin unnu eið að framburðum sínum.

Frekari upplýsingar hafa ekki komið fram við dómsrannsókn í málinu.

Svo sem nú hefur verið greint frá, skortir mikið á, að málið sé nægilega upplýst, einkum vegna þess að ekki var hirt um að

samprófa málsaðilja og þann varnarliðsmann, sem ætla má, að hafi verið sjónarvottar að slysinu.

Af þeim sökum þótti nauðsynlegt að kveðja til sérfróða menn í dóminn, ef ráða mætti nokkuð af skemmdum bifreiðanna og afstöðu þeirra hvorrar til annarrar á veginum um aðdraganda og orsakir slyssins.

Dómurinn ásamt lögmönnum aðilja fór á vettvang þann 18. þ. m. og skoðaði allar aðstæður. Á vettvangi var einnig mættur Skúli Thorarensen lögreglumaður, og skýrði hann afstöðuteikningu sína fyrir dóminum og upplýsti annað, er mátti verða til glöggvunar. Dómurinn er sammála um, að á slysstað sé halli vegarins vart meira en 5—10 gráður og hafi því svo til engin áhrif á akstur eða stöðvunarmöguleika bifreiðanna. Sé því ástæðulaust að gera sérstakar hallamælingar. Þá bar dómurinn saman ljósmyndir þær, sem teknar voru, við afstöðuteikningu og telur, að teikningin sé mjög nærri því rétta. Þá var stefnandi, sem sjálfur var mættur á vettvangi, látinn sýna, hvernig honum virtist varnarliðsbifreiðin koma á móti sér, og gerði annar hinna sérfróðu dómenda uppdrátt af þeim akstri, sem lagður hefur verið fram í málinu.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að óvarkárni ökumanns VL 4564 sé eingöngu um slysið að kenna. Honum hafi borið að ganga úr skugga um, að engin bifreið væri fyrir aftan hann, áður en hann hóf tilfæringar á bifreið sinni á veginum. Hefði ökumaðurinn fylgt löglegum ökureglum, hefði ekkert slys orðið. Ekki verði séð, að stefnandi beri nokkra ábyrgð á slysinu. Hann hafi ekið með eðlilegum hraða og bremsuför sýni, að hann hafi gert sitt bezta til þess að forðast slys. Af þessu leiði, að stefndi verði að bæta stefnanda tjónið að fullu.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að stefnandi hafi átt meginsök á árekstrinum með of hröðum og ógætilegum akstri. Honum hafi verið í lófa lagið að aka fram hjá VL 4564, ef akstursmáti hans hefði verið eðlilegur. Að minnsta kosti hálf akbrautin hafi verið auð og frjáls til framúraksturs. Athygli hans hafi því ekki verið nægilega vökul við aksturinn. Af þessum sökum beri að skipta tjóninu milli aðilja eftir sök hvors þeirra um sig.

Breidd Reykjanesbrautar er 8 m. Til þess að loka algerlega öðrum helmingi vegarins verður bifreiðin að hafa staðið á ská á veginum, þegar áreksturinn skeði. Áverkar á VL 4564 benda einnig til þess, að svo hafi verið, þar sem höggið virðist lenda á

bifreiðinni því sem næst á hægra afturhorni hennar, þar sem skerast línurnar langs eftir bifreiðinni og þversum. Samkvæmt því, sem að framan segir og málsgögn sýna um stöðu bifreiðanna eftir árekstur inn, er ljóst, að bifreiðinni VL 4564 er ekið aftur á bak inn á veginn og síðan út að vinstri vegarbrún aftur, þar sem árekstur inn á sér stað. Áverkar á bifreiðinni Ö 444 virðast vera því sem næst á miðju bifreiðarinnar að framan, en þó heldur hægra megin. Hemlaför, er sjást á afstöðuteikningu og einnig á ljósmyndum af vettvangi, sýna, að stefna Ö 444 virðist vera meiri til vinstri, og er ekki ljóst, af hverju það orsakast.

Við skoðun á slysavettvangi kom í ljós, að á milli punktanna, þar sem VL 4564 er stöðvuð og þar sem ökumaður Ö 444 hefur möguleika til þess að sjá VL 4564, eru um það bil 475 metrar. Þó er þess að gæta, að þetta byggist aðeins á frásögn ökumannsins á bifreiðinni Ö 444 um staðsetningu VL 4564, er hann sér hana fyrst. Einnig það atriði, hve langt er frá árekstrarstaðnum og að þeim stað, er VL 4564 er stöðvuð upphaflega, en samkvæmt þeirri frásögn er sú vegarlengd um það bil 75 metrar. Eftir eru þá um það bil 400 metrar frá árekstrarstað og að þeim stað, sem ökumaður Ö 444 hefur möguleika á að sjá VL 4564. Ökumaður Ö 444 hefur hins vegar borið fyrir dómi, að hann hafi áætlað, að um það bil 300 m hafi verið á milli bifreiðanna, er hann sá fyrst VL 4564. Hemlaför eftir Ö 444 eru samkvæmt uppdrætti af vettvangi 21—21.5 metrar. En þá er ekki reiknað með viðbragði ökumannsins til hemlunar. Þessi hemlaför gefa til kynna, að ökuhraði Ö 444 sé 64 til 67 km miðað við klukkustund samkvæmt mælikvarða Northwestern University Traffic Institute, en síðan skellur Ö 444 á VL 4564 og kastar henni til um ca. 7—8 metra. En um það verður þó aldrei vitað með vissu, þar sem staða bifreiðanna eftir árekstur inn, og sýnd er á afstöðuteikningu, gefur til kynna, að bifreiðin renni aftur á bak við höggið, eftir að hún hefur snúizt, en það fjarlægir hana eitthvað frá árekstrarstaðnum, og með því minnkar sú vegarlengd, sem bifreiðin kastast til við árekstur inn.

Ef miðað er við, að VL 4564 kastist til um 7—8 metra, má ganga út frá því sem vísu, að ökumaður Ö 444 hafi verið á meiri hraða en 64—67 km, vegna þess að hemlaför virðast enda við árekstrarstað, en þá er eftir að reikna með hraðanum eða þunga höggsins til að kasta bifreiðinni þessa vegalengd. Kemur þar margt til greina, eins og t. d. þungi bifreiðanna, viðnámsmöguleiki vegarins, loftþrýstingur í hjólbörðum bifreiðanna og slit

á hjólbörðum. Auk þess sem inn í þetta fléttast atriði, sem nú er ekki hægt að rannsaka, svo sem slit á hjólbörðum og loftþrýstingur í þeim. Þá er enn fremur ekki unnt af gögnum málsins og vettvangsrannsókn að ráða, hvort varnarliðsbifreiðin VL 4564 var á hreyfingu aftur á bak eða stöðvuð á því augnabliki, er áreksturinn varð.

Skal nú vikið að sök bifreiðarstjóranna hvors um sig. Ökumaður VL 4564 hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi litið í baksýnisspegil bifreiðar sinnar, en ekki orðið var neinnar bifreiðar á eftir sér. Ekki var hann að því spurður, hvernig bifreiðin hefði þá snúið eða hvort baksýnisspegillinn hefði þá gefið útsýn beint aftur undan bifreiðinni. Ekki er hann heldur að því spurður, hvort hann hafi litið í kringum sig, áður en hann byrjaði að hreyfa bifreiðina aftur á bak. Í 46. gr. umferðarlaga er kveðið svo á, að eigi megi snúa ökutækjum á vegi eða aka þeim aftur á bak, nema unnt sé að gera það án óþæginda eða hættu fyrir aðra umferð. Þessa ákvæða gætir ökumaður bifreiðarinnar ekki. Ef framburður stefnanda er lagður til grundvallar, er augsýnilegt, að akstur ökumanns VL 4564 er mjög óeðlilegur og bendir til þess, að þar sé ekki um vanan ökumann að ræða eða hann hafi af einhverjum ástæðum ekki haft fullt vald á bifreiðinni. Að dómi hinna sérfróðu dómenda hefði ekki þurft nema 12—15 metra fyrir vanan ökumann til þess að koma bifreiðinni í þá stöðu á veginum, er hún var við áreksturinn, en eftir frásögn ökumannsins á bifreiðinni Ö 444 hefur það tekið um það bil 75 metra. Stöðu bifreiðarinnar VL 4564 á veginum, er áreksturinn verður, er ekki unnt að skýra á annan hátt en þann, að ökumaður hafi ætlað að snúa bifreiðinni við á veginum og aka í gagnstæða átt. Bar honum því að sýna fyllstu varkárni og huga vel að umferðinni allt í kringum sig, þar sem hann var staddur á fjölfarinni akbraut, sem honum mátti vera vel kunnugt um, að yfirleitt er ekin með allmikilli ferð. Verður því að telja, að meginorsök slyssins sé óvarkárni hans í akstri aftur á bak, eins og hér að framan hefur verið lýst.

Eins og áður hefur verið frá greint, telur ökumaður Ö 444, að um það bil 300 metrar hafi verið á milli bifreiðanna, er hann sá VL 4564 fyrst, og var þá bifreiðin kyrrstæð á malarbrautinni utan akbrautarinnar. Síðan sér hann, að ökumaður VL 4564 ekur aftur á bak inn á veginn og yfir á hægri eða nyrðri vegarhelming og síðan aftur yfir á vinstri vegarhelming. Ökumaðurinn kveðst þá aðeins hugsa um það eitt, hvorum megin hann eigi að fara fram hjá

bifreiðinni VL 4564, enda þótt hann sjái, að viðbrögð ökumanns þeirrar bifreiðar séu óeðlileg og varhugaverð. Honum bar því skylda til að draga þegar í stað úr hraða bifreiðar sinnar og sýna ýtrustu viðleitni til að vera viðbúinn að stöðva bifreið sína í tæka tíð. Í þessu sambandi bar honum að hafa í huga ákvæði 45. gr. umferðarlaga, þar sem kveðið er svo á, að ökutæki, sem á eftir öðru ökutæki ekur, skuli vera í svo mikilli fjarlægð frá því, að eigi sé hætta á árekstri, þótt ökutæki, sem á undan sé, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Enn fremur ákvæði 49. gr. sömu laga, þar sem segir, að hraðinn megi aldrei vera meiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á ökutæki og stöðvað það á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem auð er og hindrunarlaus fram undan og ökumaður hefur útsýn yfir.

Af þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, og athugunum, sem gerðar hafa verið á vettvangi, er ósannað, að ökumaður Ö 444 hafi verið á ólöglegum hraða. Hins vegar þykir hann ekki hafa, eins og atvikum var háttað, brugðizt nægilega skjótt við og viðhaft rétt viðbrögð til þess að forðast slys. Þykir hann því sjálfur hafa átt nokkurn hlut að slysinu. Þegar öll atvik þessa máls eru virt, þykir rétt, að stefnandi beri sjálfur ¼ hluta tjónsins, en stefndi bæti honum fébótum ¾ hluta.

Skal nú vikið að kröfum stefnanda, en hann hefur sundurliðað þær þannig í munnlegum málflutningi.

1. Örorkutjón		kr. 2.320.375.00
Þar frá dregst verðmæti örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins		— 288.475.00
		Kr. 2.031.900.00
Frá þessu dragast 10% vegna skattfrelsis		— 203.190.00
		Kr. 1.828.710.00
Innborgað af ríkissjóði	kr. 75.000.00	
Innheimtulaun	— 9.000.00	
Vextir	— 2.700.00	
		— 63.300.00
		Kr. 1.765.410.00
2. Bætur fyrir óþægindi og lýti		— 1.000.000.00
		Kr. 2.765.410.00

Strax eftir slysið var stefnandi fluttur í sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs, og er meiðslum lýst þannig í örorkumati Stefáns Guðnasonar tryggingalæknis, dags. 3. ágúst 1967:

„... Jón Pétur Guðmundsson, Hafnargötu 48, Keflavík, var fluttur á sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs eftir bílslys þann 4. október 1966. Meiðsli hans reyndust sem hér segir:

Andlit bólgið og rispað og mar á vinstri síðu. Aðaláverkar voru þó í hægri fótlegg. Reyndist hann margbrotinn neðan við hnéð, bæði sköflungur og sperrileggur og blóðrás og taugasamband í fótlegginn fyrir neðan hné svo til alveg rofið. Reynt var að hagræða brotinu, fyrst með gipsumbúðum og síðan með strekk, en þrátt fyrir allt slíkt reyndist samband fótleggjarins við aðra líkamshluta svo rofið, að aflleysi og tilfinningaleysi hélzt óbreytt eftir nokkurra vikna legu á sjúkrahúsinu, og kemur það fram í álitsgjörð dr. med. Gunnars Guðmundssonar, sérfræðings í taugasjúkdómum, er skoðaði sjúklinginn að minni ósk, að hann telur, að taugar og æðar í hnésbót hafi skaddazt svo verulega, þegar við slysið, að lítil von sé til þess að bjarga fótleggnum. Ráðlagði hann þó könnunaraðgerð á hægri hnésbót til athugunar á æðum og taugum þar. Var sú aðgerð framkvæmd 7. 12. 1966 og leiddi í ljós, að æðar voru opnar niður fyrir hnésbót, en vöðvar og bein orðin lífvana og grá og örvefur tekinn að fylla út í kálfavöðvana. Þegar hér var komið, þótti sýnt, að til aflimur hlyti að koma, en slíkt var dregið fram yfir áramót og þá fenginn sérfræðingur í bæklunarsjúkdómum, Haukur Kristjánsson, yfirlæknir Slysavarðstofunnar í Reykjavík, til þess að kynna sér tilfellið, og er greinargerð og ályktun hans á þá leið, að ekki komi annað en aflimum á hinum dauða fótlegg til greina.

Sömuleiðis var dr. Bjarna Jónssyni í Reykjavík skýrt frá tilfellinu, og var álit hans, eftir að hafa heyrt sjúkrasöguna, á sömu leið og álit Hauks Kristjánssonar.

Samkvæmt þessu og eftir að málin höfðu verið rækilega skýrð fyrir sjúklingnum og föður hans, var framkvæmd aðgerð hinn 14. 1. 1967 og fótleggurinn tekinn af um 5 cm fyrir ofan hné. Gengið var frá stúfnum þannig, að hann yrði sem bezt fallinn til þess að taka við gervilim. Ekki var neina skemmd að sjá í beininu, þar sem það var tekið í sundur, þ. e. á neðri enda hægra lærneggs. Stúfurinn greri vel, og gat sjúklingurinn útskrifazt af sjúkrahúsinu þann 30. 1. 1967.

Skömmu eftir heimferð fór sjúklingurinn að fá verki í stúfinn, sem þó héldust ekki stöðugt, en virtust helzt koma á kvöld-

in. Jafnframt fór að vessa lítillega úr einu saumfari á stúfnum, og gekk hann til skiptinga á sjúkrahúsið í nokkur skipti vegna þess. Jafnframt fékk hann bólgueyðandi lyf, celbenin, í vikutíma, og virtist þetta þá lagast, og bólgnir eitlar í hægri nára hurfu. Sjúklingurinn hafði stöðugt fótavist, eftir að heim var komið, og gekk um með hækjum, en mun í eitt skipti hafa hrasað niður brattan stiga heima hjá sér, án þess þó að stúfurinn virtist hafa skaddazt.

Nú nýverið hefur héraðslæknirinn í Keflavík ráðstafað þessu tilfelli án samráðs við mig inn á annað sjúkrahús, og vísast til lækna þeirrar stofnunar, ef frekari umsagnar um þetta tilfelli er óskað.

Slasaði dvaldi svo í heimahúsum, unz hann fór í handlæknisdeild Landspítalans 10. marz 1967, og liggur fyrir læknabréf um dvöl hans og meðferð þar, svolátandi:

„Kom á spítalann 10. 3. 1967 og fór 29. 3. 1967.

Sjúkdómsgreining spítalans: Defectus fem dx post amputatione pro trauma. Osteitis femoris.

Aðgerð 21. 3. 1967: Excochleatio fistulae et sequestrotomia.

Rannsóknir gerðar hér:

Við komu: Tensio 140/90.

11. 3. 1967: Þvag: AS- pH: 5.0 Micros.: Mikið slím, 0,9 rblk.

11. 3. 1967: Sökk 30 mm. Hb 15.9 g% Hæm. 50% Mchc. 31 S Leucos.: 9250, Stgfk.: 1/, Segm.: 81%, Baso 1% Lymph.: 14% Mono: 3%.

11. 3. 1967: Serumanalysur:

	mEq/l	mg %
Natrium	135	
Kalium	3,7	
Bicarbonat	27	
Chlorid	100	
Alk fosfatasi		5,9 Bod.ein.
Súr —		0.0
Fosfat		**2,3**

11. 3. 1967: Rtg.mynd: Cor et pulm.: KK/gk:

Eðlilegar myndir af lungum og hjarta.

13. 3. 1967: H. lærleggur: KK/gk:

Gerð hefur verið amputation á h. femur, nokkru fyrir neðan miðju. Beinmyndun fyrir enda stúfsins, en eyða í beinendanum þar næst fyrir ofan og töluverð kölkun medialt. Það sýnist vera

gangur út úr eyðunni medialt og í honum beinkvörn, hringlaga, þétt, sem vafalaust er sequester.

16. 3. 1967: Svar við sýklarannsókn:

Smásjárskoðun: Einstaka gram posit. kokkar, epithel frumur segm. leucocytar. Structurlaust materiale.

Ræktun: Staph. aureus (coag. plús).

21. 3. 1967:

35 ára gamall maður, sem fótbrotnaði í okt. s.l., en í janúar s.l. var gerð amputatio á hægra læri, að öllum líkindum sökum ígerðar í brotstaðnum. Hann er lagður inn acut vegna ígerðar í stúfnum. Hann reyndist vera með fistil í örinu, innan og aftan til á stúfnum, og sýnir röntgenskoðun osteitis í beinendanum og að því er virðist sequester medialt. Stúfurinn er að öðru leyti vel gróinn. Hann er vel formaður, en heitur og með all áberandi bólgubreytingum. Ræktun frá fistlinum sýnir, að um staph. aureus infection er að ræða, og samkvæmt næmisprófi hefur hann fengið celbenin meðferð.

Gerð er Exochleatio fistulae:

Fistillinn reynist ná inn að beinendanum, sem medialt að aftan reynist vera ber. Fistillinn er hreinsaður, og kemur út heilmikið af granulationum svo og callus vef og nokkuð af beinhröngli, en ekki er þó öruggt, að umrætt sequester hafi náðst.

29. 3. 1967:

Engin útferð hefur verið úr fistlinum, síðan hann var hreinsaður út, og hann virðist vera að lokast. Bólgan í stúfnum hefur minnkað allverulega, og verkir virðast nú ekki miklir. Rétt þykir að hafa sjúkling í áframhaldandi antibiotiskri meðferð, og hann er látinn nota Cloxacilin í hálfsmánaðartíma, 250 mg.×4. Ekki er ráðlegt að gera ráðstafanir með gervifót, fyrr en um hálft ár er liðið frá amputationinni".

Slasaði kom til viðtals og skoðunar til undirritaðs 12. júlí 1967.

Honum segist svo frá, að hann hafi dvalið í heimahúsum, síðan hann fór af Landspítalanum og hafi skurðurinn hafzt eðlilega við og mun hafa gróið undir eftirliti heimilislæknis á eðlilegum tíma. Hann hefur að sögn unnið sína fyrri vinnu, sem er skrifstofustörf, frá mánaðamótum maí—júní 1967.

Slasaði gengur við tvær armhækjur. Gert hefur verið stúfhögg á hægra læri, nokkru fyrir neðan miðjan legg. Bogadregið ör er aftan á stúfnum, vel gróið, sæmilega slétt og eymslalítið. Hold-

fylling fyrir beinenda dágóð og stúfendinn ekki sérlega viðkvæmur.

Slasaði kom á ný til skoðunar 3/8 1967. Hann hefir nú fengið gervifót og gengur á honum við 2 armhækjur enn sem komið er. Protesufunktion virðist muni verða sæmileg eftir nauðsynlega lagfæringu á vídd hólksins.

Um er að ræða 36 ára gamlan skrifstofumann, sem lenti í umferðarslysi fyrir um 10 mánuðum síðan og slasaðist á hægra ganglim, svo að taka varð hann af nálægt miðju læri. Hann lá í sjúkrahúsum af þessum sökum alls um 19 vikur og var óvinnufær sjúklingur í heimahúsum eftir það, unz hann hóf vinnu sína á ný um mót mánaðanna maí og júní 1967. Slasaði hefur nú fengið gervifót, sem vonir standa til, að muni koma að tilætluðum notum, og gengur á honum við hækjur ennþá.

Slasaði hefur nú fengið þann bata af afleiðingum slyssins sem vænta má og þær útbætur á vöntun sinni sem kostur er á að sinni, að fengnum nauðsynlegum lagfæringum á gervifætinum, og þykir því tímabært að meta nú örorku slasaða af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem hér segir: ...".

Tryggingalæknirinn mat örorku stefnanda frá 4. október 1966 til 31. maí 1967 100%, frá 1. júní 1967 varanlega 60%. Þann 14. ágúst 1967 reiknar Þórir Bergsson tryggingafræðingur út örorkutjón stefnanda og telur það vera kr. 2.179.234.00.

„... Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Jóns árin 1964—1966 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

	Skrifst.starf:	Aksturskennsla:
Árið 1963	kr. 117.233.70	kr.
— 1964	— 144.000.00	— 29.744.00
— 1965	— 163.935.00	— 90.342.00

Jón vann hjá Sparisjóði Keflavíkur, þegar slysið varð, og hafði unnið þar frá 1. febr. 1963, þannig að tekjur hans fyrir skrifstofustörf eru svo til eingöngu fyrir vinnu í Sparisjóðnum. Þegar slysið varð, munu mánaðarlaun hans þar hafa verið kr. 17.500.00. Ef vinnutekjur fyrir skrifstofustörf þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið eru umreiknaðar til kauplags á slysdegi samkvæmt breytingum á taxta Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, fæst svo til sama launaupphæð. Við áætlun framtíðartekna er því gert ráð fyrir kr. 210.000.00 á ári fyrir skirfstofustörf. Auk skrifstofustarfa fór Jón að kenna á bíl árið 1964. Ég hef umreiknað tekjur

hans fyrir aksturskennslu árin 1964 og 1965 til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á tímataxta fyrir aksturskennslu.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé 100% frá slysdegi til 1. júní 1967 og síðan 60%.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 284.185.00	kr. 246.293.00
Síðan árlega	— 284.185.00	— 170.511.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps nemur á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 73.147.00
Vegna varanlegrar örorku	— 2.106.087.00
	Kr. 2.179.234.00

Hér hefur varanleg örorka verið reiknuð 60% frá slysdegi og tímabundna örorkan 40% til 1. júní 1967 ...".

Við útreikninginn notar tryggingafræðingurinn 7% vexti p. a., dánarlíkur karla samkvæmt reynslu áranna 1951 til 1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Þann 14. júní 1968 endurskoðar tryggingafræðingurinn fyrra örorkumat sitt. Þar segir svo:

„Örorkutjón Jóns Péturs Guðmundssonar er síðast reiknað í útreikningi mínum, dags. 14. ágúst 1967. Ég mun nú samkvæmt beiðni yðar endurreikna tjónið með tilliti til þeirra hækkana, sem síðan hafa orðið á kauptöxtum fyrir skrifstofustörf og aksturskennslu.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap reiknast nú:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 284.185.00	kr. 246.293.00
2. árið eftir slysið	— 297.267.00	— 178.360.00
Síðan árlega	— 305.462.00	— 183.277.00

Verðmæti á slysdegi verður:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 73.147.00
Vegna varanlegrar örorku	— 2.247.228.00
	Kr. 2.320.375.00".

Við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið þykir í aðalatriðum rétt að leggja til grundvallar útreikning tryggingafræðings, og ber þá að hafa í huga, að reiknað er með 7% vöxtum p. a., dánarlíkum íslenzkra karla.

Eins og að framan greinir, dregur stefnandi frá innborgun ríkissjóðs kr. 11.700.00 vegna innheimtulauna og vaxta. Á þessa skoðun stefnanda verður ekki fallizt, og kemur því greiðsla ríkissjóðs, kr. 75.000.00, til frádráttar.

Með hliðsjón af útreikningi tryggingafræðingsins og þegar þess er gætt, að bæturnar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, og með hliðsjón af greiðslum þeim, sem áður eru upp taldar, og skattfrádrætti þeim, sem stefnandi hefur þegar dregið frá, þykir óbætt heildartjón hans samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið á kr. 1.376.806.00.

Um lið 2.

Hér að framan hefur verið rakin sjúkrasaga stefnanda. Ljóst er eftir skjölum málsins, að hann hefur liðið miklar þjáningar í sambandi við slysið og ber þess menjar alla ævi. Ber að hafa það í huga, þegar bætur til hans eru metnar, sem þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 200.000.00.

Samkvæmt þessu telst óbætt heildartjón stefnanda kr. 1.576.806.00. Ber stefnda að bæta honum ¾ hluta þess, eða kr. 1.182.605.00, auk 7% ársvaxta frá 4. október 1966 til greiðsludags. Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 122.370.00.

Dóminn kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendum Arnþóri Ingólfssyni varðstjóra og Sigurgesti Guðjónssyni bilvélavirkja.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Jóni Pétri Guðmundssyni, kr. 1.182.605.00 auk 7% ársvaxta frá 4. október 1966 til greiðsludags og kr. 122.370.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. desember 1968.

Nr. 79/1968. **Ragnar Sigurðsson og Skarphéðinn Njálsson**
gegn
Herði Ólafssyni og Ingólfi Sigurðssyni.

Mál hafið. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm í dag, var þess krafizt af hálfu áfrýjanda, að málið yrði hafið.

Stefndi Hörður Ólafsson sótti dómþingið og krafðist ómaksbóta. Samkvæmt þessu verður mál þetta hafið og stefnda dæmdar ómaksbætur úr hendi áfrýjanda, kr. 4.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. desember 1968.

Nr. 14/1967. **Gunnar Pétursson**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Valdimari Hafliðasyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Vinnulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, birtri 27. janúar 1967. Krefst hann sýknu af öllum

kröfum stefnda og stefndi verði dæmdur til greiðslu kr. 45.843.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 11. marz 1965 til 31. desember 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í aðalsök og gagnsök í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Gunnar Pétursson, greiði stefnda, Valdimari Hafliðasyni, kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 2. desember 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. nóvember s.l., hefur Valdimar Hafliðason trésmíðameistari, Sörlaskjóli 50 í Reykjavík, höfðað gegn Gunnari Péturssyni pípulagningameistara, Melabraut 36, Seltjarnarneshreppi, til heimtu skuldar að upphæð kr. 6.912.00 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Undir flutningi málsins hefur stefnandi breytt svo vaxtakröfum sínum, að hann krefst nú aðeins 6% vaxta frá 1. 1. 1965 til 31. 12. 1965 og 7% vaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi hefur krafizt sýknu af stefnukröfunni og höfðað með stefnu, útgefinni 11. marz 1965, gagnsök á hendur aðalstefnanda. Gagnsökin var sameinuð aðalsök á þingi 23. marz 1965. Gagnstefnandi krefur gagnstefnda um kr. 58.977.91 með 8% ársvöxtum frá 23. marz 1965 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Í munnlegum flutningi málsins hefur gagnstefnandi breytt stefnukröfu sinni svo, að hann krefst nú aðeins 6% ársvaxta frá 23. 3. 1965 til 31. 12. 1965 og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Málavextir.

Snemma árs 1964 varð að samkomulagi með aðiljum máls þessa, að aðalstefnandi annaðist mótauppslátt og annað tréverk við húsin nr. 4 og 17 við Unnarbraut á Seltjarnarnesi, sem aðalstefndi hugðist láta reisa. Skyldi aðalstefnandi útvega vinnuafl til verksins. Laun aðalstefnanda og annarra þeirra, sem að verkinu unnu, skyldu miðuð við unninn tímafjölda, og annaðist aðalstefndi um, að hverjum manni væru reiknuð laun, sem greidd voru vikulega samkvæmt upplýsingum aðalstefnanda um tímafjölda hvers og eins. Í forföllum aðalstefnanda munu aðrir starfsmenn hafa veitt tíðar upplýsingar. Aðalstefnandi og menn hans hófu verkið 8. júní 1964. Hélt svo fram um hríð, en í októbermánuði tilkynnti aðalstefndi aðalstefnanda og mönnum hans, að hann teldi sig hafa ofgreitt fyrir verkið og að ekki kæmi til frekari greiðslna af sinni hálfu. Varð þá að ráði með aðalstefnanda og samstarfsmönnum hans, að þeir hættu störfum fyrir aðalstefnda, og hurfu þeir frá störfum þá um mánaðamótin.

Aðalstefndi sneri sér nú til Trésmíðafélags Reykjavíkur og bað um, að verkið yrði mælt upp. Þetta tilkynnti hann aðalstefnanda. Þegar uppmælingin fór fram, voru aðiljar báðir mættir, en aðalstefnandi hvarf brott, áður en gerðinni yrði lokið, eftir því sem hann sjálfur hefur skýrt frá fyrir réttinum, sökum þess að aðalstefndi sagði allt ósatt, sem hann hélt fram um verkið.

Aðalstefnandi lét nú útbúa kaupskrár yfir tvær síðustu vikurnar, sem unnið var að verkinu, tímabilið 19.—31. október. Sneri hann sér til Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns og bað hann að innheimta kröfur sínar og manna sinna samkvæmt kaupskrá þessari. Lögmaðurinn sendi síðan aðalstefnda innheimtubréf 2. febrúar 1965, þar sem hann krefst greiðslu þessara fjárhæða samanlagðra, kr. 34.016.00, ásamt vöxtum og innheimtulaunum. Á þeim tíma hafði aðalstefndi snúið sér til Gústavs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns og falið honum að gæta réttar síns gagnvart aðalstefnanda. Svaraði lögmaðurinn með ítarlegu bréfi, þar sem hann vísar á bug kröfunum og hefur uppi gagnkröfur.

Lögmaður aðalstefnanda tók nú það til ráðs, að hann bjó fimm mál á hendur aðalstefnda af hálfu hvers þeirra um sig, sem starfað höfðu að húsasmíðinni, þar á meðal aðalsök í máli þessu. Af hálfu stefnda var brugðizt við með sýknukröfu og gagnsök þessa máls, en því mótmælt, að nokkurt samningssamband hafi verið milli gagnstefnanda og starfsfélaga gagnstefnda.

Gagnstefnandi hefur gert svofellda grein fyrir gagnsökinni:

1. Hann kveðst samkvæmt framlögðum vinnuskýrslum hafa greitt .. .. kr. 142.618.00
Samkvæmt framlögðum lausakvittunum .. .. — 35.303.00

Samtals kr. 177.921.00
Fyrir handlöngun .. .. — 28.290.18

Samtals kr. 206.211.18
Auk þess kveður hann aðalstefnanda hafa krafið sig vegna sín og vinnufélaga sinna um — 34.016.00
Hann kveður aðalstefnanda þannig hafa reiknað fyrir verkið samtals .. .. — 240.227.18
Samkvæmt uppmælingu telur hann sig ekki eiga að greiða nema .. .. — **155.631.37**

Mismunur kr. 89.405.81

Þannig telur gagnstefnandi sig hafa ofgoldið verkið um kr. 50.579.81.

2. Fyrir uppmælingu krefur hann kr. 6.339.00.

3. Gagnstefnandi skýrir svo frá, að aðalstefnandi hafi gleymt að slá upp fyrir sóthúsum á reykháfi í húsinu nr. 17 við Unnarbraut. Kveðst hann hafa unnið það verk sjálfur og eytt í það 10 klukkustundum. Reiknar hann sér fyrir það verk kr. 760.50.

4. Gagnstefnandi kveður aðalstefnanda hafa keypt vélavinnu hjá Slippfélaginu í Reykjavík. Kveðst hann hafa greitt reikninginn, sem lagður hefur verið fram í málinu, en telur, að þessi vinna hafi verið unnin í eigin þarfir aðalstefnanda. Upphæð reikningsins er kr. 60.00.

5. Vegna vinnu og efniskaupa, sem gagnstefnandi lagði fram, er hann braut niður skorstein að Lindargötu 14, krefur hann aðalstefnanda um kr. 1.104.20.

6. Fyrir vinnu við pípulagningarstörf og leigu á snittvél krefst hann kr. 808.40. Þessar upphæðir nema samanlagt kr. 59.651.10, en einstökum liðum kröfugerðarinnar hefur gagnstefnandi breytt undir rekstri málsins með samþykki lögmanns aðalstefnanda, en upphaflega reiknaðist gagnstefnukrafan samanlagt kr. 58.977.91, og hefur því verið lýst yfir

af hálfu gagnstefnanda, að hann óski ekki eftir að hækka heildarfjárhæðina.

Höfuðmálsástæður.

Aðalstefnandi reisir kröfu sína á því, að hann hafi verið ráðinn til að vinna hjá aðalstefnda í tímavinnu, og gerir honum reikning, sem miðast við þær vinnustundir, sem hann átti ógreitt fyrir, er hann lét af störfum.

Aðalstefndi byggir meginkröfur sínar hins vegar á því, að samningur aðiljanna hafi verið verksamningur, tímakaupsfyrirkomulagið hafi aðeins verið sérstök aðferð við útreikning greiðslu sinnar sem verkkaupa. Hann telur ekkert samningssamband hafa stofnazt milli sín og samstarfsmanna aðalstefnanda. Hann kveður eiginkonu sína hafa annazt tímaútreikning fyrir aðalstefnanda, sem hafi verið vinnuveitandi þeirra fjögurra manna, sem með honum störfuðu að smíðunum, og eins handlangara, að því leyti sem hann veitti smiðunum hjálparhönd, en sá starfaði aðallega með múrarameistara hússins. Hann segir aðalstefnanda hafa boðið sér upphaflega að taka að sér verkið og tjáð sér, að ef hann yrði óánægður, gæti hann látið mæla verkið upp. Aðalstefnandi hafi mætt við uppmælingargerðina og hún hafi leitt í ljós, að hann hafi ofgreitt verkið um ca. 55%. Hann telur aðalstefnanda og menn hans ekki hafa skilað eðlilegum afköstum og eigi því ekki rétt á frekari greiðslum en þeim, sem svara til þess verks, sem þeir hafi skilað. Aðalstefndi skoðar útgjöld sín fyrir húsbyggingarnar sem greiðslur til viðsemjanda síns, aðalstefnanda, þótt farið hafi í laun til annarra manna, og gerir honum á þessum grundvelli reikning fyrir heildarmismuninum á því, sem verkið kostaði og sem það hefði átt að kosta samkvæmt uppmælingargerðinni.

Aðalstefnandi hefur harðlega mótmælt því, að nokkurn tíma hafi komið til tals, að greiðslur fyrir verkið yrðu inntar af hendi öðruvísi en miðað við vinnustundafjölda. Hann kveðst aðeins hafa komið fram við samningsgerðina sem umboðsmaður manna sinna, að því er varðaði greiðslur til þeirra. Hann mótmælir því, að eiginkona aðalstefnda hafi verið ráðin af sér til að reikna út kaupið. Aðalstefndi hafi greitt hverjum manni kaup eftir tímakaupstaxta sem sínum starfsmanni, og einkum telur hann fjarstætt, að handlangari hafi verið í nokkrum samningstengslum við sig. Hann kveðst hafa skrifað upp á teikninguna sem meistari,

en að öðru leyti verið ráðinn sem verkstjóri yfir trésmíðinni. Hann heldur því fram, að aldrei hefði komið til greina að vinna verkið í uppmælingu, þar sem timbrið, sem unnið var úr, hafi mest verið afgangar frá öðrum húsum. Enn fremur kveður hann sig og menn sína hafa unnið að ýmsu fleiru fyrir aðalstefnda í vinnutímanum en trésmíði, en einkum þó efnisútvegun og ýmiss konar sendiferðir. Þess háttar aðferðir telur hann, að ekki yrðu viðhafðar, þar sem unnið er í ákvæðisvinnu, heldur sé þá ónotað mótatimbur haft til reiðu á vinnustaðnum.

Sönnunaraðstaða. Óumdeilt er, að samkomulag hafi orðið með aðiljum um, að aðalstefnandi og menn hans störfuðu að greindu verki fyrir tímakaup. Gegn mótmælum aðalstefnanda verður ekki talið sannað, að hann hafi við samningsgerðina tjáð aðalstefnda, að uppmæling kæmi til greina. Viðurkennt er af hálfu aðalstefnda, að sama uppsláttartimbur hafi verið notað í síðara húsið, sem notað hafði verið við uppslátt á því fyrra. Aðalstefndi hefur og viðurkennt, að aðalstefnandi hafi nokkuð starfað að öðrum verkum en beinlínis féllu í hans verkahring sem trésmíðameistara. Því hefur verið haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að helmingur af 18% meistaraþóknun aðalstefnanda skyldi renna til eiginkonu aðalstefnda sem þóknun fyrir störf hennar við tímakaupsútreikning. Samkvæmt gögnum málsins hefur aðalstefnandi einungis tekið 9% meistaraálag, og kynni það að benda til þess, að aðalstefndi hafi hér rétt fyrir sér. Aðalstefnandi hefur í aðiljaskýrslu sinni neitað að útskýra þetta atriði, en hins vegar hefur aðalstefndi bæði í skjölum málsins og aðiljaskýrslu sinni haldið því fram, að þessi þóknun til konu sinnar sé ógoldin. Sú eftirlitsábót, sem aðalstefnandi hefur samkvæmt framlögðum nótum fengið greidda, virðist og vega hér upp á móti.

Tveir samstarfsmenn aðalstefnanda hafa verið leiddir sem vitni í málinu. Er vitnisburður þeirra í öllum höfuðgreinum í samræmi við það, sem fram er haldið af hálfu aðalstefnanda, en lítið verður þó lagt upp úr vitnisburði þessara manna, þar sem þeir hafa sjálfir höfðað mál til heimtu launa sinna á hendur aðalstefnda, enda hefur verið synjað um staðfestingu vitnisburðar þeirra með úrskurði.

Fram er komið, að þrír þessara starfsmanna hafa fengið greitt frá aðalstefnda hærra kaup en um var samið í upphafi. Hefur því verið haldið fram í málinu, að þetta bendi til, að aðalstefndi hafi verið ánægður með afköst þeirra. Ekki hefur aðalstefndi

gert tilraun til að sanna, að aðalstefnandi hafi svikizt um við störf sín, og ekki hafa sérstakar brigður verið bornar á, að hann hafi unnið þá tíma, sem hann krefst nú greiðslu fyrir.

Niðurstaða. Af því, sem fram er komið í málinu, verður því að líta svo á, að aðalstefnandi hafi verið ráðinn til aðalstefnda gegn greiðslu fyrir þann vinnustundafjölda, sem hann væri að störfum í hans þágu. Uppmælingargerðin virðist ekkert sanna um það, að hann hafi ekki staðið við samninginn að sínum hluta, þar sem hún byggist að miklu leyti á sjónarmiðum, sem ekki eiga hér við. Einkum lítur rétturinn svo á, að fjarstætt sé af aðalstefnda að byggja kröfu sína að hluta á útgjöldum, sem hann hefur haft vegna kaupgreiðslna til handlangara, sem ekki var á vegum aðalstefnanda. Á sama hátt verða greiðslur til samstarfsmanna aðalstefnanda ekki taldar greiðslur til hans, þótt þar hafi verið um að ræða tvo lærlinga hans og svein auk ófaglærðs verkamanns, og það þótt hann hafi útvegað þessa menn til starfans og þeir fylgt honum til annarra verka.

Þar sem aðalkrafa aðalstefnanda virðist sennileg, og því hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, að hann hafi unnið þær stundir, sem þar er krafið um og upplýst er, að hann vann í þjónustu aðalstefnda á því tímabili, sem um er að ræða og viðurkennt er, að honum hafa ekki verið greidd laun fyrir þann tíma, verður fallizt á aðalkröfu hans.

Um einstakar kröfur í gagnsök. Af því, sem að framan segir, leiðir, að ekki verður fallizt á kröfu gagnstefnanda, sem greinir í 1. og 2. lið.

Um 3. lið. Svo virðist sem aðalstefnandi hafi gleymt að láta slá upp fyrir greindum sóthúsum, og virðist því rétt, að aðalstefnandi, sem stjórnaði verkinu, beri ábyrgð á því. Því hefur að vísu verið mótmælt af hálfu aðalstefnanda, að það geti tekið 10 stundir að höggva göt á skorsteininn, en rétturinn telur engu að síður, að krafan sé ekki óhæfilega há.

Ósannað er, að aðalstefnanda beri að greiða 60.00 króna reikning þann, er getur í 4. lið.

Aðalstefnandi hefur hins vegar samþykkt kröfuliðina nr. 5 og 6.

Þannig ber aðalstefnda að greiða aðalstefnanda kr. 6.972.00 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til 31. desember það ár til greiðsludags og með 7% vöxtum frá 1. janúar 1966 til greiðsludags. Hins vegar ber honum að greiða gagnstefnanda kr. 2.673.10 með 6% ársvöxtum frá 23. marz 1965 til 31. desember 1965 og 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 til greiðsludags, og koma þessar

kröfur til skuldajafnaðar kröfu hans í aðalsök, eftir því sem til hrekkur. Rétt þykir, að aðalstefndi greiði gagnstefnanda málskostnað, kr. 4.600.00.

Dóminn kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, ásamt meðdómsmönnunum Steingrími Benediktssyni trésmíðameistara, Hafnarfirði, og Guðmundi Þorleifssyni trésmíðameistara, framkvæmdastjóra Iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, sem annast uppmælingar fyrir það félag.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Gunnar Pétursson, greiði aðalstefnanda, Valdimari Hafliðasyni, kr. 6.912.00 með 6% ársvöxtum frá 1. 1. 1965 til 31. 12. 1965 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 4.600.00 í málskostnað.

Gagnstefndi, Valdimar Hafliðason, greiði gagnstefnanda, Gunnari Péturssyni, kr. 2.673.10 auk 6% ársvaxta frá 23. 3. 1965 til 31. 12. 1965 og með 7% ársvöxtum frá 1. 1. 1966 til greiðsludags, enda komi þessar kröfur til skuldajafnaðar við kröfu aðalstefnanda, eftir því sem til hrekkur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. desember 1968.

Nr. 47/1968. **Haraldur Guðmundsson**
(Árni Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Olíufélaginu Skeljungi h/f
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. marz 1968 og gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 409.284.40 ásamt 6% árs-

vöxtum af kr. 461.759.40 frá 27. apríl 1965 til 1. janúar 1966, 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 8. apríl 1966, 7% ársvöxtum af kr. 409.284.40 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Slys það, sem mál þetta er af risið, verður einvörðungu rakið til stórkostlegs gáleysis áfrýjanda sjálfs. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Haraldur Guðmundsson, greiði stefnda, Olíufélaginu Skeljungi h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. janúar 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. þ. m., hefur Haraldur Guðmundsson, Suðurgötu 31, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 28. júní 1967, gegn Olíufélaginu Skeljungi h/f, Reykjavík, til þess að fá félagið dæmt til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 409.284.40 auk 6% ársvaxta af kr. 461.759.40 frá 27. apríl 1965 til 1. janúar 1966, 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 29. júní 1966 og sömu vaxta af kr. 409.284.40 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins setti stefnandi fram varakröfu um það, að honum yrði tildæmd önnur lægri fjárhæð úr hendi stefnda eftir mati dómsins auk vaxta og málskostnaðar, svo sem hann hefur krafizt í sambandi við aðalkröfu sína.

Stefndi, Olíufélagið Skeljungur, hefur krafizt þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins.

Til vara hefur þessi stefndi gert þá kröfu, að sök verði skipt

í málinu og kröfur stefnanda þá aðeins teknar til greina að mjög litlu leyti, en málskostnaður verði niður felldur.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, enda hefur hann engar kröfur haft uppi á hendur stefnanda.

Leitazt hefur verið við að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Mál þetta er gjafsóknarmál, og hefur Árni Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður verið skipaður til þess að flytja málið af hálfu gjafsóknarhafa, Haralds Guðmundssonar. Málskostnaðarkrafa er gerð hér í málinu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, sbr. fyrirmæli gjafsóknarleyfisins, sem dagsett er 11. apríl 1967.

Málavextir eru þeir, sem nú skal frá greina.

Hinn 27. apríl 1965, milli kl. 5 og 6 síðdegis, varð stefnandi fyrir slysi við vinnu sína á bifreiðaverkstæði stefnda, Olíufélagsins Skeljungs h/f, í Skerjafirði. Slysið bar að með þeim hætti, að stefnandi var að vinna við stillingu hemla á tengivagni bifreiðarinnar R 3664, eign stefnda, inni á verkstæðinu ásamt öðrum starfsmanni stefnda, Guðmundi Bjarnasyni. Á bifreið þessari voru loftþrýstihemlar. Þar sem loftþrýstingur vildi minnka á kerfi bifreiðarinnar, varð að gangsetja bifreiðina við og við til þess að ná aftur upp þrýstingnum. Stefnandi hugðist gangsetja bifreiðina í þessu skyni. Hann settist eigi upp í bifreiðina, heldur teygði sig inn í stýrishús hennar til þess að styðja á gangsetningarhnapp vélarinnar. Kom þá í ljós, að bifreiðin var í fyrsta gír, og er vél hennar fór í gang, rann hún áfram, án þess að stefnandi kæmist upp í stýrishúsið. Reyndi stefnandi nú að stöðva bifreiðina, en tókst eigi, og rann hún út úr verkstæðinu stjórnlaus og sveigði til hægri og lenti á bifreiðinni R 2557, eign stefnda, sem stóð fyrir utan verkstæðisdyrnar, hægra megin séð innan frá verkstæðinu. Þegar bifreiðin R 3664 lenti utan í bifreiðinni R 2557, klemmdist stefnandi milli stafs og hurðar á bifreiðinni R 3664. Hlaut hann alvarleg meiðsli, m. a. mjaðmagrindarbrotnaði hann. Var stefnandi óvinnufær af þessum sökum frá 27. apríl 1965 til 6. október s. á. auk þess sem hann hlaut 15% varanlega örorku af völdum slyssins.

Framangreindar bifreiðar voru báðar ábyrgðartryggðar hjá réttargæzlustefnda.

Lögreglumenn komu á vettvang eftir slysið og tóku ljósmyndir á staðnum. Hafa ljósmyndir þessar verið lagðar fram í málinu.

Samkvæmt þeim ljósmyndum hefur bifreiðin R 2557 staðið fyrir framan dyr á verkstæðinu, sem eru hægra megin við dyr þær, sem verið var að framkvæma viðgerðina á bifreiðinni R 3664 í. (Séð innan af verkstæðinu).

Ekki voru aðrir menn við vinnu inni á verkstæðinu heldur en stefnandi og samverkamaður hans, Guðmundur Bjarnason.

Að kvöldi dagsins, sem slysið vildi til, gaf Guðmundur Bjarnason skýrslu á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Skýrði hann svo frá, að hann hefði verið að vinna þarna inni á verkstæðinu ásamt stefnanda. Hafi þeir verið að gera við hemla á tengivagni bifreiðarinnar R 3664. Kvaðst hann hafa verið að enda við að tengja hemla tengivagns bifreiðarinnar og verið að fara undan vagninum, en hann hefði áður legið undir honum. Stefnandi mun hafa ætlað að setja bifreiðina í gang til þess að fá upp loftþrýsting á hemla hennar. Guðmundur kveður þá hafa verið búna að setja bifreiðina í gang áður til þess að prófa hemlana og hafi bifreiðin þá verið kyrr inni á verkstæðinu, en hemlarnir á vagninum hafi verið fastir og hafi þeir verið að laga þá. Síðan, þegar Guðmundur var að komast undan vagninum, kveðst hann hafa heyrt, að bifreiðin fór í gang og um leið af stað. Í fyrstu kvaðst hann hafa álitið, að stefnandi hefði farið upp í bifreiðina til þess að fara með hana út af verkstæðinu, en svo hafi hann séð, að bifreiðin sveigði til hægri að bifreiðinni R 2557, er staðið hafi fyrir utan verkstæðisdyrnar, með þeim afleiðingum, að bifreiðin lenti á bifreiðinni R 2557. Kvaðst Guðmundur þá strax hafa séð, að ekki var allt með felldu, og hlaupið að bifreiðinni R 2557. Hafi bifreiðin R 3664 þá verið búin að drepa á sér og staðið í fyrsta gír. Var stefnandi klemmdur þarna á milli hurðarinnar og dyrakarmsins, en hurðin klemmd inn í varahjólbarða (felgu) bifreiðarinnar R 2557. Var felga þessi utan á hægri hlið nefndrar bifreiðar. Var klemman það mikil, að bifreiðin R 3664 gat ekki runnið frá, þó að Guðmundur tæki hana úr gír. Kvaðst hann því hafa orðið að setja bifreiðina í gang og leggja á hjólin frá bifreiðinni R 2557 og með því hafi hann getað hreyft bifreiðina þannig, að lamir hurðarinnar á bifreiðinni R 3664 hafi brotnað, og við það hafi Haraldur losnað og fallið hægt niður. Kvaðst Guðmundur síðan strax hafa hlaupið í símann til þess að kalla á sjúkrabifreið og er hann hafi komið frá því, hafi verið komnir þarna að starfsmenn olíufélagsins. Síðan segir orðrétt á þessa leið í skýrslu Guðmundar fyrir rannsóknarlögreglunni: „Ég get ekki gert mér neina grein fyrir því, hvað kom að Haraldi að

fara að gangsetja bifreiðina, því bifreiðin hlýtur að hafa verið í gír, en algengt er að gangsetja bifreiðir, þegar viðgerð er framkvæmd, þar sem þrýstiloft eyðist, þegar verið er að prófa hemlana, en viss þrýstingur þarf að vera á til að fá út rétt álag á hemlana".

Hinn 3. júlí 1965 kom stefnandi fyrir hjá rannsóknarlögreglunni og gaf eftirfarandi skýrslu: Þegar umrætt slys varð, kveðst hann hafa unnið ásamt Guðmundi Bjarnasyni við að lagfæra hemla á tengivagni bifreiðarinnar R 3664. Hafi þeir unnið í félagi að verki þessu og er slysið varð, hafi Guðmundur verið fyrir aftan tengivagninn eða að nokkru leyti undir honum. Stefnandi kveðst hafa farið til að setja vél bifreiðarinnar í gang til þess að ná upp loftþrýstingi, en hemlakerfi bifreiðarinnar sé með „vacuum", þannig að loftið virki eingöngu á tengivagninn, en á bifreiðinni sé hemlavökvi á kerfinu, sem loftið virki á. Loftþrýstingurinn hafi fallið niður, svo að setja hafi þurft vél bifreiðarinnar í gang til þess að geta prófað hemlakerfi tengivagnsins. Kvaðst stefnandi hafa gengið fram með bifreiðinni og gerir ráð fyrir því, að hann hafi stigið á felguboltana og þannig teygt sig inn í bifreiðina, en hátt hafi verið upp í hús bifreiðarinnar, svo að maður næði eigi frá jörðu og inn í stýrishúsið. Stefnandi segist hafa teygt sig inn í stýrishús bifreiðarinnar og stutt á ræsihnapp hennar til þess að gangsetja vélina, sem hafi um leið hrokkið í gang og bifreiðin farið af stað. Bifreiðin hafi verið í gangi rétt áður, og kvaðst stefnandi hafa talið öruggt, að bifreiðin væri í hlutlausum gír, en handhemil hafi ekki verið hægt að hafa á bifreiðinni, meðan verið var að prófa hemlana.

Þegar bifreiðin hafi farið í gang og um leið af stað áfram, kvaðst stefnandi hafa gert tilraun til þess að komast inn í bifreiðina til þess að sveigja henni frá bifreiðinni R 2557, er staðið hafi hægra megin við dyrnar, sem bifreiðin R 3664 var í, en kvaðst ekki geta lýst því frekar, sem fyrir kom. Hann kvaðst ekki hafa misst meðvitund og fundið, er bifreiðin klemmdi meira og meira að honum. Félagi hans hafi komið honum til hjálpar og verið mjög fljótur að fara inn í bifreiðina og ná henni frá, svo að stefnandi losnaði úr klemmunni milli hurðarinar og dyrastafsins.

Hinn 29. nóvember 1967 kom Guðmundur Bjarnason hér fyrir réttinn og skýrði þá svo frá, að slysið hefði haft þau áhrif á sig, að skýrsla hans hjá rannsóknarlögreglunni hefði af þeim sökum ekki verið alveg rétt. Tók hann nú fram, að hann hefði beðið

stefnanda um að setja bifreiðina í gang í umrætt sinn og hafi hann þá ennþá legið undir tengivagninum. Segir Guðmundur, að þennan dag hafi stefnandi ekki fyrr verið búinn að fara upp í bifreiðina til að gangsetja hana. Guðmundur kvaðst sjálfur síðast hafa sett bifreiðina í gang og stöðvað hana, áður en slysið vildi til. Hann kvaðst ekki muna eftir því, hvort hann hefði skilið bifreiðina eftir í gír í umrætt sinn, en þó hljóti það hafa verið svo. Guðmundur sagði, að dieselvél hafi verið í bifreiðinni R 3664 og hafi verið drepið á henni með því móti að taka út handfang, sem staðsett sé fyrir aftan vélarhlíf inni í stýrishúsinu. Sagði hann, að unnt væri að festa handfang þetta í þeirri stöðu, að bifreiðin færi eigi í gang, þótt gerð væri tilraun til þess að ræsa vél hennar. Hann kvað stefnanda hafa verið verkstjóra við verk þetta. Hins vegar hafi annar maður, að nafni Emil Emilsson, verið verkstæðisformaður. Guðmund minnti, að bifreiðinni R 2557 hefði verið lagt við dyr verkstæðisins um kl. 1700 daginn, sem slysið vildi til. Hann tók fram, að þeir bifvélavirkjarnir á verkstæðinu hefðu verið margbúnir að óska eftir því við Guðmund Þorsteinsson stöðvarstjóra, að bifreiðum væri ekki lagt fyrir framan dyr verkstæðisins, nema því aðeins að búið hefði verið að óska eftir viðgerð á þeim og komið hafi verið að viðgerðinni. Hann kvað sérstök bifreiðastæði vera annars staðar í portinu.

Stefnandi kom einnig fyrir réttinn sama dag og Guðmundur Bjarnason. Staðfesti hann skýrslu sína fyrir rannsóknarlögreglunni, en bætti því við, að í umrætt sinn hefði hann ræst bifreiðina samkvæmt beiðni Guðmundar Bjarnasonar. Hann kvað Guðmund Bjarnason hafa ræst bifreiðina og stöðvað hana síðast, áður en slysið varð. Stefnandi sagðist hafa verið búinn að starfa á verkstæði Olíufélagsins Skeljungs h/f í um það bil 3 ár, þegar slysið vildi til. Hann kvaðst þá ekki hafa verið orðinn bifvélavirki, en hins vegar hafi hann verið búinn að vinna mörg ár við bifreiðaviðgerðir, þegar óhappið varð, og sagðist hafa haft bílpróf, þegar það gerðist. Hann kvaðst hafa fengið bifvélavirkjaréttindi seinast á árinu 1965. Hafi það gerzt með undanþágu frá skólagöngu, en gegn því, að hann tæki prófið. Stefnandi sagði, að slysið hefði orðið um það bil kl. 1730, og taldi, að bifreiðin R 2557 hefði þá verið búin að standa fyrir utan dyr verkstæðisins frá því um það bil kl. 1700. Stefnandi kvað mann að nafni Emil Emilsson hafa verið verkstæðisformann, þegar slysið vildi til. Sé Emil þessi bifvélavirkjameistari, en þar sem hann hafi einnig þurft

að annast um útvegun á varahlutum, hafi hann ekki alltaf verið við á verkstæðinu og hafi bifreiðarstjórarnir þá leitað til sín með viðgerðir á bílunum og það því komið í hlut stefnanda að ráðstafa minni háttar viðgerðum, þegar Emil hafi ekki verið við. Hins vegar sagði stefnandi, að allar meiri háttar viðgerðir hafi verið bornar undir Emil og hann tekið ákvarðanir í þeim efnum. Stefnandi sagði, að hann hefði oftar en einu sinni óskað eftir því við stöðvarstjórann, að hann bæði bifreiðarstjórana að leggja ekki bifreiðum fyrir framan verkstæðisdyrnar.

Emil Emilsson, verkstæðisformaður hjá Olíufélaginu Skeljungi h/f, hefur komið fyrir réttinn og skýrt svo frá, að þegar hann hafi ekki verið á verkstæðinu, þá hafi oftast verið leitað til stefnanda, með smærri viðgerðirnar að minnsta kosti, enda sagði Emil, að stefnandi hefði verið sín hægri hönd þarna á verkstæðinu. Emil kvað margsinnis hafa verið búið að amast við því, að bifreiðum væri lagt fyrir framan verkstæðisdyrnar. Ekki gat Emil fullyrt um það, hvort hann hefði verið búinn að tala um það við alla bifreiðarstjórana að leggja ekki fyrir framan verkstæðisdyrnar, en segir hins vegar, að hann hafi margsinnis verið búinn að tala um það við suma þeirra. Hann gat þess, að sérstök bifreiðastæði væru til í porti Olíufélagsins Skeljungs h/f. Emil taldi sig geta fullyrt, að bifreiðin R 2557 hefði ekki verið komin þarna kl. 1700 daginn, sem slysið varð, en á þeim tíma dags hætti Emil jafnan vinnu.

Guðmundur Þorsteinsson, stöðvarstjóri í olíustöð Olíufélagsins Skeljungs h/f, hefur komið fyrir réttinn og skýrt svo frá, að sig rámi í það, að stefnandi hafi verið búinn að amast yfir því við sig, að bifreiðarstjórarnir legðu bifreiðum að nauðsynjalausu fyrir framan verkstæðisdyrnar. Taldi Guðmundur, að þetta hefði verið annað hvort um svipað leyti og slysið varð eða áður, en tók þó fram, að hann ætti erfitt með að tímasetja þetta. Hann kvaðst áreiðanlega ekki sjálfur hafa talað um þetta við bifreiðarstjórana, en taldi, að annað hvort Emil Emilsson eða sá, sem umsjón hafði með útkeyrslunni, hefði rætt þetta við bifreiðarstjórana.

Stefnandi byggir skaðabótakröfur sínar á hendur stefnda í fyrsta lagi á 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. 1. mgr. 69. gr. sömu laga, enda telur hann, að umrætt slys hafi orðið af völdum ökutækis í notkun. Sú notkun hafi enn fremur verið skyldustarf stefnanda, er hann hafi innt af hendi í þágu stefnda. Hafi stefnandi leyst það af hendi, svo sem venja sé til um slík störf. Stefnandi telur, að hann hafi eigi sýnt það mikið gáleysi

við gangsetningu bifreiðarinnar, að réttlætt geti lækkun fébóta til hans samkvæmt heimild í 3. mgr. 67. gr. umferðarlaganna nema þá aðeins að litlu leyti. Ástæða þess, að hann hafi gangsett bifreiðina R 3664, hafi verið beiðni annars starfsmanns, Guðmundar Bjarnasonar. Hafi gangsetningin verið nauðsynlegur þáttur í þeirri viðgerð, sem stefnandi vann að. Hafi stefnandi haft fulla ástæðu til að ætla, að engin óvenjuleg hætta væri samfara því að ræsa bifreiðina nú fremur en áður, þar sem samstarfsmaður hans, Guðmundur Bjarnason, hefði gangsett bifreiðina rétt áður. Stefnandi hafi mátt ætla, að bifreiðin væri í því ástandi, sem venja sé til við slíka notkun bifreiða, það er að segja í hlutlausum gír. Hafi stefnandi því verið grandalaus um það, að nokkur óvenjuleg hætta væri fyrir hendi. Jafnframt hafi hann verið styrktur í því grandaleysi af nefndum samstarfsmanni sínum, sem eigi hafi varað hann við neinni hættu af gangsetningu bifreiðarinnar.

Í annan stað byggir stefnandi fébótaábyrgð á hendur stefnda á 68. gr. umferðarlaga, enda megi rekja slysið til árekstrar bifreiðarinnar R 3664 á bifreiðina R 2557. Báðar þessar bifreiðar séu eign stefnda, Olíufélagsins Skeljungs h/f, og tryggðar hinni lögbundnu ábyrgðartryggingu hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Orsök slyssins sé að þessu leyti til hin óforsvaranlega staðsetning bifreiðarinnar R 2557. Telur stefnandi, að bifreiðar séu aldrei látnar standa þannig rétt fyrir framan dyr verkstæðisins, eins og gert hafi verið í umrætt sinn með bifreiðina R 2557, nema rétt á meðan verið sé að afhenda þæri til viðgerðar. Því hafi hins vegar eigi verið til að dreifa í þessu tilviki. Hefði bifreiðin R 2557 eigi staðið rétt við verkstæðisdyrnar og eins rúmt verið við útkeyrslu eins og venjulega hafi verið, hefði ekkert tjón orðið af því, að bifreiðin R 3664 rann út úr dyrum verkstæðisins. Á þessari óforsvaranlegu staðsetningu bifreiðarinnar R 2557 og því tjóni, sem af henni hlauzt, beri stefndi fulla fébótaábyrgð.

Verði talið, að framangreindar málsástæður geti eigi átt við varðandi bótaskyldu stefnda, byggir stefnandi hana í þriðja lagi á reglunum um ábyrgð vinnuveitanda á tjóni, sem hlýzt af saknæmri háttsemi starfsmanna í starfi, en einhver af starfsmönnum stefnda hljóti að hafa skilið bifreiðina eftir í gír, vitandi þó, að slíkt hafi eigi mátt miðað við þá viðgerð, sem fram hafi farið á henni og notkun bifreiðarinnar til framkvæmdar þeirri viðgerð.

Í fjórða lagi reisir stefnandi kröfur sínar á því, ef sérreglur umferðarlaganna verða eigi taldar eiga hér við, að eðlilegt sé,

að atvinnuveitandi beri ábyrgð á tjóni, sem verði af notkun hins hættulega vinnutækis, sem bifreiðin R 3664 hafi verið undir þeim kringumstæðum, er slysið varð. Ef svo yrði litið á, að stefnandi hafi verið nokkurs konar ökumaður eða stjórnandi bifreiðarinnar R 3664 í umrætt sinn, hljóti hann þrátt fyrir það að njóta verndar skaðabótaréttarins, þar sem ætluð stjórn hans á bifreiðinni hafi verið nauðsynlegur þáttur í hættulegu skyldustarfi, en gangsetning bifreiðarinnar verið eðlileg og óumflýjanleg hjá stefnanda.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að slys stefnanda verði eingöngu rakið til ógætni hans sjálfs. Það hafi verið mikil óvarkárni af hálfu stefnanda að setja bifreiðina í gang án þess að fara sjálfur inn í hana og sitja í stýrishúsinu, þannig að hann hefði fulla stjórn á henni. Jafnframt hafi hann sýnt óvarkárni, er hann gekk eigi úr skugga um, að bifreiðin væri í hlutlausum gír, áður en hann setti hana svo óvarlega í gang. Þessi óvarkárni stefnanda verði enn meiri fyrir þá sök, að stefnandi hafi orðið að klifra upp á felgubolta til að geta teygt sig inn í bifreiðina, en svo hátt hafi verið upp í hús hennar að eigin sögn stefnanda, að ekki hafi náðst frá jörðu inn í stýrishúsið. Enn meiri verði óvarkárni stefnanda, þegar þess er gætt, að starfsfélagi hans, Guðmundur Bjarnason, virðist enn hafa legið undir tengivagninum, er stefnandi fór til að setja bifreiðina í gang. Þá hafi stefnandi enn farið óvarlega, er hann reyndi að komast upp í bifreiðina á ferð, við svo erfiðar aðstæður, sem nú hefur verið lýst. Hefði honum verið nær að forða sér frá og minni skaði, þó að bifreiðin skemmdist, en að hann yrði sjálfur fyrir líkams- eða jafnvel líftjóni.

Þó að bifreiðin kunni að hafa verið í gangi, nokkru áður en stefnandi setti hana í gang, telur stefndi það ekki hafa gefið stefnanda nokkra tryggingu fyrir því, að bifreiðin væri í hlutlausum gír, þegar hann ræsti vél hennar, og dragi það alls ekki úr óvarkárni hans, hvað þá að það geti talizt saknæmt af hálfu samverkamanns hans, þó að hann kunni að hafa drepið á vél bifreiðarinnar í gír. Þvert á móti virðist það vera sjálfsögð varúð að hafa bifreiðina í gír og reyndar í samræmi við ákvæði 51. gr. umferðarlaga. Því geti heldur eigi verið um að ræða sök hjá starfsmanni stefnda af þessu tilefni.

Slys þetta verði eigi talið stafa af notkun ökutækis stefnda í þeim skilningi, sem stefnandi vilji vera láta. Stefnandi hafi sjálfur stjórnað ökutækinu, ef stjórn skyldi kalla, er slysið

varð. Komi því ekki til greina að reisa neina bótaskyldu á 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. 69. gr. sömu laga. Jafnvel þó að ekki yrði á þetta fallizt, telur stefndi samt, að með hliðsjón af 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga beri að fella bætur alveg niður vegna hinnar miklu sakar stefnanda.

Þá mótmælir stefndi því enn fremur, að fébótaábyrgð verði byggð á 68. gr. umferðarlaga, því að ekki sé hægt að segja, að slys þetta hafi orðið af árekstri bifreiða í þeim skilningi, sem umferðarlögin leggi í hugtakið árekstur. Hér verði að gæta þess, að bifreið sú, sem R 3664 rakst á, R 2557, var kyrrstæð og mannlaus, þegar áreksturinn varð. Því er mótmælt sem algerlega röngu, að bifreiðinni R 2557 hafi verið óforsvaranlega lagt fyrir slysið. Á það bendir stefndi enn fremur, að stefnanda hafi verið fullkunnugt um stöðu þessarar bifreiðar og hafi hann þess vegna algerlega getað varazt hana og jafnvel átt að sýna meiri gætni í athöfnum sínum vegna hennar. Þetta hafi stefnandi vanrækt, svo sem áður er fram komið, en honum verði auðvitað einum um það kennt.

Loks mótmælir stefndi þeirri málsástæðu stefnanda, að hér eigi við reglur um ábyrgð atvinnuveitanda á tjóni, sem verður af völdum hættulegs atvinnutækis. Bifreiðin R 3664 hafi engan veginn verið hættulegt vinnutæki í slíkum skilningi, er slys stefnanda varð. Mótmælir stefndi í þessu efni hugleiðingum stefnanda sem röngum og algerlega því, að starf stefnanda hafi verið hættulegt í þeim skilningi, að sérstök abjektiv skaðabótaábyrgð eigi að stofnast þess vegna. Ítrekar stefndi það, að hættan í máli þessu hafi einungis skapazt vegna stórkostlegs gáleysis stefnanda sjálfs.

Verði eigi á þessar málsástæður fallizt, þá telur hann hins vegar ljóst, að skipta verði sök í máli þessu og leggja sökina fyrst og fremst á stefnanda sjálfan og þá aðeins að mjög óverulegu leyti á stefnda.

Rétturinn lítur svo á, að slys það, sem stefnandi varð fyrir, verði hvorki rakið til handvammar samstarfsmanns hans í umrætt sinn né heldur til bilunar eða galla í tækjum, er stefndi beri ábyrgð á. Ekki verður heldur á það fallizt, að starf það, sem stefnandi vann að, er slysið varð, falli undir hættulega starfsemi samkvæmt íslenzkum rétti.

Þá er það skoðun réttarins, að fébótaábyrgðarreglur 67. gr., 1. mgr., umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. 1. mgr. 69. gr. sömu laga, eigi ekki við í tilviki því, sem hér er um fjallað, þar sem stefn-

andi var að gera við bifreiðina í umrætt sinn og slasast vegna mistaka sinna við framkvæmd þeirrar viðgerðar, en eigi vegna notkunar bifreiðarinnar í skilningi 1. mgr. 67. gr. laganna. Ekki verður heldur talið, að 68. gr. umferðarlaganna eigi hér við, þar sem bifreiðin R 2557 var mannlaus og kyrrstæð, þá slysið vildi til, og verður því eigi litið svo á, að hér hafi verið um að ræða árekstur í merkingu nefndrar lagagreinar.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja, að höfuðorsök slyssins hafi verið stórkostlegt gáleysi stefnanda sjálfs, sem hafði bílpróf og var vanur bílaviðgerðum, með því að setjast eigi undir stýri bifreiðarinnar og huga að stjórntækjum hennar, áður en hann gerði tilraun til að gangsetja hana, í stað þess að standa fyrir utan bifreiðina á felguboltum hennar og seilast þaðan með höndina á ræsinn án þess að athuga, hvort bifreiðin væri í gír eða ekki.

Af þeim sökum, sem nú hefur verið getið, verður stefnandi að bera allt tjón sitt sjálfur, enda verður eigi talið, að slysið sé vávæn afleiðing af staðsetningu bifreiðarinnar R 2557 í umrætt sinn.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi er sýknaður af dómkröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málskostnaður til handa stefnanda ákveðst kr. 32.520.00 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Árna Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 25.000.00 í talsmannslaun.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Sigþóri Guðjónssyni verkstæðisformanni og Valdimar Leonhardssyni bifvélavirkjameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Olíufélagið Skeljungur h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Haralds Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður stefnanda, kr. 32.520.00, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Árna Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 25.000.00 í talsmannslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. desember 1968.

Nr. 135/1967. **Carl J. Eiríksson** (sjálfur)
gegn
Júlíusi Magnússyni
(Magnús Fr. Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Uppboð. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. ágúst s. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að öðru leyti en því, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir uppboðsdómi, kr. 19.766.00, og svo málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 22. maí 1967.

Uppboðsbeiðandi, Magnús Fr. Árnason hæstaréttarlögmaður, hefur krafizt þess f. h. Júlíusar Magnússonar, Breiðagerði 31, að 3. hæð húseignarinnar nr. 3 við Rauðalæk hér í borg, eign uppboðsþola, Carls J. Eiríkssonar verkfræðings, verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar eftirstöðvum skulda samkvæmt tveim veðskuldabréfum, kr. 76.066.68 og kr. 52.500.00, samtals kr. 128.566.68, með 8½% ársvöxtum frá 1. júní 1965 til 1. janúar 1966 og 9½% frá þeim degi til 1. júní 1966 og 1% mánaðarvöxtum frá 1. júní 1966 til greiðsludags, enn fremur til lúkningar innheimtulaunum samkvæmt taxta Lögmannafélags Ís-

lands, kr. 12.628.33, og kostnaði við uppboðið, þar á meðal málskostnaði vegna uppboðsmáls þessa.

Uppboðsþoli hefur mótmælt því, að gerðin nái fram að ganga. Hann hefur krafizt málskostnaðar úr hendi uppboðsbeiðanda.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram hinn 5. þ. mán.

Í máli þessu liggja fyrir sem rskj. 2 og 3 tvö veðskuldabréf, útgefin til handhafa hinn 14. maí 1952 af Carli J. Eiríkssyni og bæði tryggð með veði í íbúðareign útgefanda í húsinu Rauðalæk 3 hér í borg. Rskj. 2 er að upphæð upphaflega kr. 108.666.66 og er tryggt með 4. veðrétti, en rskj. 3 er upphaflega að upphæð kr. 75.000.00 og tryggt með 2. veðrétti í nefndri eign. Í báðum bréfum er tíðkanlegt ákvæði þess efnis, að ef ekki sé staðið í skilum um greiðslu afborgana og vaxta á nákvæmlega tilteknum gjalddögum, en gjalddagar afborgana og vaxta beggja bréfa er 1. júní ár hvert, þá séu eftirstöðvar þegar í stað í gjalddaga fallnar án fyrirvara. Og þegar svo sé komið, megi láta selja veðið á uppboði án dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 1. grein laga nr. 57/1949, sbr. 39. gr. laga nr. 95/1947, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887. Bréf þessi eru undirrituð í votta viðurvist og er þinglýst athugasemdalaust 14. júlí 1962.

Uppboðsbeiðandi skýrir svo frá, svo sem og veðskuldabréfin bera með sér, að 1. greiðsla afborgana og vaxta hafi farið réttstundis fram hinn 30. maí 1963 í verðbréfadeild Búnaðarbankans, þar sem bréfin hafa alltaf frá byrjun verið til innheimtu að ósk eiganda þeirra, Júlíusar Magnússonar. Næstu afborgun, sem til féll 1. júní 1964, kveðst uppboðsbeiðandi hafa orðið að innheimta, þar eð uppboðsþoli hafi virt að vettugi tilkynningar verðbréfadeildarinnar, sem tíðkanlegar séu, en loks greitt hana 29. júní 1964. Afborgun pr. 1. júní 1965 hafi uppboðsþoli lagt inn í Landsbanka Íslands án þess að tilkynna um hana og hafi verðbréfadeildin loksins haft upp á peningunum þar eftir fyrirspurnir víðsvegar. Vísast hér að öðru leyti til yfirlýsingar verðbréfadeildarinnar á rskj. 9.

Þá er um það bil 7—10 dagar hafi verið til gjalddagans 1. júní 1966, hafi uppboðsþola verið send tíðkanleg tilkynning, sbr. rskj. 18, sjá og rskj. 19, en þar er getið um, hver bréfin eru og gerð grein fyrir gjalddaga, greiðslustað og greiðslufjárhæð. Þessi tilkynning hafi verið send í almennu bréfi og hafi hún engan árangur borið. Þá hafi uppboðsþola verið ritað ábyrgðarbréf 22. júní 1966 og hafi verðbréfadeildin þar tilkynnt honum, að um-

rædd 2 veðskuldabréf væru til innheimtu hjá deildinni og næmi greiðsla alls kr. 30.800.00, og er uppboðsþola settur frestur til greiðslu til 5. júlí, ella muni gengið að veðinu án frekari tilkynningar. Vísast hér til rskj. 4 í málinu, og er þessa ábyrgðarbréfs getið sem nr. 9282 á endurriti af lista yfir skrásett bréf send af Búnaðarbanka Íslands, og er endurrit þetta lagt fram í málinu sem rskj. 20. Enn fremur hefur hér að lútandi verið lagt fram sem rskj. 31 vottorð póststofunnar, þar sem segir, að bréfapóststofan hafi hinn 22. júní 1966 tekið við ábyrgðarbréfi nr. 9282, sendandi Búnaðarbanki Íslands, en viðtakandi Carl J. Eiríksson. Tilkynning um bréf þetta hafi verið send Carli hinn 23. júní og sú tilkynning ítrekuð 28. sama mánaðar og enn 8. júlí. Bréfsins hafi aldrei verið vitjað og hafi það verið endursent bankanum 28. júlí 1966.

Uppboðsbeiðandi, Magnús Fr. Árnason hæstaréttarlögmaður, ritar uppboðsþola bréf hinn 8. júlí 1966, sjá rskj. 5, og krefur hann þar um allar eftirstöðvar margumræddra veðskuldabréfa, eða samtals kr. 128.566.68, auk vaxta og kostnaðar. Greiðslu þessarar er krafizt í síðasta lagi 16. sama mánaðar, ella verði gengið að hinni veðsettu eign. Bréf þetta er sent í ábyrgðarpósti, og svarar uppboðsþoli því hinn 20. júlí 1966, sjá rskj. 15. Þar lætur hann uppboðsbeiðanda vita, að afborganir og vextir, er til féllu 1. júní, verði greiddir handhafa eða handhöfum bréfanna án tafar, enda hafi peningarnir verið í geymslu í þeim tilgangi frá gjalddaga bréfanna.

Uppboðsbeiðni er dagsett 21. júlí 1966. Bendir uppboðsbeiðandi á það, að uppboðsþoli hafi mátt vita, að bréf þessi væru til innheimtu hjá verðbréfadeild Búnaðarbankans, þar sem þau höfðu jafnan verið, og hefði hann með einu símtali getað fullvissað sig um það, og auðvitað hafi hann getað snúið sér til Júlíusar Magnússonar, eiganda bréfanna, og fengið allar upplýsingar í þessu efni. Allar líkur séu til þess, að uppboðsþoli hafi fengið tilkynningu verðbréfadeildarinnar, enda sé undantekning, ef bréf misferst í pósti og þó að þetta bréf hafi samt sem áður misfarizt, hljóti uppboðsþoli að hafa fengið a. m. k. eina af þrem tilkynningum um ábyrgðarbréfið 22. júní og hefði þannig átt kost á að kynna sér efni bréfsins, sem þá hefði leitt hann í allan sannleika um greiðslustað. Að öðru leyti sé á það að líta, að enda þótt uppboðsþoli hafi enga tilkynninguna fengið, komi það uppboðsbeiðanda ekki til hnekkis í þessu efni, sbr. 39. grein laga nr. 7/1936. Þá bendir uppboðsbeiðandi sérstaklega á það, að uppboðsþoli hafi

ekki í svarbréfi sínu á rskj. 15 látið hjá líða að skýra frá því, hvar og hvernig hann hefði komið peningum í geymslu, og slík viðbrögð séu að sjálfsögðu ekki löguð til að sýna fram á vilja til að standa í skilum. Hvað svo sem annars megi segja um greiðslugetu hans, hafi uppboðsþoli átt þess kost að greiða aðeins hinar áföllnu afborganir og vexti, en hann hafi ekki viljað það og hann hafi ekki komið með greiðslur í uppboðsréttinn. Hafi hann þannig gerzt sekur um svo óvenjulega greiðslutregðu, að einsýnt sé að heimila eindögun beggja veðskuldanna að fullu auk kostnaðar.

Af uppboðsþola hálfu er vísað til þess, að enginn greiðslustaður sé tiltekinn í veðbréfunum, og komi þá til hin almenna regla kröfuréttar, að greiðslustaður handhafabréfa sé hjá skuldara. Uppboðsþoli hafi eðli málsins samkvæmt alls ekkert tilefni til þess að snúa sér til eins eða annars aðilja til að grafa upp, hvar bréfin væru nú niður komin. Þetta hafi hann þó gert, hann hafi hringt til verðbréfadeildar Búnaðarbankans, þegar að því kom, að hann skyldi greiða vexti og afborganir, en sér hafi verið tjáð, að bréfin væru þar ekki til staðar. Tilfærir uppboðsþoli samtal sitt við starfsfólk deildarinnar. Kveðst uppboðsþoli þá hafa spurt útibússtjórann í Austurbæjarútibúi Búnaðarbankans og spurt, hvort hann gæti deponerað greiðslu þar, og að fengnu jákvæðu svari, hafi hann gert það hinn 27. maí 1966. Hefur uppboðsþoli lagt fram kvittanir þar að lútandi fyrir kr. 30.473.37 samtals, og vísast hér til rskj. 11—14.

Uppboðsþoli kveðst alls ekki hafa fengið bréf verðbréfadeildarinnar, sem tjáist hafa verið sent fyrir gjalddaga. Hann kveðst heldur ekki hafa fengið tilkynningar um ábyrgðarbréf, sem haldið er fram, að honum hafi verið sendar, sjá rskj. 4, sbr. og rskj. 20. Kveðst hann ekkert hafa vitað í þessu efni fyrr en hann fékk bréf Magnúsar Fr. Árnasonar hinn 18. júlí og þá um hæl hafa látið Magnús vita um greiðslu sína. Þegar á þetta sé litið, telur uppboðsþoli, að krafa Magnúsar Fr. Árnasonar hafi ekki verið lögmæt greiðsluáskorun — hann hafi enga heimtingu átt á að fá annað og meira en hinar nýlega áföllnu afborganir og vexti og skuldari handhafabréfs sé alls ekki skyldur til greiðslu, nema að undangenginni lögmætri greiðsluáskorun.

Viðvíkjandi depositio sinni tekur uppboðsþoli fram, að enda þótt lög Búnaðarbankans áskilji bankanum ekki rétt til að taka við depositum, þá telji bankastjórnin þó, að slíkar greiðslur megi þar inna af hendi, sjá rskj. 30, sbr. rskj. 29. En þótt vafasöm kynni að teljast heimild Búnaðarbankans til að taka við deposit-

um þann veg, að leysi skuldara samkvæmt almennum reglum, þá sé þó á það að líta, að fyrst svo var, að verðbréfadeild Búnaðarbankans hafi bréfin undir höndum, þá hljóti uppboðsþoli að hafa leyst sig undan greiðsluskyldum sínum við það að greiða til þessarar starfsstofu bankans, sem starfi á ábyrgð aðalbankans og hafi fullt umboð hans. Sé í öllu falli ljóst, að uppboðsþoli hafi með þessu sýnt bæði vilja og getu til að standa í skilum.

Í þessu máli er um að ræða handhafabréf. Enda þótt uppboðsþoli hafi í öll undanfarin skipti greitt af bréfunum í verðbréfadeild Búnaðarbankans, þykir ekki fært að slá því föstu, að hann hafi mátt segja sér sjálfur, að bréfin væru þar framvegis til innheimtu.

Það er ekki sannað gegn eindregnum mótmælum uppboðsþola, að honum hafi borizt bréf verðbréfadeildarinnar fyrir gjalddaga og tilkynningar um ábyrgðarbréf deildarinnar eftir gjalddaga, þannig að hann hafi átt færi á að kynna sér verustað skuldabréfanna. Verður því ekki komizt hjá að líta svo á, að með greiðslu inn í Búnaðarbankann hafi uppboðsþoli gert það, sem eftir atvikum mátti af honum heimta sem skuldara handhafabréfa.

Þannig verður ekki talið, að á þeim tíma, sem Magnús Fr. Árnason hæstaréttarlögmaður ritaði uppboðsþola kröfubréfið á rskj. 5, hafi verið til orðnar forsendur fyrir því að telja allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga fallnar vegna vanskila. Uppboðsþoli skýrir Magnúsi frá því í svarbréfi sínu án verulegrar tafar, að peningar til greiðslunnar séu til reiðu fyrir handhafa bréfanna.

Þegar á þetta er litið, verður ekki talið, að rétt sé að taka til greina kröfu uppboðsbeiðanda. Eftir atvikum þykir þó ekki full ástæða til að úrskurða uppboðsþola málskostnað úr hendi uppboðsbeiðanda, og fellur málskostnaður niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin uppboðsgerð fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 18. desember 1968.

Nr. 18/1968. **Knútur Kristinsson f. h. Ewalds Berndsens** (Guðlaugur Einarsson hrl.)

gegn

Pétri Péturssyni (Árni Halldórsson hrl.)

og Kristjáni Eiríkssyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Dómssátt vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 6. desember 1966 undirgekkst stefndi Kristján á bæjarþingi Reykjavíkur fyrir fulltrúa yfirborgardómara, Magnúsi Thoroddsen, sem lögráðamaður áfrýjanda Ewalds og hans vegna að greiða stefnda Pétri kr. 475.000.00 auk vaxta og kostnaðar.

Eftir kröfu stefnda Péturs framkvæmdi fulltrúi yfirborgarfógeta, Haukur Davíðsson, fjárnám til tryggingar sáttarkröfunum hinn 11. nóvember 1967.

Að fengnu áfrýjunarleyfi 31. janúar 1968, hefur áfrýjandi með stefnu 8. febrúar 1968 áfrýjað nefndum dómsathöfnum til Hæstaréttar til ógildingar. Er málið var tekið fyrir í Hæstarétti 2. desember 1968, kröfðust stefndu frávísunar málsins frá Hæstarétti og málskostnaðar þar úr hendi áfrýjanda. Munnlegur málflutningur fór því næst fram um frávísunarkröfuna. Í þeim þætti málsins gerði áfrýjandi þær dómkröfur, að frávísunarkröfunni yrði hrundið og að stefndu yrði dæmt að greiða málskostnað hér fyrir dómi.

Dómssátt sú, er að framan greinir, var gerð samkvæmt skriflegu samkomulagi umboðsmanna málsaðilja, er þeir höfðu undirritað og lagt fram á dómþinginu. Verður eigi séð, að héraðsdómari hafi á neinn hátt lagt dóm á gildi sáttarinnar. Að svo vöxnu brestur lagaheimild til áfrýjunar dómssáttarinnar, og verður málinu, að því er hana varðar, því vísað frá Hæstarétti. Hins vegar eru ekki fram komin nein gögn, er leitt geti til frávísunar málsins frá Hæstarétti, að því er tekur til hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti, að því er hina áfrýjuðu dómssátt varðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómssátt fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 6. desember 1966.

Var þá tekið fyrir: 108°—3723/1966: Pétur Pétursson gegn Kristjáni Eiríkssyni f. h. ófjárráða Ewalds Berndsens.

Af hálfu stefnanda sótti þing Bergur Bjarnason héraðsdómslögmaður og lagði fram nr. 6 sátt. ...

Af hálfu stefnda sótti þing Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður.

Með aðiljum varð svofelld sátt:

„Stefndi, Kristján Eiríksson hrl. v/ ófjárráða Ewalds Berndsen, lofar að greiða stefnanda, Pétri Péturssyni, Sundlaugavegi 18, Rvík, kr. 475.000.00 með 9% ársvöxtum frá 1. ágúst 1962 til 1. ágúst 1965, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.140.00 í stimpilkostnað og kr. 50.510.00 í málskostnað, allt fyrir 8/1 1967 í skrifstofu Hafþórs Guðmundssonar, Skólavörðustíg 36, Rvík.

F. h. stefnanda v/Hafþ. Guðmundssonar B. B.

F. h. stefnda v/Kristjáns Eiríkssonar Jóhann Steinason".

Sátt þannig gerð.

Jóhann Steinason. Bergur Bjarnason.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 11. nóvember 1967.

Fyrir var tekið: Málið A-2892/1967: Pétur Pétursson gegn Kristjáni Eiríkssyni f. h. ófjárráða Ewalds Berndsens.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 sátt bæjarþings Reykjavíkur nr. 3732/1966.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir dr. juris Hafþór Guðmundsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 475.000.00 með 9% ársvöxtum frá 1. ágúst 1962 til 1. ágúst 1965, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 30.00 endurritskostnað, kr. 1.140.00 í stimpilkostnað, kr. 50.510.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola mætir Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Umboðsmenn aðilja samþykkja að gerðin fari fram hér.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignum gerðarþola, Ewalds Berndsens, 1/6 hluta í neðri hæð og kjallara húseignarinnar nr. 6 við Engihlíð, 1/6 hluta í kjallaraíbúð að Flókagötu 57, 1/6 hluta í allri húseigninni nr. 15 við Þverholt, 1/6 hluta í fasteigninni nr. 13 við Ránargötu og 1/6 hluta í fasteigninni nr. 4 við Bókhlöðustíg.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Miðvikudaginn 18. desember 1968.

Nr. 19/1968. **Knútur Kristinnsson f. h. Ewalds Berndsens**
(Guðlaugur Einarsson hrl.)
gegn
Jóhanni Steinasyni og Kristjáni Eiríkssyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. janúar 1968, með stefnu 8. febrúar 1968 skotið til Hæstaréttar sáttargerð á bæjarþingi Reykjavíkur 16. marz 1967 fyrir fulltrúa yfirborgardómara, Birni Þ. Guðmundssyni, þar sem stefndi Kristján sem lögráðamaður áfrýjanda Ewalds og hans vegna undirgekkst að greiða stefnda Jóhanni kr. 800.600.00 auk vaxta og málskostnaðar. Var sátt þessi gerð samkvæmt skriflegu samkomulagi aðilja, er þeir höfðu undirritað og lagt fram á dómþinginu, og verður eigi séð, að héraðsdómarinn hafi á neinn hátt lagt dóm á gildi sáttarinnar.

Er mál þetta var fyrir tekið í Hæstarétti 2. desember 1968, var þess krafizt af hendi stefndu, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjanda yrði dæmt að greiða þeim máls-

kostnað fyrir Hæstarétti. Munnlegur málflutningur fór því næst fram um þessar kröfur stefndu. Í þeim þætti málsins krafðist áfrýjandi þess, að frávísunarkröfu stefndu yrði hrundið og að þeim yrði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Lagaheimild brestur til að áfrýja til Hæstaréttar dómssátt þeirri, er að framan greinir. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómssátt fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 16. marz 1967.

Var þá tekið fyrir: 63°—222/1967: Jóhann Steinason gegn Ewald Berndsen.

Stefnandi, Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður, sótti þing sjálfur og lagði fram nr. 1—3 stefnu, yfirlýsingu og sátt. ...

Af hálfu stefnda sótti þing Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður.

Með aðiljum varð svofelld sátt:

„Stefndur, Kristján Eiríksson hrl. vegna Ewalds Berndsen, lofar að greiða hina umstefndu skuld, kr. 800.600.00, með 9% ársvöxtum af kr. 25.600.00 frá 24. 10. 1961 til 15. desember s. á., 9% ársvöxtum af kr. 175.600.00 frá þeim degi til 6. ágúst 1964, 9% ársvöxtum af kr. 240.600.00 frá þeim degi til 18. sept. s. á., 9% ársvöxtum af kr. 340.600.00 frá þeim degi til 25. 9. s. á., 9% ársvöxtum af kr. 465.600.00 frá þeim degi til 28. 9. 1964, 9% ársvöxtum af kr. 665.600.00 frá þeim degi til 30. sept. s. á. 9% ársvöxtum af kr. 765.600.00 frá þeim degi til 1. marz 1965, 9% ársvöxtum af kr. 800.600.00 frá þeim degi til 1. 7. 1965, 1% vanskilavöxtum á mánuði eða brot úr mánuði af kr. 800.600.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.920.00 í stimplikostnað og kr. 67.810.00 í málskostnað þann 18. marz 1967.

Reykjavík, 16. marz 1967.

Jóhann Steinason. Kristján Eiríksson".

Sátt þannig gerð.

Jóhann Steinason. Kristján Eiríksson.

Miðvikudaginn 18. desember 1968.

Nr. 96/1968. **Elli- og hjúkrunarheimilið Grund**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Guðrúnu Guðmundsdóttur f. h. dánarbús Jóns Guðjónssonar, vegna sjálfrar sín og fyrir hönd ólögráða barna sinna, Ásdísar og Ingibjargar Jónsdætra, og Guðjóni Jónssyni og gagnsök (Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1968 og krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar úr þeirra hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 23. nóvember 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefjast þeir þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim samtals kr. 1.915.430.00 auk 7% ársvaxta af kr. 443.896.00 frá 30. marz 1960 til 21. júlí sama ár, 7% ársvaxta af kr. 1.915.430.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Málavöxtum er rækilega lýst í héraðsdómi. Af gögnum málsins, sérstaklega tilkynningu aðaláfrýjanda til Tryggingastofnunar ríkisins 28. marz 1952 um slys það, sem um er fjallað í máli þessu, og vottorði Alfreðs Gíslasonar læknis 27. marz 1952 um meiðsl Jóns heitins Guðjónssonar, þykir í ljós leitt, að sprenging hafi orðið í ketilhúsi þvottahúss aðaláfrýjanda 28. febrúar 1952 og við það hafi Jón heitinn hlotið

áfall. Eigi er í ljós leitt um orsakir sprengingar þessarar, en aðaláfrýjandi tilkynnti eigi Öryggiseftirliti ríkisins um slysið samkvæmt 26. gr. laga nr. 23/1952 né óskaði rannsóknar samkvæmt 12. tl. 2. gr. laga nr. 27/1951, sem þá giltu um þessi efni. Það virðist hins vegar ljóst, að sprengingin hafi orðið annað hvort vegna bilunar á tækjum eða vegna lélegrar umhirðu. Ber aðaláfrýjandi því fébótaábyrgð á tjóni því, sem gagnáfrýjendur hafa orðið fyrir af þessum sökum. Í skýrslu Jóns heitins Guðjónssonar, sem talin er rituð í ágústmánuði 1959, lýsir hann starfssviði sínu hjá aðaláfrýjanda þannig: „Verksvið mitt hjá Elliheimilinu var að halda við rafmagnslögnum og tækjum. Einnig vann ég við viðhald á vélum, þótt það hafi ekki tilheyrt mínu fagi, ef tími vannst til og með þurfti eða ég var um það beðinn. Þar á meðal var olíukynding, sem hitaði upp gufuketil, sem aftur var notaður til starfrækslu við þvottahúsið". Í skýrslu þessari getur Jón heitinn þess, svo sem orðrétt er rakið í héraðsdómi, að hann hafi talið umbúnað og frágang ketils þessa og kyndingartækja á ýmsan hátt ábótavant og jafnvel hættulegan. Hafi hann kvartað um þetta við fyrirsvarsmann aðaláfrýjanda, án þess að úr væri bætt. Atburðinum 28. febrúar 1952 lýsir Jón heitinn svo í skýrslu þessari: „Svo skeður það hinn 28. febrúar 1952, að ég er að vinna í aðalbyggingu Elliheimilisins og varð litið út um gluggann og sé þá, að mikinn reyk leggur upp úr reykháf þvottahússins og varð þá ljóst, að ekki mundi allt vera með felldu með olíukyndinguna. Fór ég þá tafarlaust út og inn í ketilhúsið til þess að reyna að koma í veg fyrir frekara hættuástand eða tjón, og skipti það engum togum, að sprenging verður í eldholinu, um leið og ég kem inn, og reyndist hurð eldholsins sprungin frá og allur glugginn úr ketilhúsinu, en ég mun hafa skollið upp að vegg, enda missti ég meðvitund á samri stundu".

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var Jón heitinn rafvirki að menntun og hafði unnið að þessum störfum nokkur ár. Var hann því kunnugur tækjum þeim, sem um er fjallað í málinu. Mátti honum því vera ljóst, að hættulegt gat verið að fara inn í ketilhúsið, eins og á stóð, og verður að meta

honum það til óvarkárni. Ber því að skipta fébótaábyrgð slyss þessa, og þykir hæfilegt, að aðaláfrýjandi bæti tjón gagnáfrýjanda að ¾ hlutum.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að sjúkleiki Jóns heitins eftir slysið sé afleiðing fyrrgreinds slyss.

Svo sem í héraðsdómi greinir, andaðist Jón heitinn 21. júlí 1960. Í áliti Læknaráðs 9. marz 1965 segir um dánarorsakir, að líklegt verði að teljast, „að heilsubrestur Jóns af völdum slyssins hafi að minnsta kosti verið meðverkandi orsök að dauða hans“.

II.

Kröfur sínar sundurliða gagnáfrýjendur þannig:

A. Bætur til dánarbús Jóns Guðjónssonar:

1. Bætur vegna örorku Jóns heitins frá slysdegi til dánardags	kr.	153.896.00
2. Kostnaður Jóns heitins, aðallega vegna ferða til Kaupmannahafnar ..	—	50.000.00
3. Bætur fyrir þjáningar Jóns heitins og röskun á högum hans og stöðu	—	240.000.00
Samtals	kr.	443.896.00

B. Bætur til Guðrúnar Guðmundsdóttur:

1. Bætur fyrir missi framfæranda ..	kr.	878.066.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	250.000.00
3. Útfararkostnaður Jóns heitins Guðjónssonar	—	10.000.00
Samtals	kr.	1.138.066.00

C. Bætur til Ásdísar Jónsdóttur:

1. Bætur fyrir missi framfæranda ..	kr.	65.209.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	75.000.00
Samtals	kr.	140.209.00

D. Bætur til Ingibjargar Jónsdóttur:

1. Bætur fyrir missi framfæranda ..	kr.	42.069.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum —		75.000.00
Samtals	kr.	117.069.00

E. Bætur til Guðjóns Jónssonar:

1. Bætur fyrir missi framfæranda ..	kr.	1.190.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum —		75.000.00
Samtals	kr.	76.190.00

Verða nú einstakir kröfuliðir teknir til athugunar.

Um kröfulið A.

1. Fram hefur nú komið, að Tryggingastofnun ríkisins hefur á árunum 1952 til 1954 greitt Jóni heitnum Guðjónssyni dagpeninga vegna slyss þessa, samtals kr. 21.056.16. Þegar gætt er þess, að bætur sem þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, og svo annarra þeirra atriða, er hér ber að hafa í huga, þykir óbætt heildartjón samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðið kr. 100.000.00.

2. Fallast má á úrlausn héraðsdóms um þennan lið og taka hann til greina með kr. 15.000.00.

3. Tjón samkvæmt þessum kröfulið er hæfilega ákveðið í héraðsdómi, kr. 60.000.00.

Óbætt heildartjón samkvæmt þessum kröfulið telst því kr. 175.000.00 (100.000.00 + 15.000.00 + 60.000.00). Ber aðaláfrýjanda að bæta ¾ hluta þess, eða kr. 131.250.00, með 7% ársvöxtum frá 30. marz 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Um kröfulið B.

1. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur 27. marz 1968 reiknað með líkindatölum fjárhagstjón gagnáfrýjandans Guðrúnar vegna missis framfæranda. Telur tryggingafræðingurinn tjónið nema kr. 941.066.00 miðað við dánardag Jóns

heitins Guðjónssonar. Verðmæti ekkjubóta og mæðralauna, sem Guðrún fær frá Tryggingastofnun ríkisins, telur hann miðað við sama dag kr. 63.000.00. Þegar þess er gætt, að bætur sem þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, og höfð í huga þau önnur atvik máls þessa, sem hér skipta máli, þykir óbætt fjárhagstjón gagnáfrýjanda Guðrúnar að þessu leyti hæfilega ákveðið kr. 550.000.00.

2. Tjón samkvæmt þessum lið er hæfilega ákveðið kr. 100.000.00.

3. Kröfu gagnáfrýjanda Guðrúnar um útfararkostnað þykir í hóf stillt, og verður þessi liður því tekinn til greina að öllu leyti með kr. 10.000.00.

Óbætt heildartjón samkvæmt þessum kröfulið telst því nema kr. 660.000.00. Ber aðaláfrýjanda að bæta ¾ hluta þess, eða kr. 495.000.00, auk vaxta, svo sem síðar verður greint.

Um kröfuliði C, D og E.

Fallast má á úrlausn héraðsdóms um tjón gagnáfrýjenda samkvæmt þessum kröfuliðum. Ber aðaláfrýjanda að bæta tjón hvers aðilja að ¾ hlutum, eða kr. 67.500.00 til Ásdísar Jónsdóttur, kr. 56.250.00 til Ingibjargar Jónsdóttur og kr. 30.000.00 til Guðjóns Jónssonar, auk vaxta af hverri fjárhæð.

Aðaláfrýjanda ber að greiða vexti af hverri fjárhæð samkvæmt kröfuliðum B, C, D og E, 7% ársvexti frá 21. júlí 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber og að dæma aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 175.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, greiði gagnáfrýjanda Guðrúnu Guðmundsdóttur:

1. F. h. dánarbús Jóns Guðjónssonar kr. 131.250.00 með 7% ársvöxtum frá 30. marz 1960 til 1. janúar 1965,

6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

2. Sjálfri kr. 495.000.00 með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

3. F. h. Ásdísar Jónsdóttur kr. 67.500.00 og f. h. Ingibjargar Jónsdóttur kr. 56.250.00 með 7% ársvöxtum af hvorri fjárhæð frá 21. júlí 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Guðjóni Jónssyni kr. 30.000.00 með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 175.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu eru dómendur Hæstaréttar sammála um málsatvik, mat á sönnunaratriðum og reikning á tjóni, en eigi verður fallizt á skipting meiri hluta dómenda á ábyrgð.

Jón heitinn Guðjónsson sagði um kyndingartæki það, sem í málinu greinir, m. a.: „loftvifta, sem fæðir súrefni inn á eldholið, var drifin af kílreim, sem stundum vildi slakna á eða slitna, og myndaðist þá köfnun í katlinum og þar með sprengingarhætta, þegar olían streymdi inn í heitt eldholið. Enn fremur var fleira frágangi ábótavant". Kvaðst Jón heitinn þess vegna ekki hafa verið „fullkomlega óhultur" inni

í ketilhúsinu, „ef eitthvað kynni að bera út af“. Hinn 28. febrúar 1952 var hann að vinna í aðalbyggingu Elliheimilisins. Leit hann þá út um glugga og sá, að mikinn reyk lagði upp úr reykháfi þvottahússins, „og var þá ljóst, að ekki mundi vera allt með felldu með oliukyndinguna“. Fór hann þá tafarlaust út og inn í ketilhúsið. Skipti það þá engum togum að sögn hans, að sprenging varð í eldholinu, og sagðist hann hafa orðið fyrir áfalli af hennar völdum. Eins og gögnum málsins er háttað, verður að leggja þessa frásögn hans til grundvallar í málinu.

Samkvæmt sjálfs sín sögn var Jóni heitnum Guðjónssyni ljóst, þá er hann fór inn í ketilhúsið, að þar gerðust válegir atburðir. Hann hefur því viðhaft allmikið gáleysi. Þá er litið er annars vegar til ábyrgðar aðaláfrýjanda á hinu gallaða kyndingartæki, en hins vegar til ógætni Jóns heitins Guðjónssonar, sem var vanur starfsmaður og vissi, hvernig í pottinn var búið, er hæfilegt, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjendum tjónið að 60 hundraðshlutum.

Samkvæmt því, sem sagt var, ber að dæma aðaláfrýjanda, Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, til að greiða gagnáfrýjanda Guðrúnu Guðmundsdóttur:

1. F. h. dánarbús Jóns Guðjónssonar 60% af kr. 175.000.00 (kr. 100.000.00 + kr. 15.000.00 + kr. 60.000.00), þ. e. kr. 105.000.00, með 7% ársvöxtum frá 30. marz 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

2. Sjálfri 60% af kr. 660.000.00 (kr. 550.000.00 + kr. 100.000.00 + kr. 10.000.00), þ. e. kr. 396.000.00, með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

3. F. h. Ásdísar Jónsdóttur 60% af kr. 90.000.00, þ. e. kr. 54.000.00, og f. h. Ingibjargar Jónsdóttur 60% af kr. 75.000.00, þ. e. kr. 45.000.00, með 7% ársvöxtum af hvorri fjárhæð frá 21. júlí 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Guðjóni Jónssyni 60% af kr. 40.000.00, þ. e. kr. 24.000.00, með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 150.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. marz, er höfðað með stefnu, þingfestri 6. júní 1967, af Guðrúnu Guðmundsdóttur, Borgarholtsbraut 21, Kópavogi, f. h. dúnarbús Jóns Guðjónssonar rafvirkjameistara vegna sjálfrar sín persónulega og f. h. ófjárráða barna þeirra hjóna, Ingibjargar og Ásdísar, og lögráða sonar, Guðjóns, gegn Gísla Sigurbjörnssyni, Túngötu 20, Reykjavík, f. h. Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta, alls að fjárhæð kr. 1.832.769.00. Í hinum munnlega málflutningi hækkaði stefnandi kröfur sínar í kr. 1.915.430.00, og samþykkti stefndi þá breytingu. Stefnukrafan greinist í 12 liði, og verða þeir liðir raktir nánar hér á eftir. Stefnandi hefur krafizt 7% ársvaxta af liðunum 1—4 frá 28. febrúar 1952 til greiðsludags og af kröfuliðum 5—12 frá 21. júlí 1960 til greiðsludags. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu eða til vara að mati réttarins.

Stefndi hafði upphaflega krafizt þess aðallega, að máli þessu yrði vísað frá dómi. Á bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð var þann 20. nóvember s.l., féll þó lögmaður stefnda frá frávísunarkröfu þessari.

Í efnishlið hefur stefndi gert þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Sáttir voru reyndar, en án árangurs.

Mál nr. 1255/1960 milli sömu aðilja út af sömu lögskiptum var rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 9. marz 1967, var því máli vísað frá dómi vegna tiltekinna galla, er þóttu vera á málatilbúnaði. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 9. maí 1967, var frávísunarákvæði héraðsdómsins staðfest.

I.

Í höfuðdráttum er málavöxtum lýst svo í stefnunni, að þann 28. febrúar 1952 hafi maður stefnanda Guðrúnar, Jón Guðjónsson, orðið fyrir sprengingu úr eldhólfi gufuketils á Elliheimilinu, þar sem hann hafi verið starfsmaður við rafvirkjavinnu o. fl. nokkur undanfarin ár. Hafi hann fengið heilahristing og innri áverka á höfði og hafi ekki náð heilsu eftir það, að heitið gæti, og hafi versnað heldur, er frá hafi liðið. Hafi það einkum komið fram í svima, höfuðverki og aðsvifum, en þó var lengi vel talið, að um batahorfur gæti verið að ræða, enda hafi hann farið þrisvar utan í lækningaerindum, en án árangurs að mestu. Dráttur hafi orðið nokkur á því, að leitað hafi verið aðstoðar dómstóla um bótakröfu, þar sem rétt hafi þótt að sjá til hlítar, hvernig heilsufarinu reiddi af og hvort um nokkurn frekari bata kynni að vera að ræða. Forstjóra hins stefnda fyrirtækis hafi verið kunnugt um slysið og hafi fylgzt með heilsufari og lækningatilraunum hins slasaða. Þegar þar hafi loks komið, að sýnt hafi þótt, að um frekari bata væri ekki að ræða, hafi eftir samningatilraunir málinu verið stefnt fyrir bæjarþingið snemma á árinu 1960 og hafi gagnasöfnun og málatilbúnaður rétt verið kominn af stað, þegar Jón hafi andazt snögglega og óvænt hinn 21. júlí s. á. Hafi ekki verið um það að villast, enda síðar staðfest af Læknaráði, að orsakasamband hafi verið á milli slyssins og dauðsfallsins beint eða meðverkandi.

Lyktir þess máls hafi verið þær, að málinu hafi verið vísað frá dómi og hafi Hæstiréttur staðfest þá niðurstöðu. Af þessum sökum hafi nú málið verið tekið upp að nýju fyrir bæjarþinginu og byggt á sömu málsástæðum og rökstuðningi og á síðara stigi fyrra málsins.

Aðiljaskýrsla Jóns Guðjónssonar er ódagsett, en í skjölum málsins má sjá, að lögmaður stefnanda hafi upplýst, að Jón hafi undirritað skýrsluna í ágústmánuði 1959. Skýrsla þessi hljóðar svo:

„Ég er fæddur 7. júní 1921 og er rafvirki (rafvirkjameistari) að atvinnu. Hinn 29. sept. 1950 tók ég til starfa hjá Elliheimilinu Grund. Áður var ég búinn að vinna að meira eða minna leyti í þrjú ár, en þá sem starfandi hjá Raftækjavinnustofu Lúðvíks Guðmundssonar, sem annaðist allar viðgerðir og viðhald á rafmagnsáhöldum. En í september 1950 ákveður forstjóri Elliheimilisins Grundar að taka í sína þjónustu fastan rafvirkja, og þar sem Lúðvík Guðmundsson ætlaði að leggja niður verkstæði

sitt, ákvað ég að taka boði forstjórans um að ganga í þjónustu Elliheimilisins Grundar, og skyldi vera þannig, að ég hefði millikaup á milli sveinakaups og útseldrar vinnu. Það skal tekið fram, að ég tilkynnti Rafmagnsveitu Reykjavíkur það, sem unnið var, svo sem vera ber, og naut því Elliheimilið þar þess, að ég hafði löggildingu. Einnig skal það tekið fram, að menn þeir, sem ég hafði til hjálpar, hvort heldur voru rafvirkjar eða verkamenn, þá hafði ég engar prósentur af því. Einnig allt efni, sem keypt var til raflagna og viðhalds, og ég tók út á mitt nafn, hafði ég ekki eyri af. Verksvið mitt hjá Elliheimilinu var að halda við rafmagnslögnum og tækjum, einnig var ég við viðhald á vélum, þótt það hafi ekki tilheyrt mínu fagi, ef tími vannst til og með þurfti eða ég var um það beðinn.

Þar á meðal var olíukynding, sem hitaði upp gufuketil, sem aftur var notaður til starfrækslu við þvottahúsið. Það skal tekið fram, að vinnustaður minn var í sama plássi og áðurnefndur ketill. Ketill þessi var fenginn hjá vélsmiðjunni Steðja, og var hann uppgerður hjá þeim, en upphaflega mun hann hafa verið frá setuliðinu. Strax í byrjun komu fram örðugleikar með fyrrgreinda olíukyndingu, og var aðalgallinn sá, að loftvifta, sem færir súrefni inn á eldholið, var drifin af kílreim, sem stundum vildi slakna á eða slitna, og myndaðist þá köfnun í katlinum og þar með sprengingarhætta, þegar olían streymdi inn í heitt eldholið, enn fremur var fleira frágangi ábótavant. Ég talaði um þetta við öryggiseftirlitið, en fékk það svar, að olíukyndingar væru ekki innan þeirra verksviðs. Einnig talaði ég við forstjóra Elliheimilisins oftar en einu sinni og sagði honum, að umbúnaður kyndingartækjanna væri ótryggur og lagði til, að skipt væri um kyndingu í katlinum, enda var vinnupláss mitt þarna inni og ég þess vegna ekki fullkomlega óhultur, ef eitthvað kynni að bera út af. Fékk ég ætíð það svar hjá forstjóranum, að þetta þyrfti að „athuga", það skyldi verða „athugað" o. s. frv., en síðan ekkert gert í því meir. Svo skeður það hinn 28. febrúar 1952, að ég er að vinna í aðalbyggingu Elliheimilisins og varð litið út um gluggann og sé þá, að mikinn reyk leggur upp úr reykháf þvottahússins og varð þá ljóst, að ekki mundi vera allt með felldu með olíukyndinguna. Fór ég þá tafarlaust út og inn í ketilhúsið til þess að reyna að koma í veg fyrir frekara hættuástand eða tjón, og skipti það engum togum, að sprenging verður í eldholinu, um leið og ég kem inn, og reyndist hurð eldholsins sprungin frá og allur glugginn úr ketilhúsinu, en ég mun hafa skollið upp að

vegg, enda missti ég meðvitund á samri stundu og rankaði ekki við mér fyrr en liggjandi á bekk uppi í Heilsugæzlu og hjúkrunarkona yfir mér. Hafði einn starfsmanna Elliheimilisins fundið mig liggjandi í yfirliði og hann þá kallað á hjúkrunarkonu og forstjórann. Lá ég á Heilsugæzlunni í þrjá sólarhringa og var ekki færður úr fötum, því mér þyngdi það mikið, og því næst var ég fluttur heim á Elliheimilið, þar sem ég lá í kjallaraherbergi innan um vistmenn og var þeim auðvitað til óþæginda, og var ég því feginn, er ég að viku liðinni var loks fluttur heim til mín. Eftir að heim kom, lá ég nokkurn tíma, en þegar ég fór að hafa fótavist, kom í ljós, að ég var hvergi nærri vinnufær vegna svima og vanlíðunar í höfði. Læknir Elliheimilisins, Alfreð Gíslason, sagði, að þetta mundi væntanlega lagast, er frá liði, og leyfði hann mér að byrja að vinna nokkra tíma á dag, og gerði ég það frá 1. apríl að telja.

Það skal tekið fram, að þennan tíma, sem ég var frá vinnu, fékk ég rafvirkja fyrir mig. Læknirinn var sífellt að reyna við mig nýjar og nýjar pillur, en þær virtust að litlu gagni koma, enda batinn óverulegur. Nú kom þar, að forstjóranum fannst afköst mín ekki nógu mikil, enda þótt ég reyndi að vinna eftir mætti. Hinn 23. ágúst um sumarið (1952) fór ég austur í Hveragerði til hvíldar á dvalarheimili Elliheimilisins þar, þótt ég ætti engan veginn heimangengt, þar sem kona mín beið nú eftir að ala þriðja barn okkar, en ég var þá farinn að fá svo óþolandi kvalir í höfuðið, og þessi köst voru alltaf að þéttast, og vildi ég umfram allt hlífa konu minni við að horfa á mig þannig. Meðan ég dvaldi fyrir austan, vann ég smávegis, og var um talað, að það kæmi upp í fæði þar. Þegar suður kom, leið mér betur um tíma, en síðan fór að sækja í sama horfið aftur, og bætti það ekki úr, að forstjóranum fannst afköst mín léleg, en aftur á móti var vonlítið fyrir mig að bjóða mig fram til vinnu annars staðar. Ég reyndi sem ég gat, enda var mikillar vinnu krafizt fyrir jólin og mjög slæmt að fá rafvirkja sér til hjálpar. Nú líður tíminn fram til vors í einni martröð, og voru kvalaköstin í höfðinu orðin óbærileg, og síðan bættist við, að ég var farinn að detta niður hvar sem var, og fór þetta sérlega illa með konu og börn, því þetta skeði eins heima sem heiman. Var hún nú farin að sætta sig við, að ég stæði ekki upp meira. Nú þegar hér var komið, er heimilið í ráða þrotum, óvissa og kvíði svipti mig og heimili mitt allri lífsgleði. Varð það þá úr, að ég fór til læknis míns, Úlfars Þórðarsonar, og lét hann skoða mig

á ný. Sendi hann mig síðan til Kjartans Guðmundssonar, og eftir vikutíma er ég svo lagður inn á Millitærhospitalið í Kaupmannahöfn, enda var þá hægri hönd og fótur orðin svo til tilfinningalaus, og vantaði mikið á, að ég hefði fulla krafta í þeim né líkamanum yfirleitt.

Eftir utanförina fór ég að vinna lítils háttar 7. sept. 1953, og var það í rauninni fyrr heldur en ég mátti eða gat, en rafvirkinn, sem fyrir mig var, gat ekki verið mikið lengur. Nú reyndi ég að vinna, eins og ég frekast gat, og var það meira af kappi en forsjá, enda var lasleikinn að ágerast á ný og það svo mjög, að mér var ráðlagt að fara enn utan, sem ég og gerði. Það skal tekið fram, að forstjórinn var eitthvað óánægður með mig, og lenti eitt sinn í orðasennu á milli okkar, þegar mér fannst hann ganga of langt í ósanngirni. Nú skeður það, að þegar ég er að fara utan og er hættur vinnu og búinn að fá rafvirkja fyrir mig og er að kveðja starfsfólkið ásamt forstjóra, þá tilkynir hann mér allt í einu, að leiðir okkar séu skildar hér með. Urðu út af þessu nokkur orðaskipti með mér og forstjóranum, sem ég mun ekki rekja að sinni né heldur það, sem síðar hefur farið okkar á milli. Mun væntanlega gefast tækifæri til þess síðar undir rekstri málsins.

Það er álit lækna, enda engum blöðum um það að fletta, að heilsuleysi mitt á rót sína að rekja til slyssins 1952, enda var ég heilsuhraustur áður og kenndi mér einskis þess meins, sem hefur þjáð mig, síðan slysið varð.

Ég skal skjóta því inn í, að áður en mér var sagt upp, kallaði forstjórinn eitt sinn á mig, eftir að ég var búinn að fá eitt kvalakastið við vinnu á Elliheimilinu, og lét mig skrifa undir bréf, sem hann samdi, þar sem ég er látinn taka sjálfur á mig þá ábyrgð, sem af kynni að hljótast heilsuleysi mínu í sambandi við og að því er snertir störf mín við rafmagnsviðgerðir o. s. frv. á Elliheimilinu. Skrifaði ég undir þetta í eins konar móki.

Ég hef beðið með að gera ákveðna kröfur á hendur Elliheimilinu út af slysinu, þar til séð væri hvernig heilsufari mínu reiddi af og hvort einhvers frekari bata væri von. Nú telur læknir ekki lengur breytinga að vænta til batnaðar, og dreg ég þess vegna ekki lengur að leita úrskurðar dómstóla, enda hefur forstjórinn aldrei verið til viðtals um neinar bætur. Greiðslur þær, sem ég hef fengið frá Elliheimilinu í þessu tilefni, eru 14 daga kaup og frítt uppihald, meðan ég lá eftir slysið og ekki var hægt að flytja mig heim. Enn fremur nokkrir nuddtímar.

Tekjur mínar voru árið 1953 kr. 33.150, 1954 kr. 28 þús., árið 1955 kr. 12.000, o. s. frv., sem ég mun nánar gera grein fyrir tekjunum áframhaldandi, allt fram til þessa dags".

Eins og áður er rakið, andast Jón Guðjónsson aðfaranótt 21. júlí 1960, áður en til þess kom, að hann staðfesti ofanritaða skýrslu sína fyrir dómi. Aðiljaskýrsla forstjóra stefnda, Gísla Sigurbjörnssonar, dags. 3. maí 1960, hefur verið lögð fram í málinu. Hún hljóðar svo:

„Þakka bréf yðar, dags. 29. apríl, sem og eftirrit af dómskjölum í máli Jóns Guðjónssonar.

Út af kröfu hr. Jóns Guðjónssonar rafvirkjameistara um skaðabætur fyrir meint tjón, er hann telur sig hafa orðið fyrir 28. febrúar 1952 hér á stofnuninni, þá vil ég taka fram eftirfarandi:

Hvort J. G. hefur nokkurn tíma talað við mig um útbúnað á kyndingartækjum, man ég ekki, en geta má þess, að ef eitthvað fer úr lagi, vélar eða tæki, þá er ávallt bætt úr því án tafar. Er sú regla höfð hér og hefur verið síðan ég tók við þessu starfi, að viðkomandi starfsmenn eru beðnir að sjá um viðgerð — ef þeir geta það þá ekki sjálfir — og er öryggiseftirlitið ávallt beðið að koma og athuga, ef eitthvað virðist vera að. Ef umrædd kyndingartæki hafa ekki verið í lagi og öryggiseftirlitið ekkert viljað sinna málinu, þá hefur J. G. sem starfsmaður átt að sjá um, að þau væru sett í lag — annað hvort sjálfur eða fá menn til þess, og ef eitthvert óhapp hefur komið fyrir tækin, verður því vanrækslu hans í starfi um að kenna.

Um þetta atvik, sem J. G. byggir kröfu sína á, veit ég ekkert sérstakt nema það, að J. G. átti vanda til að fá aðsvif við vinnu, en enginn var viðstaddur í ketilhúsinu, og er því J. G. einn til frásagnar um það, sem þar hefur gerzt.

Um umsögn J. G. um heilsu og heimilisaðstæður er ekki ástæða fyrir mig að tala, læknar segja sitt álit um heilsuna — heimilisástæður hans þekki ég lítið — en þó þykja mér ummæli hans í minn garð bæði ósönn og ómakleg — hafði ávallt reynt að reynast honum og hans fólki vel — en um það geta aðrir borið en ég.

Herra læknir Alfreð Gíslason mun geta sagt talsvert um þetta mál — enda hjálpaði hann J. G. til að fá sjúkrahúspláss í Kaupmannahöfn. Fullyrðing J. G., að meint heilsuleysi hans eigi rót sína að rekja til þessa atviks í febrúar 1952 verður að sjálfsögðu athuguð af læknisfróðum mönnum.

Ummæli J. G. um, að ég hafi fengið hann í móki til að undirrita bréf, eru ósönn með öllu. Alfreð læknir Gíslason ræddi við

J. G. ásamt mér um þetta. Að J. G. hafi skrifað undir umrætt vottorð í eins konar móki, er því uppspuni.

Að sjálfsögðu verður að gera kröfu um algjöra sýknun í þessu máli — ennfremur að J. G. greiði allan kostnað, sem af málinu leiðir".

Skýrsla þessi hefur verið staðfest fyrir dómi.

Fyrir dómi hefur forstjóri stefnda skýrt svo frá, að Jón heitinn Guðjónsson hafi verið ráðinn sem rafvirki og viðgerðarmaður heimilisins. Hafi ekki verið gerður skriflegur ráðningarsamningur né erindisbréf, enda aldrei gert, þegar stefndi hafi ráðið starfsfólk. Skýrði forstjórinn svo frá, að Jón Guðjónsson hefði áður verið í vinnu hjá Lúðvík Guðmundssyni rafvirkjameistara, en það verkstæði hafi séð um allar viðgerðir varðandi rafmagn og raflagnir fyrir stefnda. Jón Guðjónsson hafi því áður unnið hjá stefnda og hafi við ráðninguna hjá stefnda tekið sama starf og hann hafi þar áður unnið.

Forstjórinn kvaðst ekki muna eftir því sérstaklega, að nefndur Jón hafi kvartað við sig um það, að miðstöðin kynni að vera biluð. Hins vegar upplýsti forstjórinn, að það væri föst venja sín, ef slíkar kvartanir bærust til hans, að láta viðkomandi starfsmann annast lagfæringuna sjálfan, ef hann gæti það, en ella ætti hann að sjá um, að það væri gert á kostnað stofnunarinnar.

Ekki kvaðst forstjórinn hafa heyrt sjálfa sprenginguna, enda ekki verið í húsinu, en honum hafi verið frá þessu skýrt, þegar hann hafi komið á skrifstofuna.

Kvað forstjórinn sig hafa heyrt það, að óhapp hefði komið fyrir Jón, en ekki kveðst hann hafa vitað, hvernig það hafi atvikazt. Kvaðst forstjórinn hafa haldið, að Jón hafi ef til vill fengið aðsvif, enda taldi forstjórinn, að Jón hefði haft vanda til þess. Þá skýrði forstjórinn frá því, að sér hefði verið sagt, að sprenging hefði orðið í miðstöð hússins sama dag og óhappið varð.

Sérstaklega aðspurður kvaðst forstjórinn ekki muna eftir því, hvort lögreglan hefði verið kvödd á vettvang út af umræddri sprengingu eða slysi, en taldi hins vegar víst, að öryggiseftirlitið hefði verið kvatt á vettvang, eftir að slysið skeði. Þá skýrði forstjórinn svo frá, að eftir að slysið hafi orðið umrætt sinn, hafi hann ekki viljað hafa Jón í vinnu, vegna þess að hann hafi óttazt, að Jón kynni að fá afsvif aftur eða eitthvert slys kynni að henda hann vegna heilsu Jóns. Ekki mundi forstjórinn, hvort heilsa

Jóns hefði versnað eftir slysið, en kvað sig hins vegar hafa orðið miklu hræddari um hann eftir slysið.

Þá var forstjórinn spurður um yfirlýsingu þá, sem nefnd er í skýrslu hans og Jóns Guðjónssonar. Yfirlýsing þessi, sem lögð hefur verið fram í málinu, er svohljóðandi: „Hér með viðurkenni ég undirritaður, að herra læknir Alfreð Gíslason hefur vakið athygli mína á því, að heilsu minni sé þannig háttað, að hættulegt geti verið fyrir mig að fást við rafmagnsviðgerðir, rafmagnslagnir eða önnur þau störf, sem ég hef unnið á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, og tek ég því sjálfur á mig þá ábyrgð, sem af því kann að hljótast.

Reykjavík, 10. apríl 1953".

Kvað forstjórinn yfirlýsingu þessa þannig til komna, að Jón hafi sótt fast að fá að halda áfram vinnunni, en forstjórinn hafi hins vegar ekki þorað að hafa hann vegna framangreindrar vanheilsu hans. Hafi þá Jón undirritað nefnt vottorð, enda hafi það verið skilyrði fyrir því, að hann héldi áfram vinnunni hjá stefnda.

Ekki kvaðst forstjórinn muna eftir því, hvort Jóni hefði verið sagt upp stöðunni hjá stefnda.

II.

Um slysið sjálft, atvik þess og aðdraganda og slysatækið eru gögn málsins mjög ófullkomin og brotakennd. Greinir og aðilja mjög á um málsatvik. Verður hér gerð grein fyrir þeim gögnum, sem að þessum atriðum lúta, aðallega vitnaskýrslum og vottorðum, en af þeim er mikill fjöldi.

A.

Jón Guðjónsson rafvirkjameistari, Stórageröi 6, Reykjavík, hefur gefið vitnaskýrslu hér fyrir dóminum. Vottorð, undirritað af honum, hefur verið lagt fram í málinu. Er það svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Jón Guðjónsson rafvirkjameistari, Stórageröi 6 hér í bæ, vann á sínum tíma í ígripum með Jóni sál. Guðjónssyni að rafmagnsvinnu á Elliheimilinu Grund. Aldrei þó við gufuketil þvottahússins. Hins vegar kom ég til Jóns heitins, meðan hann lá á Elliheimilinu fyrstu dagana, eftir að hann varð þar fyrir slysi, og leit ég þá á umræddan ketil og sá greinileg ummerki sprengingar. T. d. man ég eftir loki framan á eldholinu, og voru festingarnar brotnar. Sömuleiðis man ég eftir lúgu, sem lok var á, að mig minnir ofar á katlium, og voru boltarnir, sem

héldu lokinu, teygðir, eins og þeir hefðu orðið fyrir snöggum þrýstingi innan frá. Ekki kom til, að ég yrði beðinn að lagfæra þetta, enda var ég lærlingur þá, og slík verk ekki í mínu fagi".

Vitnið kvaðst hafa byrjað að vinna með hinum látna árið 1946, en ekki unnið samfellt með honum frá þeim tíma. Vitnið kvaðst hafa farið inn í ketilhúsið, og sagði vitnið, að ummerkin á katlinum, sem um geti í vottorðinu, hafi verið nýleg, og minnti vitnið fastlega, að kynditækið hafi ekki verið í gangi, en vitnið taldi, að það hefði heimsótt Jón heitinn á fyrsta eða öðrum degi eftir slysið. Ekki kvaðst vitnið muna glögglega eftir því, hvort lúga sú, sem um geti í vottorðinu, hafi verið ofan á katlinum eða framan á honum.

Vitnið kvaðst aldrei hafa orðið vart við eða vitað til, að Jón heitinn Guðjónsson hefði fengið aðsvif fyrir slysið, og kvaðst vitnið halda, að hann hafi verið hraustur á sál og líkama.

Vitnið staðfesti framangreindan framburð sinn fyrir dóminum með eiði.

Hér fyrir dóminum þann 13/11 1963 og 7/3 1968 hefur vitnið Ágúst Frímann Daníelsson gefið vitnaskýrslu, en vitnið kvaðst hafa starfað hjá stefnda í 30 ár og starfa þar enn. Kvaðst það kannast við, að sprenging sú, sem málið greinir, hafi átt sér stað. Kveðst vitnið hafa verið í næsta herbergi við umrætt ketilhús og heyrt sprenginguna. Sagðist vitnið hafa vitað, að Jón Guðjónsson hafi verið inni í ketilhúsinu, þegar sprengingin hafi orðið. Það kvaðst hafa séð Jón heitinn fara inn í ketilhúsið, áður en sprengingin hafi orðið, og koma út eftir sprenginguna af eigin rammleik. Ekki kvaðst vitnið hafa séð þess nein merki, að Jón hafi slasazt, en vitnið kvaðst ekki hafa veitt honum neina sérstaka eftirtekt. Ekki kvaðst vitnið muna það sérstaklega, hvort Jón heitinn hafi verið sótugur, þegar hann hafi komið út úr ketilhúsinu, en telja þó trúlegt, að svo hafi verið, með því að hann hafi gengið að vaski og þvegið sér um hendur.

Sagði vitnið, að sér væri kunnugt um, að Jón heitinn Guðjónsson hafi lagzt sjúkralegu, strax eftir að hann hafi komið út úr ketilhúsinu, og kvaðst vitnið hafa heyrt, að Jón Guðjónsson hefði fengið heilahristing. Vitnið kvaðst álíta, að Jón heitinn hafi fengið heilahristing við sprengingu þá, sem vitnið heyrði og að framan getur. Ekki kvaðst vitnið hafa orðið vart við, að önnur sprenging en sú, sem að framan greinir, hafi átt sér stað umrætt tímabil. Þá tók vitnið fram, að kynditækið hafi bilað mjög oft.

Sérstaklega aðspurt sagði vitnið, að Jón heitinn Guðjónsson hefði haft yfirumsjón með katlinum og daglegt eftirlit með honum, en vitnið kvaðst hafa séð um það að kveikja á honum á morgnana og slökkna á honum á kvöldin. Enn fremur upplýsti vitnið, að Jón heitinn hefði haft vinnubekk í sama herbergi og ketillinn hafi verið og hafi ekkert þil verið á milli.

Ekki mundi vitnið, á hvern hátt kveikt hafi verið á katlinum, en að það hafi alla vega verið gert með rofa.

Vitnið kvaðst álíta, að Jón heitinn Guðjónsson hafi verið heilsuhraustur maður, áður en framangreind sprenging hafi átt sér stað, og kvaðst það ekki hafa vitað til þess, að hann hafi átt vanda til yfirliða eða flogaveiki. Lagt hefur verið fram vottorð, undirritað af vitninu, í málinu, og er það svohljóðandi:

„Í sambandi við mál Jóns sál. Guðjónssonar rafvirkja gegn Elliheimilinu Grund höfum við verið spurð, hver hafi séð um kyndingu gufuketils þvottahússins á þeim tíma, þegar Jón heitinn varð fyrir sprengingu í eldholi ketilsins fyrir allmörgum árum.

Við kyndingu þessa var ekki neinn sérstakur ketilgæzlumaður, en Ágúst Daníelsson sá þó jafnan um það að kveikja á henni á morgnana".

Vitnið hefur staðfest vottorð þetta hér fyrir dóminum. Þá hefur verið lagt fram í málinu vottorð, undirritað af Rögnu Nordahl hjúkrunarkonu, dags. 16. júní 1960. Vottorð þetta, sem ekki hefur verið staðfest hér fyrir dómi, er svohljóðandi:

„Ég undirrituð votta hér með, að þegar ég var hjúkrunarkona á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund í Reykjavík, minnist ég þess greinilega, að starfsmaður þar á hælinu, Jón Guðjónsson, varð fyrir slysi eða áfalli, er hann var að starfi við olíukyndingu hælisins. Var þetta árið 1952, í febrúarmánuði að því mig minnir. Var slysið all alvarlegt, enda lá maðurinn rúmfastur á eftir".

Lögmaður stefnda hefur mótmælt vottorði þessu sem röngu og óstaðfestu.

Guðbjörn Guðjónsson, Skipholti 45, Reykjavík, hefur gefið vitnaskýrslu í máli þessu. Kvaðst vitnið ekki hafa verið starfsmaður hjá stefnda, þegar sprengingin varð, en bæði undan og eftir. Þá hefur vitnið staðfest framlagt vottorð, dags. 6. október 1960, en vottorðið hefur aðallega að geyma yfirlýsingu þess efnis, að forstjóri stefnda hafi alla tíð krafizt þess af starfsmönnum stofnunarinnar, að allar vélar og tæki væru í fyllsta lagi og fyllsta öryggis í öllum framkvæmdum væri gætt.

Þá hefur vitnið einnig undirritað annað vottorð (rskj. nr. 18), en efni þess verður eigi rakið hér.

Vitnið Garðar Sigfússon, Rauðalæk 69, og Kjartan Einarsson, Brávallagötu 18, báðir starfsmenn hjá stefnda, hafa einnig undirritað vottorð það, sem dagsett er 6. október 1960, það, sem hér að framan er rakið, og staðfest efni þess fyrir dómi.

Vitnið Kjartan Einarsson hefur einnig staðfest annað vottorð, dags. 6. október 1960, en vottorð þetta, sem lagt hefur verið fram í málinu, er svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni herra forstjóra Gísla Sigurbjörnssonar viljum við undirritaðir taka fram, að þegar við komum í ketilhúsið, þar sem leið yfir Jón Guðjónsson rafvirkjameistara, voru þar engin merki þess, að sprenging hafi orðið í gufukatlinum. Enda munu menn frá Öryggiseftirliti ríkisins, sem komu á staðinn, einnig geta borið um það".

Vitnið Kjartan skýrði svo frá hér fyrir dóminum, að það myndi eftir umræddu slysi og hefði verið meðal þeirra fyrstu, sem hafi komið að Jóni. Hafi Jón þá verið í herberginu fyrir framan ketilhúsið og hafi Jón legið fram á sagarborðið og haldið höndum um hnakkann, en þar hafi verkurinn virzt vera. Vitnið hafi ekki séð áverka á Jóni, en hann hafi sýnilega verið mikið veikur. Vitnið kvað Jón hafa verið mikið veikan eftir þetta og vart vitað af sér. Ekki kvaðst vitnið hafa munað neitt um það, hvort Jón hafi sagt sér nokkuð um orsakir að slysinu, en sagði hins vegar, að oft hafi orðið smásprengingar í eldhólfinu, en þær hafi þó verið meinlausar. Vitnið kvað sig muna það, að öryggiseftirlitið hafi komið á vettvang skömmu eftir slysið, og taldi vitnið, að kallað hefði verið á öryggiseftirlitið sérstaklega vegna slyssins. Þá sagði vitnið, að olíuhitunin hafi verið nýkomin. Landssmiðjan hafi annazt uppsetningu ketilsins, en vitnið vissi ekki, hvort sá ketill hafi verið gamall eða nýr. Einnig hafi Landssmiðjan annazt viðhald á katlinum fyrst í stað, en annars hafi vélsmiðjan Steðji annazt viðhald véla á heimilinu, þegar til þeirra hafi verið leitað.

Vitnið Einar Larsen, Laugarnesvegi 106, Reykjavík, hefur komið fyrir dóminn og gefið vitnaskýrslu. Vitnið undirritaði yfirlýsingarnar báðar, dags. 6. október 1960, og er efni þeirra rakið hér að framan.

Vitnið kvaðst hafa byrjað störf hjá stefnda á árinu 1938 og sé þar starfsmaður enn í dag.

Vitnið skýrði svo frá, að Kjartan Einarsson hefði komið fyrstur

að, þar sem slysið hafi orðið umrætt sinn. Síðar, er vitnið hafi heyrt, að slys hefði orðið, hafi það farið á vettvang. Hafi þá Jón Guðjónsson verið í herberginu fyrir framan ketilhúsið (trésmíðaverkstæðinu). Ekki kveðst vitnið hafa séð neina ytri áverka á Jóni, en hins vegar hafi hann virzt vera utan við sig. Vitnið sagði, að nefndur Kjartan og hann hafi síðan stutt Jón inn í sjúkraherbergið í kjallaranum. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt neina sprengingu í umrætt sinn, enda ekki verið nálægt slysstað. Hins vegar hafi það ekki séð nein merki þess, að sprenging hafi orðið í eldhólfinu, til dæmis ekkert sót. Sagði vitnið, að sér væri kunnugt um það, að smásprengingar hafi orðið í eldhólfinu, en það hafi ekki komið að sök. Vitninu var bent á ummæli í aðiljaskýrslu um það, að sprungið hafi allur glugginn úr ketilhúsinu og að hurð eldhólfsins hafi sprungið frá. Kvaðst vitnið ekki muna eftir þessu sérstaklega, kvað nokkuð víst, að glugginn hafi ekki verið brotinn, en annars sagði vitnið, að langt væri um liðið og að það myndi þetta ekki nákvæmlega. Sagði vitnið, að það hafi borizt síðar í tal hjá því og nefndum Jóni um orsakir sprengingarinnar, og muni vitnið eftir því, að Jón hafi ekki getað gert sér grein fyrir því, af hvaða orsökum slysið hafi orðið. Minnti vitnið, að einnig hafi það borizt í tal, að ekki hafi sézt nein merki sprengingarinnar, en vitnið mundi ekki nánar að greina frá því, hvernig því samtali hafi verið varið. Sérstaklega aðspurt um þetta atriði sagði vitnið, að eftir því sem það myndi bezt, hafi Jón ekki mótmælt því í þessu samtali, að engin merki hafi sézt eftir sprenginguna.

Vitnið kvaðst hafa heyrt, að öryggiseftirlitið hafi komið á vettvang eftir slysið, og gerði vitnið ráð fyrir því, að forstjórinn hafi kvatt það sérstaklega á vettvang. Loks sagði vitnið, að forstjóri stefnda hafi krafizt af sér fyllsta öryggis í hvívetna, og gerði vitnið ráð fyrir, að svo hafi einnig verið krafizt af öðrum starfsmönnum stefnda.

B.

Af hinum framlögðu gögnum má ráða, að svohljóðandi frétt hafi birzt í Morgunblaðinu 6. marz 1952:

„Fyrir nokkrum dögum varð sprenging í ketilhúsi þvottahúss Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar.

Varð sprenging við ketilinn, og meiddist einn maður, er þar var inni. Maðurinn heitir Jón Guðjónsson rafvirki, til heimilis suður í Kópavogi. Við sprenginguna kastaðist hann á veggskáp

og fékk mikið högg á höfuðið. Kom í ljós við lækisskoðun, að hann hafði hlotið slæman heilahristing.

Jón er enn rúmliggjandi".

Ekki hefur komið fram í málinu, hver sé höfundur fréttar þessarar, og hefur lögmaður stefnda mótmælt gagni þessu sem röngu og óstaðfestu.

Af skjölum málsins má ráða það, að starfsmaður stefnda, vitnið Garðar Sigfússon, Rauðalæk 69, Reykjavík, hafi tilkynnt slys þetta til Tryggingastofnunar ríkisins með vottorði, dags. 28. marz 1952, á þar til gert eyðublað. Meginatriði vottorðs þessa, sem hér skipta mestu máli, eru þau, að slysið hafi átt sér stað 28. febrúar 1952 kl. 1100 árdegis, að slysið hafi viljað til í ketilhúsi þvottahúss Elliheimilisins, að Jón Guðjónsson hafi verið að vinna við ketilinn, gassprenging hafi myndazt og hann fengið höfuðhögg, að Jón hafi hætt vinnu strax eftir slysið, að 30 mínútur hafi liðið, frá því að slysið varð og þangað til læknir hafi athugað meiðslin, að Jón sé á heimili sínu og Alfreð Gíslason læknir stundi hann, að engir sjónarvottar hafi verið að slysinu, en Jón hafi minnzt fyrst á slysið við Kjartan Einarsson, Hverfisgötu 43, að Jón hafi ekki áður orðið fyrir slysi og að Jón fái ekki kaup, meðan hann sé óvinnufær.

Hér fyrir dómi hefur vottorðsgjafinn, áðurnefndur Garðar, skýrt svo frá, að hann hafi skráð upplýsingarnar um slysið á áðurnefndu vottorði eftir upplýsingum frá Jóni heitnum Guðjónssyni, en vitnið kveðst þó áður hafa fengið upplýsingar um atburðinn.

Í læknisvottorði, undirrituðu 27. marz 1952 af Alfreð Gíslasyni lækni og sendu til Tryggingastofnunar ríkisins, segir svo um atriði, sem hér skipta máli, *að* sprenging í hitakatli hafi verið talin orsök slyssins, *að* vottorðsgjafi hafi ekki getað gengið úr skugga um, að orsakir slyssins séu rétt tilgreindar, *að* vottorðsgjafi telji þó líklegt, að orsakir slyssins séu rétt tilgreindar, *að* nafn sjúkdómsins sé „commotio ceribri", *að* vottorðsgjafa sé ekki um það kunnugt, að sjúklingurinn hafi haft nokkurn kvilla eða örorkueinkenni á undan slysinu, *að* ástand hins slasaða sé nú sæmilegt, *að* hinn slasaði gæti ekki haldið áfram starfi sínu, án þess að það komi í bága til lækningatilraunir, en hafi þó fótavist nú, og *að* hinn slasaði sé ekki í sjúkrahúsi.

Þrjú skoðunarvottorð Öryggiseftirlits ríkisins, dags. 19. febrúar 1952, 6. marz 1952 og 21. apríl 1952, hafa verið lögð fram í málinu. Er aðalefni þeirra svohljóðandi: Vottorðið frá 6. marz

1952 segir, að sjá skuli svo um, að hin sjálfvirku tæki ketilsins, pyrostat, kveikioddar, háspennukerfi og þrýstistillir ásamt vatnshæðastilli, verði athuguð og rækilega gegnumfarin á sex mánaða fresti og oftar, ef þess reynist þörf. Hlíf vanti á glas ketilsins og stillingu á öryggisloka.

Í vottorðinu frá 21. apríl 1952 segir, að nýr reykrofi hafi verið settur í eimketilinn. Sá eldri hafi reynzt ónýtur. Þessi sé nú reyndur, hann slökkvi á olíudæluhreyfli eftir ca. 10—20 sekúndur, frá því að loginn deyi, ef olían sé tekin af. Ketillinn virðist nú í lagi. Reykrofann skuli athuga á 4—6 mánaða fresti.

Með bréfi, dags. 15. júní 1965, hefur lögmaður stefnda óskað eftir umsögn öryggismálastjóra um vottorð þessi, og skilaði öryggismálastjóri áliti, sem dags. er 9. júlí 1965. Þar segir m. a.: „Að jafnaði eru eftirlitsskyldar vinnustöðvar skoðaðar einu sinni á ári. Sé oftar skoðað, er það vegna sérstaks tilefnis.

Þegar spjaldskrá eftirlitsins er athuguð, sést, að hin árlega skoðun Elliheimilisins Grundar hefur að tveim síðastliðnum árum undanskildum ávallt verið gerð á fyrstu mánuðum ársins, og virðist því svo sem skoðunin, sem gerð var 19/2 1952 hafi verið hin reglulega árlega skoðun án sérstaks tilefnis. Við þá skoðun hafa ekki aðrar athugasemdir verið gerðar við búnað véla og tækja en vottorðið ber með sér. Verði því ekki séð, að neitt hafi verið talið athugavert við búnað eimketilsins, þegar skoðunin var gerð.

Næsta skoðun, sem gerð er 6. marz, er eftir því sem skoðunarvottorðið ber með sér, gerð eingöngu ketilsins vegna og tilefnið að líkindum sprengingin, sem varð í eldholi hans hinn 28. febrúar. Það, að skoðunin er ekki gerð fyrr en viku eftir að sprengingin verður, bendir til þess, að atvikið hafi ekki verið tilkynnt eftirlitinu og því hefur ekki verið skoðað fyrr en eftirlitinu barst vitneskja um sprenginguna þetta síðar.

Þriðja skoðunin, sem gerð er 21. apríl, virðist einnig eingöngu vera gerð ketilsins vegna og þá til þess að ganga úr skugga um, að það, sem ekki reyndist í lagi við næstu skoðun á undan, hafi nú verið lagfært.

Sprengingu þá, sem varð í katlinum, tel ég hafa orðið vegna þess, að stillitæki eða rafbúnaður kynditækjanna hafi ekki unnið rétt. Sérhver eimketill á að vera undir stöðugri gæzlu, og það er hlutverk ketilgæzlumannsins að fylgjast með því, að öll tæki tilheyrandi katlinum séu í lagi og vinni rétt. Bregði út af þessu, svo að viðhaldi eða eftirliti verði ábótavant, getur skapazt hættu-

ástand. Slíkt daglegt eftirlit er að sjálfsögðu ekki hlutverk öryggiseftirlitsins og getur því ekki verið um vanrækslu af þess hálfu að ræða í þessu sambandi.

Fyrirmæli eftirlitsmannsins á skoðunarvottorði, dags. 6. marz 1952, þar sem hann mælir svo fyrir, að sjálfvirk tæki ketilsins séu rækilega yfirfarin á sex mánaða fresti, og á skoðunarvottorði, dags. 21. apríl 1952, þar sem athugun reykrofa er fyrirskipuð á 4—6 mánaða fresti, benda bæði til þess, að hann telji ástæðu til ákveðnara eftirlits en verið hafi".

Í málinu hafa verið fram lagðir reikningar frá Vélsmiðjunni Steðja h/f til Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar. Af reikningum þessum má ráða, að viðgerðir hafi farið fram á vélum stefnda á ýmsum tímum.

Við dags. 28.—29. febrúar 1952 stendur m. a.: „Vinna við að hreinsa ketil, unnið við leiðslur, automat og fleira og smíðað olíurör". Við dags. 1.—8. marz 1952 stendur: „An.: Vinna við ketil, hreinsað kerfi í húsinu og fleira og smíðaður stútur, pakkningar á hæðarglas, akstur".

Við dags. 11.—14. marz 1952 stendur m. a.: „Vinna við að taka brennara frá katli og setja hann við annan ketil, smíða stút á hitastilli, einnig baulur og múra ketil".

Vitnið Garðar Sigfússon, sem gefur hefur skýrslu hér fyrir dóminum, hefur gizkað á, að brennari sá, sem rætt er um við dags. 11.—14. marz 1952 kunni að vera sá sami og sá, sem var á katli þeim, sem í málinu greinir.

Vitnið kvaðst ekki hafa pantað viðgerðarmenn til þess að gera við ketilinn eftir sprenginguna. Kvaðst vitnið yfirleitt ekki gera það og ekki heldur forstjórinn, svo að vitninu væri kunnugt um.

Með því að Jón heitinn hafi verið frá vinnu, þegar ofangreindar viðgerðir fóru fram, taldi þó vitnið að athuguðu máli trúlegt, að forstjórinn hefði sjálfur haft afskipti af lagfæringum og breytingum þeim, sem reikningur Vélsmiðjunnar Steðja h/f til stefnda hljóðar um og áður eru að nokkru leyti raktar.

Þá sagði vitnið, að Jón heitinn Guðjónsson hafi á þeim tíma, sem slysið hafi orðið, verið viðgerðarmaður á rafmagnslögnum og öðru viðvíkjandi rafmagni og hefði haft eftirlit með öllum vélum og áhöldum, þar á meðal hinum umrædda katli og þeim búnaði, sem honum hafi fylgt.

Vottorð hefur verið lagt fram í málinu, dagsett 27. 2. 1967 og undirritað af Karli Albertssyni. Efni skjalsins lýtur að þeim atriðum, sem að framan voru rakin. Í vottorði þessu segir Karl,

að hann hafi verið starfsmaður hjá Vélsmiðjunni Steðja á árinu 1952 og árunum þar í kring og að hann telji sig muna eftir sprengingu í katli í þvottahúsinu og að hann muni hafa gert við ketilinn á eftir.

Vitnið Karl Albertsson hefur gefið skýrslu fyrir dóminum þann 7. marz 1968 og staðfest ofangreint skjal.

Vitnið, sem kvaðst hafa starfað hjá Vélsmiðjunni Steðja frá árinu 1949 eða 1950 og fram yfir þann tíma, er slys það, sem í málinu greinir, átti sér stað, skýrði svo frá, að sér væri það minnisstætt, að vitnið hafi gert við ketilinn á Elliheimilinu þannig, að öryggiseftirlitið hafi talið þá viðgerð fullnægjandi.

Minnti vitnið, að það hefði meðal annars komið á staðinn til þess að gera við ketilinn samdægurs eða daginn eftir að slysið hafi átt sér stað.

Ekki kvaðst vitnið hafa orðið vart við neina sprengingu, sem sögð var hafa orðið í katlinum. Þó upplýsti vitnið, að sprunga hafi verið á loki, sem hafi verið áfast við ketilinn og skrúfað hafi verið á hann með skrúfum, þannig að rifa hafi verið á loki því, sem kveikingin hafi farið í gegnum. Minnti vitnið, að sprunga þessi hafi ekki verið á katlinum fyrir slysið.

Vitnið sagði, að það hefði sjálft starfað við það að setja ketilinn niður hjá stefnda. Ketillinn hafi verið notaður, en nýuppgerður og hafi Vélsmiðjan Steðji gert ketilinn upp. Kvaðst vitnið hafa unnið að því verki.

Vitnið kvaðst oft hafa komið á Elliheimilið Grund, áður en slysið hafi orðið þann 28. febrúar 1952, til þess að gera við eitthvað smávegis þar á heimilinu. Kvaðst vitnið í því sambandi ekki hafa orðið vart við annað en að ketill sá, sem í málinu greinir, hafi starfað með eðlilegum hætti, og kvað vitnið, að það minntist þess ekki að hafa þurft að gera við ketilinn sjálfan fyrir slysið. Hann hafi ávallt starfað mjög eðlilega.

Vitnið kvaðst hafa verið ráðið eftir slysið til stefnda til þess að annast viðgerðir á vegum heimilisins og yfirleitt að vera til taks, ef á þyrfti að halda.

Vitninu voru sýndar myndir af katli, sem liggja frammi í málinu. Kvaðst vitnið ekki treysta sér til að segja til um, hvort myndirnar væru af sama katli og málið fjallar um, en allavega sagði vitnið, að um ketil af sömu gerð væri að ræða.

Vitninu var sýndur reikningur sá frá Vélsmiðjunni Steðja h/f, sem að framan er rakinn, einkum það, sem skráð er við dagsetningarnar 28.—29. febrúar 1952 og 1. til 8. marz 1952. Vitnið

kvaðst ekki muna eftir því að hafa tekið þátt í slíkum meiri háttar viðgerðum, sem í skjali þessu greinir.

Þó sagði vitnið, að fleiri katlar hafi verið á heimilinu, en ketill sá, sem í málinu greinir, hafi verið eini gufuketillinn. Sagði vitnið í því sambandi, að vinna sú, sem nefnd sé á nefndum reikningi, gæti einnig átt við þá katla.

C.

Vitnið Alfreð Gíslason læknir hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Vitnið staðfesti þá skjal, undirritað af því 24. apríl 1963, en skjal þetta er svohljóðandi:

„Ég hef lesið dómskjöl í máli dánarbús Jóns Guðjónssonar gegn Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund og skal í því sambandi láta eftirfarandi upplýsingar í té.

Jón Guðjónsson lá á Ellih. Grund 28/2—5/3 vegna heilahristings (commotio ceribri). Hann kvartaði öðru hverju um höfuðverk, á meðan hann dvaldist þar, en að öðru leyti virtist ástand hans eðlilegt. Skal sérstaklega fram tekið, að einkenni vefræns heilasjúkdóms fundust ekki. Honum var leyft að fara heim þ. 5. marz, en ráðlagt að liggja í eina viku til viðbótar og að hefja ekki vinnu, fyrr en læknir leyfði.

Ég taldi heilahristinginn ekki alvarlegs eðlis og horfur á fullum bata því góðar.

Um orsök gat ég ekkert fullyrt, en tel tvennt koma til álita, annað hvort að hann hafi snögglega fengið aðsvif, skollið niður (eins og á sér stað um flogaveika) og við það hlotið höfuðhögg, eða að hann hafi fyrst orðið fyrir höggi og sem afleiðing þess misst meðvitund. Um þetta veigamikla atriði get ég ekki vottað. Ég þekkti ekki Jón heit. Guðjónsson áður og var því ekki kunnugt um það fyrirfram, hvort hann átti vanda til að fá aðsvif.

Eftir að kunnugt varð um, að hann fengi flogaveikisköst, ráðlagði ég honum að forðast þá vinnu, sem sérstaklega er varasöm flogaveikum, svo sem vinna í stiga eða á palli. Er átt við þá viðvörun með því, er segir á dómskjali nr. 9, (þ. e. yfirlýsinguna, dags. 10/4 1953).

Ég gerði taugakerfisrannsókn á Jóni Guðjónssyni, skömmu áður en hann lagðist inn á taugadeild Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn. Sú rannsókn mín leiddi ekki í ljós einkenni skemmda á heila né öðrum hlutum miðtaugakerfisins. Því miður hefur mér ekki tekizt að finna það, sem ég þá skrásetti um skoðunina í einstökum atriðum

Eins og fram kemur af því, sem hér er sagt, leiddu sjúkraskoðanir mínar ekki í ljós neinar vefrænar heilaskaddanir. Sama niðurstaða virðist fást við miklu víðtækari taugakerfisrannsókn í Ríkisspít. í Khöfn („Ingen tegn til organisk nervelidelse") og einnig við krufningu, sbr. ályktun: „Ekki fundust nein merki þess á heila, heilabasti eða höfuðbeinum, að hinn látni hafi hlotið alvarleg höfuðhögg"."

Í vitnaskýrslu, sem tekin var af vitninu 28. júní 1966 hér fyrir bæjarþinginu, sagði vitnið meðal annars, að það minnti, þó að það gæti ekkert um það fullyrt og kynni ef til vill að vera rangminni, að Jón heitinn Guðjónsson hafi tjáð vitninu, er það hafi tekið skýrslu af honum í sambandi við taugakerfisrannsókn, að hann hafi fyrir slysið fengið aðsvif nokkrum sinnum.

Á síðari stigum fyrra málsins komu í leitirnar minnisblöð frá vitninu, en vitnið kvaðst hafa skráð það skjal dags. 1. apríl 1953 sér til minnis og hafi skjalið tilheyrt sjúkraskrá starfsfólks Elliheimilisins. Skjöl þessi eru svohljóðandi:

„Nafn: Jón Guðjónsson.

Heimili: Borgarholtsbr. 14 (sic), Kópavogi.

Fæðingardagur: 7/6 1921.

Fékk í gær epileptiformt kast. Segist upp á síðkastið hafa fengið (þau) nokkru tíðar en áður: Í gær, þar áður fyrir ½ mánuði, þar áður fyrir 2 mánuðum þvagmissir. Hefur brotið úr tönnum tungubit (tgbit).

Varð fyrir ketilsprengingu í febrúar 1952. Lengi svimi þá á eftir. Lá í 4—5 vikur.

Við áreynslu fær hann verki eins og högg aftan í hnakka og háls.

4/4 *Neurologisk skoðun.*

Nokkru áður en hann varð fyrir ketilsprengingu, var hann slæmur af gyllinæð um tíma. Þá fékk hann aðsvif í sambandi við sársauka við hægðir. Einnig er hann var að læra (fyrir 8 árum) fékk hann aðsvif, einnig í sambandi við gyllinæð. Missti meðvitund augnablik. Lagaðist aftur eftir nokkrar mínútur.

Jón Guðjónsson, Borgarholtsbraut 21.

Epileptiform köst sequ. traum?

Augnskoðun, spec. ophthalmo-scopi og sjónsviðsákvörðun.

Rvík, 1/4 '53

Alfreð Gíslason.

Hr. augnl.
Úlfar Þórðarson.

Kæri Alfreð.

Ég finn ekkert athugavert við ephthalmoscopi eða sjónsvið.

Rv. 1/4 '53

Úlfar Þórðarson".

Í tilefni af þessu kom vitnið aftur fyrir dóm þann 16. janúar 1967. Sagði vitnið, að upplýsingar þær, sem fram komu í skjalinu, dags. 1. apríl 1953, um aðsvif Jóns heitins og annað, séu fengnar frá Jóni heitnum Guðjónssyni í persónulegum samtölum.

Eftir að vitnið hafði kynnt sér efni skjalsins þá fyrir dóminum, fullyrti vitnið, að Jón heitinn hefði tjáð vitninu, að hann hefði fengið aðsvif, eins og nánar er greint á dómsskjali þessu.

Vitnið Úlfar Þórðarson augnlæknir hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Vitnið kvaðst hafa verið heimilislæknir Jóns heitins Guðjónssonar. Vitnið hefur staðfest efni þriggja vottorða, sem lögð hafa verið fram í málinu.

Í fyrsta vottorðinu, dags. 29. 6. 1959, segir, að vitninu sé ljúft að votta, að því sé ekki kunnugt um annað en að Jón Guðjónsson, fæddur 2. (sic) 6. 1921, hafi alltaf verið heilsugóður og laus við alla veiklun, fram til þess er hann meiddist í slysi (gassprengingu árið 1952 í febrúar), en eftir það hafi hann átt við vanheilsu að stríða, sérstaklega höfuðverk, svima og jafnvægistruflun.

Vottorð, dags. 30. janúar 1960, er svohljóðandi:

„Sjúklingur minn, Jón Guðjónsson, fæddur 7. 6. 1921, Borgarholtsbraut 21, Kópavogi, varð þann 28. 2. 1952 fyrir sprengingu frá kyndingarhólfi gufuketils með þeim afleiðingum, að ég tel, að hann hlaut heilahristing. Ég sá ekki slasaða fyrr en nær því 14 mánuðum síðar, að ég lít á slasaða vegna svima, höfuðverks og dofa í hægri hendi og hægra fæti. Þá var slasaði sendur til Kjartans R. Guðmundssonar, sem fann skynjunartruflun hægra megin. Varð þá að ráði, að sjúklingurinn var sendur til Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn vegna 1) Seqvele commotio cerebri 2) Subdural hæmatom? (seqvele). Sjúkl. var svo erlendis í þrjá og hálfan mánuð. Var gerð heilablásing og nákvæm neurochirurgisk rannsókn. Töldu læknar þar, að þetta væru eftirköst eftir commotio-cerebri, sem mundi batna mikið á einu ári. Árið eftir, 1954 um vorið, fór slasaði aftur til Hafnar og hitti nú auk lækna á Neurokirurgisk-deild Ríkisspítalans einnig lækna á Neurologisk-deild Ríkisspít., og taldi yfirlæknir Fog þá vafasamt, að frekari bata væri að vænta. Síðan hefur líðanin verið að mestu óbreytt, og er starfsorka sjúklingsins að mínum dómi ca. 50% á við fyrri getu. Þennan tíma, sem leið, áður en ég sá sjúklinginn,

stundaði læknir Alfreð Gíslason sjúklinginn. Diagnosis mín byggð á athugunum ofangreinds læknis, 1. seqv. commotio-cerebri, 2. seqv. „schock“.“

Þriðja vottorðið, dagsett 4. 5. 1963, er svipaðs efnis og vottorð, dags. 29. 6. 1959, sem rakið var hér að framan. Í þessu þriðja vottorði tekur læknirinn fram, að hann hafi aldrei vitað til þess, að Jón fengi nokkurn tíma krampakast eða meðvitundarleysi fyrir slysið 1952, og hafi hann þó þekkt hann frá 1942. Segist vottorðsgjafi hafa alltaf litið svo á, að um afleiðingar slyssins væri að ræða. Í skýrslu sinni hér fyrir dómi lét vitnið þess getið, að Jón heitinn Guðjónsson hefði ekki leitað til vitnisins í 14 mánuði eftir slysið, og hafi hann tjáð vitninu, að hann hafi talið rétt með tilliti til málsatvika, að trúnaðarlæknir Elliheimilisins Grundar stundaði hann.

Í vottorði Kristjáns Þorvarðssonar, dags. 22. október 1960, sem hann hefur staðfest hér fyrir dómi, er þess getið, að Jón hafi við skoðun í janúar 1959 kvartað um, að hann ætti erfitt um vinnu vegna þreytu, slappleika, höfuðkvala, stundum skyndilegrar blindu og velgju. Við skoðun hafi fundizt lömun hægra megin, minnkað húðskyn (sársauka- og snertiskyn) hægra megin, djúpskyn óöruggt hægra megin, babinski hægra megin og Romberg jákvæður. Talsverð minnissljóvgun og óöruggt minni.

Í skýrslu sinni kvaðst vitnið meðal annars muna eftir sjúklingnum Jóni heitnum Guðjónssyni, sem hafi talað um það, að hann hafi orðið fyrir slysi.

Vitnið kvaðst ákveðið hafa gengið út frá því í vottorðinu, að sjúklingurinn hefði orðið fyrir höfuðáverka. Vitnið var sérstaklega spurt að því, hvort hugsanlegt væri, að orsakir heilasjúkdómsins, sem á var minnzt í áðurreifuðu vottorði vitnisins, gætu hafa verið aðrar en höfuðáverki, og kvaðst vitnið telja það ósennilegt.

Lagt hefur verið fram í málinu óstaðfest og ódagsett vottorð Bjarna Snæbjörnssonar læknis. Hefur vottorði þessu verið mótmælt sem óstaðfestu, og verður efni þess vottorðs ekki rakið hér nánar.

Að beiðni bæjarfógetans í Kópavogi var gerð réttarkrufning á líki Jóns Guðjónssonar, og framkvæmdi Níels Dungal læknir þá krufningu.

Í krufningarskýrslu þessari segir meðal annars, að ekkert athugavert sé við höfuðsvörðinn. Hvergi sjáist menjar um, að heilabúið hafi verið opnað, og höfuðkúpan sé öll heil. Þegar theca-

cranii sé lyft af, sjáist heilabastið eðlilegt. Því sé flett af og sjáist þá linu heilahimnurnar eðlilegar. Ekki sjáist, að heilinn standi undir neinum áberandi þrýstingi. Þó séu aðeins flatari gyri hægra megin. Linu heilahimnurnar séu ekkert áberandi blóðríkar. Æðarnar á basis séu eðlilegar. Hvergi sjáist votta fyrir blæðingum né neinum leifum eftir mar á heilanum. Sérstaklega sé rækilega aðgætt neðan á heilanum á lobus frontalis og temporalis, þar sem breytingin sjáist oftast eftir höfuðhögg, en ekki sjáist þar, að neins staðar hafi heilinn orðið fyrir mari eða blæðingu. Heilinn hafi verið skorinn í sundur og finnist hvergi neitt athugavert við hann. Hvergi sjáist blæðingar né leifar eftir blæðingar. Ekki heldur emollitíonir né neitt óeðlilegt við heilavefi neins staðar. Sérstaklega hafi verið aðgætt svæðið í kringum corpora striata og hafi þar hvergi fundizt neitt athugavert. Pons hafi verið skorin í sundur og hafi engar blæðingar fundizt þar. Ekki heldur neitt athugavert við litla heilann.

Ályktun í krufningarskýrslunni er á þá leið, að ekki hafi fundizt nein merki þess á heila, heilabasti eða höfuðbeinum, að hinn látni hafi hlotið alvarlegt höfuðhögg. Ekki sjáist, að nein aðgerð hafi verið gerð á heila og heilabúið hafi áreiðanlega aldrei verið opnað. Banamein hafi verið lungnabjúgur, sem leitt hafi til köfnunar. Orsökin hafi sennilega verið sú, að maðurinn hafi verið að fá lungnabólgu, sem hafi farið svo geyst af stað, að mikill bjúgur í lungunum hafi leitt til köfnunar.

Jón heitinn Guðjónsson lá í Rigshospitalets neuramedisinske-afdeling á tímabilinu 9. til 30. maí 1953, og hlaut hann þar sjúkdómsgreininguna trauma capitis seq. (encephalopathia traumatica non verificata-epilepsia symptomatica).

Í skýrslu þessari segir meðal annars, að um hafi verið að ræða 31 árs rafvirkja, sem yfirleitt hafi verið heilsugóður og ekki sé vitað til, að hann hafi fengið krampa fyrir slysið í febrúar 1952. Í febrúar 1952 er hann sagður hafa hlotið höfuðáverka í sambandi við sprengingu. Hann hafi misst strax meðvitund og ekki vitað af sér næstu 5 klukkustundir, en næstu 35 klukkustundir hafi hann verið meðvitundarlítill, með ógleði og uppköstum, síðan hafi hann nánast haft daglegan höfuðverk, sem hafi einkum komið fram eftir andlega og líkamlega áreynslu. Höfuðverkurinn sé staðsettur í hnakka. Auk þess hafi hann fengið samtals 10 til 12 krampaköst, sem hafi komið á ca. mánaðar millibili, 1. kastið 3 dögum eftir að hann fór að vinna eftir slysið og síðasta

kastið 3 mánuðum fyrir innlagningu á taugasjúkdómadeild Ríkisspítalans. Krampaköstin hafi byrjað með áköfum höfuðverkjum hægra megin í höfðinu. Segir í skýrslunni, að sjúklingurinn falli niður og missi meðvitund. Sé meðvitundarlaus í 10—15 mínútur og missi stöku sinnum þvag í köstunum. Hann sé mjög slappur fyrstu 1 til 2 sólarhringana eftir köstin.

Í skýrslunni segir, að neurologiskar skoðanir (taugaskoðanir) sýni væga lömun, sem virðist funktionell, í hægri handlegg og hægri ganglim. Taugaviðbrögð séu líflegri hægra megin. Plantarsvörun eðlileg. Þá hafi fundizt áberandi myosur (vöðvabólgur í hnakkavöðvum). Rannsókn á mænuvökva sé eðlileg. Rannsókn á eyrum, augum og röntgenmynd af höfði hafi verið eðlileg. Loftencephalografi sé einnig eðlileg, en heilalínurit hafi verið óeðlilegt.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem er að finna í áðurnefndri sjúkraskýrslu Jóns Guðjónssonar, má ráða það, að læknar taugadeildar Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn telji, að um sé að ræða krampa vegna skemmda í miðtaugakerfi, sem komið hafi eftir höfuðáverka, en í skýrslu þessari er tekið fram, að Jón heitinn hafi yfirleitt verið heilsugóður og ekki borið á krömpum fyrir slysið.

Með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum fimmtudaginn 9. janúar 1964, var Læknaráði falið að láta uppi álit á því, hvort umrætt slys og eftirfarandi heilsubrestur af þeim sökum verði talinn aðal- eða meðverkandi orsök að dauðsfalli Jóns heitins Guðjónssonar.

Úrskurður Læknaráðs gekk þann 9. marz 1965, og er niðurstaða hans þessi: „Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að Jón heitinn Guðjónsson hafi verið heilsuhraustur fyrir slysið og að hann hafi hvorki þjáðst af yfirliða- né krampaköstum.

Eftir slysið er sagt, að Jón hafi þjáðst af höfuðverk og ekki getað afkastað fullri vinnu af þeim sökum. Innan árs frá því að slysið varð, byrjaði hann að fá krampaköst, sem sagt er, að hafi byrjað með miklum höfuðverk hægra megin. Þegar Jón var lagður inn á Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn 9. maí 1953, hné hann niður (sank patienten sammen) án þess þó að fá krampa í það skipti. Hins vegar fékk Jón heitinn krampakast, þegar gerð var á honum „loft, encephalografia". Jón fékk meðferð við krampaköstunum. Henni var haldið áfram fram í nóvember 1953. Hinn 26. maí 1954 skrifað í journal Ríkisspítalans í

Kaupmannahöfn, að Jón hafi ekki haft krampa síðasta árið. Ekki liggja fyrir upplýsingar um, hvort Jón hafi haft krampaköst síðan 1954.

Í vottorði Kristjáns Þorvarðssonar, dags. 22. október 1960, er þess getið, að Jón hafi við skoðun í janúar 1959 kvartað um, að hann ætti erfitt um vinnu vegna þreytu, slappleika, höfuðkvala, stundum skyndilegrar blindu og velgju. Við skoðun fannst jákvætt Rombergs-próf og jákvæð babinskisvörun hægra megin og minnkað skyn sömu megin. Ennfremur óöruggt og sljóvgað minni. Ályktanir Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn og Kristjáns Þorvarðssonar eru báðar á þann veg, að kvartanir og einkenni Jóns stöfuðu af slysi. Getur læknaráð fallizt á, að þetta sé rétt.

Krufningarskýrslan ber með sér, að banamein Jóns hafi verið lungnabjúgur, en hins vegar fundust ekki einkenni meiri háttar bólgu. Í skýrslunni er þess getið, að heilafellingar hafi verið aðeins flatari en eðlilegt er hægra megin. Gæti þetta bent til þess, að um heilabjúg hafi verið að ræða. (Nákvæm vefjarannsókn af heilanum, sem skæri úr um þetta og gæti ef til vill gefið frekari upplýsingar, fylgir ekki krufningarskýrslunni). Hafi svo verið, er vel hugsanlegt, að maðurinn hafi fengið heiftarlegt krampakast, sem hafi orsakað lungnabjúginn og þannig orðið honum að bana.

Þá ber og að geta þess, að mönnum er hættara við krömpum, þegar líkamshiti hækkar, og gæti því byrjandi lungnabólga hafa útleyst krampakast hjá Jóni.

Í samræmi við það, sem að ofan greinir, verður að teljast líklegt, að heilsubrestur Jóns af völdum slyssins hafi að minnsta kosti verið meðverkandi orsök að dauða hans".

Undir þessa tillögu hafa ritað þrír læknar.

Loks hafa verið lögð fram í málinu nokkur vottorð, og skýrslur hafa verið teknar af nokkrum vitnum, og lúta gögn þessi að heilsufari Jóns heitins Guðjónssonar fyrir slysið. Vottorð þessi og vitnaskýrslur hafa ýmsir kunningjar og starfsfélagar Jóns heitins Guðjónssonar gefið, og í þeim kemur fram, að þessum mönnum hafi ekki verið kunnugt um það, að Jón heitinn hafi verið haldinn yfirliðum eða höfuðveiki eða flogaveiki fyrir slysið.

Stefnandi málsins, Guðrún Runólfsson Guðmundsdóttir, hefur einnig lýst því fyrir dómi, að hún hafi ekki vitað til þess, að Jón heitinn Guðjónsson hafi verið flogaveikur eða haldinn yfirliðaköstum. Hins vegar sagði hún, að höfuðkvala hjá Jóni heitnum hafi tekið að gæta hjá honum þegar eftir umrætt slys, en

flogaveiki og yfirliða um haustið eftir slysið. Kvaðst hún hafa komið á Elliheimilið sama dag og slysið hafi átt sér stað og séð mann sinn þar rúmliggjandi.

III.

Stefnufjárhæðina í máli þessu, kr. 1.915.430.00, sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Örorkutjón Jóns heitins Guðjónssonar frá slysdegi til dánardags	kr. 153.896.00
2.	Útlagður kostnaður, einkum vegna ferða til Kaupmannahafnar, áætlað	— 50.000.00
3.	Skaðabætur vegna þjáninga og sársauka hins látna	— 120.000.00
4.	Skaðabætur vegna röskunar á stöðu og högum hins látna, skerðing heimilis- og lífshamingju	— 120.000.00
5.	Krafa ekkju fyrir missi framfæranda, kr. 941.066.00 ÷ 63.000.00	— 878.066.00
6.	Krafa ekkju fyrir röskun á stöðu og högum	— 250.000.00
7.	Krafa Ingibjargar Jónsdóttur fyrir missi framfæranda	— 42.069.00
8.	Krafa sömu fyrir röskun á stöðu og högum	— 75.000.00
9.	Krafa Ásdísar Jónsdóttur fyrir missi framfæranda	— 65.209.00
10.	Krafa sömu fyrir röskun á stöðu og högum	— 75.000.00
11.	Jarðarfararkostnaður, áætlaður	— 10.000.00
12.	Krafa Guðjóns Jónssonar fyrir missi framfæranda, kr. 1.190.00, og krafa sama fyrir röskun á stöðu og högum, kr. 75.000.00, þ. e.	— 76.190.00
		Alls kr. 1.915.430.00

Stefnandi hefur krafizt 7% ársvaxta af liðunum 1—4 frá 28. febrúar 1952 til greiðsludags og af kröfuliðum 5—12 frá 21. júlí 1960 til greiðsludags.

Stefnandi byggir örorkutjón Jóns heitins Guðjónssonar á áliti tveggja lækna. Í fyrsta lagi á vottorði Úlfars Þórðarsonar augnlæknis, dags. 31. janúar 1960, en efni þess hefur áður verið rakið. Segir meðal annars í vottorði þessu, að læknirinn hafi ekki séð hinn slasaða fyrr en nær fjórtán mánuðum eftir slysið, en þá hafi slasaði verið haldinn svima, höfuðverkjum og dofa í hægri hendi og hægra fæti. Sjúklingurinn hafi fyrst verið sendur til

Kjartans R. Guðmundssonar læknis, sem hafi fundið skynjanatruflanir hægra megin. Síðan hafi sjúklingurinn verið sendur á Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn. Eftir að stefndi (sic) hafði farið í annað sinn til Hafnar á Ríkisspítalann vorið 1954, hafi yfirlæknirinn, Fog, talið vafasamt, að frekari bata væri að vænta. Síðan segir Úlfar líðan sjúklingsins hafa verið að mestu óbreytta, og taldi hann, að starfsorka sjúklingsins væri ca. 50% miðað við fyrri getu. Segir í vottorðinu, að þann tíma, sem hafi liðið, áður en Úlfar Þórðarson hafi séð sjúklinginn, hafi stundað hann Alfreð Gíslason læknir. Segir vottorðsgjafi, að diagnosis sin sé byggð á athugunum ofangreinds læknis, þ. e. 1. seqv. commotio cerebri, 2. seqv. „schock".

Í öðru lagi er staðhæfing stefnanda um örorkutjón Jóns heitins Guðjónssonar byggð á álitsgerð Þórarins Sveinssonar læknis, dags. 1. september 1966. Í nefndri álitsgerð segist læknirinn framkvæma tímabundna örorkumatsaðgerð frá slysdegi til dánardags slasaða, eftir því sem málsskjölin gefi möguleika á.

Segir læknirinn, að við yfirlestur málsskjala þeirra, sem fjalli um heilsufar nefnds Jóns Guðjónssonar rafvirkja, sjáist, að því sé slegið föstu, að hann hafi þann 28. febrúar 1952 orðið fyrir höfuðáverka, er sprenging hafi orðið í gufukatli í kyndiklefa Elliheimilisins Grundar. Engar staðfestar upplýsingar liggi fyrir um, að maður þessi hafi, áður en slysið hafi orðið, verið haldinn nokkrum þeim sjúkdómseinkennum, er hafi þjáð hann eftir umrætt slys.

Eftir slysið hafi hinn slasaði verið látinn liggja á Elliheimilinu Grund til 5. marz s. á., en þá leyft að fara heim. Hann hafi hafið vinnu á ný hinn 1. apríl s. á., en aðeins þó „nokkra tíma á dag". Síðar, eða í ágúst 1952, hafi hann orðið vegna þrauta í höfði að dveljast sér til hressingar austur í Hveragerði í Elliheimilinu þar, en hann hafi þó unnið þar, sem hafi svarað fyrir fæði sínu. Lasleiki hans hafi ágerzt eftir það, svo að hann hafi leitað til Úlfars Þórðarsonar læknis, en hann hafi sent slasaða til Kjartans R. Guðmundssonar, sérfræðings í taugasjúkdómum. Síðan er í álitsgerð þessari nánar rakin sjúkrasaga Jóns heitins Guðjónssonar.

Þá segir í álitsgerðinni, að það sé augljóst, að það sé langt frá því, að slasaði hafi verið fær um að vinna að fyrri störfum, eins og áður hafi verið. Komi það skýrast í ljós í vottorði læknisins Úlfars Þórðarsonar, dags. 30. janúar 1960, en þar segi, að starfsgeta slasaða sé ca. 50% á við fyrri getu. Segir í álitsgerðinni, að

útlit sé fyrir, að læknirinn hafi átt við tímabilið, frá því að slysið hafi orðið og til þess tíma, er vottorð hafi verið gefið, enda þótt það komi ekki skýrt fram.

Síðan eru í álitsgerð þessari talin upp þau málsskjöl í máli þessu, sem lúta að heilsufarslegum upplýsingum slasaða umrætt tímabil. Síðan segir í álitsgerðinni, að við yfirlestur málsskjalanna, sem hafi verið upptalin, sjáist, að Jón Guðjónsson hafi verið mjög vanheill á þessu tímabili og sé sá sjúkleiki rakinn til slyssins. Alfreð læknir Gíslason geti þess aðeins, að vera kunni, að slasaði hafi fengið að minnsta kosti tvö yfirliðaköst fyrir slysið og þá í sambandi við annan sjúkleika (hæmorrhoides). Út af fyrir sig skýri það ekkert síðari meðvitundarleysisköst. Það sé algengt, að líði yfir fólk við mikinn sársauka, og sé það þekkt fyrirbæri.

Á hinn bóginn sé lítið hægt að átta sig á, að hve miklu leyti slasaði hefur verið ófær til starfa. Stundum líti út fyrir, að hann hafi getað stundað störf sín nokkuð vel. Á öðrum tímum sé svo að sjá, að hann hafi verið mjög fjarri því að geta það. Hann hafi líka verið rúmliggjandi eða við rúmið, a. m. k. tíma og tíma. Síðan er það nánar rakið í álitsgerðinni þannig: 1. Í Elliheimilinu Grund fyrst eftir slysið og nokkurn tíma þá fyrst á eftir heima hjá sér. 2. Að einhverju leyti í Elliheimilinu í Hveragerði sumarið 1952. Sé ekki unnt að sjá af málsskjölum, hversu lengi það hafi verið. 3. Í Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn 9. 5.—30. 5. 1953. 4. Í sama sjúkrahúsi í maí 1954, stuttan tíma. Í álitsgerðinni segir, að réttasti mælikvarði á örorku slasaða á árunum 1952—1960 mundi hafa fengizt með því að miða við tekjuöflun hans af eigin vinnu. Það sé því miður ekki unt. Framtöl til skatts séu ýmist engin eða mjög ófullkomin og ábótavant.

Ályktun læknisins er síðan á þessa leið: „Að þessu framanskráðu athuguðu má segja, að í heildina geti ég verið sammála mati Úlfars, læknis, Þórðarsonar, enda þótt ég vilji haga matsgerðinni nokkuð á annan veg. Ég tel hæfilegt mat þannig:

1. Fyrir þau tímabil, er slasaði var rúmliggjandi eða við rúmið ..... 100% örorka
2. Ca. 1 mánuð eftir hverja legu ..... 75% —
3. Úr því ..... 40% —

Öllum verður að vera ljóst, að mat sem þetta hlýtur eðlilega að vera handahófskennt".

Kröfur samkvæmt 1., 5., 7., 9. og 12. lið stefnunnar byggir lögmaður stefnanda á örorkuútreikningum Guðjóns Hansens tryggingafræðings, dags. 6. janúar 1965, 12. nóvember 1966 og 18. marz 1968.

Útreikningur sá, sem dagsettur er 6. janúar 1965, er svohljóðandi:

„Í sambandi við slys, er þér teljið Jón Guðjónsson, rafvirkjameistara, Borgarholtsbraut 21, Kópavogi, hafa orðið fyrir 28. febrúar 1952, hafið þér óskað eftir útreikningi á örorkutjóni svo og fjárhagstjóni ekkju og barna vegna missis framfæranda, en Jón lézt 21. júlí 1960.

Jón Guðjónsson er sagður hafa verið fæddur 7. júní 1921. Hann lét eftir sig ekkju, Guðrúnu Runólfsson Guðmundsdóttur, sem sögð er fædd 25. júní 1921. Börn þeirra eru þrjú, Guðjón, f. 27. september 1944, Ingibjörg, f. 23. janúar, og Ásdís, f. 2. september 1952.

Þér hafið gert ráð fyrir að miða örorkutjónið við 50% orkutap frá slysdegi til dauðadags, en dánarbætur verði reiknaðar með venjulegum hætti. Ennfremur hafið þér talið rétt að leggja reiknaðar (áætlaðar) tekjur til grundvallar útreikningi í stað þess að afla upplýsinga um tekjur Jóns árin fyrir slysið, en slíkar upplýsingar gæti reynzt erfitt að fá og óvíst, hver not yrðu af þeim. Hef ég því miðað útreikninginn við vinnutekjur iðnaðarmanna samkvæmt skattframtölum, svo sem nánar verður greint frá hér á eftir. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að í aðiljaskýrslu stefnanda í máli þessu, er hér um ræðir, kveðst Jón hafa haft millikaup milli sveinskaups og útseldrar vinnu fyrir störf sín á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, sbr. dskj. nr. 3.

A. *Örorkutjón.*

Samkvæmt úrtaksrannsókn á skattframtölum kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík reyndust meðalvinnutekjur launþega í þessum stéttum starfsárin 1952—1960 vera sem hér segir:

Árið 1952	kr. 39.515.00
— 1953	— 46.213.00
— 1954	— 47.902.00
— 1955	— 55.286.00
— 1956	— 63.092.00
— 1957	— 60.956.00

Árið 1958 . . . . . kr. 68.624.00
— 1959 . . . . . — 74.014.00
— 1960 . . . . . — 79.608.00

Sé miðað við, að helmingur þessara tekna hafi tapazt frá slysdegi 28. febrúar 1952 til dauðadags, 21. júlí 1960, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 182.021.00. Er þá reiknað með 7% vöxtum p. a., en engum dánarlíkum, þar eð um ákveðið tímabil (frá slysdegi til dauðadags) er að ræða. Enn fremur er reiknað með, að tekjur hvers árs dreifist jafnt yfir árið.

B. *Bætur vegna fráfalls fyrirvinnu.*

Tekjur þær, sem ég hef lagt til grundvallar við útreikning bóta vegna fráfalls fyrirvinnu, styðjast við hlutfallið milli meðaltekna (vinnuteka) kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík starfsárin 1954—1963 og kauptaxta samkvæmt kjarasamningi járniðnaðarmanna. Með þessum hætti hef ég reiknað árstekjur sem hér segir:

Árið 1960 . . . . . kr. 74.234.00
— 1961 . . . . . — 78.898.00
— 1962 . . . . . — 90.739.00
— 1963 . . . . . — 102.911.00
Jan.—sept. 1964 . . . . — 125.146.00
Eftir þann tíma . . . . . — 133.191.00

Samanburður við A-lið sýnir, að árið 1960 hafa tekjur reynzt nokkru hærri en hér er reiknað með, þ. e. „árferði" hefur verið betra en meðaltal þeirra 10 ára, sem hér eru lögð til grundvallar, sýnir.

Af ofangreindum tekjum óskiptum hef ég að venju fyrst tekið fyrir bótum til barnanna fjárhæð, er svarar til barnalífeyris almannatrygginga til fullnaðs 16 ára aldurs hvers barns. Frá dauðadegi Jóns hefur árlegur barnalífeyrir almannatrygginga verið sem hér segir:

Frá slysdegi til júníloka 1961 . . . . . kr. 7.200.00
— 1/7 1961 til 31/5 1962 . . . . . — 8.193.60
— 1/6 1962 til 30/6 1963 . . . . . — 8.521.34
— 1/7 1963 til 31/12 1963 . . . . . — 9.799.55
Eftir þann tíma . . . . . — 11.109.00

Miðað við þessar bætur reiknast mér verðmæti á dauðadegi nema:

Til Guðjóns	kr. 1.190.00
Til Ingibjargar	— 41.351.00
Til Ásdísar	— 59.179.00

Sé ekkjunni reiknaður helmingur þeirra tekna, er eftir verða, þegar tekið hefur verið fyrir barnalífeyri til barnanna, reiknast mér verðmæti slíkra greiðslna á dauðadegi nema kr. 638.528.00.

Frá almannatryggingum hefur Guðrún átt rétt á bótum vegna slyssins, ekkjubótum í 12 mánuði að fjárhæð samtals kr. 14.189.00 og mæðralaunum, sem numið hafa á ári:

Ágúst—sept. 1960	kr. 14.400.00
Okt. 1960—júní 1961	— 7.200.00
Júlí 1961—maí 1962	— 8.193.60
Júní 1962—júní 1963	— 8.521.34
Júlí—des. 1963	— 9.799.55
Jan. 1964—jan. 1966	— 12.061.20
Febr. 1966—sept. 1968	— 2.221.80

Verðmæti samanlagðra ekkjubóta og mæðralauna á dauðadegi reiknast mér nema kr. 61.045.00.

Að sjálfsögðu er barnalífeyrir almannatrygginga greiddur með börnum hins látna.

Við útreikning bóta undir B-lið hafa verið notaðar 7% töflur um starfsorkulíkur, samræmdar eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1951—1960, ennfremur eftirlifendatöflum íslenzkra kvenna og 7% lífrentutöflur 1951—1960. Dánarlíkur barna hafa verið reiknaðar 0.1% p. a. (við útreikning ekkjubóta og mæðralauna hefur þó ekki verið tekið tillit til dánarlíkna barna)".

Örorkuútreikningurinn, dagsettur 12. nóvember 1966, er svohljóðandi:

„Með bréfi, dags. 10. október 1966, hafið þér, herra hæstaréttarlögmaður, óskað eftir endurskoðun útreiknings míns frá 6. janúar 1965 í skaðabótamáli db. Jóns Guðjónssonar gegn Elliheimilinu Grund, annars vegar með hliðsjón af nýju örorkumati Þórarins Sveinssonar, læknis, en hins vegar með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á verðgildi peninga frá ársbyrjun 1965.

A. *Örorkutjón.*

Samkvæmt áðurnefndu örorkumati Þórarins Sveinssonar, dags. 1. september 1966, er hæfilegt mat orkutaps talið sem hér segir:

Fyrir þau tímabil, er slasaði var rúmliggjandi eða við rúmið	100%
Ca. 1 mánuð eftir hverja legu	75%
Úr því	40%

Læknirinn tekur fram, að öllum verði að vera ljóst, að mat sem þetta hljóti eðlilega að vera handahófskennt. Hann telur upp fjögur tímabil á árunum 1952—1954, er hann kveður slasaða hafa verið rúmliggjandi eða við rúmið, stuttan tíma í senn. Með tilliti til þessa hef ég talið rétt að reikna með 40% orkutapi allan tímann, en áætla síðan, að tímabundið viðbótarorkutap jafngildi 6 mánaða orkutapi fyrst eftir slysið, þ. e. 60% til viðbótar (heildarorkutap 100%) í 2 mánuði og síðan 35% til viðbótar (heildarorkutap 75%) í 4 mánuði.

Í þessum lið verður engin breyting á tekjugrundvelli, og reiknað á framangreindan hátt telst mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna 40% varanlegs orkutaps	kr. 145.617.00
Vegna viðbótarorkutaps í 6 mán.	— 8.279.00
Samtals kr.	153.896.00

B. *Bætur vegna fráfalls fyrirvinnu.*

Meðaltekjur iðnaðarmanna, reiknaðar á grundvelli upplýsinga um 10 ára tímabil, hafa breytzt af tveimur ástæðum, annars vegar vegna kauphækkana, sem átt hafa sér stað frá ársbyrjun 1965, og hins vegar vegna þess, að nú styðst ég við reynslu áranna 1956—1965 í stað áranna 1954—1963. Verða reiknaðar árstekjur sem hér segir:

Árið 1960	kr. 81.020.00
— 1961	— 86.110.00
— 1962	— 99.033.00
— 1963	— 112.318.00
— 1964, jan.—sept.	— 136.586.00
— 1964, okt.—des.	— 145.366.00
— 1965, jan.—febr.	— 145.366.00

Árið 1965, marz—maí	kr. 149.800.00
— 1965, júní—júlí	— 150.686.00
— 1965, ágúst	— 171.353.00
— 1965, sept.—nóv.	— 173.370.00
— 1965, des.	— 177.403.00
— 1966, jan.—febr.	— 177.403.00
— 1966, marz—maí	— 180.428.00
— 1966, júní—ágúst	— 187.487.00
Eftir þann tíma	— 190.511.00

Bætur almannatrygginga (barnalífeyrir og mæðralaun) héldust óbreyttar frá því, sem tilgreint er í fyrri útreikningi, til 28. febrúar 1965, en verða síðan sem hér segir:

	Barnalífeyrir með hv. barni á ári	Mæðralaun á ári
Marz—maí 1965	kr. 11.448.00	kr. 12.429.00
Júní 1965	— 11.516.00	— 12.503.00
Júlí—ágúst 1965	— 12.540.00	— 13.615.00
Sept.—nóv. 1965	— 12.688.00	— 13.776.00
Des. 1965—jan. 1966	— 12.983.00	— 14.096.00
Febrúar 1966	— 12.983.00	— 2.597.00
Marz—maí 1966	— 13.205.00	— 2.641.00
Júní 1966	— 13.721.00	— 2.744.00
Júlí—ágúst 1966	— 14.435.00	— 2.887.00
Eftir þann tíma	— 14.668.00	— 2.934.00

Þegar tillit er tekið til framangreindra hækkana á árstekjum og bótum almannatrygginga, reiknast mér verðmæti þeirra greiðslna, sem tilgreindar eru í fyrri útreikningi, verða sem hér segir á dánardegi:

Greiðslur til barna:	
Til Guðjóns	kr. 1.190.00
Til Ingibjargar	— 42.069.00
Til Ásdísar	— 65.209.00
Greiðslur til ekkju	— 858.278.00

Verðmæti samanlagðra ekkjubóta og mæðralauna kr.62.873.00.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem tilgreindar eru hér að framan, skírskotast til fyrri útreiknings".

Stefnandi hefur í þriðja sinn látið reikna út örorkutjón og

bætur vegna fráfalls fyrirvinnu. Og er sá útreikningur dagsettur 27. marz 1968. Útreikningurinn er svohljóðandi:

„Samkvæmt ósk yðar, hr. hæstaréttarlögmaður, hef ég endurskoðað útreikninga mína í sambandi við skaðabótamál dánarbús Jóns Guðjónssonar gegn Elliheimilinu Grund, en fyrri útreikningar eru frá 6. janúar 1965 og 12. nóv. 1966. Verður hér gerð grein fyrir þeim breytingum, sem ég hef talið ástæðu til að gera á síðastnefnda útreikningnum.

A. *Örorkutjón.*

Engin breyting verður á þessum lið, og nemur verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi samtals kr. 153.896.00, þegar miðað er við örorkumat Þórarins Sveinssonar frá 5. sept. 1966.

B. *Bætur vegna fráfalls fyrirvinnu.*

Við útreikning á meðaltekjum iðnaðarmanna styðst ég nú við reynslu áranna 1957 til 1966 (í útreikningnum frá 12. nóv. 1966 var stuðzt við reynslu áranna 1956 til 1965). Af þessari ástæðu hækka árstekjur þær, sem nefndar eru í útreikningnum frá 12. nóv. 1966 um tæp 5.6%, og þannig hækka árstekjur, sem reiknað er með frá 1. sept. 1966 úr kr. 190.511.00 í kr. 201.107.00. Auk þess veldur hækkun verðlagsuppbóta 1. des. 1967 og 19. marz 1968 hækkun árstekna. Síðarnefnda hækkunin verður ekki áætluð með nákvæmni, en ég hef gert ráð fyrir, að hún nemi kr. 4.500.00 á ári, þegar miðað er við núgildandi vísitölu. Verða árstekjur þá sem hér segir frá 1. des. 1967 að telja:

1. des. 1967 til 18. marz 1968	kr. 207.930.00
Eftir þann tíma	— 212.430.00

Árlegur barnalífeyrir almannatrygginga hækkaði í kr. 15.165.00 1. des. 1967 og í kr. 16.134.00 1. jan. 1968. Árleg mæðralaun móður með 1 barn innan 16 ára hækkuðu í kr. 3.033.00 1. des. 1967 og í kr. 3.227.00 1. jan. 1968.

Þegar tillit er tekið til framangreindra hækkana á reiknuðum árlegum vinnutekjum og bótum almannatrygginga, reiknast mér verðmæti þeirra greiðslna, sem tilgreindar eru í fyrri útreikningnum, sem verða sem hér segir á dánardegi Jóns:

Greiðslur til barna:

Til Guðjóns	kr. 1.190.00
Til Ingibjargar	— 42.069.00

Til Ásdísar . . . . . kr. 65.851.00
Greiðsla til ekkju . . . . . — 941.066.00
Verðmæti samanlagðra ekkjubóta og mæðralauna kr. 63.000.00.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, skírskotast til fyrri útreikninga, sem getið er hér að framan".

IV.

Hér verða raktar þær helztu málsástæður og lagarök, sem aðiljar máls þessa hafa borið fyrir sig til sóknar og varnar í málinu.

Að því er varðar bótagrundvöll sjálfan, hefur stefnandi talið upp 5 ástæður, sem að hans áliti skiptu mestu máli:

1. Slysið sjálft, atvik þess og aðdraganda, eftir því sem fram hafi komið í rannsókn málsins.
2. Slysatæki (ketillinn), eðli þess, hættueiginleikar, ásigkomulag og ástand.
3. Hver beri ábyrgð á slysinu og afleiðingum þess.
4. Afleiðingar slyssins, heilsufar hins slasaða eftir slysið og þá einnig heilsufar Jóns heitins fyrir slysdag.
5. Orsakasamband milli dauða Jóns heitins Guðjónssonar og hins upphaflega slyss.

Um 1. lið vísar stefnandi til aðiljaskýrslu Jóns heitins Guðjónssonar, skýrslu Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn vegna Jóns heitins, tilkynningar Elliheimilisins sjálfs, vitnaskýrslna ýmissa vitna í málinu og vottorða læknanna Alfreðs Gíslasonar og Úlfars Þórðarsonar auk margra annarra dómsskjala í málinu. Telur stefnandi sannað, að slysið hafi orðið vegna sprengingar í eldholi ketilsins og muni Jón heitinn hafa skollið upp að klefaveggnum og síðan skjögrað út úr klefanum af eigin rammleik.

Um 2. lið segir stefnandi, að hér hafi verið um að ræða olíukyntan gufuketil, sem notaður hafi verið í sambandi við þvottahús Elliheimilisins. Hann muni hafa verið háþrýstur, eða að minnsta kosti hættulegt tæki, ef nokkuð hafi borið út af, og sama sé að segja um kyndingarútbúnaðinn. Þess sé sérstaklega að geta, að ketillinn hafi verið gamall (upphaflega frá setuliðinu) og uppgerður og samanbrasaður ásamt með kynditækjum, sem stefndi hafi ekkert viljað eða getað upplýst um nánar. Um ketil þennan sé það helzt vitað, að hann hafi sífellt verið að bila, og neiti forstjórinn því ekki, að Jón heitinn hafi kvartað út af

þessu. Sennilega hafi ketillinn með tilheyrandi aldrei verið „tekinn út“ og líklega aldrei komizt í fullkomið lag. Stefndi hafi ekki gert öryggiseftirlitinu aðvart um bilanir eða leitað fyrirmæla eða formlegra skoðana af þeim tilefnum. Reglubundnar skoðanir eftirlitsins virðast einkum hafa beinzt að gufuútbúnaðinum. Segir stefnandi, að það, sem hér skipti mestu máli, sé sú vanrækslа stefnda að gera öryggiseftirlitinu ekki aðvart um slysið (sprenginguna), svo sem lögskylt var, sbr. lög nr. 23/1952.

Þá hefur stefnandi haldið því fram, að stefndi hafi beinlínis látið afmá ummerki á vettvangi með því að láta Vélsmiðjuna Steðja gera við hann fyrst og síðan kallað til skoðunarmenn þann 6. marz 1952. Af þessum sökum sé nú orðið erfitt eða næstum ókleift að rekja nánari orsakir sprengingarinnar eða hverju hafi verið áfátt sérstaklega eða hverju um hafi verið að kenna, enda hafi stefndi fjarlægt kyndingarútbúnaðinn næstu daga og hafi ekki til hans spurzt síðan.

Af þessum sökum heldur stefnandi því fram, að sönnunarbyrðin fyrir því, að tæki og umbúnaður hafi verið í lagi, hvíli óskorað á stefnda.

Um 3. lið segir stefnandi, að ábyrgð og skaðabótaskylda vegna slyssins sé að hans dómi óskoruð og fortakslaus hjá stefnda. Ekki komi til mála að telja hér vera um neina óhappatilviljun að ræða né heldur eigin sök eða óaðgæzlu í neinu tilliti. Orsökin sé bilun tækisins, sem stefndi beri einn og óskorað ábyrgð á. Í því sambandi sé á það að líta, að stefndi hafi verið atvinnurekandinn eða haft umrædda starfrækslu með höndum og notazt í hagnaðarskyni við gömul, uppgerð, hættuleg tæki. Stefndi hafi aldrei komið tækjum þessum í öruggt stand þrátt fyrir sífelldar bilanir, sprengingar, og þrátt fyrir kvartanir og aðvaranir starfsmanns eða starfsmanna.

Ekki hafi stefndi heldur gert tilheyrandi ráðstafanir eða fyrirsagnir um samfellda ábyrgða ketilgæzlu, sbr. 21. gr. laga nr. 23/1952, svo og samfelldar öryggisskoðanir, einnig og sérstaklega á þeim tækjahlutum, sem sífellt hafi verið að bila.

Stefnandi hefur bent á, að jafnvel þótt skoðunarmenn hafi ekki fengið aðstöðu eða tilefni til að skoða þann útbúnað sérstaklega, sem slysinu hafi valdið, eða rannsakað orsakir þess, þá hafi þó skoðunarvottorð þeirra, undan og eftir, sýnt ýmsa galla á umbúnaðinum að öðru leyti, til dæmis hafi stillingu á öryggisloka vantað og reykrofinn reynzt ónýtur.

Það atferli stefnda að henda slysatækjum og afmá ummerki

sprengingarinnar án þess að tilkalla öryggiseftirlitið og síðan beita tregðu um allar upplýsingar sé eitt út af fyrir sig nægjanlegt til þess að fella sönnunarbyrði og bótaskyldu á stefnda.

Loks hefur stefnandi bent á, að hin siðferðilegu viðhorf málsins leiði til sömu niðurstöðu. Það sé sanngirni og engin hæfa að láta ekkjuna og börnin óbætt hjá garði, eins og mál þetta hafi allt verið í pottinn búið frá fyrstu tíð og fram til þessa dags. Komi og almenn þjóðfélagssjónarmið um aðhald og öryggi mjög til greina við úrlausn þessa máls.

Um 4. liðinn segir stefnandi, að það hafi aldrei verið dregið í efa af læknum, að heilsubrestur Jóns heitins Guðjónssonar eftir slysið og næstu ár hafi stafað frá sprengingunni, sem hann hafi orðið fyrir á Elliheimilinu. Taki og Læknaráð af skarið um þetta.

Hefur fyrirsvarsmaður stefnanda eindregið mótmælt því, að Jón heitinn Guðjósson hafi átt vanda til flogaveiki og aðsvifa fyrir slysið.

Um 5. lið segir stefnandi, að um þetta meginatriði málsins liggi einnig fyrir úrskurður Læknaráðs, en ráðið telji slysið og eftirfarandi heilsubrest af þess völdum vera að minnsta kosti meðverkandi orsök.

Ástæður fyrir því, að Jón heitinn hafi dregið það á langinn að leita skaðabóta hjá Elliheimilinu, telur stefnandi vera þá, að Jón heitinn hafi fyrst viljað sjá, hvernig heilsufari hans reiddi af, en það hafi ekki verið fyrr en um áramótin 1959—1960, að hann hafi fengið vitneskju um það, að ekki mundi frekari bata að vænta. Einnig hafi það komið til, að Jón heitinn hafi viljað halda vinnunni hjá stefnda, og batahorfur hafi að minnsta kosti í upphafi verið taldar góðar.

Stefndi hefur mótmælt því sem röngu, *að* olíukynding hjá stefnda hafi verið gölluð, *að* Jón heitinn hafi kvartað um þetta við forstjóra stefnda, *að* forstjórinn hafi sagt, að hann mundi athuga þetta eða láta athuga, *að* sprenging hafi orðið í eldholinu 28. febrúar 1952 og *að* Jón heitinn hafi meiðzt við slíka sprengingu.

Stefndi heldur því fram, að Jón heitinn hafi átt vanda til þess að fá aðsvif við vinnu. Hafi hann vafalaust fallið í öngvit og fengið heilahristing, en stefndi eigi þar enga sök á og beri enga ábyrgð á. Stefndi mótmælir því, að heilsutjón Jóns heitins stafi af sprengingunni, en auk þess vefengir stefndi, að Jón heitinn hafi beðið nokkurt heilsutjón við störf í þágu stefnda, enda hafi ekki verið um hættulegt starf að ræða.

Enginn sjónarvottur hafi verið að þeim atburðum, er Jón heitinn hafi veikzt. Stefndi bendir á, að þrátt fyrir áskorun í greinargerð þann 9. maí 1960 um, að Jón kæmi fyrir dóm til þess að gefa skýrslu um sakaratriði, hafi sækjandi látið það undir höfuð leggjast í tæpa þrjá mánuði, sem Jón heitinn hafi átt eftir ólifaða, en hann hafi andazt 21. júlí 1960. Eftir hann liggi hins vegar aðiljaskýrsla, ódagsett, en lögð fram 5. apríl 1960. Þessari aðiljaskýrslu hefur stefndi mótmælt sem rangri, óstaðfestri, og bent á, að hún sé ekkert sönnunargagn í máli þessu nema að því leyti, sem það sé viðurkennt þar, sem stefndi haldi fram.

Með hliðsjón af aðiljaskýrslu þessari svo og vitnaframburði Ágústs Frímanns Daníelssonar segir stefndi, að ekki verði betur séð en að Jón heitinn hafi sjálfur verið ketilgæzlumaður í tilviki þessu. Segir stefndi, að fráleitt virðist, að ketill þessi hafi fallið undir lög nr. 23/1952, 21. gr. Telur stefndi, að ketillinn hafi hvorki verið látinn ganga með yfirþrýstingi né að hitaflöturinn hafi verið 30 m^2 eða meira. Ketillinn hafi örugglega ekki verið svo stór og ósennilegt, enda eindregið mótmælt, að hann hafi verið látinn ganga með yfirþrýstingi. En jafnvel þótt svo hefði verið, þá sé þess að gæta, að á þessum tíma megi segja, að sams konar tæki (olíukynding) hafi verið í öðru hverju húsi á Íslandi. Engum hafi dottið í hug, að þessi tæki gætu haft verulega hættu í för með sér. Þess sé og að gæta, að stefndi sé ekki gróðafyrirtæki, heldur þjónustustofnun. Auðsætt sé, að því fari fjarri, að þessi ketill hafi verið hættulegt tæki í þeirri merkingu, að vinnuslys í sambandi við hann sé bótaskylt af hálfu atvinnurekenda.

Stefndi hefur haldið því fram, að upplýst sé, að ketillinn hafi verið í lagi þann 19. febrúar 1952, rúmri viku áður en Jón heitinn hafi veikzt. Þá hafi ketillinn verið skoðaður og segi á þá leið í skoðunarvottorði Öryggiseftirlits ríkisins, að þrýstimæli fyrir vatnssúlu skuli setja á vatnssuðupottinn og ⅜"—½" rör frá yfirfalli úr kútnum við hann. *Annað sé í lagi.* Enda segi Öryggiseftirlit ríkisins í umsögn sinni, dags. 9. júlí 1965, að ekki verði séð, að neitt hafi verið talið athugavert við búnað eimketilsins, þegar þessi skoðun hafi verið gerð. Um eftirlit Jóns heitins Guðjónssonar með katlinum hefur lögmaður stefnda að öðru leyti vísað til skýrslu forstjóra stefnda, en þar segi um þetta atriði meðal annars, að ef umrædd kyndingartæki hafi ekki verið í lagi og öryggiseftirlitið ekkert viljað sinna málinu, þá hafi Jón heit-

inn Guðjónsson sem starfsmaður átt að sjá um, að þau væru sett í lag, annað hvort sjálfur eða fá menn til þess. Ef eitthvert óhapp hafi því komið fyrir með tækið, verði vanrækslu hans í starfi um að kenna.

Um sprenginguna sjálfa bendir stefndi á, að ekki sé fyrir því nokkur sönnun, að hún hafi átt sér stað. Slíkt sé allt byggt upp á rangri og óstaðfestri aðiljaskýrslu Jóns og röngum munnlegum staðhæfingum. Að vísu styðjist þessi sprengingartilgáta við vætti Ágústs F. Daníelssonar, sem sé mótmælt sem röngu, og við eiðfest vætti Jóns Guðjónssonar, sem þó fullyrðir ekkert, heldur beri vætti sitt með þeim fyrirvara, að það sé „eftir því sem ég get bezt munað". Enda sé þar um atburð að ræða, sem hafi gerzt fyrir meira en 14 árum. Þá séu og tvö vitni í málinu, Kjartan Einarsson og Einar Larsen, sem hafi borið, að engin merki hafi sézt um, að sprenging hafi orðið.

Þá bendir stefndi á það atriði, að Jón heitinn hafi verið að vinna í aðalbyggingu Elliheimilisins. Hafi hann þá séð út um glugga, að mikinn reyk lagði upp úr reykháf þvottahússins og honum þá orðið ljóst, að ekki mundi allt vera með felldu með olíukyndinguna. Bendir stefndi á, að þá hafi Jón heitinn ætt út úr aðalbyggingunni og inn í ketilhúsið í stað þess að fara og kalla á slökkviliðið. Enginn hafi beðið hann um að gera það og geti stefndi ekki borið ábyrgð á svo undarlegu háttarlagi.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að mál þetta hafi verið lagt skakkt fyrir Læknaráð, bæði 3. febrúar 1961 og 9. janúar 1964. Í báðum úrskurðunum sé ekki á það minnzt, að því hafi verið harðlega mótmælt af stefnda, að nokkur sprenging hafi orðið og að Jón Guðjónsson hafi meiðzt við slíka sprengingu. Læknaráð hafi gengið út frá því, að úrskurðirnir séu byggðir á staðreyndum, og reisi matsgerð síni á því. Álit Læknaráðs sé því markleysa, enda hafi þá ekki verið komið fram vætti Alfreðs Gíslasonar um, að Jóni hafi verið aðsvifagjarnt fyrir „slysið", sem nú sé sannað.

Þá er á það bent af hálfu stefnda, að Jón heitinn hafi eftir „slysið" farið að vinna hjá stefnda aftur 1. apríl 1952 og hafi haldið því áfram eftir það, unz hann hafi farið á spítala 9. maí 1953. Síðan hafi hann byrjað aftur störf hjá stefnda 7. september 1953 og kvittað jafnan fyrir kaupi sínu athugasemdalaust og án nokkurs fyrirvara um stórfelldar skaðabótakröfur.

Það sé svo ekki fyrr en 6. júlí 1959, rúmum 7 árum eftir „slysið", sem stefndi fái að heyra frá umboðsmanni sóknaraðilja,

að Jón telji sig eiga bótakröfu á hendur stefnda. Þrátt fyrir greiðslusynjun stefnda hafi sækjandi látið tímann líða, því að það sé ekki fyrr en 17. marz 1960, rúmum 8 árum eftir „slysið", sem sækjandi gefi út utanréttarstefnu til þingfestingar 5. apríl 1960. Dráttur sækjanda á því máli hafi verið óhæfilegur og málatilbúnaður hans slíkur, að ekki hafi verið unnt að leggja efnisdóm á það. Meðal annars hafi sækjandi vanrækt svo sjálfsagðan hlut sem þann að láta meta örorku Jóns heitins og láta hann gefa skýrslu fyrir dómi.

Bendir stefndi á, að Jón heitinn Guðjónsson og sækjandi hafi með athöfnum sínum og athafnaleysi virzt hafa fyrirgert ímynduðum rétti Jóns og erfingja hans og maka til bóta, enda bendi tómlæti Jóns í 7 ár eindregið til þess, að honum hafi verið ljóst, að veikindi hans hafi ekki getað stafað af „slysinu". Loks hefur stefndi hreyft því í greinargerð og hinum munnlega málflutningi, að bótakrafan í máli þessu sé fyrnd.

V.

Það verður að teljast sannað, að sprenging hafi orðið í gufukatli þeim, sem mál þetta fjallar um, þann 28. febrúar 1952 og að Jón heitinn Guðjónsson hafi slasazt í þeirri sprengingu.

Þetta þykir mega ráða af:

a. Skýrslu Jóns heitins Guðjónssonar sjálfs um slysið.
b. Skýrslu forstöðumanns stefnda, sem kannast við að hafa heyrt umtal um slysið skömmu eftir það.
c. Eiðfestu vætti Jóns Guðjónssonar rafvirkjameistara, Stórageröi 6, Reykjavík, sem hefur borið það að hafa séð ummerki eftir sprenginguna.
d. Vætti Ágústs Frímanns Daníelssonar, sem kveðst hafa heyrt sprenginguna.
e. Vætti Kjartans Einarssonar, sem kveðst hafa verið meðal þeirra fyrstu, sem hafi komið að Jóni heitnum og séð hann mikið veikan.
f. Vætti Karls Albertssonar um rifu á loki ketilsins, sem hann minnist að hafi komið eftir sprenginguna.
g. Vætti Einars Larsens, sem kvaðst hafa heyrt, að slys hafi orðið og hafa komið á vettvang skömmu síðar og séð, að Jón heitinn hafði orðið fyrir áfalli.
h. Tilkynningu stefnda um slysið, dags. 28. marz 1952, og læknisvottorði Alfreðs Gíslasonar, dags. 23. marz 1952, til Tryggingastofnunar ríkisins.

i. Öðrum gögnum málsins, einkum hinum læknisfræðilegu, sem benda í sömu átt.

Er ofangreind sprenging varð, höfðu lög nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nýlega öðlazt gildi, en fyrir þann tíma voru í gildi lög um svipað efni nr. 24/1928 um eftirlit með verksmiðjum og vélum og reglugerð nr. 10/1929.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 23/1952 bar vinnuveitanda að tilkynna öryggiseftirlitinu um slysið svo fljótt sem verða mátti og eigi síðar en einum sólarhring eftir að slysið skeði.

Þessari skyldu lét forstöðumaður stefnda undir höfuð leggjast að gegna, enda þótt honum væri um það kunnugt, að slys hefði átt sér stað vegna sprengingarinnar.

Á hinn bóginn virðist öryggiseftirlitið hafa komið á vettvang þann 6. marz 1952, en ekki verður séð af málsskjölum með nokkurri vissu, af hvaða sökum það hefur verið né hver hefur kallað það á vettvang.

Ekki var heldur krafizt opinberrar rannsóknar í samræmi við 12. tl. 2. gr. laga nr. 27/1951, sbr. nú 12. tl. 2. gr. laga nr 82/1961, svo sem þó hefði verið rétt.

Á hinn bóginn sýna skjöl málsins það, að allumfangsmikil viðgerð hefur farið fram á vegum Vélsmiðjunnar Steðja á kyndikötlum hjá stefnda á tímabilinu 28. febrúar 1952 til 8. marz 1952, og sýna gögn þessi, að einnig hafi verið gert við gufuketil þann, sem að ofan greinir (pakkningar á hæðarglas), enda þótt ekki komi glöggt fram, hve víðtæk sú viðgerð hefur verið. Er því óruggt, að meiri eða minni viðgerð hafi farið fram á gufukatlinum, sem var eini gufuketillinn á Elliheimilinu, og er mjög líklegt, að viðgerð þessi hafi að einhverju eða öllu leyti farið fram fyrir 6. marz 1952, þ. e. áður en öryggiseftirlitið kom á vettvang í fyrsta sinn eftir slysið.

Það atferli stefnda að láta gera við ketilinn á þann hátt, sem að ofan greinir, leiddi eða hefði getað leitt til spjalla á sönnunargögnum og var því mjög vítavert, eins og á stóð.

Þar sem ætla má, að atvik að slysinu svo og önnur mikilvæg atvik í því sambandi hefði verið unnt að upplýsa, ef stefndi hefði fylgt þeim meginatriðum, sem hér að ofan voru rakin og honum bar skylda til að gera, þá verður nú að leggja skýrslu Jóns heitins Guðjónssonar til grundvallar um málsatvik, enda þótt óstaðfest sé, svo langt sem hún nær.

Það þykir ljóst, að sprenging hafi orðið í eldhólfi ketilsins, en ekki í gufukerfinu sjálfu umrætt sinn.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 24/1928 voru slíkir eimkatlar, sem mál þetta fjallar um, gæzlu- og eftirlitsskyldir svo og búnaður þeirra allur samkvæmt 11. gr. sömu laga in fine.

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 23/1952 var ketill þessi, sem vann með yfirþrýstingi, í skilningi sömu greinar einnig gæzlu- og eftirlitsskyldur, þótt með nokkuð öðrum hætti sé.

Telja verður, að þetta gildi einnig um búnað ketilsins, enda þótt slíkt segi ekki berum orðum í 16. gr. sömu laga, þar sem slíkur skilningur samrýmist forsögu þess ákvæðis og kyndikerfi ketilsins órjúfanlegur hluti eimketilsins sjálfs.

Jón heitinn Guðjónsson, sem var rafvirkjameistari að atvinnu, hefur sagt í skýrslu sinni, að starfssvið hans hjá stefnda hafi verið það að halda við rafmagnslögnum og tækjum, en einnig hafi hann verið við viðhald á vélum, ef tími hafi unnizt til og með þurfti, enda þótt það hafi ekki tilheyrt hans fagi, þar á meðal hafi verið olíukynding, sem hafi hitað upp gufuketil þann, sem málið fjallar um.

Skjöl og atvik málsins þykja benda til þess, að ketillinn hafi verið undir 30 m^2 að hitafleti, enda hefur því ekki verið mótmælt, en þrátt fyrir það var ketill þessi gæzluskyldur samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 23/1952 þannig, að þeir, sem á eigin ábyrgð gæta slíkra katla, verða að hafa hlotið þeirrar menntunar, sem öryggismálastjóri tekur gilda, eða að sanna honum á annan hátt kunnáttu sína, til dæmis með því að ganga undir próf hjá honum, nema þær óviðráðanlegu ástæður eigi við, sem greinin fjallar um.

Með hliðsjón af menntun Jóns heitins Guðjónssonar og miðað við þann tíma, sem slysið skeði, svo og með hliðsjón af skýrslu hans sjálfs, sem verður hér lögð til grundvallar, verður á því byggt, að Jón heitinn hafi ekki haft þá þekkingu, sem nefnd grein tilskilur, enda er á það að líta, að stefndi hvorki hefur sannað né veitt neinar viðhlítandi líkur fyrir hinu gagnstæða.

Þá er þess að geta, að samkvæmt 17. gr. laga nr. 24/1928 bar að hafa eftirlitsbók með katli þessum, og skyldi færa í hana ýmis atriði, sem ketilinn varðaði, svo sem viðgerðir o. fl.

Bók þessi, sem hefði getað veitt mikilvægar upplýsingar, hefur ekki verið lögð fram í málinu.

Ekki verður nú sagt um það með neinni vissu, hvað sprengingunni hafi valdið umrætt sinn, en eins og á stendur, verður að reisa dóm á því, að orsakir sprengingarinnar megi rekja til ófull-

nægjandi eftirlits af hálfu kunnáttumanns, og er það raunar langlíklegasta orsökin.

Það er skoðun dómsins, að séu katlar, sem hér um ræðir, eigi undir fullkomnu eftirliti og viðhaldi, geti mjög auðveldlega skapazt hættuástand, og á þetta ekki sízt við um uppgerða gamla katla, svo sem mál þetta fjallar um.

Þeirri málsástæðu stefnda, að Jón heitinn hafi sjálfur verið ketilgæzlumaður og sem slíkur átt að sjá um, að ketillinn væri í lagi, verður að hafna.

Að vísu er það svo, að Jón heitinn Guðjónsson virðist hafa í raun sinnt katli þessum eitthvað, eftir því sem hann hefur haft þekkingu til, enda almennur viðgerðarmaður heimilisins, en ósannaðar eru með öllu þær fullyrðingar stefnda, að Jóni heitnum hafi borið starfsskylda til að kveðja til kunnáttumenn til viðgerðar á katlinum, ef eitthvað bæri út af.

Það verður að teljast mikið gáleysi af hálfu stefnda að láta það viðgangast, að eigi var haft neitt eftirlit með katlinum, annað en það, sem Jón heitinn annaðist sjálfur, en bæði verður að telja, að hann hafi brostið þekkingu til að gera sér grein fyrir hættueiginleikum ketilsins svo og nauðsyn þess að halda honum í fullkomnu lagi. Enn fremur er ekki sannað, að Jón heitinn hafi haft kunnáttu til að annast viðhald ketilsins með viðhlítandi hætti.

Stefnda bar að sýna sérstaka aukna varúð með ketil þennan ásamt fullnægjandi eftirliti með honum af hálfu kunnáttumanns samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 23/1952, og var sú skylda hans brýnni fyrir þá sök, að Jón heitinn hafði starfsaðstöðu í ketilherberginu sjálfu og var því ofurseldur hættueiginleikum ketilsins.

Af þessum sökum verður að fella bótaábyrgð á stefnda.

Ekki er unnt að fallast á þá málsástæðu stefnda, að krafa stefnanda sé að nokkru leyti eða öllu niður fallin vegna tómlætis.

Að vísu hefur ekki verið sannað, að stefndi hafi verið krafinn bóta út af slysinu fyrr en með bréfi lögmanns Jóns heitins, dags. 6. júlí 1959.

Sé hins vegar litið til sjúkrasögu Jóns heitins Guðjónssonar, þá verður ljóst, að hann hefur haft góðar vonir um bata fyrstu árin eftir slysið, en síðan er svo að sjá, að heilsu hans hafi sífellt hrakað með vaxandi sljóleika af völdum heilaskemmdar.

Af gögnum málsins þykir einnig mega ráða það, að aflahæfi

Jóns heitins hafi verið stórlega skert eftir slysið. Stundum hefur hann verið alls ófær til vinnu, en í annan tíma hefur hann stundað vinnu að ákveðnu marki.

Þegar á þetta er litið, þykir ekki óeðlilegt, þótt Jón heitinn hafi dregið það að gera bótakröfur á hendur stefnda, þar til séð varð með vissu, að frekari bata yrði ekki að vænta, en samkvæmt skjölum málsins sýnist það fyrst hafa komið í ljós með skoðunum Kristjáns Þorvarðssonar læknis í janúar 1959 samkvæmt vottorði hans, dags. 22. október 1960.

Hefur því dráttur stefnanda á málssókn þessari verið nægjanlega réttlættur.

Fyrningu var slitið á kröfunni í fyrra málinu með stefnu, birtri 30. marz 1960, sbr. 11. gr. laga nr. 14/1905, og hefur stefnandi haldið kröfu sinni nægjanlega til laga þar á eftir. Er því ekki unnt að fallast á það með stefnda, að stefnukrafan eða hluti hennar sé fyrndur.

Eins og að ofan er rakið, þá hefur stefndi vefengt, að Jón heitinn hafi beðið nokkuð heilsufarslegt tjón af völdum sprengingarinnar, og hefur í því sambandi haldið því fram, að sannað sé í málinu, að Jón heitinn hafi átt vanda til að fá aðsvif við vinnu fyrir slysið.

Stefndi virðist byggja þessa málsástæðu sína á vottorði Alfreðs Gíslasonar læknis, dags. 1. apríl 1953, en efni þess var áður rakið. Í vottorði þessu kemur fram, að fyrir slysið hafi Jón heitinn verið slæmur af gyllinæð um tíma og hafi hann þá fengið aðsvif í sambandi við hægðir og einnig hafi hann fengið aðsvif fyrir átta árum, líka í sambandi við hægðir.

Með hliðsjón af hinum læknisfræðilegu gögnum málsins svo og vitnaskýrslum og vottorðum telja dómendur nægjanlega sannað, að heilsuleysi Jóns heitins eftir slysið hafi átt rætur sínar að rekja til slyss þess, sem í málinu greinir.

Enda þótt Jón heitinn hafi fengið aðsvif í sambandi við gyllinæð einhvern tíma fyrir slysið, þá hnekkir það ekki þessari niðurstöðu, enda er hvort tveggja, að yfirlið í sambandi við mikinn sársauka eru ekki óalgeng meðal fullfrískra manna, og engin rök liggja til þess, að aðsvif hafi getað verið orsök slyssins.

Hefur því stefndi engar viðhlítandi líkur fært fyrir því, að um aðrar orsakir til heilsubrestsins geti verið að tefla en ketilsprengingin.

Þá telur dómurinn einnig, að sannað sé orsakasamband milli slyssins og dauða Jóns heitins Guðjónssonar. Við mat á orsaka-

sambandinu hefur einkum verið höfð í huga ályktun Læknaráðs, sú, sem að framan er rakin, vottorð Kristjáns Þorvarðssonar, dags. 22. október 1960, og krufningarskýrsla Jóns heitins, en einnig hefur verið stuðzt við önnur læknisfræðileg gögn.

Sá atburður, að Jón heitinn fór inn í ketilhúsið umrætt sinn, þegar sprengingin varð, til þess að firra tjóni og koma í veg fyrir hættuástand, sem hafði skapazt, getur ekki orðið grundvöllur til sakarskiptingar, enda ber í þessu sambandi að líta á starfssvið Jóns heitins hjá stefnda svo og vinnustað hans þar í ketilherberginu. Ekki verður heldur séð, að önnur atvik málsins leiði til sakarskiptingar.

Er því málsástæðu stefnda, sem að þessu atriði beinist, hrundið.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, hvílir á stefnda óskoruð bótaábyrgð, og verða nú einstakir kröfuliðir teknir til athugunar.

VI.

Um lið nr. 1.

Stefnandi reisir lið þennan á áliti læknanna Úlfars Þórðarsonar og Þórarins Sveinssonar um örorkutjón Jóns heitins Guðjónssonar og örorkuútreikningum Guðjóns Hansens, byggða á áliti tveggja fyrrgreindra lækna á örorkutjóni Jóns heitins. Er efni gagna þessara ítarlega rakið hér að framan.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem fjarstæðu. Heldur stefndi því fram, að sækjandi hafi ekki látið fara fram neitt örorkumat á Jóni heitnum Guðjónssyni, meðan hann hafi lifað, en lagt fram við þingfestingu þess máls ágizkun Úlfars Þórðarsonar læknis þess efnis, að starfsorka Jóns væri „um 50% að mínum dómi miðað við fyrri getu". Hefur stefndi haldið því fram, að nefndur Úlfar hafi ekki verið fær um að framkvæma örorkumat. Þá hefur stefndi mótmælt vottorði þessu sem röngu og óstaðfestu.

Þá hefur stefndi og mótmælt örorkumati Þórarins Sveinssonar sem röngu og óstaðfestu og algerlega þýðingarlausu, þótt staðfest yrði. Hefur hann haldið því fram, að málið hafi verið lagt skakkt fyrir Þórarin Sveinsson. Hann segi, að því sé „slegið föstu, að Jón hafi hinn 28. febrúar 1952 orðið fyrir höfuðáverka, er sprenging hafi orðið í gufukatli í kyndiklefa Elliheimilisins Grundar". Bendir stefndi á, að þetta sé með öllu ósatt.

Það er álit dómsins, að aflahæfi Jóns heitins Guðjónssonar hafi verið stórlega skert eftir slysið.

Áður hefur verið rætt efni vottorðs þess, sem Jón heitinn undirritaði þann 10. apríl 1953 til þess að geta haldið vinnunni hjá stefnda. Sýnir vottorð þetta einkar glöggt, að Jón heitinn hefur þegar á þessum tíma átt í vök að verjast með vinnu sína.

Þegar á þetta er litið, en jafnframt höfð í huga sjúkrasaga Jóns heitins, þá þykir örorkuáætlun Þórarins Sveinssonar læknis ekki of há metin, en hún verður höfð til hliðsjónar við ákvörðun bóta.

Þegar hins vegar litið er til skattfrelsis bóta þessara og þess hagræðis, að bæturnar eru greiddar í einu lagi, svo og annarra atriða, sem máli skipta, þá þykir bera að taka þennan lið til greina með kr. 130.000.00.

Um lið nr. 2, útlagðan kostnað, einkum vegna ferðar til Kaupmannahafnar, áætlaðar kr. 50.000.00. Engir reikningar hafa verið lagðir fram, sem styðja lið þennan. Hefur fyrirsvarsmaður stefnanda lýst því í hinum munnlega málflutningi, að reikningum þessum hafi ekki verið haldið til haga. Stefndi hefur mótmælt lið þessum algerlega. Hefur hann bent á, að hann sé algerlega vanreifaður og hefur aðallega krafizt frávísunar á þessum lið, en til vara sýknu.

Af skjölum málsins er ljóst, að stefnandi hefur farið í brýnum erindum og að ráði lækna að minnsta kosti tvisvar til Kaupmannahafnar til lækninga og eftirlits. Þykir augljóst, að hann hafi orðið fyrir útgjöldum í því sambandi. Eftir öllum atvikum þykir hæfilegt að taka lið þennan til greina með kr. 15.000.00.

Um liði nr. 3 og 4, skaðabætur vegna þjáninga og sársauka og vegna röskunar á stöðu og högum, skerðing heimilis- og lífshamingju, samtals kr. 240.000.00.

Skaðabætur samkvæmt þessum liðum þykir rétt að ákveða í einu lagi. Stefndi hefur mótmælt þessum kröfum sem fjarstæðu. Hefur hann haldið því fram, að Jón heitinn hafi ekki orðið fyrir neinni röskun á stöðu og högum, heldur haldið atvinnunni hjá stefnda þrátt fyrir slysið. Þá hefur stefndi á það bent, að skerðing heimilis- og lífshamingju sé sálarlegt tjón, sem ekki sé bótaskylt.

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda og afleiðingum þeirra verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. Af gögnum þessum verður séð, að Jón heitinn hafi iðulega verið sárþjáður, fyrst framan af af höfuðkvölum og tíðum krampaköstum, en er á leið hefur fylgt í kjölfarið vaxandi sljóleiki af völdum heilaskemmdar. Þá er og ljóst, að Jón

heitinn hefur orðið fyrir mikilli röskun á stöðu og högum, og hefur það verið rakið kyrfilega hér að framan. Verður mótmælum stefnda hér að lútandi ekki sinnt.

Á hinn bóginn er á það að líta, að bætur þessar geta ekki miðazt við lengri tíma heldur en til dánardægurs Jóns heitins Guðjónssonar. Verður að lækka bæturnar með tilliti til þess.

Loks er að geta þess, að Jón heitinn hafði höfðað mál út af kröfum þessum, áður en andlát hans bar að garði. Hefur því kröfu þessari réttilega verið haldið til laga samkvæmt 3. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940.

Eftir öllum atvikum þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00. Ekki verða bætur ákveðnar sérstaklega fyrir skerðingu heimilis- og lífshamingju.

Um lið nr. 5, krafa ekkju fyrir missi framfæranda, kr. 941.066.00, verðmæti samanlagðra ekkjubóta og mæðralauna, kr. 63.000.00, þ. e. samtals kr. 878.066.00.

Stefnandi styður kröfur sínar samkvæmt þessum lið við örorkuútreikning Guðjóns Hansens tryggingafræðings, þann sama og að framan greinir. Útreikningum þessum hefur stefndi mótmælt sem röngum og fjarstæðukenndum ágizkunum. Hefur hann bent á, að engin skattframtöl liggi frammi, enda þótt hann hafi skorað á sækjanda að leggja þau fram frá 1947 til 1960. Þá hefur stefndi bent á, að eftir sé að lækka kröfu þessa með hliðsjón af skattfrelsi bóta.

Við ákvörðun bóta eftir þessum lið verða hafðir í huga örorkuútreikningar Guðjóns Hansens, enda hafa ekki komið fram nægjanlega rökstudd mótmæli gegn útreikningum þessum. Annars vegar ber að hafa í huga skattfrelsi bóta þessara, það hagræði að fá þær greiddar í einu lagi og þær bætur, sem dánarbúið fær tildæmdar í máli þessu, en hins vegar, að ekkjan hafði þrjú börn á framfærslualdri, þegar dauða Jóns bar að höndum, þar af raunar eitt stálpað, og ekkjan hefur eigi gifzt að nýju, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 620.000.00, og hafa þá verið dregin frá verðmæti samanlagðra ekkjubóta og mæðralauna.

Um lið 6, krafa ekkju fyrir röskun á stöðu og högum, kr. 250.000.00.

Stefndi hefur mótmælt kröfu þessari sem rangri og algerlega órökstuddri.

Það þykir ljóst, að ekkjan hefur orðið fyrir mikilli röskun á stöðu og högum við fráfall manns síns.

Sé litið til aldurs ekkjunnar, þegar andlát Jóns heitins Guðjónssonar bar að höndum, svo og hags hennar að öðru leyti, þá þykja bætur hæfilega ákveðnar samkvæmt þessum lið kr. 110.000.00.

Um liði nr. 7—10 og lið nr. 12.

Stefndi hefur mótmælt öllum kröfum samkvæmt þessum liðum sem fjarstæðukenndum ágizkunum og órökstuddum.

Telja verður, að þau Ingibjörg, Ásdís og Guðjón eigi rétt á bótum úr hendi stefnda vegna missis framfæranda, sem fari fram úr hinu lögskipaða meðlagi frá almannatryggingum, enda verður að reikna með því, að verðmæti þeirrar framfærslu, sem þau hefðu notið frá föðurnum, hefði numið hærri upphæð en því nemur.

Þegar þau atriði eru virt, sem hér skipta máli, þykja bætur hæfilega ákveðnar í einu lagi fyrir missi fyrirvinnu og röskun á stöðu og högum kr. 90.000.00 til Ásdísar Jónsdóttur, kr. 75.000.00 til Ingibjargar Jónsdóttur og kr. 40.000.00 til Guðjóns Jónssonar.

Um lið nr. 11, jarðarfararkostnað, áætlaður kr. 10.000.00. Stefndi hefur aðallega krafizt frávísunar á lið þessum vegna vanreifunar, þar sem engin gögn fylgi þessari kröfu, en til vara hefur stefndi krafizt sýknu.

Það er að vísu svo, að engin gögn hafa verið lögð fram í málinu, sem styðja kröfu þessa. Þó þykir mega á því byggja, að nokkur kostnaður hafi orðið í sambandi við útför Jóns heitins, og þykir mega taka þessa kröfu til greina með kr. 4.000.00.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnendum samtals kr. 1.144.000.00.

Þar sem mikill dráttur varð á því, að málið út af kröfuliðum 1—4 hér að framan var höfðað, telst ekki rétt að dæma vexti af þessum fjárhæðum nema frá birtingu stefnu í fyrra málinu, þ. e. frá 30. marz 1960, en vexti af kröfuliðum 5—12 frá 21. júlí 1960. Stefndi verður því dæmdur til að greiða 7% ársvexti af kr. 215.000.00 frá 30. marz 1960 til 21. júlí 1960, en af kr. 1.144.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1966, en 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Loks ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda í málskostnað kr. 150.000.00.

Um aðild málsins athugast, að lögmaður stefnanda hefur lýst því yfir, að Guðrún Guðmundsdóttir sitji í óskiptu búi eftir Jón heitinn Guðjónsson.

Dóm þennan kváðu upp Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, ásamt meðdómendunum Agnari Norland skipaverkfræðingi og Gunnari Guðmundssyni yfirlækni.

Dómsorð:

Stefndi, Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, greiði stefnanda, Guðrúnu Guðmundsdóttur f. h. dánarbús Jóns Guðjónssonar og vegna sjálfrar sín persónulega og f. h. ófjárráða barna, Ingibjargar og Ásdísar, og lögráða sonar, Guðjóns, kr. 1.144.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 215.000.00 frá 30. marz 1960 til 21. júlí 1960, en af kr. 1.144.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 150.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. desember 1968.

Nr. 106/1968. **Örn Bjartmars Pétursson**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Margréti Guðmundsdóttur og gagnsök
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnulaun. Uppsögn úr starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júní 1968 og krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hennar hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 4. júní 1968 og krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 28.890.00 með 7% ársvöxtum frá 2. nóvember 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Örn Bjartmars Pétursson, greiði gagnáfrýjanda, Margréti Guðmundsdóttur, kr. 6.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. marz 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. marz 1968, hefur stefnandi, Margrét Guðmundsdóttir, Engihlíð 10, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 11. marz 1967, á hendur Erni Bjartmars Péturssyni tannlækni, Stigahlíð 44, Reykjavík, til greiðslu vangoldinna launa að fjárhæð kr. 28.890.00 auk 7% ársvaxta frá 2. nóvember 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst algerrar sýknu og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi hóf starf sitt sem klinikdama hjá stefnda í september 1964, og voru allir samningar um kaup hennar og kjör munnlegir og ekkert um uppsagnarfrest rætt. Stefnandi fékk í kaup 9.000.00 kr. á mánuði og fékk sumarleyfi, svo sem lög gera ráð fyrir. Um sumarið 1966 bauðst henni far með skemmtiferðaskipinu Baltika, og skyldi sú ferð hefjast 27. september. Þegar hún skýrði stefnda frá þessu, lét hann svo um mælt, að erfitt yrði fyrir hann að fá stúlku í hennar stað í fimm til sex vikur, sem ferðin mundi taka, og hugleiddu þá báðir málsaðiljar, að stefnandi hætti störfum hjá stefnda, þegar hún færi í Baltikaferðina. Á uppsögn reyndi ekki að sögn stefnanda, því að nokkru áður en hún fór í ferðina, bauðst vön stúlka til þess að vinna hjá stefnda þær fimm til sex vikur, sem ferðin mundi standa.

Þegar stefnandi kom heim úr ferðinni þann 1. nóvember 1966, hringdi hún tafarlaust til stefnda og tilkynnti komu sína. Hann

skýrði henni þá svo frá, að sér líkaði vel við staðgengil hennar og ekki væri óskað eftir, að hún kæmi aftur til starfa.

Báðir málsaðiljar hafa komið fyrir dóm og skýrt þar málavexti og viðhorf sín til málsins, og þykir rétt að rekja nokkuð framburði þeirra.

Stefnandi skýrir svo frá, að hún hafi, strax er henni bauðst far með Baltika, skýrt stefnda frá því. Hann kvaðst skilja vel, að hún vildi ekki láta það happ úr hendi sleppa. Stefnandi kveðst þó ekki hafa tekið ákvörðun um ferðalagið, fyrr en eftir að hún kom úr sumarleyfi. Sagði stefndi henni þá, að hann mundi ef til vill eiga í erfiðleikum með að fá stúlku í hennar stað svo stuttan tíma. Stefnandi kveðst vel hafa gert sér grein fyrir því og bjóst jafnvel við að þurfa að fá aðra vinnu, áður en hún færi, sem hún gæti gengið að strax, er hún kæmi úr ferðalaginu.

Úr þessu varð þó ekki, vegna þess að nokkru áður en hún fór, gaf stúlka sig fram, sem bauðst til að vinna hjá stefnda þær fimm vikur, sem hún yrði í burtu, og kveðst stefnandi ekki hafa vitað annað en að hún yrði aðeins ráðin þann tíma. Stefnandi kveðst hafa sett stúlkuna inn í starfið, sem hafi verið mjög auðvelt, þar sem hún hafði áður unnið hjá tannlækni. Svo hafi verið ákveðið, að hún mætti aftur til vinnu 2. nóvember. Kvöldið eftir að hún kom heim, kveðst hún svo hafa hringt til stefnda, og sagði hann henni þá, að hann vildi ekki fá hana aftur til starfa, því að hann kynni vel við staðgengil hennar. Stefnandi segir, að sér hafi komið þetta mjög á óvart og hafi hún orðið miður sín við þessi óvæntu tíðindi. Stefnandi segir, að stúlkan hafi boðizt til að vinna á tannlæknastofu stefnda þann tíma, sem hún væri í burtu, eða fimm til sex vikur. Þegar stefnandi var fyrir dómi spurð nánar um samtöl sín og stefnda, áður en hún fór í ferðalagið, skýrir hún svo frá, að þau hafi rætt það fram og til baka, og kveðst hún hafa vel skilið það sjónarmið stefnda, að hann vildi, að hún hætti, fengi hann ekki stúlku í hennar stað þann tíma, sem ferðin stæði, og kveðst hún þá hafa verið við því búin að leita sér að annarri atvinnu. Til þess hafi þó ekki komið, þar sem stúlkan, sem gerðist staðgengill hennar, hafi komið á tannlæknastofuna og hafið þar störf, áður en hún fór í ferðina.

Varðandi það atriði, að hún skyldi hefja störf aftur 2. nóvember, þá segir stefnandi, að ákveðið hafi verið, að Baltika kæmi úr ferðinni 30. október, en 2. nóvember hafi verið ákveðinn, til þess að hún hefði eitthvað upp á að hlaupa, ef skipinu seinkaði.

Stefnandi var um það spurð, hvort hún hefði hugleitt uppsagnarfrest af sinni hálfu, þegar hún ákvað að fara í ferðina, þó svo færi, að hún yrði að hætta vinnu til þess. Hún svarar því á þá leið, að þetta hafi allt verið á svo vingjarnlegum grundvelli, að út í slíkt hafi hún ekki hugsað.

Meðan stefnandi vann hjá stefnda, kveðst hún hafa fengið nokkrar tannviðgerðir. Hún kveðst hafa boðið borgun í fyrsta skiptið, en stefndi hafi hafnað henni, enda muni tannviðgerðir vera fríar hjá starfsfólki hans og svo muni víðar vera á tannlæknastofum.

Stefndi skýrir svo frá, að stefnandi hafi verið aðstoðarstúlka hjá sér í um það bil tvö ár. Milli þeirra hafi aldrei verið gerður skriflegur samningur, heldur einungis munnlegur, og hann fól í sér samkomulag um laun, starfstíma og skyldur og þá einnig, að hún mundi fá þriggja vikna leyfi ár hvert.

Síðastliðið sumar, um það bil er kom að sumarleyfi, nefndi stefnandi það við sig, að hún mundi að öllum líkindum fara í ferðalag með Baltika þá um haustið, og gat þess þá um leið, að sér væri ljóst, að það mundi koma sér illa fyrir hann, þar sem þetta ferðalag mundi taka alltaf fimm vikur.

Stefndi kveðst hafa verið lítið hrifinn af þessu, þar sem ómögulegt hafi verið fyrir sig að vera aðstoðarstúlkulaus allan þennan tíma og þá undir hælinn lagt, hvort hann gæti fengið aðra stúlku í hennar stað. Einkum kynni að vera erfiðleikum bundið að ráða stúlku í fimm til sex vikur og hafa nokkuð verulegt gagn af henni, þar sem ávallt tæki nokkurn tíma að koma nýrri stúlku inn í þetta starf.

Hann segir, að stefnandi hafi gert sér grein fyrir þessu og sér hafi skilizt á henni, að hún mundi fara þetta ferðalag, ef sú ákvörðun yrði tekin, hvort sem honum líkaði betur eða verr. Eftir sumarleyfi sumarið 1966 kom oft fyrir, að stefnandi bað um frí frá störfum vegna bólusetningar í sambandi við fyrirhugaða ferð með Baltika. Enn fremur hafi hún nokkrum sinnum lagzt veik vegna afleiðinga af þessum bólusetningum og einu sinni verið eina viku samfellt í burtu.

Telur stefndi, að fjarvera hennar af þessum sökum hafi numið 10—12 dögum.

Þegar að því kom, að hann þurfti að fara að sjá sér fyrir stúlku vegna ferðalags stefnanda, gaf hann henni fyllilega í skyn, að starfi hennar hjá sér kynni að vera lokið. Alls væri óvíst, hvernig sér gengi að fá stúlku, og ef hann fengi stúlku, sem sér líkaði

við, mundi hann jafnvel vilja halda henni áfram. Þetta hafi sér skilizt, að stefnandi gerði sér ljóst og samþykkti.

Svo hafi þó farið, að hann hafi fengið góða stúlku í stað stefnanda, sem hafi haft ýmsa þá kosti til að bera, sem slík starfsstúlka þurfti að hafa, og af þeim sökum hafi hann tekið þá ákvörðun að halda henni áfram og láta stefnanda hætta störfum, er hún kom úr ferðalaginu. Þetta hafi hann tilkynnt henni, strax er hún hringdi á tannlæknastofu hans eftir heimkomuna.

Stefndi hefur fyrir dómi ekki viljað kannast við það, sem fram kemur í framburði stefnanda, að hún skyldi mæta til vinnu sinnar 2. nóvember. Hann kveðst ekki muna til þess, að um neinn ákveðinn dag hafi verið rætt, að hún mætti, en viðurkennir, að af sinni hálfu hafi þetta víst verið allt heldur óljóst, en allavega hefði mátt reikna með, að hún kæmi á tannlæknastofuna aftur, í það minnsta þar sem hún hefði skilið vinnuföt sín eftir.

Aðspurður segir stefndi, að það, að hann reiknaði með, að stefnandi kæmi á vinnustofuna aftur, muni hafa verið þannig, að hún mundi koma þangað til að sjá um, hvort hún ætti að hefja störf að nýju eða ekki. Í þessu sambandi bendir hann á, að stefnandi hafi hringt til hans, er hún kom heim, en það mundi hún ekki hafa þurft að gera, ef svo hefði verið ákveðið, að hún skyldi hefja störf aftur 2. nóvember.

Stefndi segir, að sér sé alls ókunnugt um, hvort nokkrar venjur séu til hjá tannlæknum um uppsagnarfrest klinikstúlkna, en aftur á móti sé mjög algengt, að tannlæknar ráði slíkar stúlkur aðeins til stutts tíma til reynslu, jafnvel aðeins hálfan mánuð, en hvort nokkrar fastar reglur gildi um uppsagnarfrest, sé sér algerlega ókunnugt um.

Um ráðningarkjör staðgengils stefnanda segir stefndi, að um það bil hálfum mánuði áður en stefnandi fór í fríið, hafi hann frétt af þessari stúlku og svo hafi hún komið á tannlækningastofuna og hafi þá verið ákveðið, að hún ynni þar í þær fimm til sex vikur, sem ferðalag stefnanda stæði. Það hafi því ekki verið annað ákveðið, er stefnandi fór í ferðalagið, en að staðgengill hennar ynni hjá sér í fimm eða sex vikur. Þegar stúlkan var búin að vinna í um það bil mánuð að því er stefnda minnir, þá kom til tals milli þeirra, að hún yrði áfram, og kveðst hann hafa óskað eftir því.

Stefndi segir, að um engar fastar reglur eða venjur sé að ræða um tannviðgerðir starfsfólksins. En hann hafi fylgt þeirri reglu,

að þegar um einfaldar fyllingar sé að ræða, þá hafi hann ekkert tekið fyrir viðgerðina, en sé um dýrari viðgerðir að ræða, svo sem gullviðgerðir, þá hafi hann látið starfsfólk sitt borga efniskostnað og jafnvel stundum eitthvað upp í vinnulaun, þegar um tímafrekar aðgerðir er að ræða.

Hann segir það rétt, að stefnandi hafi aldrei séð reikning yfir viðgerðirnar, þar sem hann hafi ekki skrifað neinn reikning yfir þær, fyrr en til þessara málaferla var stofnað. Tannviðgerðir þær, sem stefnandi þáði af hans hendi, voru hins vegar skráðar á spjaldskrárkort hennar og hafi þar verið um einfaldari viðgerðir að ræða, sem kallað sé.

Stefnandi og stefndi hafa verið samprófuð. Stefnandi heldur fast við það, að ákveðið hafi verið, að hún skyldi hefja störf 2. nóvember og hún hafi aðeins hringt til stefnda í þeim tilgangi að láta hann vita, að hún væri komin heim.

Þá ítrekar stefnandi, að þar sem stúlka var ráðin í stað hennar, hafi hún litið svo á, að fyrra tal þeirra stefnanda um það, að hún kynni að þurfa að hætta störfum, væri ekki lengur í gildi. Að öðru leyti náðist ekki samræmi í framburði þeirra.

Þá hefur mætt sem vitni í málinu Þórhildur Guðmundsdóttir. Hún kveðst hafa verið ráðin til starfa á tannlæknastofu stefnda í fimm vikur. Vitnið skýrði svo frá, að þegar hún hafði unnið í mánuð á tannlæknastofunni, þá hafi birzt í Morgunblaðinu auglýsing, þar sem auglýst var eftir klinikdömu á tannlæknastofu, og kveðst hún þá hafa ætlað að sækja um þá vinnu. Í því sambandi hafi hún spurt stefnda, hvort hann vissi, hvaða tannlæknir það mundi vera, sem auglýsti, og í framhaldi af því samtali hafi stefndi beðið vitnið að vinna áfram hjá honum.

Vitnið segir, að hún hafi unnið með stefnanda í 3 daga, áður en hún fór í fríið, og af samræðum þeirra í milli hafi legið ljóst fyrir, að stefnandi ætlaði að hefja störf að nýju 2. nóvember, og kveðst vitnið því ekki hafa reiknað með vinnu hjá stefnda lengur en til þess tíma.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi hafi ekki sagt henni upp starfi, heldur hafi hann samþykkt ferð hennar og fjarveru úr starfi, með semingi þó, og þott hann hafi gefið í skyn, að starfi stefnanda kynni að verða lokið, ef nýja stúlkan reyndist betur, þá sé slík skilyrðisbundin uppsögn eða nánast bollaleggingar um uppsögn að sjálfsögðu ekki gildandi og að engu hafandi. Eigi hún því skilyrðislaust rétt á uppsagnarfresti, svo sem lög standi til.

Spurningin sé aðeins um það, hve langan uppsagnarfrest sèr beri. Klinikdömur falli ekki undir neina kjarasamninga stéttarfélaga og sé því nokkur óvissa um, hversu langan uppsagnarfrest slíkum stúlkum beri, en lágmarksuppsagnarfrestur samkvæmt lögum nr. 16/1958 sé einn mánuður fyrir verkafólk, sem er á tíma- eða vikukaupi og hefur unnið lengur en eitt ár hjá sama atvinnurekanda. Með tilliti til þess, að stefnandi var á mánaðarkaupi og hafði starfað hjá stefnda í meira en tvö ár, og enn fremur með tilliti til hins almenna uppsagnarfrests í kjarasamningum ámóta stúlkna þá telji hún einsýnt, að henni beri þriggja mánaða uppsagnarfrestur.

Stefndi reisir sýknukröfu sína aðallega á því, að stefnandi hafi tekið sér lengra sumarfrí en hún átti rétt á og gert það, hvort sem honum líkaði betur eða verr. Hann hafi ekki sagt stúlkunni upp, en hins vegar sé það rétt, að hann tilkynnti henni, að ef hann fengi stúlku í stað hennar, gæti svo farið, að hann mundi fastráða þá stúlku, og var stefnanda því í sjálfsvald sett, hvort hún vildi mæta til vinnu sinnar að þremur vikum liðnum, frá því sumarfrí hennar hófst, eða eiga á hættu að missa starfið. Hún hafi valið þann kostinn að fara í fimm til sex vikna ferðalag, þrátt fyrir það að hún hafði ekki fengið leyfi sitt til þess. Hann heldur því ákveðið fram, að hún hafi fullkomlega gert sér grein fyrir því, að hún kæmi ekki aftur til starfs, ef hún tæki sér svo langt frí án leyfis. Af þessum sökum hafi stefnandi firrt sig öllum rétti til uppsagnarfrests og eigi engar kröfur á hendur honum.

Til vara er uppsagnarfresti þeim, sem miðað er við í sóknargögnum, mótmælt sem of löngum. Bendir hann á í því sambandi, að samkvæmt lögum hafi fastráðnir verkamenn aðeins mánaðar uppsagnarfrest, og virðist ástæðulaust, að stefnandi hefði lengri uppsagnarfrest en verkamenn, enda sé ekki kunnugt um, að neinir kollektivir samningar séu á milli tannlækna og starfsstúlkna þeirra, sem heimili lengri uppsagnarfrest en einn mánuð.

Þá er til ýtrustu vara gerð krafa til þess, að framlagður reikningur frá stefnda að fjárhæð kr. 4.560.00 verði látinn mæta stefnuupphæðinni til skuldajafnaðar.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, synjaði stefndi ekki stefnanda um leyfi til þess að fara umrædda ferð, þótt hann gæfi henni í skyn, að hún ætti ekki afturkvæmt, ef sér félli vel við staðgengil hennar. Þá er það ósannað, að stefnandi hafi tekið lengra sumarfrí en henni bar, meðan hún var í þjónustu stefnda.

Stefndi hefur viðurkennt fyrir dómi, að allt hafi verið óljóst af sinni hálfu um, hvort stefnandi kæmi aftur til vinnu, en alla vega hafi mátt reikna með því, að hún kæmi á tannlækningastofuna aftur, að minnsta kosti til þess að sækja föt sín eða til þess að vita, hvort hún ætti að hefja störf á ný. Þá hefur hann einnig viðurkennt, að er stefnandi fór í ferðalagið, hafi ekki annað verið ákveðið en að staðgengill hennar ynni þar, meðan á ferðalaginu stæði.

Verður því ekki unnt að líta svo á, að vinnusamningi stefnanda og stefnda hafi verið endanlega slitið, er stefnandi fór í áðurgreint ferðalag. Samkvæmt þessu á hún rétt til uppsagnarfrests.

Það er óumdeilt í málinu, að klinikdömur falla ekki undir neina kjarasamninga stéttarfélaga og að um uppsagnarfrest í starfinu var ekkert samið milli aðilja. Stefnandi var fastráðin og hafði unnið hjá stefnda í meira en tvö ár. Störf hennar, sem jafna má við störf stúlkna á sjúkrahúsum, eru þess eðlis, að þau útheimta nokkra þjálfun og starfshæfni. Þykir því uppsagnarfrestur stefnanda eftir öllum atvikum hæfilega ákveðinn 1½ mánuður, og ber að dæma stefnda til að greiða henni kaup fyrir þann tíma miðað við 1. nóvember 1966. Ekki þykja efni standa til að greiða henni orlof fyrir þann tíma. Stefnandi hefur til ýtrustu vara gert þá kröfu, að framlagður reikningur frá stefnda fyrir tannviðgerðir í stefnanda að fjárhæð kr. 4.560.00 verði látinn mæta stefnufjárhæðinni til skuldajafnaðar. Stefnandi hefur mótmælt þessum reikningi og haldið því fram, að á sínum tíma hafi hún boðið fram greiðslu, en stefndi neitað að taka við henni. Þá hefur hún mótmælt reikningnum sem tölulega ósönnuðum. Reikningur stefnda er dagsettur 7. 6. 1967 og talinn vera fyrir ýmsar tannviðgerðir á tímabilinu nóvember 1964 til september 1966. Stefndi hefur lýst því yfir, að hann hafi ekki tekið ákvörðun um að krefja stefnanda um þennan reikning, fyrr en til málaferlanna kom. Þar sem hér er um að ræða tannviðgerðir frá árinu 1964, og stefndi hefur ekki fyrr en nú hafizt handa um að innheimta skuld sína, þykir krafa hans vera of seint fram komin, og verður hún því ekki tekin til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 13.500.00 ásamt vöxtum, svo sem krafizt er, og kr. 3.500.00 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Örn Bjartmars Pétursson, greiði stefnanda, Margréti Guðmundsdóttur, kr. 13.500.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 2. nóvember 1966 til greiðsludags og kr. 3.500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. desember 1968.

Nr. 232/1968. **Ákæruvaldið**
gegn
Sverri Brynjari Sverrissyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 2. desember 1968, sem hingað barst 5. s. m., hefur saksóknari ríkisins samkvæmt 6. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1966 um breyting á lögum nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála kært til ógildingar ákvörðun héraðsdómara á dómþingi 27. júní 1968 um að ljúka máli á hendur kærða, Sverri Brynjari Sverrissyni, með sáttargerð.

Með dómi sakadóms Akureyrar 4. ágúst 1965 var kærði dæmdur til að sæta varðhaldi 10 daga og sviptur ökuleyfi 12 mánuði fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Hinn 11. janúar 1968 kærðu þrír lögreglumenn á Akureyri kærða fyrir að hafa aðfaranótt þess dags ekið bifreiðinni A 883 undir áhrifum áfengis. Var kærða tekið blóð til rannsóknar, og reyndist það innihalda „reducerandi" efni, er svara til 1.03‰ alkóhóls. Viðurkenndi kærði brot sitt. Héraðsdómarinn ákvað að ljúka málinu með dómssátt, þannig

að kærði samþykkti að greiða kr. 4.000.00 sekt í ríkissjóð, en sæta ella varðhaldi 8 daga, yrði sektin ekki greidd fyrir 15. júlí 1968, og vera sviptur ökuleyfi sínu í 6 mánuði frá 11. janúar 1968 að telja. Féllst kærði á sátt þessa.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sem í gildi voru, er ákærði ók greindri bifreið hinn 11. janúar 1968, varða ítrekuð brot gegn 1., 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. sömu laga varðhaldi eða fangelsi. Héraðsdómara var því samkvæmt skýlausum ákvæðum 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1966 heimildarlaust að ljúka máli þessu með sátt, og ber því samkvæmt 6. mgr. 1. gr. sömu laga að fella dómssáttina úr gildi.

Dómsorð:

Dómssátt sú, sem Sverrir Brynjar Sverrisson gekkst undir fyrir sakadómi Akureyrar 27. júní 1968, er úr gildi felld.

Dómssátt í sakadómi Akureyrar 27. júní 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn 27. júní, var sakadómur Akureyrar settur í skrifstofu bæjarfógetans á Akureyri og haldinn í forföllum bæjarfógeta af fulltrúa hans, Ingvari Gíslasyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið að halda rannsókn í tilefni af kæru um ölvun við akstur.

Til staðar í dómi eru dómsskjöl, sem lögð voru fram í sakadómi Akureyrar 17/5 1968, blóðtökuvottorð, lögregluskýrsla og niðurstaða blóðrannsóknar, sem sýnir alkóhólmagn 1.03‰.

Í réttinum var mættur kærði, Sverrir Brynjar Sverrisson sjómaður, Skógum, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. Fæddur 8. júlí 1945.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt og kannast við ofangreint brot sitt, sem varðar við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, sbr. 45. gr. sömu laga. Hann fellst á að greiða kr. 4.000.00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu.

Sektin greiðist fyrir 15. júlí n. k., en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi 8 daga.

Málskostnaður, kr. 1.000.00, greiðist á sama tíma.

Hann er sviptur ökuleyfi frá 11. janúar til 11. júlí 1968.

Brotið hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.